4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
5.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
6.	— Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður	500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ...	400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ...	300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
11.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
15.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
17.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
18.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
19.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
20.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
21.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
22.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
23.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
24.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
25.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
26.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
27.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
28.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
29.	— Páls Erlingssonar	1200		
30.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
	Flyt ...	10500	85300,58	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	10500	85300,58	61827,26
31.	Til Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
35.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
36.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær...	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
52.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
53.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
	Flyt ...	22700	85300,58	61827,26

		kr.	kr.
	Flutt ... 22700	85300,58	61827,26
54.	Til Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu 300		
55.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000		
56.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300		
57.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 800		
58.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu 300		
		25400	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000	
			114700,58
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		69011,16
	Samtals	... ...	245539,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar kr. 100000.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar (sjá sundurliðun með þessari grein):		
1.	Samkvæmt 3. gr. a.	85202	
2.	— 3. — b.	3500	
3.	— 9. —	4067	
4.	— 10. —	3667	
5.	— 11. —	8020	
6.	— 12. —	66483	
7.	— 13. —	151738	
8.	— 14. —	23118	
9.	— 15. —	8110	
			353905
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur...		75000
	Samtals ...	... ...	497905
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
a.	Innlend lán 163936		
b.	Dönsk lán d. kr. 338.850 á 122.00 413398		
c.	Ensk lán £ 5606—1—2 á 22.15 ... 124174		
		701508	
2.	Lán ríkisstofnana:		
a.	Síminn (sjá 3. gr. a) 55600		
b.	Útvarpið (sjá 13. gr. D.) 124000		
c.	Ríkisprentsmiðjan 40000		
		219600	
			921108
	Flyt ...	... ...	921108

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	921108
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr, a. 7)	4000	
	2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. a. 8)	3000	
	3. Ríkisvélsmiðjan (sjá 3. gr. a. 5)	30000	
	4. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. a)	50000	
			87000
III.	Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla		100000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
V.	Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V.)		15000
VI.	Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)		75000
	Samtals ...	... ...	1208108
	Sundurliðun fyrninga:		
	Á 3. gr. a.		
I.	Póstsjóður:		
	1. Pósthús í Reykjavík, s.[1]) 256346	2563	
	2. — á Ísafirði, s. 110000	1100	
	3. — á Akureyri, s. 60000	600	
	4. — í Neskaupstað, s. 12100	121	
	5. Áhöld 58000 (matsverð póstmálastjóra, að undanteknum stimplum og póstpokum) 12%	6960	
			11344
II.	Síminn:		
	1. Símalínur, loftskeytatæki og símakerfi utan Reykjavíkur, samkv. mati landssímastjóra með áætlaðri viðbót 1930 og '31 (1% fyrning) kr. 5911000 ... ... (endurbætur þá færðar sem rekstursútgjöld). Nýja bæjarsímakerfið verður fyrnt samkv. tillögum sérfræðinga, sem eigi er hægt að fá ennþá, og er því eigi hægt að setja áætlun um það í þetta frumvarp.	59110	
	2. Stöðvarhúsið í Reykjavík, s.... 291239	2912	
	3. Skúrar í Reykjavík, t. 9000	180	
	4. Loftskeytastöðvarhús á Melunum, s. ... 104022	1040	
	Flyt ...	63242	11344

1) s = steinhús, t = timburhús.

		kr.	kr.
	Flutt ...	63242	11344
5. Stöðvarhús í Hafnarfirði, s.	37850	378	
6. — á Ísafirði, s.	17640	176	
7. — á Seyðisfirði, t.	72720	1454	
8. Skúrar á Seyðisfirði, t.	9420	188	
9. Íbúðarhús á Seyðisfirði, t.	61100	1222	
10. Stöðvarhús í Vestmannaeyjum, s. ...	598	598	
11. — á Borðeyri (2%)...	9200	184	
12. — á Siglufirði, t.	20800	416	
			67858
III. Víneinkasalan:			
1. Vörugeymsluhúsið Nýborg, bókf. verð $^{31}/_{12}$ '29 85300		4300	
2. Áhöld verzlunarinnar		1700	
			6000
	Samtals ...	... ...	85202
Á 3. gr. b.			
Arnarhvoll kostnaðarverð 350 þús.			3500
Á 9. gr.			
Alþingishúsið, s. 406730			4067
Á 10. gr.			
I. Stjórnarráðshús, s. 128238 á 1 %		1282	
t. 18961 - 2 —		379	
			1661
II. Ráðherrabústaður, t. 100355 á 2 %			2007
	Samtals ...	... ...	3668
Á 11. gr.			
I. Hegningarhús, s. 169358 á 1 %		1695	
t. 3881 - 2 —		75	
			1770
	Flyt ...	... ...	1770

	kr.	kr.
Flutt		1770
II. Vinnuhæli:		
1. Byggingar, s. 134000	1340	
2. Pakkhús, t. 7000	140	
3. Utanhússáhöld (þar með bílar) 12000 á 25 %	3000	
4. Innanhússáhöld 14000 á 10 %	1400	
5. Girðingar 3700 á 10 %	370	
		6250
Samtals		8020
Á 12. gr.		
I. Landsspítalinn:		
1. Hús (byggingarverð) 1500000 á 1 %	15000	
2. Innanstokksmunir, áhöld og vélar 90 þús. samkvæmt áætlun á 10 %	9000	
		24000
II. Laugarnesspítali:		
1. Byggingin, t. 353271	7065	
2. Innanstokkksmunir og vélar áætl. 12000 á 10 %	1200	
		8265
III. Kleppsspítalinn gamli:		
1. Spítala- og íbúðarhús, t. 249094	4980	
2. Innanhúss og utanhússáhöld 15000 á 10 % ...	1500	
		6480
IV. Kleppsspítali nýi:		
1. Spítala- og læknishús, s. 488993	4890	
2. Vélar 10317 á 15 %	1547	
3. Innanstokksmunir og áhöld 45212 á 10 % ...	4521	
		10958
V. Vífilsstaðahælið:		
1. Spítalabyggingin, s. 500000	5000	
2. Íbúðarhús læknis, s. 50000	500	
3. — starfsmanna, s. 50000	500	
4. Líkhús, vagnask., kolageymsla, s. 11000	110	
5. Innbú, áhöld, vélar 30000 (metið) á 10 % ...	3000	
		9110
Flyt		61187

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	61187
VI.	Kristneshælið:		
1.	Spítalabyggingin, s. 300000	3000	
2.	Rafstöð og rafleiðsla 25000 á 7 %	1750	
3.	Þvottavélar 6000 á 7 %	420	
4.	Áhöld og innbú 25000 á 10 %	2500	
			7670
	Samtals ...	... ...	66483
	Á 13. gr.		
I.	Strandferðir:		
1.	Esjan 5 % af bókfærðu verði pr. 31/12 '29 kr. 420000	21000	
2.	Súðin 5 % af ætluðu eignarverði pr. 31/12 '30 kr. 200000	10000	
3.	Áhöld skrifstofu c. 6 þús. á 10 %	600	
			31600
II.	Vitamálin:		
1.	Vitabyggingar og íbúðarhús vitavarða o. fl. samkv. áliti vitamálastjóra n. (áætlaðar viðbætur 1930 og '31)	85710	
2.	Vitabáturinn Hermóður 6 % af bókf. 68 þús.	4080	
			89790
III.	Útvarpið:		
1.	Hús m. m., s. 90000 á 1 %	900	
2.	Vélar 330000 á 6 %	19800	
3.	Möstur 150000 á 3 %	4500	
4.	Jarðstrengur o. fl. 130000 á 3 %	3900	
	Fyrningar-»prósentan« á 3 síðustu liðunum er er sett samkv. áliti forráðamanna útvarpsins, en af húsinu er hún í samræmi við fyrningar á öðrum steinhúsum ríkisins.		
			29100
IV.	Vegamálin:		
1.	Áhaldahús ríkisins, t. 62404		1248
	Samtals ...	... ...	151738

		kr.	kr.
	Á 14. gr.		
I.	Menntaskólinn og Íþaka, s. 63300, t. 294123		6515
II.	Menntaskólinn á Akureyri, t. 350000		7000
III.	Kennaraskólinn, t. 93478		1869
IV.	Stýrimannaskóli, t. 64321		1286
V.	Kirkjustræti (viðk. Háskólanum), t. 27492		549
VI.	Hvanneyrarskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 140000	1400	
	2. Leikfimishús, geymsluhús, s. 13000	130	
			1530
VII.	Hólaskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 155000	1550	
	2. Leihfimishús o. fl. smábyggingar, s. 16400 ...	164	
			1714
VIII.	Eiðaskóli:		
	1. Skólahús, s. 150000	1500	
	2. Íbúðarhús, t. 9000	180	
			1680
IX.	Daufdumraskóli, s. 61783, t. 17863		975
	Samtals ...	... ...	23118
	Á 15. gr.		
I.	Listasafnshús, s. 129476		1295
II.	Safnahús, s. 681554		6815
	Samtals ...	... ...	8110

21. g

I. Rekstur

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9025000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1114898	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	36600	
			1151498
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		268000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	... ...	10494498

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstrarsyfirliti	10494498
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353905
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000
— IV.	Skemmtanaskattur	75000
	Samtals	10992403

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldu

firlit.
irlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1028582,05
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreiknings		233287,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		407167,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	955720,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	194000,00	
			1149720,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		681765,00
13. gr. A.	Vegamál	489278,00	
— B.	Samgöngur á sjó	436600,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	308590,00	
— D.	Rekstursh alli ríkisútvarps	68150,00	
			1302618,00
14. gr. A.	Kirkjumál	280450,00	
— B.	Kennslumál	1374262,00	
			1654712,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		190720,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1764800,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		831350,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		245539,79
19. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstursafgangur		831037,95
	Samtals	... ...	10494498,00

irlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstursútgjöld samkvæmt rekstursyfirliti	9663460,05
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	921108,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	87000,00
— III.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Greiðslujöfnuður (tekjuafgangur)	130834,95
	Samtals	10992403,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands fyrir allt að 85000 kr., eða veita því styrk allt að þessari upphæð, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1931, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að kaupa fyrir fé kirkjujarðasjóðs mannvirki þau, er séra Ólafur Stephensen á í Bjarnanesi, og hentugt virðist, að staðnum fylgi.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1932, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir sviþuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi í febrúar síðastl., að öðru leyti en því, að teknar hafa verið til greina nálega allar breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar neðri deildar. Er því ekki ástæða til að láta athugasemdir fylgja frumvarpinu, en vísast í stað þess til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpi því, er lagt var fyrir þingið í vetur og nefndarálits meiri hluta fjárveitinganefndar.

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld, sem talin eru í fjárlögum 1929, eru veittar kr. 2.128.758.39 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10 gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		kr.	
Við	2. Utanfarir ráðherra	5014.90	
—	4. Annar kostnaður	36656.51	
—	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	3093.02	
—	6. b. Til pappírs og prentunar	6817.73	
	c. Kostnaður við sending	355.17	
—	7. Til umbóta og viðhalds á ráðherrabústaðnum og stjórnarráðshúsinu	4885.21	
			56822.54

II. Hagstofan.

—	2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	1832.06	
—	3. Prentun eyðublaða	837.04	
—	4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	396.45	
—	5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ..	7012.64	
—	6. Til þess að gefa út manntal 1703 ..	121.10	
			10199.29

III. Utanríkismál o. fl.

—	1. d. Til skrifstofuhalds	1699.50	
—	4. Kostn. við sambandslaganefnd	2054.80	
			3754.30
		Flyt	70776.13

		Flutt	70776.13

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

Við	8. Til landhelgisgæzlu	101774.24	
—	10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	7126.57	
—	11. Annar sakamálakostn. og lögreglumála m. m.	98809.49	
—	13. Borgun til setu- og varadómara	6623.75	
			214334.05

B. sameiginlegur kostn. við emb.rekst.

—	1. a. Burðareyrir	16158.29	
	b. Embættisskeyti	3262.67	
—	2. Brunaábyrgðargjöld o. fl.	5295.15	
—	3. Til embættiseftirlitsferða	10109.41	
—	4. Til skattanefndarkostnaðar	78860.14	
—	5. Eyðublöð o. fl.	38647.22	
			152332.88
			366666.93

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

—	2. Skrifstofukostn. landlæknis	2343.49	
—	3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn	1000.00	
—	8. Til geislalækningastofu ríkisins	3000.00	
—	10. Styrkur til héraðslækna til utanferða	862.20	
—	11. Holdsveikraspítalinn	17208.85	
—	12. Geðveikrahælið á Kleppi	13284.92	
—	13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5319.50	
—	15. a. Til að ljúka við bygg. Kleppsp.	113736.67	
—	d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	710.20	
—	j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	432.45	
—	o. Til styrktar mönnum, sem þurfa gerfilimi	1578.77	
—	n. Til Evu Hjálmarsdóttur	84.24	
			159561.29
		Flyt	597004.35

			Flutt	597004.35

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál:

Við	2. Póstflutningar	47584.03		
—	3. a. Skrifstofukostnaður	4799.29		
	b. Skrifstofukostn. utan Rvíkur ...	600.00		
	d. Önnur gjöld	3363.30		
			56346.62	

B. Vegamál:

—	I. 3. Ferðakostn. og fæðispeningar ..	4626.89		
—	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	12757.96		
—	5. Skrifstofukostnaður	3474.39		
—	II. Þjóðvegir:			
—	a. 1. Kjalarnesvegur	4208.07		
—	4. Vesturlandsvegur	13196.89		
—	6. Laugardalsvegur	5883.84		
—	7. Vallhólmsvegur	5474.43		
—	11. Hróarstunguvegur	1618.13		
—	12. Um Skafáreldahraun í V.-Sk.	26489.08		
—	14. Til vegar á Hólmahálsi	3550.00		
—	15. Til vegar yfir Hvolsvöll	6828.25		
—	b. Viðhald og umbætur	166217.70		
—	III. Til brúagerða samkv. brúalögum	202911.71		
—	IV. Til slitlags á akvegum	45000.00		
—	V. Fjallvegir	9644.56		
—	VI. 1. Til áhalda	38297.18		
—	VII. 1. Tillög til akfærra sýsluvega	37407.87		
			587586.95	

C. Samgöngur á sjó:

—	2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	400.00		
			400.00	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

—	I. Viðauki símakerfa	2804.13		
—	II. Símalagningar	32802.52		
—	III. 2. Kostnaður við aðalskrifstofuna	5218.46		
	Flyt	40825.11	644333.57	597004.35

	Flutt	40825.11	644333.57	597004.35
—	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	14836.82		
—	4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík ..	4858.15		
—	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	21438.07		
—	7. Ritsímastöðin á Akureyri	15489.78		
—	8. — - Seyðisfirði	509.95		
—	9. — - Ísafirði	2603.48		
—	10. — - Borðeyri	729.66		
—	11. — - Hafnarfirði ...	3788.74		
—	12. — - Vestmannaeyjum	5649.00		
—	13. — - Siglufirði	12134.29		
—	14. Til aukaritsímaþjónustu	2604.42		
—	15. Til eftirlitsstöðva o. fl.	9250.49		
—	16. b. Til símritara o. fl.	621.31		
—	IV. Eyðublöð o. fl.	6031.56		
—	V. Viðbót og viðhald stöðvanna	27951.32		
—	VII. Viðhald landssímans	35356.66		
—	VIII. Áframhaldsgjald	1651.75		
			206330.56	
	E. Vitamál:			
—	I. 3. Til skrifstofuhalds	2526.20		
—	4. Ferðakostn. og fæðispeningar	4030.27		
—	II. Laun vitavarða	374.25		
—	III. Reksturskostnaður vitanna	2520.45		
—	V. Til vitabygginga	12000.38		
—	VI. a. Til leiðarljósa	29620.22		
—	b. Til breytinga á ljóstækjum Reykjanesvitans	2238.23		
—	d. Til annara útgjalda	7428.73		
			60738.73	
				911402.86

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

A. Andlegastéttin:

—	b. 7. Til húsabóta á prestssetrum	761.32		
			761.32	
	Flyt		761.32	1508407.21

		Flutt	761.32	1508407.21
		B. Kennslumál:		
Við	I. e.	Heimsókn erl. vísindamanna ..	822.45	
—	j.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	442.04	
—	k. 3.	Ýms gjöld	6289.78	
—	II. f.	Bjarni Sigurðsson, húsgerðarnemi	250.00	
—	n.	Agnar Norðfjörð, hagfræðinemi	121.84	
—	III. b. 4.	Til stundakennslu og til prófdómenda	4792.00	
—	IV. b. 1.	Til aukakennara og stundakennara	1727.00	
	4.	Til bóka og kennsluáhalda ..	707.40	
	7. a. b.	Til dyravörzlu	500.00	
	8.	Til skólahússins	2766.46	
	9.	Ýms gjöld	4641.99	
—	V. b. 1.	Stundakennsla	2663.00	
—	3.	Bókakaup og áhöld	1323.00	
—	7.	Ýms gjöld	1569.09	
—	VI. b. 1.	Stundakennsla	199.00	
—	4.	Ýms gjöld	86.92	
—	VII. b. 1.	Stundakennsla	480.00	
—	2.	Húsnæði	1400.00	
—	5.	Til prófáhalda	122.50	
—	VIII. c. 1.	Verklegt nám	232.40	
—	2.	Kennsluáhöld	65.55	
—	3.	Eldiviður og ljós	743.14	
—	4.	Ýms gjöld	3009.54	
—	2. c. 1.	Verklegt nám	179.95	
—	3.	Eldiviður og ljós	2240.48	
—	4.	Ýms gjöld	47343.18	
—	XI. 2. b.	Annar kostnaður	1030.70	
—	XIII. 5.	Prófdómarar	8398.83	
—	8.	Utanfararstyrkur barnakennara	500.00	
—	XIV. 1. b.	Aðstoðarkennsla	1200.00	
—	c. 2.	Kennsluáhöld	712.00	
—	3.	Eldiviður og ljós	629.42	
—	4.	Ýms gjöld	30.53	
—	3.	Til nýrra héraðsskóla	117458.45	
—	XV. 4.	Til húsmæðrafræðslu Laugaskóla	11000.00	
—	XVI.	Kennsla heyrnar- og málleysingja	10107.87	235786.51
				236547.83
		Flyt		1744955.04

	Flutt		1744955.04

7. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1. i. Húsaleiga	937.50	
—	2. b. Bókband o. fl.	378.97	
—	5. h. Viðhald og áhöld	1057.55	
—	6. Kaupstaðabókasöfn	80.00	
—	27. Alþingissaga	5000.00	
—	32. Björg Þorláksdóttir	824.46	
—	44. b. Aðstoð	1200.00	
—	48. Ferðastyrkur til útlanda	12055.00	
			21533.48

8. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	2. Grasfræ- og hafrasáning	2340.57	
—	3. Sandgræðsla	7212.05	
—	11. c. Búfjársjúkdómar	4844.42	
—	12. Fjárkláðalækning	384.25	
—	15. b. Aðstoð	2876.01	
—	d. Veðurskeyti	1100.00	
—	18. f. Ferðakostnaður	4917.88	
—	19. Eftirlit skipa og báta	6336.00	
—	21. Sjávargarður á Neseyri	1629.50	
—	26. Markaðsleit	6030.90	
—	27. Erindrekstur	5677.95	
—	47. Til undirbúnings flugferða	1500.00	
			44849.53

9. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru á 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við	3. Styrkur sjúkrasamlaga	4726.75	
—	8. Slysatryggingar	2575.52	
—	9. Til nauðstaddra Íslendinga erlendis	1948.51	
			9250.78
	Flyt		1820588.83

	Flutt	1820588.83

10. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru á 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	199548.87	
		199548.87

11. gr.

Fjáraukalög og þingsályktanir:

Væntanleg fjáraukalög	63896.20	
Þingsályktanir	44724.37	
		108620.57
		Kr. 2128758.27

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1929, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

I. Tekjur:	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Fasteignaskattur	240000.00	269257.02
2. Tekju- og eignarskattur	1050000.00	1403668.57
3. Lestagjald af skipum	40000.00	49217.00
4. Aukatekjur	400000.00	611851.79
5. Erfðafjárskattur	35000.00	61677.80
6. Vitagjald	320000.00	473098.63
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15170.60
8. Stimpilgjald	300000.00	430270.98
9. Skólagjöld	15000.00	16463.96
10. Bifreiðaskattur	30000.00	78215.75
11. Útflutningsgjald	950000.00	1247261.94
12. Áfengistollur	325000.00	668376.68
13. Tóbakstollur	850000.00	1251654.50
14. Kaffi- og sykurtollur	850000.00	1096116.57
15. Annað aðflutningsgjald	160000.00	302362.88
16. Vörutollur	1250000.00	2052244.68
17. Verðtollur	1325000.00	2266822.63
18. Gjald af brjóstsykur og konfektgerð	25000.00	126679.84
19. Pósttekjur	450000.00	666192.13
20. Símatekjur	1500000.00	1621301.52
21. Vínineinkasala	375000.00	1025795.97
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	40529.06
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	269000.00	393911.48
24. Óvissar tekjur, ýmsar greiðslur og endurgjöld	80000.00	105098.98
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum (skiftimynt)		50300.00
26. Auknar lausaskuldir		2052926.24
Samtals	10883600.00	18376467.20

II. Gjöld:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1317199.00	3166805.21
2. Borðfé hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	204350.00	245406.73
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
A. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	187100.00	255855.79
B. Hagstofan	46100.00	56919.29
C. Utanríkismál o. fl.	84000.00	87754.30
5. A. Dómgæzla og lögreglustjórn	651440.00	848615.44
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	144000.00	296332.88
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	751355.00	911963.34
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	481000.00	536482.63
B. Vegabætur	929650.00	1555435.93
C. Samgöngur á sjó	346750.00	261242.37
D. Hraðskeyta og talsímasamband	1418500.00	1620859.74
E. Vitamál	265700.00	326529.44
8. Til kirkju og kennslumála:		
A. Andlega stettin	314756.00	319606.11
B. Kennslumál	1134590.00	1406230.65
9. Til vísinda, bókmennta og lista	230860.00	243373.24
10. Til verklegra fyrirtækja	1297060.00	1481513.54
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	679800.00	855255.40
12. Eftirlaun og styrktarfé	196747.92	206528.97
13. Óviss útgjöld	100000.00	299548.87
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	44357.21
15. Eimskipafélag Íslands		177451.61
16. Greiðsla samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		1764566.34
17. Aukin innstæða		9974.65
18. Aukinn sjóður		1337857.52
Samtals	10850957.92	18376467.20

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir árið 1929 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

4. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum fyrir 1930, eru veittar samkvæmt 2.—10. gr. hér á eftir kr. 978017.19.

2. gr.

	Kr.	Kr.
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:		
1. Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum		35000.00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
1. Kostnaður við tollmerkingu og söfnun innflutningsskýrslna		33057.27

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
1. Húsgögn handa skrifstofu landlæknis	800.00	
2. Til aðgerðar á gamla spítalanum á Kleppi	35000.00	
3. Til nýja spítalans á Kleppi, til byggingar	7000.00	
4. Kostnaður vegna mænusóttar	1000.00	
		43800.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
1. Póst- og símahús á Selfossi	30000.00	
2. Innanstokksmunir handa póst- og símahúsi í Neskaupstað	1173.50	
3. Kostnaður til póstmálanefndar	3500.00	
4. Flugfélagið, til rekstrarkostnaðar	20000.00	
5. Til flutningaferða til Öræfa	500.00	
6. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	16421.77	
7. Aðgerð á bátabryggju á Blönduósi	2000.00	
8. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	2089.47	
		75684.74

		Kr.	Kr.
	6. gr.		
	Til viðbótar á gjöldum í 14. gr. er veitt:		
1.	Uppfylling á kirkjugarði í Reykjavík	8296.65	
2.	Undirbúningur undir nýjan kirkjugarð í Rvík	18444.00	
3.	Kostnaður til kirkjumálanefndar	4799.85	
4.	Ferðakostnaður handa biskupi á Ólafshátíð í Þrándheimi	1200.00	
5.	Aðgerð og breyting á menntaskólanum í Reykjavík	10000.00	
6.	Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti	2000.00	
7.	Aðgerð á Kennaraskólanum	7466.07	
8.	Til byggingar á skólahúsinu á Hólum	3905.62	
9.	Finnbogi R. Valdimarsson: Viðbótarstyrkur til þjóðréttarnáms í Genéve	1000.00	
10.	Til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til að sækja námsskeið í sambandi við heilbrigðismálasýningu í Dresden	1200.00	
			58312.19
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við girðingu um listasafnshús Einar Jónssonar	2845.70	
2.	Styrkur til dr. Bjargar Þorláksdóttur	1175.54	
3.	Hreingerning og málning á Landsbókasafnshúsinu	2000.00	
4.	Vilhjálmur Þ. Gíslason, aðstoð á Landsbókasafninu í fjarveru Árna Pálssonar bókav.	2333.30	
			8354.54
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1.	Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins	7347.44	
2.	Til Björns Pálssonar fyrir kjöteftirlit	1929.70	
3.	Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra	1000.00	
4.	Til Skeiðaáveitunnar	3000.00	
5.	Til sjómælinga og rannsókna	32379.65	
6.	Kostnaður til nefnda til að athuga veiði í vötnum og ám	2700.00	
7.	Kostnaður til undirbúnings tryggingarstarfsemi	6800.00	
8.	Kostnaður við rannsókn og lækningar á fjárpest	9386.09	
9.	Kostnaður við kaup og innflutning sauðnauta	8460.75	
			73003.63

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Séra Páll Stephensen, fyrrv. prestur, frá 1. júní 1929 til 31. des. 1930	786.91	
2.	Þórður Ólafsson, fyrrv. prestur, frá 1. júní 1929 til 31. des. 1930	820.20	
3.	Helgi P. Hjálmarsson, fyrrv. prestur, frá 1. júní	387.91	
4.	Kjartan Helgason, fyrrv. prestur, frá 1. júní	2450.00	
5.	Frú Kristín Jónsdóttir, ekkja séra Bjarna Simonarsonar, frá 1. júní	245.00	
6.	Þóroddur Bjarnason, fyrrv. bréfberi, frá 1. ágúst	350.00	
7.	Guðmundur Kamban, rithöfundur, frá 1. júní	1633.33	
8.	Ögmundur Sigurðsson, fyrrv. skólastjóri, frá 1. okt.	700.00	
9.	Frú Ásta Magnúsdóttir, kennaraekkja	280.00	
10.	Gunnlaugur Indriðason, veðurfræðingur, frá 1. júní	571.66	
			8225.01

10. gr.

1.	Greiðslur til hátíðan. Alþingis vegna hátíðarinnar	462930.35	
2.	Greiðslur til húsameistara vegna Alþingishátíðarinnar	130000.00	
3.	Aukinn lögreglukostnaður vegna Alþingishátíðarinnar	16069.00	
4.	Kostnaður vegna sænska ullarmálsins (greitt erlendis)	10000.00	
5.	Greitt Páli Torfasyni, uppbót fyrir aðstoð við töku enska lánsins 1921	10000.00	
6.	Greitt fyrir reikningsvélar handa gjaldheimtum.	1845.15	
7.	Greitt fyrir peningaskápa handa embættismönnum	1230.00	
8.	Kostnaður við landskjörið 1930	3681.01	
9.	Kostnaður við rannsókn á Íslandsbanka og útbúum hans	6824.30	
			642579.81
		Kr.	978017.19

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

1. Ráðherrabústaðurinn fékk nú höfuðaðgerð, sem lengi mun mega við una og varð ekki hjá því komist vegna hinna mörgu gesta landsins, sem þar varð að taka á móti í sambandi við afmælishátíð Alþingis.

Um 4. gr.

1. Landlæknir hefir aldrei haft eiginlega skrifstofu fyrir heilbrigðismálin fyrr en nú, að hann fékk herbergi í Arnarhvali. Varð hann þá eins og ná-

lega allar skrifstofur er þangað fluttu, að fá nokkuð af skrifstofumunum í herbergi þessi.

2. Frá því spítali var fyrst reistur á Kleppi hafði nálega ekkert verið gert við gamla húsið fyrr en sumarið 1930. Var húsið orðið algerlega óviðunandi, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk.
3. Eftir að nýi spítalinn hafði verið fullgerður með svo miklum tilkostnaði varð munurinn á útbúnaði spítaladeildanna enn meira áberandi. Í aðgerð þessari er m. a. fólgið smíði á 6—7 vinnu og íbúðarherbergjum, sem aldei hafði verið lokið við í gamla húsinu. Auk þess var á þessu ári lokið við síðustu greiðslur fyrir nýja húsið á Kleppi.
4. Fram að þessu hafa stöðugt komið fyrir ný tilfelli um mænusóttarsjúklinga, sem hafa reynt að leyta sér bata. Hefir þeim því enn sem komið er verið veittur lítilsháttar styrkur, þegar um efnalitla menn hefir verið að ræða.

Um 5. gr.

1. Hentugt húsnæði fyrir póst- og símaafgreiðslu var ekki fáanlegt á Selfossi og því afráðið að byggja póst- og símahús. Sandvíkurhreppur hefir gefið ríkinu lóð undir húsið.
2. Nauðsyn bar til þess að kaupa nauðsynlegustu innanstokksmuni í póst- og símahúsið í Neskaupstað og varð að verja til þess þessari upphæð.
3. Í nóvembermánuði kvaddi atvinnumálaráðherra póst- og símamálanefndina, sem skipuð var árið 1928, til framhaldsnefndarstarfa og var þessi upphæð greidd henni árið 1930, en á árinu 1931 hafa auk þessa verið greiddar kr. 1559.20, sem réttast virðist að kæmu með á árið 1930.
4. Flugfélagi Íslands var veittur styrkur þessi til flugferða. Styrkurinn var bundinn ýmsum skilyrðum svo sem að hlutafé Flugfélagsins væri aukið og ríkisstjórninni væri tryggður réttur til þess að skipa fulltrúa í stjórn Flugfélagsins.
5. Hreppsnefnd Hofshrepps var veittur 500 kr. styrkur til flutningaferða til Öræfa árið 1929. Styrkbeiðni þessi kom svo seint fram, að ekki var hægt að ávísa upphæðinni á fjárlögum 1929, þar sem hún var ákveðin. —
6. 1000 kr. voru veittar til aðgerða á öldubrjótnum á Sauðárkróki, sem skemmst hafði af stórbrimum. 15421,77 voru veittar úr ríkissjóði til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki og er það hálfur kostnaður. Þótti óhjákvæmilegt að verja þessu fé til þess að ekki eyðileggðust mikil verðmæti og yrði síðan meira og dýrara verk, að gera við skemmdirnar.
7. Síðastliðið sumar urðu skemmdir á bátabryggjunni á Blönduósi, svo að hún varð ónothæf. Bráðabirgðaviðgerð kostaði 6000 kr. og var ⅓ hluti kostnaðarins greiddur úr ríkissjóði, sem þótti rétt og sanngjarnt að gera.

Um 6. gr.

1. og 2. Lokið hefir verið við uppfyllingu kirkjugarðs í Reykjavík, og var hann svo að segja um leið fullnotaður. Varð þá að sjá fyrir nýjum grafreit. Komst að lokum á samkomulag við Reykjavíkubæ um að grafreit skyldi gera í landi bæjarins í Fossvogi. Er það girtur staður, djúpur jarðvegur í

hlið er hallar móti suðri. En mikla vinnu hefir þurft að leggja í framræslu á landi þessu, og hefir henni nú verið lokið, svo að við mun mega una í mörg ár.

3. Kirkjumálanefnd lauk störfum sínum á síðustu mánuðum ársins, og er þetta lokagreiðsla fyrir störf hennar.
4. Biskupi landsins var boðið að mæta sem fulltrúa landsins á hinni miklu Olafshátíð í Noregi síðastliðið sumar, og er þessi upphæð ferðakostnaður hans.
5. Lokið var nú í sumar við megin aðgerð þá, sem fram þurfti að fara á menntaskólanum, að frátöldum hátíðasalnum. Var gert við mikið af kennslustofum á 2. og 3. lofti, gerður nýr og fullkominn bekkur fyrir eðlisfræðikennslu. Í stað þess, að áður og líka í viðgerð á neðstu hæð, sumarið 1929 voru veggir fóðraðir með striga, pappaklæddir og málaðir, voru í viðgerðinni síðastliðið sumar, veggir á göngum klæddir með krossviði. Er sú viðgerð litlu eða engu dýrari, en virðist vera ákaflega haldgóð.
6. Stjórn Háskólans kvartaði um, að íbúð ritarans væri með öllu óviðunandi og er þetta lokagreiðsla fyrir þá aðgerð.
7. Sama var að segja um Kennaraskólann eins og gamla timburhúsið á Kleppi, að þar hafði svo að segja engin umbót eða viðgerð farið fram síðan húsið var smíðað fyrir 20 árum. Sumurin 1929 og 1930 fór fram gagngerð aðgerð á húsinu, bæði íbúð skólastjóra, öllum kennslustofum og göngum. Húsið var upprunalega byggt úr fremur lélegum við, og orðið bæði gisið og kalt. Nú voru bæði kennslustofur og skólagangurinn fóðrað með krossviði, og margar aðrar endurbætur gerðar á húsinu, svo að það mun þurfa lítillar viðgerðar við enn langa stund.
8. Upphæð þessi er eftirstöðvar að byggingarkostnaði skólahúss á Hólum árið 1929.
10. Jóni Ófeigssyni yfirkennara var veittur utanfararstyrkur til að sækja sýningu í Þýzkalandi.

Um 7. gr.

1. Ófært þótti að listasafn Einars Jónssonar væri með ógirta og óviðgerða lóð um Alþingishátíðina. Hefir verið gerð ódýr en góð girðing um lóðina og er þetta lokagreiðsla.
2. Vegna veikinda Dr. Bjargar Þorláksdóttur, er stödd var erlendis, virtist eigi verða hjá komizt að veita henni um fram styrk þann, er um getur í þessari grein.
4. Forustumenn Íslendinga í Vesturheimi báðu að sendur yrði vestur til þeirra maður héðan að heiman, sem haldi fyrirlestra um Ísland meðal enskumælandi manna. Varð Árni Pálsson bókavörður fyrir valinu. Honum hefði verið ókleyft að fara þessa ferð, ef hann hefði þurft að borga kostnað við starf sitt meðan hann var burtu, og þótti sanngjarnt, að landið borgaði þá vinnu, þar sem hann var að vinna fyrri þjóðina alla.

Um 8. gr.

1. Árið 1930 hafði húsameistari umsjón með fleiri og meiri byggingarframkvæmdum en nokkru sinni áður, auk hins mikla starfs, er hann hafði við undirbúning Alþingishátíðar. Er þessi umframgreiðsla sprottin af þeim alveg sérstöku framkvæmdum.
2. Upphæð þessi er laun og ferðakostnaður Björns Pálssonar kjöteftirlitsmanns árið 1930, en hann hafði eftirlit með frágangi, meðferð og útflutningi á frystu kjöti.
3. Í fjárlögum 1930 var engin sérstök upphæð ætluð til skrifstofukostnaðar skipaskoðunarstjóra, og var því þessu fé varið í því skyni, þar sem ekki varð hjá því komizt að greiða skrifstofukostnaðinn.
4. Fé þetta var veitt í viðbót við 6000 kr., sem greiddar höfðu verið árið 1929 til þess að veita vatni að flóðgátt Skeiðaáveitunnar, en aðrás vatnsins var orðin með öllu ófullnægjandi og varð því að gera þetta mannvirki til þess að not yrðu að áveitunni. Kostnaður við það hefir þannig verið greiddur með 9000 kr. alls úr ríkissjóði.
5. Á síðastliðnu sumri fóru fram sjómælingar á Húnaflóa. Mestur hluti upphæðarinnar hefir farið til þessara mælinga, en auk þessa er námskostnaður Friðriks skipstjóra Ólafssonar við sjómælingar í Kaupmannahöfn talinn í upphæðinni.
6. Í nóvembermánuði 1929 var þriggja manna nefnd skipuð til þess að endurskoða löggjöf landsins um veiði í ám og vötnum. Form. nefndarinnar, Jörundi Brynjólfssyni, hafa verið greiddar 2700 kr., en auk þessa hafa prófessor Ólafi Lárussyni verið greiddar 300 kr. og er þeirri upphæð ávísað af 19. gr. fjárlaga 1930, en í rauninni hefði hún átt að koma með á nefndarkostnaðinn. —
7. Árna Björnssyni cand. act. hafi verið greiddar 400 kr. á mánuði allt síðastliðið ár, eða 4800 kr., til undirbúnings tryggingarstarfsemi. Í júlímánuði f. á. skipaði atvinnumálaráðh. þriggja manna nefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, samkvæmt þingsályktun Alþingis 1930. Nefnd þessari hafa verið greiddar 2000 kr. á árinu 1930.
8. Svo sem kunnugt er, geysaði fjárpest í Borgarfirði síðastliðið ár. Níels Dungal docent var fenginn til þess að standa fyrir rannsóknum og lækningartilraunum á fjárpest þessari og stafar kostnaður þessi af þeim tilraunum, sérstaklega kaupum á tilraunafé og greiðslu á kaupi Dungals, sem var mjög hátt.
9. Af upphæð þessari hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið greitt Búnaðarfélagi Íslands 2600 kr. vegna sauðnautahaldsins. Afganginn kr. 5860,75 hefir fjármálaráðuneytið greitt fyrir andvirði og flutning á sauðnautum, sem keypt voru í stað hinna fyrri sauðnauta, sem sótt voru til Grænlands, en drápust öll úr bráðapest nema eitt. —

5. Frumvarp

til laga um framlengingu á gildi laga um verðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

Lög nr. 47, 15. júní 1926 um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingu á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1933.

Greinargerð.

Lögin um verðtoll falla úr gildi um næstu áramót.

Gert er ráð fyrir að þingstörfum verði flýtt, svo sem auðið er, og má þá búast við, að ekki vinnist tími til að ljúka fullnaðarafgreiðslu skattamálanna.

Ríkissjóður má hins vegar ekki við þeim tekjumissi, sem niðurfelling verðtollsins hefir í för með sér.

Með frumvarpi þessu er því farið fram á, að lögin verði framlengd um tvö ár.

6. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni vegna sölu síldar.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni: Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á víxlum að upphæð ca. 600 þúsund danskar krónur, sem rússneska ríkisstjórnin hefir samþykkt en Síldareinkasala Íslands gefið út, vegna sölu síldar frá síðastliðnu sumri til Rússlands.

Greinargerð.

Síldareinkasala Íslands seldi á síðastliðnu ári rússnesku ríkisstjórninni 30 þús. tunnur saltsíldar. Einkasalan varð eins og kunnugt er að veita langan gjaldfrest á greiðslunni, og átti hún um 600 þús. danskar krónur fastar í þessari sölu. Fyrir eindregin tilmæli útgerðarmannafélaga og Síldareinkasölunnar, svo og

samkv. áskorunum frá miðstjórnum Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, tókst ríkisstjórnin á hendur sjálfskuldarábyrgð á víxlunum, til þess að hægt væri að selja þá í erlendum banka.

Ríkisstjórnin vill með samþykkt ofangreindrar þingsályktunartillögu fá formlega heimild fyrir ábyrgðinni.

7. Frumvarp

til laga um búfjárrækt.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar, sem er starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún eftir því sem unnt er velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilaþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.). Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut utan heimalands eiganda, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda, á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr. Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.

Sanni kýreigandi, að kýrin hefir ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæðum allra kýreigenda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum. kosnum á aðalfundi nautgriparæktarfélagsins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninganna.

9. gr.

Kynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla, svo og annað, er starfið varðar. Það, sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi, er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Í samþykktum félagsins skal tekið fram, að árlega skuli halda mjólkur- og fóðurskýrslur, gera fitumælingar í mjólkinni, og eftir því sem föng eru til sjá um, að notuð séu sem bezt naut til undaneldis.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.

Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut, sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt. Félögin geta fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri

en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningarsvæði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði ⅓ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um, að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10—500 kr., og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 1½ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem

hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.) og í er meiri hluti búenda í hreppnum, er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar, sbr. þó 28. gr. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin taka á leigu til afnota innan hrepps. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna, með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekinn á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþykki valið á hestinum.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast, að einhver hafi merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkv. 20. og 21. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina,

góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir legið fyrir tveimur undanförnum þingum. Á þinginu 1930 var það samþykkt í neðri deild, en dagaði þá uppi í efri deild. Á síðasta þingi var búið að afgreiða málið frá neðri deild, þegar þingið var rofið. Frumvarpið er nú flutt óbreytt frá því, sem það hefir verið flutt á undanförnum þingum.

Um nauðsyn þessa máls vísast til greinargerða þeirra, sem fylgt hafa þessu hafnarlagafrumvarpi að undanförnu, og umræðnanna um það.

Nd. 31. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu, enda náist samningar við eigendur um útgáfuréttinn.

2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn, fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn sambands íslenzkra barnakennara, en hinn af menntamálaráðinu. Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé nægilegt til af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um ritlaun og útgáfurétt, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni

lýtur. Heimilt er stjórninni að ráða mann eða menn til þess að vinna að þessu, ef með þarf.

4. gr.

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar við kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna sjá um sölu bókanna hver í sínum skóla og fá fyrir það 10% af andvirði bókanna. Sömu sölulaun geta og aðrir fengið, sem vilja hafa bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin setur reglur um tryggingu fyrir greiðslu andvirðis bókanna og reikningsskil.

Bæjar- eða sveitarfélög, sem kaupa bækur til útbýtingar ókeypis meðal fátækra skólabarna, fá afslátt, sem nemur þóknun útsölumanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar 10000 kr. á ári í 5 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira rekstrarfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Heimilt er stjórn útgáfunnar að ákveða að gefa út og selja á sama hátt aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Ennfremur getur hún gefið út eða haft til sölu landabréf, veggmyndir og aðrar skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem gefa skal út samkvæmt þessum lögum, og sér um, að nýjar útgáfur af þeim verði til jafnskjótt og eldri útgáfur þrjóta.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþingi og er nú flutt aftur með nokkrum lagfæringum.

Hér fer á eftir, nokkurnveginn orðrétt, hin sama greinargerð, er fylgdi frv. í vetur:

Það má svo kalla, að bóknám sé nær eingöngu lagt til grundvallar í barnaskólum vorum. Skólabækur hafa því geysilega þýðingu við allt nám barnanna og störf kennaranna. Gjarnan má segja, að mestu skipti um góðar skólabækur, að þær séu vel samdar, þ. e. að efni þeirra, málfar og andi allur

sé við barna hæfi. Það hefir verið viðurkennt, að nauðsyn bæri á eftirliti með slíku af hálfu hins opinbera, sbr. lög um fræðslunefndir frá 1928.

En þó er annað atriði, er snertir útgáfu skólabóka, sem miklu skiptir, Það er ytri frágangur bókanna, pappírsgæði, letur, prentun, band og prófarkalestur o. fl., og þó ekki sízt verð þeirra og ending í hlutfalli við verðið. Það mun láta nærri, að bókakostur eins barns öll skólaárin sé nú kr. 70.00. Þetta er mikið fé, og er oft alltilfinnanleg útgjöld, þegar fátækasta stéttin á hlut að máli. Enda mundi sannanlegt, ef skýrslur eru fyrir hendi, að mikill hluti fátækustu barnanna eignast aldrei allan þann bókakost, sem lög og reglugerðir skólanna ákveða, og er það aðeins hið geysiháa verð skólabókanna, sem nú er, og fátækt barnanna, sem sviptir þau nauðsynlegum bókakosti. Má nærri geta, hver hugraun slíkt er fyrir námfús börn.

Verð á bókum er hér allt of hátt. Það gildir allt annað um skólabækur en aðrar bækur, sem út eru gefnar. Þjóðin leggur sjálf til öruggan markað fyrir þær með lögum og fyrirskipunum um skólahald og bókakost.

Í þeim menningarlöndum, er vér í flestu viljum sníða stakk vorn eftir, er þessum málum fyrir löngu skipað í það horf, að þjóðirnar og einstök bæjar- eða borgarfélög hafa útgáfu og umsjón skólabókanna í sínum höndum.

Sumstaðar fá öll börn ókeypis þær bækur, sem notaðar eru í skólunum, og mjög víða, þar sem ekki er svo langt gengið, er þó útbýtt bókum til fátækra barna. Hér eru skólabækurnar vissasta tekjulind nokkurra útgefenda og bóksala.

Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Ætti það, ef að lögum yrði, að tryggja góðan frágang á bókunum, og auk þess talsvert lægra verð en nú er. Þess eru dæmi, að kennslubækur eru seldar við verði, sem nemur allt að 1,00 kr. á hverja örk, og margar eru seldar fyrir um og yfir 50 aura á hverja örk. Þó eru þessar bækur prentaðar í stórum upplögum og trygg mikil sala árlega. Hreinn útgáfukostnaður nemur ekki nærri helmingi þessa verðs. Háa verðið liggur að nokkru leyti í óþarflega miklum gróða útgefenda, en að nokkru leyti í óhæfilega miklum sölukostnaði. Nemur hann frá 25% til 40% af útsöluverði bókanna.

Stefna frv. er sú, að bækurnar verði gefnar út og seldar svo, að hvorki verði ábati né halli á útgáfunni. Með því ætti að takast að lækka verð bókanna um ⅓ eða jafnvel helming verðs. Æskilegast væri, að hið opinbera legði fram þær námsbækur, sem fyrirskipað er að nota, en ofurlítil bót væri að fá verðið lækkað, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Um einstakar greinar frv. má taka þetta fram:

Um 1. gr.

Bezt væri, að allar skólabækur, bæði við lægri og æðri skóla, væru gefnar út á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó þykir ekki vert að *fyrirskipa* ríkisútgáfu nema á löggiltum barnanámsbókum til að byrja með. Aftur er í 7. gr. heimilað að gefa út fleiri námsbækur, ef hægt er og þörf þykir á vera.

Um 2. gr.

Sjálfsagt er, að fræðslumálastjóri, sem hefir yfirumsjón allra slíkra mála, sé formaður útgáfustjórnar.

Um 3. gr.

Starfssvið útgáfustjórnarinnar er hér ákveðið í aðalatriðum. Að öðru leyti verður reynslan að skera úr. Þegar fyrirtækið vex, má búast við, að stjórnin þurfi aðstoð við afgreiðslu, bókhald, innheimtu o. fl., og verður sá kostnaður, sem af því leiðir, talinn með útgáfukostnaði.

Um 4. gr.

Með sölu við kostnaðarverði er átt við það, að hreinar tekjur af sölu bókanna greiði útgáfukostnað þeirra allan, en ekki meira.

Um 5. gr.

Það þykir fara bezt á því, að skylda skólastjóra að sjá um sölu bókanna. Geta þeir auðvitað falið það öðrum, til dæmis kennurum, en bera þó sjálfir ábyrgð á andvirðinu gagnvart útgáfunni.

Sölulaun þykja hæfilega ákveðin 10%.

Um 6. gr.

Þar sem bækurnar yrðu ekki gefnar út allar á fyrsta ári, heldur smátt og smátt, eftir því sem eldri upplög þrjóta, er búizt við, að 10000 kr. framlag á ári nægi. Verður það varla talin mikil viðbót við þann kostnað, sem nú fer til barnafræðslu, og væri þessu fé áreiðanlega vel varið, þar sem það kæmi smátt og smátt þúsundum heimila til góða í lækkuðu bókaverði. Nokkurt fé hlýtur alltaf að verða bundið í útgáfunni. Hér er gert ráð fyrir, að 50 þús. nægðu sem fast stofnfé. Ef meira þyrfti einstök ár, er gert ráð fyrir að greiða vexti af því.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 8. gr.

Sjálfsagt er að gera ráð fyrir, að útgefendur selji upp birgðir þær, er þeir hafa, svo að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu.

Um 9. gr.

Útgáfan þarf að geta tekið til starfa svo fljótt, að hún gæti séð fyrir nýjum útgáfum fyrir næsta skólaár af þeim bókum, sem nú kynnu að vera á þrotum.

Nd. 32. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Í sama sjóð og á sama hátt skulu og renna laun yfirsetukvenna þeirra umdæma, er auð kunna að standa innan læknishéraðsins, hvort sem þau laun eiga að greiðast af bæjarsjóðum eða ríkissjóði og sýslusjóðum.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá heilbrigðisstjórnarinnar, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus og yfirsetukvennalaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða, uppbótar á launum yfirsetukvenna eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna og yfirsetukonur eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en heilbrigðisstjórnin tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Þetta litla frv. var flutt á síðasta þingi fyrir tilmæli mín af þáverandi þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar. Það þarfnast fárra skýringa og læt ég mér nægja að vísa til greinargerðarinnar frá í vetur, án þess að láta prenta hana upp. (Sbr. Alþtíð. 1931, þskj. 84).

Ég hefi aukið frv. með því að bæta yfirsetukonunum við, og gefur það

því almennara gildi, því að svo algengt sem það er, að lækna skorti í héruðin, er yfirsetukvennaskorturinn enn tíðari og almennt tilfinnanlegri. Laun yfirsetukvenna í smæstu héruðunum eru líka svo smánarlega lág, að þær mundi muna tiltölulega miklu, jafnvel hvað lítið sem hægt væri að hygla þeim, t. d. með aðstoð þessara sjóða. En svo illa hefir það gengið að fá laun yfirsetukvenna bætt viðunandi *beinlínis*, sem skyldast væri, að ekki er hægt að forsmá krókaleiðir, sem miða í þá átt að bæta kjör þeirra, sem harðast verða úti.

Nd. 33. Tillaga

til þingsályktunar um sölu viðtækja (útvarpstækja) og um lækkun afnotagjalds.

Flutningsmenn: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen, Jóhann Þ. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að sjá um, að einkasala ríkisins á útvarpstækjum (viðtækjum) veiti kaupendum, sem þess óska, kost á að greiða andvirði tækjanna á allt að þrem árum.
2. að árlegt afnotagjald verði lækkað niður í að minnsta kosti 20 krónur.
3. að þeim einum sé falin útsala tækjanna, sem hafa næga þekkingu á uppsetningu og viðgerð þeirra.

Ástæður.

Fullyrða má, að útvarpið getur orðið og á að verða til menningarauka fyrir þjóðina. Þá er þess og vænzt, að það geti orðið til hagsbóta fyrir atvinnurekendur að því er snertir veðurfregnir. Loks mun það verða til skemmtunar, einkum í fjarlægari héruðum. Það er því mikil nauðsyn, að sem flestir geti notfært sér það, sem útvarpað verður.

Eins og nú er fyrir komið sölu viðtækja, er langt frá því, að allur almenningur geti notfært sér útvarpið. Allur þorri hinna efnaminni manna getur ekki greitt andvirði tækjanna við móttöku og mörg hinna smærri heimila munu skirrast við að kaupa tækin, jafnvel þó gjaldfrestur fáist, ef árlegt afnotagjald er 30 krónur, eins og nú hefir verið ákveðið.

Þá hefir það víða valdið baga, að mönnum, sem enga þekkingu hafa á uppsetningu og viðgerð tækjanna, hefir verið falin útsala þeirra.

Nd. 34. Frumvarp

til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Guðbr. Ísberg, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum eru félög bátaútvegsmanna, smærri iðnaðarmanna eða smærri iðjurekenda, sem stofnuð eru og starfrækt með þeim tilgangi að útvega félagsmönnum lán til atvinnurekstrar. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með skyldum og réttindum samvinnufélaga, þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir vera búsettir í sama byggðarlagi og mega ekki vera færri en 6 og ekki fleiri en 30. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og 2 meðstjórnendum. Kjörtími stjórnenda skal eigi vera lengri en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnarinnar gangi úr á sama ári. Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins gagnvart lánveitanda.
d. Í varasjóð félagsins skal greiða árlega eigi minna en svarar ½% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins eins og þær eru eða verða um þau áramót gildir þó aldrei lengur en til næstu áramóta eftir að hann gekk úr félaginu.
f. Við félagsslit má verja varasjóði til lúkningar skuldbindingum félagsins að svo miklu leyti, sem þörf er, til þess að síðustu félagsmenn þurfi ekki hver fyrir sig að standa straum af öðrum skuldbindingum en þeim, sem stafa af viðskiptum hvers þeirra. Að því leyti, sem ekki er þörf á varasjóðnum í þessu skyni, fer um hann við félagsslit eftir ákvæðum laga um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og annars meðstjórnanda skuldbindur félagið.

2. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal félagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur skal senda nafnaskrá félagsmanna og stjórnenda félagsins og tilkynningar um breytingar á samþykktum félagsins.

3. gr.

Stjórn félagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann í samráði við endurskoðendur fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við at vinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 8000 kr. Lán má ekki veita utanfélagsmönnum.

4. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu fullt veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórnin telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma. Óveiddur afli skal veðhæfur sem trygging félagsmanna.

5. gr.

Lán þau, er félögin veita félagsmönnum sínum, skulu vera reikningslán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn og greiðist þá að fullu, ásamt áföllnum vöxtum, á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Félagsmaður, sem ekki stendur í skilum við félagið, skal víkja úr félaginu. Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

6. gr.

Heimili og varnarþing rekstrarlánafélags má vera í kauptúni eða kaupstað, þar sem félagsmenn hafa viðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðisins. Peningastofnun sú, sem veitir rekstrarlánafélagi lán, skal án sérstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiptin við hvern einstakan félagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum félagsmanni ber að greiða, en félagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Stjórn rekstrarlánafélagsins skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu embættisins.

8. gr.

Til þess að tryggja rekstrarlánafélögum samkvæmt þessum lögum starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 3 millj. króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi rekstrarlánastarfsemi vera sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands og lúta sömu yfirstjórn og sá sjóður hefir.

9. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 8. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands, eða sú peningastofnun, sem hefir það með höndum, lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur, með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota fé þess að lána það út til rekstrarlánafélaga samkvæmt þessum lögum.
b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.

c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 8. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánafélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum slíkra félaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu samhljóða frv. þeim um þetta efni, er sjálfstæðismenn hafa flutt á undanförnum þingum.

Nd. 35. Frumvarp

til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafnframt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask á óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vest-

mannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.

Þvottahúseigandi ábyrgist gjaldið og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

5. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu eða vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sá, sem veldur skemmdum með vítaverðu gáleysi, skal bæta skaðann.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 500 kr. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð-

um þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á komandi vori hefir bæjarstjórn í hyggju að láta reisa sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum. Vitamálaskrifstofan hefir gert svo hljóðandi áætlun og greinargerð um verk þetta:

„Fram til þessa hefir sjór til fiskþvotta í Vestmannaeyjum verið tekinn við bryggjurnar í höfninni, eða við fiskverkunarstöðvarnar. En eftir því, sem bærinn stækkar og útgerðin vex, gætir meira óhreininda í höfninni af frárennsli frá bænum og fiskverkunarstöðvunum. Vegna þess, hve erfitt er að ná í hreinan sjó, er og hætta á því, að ekki sé ávallt notaður hreinn sjór við fiskþvottinn, og má búast við, að það geti spillt fyrir sölu fiskjarins. Sjóveita til fiskþvotta er því mjög nauðsynleg fyrir útgerðina í Vestmannaeyjum.

Með þeim aflabrögðum, sem nú eru, þarf til fiskþvotta um 400 tonn á dag, þegar mest berst á land af fiski. Sé nú gert ráð fyrir, að ⅓ hluta af dagsnotkuninni beri að í einu, þegar bátarnir koma örast að landi, og að öll þau fiskþvottaker, sem tilheyra þeim hluta, fyllist á 45 mínútum, verður sjónotkunin þegar mest fiskast um 50 lítrar á sekúndu.

Í þeirri áætlun um sjóveitu, sem hér er gerð, er þó reiknað með, að sjónotkunin geti orðið allt að 100 lítrum á sekúndu, og er því mannvirkið gert með þeirri fyrirhyggju, að sjóveitan nægi til fiskþvotta, þó að sjónotkunin verði tvöfalt meiri en nú er. Þá er jafnframt tekið tillit til þess, að nota megi sjó úr sjóveitunni til hreinlætis í bænum, til sundlaugar og í slökkvitæki, ef eldsvoða bæri að höndum.

Sjórinn í veituna verður tekinn fyrir utan höfnina, austan við Hringskersgarðinn. Þar verður gerður múraður brunnur milli klappanna, svo djúpur, að sjór falli í hann um stórstraumfjöru. Úr brunninum verða lagðar 8″ gildar steypujárnspípur upp í sjógeymi úr járnbentri steypu. Þessi sjógeymir verður gerður á Skansinum, þar sem hann er nægilega hár og undirstaða trygg. Neðst í brattanum við Skansinn verður sett 35 hestafla dælustöð, knúin rafmagni. Dælustöðin sýgur sjóinn til sín gegnum pípurnar og þrýstir honum upp í sjógeyminn, en úr honum liggja aftur 12″ trépípur meðfram höfninni vestur í Skildingafjöru, eða um 850 m.

Sjógeymirinn er gerður svo stór, að hann rúmi eins dags venjulega sjónotkun, jafnvel þó að hún tvöfaldist frá því, sem nú er. Hann er hringmyndaður, 12 m. í þvermál, 4,5 m. hár og rúmar 450 tonn af sjó. Getur þá dælustöðin fyllt hann á ca. 1½ klst.

Trépípa hefir þá kosti fram yfir járnpípu, að hún leysist ekki upp í sjó, eins og járnpípum er hætt við. Hún ver betur fyrir frosti og má því leggja hana

ofanjarðar, þar sem því verður við komið, og sparar það mikla vinnu. Því að þar, sem pípan verður lögð, eru klappir eða mjög grunnur jarðvegur. Hvað endingu snertir, þá mun trépípa, eins og áður er sagt, vera endingarbetri en járnpípur, og hvað kostnaðinn snertir ca. 3 sinnum ódýrari.

Kostnaðaráætlun:

Inntaksbrunnur	2000.00 kr.
Aðveitupípur og vélar	8500.00 —
Að leggja aðveitupípur og setja upp vélar	4000.00 —
Vélahús	2000.00 —
Sjóveitupípa, smíði og jarðvinna 850 m. á 35/00	29750.00 —
Sjógeymir	18750.00 —
Verkstjórn og ófyrirséð	8000.00 —
Samtals kr.	73000.00

Reykjavík, 12. jan. 1931.

Th. Krabbe".

Mannvirki þetta er nokkuð dýrt, en enginn ágreiningur mun vera um það, hversu nauðsynlegt er að koma því upp hið allra fyrsta.

Til þess að tryggja afkomu fyrirtækisins, telur bæjarstjórn nauðsynlegt að fá lög þessi samþykkt, og eins til þess að mannvirkið komi að því gagni, sem því var ætlað að vinna.

Út af ákvæðum 2. gr. skal tekið fram, að bæjarstjórn telur óhjákvæmilegt, að allir séu skyldaðir til að taka sjó hjá sjóveitunni, vegna þess að hætt er við, að ýmsir útgerðarmenn, sem grafið hafa brunna við fiskaðgerðarhús sín, mundu ekki notfæra sér sjóveituna, og jafnvel fleiri, af ýmsum ástæðum.

Frumvarp þetta er fram komið vegna þess að vatnalögin, nr. 15 frá 20. júní 1923, III. kafli, munu ekki ná til sjóveitu, og eins af því, að í þau vantar þau ákvæði, sem sérstaklega þarf við hér. En lög þessi eru sniðin eftir III. kafla vatnalaganna, og virðast því ekki þurfa frekari skýringa við.

Ofanrituð greinargerð fylgdi frv. þessu, er það var lagt fram á síðasta þingi, en þar var það ekki útrætt sökum þingrofsins. Verk það, er hér um ræðir, er nú hafið, og þykir rétt að leita enn samþykkis þingsins á nauðsynlegri löggjöf um þetta efni.

Nd. 36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað »10 aurar« í 3. gr. laganna komi: 5 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ástæður.

Á síðastliðnu ári var síldveiði þessi: saltað og sérverkað 185809 tn., látið í bræðslu um 545000 mál. Hefir því síldveiðin verið skattlögð til flugmálasjóðs með um 70 þús. kr. á árinu 1930, því að vart hefir aflazt meira en 30 þús. tn. og mál á reknetaskipin.

Áður en þessi skattur til flugmálasjóðs var lögfestur, var síld og síldarafurðir skattlagt hærra að hundraðstölu verðmætis en aðrar útflutningsvörur. Skatturinn til flugmálasjóðs átti að skoðast sem endurgjald fyrir síldarleit flugvélar, sem haft hefir það starf með höndum. Nú er það ósannað, hvort eða að hve miklu leyti slík leit að síld er til hagsbóta fyrir síldveiðendur, og það er sennilegast, að á þeim tímum, sem veðrátta er í lakara lagi, muni notin verða lítil.

Þá er þess að gæta, að jafnvel þótt flugvél væri að mestu eða öllu bundin við leitina í 10 vikur, þá mundi sá kostnaður vart fara fram úr 30 þús. krónum. Nú er fullt útlit fyrir, að verð á síld til bræðslu verði mjög lágt á sumri komanda, sennilega um 4 krónur málið. Flugmálaskatturinn einn yrði þá að óbreyttri upphæð $2^1/_2$ %.

Að þessu athuguðu virðist sjálfsagt að lækka gjaldið, ekki minna en hér er farið fram á.

Nd. 37. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hafði náð samþykki neðri deildar á síðasta þingi.

Ed. 38. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: H. Steinsson.

Á 2. gr. vegalaga nr. 41, 4. júní 1924, er gerð þessi breyting:
Við B.
Á eftir 3. tölulið komi 2 nýir töluliðir:

1. Snæfellsnesbraut frá vegamótum austan Straumfjarðarár um Staðarsveit, Breiðuvík og Hellisand til Ólafsvíkur.
2. Eyrarsveitarvegur frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit til Ólafsvíkur.

Greinargerð.

Á 2 undanförnum þingum hafa verið bornar fram tillögur um að taka Snæfellsnesbraut upp í tölu þjóðvega, og á síðasta þingi kom einnig fram tillaga um að vegur um Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu yrði tekinn í þjóðvegatölu.

Um báðar þessar brautir má fullyrða, að brýn nauðsyn ber til að leggja þær á næstu árum, þar sem þær liggja um blómlegar sveitir, sem hljóta að dragast aftur úr í viðskiptalífinu, ef ekki er bætt úr vegaþörf þeirra. Hinsvegar er tæplega þess að vænta, að sýslufélagið eða viðkomandi hreppsfélög muni geta ráðizt í þessar vegabætur, þar sem vegabótafé sýslunnar er af skornum skammti og hrekkur ekki til nauðsynlegra viðgerða á hreppa- og sýsluvegum,

Ed. 39. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. mai 1920.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Bjarni Snæbjörnsson, Guðrún Lárusdóttir, Halldór Steinsson, Jakob Möller, Pétur Magnússon.

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Kjósa skal varaþingmenn á sama hátt og samtímis og þingmenn eru kosnir. Ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur varaþingmaður sæti hans það, sem eftir er kjörtímans. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi eða það, sem eftir er af því þingi.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

1. málsgr. 29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

3. málsgr. sömu greinar orðist þannig:

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgr. 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., verði þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

2. og 3. töluliður Ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli burt, en í stað þeirra komi nýr 2. tölul., svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Hið reglulega Alþingi þessa árs hafði til meðferðar breytingar á stjórnarskránni, sem náðu samþykki efri deildar við 2. umræðu, en meðferð málsins stöðvaðist þegar þinginu var hleypt upp hinn 14. apríl. Sjálfsagt þykir að halda þessu máli áfram, og það því fremur, sem nýafstaðnar alþingiskosningar hafa leitt í ljós ennþá greinilegar en áður, hversu fjarri fer því, að núverandi kjördæmaskipun og tilhögun alþingiskosninga fullnægi þeirri sjálfsögðu réttlætiskröfu, að þingið sýni rétta mynd af skoðunum og vilja kjósendanna. Þolir það enga bið, að ráðin sé bót á þessu.

Það höfuðákvæði er tekið upp í frv., að Alþingi skuli svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem frambjóðendur flokksins fá samtals við almennar kosningar. En frv. lætur það óbundið, á hvern hátt þessari sjálfsögðu réttlætiskröfu verði fullnægt, og ætlar lögum um kosningar til Alþingis að setja hin nánari ákvæði um þetta.

Í frv. eru teknar upp þær rýmkanir á kosningarrétti til Alþingis, sem voru í frumvarpi því, sem samþykkt var við 2. umr. í Ed. á hinu reglulega þingi, þ. e. færsla aldurtakmarks úr 25 árum niður í 21 ár, og burtfelling ákvæðisins um að sveitarskuld valdi missi kosningarréttar. Þá er og í frv. farið fram á þá frekari rýmkun á kosningarréttinum, að burtu falli það skilyrði, að kjósandi skuli hafa verið búsettur í kjördæminu eitt ár. Hefir þetta ákvæði orðið til þess að svipta marga menn kosningarrétti að ástæðulausu, og virðist mega setja með kosningalögum nægar skorður gegn því að kjósandi neyti kosningarréttar á tveim stöðum, þótt umrætt ákvæði sé numið úr stjórnarskránni.

Í samræmi við meginákvæði frv. um réttláta skipun þingsins er tekið upp ákvæði um að kjósa skuli varaþingmenn, svo sem nauðsynlegt er til þess að hlutföll milli flokka í þinginu raskist ekki við það, að þingsæti losnar á kjörtímanum.

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir efni frv. í framsögu.

Nd. 40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 *[Útflutningsgjald af síld o. fl.]*.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg og Jóhann Þ. Jósefsson.

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:
Af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 0,75.

Greinargerð.

Síldarútvegurinn er nú kominn í það öngþveiti, vegna sölutregðu og sífallandi síldarverðs, að fjöldi þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda, sjá eigi fram á annað en að þeir muni neyðast til að selja skip sín og taka sér annað fyrir hendur. Að þetta er ekki þegar orðið, stafar sumpart af því, að skipastóll síldarútvegsins er yfirleitt óhentugur til annarar veiði og því lítt seljanlegur, sumpart af því, að síldarútgerðarmenn vilja, sem eðlilegt er, ógjarnan gefast upp meðan þess er nokkur von, að hægt sé að halda útvegnum áfram.

Útflutningsgjald af síld nam síðastliðið sumar sem næst 18% af nettósöluverði hennar. Er það svo gífurlegur skattur, að engan ætti að furða, þó síldarútvegurinn risi eigi undir honum, jafnvel þó betur horfði en nú gerir. Kröfum síldarútgerðarmanna virðist því mjög stillt í hóf, þó farið sé fram á, að útflutningsgjaldið sé lækkað niður í kr. 0,75 á tunnu.

Síldarútvegurinn er svo verulegur liður í þjóðarbúskap vorum, að það væri blátt áfram óafsakanlegt afskiptaleysi og tómlæti um afkomu atvinnuveganna að horfa opnum augum á hann líða undir lok án þess, að reynd sé sú leið honum til bjargar að létta að nokkru af honum sköttum, a. m. k. í bili, á meðan það er ekki orðið um seinan. Mundi það gefa ýmsum þeirra útgerðarmanna, sem nú eru í þann veginn að gefast upp, kjark til að halda áfram, en hæpið, að nýir menn mundu koma í staðinn. Gæti því farið svo, að ríkissjóður tapaði ekki tekjum, svo teljandi væri, við þá lækkun útflutningsgjalds, sem hér er farið fram á.

Ed. 41. Tillaga

til þingsályktunar um Veðdeild Landsbankans.

Flutningsm.: Jakob Möller, Jón Þorláksson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að leggja sem allra fyrst fyrir þetta þing frumvarp til laga um Veðdeild Landsbankans, er tryggi það, að lánsstofnun þessi, sem nú má heita stöðvuð, geti fullnægt ætlunarverki sínu.

Greinargerð.

Veðdeild Landsbankans hefir nú um langt skeið, eða síðan seint á árinu 1929, verið í lamasessi, sakir þess að stjórn stofnunarinnar hefir ekki getað útvegað kaupendur að nægilega miklu af vaxtabréfum Veðdeildarinnar. Hefir deildin því á þessu tímabili eigi getað greitt út lán í peningum nema af mjög skornum skammti, og nú síðustu mánuðina alls ekki. Fjöldi lántakenda bíður þess vegna án þess að geta fengið fyrsta veðréttar lán út á fasteignir sínar, og þeir, sem neyðast til að taka lán í bréfum, og selja þau utan bankans, hafa nú upp á síðkastið orðið að sæta afföllum, sem eru miklu meiri en afföll bankans voru meðan hann hélt uppi markaði fyrir bréfin. Af þessari lömun Veðdeildarinnar leiðir það, að húsabyggingar í landinu stöðvast, og það veldur aftur hvorutveggja í senn, að atvinnuleysi ágerist og húsnæðisekla byrjar að nýju eða ágerist, einkum í Reykjavík og þeim öðrum kaupstöðum, sem vöxtur er í.

Flutningsm. hugsa sér helzt, að úr þessu verði bætt með löggjöf, sem geri vaxtabréf Veðdeildarinnar útgengileg á erlendum markaði. Er kunnugt, að nokkur undirbúningur hefir verið gerður að slíkri löggjöf, og er tilgangur þessarar tillögu sá, að knýja það mál fram til meðferðar og afgreiðslu á þessu þingi.

Ed. 42. Frumvarp

til laga um verðfestingu pappírsgjaldeyris.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Svo fljótt, sem við verður komið, og eigi síðar en 1. júlí 1932, skal Landsbanki Íslands gefa út og setja í umferð gullgilda, innleysanlega seðla samkvæmt ákvæðum 3.—12. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Seðlar þessir skulu að útliti vera greinilega frábrugðnir þeim seðlum, sem nú eru í umferð.

2. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og ríkissjóðs og seðlar Íslandsbanka eru í umferð, skal gildi þeirra gagnvart gulli og gullgildum seðlum vera þannig, að 100 kr. í þessum seðlum, sem nefnast íslenzkar pappírskrónur, jafngildi 82 kr. í gullgildum seðlum og gullmynt. Eftir 31. des. 1935 skulu þessir seðlar ekki lengur vera löglegur gjaldeyrir manna í milli eða í opinber gjöld, en bankarnir skulu þó enn um 2 ár vera skyldir að innleysa seðla, sem framvísað verður, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

3. gr.

Allar kröfur, skuldir og skuldbindingar, sem taldar eru í krónutali og stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1934, skulu lúkast í íslenzkum pappírskrónum. Eftir að seðlar samkv. 1. gr. eru komnir í umferð, skal greiðanda ávallt heimilt að inna greiðsluna alla eða nokkurn hluta hennar af hendi í gullgildum krónum, eftir því hlutfalli, að hverjar 82 gullkrónur jafngildi 100 kr. af þeirri upphæð, sem greiða ber í pappírskrónum.

Á sama hátt skulu allar framhaldandi greiðslur, sem taldar eru í krónum, svo sem landskuldir, húsaleiga, vextir, kaupgjald, iðgjöld og því um líkt, svo og skattar og gjöld til opinberra þarfa, lúkast í íslenzkum pappírskrónum, eða jafngildi þeirra í gullkrónum samkvæmt framansögðu, til ársloka 1933.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1934 skulu allar greiðslur þær, sem ræðir um í 3. gr., umreiknaðar í gullgildar krónur með lækkaðri krónutölu eftir hlutfallinu 82 : 100. Frá sama tíma skulu allar verzlanir verðleggja vörur sínar í gullgildum krónum og ríkissjóður inna af hendi launagreiðslur í gullgildum krónum, og skulu allar upphæðir þessar lækka að krónutali eftir hlutfallinu 82 : 100 frá því, sem vera mundi á sama tíma, ef greitt væri í pappírskrónum.

5. gr.

Með konungslegri tilskipun má kveða nánar á um það, hverjar kröfur og skuldir skuli undanþegnar ákvæðum 3. og 4. gr. af þeirri ástæðu, að þær eru stofnaðar fyrir 7. ágúst 1914.

6. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og seðlar Íslandsbanka eru í umferð og eru löglegur gjaldeyrir, skal báðum bönkunum skylt að innleysa þá með gullmynt eða gullgildum seðlum, ef handhafi óskar, þannig að 82 kr. í gullmynt eða gullgildum seðlum séu greiddar fyrir hverjar 100 kr. í núverandi seðlum. Nánari reglur um þessa innlausnarskyldu getur ráðherra sett.

7. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um skiptimynt, svo sem þarf vegna framkvæmdar þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á hinu reglulega Alþingi þ. á., og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Frv. þetta er að mestu samhljóða frv. með sömu fyrirsögn, sem þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum hafa flutt í Nd. á þingum 1929 og 1930. Frestir eru færðir aftur um 2 ár frá hinu upphaflega frv., og hlutfallið milli pappírskróna og gullkróna er sett 82 : 100, í stað 81.70 í hinum fyrri frv. Er þá miðað við það, að gullgildi sterlingspunds er 18.1595 gullkrónur, en sölugengi sterlingspunds sem næst 22.15 pappírskrónur. Eftir þessu yrði hlutfallið, nákvæmlega reiknað, 81,984 gullkr. móti 100 pappírskrónum, og þykir þá einsætt að velja heldur heilu töluna 82, er samsvarar gengi 22 kr. 14½ ey. á gullgildu sterlingspundi.

Við flutningsmenn teljum þá úrlausn gengismálsins, sem í frv. felst, þá tiltækilegustu, eftir því, sem nú er komið. Gengi pappírskrónunnar hefir nú verið óbreytt í 5½ ár, og eftir svo langan tíma mundi það vera óeðlilegt og óhagkvæmt að stofna til breytinga á þessu gengi. Hinsvegar teljum við nauðsynlegt, vegna seinni tíma, að viðurkenna gullgildi á þeim skuldum og kröfum, sem stofnaðar eru fyrir stríð, þ. e. áður en gullinnlausnarskyldunni var létt af seðlabankanum. Ef þessar gömlu kröfur verða felldar í gildi með löggjöf, t. d. með myntlagabreytingu, er alltaf hætt við, að sú trú rótfestist, að eigi sé óhætt að geyma innstæðufé hér á landi, það verði „stýft“ eða fellt í gildi næst þegar styrjaldarkreppu eða aðra ámóta kreppu ber að höndum. En undirstaða allra þeirra framfara í landinu, sem byggjast á notkun lánsfjár, er sú, að menn vilji eiga hér innstæðufé í ávöxtun, en telji sig ekki knúða til að forða því frá yfirvofandi „stýfingum“ hér og flytja það til útlanda.

Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu“.

Nd. 43. Frumvarp

til laga um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja á skattþegna landsins sérstakan tekju- og eignarskatt eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Til grundvallar fyrir skattaálagningu samkvæmt 1. gr. ber að leggja skattskyldar tekjur og eignir samkvæmt ákvörðunum skattanefnda (skattstjóra) eða yfirskattanefnda árið 1931, með þeim breytingum, sem leiðir af ákvæðum 5. gr. þessara laga um persónufrádrátt.

3. gr.

Tekjuskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., reiknast af skattskyldum tekjum samkv. lögum þessum þannig:

Af 4000—12000 kr.	greiðist	40 kr.	af 4000	og 2%	af afgangi
— 12000—20000 —	—	200 —	— 12000	— 2½%	— —
— 20000—50000 —	—	400 —	— 20000	— 3%	— —
— 50000 og þar yfir	—	1300 —	— 50000	— 3½%	— —

4. gr.

Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggist á skattskyldar eignir, er nema 30000 kr. og þar yfir, og skal vera jafnhár þeim eignarskatti, sem lagður hefir verið á þær eignir árið 1931 samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921.

Ákvæði 3. og 4. gr. laga þessara gilda um alla þá, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921, jafnt félög sem einstaklinga.

5. gr.

Áður en fundnar eru skattskyldar tekjur samkvæmt lögum þessum ber að draga frá hreinum tekjum skattþegna, eins og þær hafa verið ákveðnar árið 1931 af skattanefndum (skattstjóra) eða yfirskattanefndum, sem hér segir:

a) Fyrir einstakling: Í Reykjavík 1000 kr., annarsstaðar á landinu, 700 kr.
b) Fyrir hjón: Í Reykjavík 2000 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.
c) Fyrir börn og aðra skylduómaga, sem um ræðir í 13. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921: Í Reykjavík 700 kr., annarsstaðar á landinu 500 kr.

6. gr.

Skattanefndir (skattstjóri) annast um álagningu skatts samkvæmt lögum þessum og lögreglustjórar um innheimtu, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Neyti ríkisstjórnin heimildar samkvæmt lögum þessum, ber henni að verja skattinum til atvinnubóta.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum verkalýðsfélaga og sveitar- og bæjarstjórna, nánari reglur um það, hverjir skuli njóta dýrtíðarvinnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1931.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram vegna þess sérstaka ástands, sem nú ríkir í atvinnulífi þjóðarinnar. Hin almenna viðskipta- og fjárhagskreppa, sem nú gengur yfir í öllum löndum, hefir komið niður á atvinnuvegum vorum og þjóðframkvæmdum og kippt mjög úr eðlilegum framkvæmdum. Húsasmíði er nú stórum minni en á undanförnum árum, vegagerðir sömuleiðis. Fiskafli hefir að vísu verið mikill að vöxtum, en sala fiskjarins treg, það sem af er árinu. Loks eru mjög slæmar horfur um afkomu síldarútgerðar, enda útgerðin stórum minni en

undanfarið, þar sem síldarbræðslustöðvarnar í landinu starfa sumar lítið og sumar alls ekki. Auk þess þrengja erlendir keppinautar um veiðina kosti íslenzkrar útgerðar meira og meira með hverju ári, sem líður.

Eins og atvinnuskipul. þjóðarinnar er háttað, eru engar ráðstafanir gerðar til róttækrar tryggingar atvinnuvegunum á kreppuárunum. Sérhvert það fyrirtæki, sem rekið er af forsjá, hvort heldur er í atvinnu eða viðskiptum, kappkostar að eignast varasjóð, til þess að mæta áföllum. *En á bak við sjálfa höfuðatvinnuvegi landsins eru engir varasjóðir.* Þegar kreppu ber að höndum, verður því annaðtveggja, að of nærri er gengið atvinnufyrirtækjunum ellegar almúgi manna gengur með rýran hlut frá borði og verður að líða skort og jafnvel fulla neyð.

Ráðið gegn þessum stórfelldu misfellum í atvinnulífinu virðist hljóta að vera það, að stofna *varasjóð atvinnuveganna,* sem fái tekjur sínar í góðærum og hafi sama hlutverk að vinna eins og fleygihjól í aflvél, sem ber arma hennar yfir dauða punkta. Þesskonar ráðstafanir, skynsamlega framkvæmdar, myndu koma í veg fyrir það, að of nærri yrði gengið atvinnuvegunum með kaupgjaldsgreiðslum á krepputímum, og jafnframt það, að neyðin klappi á dyrnar hjá verkalýðnum, jafnskjótt og atvinna bregzt að meira eða minna leyti.

Þar sem engar þær tryggingarráðstafanir, sem hér hefir verið minnzt á, hafa verið gerðar, en sá afgangseyrir, sem orðið hefir í rekstri atvinnuveganna, hefir gengið allur til einstakra manna, annaðhvort sem beinn hagnaður af atvinnurekstrinum, ellegar gegnum almenn viðskipti, þá virðist sanngjarnt, að þeir sömu menn leggi nokkuð af mörkum, til þess að afstýra skorti meðal þeirra verkamanna, sem hafa unnið að framleiðslunni, án þess að geta lagt fyrir afgangseyri, til þess að mæta atvinnuleysi og krepputímum

Er ætlazt til þess, að með frumvarpi þessu verði stigið spor í þessa átt.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 2. gr.

Eins og orðalag greinar þessarar ber með sér, er mælt svo fyrir, að skatturinn reiknist nákvæmlega eftir síðustu framtölum manna til skatts eins og þau hafa verið úrskurðuð af skattanefndum og yfirskattanefndum. Ennfremur ber að reikna með tekjum og eignum þeirra, sem ekki hafa talið fram, eins og nefndirnar hafa áætlað þær við skattaálagningu á þessu ári. Þótt hreinar tekjur skattþegna fyrir 1930 verði þannig lagðar til grundvallar samkvæmt ákvörðunum skattanefnda, verða skattskyldar tekjur samkvæmt frumvarpinu eigi þær sömu og við álagningu tekju- og eignarskatts á þessu ári, og veldur því, að persónufrádráttur í þessu frumvarpi er ákveðinn nokkuð hærri en í gildandi skattalögum frá 1921.

Um 3. gr.

Það þykir eigi réttlátt að leggja skatt samkvæmt frumvarpi þessu á lægri tekjur skattskyldar samkvæmt því en 4000 kr., og er lægsta tekjuskattsgjald kr.

40. Getur það vart talizt þungt viðbótar-álag á mann með 4000 kr. skattskyldar tekjur. Einhleypur maður með 5000 kr. hreinar tekjur í Reykjavík borgar því 40 kr. samkvæmt þessu, og maður með 5 manna heimili í Rvík og 8800 kr. hreinar tekjur borgar sömu upphæð. Skattgjaldið fer síðan smástígandi eftir því, sem tekjur hækka.

Nokkrir erfiðleikar eru á því að gera nákv. áætlun um það, hve mikill skattur muni fást samkvæmt þessum tekjuskattsstiga. Veldur því, að eigi eru til ennþá fullkomnar skýrslur um álagningu tekjuskatts í ár, og þó einkum, að persónufrádráttur er í þessum lögum settur öðruvísi en í gildandi skattalögum, og ruglar það grundvelli þeim, er á verður að byggja útreikninga í þessum efnum. En samkv. því, sem næst verður komizt, með því að miða við ýtarlegar skýrslur, sem fyrir liggja um tekjuskattsálagningu (þ. á. m. tekjuflokkun) árið 1930 í Reykjavík, en tekjur einstaklinga yfirleitt, a. m. k. í Reykjavík, 1929 voru svipaðar og 1930, verður tekjuskattur á öllu landinu samkvæmt þessari grein eigi langt frá *kr. 200000,* og þó sennilega heldur yfir en undir þeirri upphæð.

Um 4. gr.

Eigi þótti rétt að byrja álagningu eignarskatts samkvæmt frumvarpinu á lægri eignum en 30000 kr.

Samkvæmt núgildandi skattalögum er skattur á eignum mjög lágur, og er því eðlilegt, að eignarskattur samkvæmt þessum lögum verði hár í hlutfalli við þann, sem fyrir er, enda þykir eigi annað réttlátara en að hafa hann jafnháan núverandi eignarskatti.

Samkvæmt þessu mundi sá, sem á 100000 kr. skuldlausa eign, greiða kr. 221,00 í skatt samkvæmt þessum lögum í viðbót við kr. 221,00, sem á hann hafa verið lagðar áður á þessu ári, og sá, sem á 50000 kr. skuldlausa eign, 71 kr.

Samkvæmt skýrslum um álagningu eignarskatts í Reykjavík á þessu ári og skýrslum um skattskyldar eignir utan Reykjavíkur, sem þó eru eigi til sundurliðaðar yngri en frá 1927, mundi skatturinn eigi verða undir 160000 kr.

Verður því að gera ráð fyrir, samkvæmt framanrituðu, að skattur samtals samkvæmt þessu frumvarpi yrði eigi fjarri 360000 kr.

Um 5. gr.

Mönnum hefir verið það ljóst lengi, að persónufrádráttur sá, sem lögfestur er í núgildandi skattalögum, er of lágur, einkum í kaupstöðum, og er því skattur fjölskyldumanna of hár samanborið við skatt þeirra, sem eigi hafa ómaga til framfærslu.

Þykir sjálfsagt að leiðrétta þetta að því er snertir skatt samkvæmt þessu frumvarpi. Árangurinn af þessu er sá, að fjölskyldumenn sleppa mun betur við þennan skatt en þann, sem á er lagður samkvæmt gildandi skattalögum. Sést þetta greinilega á dæmi því, sem tekið er í umsögn um 3. gr.

Um 6. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 7. gr.

Rétt þykir að fela ríkisstjórninni framkvæmd málsins. Er til þess ætlazt, að hún verji fénu til framkvæmda opinberra verka, sem fyrir liggur að hrinda í framkvæmd, og leiti tillagna verkalýðsfélaga, sveitar- og bæjarstjórna um það, hverjir skuli verða aðnjótandi vinnunnar.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Ed. 44. Frumvarp

til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Jakob Möller, Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að virkja fallvatnið Efra-Sog, milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynleg kann að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1931 og 1932 gera þær umbætur á Þingvallaveginum, sem nauðsynlegar eru vegna Sogsvirkjunarinnar, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram 140 þús. kr., og teljast þær með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðast jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með kostnaði við orkuverið má ennfremur telja kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með stérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Efra-Sogi til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein skal telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir mynd-

azt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Efra-Sogi til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu var flutt í Nd. á síðasta þingi og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Meðal annara viðfangsefna hefir raforkumálanefndin látið rannsaka, hvaða héruð mundu geta notið raforku frá Soginu, ef virkjun á því kæmist í framkvæmd. Þótt þeirri rannsókn sé ekki að fullu lokið, þykir nú þegar sennilegt, að þessi héruð muni hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Sogi auk Reykjavíkur:

Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

Sakir þess, að sumstaðar á þessu svæði er töluvert fjölmenni saman komið í kauptúnum og sjóþorpum, virðist sem allmikið af orkuveitum út frá Sogi um héruð þessi muni geta borið sig fjárhagslega, jafnvel 300—400 km. samanlögð línulengd, og mundu 13—14 þús. manns utan Reykjavíkur geta notið raforku úr þeim taugum. Út frá þeim mætti svo smám saman stækka veituna og koma fleiri og fleiri notendum í samband við hana.

Út af þessu þótti raforkumálanefndinni nauðsynlegt að athuga nú þegar, á hvern hátt væri unnt að tryggja það, að íbúar nefndra héraða utan Reykjavíkur gætu þegar til kæmi átt kost á raforku úr Soginu í sambandi við virkjun þá á fallvatni þessu, sem Reykjavíkurbær er að undirbúa. Til þess að athuga

þetta málefni sérstaklega, voru á fundi raforkumálanefndar 14. jan. þ.á. kosnir í undirnefnd þeir Jón Þorláksson verkfr. og Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi. Hafa þeir síðan rætt málið við þar til kjörna menn úr rafmagnsstjórn Reykjavíkur, og er frumvarp þetta árangurinn af því starfi.

Aðalhugsun frv. er sú, að Reykjavíkurbær, sem á hálf vatnsréttindin í þessu fallvatni, byrji á virkjuninni og haldi henni áfram þar til fallvatnið er virkjað að hálfu, en selji raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði, að viðbættri lítilli þóknun. Er þetta mikið hagræði fyrir héruðin, að þurfa ekki að leggja fram fé til virkjunar meðan raforkunotkun þeirra er lítil, svo að erfitt yrði að fá sjálfstæða virkjun til að svara kostnaði. Þegar raforkunotkunin í heild er komin upp í helming virkjunar, er gert ráð fyrir, að notendur raforku í héruðum utan Reykjavíkur haldi áfram stækkun orkuversins og verði meðeigendur þess, og njóti þannig þeirra hagsmuna, sem liggja í því að verða eigandi orkuvers þegar raforkunotkun er orðin mikil. Kemur sá hagnaður sérstaklega fram í því, að orkuverið heldur áfram að vera starfhæft eftir að byggingarkostnaður er afskrifaður eða byggingarlán greidd, og getur raforkan þá lækkað í verði eða rekstur orkuversins gefið tekjuafgang til aukningar á taugakerfinu.

Með því að virkjun Reykjavíkurbæjar skapar þarna aðstöðu fyrir stóran og fjölmennan landshluta til þess að byrja á að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, þykir rétt, að ríkið láti Reykjavíkurbæ í té aðstoð til virkjunarinnar með vegagerðum og með ábyrgð fyrir virkjunarláni, svo sem ráðgert er í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg suður með Þingvallavatni að austanverðu að virkjunarstaðnum. Hefir vegamálastjóri lauslega áætlað kostnað vegarins 230 þús. kr. Vegur þessi verður alfaravegur, og gerir því frumvarpið, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, ráð fyrir, að aðeins helmingur kostnaðarins komi á Sogsvirkjunina, eða 115 þús. kr. Ennfremur er aukið viðhald Þingvallavegarins og styrking á brúm, allt beinlínis vegna Sogsvirkjunarinnar, áætlað af vegamálastjóra á 25 þús. krónur.

Um 4. gr.

Áætlun rafmagnsveitu Reykjavíkur um virkjun Sogsins nam 6 milljónum króna. Tilboð þau, sem fengizt hafa í verkið, voru nokkru hærri, og þar sem auk þess má gera ráð fyrir, að afföll kunni að verða á láni til virkjunarinnar, þykir eigi fært að tiltaka upphæð þá, sem ábyrgjast þarf, lægri en 7 millj. krónur, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að hér sé aðeins um hámarksupphæð að ræða.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft".

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Nd. 45. Frumvarp

til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða leigja hæfilega mörg skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum til útlanda með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem sjómenn og útvegsmenn hafa með sér félagsskap með samvinnusniði um útflutning og sölu á slíkum fiski, enda sé þar fyrir hendi nauðsynlegur útbúningur til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, er útgerðarstjórnin tekur gildan.

2. gr.

Fé það, sem þarf til skipakaupanna og annara nauðsynlegra framkvæmda samkv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Skipaútgerð ríkisins skal sjá um útgerð skipanna og hafa framkvæmdastjórn þeirra á hendi. Hún semur áætlun um ferðir skipanna og ákveður flutningsgjöld, hvorttveggja í samráði við stjórnir fiskútflutningsfélaganna. Skulu flutningsgjöldin miðuð við það, sem ætla má að þurfi til þess að útgerð skipanna beri sig.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða til mann eða menn að sjá um móttöku og sölu fisksins fyrir þau fiskútflutningsfélög, er þess óska.

5. gr.

Að fengnum tillögum stjórna fiskútflutningsfélaga skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að veita félögunum lán til kaupa á fiskumbúðum og veiðarfærum, er hentugust eru til að veiða með fisktegundir, sem verðmestar eru á erlendum markaði. Heimilast stjórninni að verja allt að 200 þús. kr. í þessu skyni á yfirstandandi ári.

6. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lagt fram í Nd. frv. í öllum aðalatriðum samhljóða þessu. Vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv. Mikill áhugi er meðal

fiskimanna og bátaútvegsmanna um land allt fyrir því að fá þessum flutningum á komið. Fer hér á eftir erindi, er Samband Fisksölusamlaga Austfjarða hefir sent Alþingi.

SAMBAND FISKSÖLUSAMLAGA AUSTFJARÐA.

Norðfirði, 9. júlí 1931.

Fisksala til Miðjarðarhafslandanna síðasta ár og það, sem af er þessu ári, hefir sýnt þeim, sem sjávarútveg stunda, að stopult getur verið að treysta eingöngu á þann markað fyrir fiskafurðir, og þarf ekki að lýsa frekar því ástandi, sem leitt hefir af verðfalli því, sem varð á fiski síðasta haust, því það er öllum landslýð svo í fersku minni, að hér skal ekki frekar á það drepið, en af þessu hafa menn séð, að nauðsynlegt er að breyta eitthvað til og reyna að létta eitthvað á saltfisksmarkaðnum og um leið að hafa fjölbreyttari fisktegundir til útflutnings, en slíkt er ómögulegt nema að koma þeim tegundum nýjum á viðeigandi markaði. Því er talsverður undirbúningur hér á Austfjörðum nú undir kolaveiðar með dragnót á þessu hausti, eftir að leyfilegt er að veiða hann í landhelgi, en eins og kunnugt er, er enginn markaður fyrir þann fisk, nema honum sé komið nýjum á markaðinn erlendis.

Hér á Austfjörðum hefir verið mjög tregt um allan veiðiskap það sem af er þessu sumri, svo ástæður fólks yfirleitt eru mjög slæmar, og horfir til vandræða, ef ekkert verður gert til að bæta úr. Því var það ráð tekið að stofna á hverjum stað fisksölusamlag, til þess að annast sölu og útflutning, aðallega á nýjum fiski, en þó um leið hafa hönd í bagga með sölu verkaðs fiskjar til Miðjarðarhafslandanna.

Samlög þessi eru nú orðin 4, sitt á hverjum stað, Seyðisfirði, Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði.

Í samlögunum má segja, að sé nær hver einasti útgerðarmaður á hverjum stað, svo og þeir sjómenn, sem hafa aflahlut, og eru samlögin því fjölmenn og eru rekin á samvinnugrundvelli.

Strax eftir stofnun þessara samlaga kom í ljós, að nauðsynlegt væri að hafa samvinnu milli þeirra, og var því, að tilhlutun nokkurra áhugasamra manna, stofnað til fulltrúafundar fyrir samlögin, og var fundur þessi haldinn hér á Norðfirði 7. og 8. þ. m. Árangurinn af fundi þessum varð, að samband vort var stofnað og að öllu leyti sett á laggirnar, svo og ákveðið að hefjast handa nú þegar til undirbúnings að því að koma nýjum (ísvörðum) fiski á enskan markað.

Meðal annara fundarályktana var borin upp og samþykkt í einu hljóði svo hljóðandi áskorun til Alþingis:

„Stofnfundur Sambands Fisksölusamlags Austfjarða skorar á Alþingi að heimila skipaútgerð ríkisins að taka á leigu allt að 4 skip til útflutnings á ísvörðum fiski frá Austfjörðum á næsta hausti, ekki síðar en fyrir 1. september".

Tillaga þessi innibindur í sér yfir höfuð meiningu fundarins, og er því óþarfi að skýra hana frekar, en hún er fram komin sökum þess, hve miklir

erfiðleikar hafa komið í ljós við að útvega skipakost til ísfiskflutninga, við tilraunir þær, sem þegar hafa verið gerðar til þess af einstökum mönnum hér, og þykir því sýnt, að nauðsynlegt sé að leita til ríkisvalds og Alþingis um hjálp til að bjarga þessum atvinnuvegi í tíma frá því að fara í rústir sökum verðfalls afurðanna.

Stjórn sambandsins leyfir sér hér með að árétta frekar beiðni þá, sem felst í fundarályktun þessari, og æskja þess, að hinu háa Alþingi mætti þóknast að taka vel í þetta mál og leggja fyrir Skipaútgerð ríkisins, að hún sjái fyrir hæfilegum skipakosti til flutnings á ísvörðum fiski frá Austfjörðum til Englands, fyrir hæfilegt gjald, og að þetta verði gert sem fyrst á þessu sumri og fram eftir haustinu, allt til nóvemberloka, þ. e. til þess tíma, sem hætt er að veiða í dragnót innan landhelgi.

Þar sem telja verður, að þetta mál sé eitt af allra mestu nauðsynjamálum Austfirðinga, væntum vér þess, að hið háa Alþingi bregðist vel við málaleituninni.

Til Alþingis.

Nd. 46. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5 gr., og á eftir henni komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð þessari má setja ákvæði um:

a) Skilyrði um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja til öryggis gegn tjóni og hættu og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta.
b) Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c) Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
d) Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
e) Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
f) Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

6., 7., 8. og 9. gr. laganna verði 8., 9., 10. og 11. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi og er nú aftur flutt óbreytt. Fyrir því var gerð eftirfarandi grein, sem engu er við að bæta:

Frv. samnefnt þessu og í aðalatriðum samhljóða tveim fyrstu greinum þess var borið fram í Nd. á síðasta þingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Nauðsyn þessara breytinga er enn hin sama. Einstakir menn og félög, sem veitt hefir verið leyfi til að eiga og starfrækja raforkuver og veitur til almenningsþarfa, hafa oft og einatt aðstöðu til þess að ákveða rafmagnsverðið eftir vild og skattleggja þannig héraðsbúa. Og dæmi sanna, að þessi aðstaða hefir verið notuð óspart stundum. Virðist sjálfsagt að stemma stigu fyrir því, að slíkt geti átt sér stað, með því að leggja gjaldskrána undir samþykki hlutaðeigandi héraðsvalda og staðfestingu ráðherra. Í lögum um rafmagnsveitur frá 1915 var heimild fyrir sveitar-(bæjar-)stjórnir til að taka í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja. Þessi lög voru felld úr gildi með vatnalögunum. Þegar svo lögin um raforkuvirki voru sett, 1926, hefir láðst að setja í þau tilsvarandi ákvæði. Er í frv. lagt til, að úr þessu verði nú bætt.

3. gr. frv. er samhljóða 7. gr. gildandi laga að öðru en því, að 1. og 2.

tölulið er aukið inn í greinina. Er það gert samkv. tilmælum útvarpsstjórnarinnar, er lét eftirfarandi skýringar fylgja tillögum sínum:

„Þann 13. maí 1930 gaf atvinnumálaráðuneytið út reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929. Er í 1. gr. þeirrar reglugerðar svo kveðið á, að „ekki megi setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfinnanlegum truflunum á viðtöku loftskeyta og útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út", að svo miklu leyti, sem stjórn útvarpsins telur fullnægjandi.

Með þessum ákvæðum er innflutningur truflandi raftækja ekki hindraður, heldur aðeins uppsetning og notkun. Meðan svo háttar til, verða ákvæði reglugerðarinnar óframkvæmanleg og deyfingar útvarpstruflana með öllu ósigrandi, þar sem gera má ráð fyrir, að raftæki án hins tilskilda útbúnaðar verði flutt inn framvegis, seld og sett upp án þess að unnt sé að hafa nægilegt eftirlit með slíkri uppsetningu.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að bætt verði úr ágöllum laga um þetta efni, svo að með nýjum reglugerðarákvæðum verði unnt að stemma stigu fyrir innflutningi truflandi raftækja, eftir því sem fært mætti þykja að dómi þeirra raforkufræðinga, er ríkið hefir til ráðuneytis um þessi mál".

Nd. 47. Frumvarp

til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Skólar, sjúkrahús og aðrar menningar- og mannúðarstofnanir, sem reknar eru fyrir almannafé, skulu undanþegnar greiðslu á afnotagjaldi því til útvarps, er greinir í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð, sem engu er við að bæta:

Í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli ákveða afnotagjald fyrir hvert viðtæki. Er þar ekki gert ráð fyrir, að nokkru sinni — hver sem í hlut á — sé veitt undanþága frá þessu gjaldi eða ívilnun á því. Á síðasta þingi var útvarpslögunum breytt nokkuð, en þó í engu, er þetta atriði

snertir. Mælir þó öll sannginni með því, að skólar, sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir séu undanþegnar afnotagjaldinu, enda er það að taka úr öðrum vasanum og leggja í hinn, að skattleggja opinberar stofnanir til útvarpsins. Einstakar greinir frv. þurfa eigi skýringa.

Nd. 48. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Orðin „nema síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Samkv. frv. þessu er ætlazt til, að af síld og síldarmjöli verði tekið sama útflutningsgjald og af öðrum útflutningsvörum, í stað hins afarháa gjalds, sem nú er tekið af þessum vörum.

Nd. 49. Frumvarp

til l. um breyting á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Fyrsti og annar málsliður í upptalningu 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Útflutningsgjald af síld og síldarafurðum er nú svo hátt, kr. 1.50 af tunnu saltsíldar og kr. 1.00 af 100 kg. síldarmjöls, að það eykur stórkostlega á

erfiðleika síldveiðenda. Er þó sízt á þá bætandi. Virðist eðlilegast, að sama gjald sé tekið af þessum vörum og öðrum útflutningsvörum, og hefir frv. þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.

Nd. 50. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Töluliðirnir 8.—10. í 1. gr. laganna orðist svo:

8. Af óbrenndu kaffi og kaffibæti allskonar 40 aurar af hverju kg.
9. Af allskonar brenndu kaffi 50 aurar af hverju kg.
10. Af sykri og sírópi 10 aurar af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er kaffi- og sykurtollurinn áætlaður 850 þús. kr. Samkv. frv. þessu yrði tollurinn, ef miðað er við meðalinnflutning áranna 1924—1927, um 625 þús. kr. Nemur því lækkunin um 225 þús. krónum. Í Ed. hefir verið lagt fram frv. til l. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum, og er gert ráð fyrir, að það frv., ef samþ. verður, geri talsvert betur en að bæta ríkissjóði þann tekjumissi. Lækkun þá, sem hér er farið fram á, ber aðeins að skoða sem lítið spor í þá átt að afnema með öllu þessa tolla, sem lenda langþyngst á efnalitlu og efnalausu fjölskyldufólki til sjávar og sveita, sem allt þarf að að kaupa.

Nd. 51. Frumvarp

til laga um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og bátaútvegsmanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að veita rekstrarlán frá ári til árs samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna, sem stofnuð eru og starfrækt í því

skyni að afla fiskjar og gera hann að seljanlegri vöru, eftir því, sem bezt þykir henta fyrir erlendan sem innlendan markað, svo og til smærri iðjufyrirtækja til hagnýtingar aflans, eða á annan hátt útveginum til þróunar.

Félög þessi skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga.

2. gr.

Rekstrarlán þessi skulu veitt sem reikningslán og eigi til lengri tíma en 1 árs í senn og greiðast að fullu ásamt áföllnum vöxtum innan þess tíma. Skal miða hámark lánanna við atvinnurekstur félgasmanna, lánsþörf og greiðslugetu félagsins.

3. gr.

Samvinnufélögin skulu setja lánsstofnun þeirri, er þau skipta við, fullnægjandi veð fyrir reikningslánum þessum, eins og þau eru hæst á hverjum tíma.

Félagsmenn ábyrgjast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiðslu á reikningslánsskuld félagsins. Óveiddur afli er veðhæfur sem trygging.

4. gr.

Til þess að tryggja samvinnufélögum þeim, er um ræðir í 1. gr., starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast fyrir Fiskveiðasjóð Íslands allt að 3 milljóna króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi reikningslánsstarfsemi vera sérstök deild í sjóðnum og lúta sömu yfirstjórn og hann.

5. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 4. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til samvinnufélaga samkvæmt lögum þessum.
b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.
c. Vextir miðast á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 4. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um samvinnufélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða breytingartillögum, sem minni hl. sjútvn. Nd. (SÁÓ) flutti á síðasta þingi við frv. til l. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg

og smáiðju. Breytingartillögunum fylgdu m. a. svolátandi skýringar frá minni hl. sjútvn.:

„Eins og kunnugt er, er fjöldi sjómanna ráðinn fyrir hlut og afla, og eiga þess kost að verka hann, og á þann hátt að gera hlutinn sér verðmætari. En til þess að geta þetta, þurfa þeir á lánum að halda, svo lengi sem aflinn er ekki seldur. Samkvæmt tillögum þeim, er hér fara á eftir, ætlast ég til, að sjómenn stofni samvinnufélög án tillits til, hvort þeir eru eigendur framleiðslutækjanna, meðeigendur eða eingöngu verkamenn, er eiga sinn þátt í framleiðslunni.

Tillögur mínar miða til þess að hvetja sjómenn til samvinnu og gera þeim kleift að koma henni við um eitt og annað, er atvinnurekstrinum tilheyrir, og allir geta verið þar með, sem vilja".

Nd. 52. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. marz til 31. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (snurrevaad).

Atvinnumálaráðherra skal setja reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi á öðrum tímum árs en í 1. málsgr. segir. Í reglugerð þessa skal og setja ákvæði um lágmarksstærð þess fisks, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi í Nd. og fellt við 1. umræðu. Þykir nú sjálfsagt, er nýjar kosningar hafa farið fram, að leita aftur álits þingsins um þetta nauðsynjamál bátaútvegsmanna. Eftirfarandi greinargerð, óbreytt að kalla, fylgdi frv. á síðasta þingi:

„Fiskimenn víða um land líta svo á, að engin ástæða sé til þess að banna dragnótaveiðar í landhelgi, sízt svo mikinn tíma árs sem nú er gert. Telja þeir það alls ósannaða fullyrðingu, að dragnætur spilli fiskveiðum, og á engu meiri rökum reista en samskonar fullyrðingar fyrr á öldum um, að línur og þorskanet spilltu veiðiskap. Dragnótin er tiltölulega ódýrt veiðarfæri, einkar hentugt fyrir smærri og stærri báta og hefir reynzt fengsæl þar sem hún hefir verið notuð. Línur og beita er nú einn allra þyngsti útgjaldaliður bátaútvegsins, og er því hin mesta nauðsyn að gera tilraunir til þess að draga úr veiðarfærakostnaðinum. Þá er hitt engu síður áríðandi, ef flutningar á ísvörðum fiski til útlanda hefjast, að geta jafnan sent fjölbreyttan fisk, t. d. ýsu, kola o. þ. h., en kolinn, sem víða er gnægð af í fjörðum og við strendur landsins, kemur nú bátaútveginum að litlum sem engum notum. Botnvörpuskipin, erlend sem innlend — og þau erlendu eru margfalt fleiri — hirða mest af því, sem veiðist af honum, og þau mest, sem freklegast brjóta landhelgislögin.

Í frv. þessu er lagt til, að sá tími, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, sé lengdur upp í 6 mánuði á ári. En jafnframt er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðherra setji reglur um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta, og um möskvastærð nótanna, til þess að fyrirbyggja, að ungviðið sé drepið að þarflausu. Hafa Danir, Þjóðverjar og fleiri þjóðir sett slíkar reglur, og þótt gefast vel".

Árni Friðriksson fiskifræðingur lét á síðasta þingi sjávarútvegsnefnd Nd. í té skýrslu um lífnaðarhætti kolans hér við land og álit sitt á dragnótaveiðum, og fylgir það hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

UMSÖGN

um lífnaðarhætti skarkolans, skarkolaveiðar og dragnótanotkun við Ísland.

A. Lífnaðarhættir skarkolans við Ísland.

a. *Heimkynni skarkolans.* Skarkolinn á heima við austurströnd Norður-Atlantshafsins og Norður-Íshafinu. Syðst er hann líklega í Biscayaflóa, en sagt er að hann sé í Adríahafi. Hann er við vesturströnd Frakklands og Bretlandseyja, í Norðursjónum, Skagerak, Kattegat, sundunum dönsku og inn um allt Eystrasalt norður fyrir Stokkhólm, eða jafnvel inni í Helsingjabotni. Þá er hann meðfram öllum ströndum Noregs og í Barentshafi (milli Kola-Skagans og Nowaja Semlja).

Auk þess er hann við Færeyjar, Ísland, í Okotshafi og Beringshafi.

Á hinn bóginn er hann ekki við vestanvert Atlantshaf, hvorki við Ameríku né Grænland.

Aðalheimkynnin ná því frá Biscayaflóa að sunnan að Barentshafi að norðan, frá Eystrasalti að austan til Færeyja og Íslands að vestan.

Barentsflóinn myndar norður- og hafið kringum Ísland vesturtakmörkin.

b. *Skarkolakyn (afbrigði).* Gögn þau, sem menn hafa til þess að rannsaka kyn eða afbrigði fiska yfirleitt, eru fjöldi hryggjarliðanna og uggageislanna. Hvað snertir skarkolann skal þess getið, að mörg þúsund hafa verið rannsökuð í þessu tilliti hingað og þangað í heiminum, og þar á meðal eitt þúsund frá ýmsum ströndum Íslands. Eftir nýjustu rannsóknum Dana er nú gerður greinarmunur á tveim aðalkynjum, og er annað í Norðursjónum en hitt í Eystrasalti.

Við Ísland er einungis eitt skarkolakyn, og líkist það mest Norðursjávarkyninu. En þó er munurinn á skarkola frá ýmsum ströndum Íslands meiri en munurinn á Norðursjávarkolanum og Eystrasaltskolanum.

c. *Fæða.* Þegar skarkolalirfan er nýklakin, hefst hún við í svifinu við yfirborð hafsins og berst langar leiðir með straumunum. Á þessu þroskastigi lifir hún eingöngu á svifþörungum (kisilþörungum, diatomea og sundþörungum, dinoflagellata) og lirfum ýmissa sjávardýra, t. d. krabbadýra, lindýra, orma o. s. frv.

Þegar skarkolinn er orðinn 1—2 sm. á lengd, fer hann að leita botnsins, og heldur sér síðan jafnaðarlega við hann úr því. Úr þessu lifir hann eingöngu á ýmsum botndýrum. Mörg af botndýrunum eru uppáhaldsfæða skarkolans og ágæt honum til viðurværis. Önnur eru léleg kolafæða og sum óæt með öllu. Uppáhaldsfæða hans eru t. d. flestöll lítil skeldýr með þunnri skel, mjög litlir sniglar, flestir ormar, t. d. sandmaðkurinn, flest minni háttar krabbadýr, slöngustjörnur og einstök önnur.

Á hinn bóginn getur skarkolinn varla hagnýtt sér nokkur þeirra dýra, sem „vaxa“ á sjávarbotni, á steinum, þangi o. s. frv.

Næstum öll þau dýr, sem skarkolinn lifir á, lifa á eða í sandi eða leir á mararbotni. Enda heldur skarkolinn sig nærri eingöngu á sand- og leirbotni.

d. *Hrygning.* Skarkolinn hrygnir við allar strendur Íslands, en þó langmest í hlýja sjónum við Suður- og Vesturlandið, og aðeins lítið eitt við Norður- og Austurlandið í kalda sjónum. Í hlýja sjónum (á svæðinu frá Eystra Horni að austan að Straumnesi að vestan) byrjar hrygningin í lok febrúarmánaðar, stendur hæst yfir í marz og apríl, en hættir í byrjaðan júní. Í kalda sjónum byrjar hrygningin líklega síðast í marz, nær hámarki sínu í maí og júní, en hættir í júlí-byrjun. Þessi mismunur á hrygningartíma stendur í sambandi við sjávarhitann, því hérumbil 6. gr. hiti (Celsius) er hentastur skarkolanum til hrygningar, og í kalda sjónum nálgast hitinn seinna þetta stig en í hlýja sjónum.

Í suðlægari löndum hrygnir skarkolinn fyrr en hér við land, eins og sjá má á yfirliti því, sem hér fer á eftir. (I)

e. *Þroskastig og göngur.* Skarkolinn gýtur um 200.000 eggjum (hrognum) eða meira í hvert skipti. (4—7 vetra gamall er skarkolinn kynþroska). Gotið fer fram á mismunandi dýpi, eftir hita og seltu sjávarins, en líklega mest norðan við 50-metra línuna. Eggin eru 1,5—2,1 millimetrar í þvermál og klekjast smám saman, jafnóðum og þau berast með straumunum sólar-

sinnis í kring um landið. Klaktíminn er styttri í heitum sjó en köldum. Hér við land mun hann að minnsta kosti vera þrjár eða fjórar vikur.

Þegar skarkolalirfan er um 1½ sm. á lengd, fer hún að leita botnsins og breyta lögun. Því fyrst, er hún kemur úr egginu, er hún einshliða, eins og fiskar eru almennt, og syndir með kviðinn niður. Annað augað er þá á hægri hlið, en hitt á vinstri. Þannig er lirfan, þegar hún fer að leita botnsins og ganga upp í flæðarmál, já alveg upp í fjörupollana. Við Faxaflóa mun þetta vera í kring um 1. júlí, við Vestfirði síðast í júlí, við Norðurland í ágúst og við Austfirði í september eða seinna. Á þessu skeiði eru seiðin svo lítil og halda sér svo grunnt, að ómögulegt er að ná í þau, nema með sérstökum áhöldum (rækjuháfum).

Skarkolinn lifir svo að segja eingöngu á leir- og sandbotni, svo ekki þýðir að leita hans annarsstaðar. Enda eru þau veiðarfæri, sem sérstaklega eru notuð við skarkolaveiðar (dragnótin) þannig gerð, að þeim er ekki hent að mæta mótspyrnu.

Göngur skarkolans eru í stuttu máli þessar:

1. Eftir því sem ungviðið vex, dregur það sig smám saman fjær og fjær landi, og leitar meira djúpmiða.
2. Á vorin gengur skarkolinn á grunn og inn í firði, en hverfur þaðan aftur um og eftir jafndægur á haustin.
3. Þegar skarkolinn fer að nálgast kynþroska, dregur hann sig nær og nær aðal-gotstöðvunum við Suður- og Vesturlandið, en að gotinu loknu hverfur hann á grunnmið við ýmsa landshluta, til þess að leita sér þar bjargar.

Á árunum 1907—1927 hafa verið merktir 3300 skarkolar við Ísland og ekkert hefir komið í ljós, er bendi á það, að hann gangi héðan til annara landa. Enda er hann grunnsævisfiskur, og hafdjúpið stemmir stigu fyrir ferðum hans, eins og ókleifir fjallgarðar fyrir okkur. Vanalega mun skarkolinn ekki ganga dýpra en á rúmlega 100 metra og hefst því við á mjóu belti allt í kring um landið.

f. *Aldur og vöxtur.* Aldur skarkolans má lesa á kvörnunum. Ef kvarnir eru teknar úr nýdauðum kola, má strax sjá aldurinn (með því að telja hina dökku vetrarbauga) án þess að brjóta kvörnina. Næg fæða og hæfilegur hiti örvar vöxtinn. Hér við land vex skarkolinn t. d. miklu hægar en í Norðursjónum, því hitinn hér er minni, en á hinn bóginn getur hann orðið eldri og líklega stærri. Hér við land er stórmikill munur á vextinum í heita og kalda sjónum.

Til þess að gefa hugmynd um vöxt og stærð skarkolans við Suður- og Vesturlandið, vil ég tilgreina þessar tölur:

Á fyrsta ári (í júlí) er skarkolinn	1—3 sm. á lengd.
Veturgamall er hann	5—10 sm.
Tvævetur — —	9—23 —
Þrevetur — —	14—35 —
4 vetra — —	18—41 —
5 vetra — —	21—40 —
6 vetra — —	25—47 —

7 vetra	er hann	25—50	sm.
8 vetra	— —	29—53	—
9 vetra	— —	41—55	—
10 vetra	— —	(41—45	—)

B. Skarkolaveiðar við Ísland.

a. *Skarkolaveiðar Evrópumanna almennt.* Á yfirliti, sem hér með fylgir (II), er sýndur skarkolaafli tíu þeirra Evrópuþjóða, sem mest hafa fiskað á árunum eftir stríðið, 1919—1928. Þessu tíu ára tímabili hefi ég skipt í tvö fimm ára bil (1919—1923 og 1924—1928), og er meðalafli hverrar þjóðar á ári reiknaður út fyrir hvert bil. Í fyrsta dálkinum er meðalaflinn á árunum 1919—1923, en í öðrum dálki er meðalaflinn á bilinu 1924—1928. Á þessu yfirliti sést, að Englendingar veiða langmest af skarkola, eða um helmingi meira en Danir, sem koma næstir. Það sést einnig, að við Íslendingar höfum staðið öllum þessum þjóðum að baki, að minnsta kosti síðara tímabilið, enda er meðalafli vor á árunum 1924—1928 ekki nema um fjórir fimmtu hlutar, eða 81% af því, sem hann var á tímabilinu 1919—1923.

Á öðru yfirliti (III) sést hlutfallið á milli skarkolaaflans við Ísland og skarkolaaflans við allar Evrópustrendur. Tölurnar sýna, að skarkolaafli allrar Evrópu hefir farið vaxandi, en skarkolaafli við Ísland hér um bil staðið í stað á árunum eftir stríðið.

b. *Skarkolaveiðar við Ísland.* Nú víkjum við okkur að skarkolaveiðum við Ísland, og nægir að benda á IV. yfirlit, sem sýnir allan aflann á árunum 1905—1928 og hlutdeild okkar í honum. Mestur var afli Íslendinga 1920 (912 smálestir), en þó veiddu Bretar (Englendingar og Skotar) rúmlega tíu sinnum meira (9181 smál.) það ár.

Það er staðreynd, að minna er um skarkola hér nú en áður var, það er með öðrum orðum verið að eyða honum. Skarkolinn lýtur hér sömu kjörum og ýsan, enda hafa þessir tveir fiskar það sameiginlegt:

1. að þeir eru botnfiskar, og
2. að þeir lifa því nær eingöngu á linum botni (sandi og leir), þar sem auðvelt er að veiða þá með botnvörpu.

Því til sönnunar, að skarkolinn sé nú minni og færri en áður var, vil ég tilgreina nokkrar tölur. Árið 1926 taldist svo til, að veiddust 545 skarkolar á móti 1000 árið 1926 (miðað við klukkustundarlangan botnvörpudrátt). Eins og kunnugt er, er gerður greinarmunur á þrem skarkolastærðum á enska markaðnum, nefnilega: large, medium og small. Þessi tvö ár, sem hér eru tekin til samanburðar, skiptist aflinn þannig eftir stærð kolans:

Stærð:	1906	1926
large:	59.3%	13.7%
medium:	39.6%	63.7%
small:	1.1%	22.6%
samtals:	100.0%	100.0%

Lítum nú á línurit, sem sýnir hlutdeild Íslendinga í skarkolaveiðunum við Ísland á árunum 1919—1928 (línurit V). Hér sést greinilega, að *það eru Bretar, sem eru að eyða skarkolanum okkar.* Þeir fá árlega um 80—90% af öllum skarkola veiddum við Ísland, eða með öðrum orðum: þegar Íslendingar sjálfir, og allir útlendingar við Ísland, aðrir en Bretar, veiða einn eða tvo skarkola, veiða Bretar einir 8—9. *Við erum því að friða skarkolann* okkar fyrir útlendinga, sérstaklega Breta, því sjálfir veiðum við ekki nema einn tíunda hluta á móti útlendingum, eða varla það að jafnaði. Þetta er þeim mun meira áberandi þegar þess er gætt, að við veiðum langmest allra þjóða af flestum öðrum nytjafiskum vorum hér við land, eins og sjá má á þessum tölum.

Árið 1927 veiddu Íslendingar 164.783 smál. af þorski, en Bretar, sem komu næstir, veiddu þá hér 104.683 smál. Sama ár veiddu Íslendingar 51.371 smál. af síld, en Norðmenn, sem veiddu næstmest hér, fengu 18.528. En af skarkola veiddu Íslendingar einungis 688 smál., en Bretar 6488.

Og það sama er að segja, hvaða ár sem valið er sem dæmi. Árið 1928 veiddu Íslendingar t. d. 177.328 smál. af þorski, en Bretar fengu þá 85.329 smál. hér við land. Síldarafli Íslendinga var þá 53.366 smál., en Íslandsafli Norðmanna var 14.716 smál. En öðru máli var að gegna með skarkolaveiðina á Íslandsmiðum, því Íslendingar fengu 601 smál. (og þar með eru meira að segja taldar aðrar kolategundir), en Bretar tóku 5240 smál.

Fjárhagslega séð kemur þessi misnotkun skarkolans hart niður á okkur, því hann er sá fiskur, meðal þeirra, sem við veiðum, er gefur langmestan arð á markaðinum, með því fyrirkomulagi, sem nú er, eins og sjá má á línuritinu (VI), þar sem tilgreint er meðalverð það, sem við Íslendingar höfum fengið fyrir þorsk, ýsu, síld og skarkola á árunum 1919—1928. Það er bersýnilegt, að skarkolaverðið ber svo langt af verði því, er vér fáum fyrir aðra nytjafiska vora.

Spurningin er nú, hvers vegna Bretum tekst að bera höfuð og herðar yfir okkur í skarkolaveiðunum hér við land. Er það eingöngu af því, að þeir halda hingað fleiri skipum til veiða en við, þannig, að yfirburðir þeirra séu óviðráðanlegt ofurefli fyrir okkur? Ónei, það er nú síður en svo. Því ef svo væri, ætti þess einnig að gæta nokkuð þegar um þorskaflann er að ræða, en svo er ekki. Orsakanna mun vera að leita annarsstaðar. T. d. leggja Bretar meira kapp á að veiða skarkola en við, því þeir voru vanir því úr Norðursjónum áður en þeir fóru að sigla togaraflota hingað til Íslands, en við Íslendingar höfum fyrst byrjað að hagnýta okkur hann fyrir nokkrum árum, en alltaf lagt meiri rækt við þorskinn og síldina, enda þótt útgerðin á þann hátt yrði dýrari, og ef til vill arðminni og áhættumeiri.

C. Um notkun dragnótar.

Það er óþarfi að lýsa dragnótinni hér, og nægilegt að taka það fram, að hún er handhægt og ódýrt veiðarfæri, sem getur gert fátækum fiskimönnum það fært að nota björgina, sem oft er við bæjardyrnar, án mikils mannafla og kostnaðar. Dragnót er einungis hægt að nota á sand- eða leirbotni,

því hún er veikgerð og þolir hvorki grýttan botn né þaragróður. Hún getur því ekkert mein unnið þaragróðrinum, sem reyndar er lítils virði fyrir útgerðina, og það mjög óbeinlínis. Ungviði þorsksins og annara bolfiska getur hún ekki grandað svo neinu nemi, af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi er þorskurinn ekki við land nema á meðan hann er á unga aldri, þegar hann er svo lítill (um og undir 20 sm.), að hann getur hæglega smogið vanalega dragnót (ca. 5 sm. riðil).

Í öðru lagi hefst hann helzt við á þara og grjóti, meðan hann er á grunnsævi, eða einmitt á þeim stöðum, þar sem dragnótaveiðum verður ekki komið við.

Það er með öllu ómögulegt, að dragnótin geti eyðilagt „botninn" eða lífsskilyrði fiskanna, þar sem hún er notuð, því bæði er það, að hún nær litlu af þeim dýrum, sem að gagni mega koma sem fiskifæða, og svo er hitt, að slíkum dýrum (t. d. skeljum) er engin hætta búin, þótt þau komi inn í skipið, því þau lifa alveg eins vel fyrir það, þegar þeim er kastað út aftur.

Því verður þó ekki neitað, að dragnótin getur drepið eitthvað af ungviði skarkolans og annara flatfiska, en það tjón, sem hún gerir á þann hátt, kemur niður á dragnótaveiðunum sjálfum. Vitanlega getur dragnótin einnig gert tjón á veiðarfærum, t. d. lóð eða netum, og væri því ef til vill heppilegt að banna hana, að minnsta kosti tíma úr árinu, þar sem heimamenn einhvers héraðs stunda fiskiveiðar með slíkum veiðarfærum að staðaldri. En ekki finnst mér duga að banna hana nema þar, sem brýna nauðsyn ber til og verja má með rökum.

D. Niðurlagsorð.

Bretar eru að eyða fyrir okkur skarkolanum. Hér við land fiska þeir allt að því tíu sinnum meira en við. Allir aðrir útlendingar, sem stunda skarkolaveiðar við Ísland, fiska jafnaðarlega ekki meira en á borð við okkur eina. Í hvert skipti, sem við Íslendingar fiskum einn skarkola, telst svo til, að Bretar fái níu til tíu eða meira á miðum okkar. Skarkolinn er nú nær því eingöngu tekinn í botnvörpu utan landhelgi. Við friðum hann í landhelginni, þar sem við einir (og svo Danir og Færeyingar) mættu fiska hann. Og hver er uppskeran af þessari friðunarstarfsemi? Hún er sú, að hlutdeild okkar í skarkolaaflanum við Ísland er hverfandi, og því minni, sem verr árar, því það fellur í skaut togaranna, sem eru dýrastir allra skipa og því erfiðast að halda úti, að veiða hann.

Við Íslendingar eigum ótvírætt að keppa að því marki, að veiða eins mikið af skarkola og hægt er í dragnót innan landhelgislínunnar, því hvað mikið, sem berst að af nýjum keppinautum, má óhætt gera ráð fyrir, að útkoman verði ekki eins vesalleg og nú er, utan landhelgi, með öðrum orðum: við veiðum þá meira af þessum dýra og góða fiski en hingað til hefir verið og hlutdeild okkar í aflanum eykst, auk þess, að fátæklingum og einyrkjum opnast nýjar leiðir til framfara og þrifa, sérstaklega þegar aðrar greinar útgerðar vorrar eiga við ramman reip að draga, eins og nú er.

Þegar fram í sækir, ættum við að sleppa eins litlu af skarkola út úr landhelginni og frekast er unnt, en njóta hans þar sjálfir. Að vísu eyðist kolinn fyrr, ef við leggjum áherzlu á að veiða hann með nýjum aðferðum, en þá erum það við sjálfir, sem eyðum honum, eða eigum að minnsta kosti mestan þátt í því. Og þegar svo langt er komið, að við erum orðnir sterkastir á vígvellinum, er kominn tími til að takmarka veiðina með skynsamlegri löggjöf, og auka stofninn með klaki, eins og Norðmenn gera nú.

Reykjavík, 17. marz 1931.

Árni Friðriksson.

Ed. 53. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í ríkissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.
3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tolllögum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Greinargerð.

Frv. þetta er, að fráskilinni breytingu á tímatakmarki í 3. gr., samhljóða samnefndu frv. eins og samþykkt var við 2. umr. í Ed. á síðasta þingi, og er vísað til greinargerðar og nál., er þá kom fram.

Ed. 54. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 2. gr. A. III.
Á eftir 1. komi 3 nýir liðir:
Staðará í Staðarsveit.
Vatnsholtsá í Staðarsveit.
Laxá í Neshreppi utan Ennis.

Alþingi, 18. júlí 1931.

Jónas Jónsson, form.	Magnús Torfason, fundaskr.	H. Steinsson, frsm.

Nd. 55. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.
b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefir verið flutt á tveim síðustu þingum, en ekki komizt í gegnum þau. Vísast hér til greinargerðar og umræðna frá næstsíðasta þingi. Nánar í framsögu.

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi 10000 tunnur.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenzkum afurðum.

2. gr.

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur.

3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti, sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var fram borið af sömu flutningsmönnum á síðasta þingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

„Öllum má vera ljóst, hver nauðsyn er á, að landsmenn framleiði sjálfir sem mest af sínum eigin lífsnauðsynjum. Kartaflan er ein af mestu nytjajurtum heimsins og sú af þeim, er mest er notuð til manneldis, sem bezt er fallin til ræktunar hér á landi, svo að ekki verður talið vansalaust, að hún skuli vera innflutt í svo stórum stíl sem enn er. Það, sem hvað mest hefir staðið hér í vegi fyrir stórfelldri ræktun kartaflna til sölu, eru örðugleikar þeir, sem eru á að geyma miklar birgðir af þeim á þeim stöðum, þar sem sala er mest, t. d. í Reykjavík. En samgönguerfiðleikar innanlands á vetrum eru þess valdandi, að hægra verður að ná nýjum birgðum frá útlöndum en utan úr sveitum, þótt til væru þar. Úr þessu má mikið bæta með byggingu kartöflukjallara í Reykjavík, með því að þá er opnuð leið til þess að menn víðsvegar af landinu geti notað kartöflumarkaðinn í Reykjavík allt árið, og með því tryggt, að fé það, sem nú er greitt út úr landinu fyrir kartöflur, geti runnið í vasa innlendra kartöfluframleiðenda.

Erlendis hefir það löngum verið venja, og er enn, að selja ýmsar landbúnaðarvörur á markaði eða torgi, sem kallað er. Hafa víða verið reistir söluskálar til þess að hægt sé að reka þess háttar verzlun að vetrinum og aðra tíma árs, þegar misjafnt er veður. Hér hefir þetta sölufyrirkomulag verið lítið þekkt til þessa. Síðastliðið sumar var það þó reynt lítilsháttar í Reykjavík, bæði með grænmeti og mjólkurafurðir, og eftir reynslu þeirri, er það gaf, virðist mega gera sér vonir um góðan árangur af því, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. En það er ljóst, að mun meiri þörf er hér en í hinum suðlægari löndum fyrir skýli til að reka þessa verzlun í, og virðist réttast, að það sé byggt yfir kartöflukjallarann. — Nánar í framsögu".

Nd. 57. Frumvarp

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfræka lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Sveinbjörn Högnason, Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjar-

félags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef meiri hluti allra kosningabærra manna samþykkir starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi um semjist milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en 1 vetur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á þremur undanförnum þingum, en í öll skiptin dagað uppi. Nú er frv. flutt í fjórða sinn og í sama formi og á síðasta þingi.

Um ástæður fyrir frumvarpinu er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi, þegar það var fyrst fram borið, á þinginu 1929. (Sjá Alþt. 1929, A. þskj. 98).

Nd. 58. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Jóhann Þ. Jósefsson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Fyrir „1. ágúst“ í 5. gr. laganna komi: 1. september.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipa þrír menn, og skulu þeir valdir eins og hér segir:

Útgerðarmenn þeir, er við verksmiðjuna skipta, tilnefna 4 fulltrúa, og sjómenn af þeim skipum, er leggja síld inn í verksmiðjuna, tilnefna 2 fulltrúa, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Af þessum 6 fulltrúum velur atvinnumálaráðherra síðan 3 menn til stjórnar verksmiðjunni, 2 af fulltrúum útgerðarmanna og annan af fulltrúum þeim, er sjómenn hafa tilnefnt.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Greinargerð.

Þessi greinargerð fylgdi frv. samhljóða þessu, er flutt var á síðasta þingi:

„Lög um stofnun síldarbræðslustöðva, er sett voru á Alþingi 1928, gerðu ráð fyrir, að rekstri stofnananna skyldi hagað eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setti. Reglugerð þessi mun ekki hafa verið út gefin, en fyrir Alþingi 1929 lagði ráðherrann „frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar“.

Frumvarp þetta var samþykkt á þinginu nær óbreytt í öllum höfuðatriðum, en þó ollu ýms ákvæði þess verulegum ágreiningi. Eitt meðal þeirra var ákvæðið um skipun stjórnarinnar. Hafði ráðherra lagt til, að stjórnin væri skipuð 3 mönnum. Skyldi einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn af stjórn síldareinkasölunnar, og einn af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, og var það samþykkt.

Andmælendur þessa skipulags sýndu þá þegar fram á, hve ósanngjarnt það væri, að síldareigendur, sem þó mest ættu undir stjórn og rekstri verksmiðjunnar, fengju þar engu um ráðið. Og jafnframt var því spáð, og að því leiddar sterkar líkur, að ef þeir, sem hagsmunina áttu í veði, væru útilokaðir frá umráðunum, mundi mjög dregið úr tryggingunni fyrir því, að hæfir menn veldust til forstöðu verksmiðjunnar.

Verksmiðjan hefir nú verið reist og rekin eina vertíð, og þótt engir reikningar hafi ennþá verið birtir, er þó hægt að fullyrða, að afkoman er með afbrigðum léleg. Stafar það að nokkru leyti af lágu verðlagi á síldarmjöli og síldarlýsi, en einkum þó af einstaklega seinheppilegri stjórn fyrirtækisins.

Það má nú að vísu vel játa, að reynslutíminn sé ekki langur. En hann er nægilega langur þeim mönnum, sem fyrirfram vissu og sögðu hvernig fara mundi, og nægilega dýr þeim, sem kostnaðinn bera. Flutningsmenn þessa frv. vilja því ekki bíða þess lengur, að þessi miklu hagsmunamál sjávarútvegsmanna verði færð til þess skipulags, sem bæði sanngirni og hagsýni segja fyrir um, og er því borin fram tillaga um, að yfirráð verksmiðjunnar séu flutt yfir á hendur þeirra aðilja, sem mest eiga undir því, að reksturinn fari vel úr hendi, en þess þó gætt, að ríkið hafi nokkurn íhlutunarrétt sem eigandi verksmiðjunnar.

Þá hefir þótt nauðsynlegt, vegna hagsmuna bænda, og meinlítið fyrir afkomu verksmiðjunnar að miða við 1. september í stað 1. ágúst um pantanir á síldarmjöli frá verksmiðjunni.

Enda þótt flm. hefðu talið æskilegt að breyta fleiru í lögunum um rekstur síldarverksmiðju, hefir ekki þótt rétt að bera það fram að þessu sinni, en áherzla lögð á að lagfæra það, sem mestu varðar og helzt þykir von um, að náðst geti samkomulag um".

Sþ. 59. Reglur um útvarp frá Alþingi,

settar af forsetum í samráði við þingflokka.

1. gr.

Útvarpa skal þingsetning og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

2. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á.

3. gr.

Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga í neðri deild og fyrstu umræðu í efri deild mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

4. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

5. gr.

Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

6. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

7. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

9. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur.

10. gr.

Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

Nd. 60. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Einar Arnórsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega að svo sé.

2. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

3. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu, þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveim síðustu þingum eftir beiðni Iðnráðs Reykjavíkur, eins og bréf það, sem er birt hér sem fylgiskjal, sýnir. Er það nú flutt hér óbreytt eins og áður. Flutningsmennirnir hafa þó ekki séð sér fært að taka í frv. allar þær breytingar á lögunum frá 1927, sem Iðnráðið fór fram á. Þótti þeim nokkuð hart aðgöngu að skylda þá menn til þess að kaupa iðnbréf, sem reka iðn sína aðeins með aðstoð maka síns eða barna sinna innan 21 árs, og sáu þeir heldur ekki ástæðu til þess að láta þau ákvæði laganna, sem aðeins ná til kaupstaðanna, taka hér eftir til allra kauptúna. Hinar breytingarnar eru teknar upp í frv., og eru ástæður fyrir þeim tilgreindar í bréfi því frá Iðnráðinu, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR

um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Við 13. gr. Málsgreinin: „Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs að aldri“, falli burt.

Við 13., 14. og 18. gr. Í stað „kaupstöðum“ komi: kaupstöðum og kauptúnum.

Við 17. gr. Málsgreinin: „Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni“, orðist svo: Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms. 2. gr. laga nr. 11, frá 31. mai 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

3. málsgrein falli burt.

Á eftir 19. grein komi ný grein, sem verði 20. gr. og hljóði svo:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. mai 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfssvið þess og kosningu.

Töluröð eftirfarandi greina breytist að sjálfsögðu í samræmi hér við.

Við 27. gr., sem verður 28. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus, og enginn taka lærlinga meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Tillögur þessar um breytingar á nokkrum greinum laga um iðju og iðnað, frá 31. mai 1927, voru samþykktar samhljóða á fundi Iðnráðs Reykjavíkur í jan. 1929 og aftur í nóv. s. á.

Flestar iðngreinar í bænum eiga fulltrúa í ráðinu og stendur því meginþorri allra iðnaðarmanna bæjarins á bak við þessar óskir. Breytingarnar byggjast á þeirri sannfæring vorri, að tilgangur hinna háu löggjafa með lögum þessum sé sá, að tryggja rétt þeirra manna við atvinnurekstur, sem skýlaus viðurkenning er fyrir, að kunni iðn sína til hlítar. Á þann hátt stuðla lögin að bættum vinnubrögðum og eðlilegum framförum í hverri iðngrein.

En tilgangi þessum virðist oss ekki náð nema kröfurnar um kunnáttuvottorð (þ. e. iðnbréf, þar eð það fyrst um sinn oft mun verða veitt án þess að sveinsbréf sé fyrir hendi, sbr. 14. gr., tölulið 1. b) séu undantekningarlausar um alla þá, er sjálfir vinna að handverki því, er iðnbréfið hljóðar upp á. Skal nú gera nokkra grein fyrir hverjum lið í tillögum þessum.

13. gr. Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að 1. töluliður í 13. gr. falli burt, þar eð hann lögfestir mönnum án sérþekkingar heimild til að reka sérhverja iðn, og það jafnvel í stærri stíl, með aðstoð fleiri eða færri barna, t. d. 4 til 5 sona á aldrinum 14 til 21 árs.

Það er augljóst, að í ýmsum iðngreinum, svo sem í mörgum greinum, sem að húsbyggingum lúta, hefir verkkaupandi oft engin skilyrði til að dæma

um gæði vinnunnar, og getur útlitið jafnvel verið viðunandi, þó endingin verði léleg eða engin, af því reynslu og sérþekkingu á efnum, sem úr er unnið, vantaði. Á þetta einkum við um efni þau, er málarar, múrarar, málmsteypumenn o. fl. nota. Getur þetta því orðið til stórtjóns, einkum þar, sem ekkert lögskipað eftirlit er með þessum iðngreinum, en svo mun vera í allflestum kauptúnum.

Reynsla margra undanfarinna áratuga hefir þá og sýnt, að kunnáttulausir menn, verkamenn og sjómenn, hafa hiklaust tekizt á hendur að vinna öll verk, er að húsbyggingum lúta, og jafnvel að reisa heil hús. Hafa stundum hlotizt vandræði af óskammfeilni þessari, svo að ýms stærri bæjarfélög hafa í seinni tíð gert sérstakar kröfur til þeirra manna, sem takast slík verk á hendur. En sé ástæða til að gera þessar ráðstafanir í kaupstöðum landsins, þá virðist ekki rétt, að lögin heimili ýmsum þeirra slíkan atvinnurekstur án iðnbréfs, fyrir þá sök eina, að þeir geti rekið hann með aðstoð uppkominna barna (sem þá þó samkvæmt skilyrðum laganna skortir kúnnáttu til að kenna).

Ástæðulaust teljum vér að gefa mönnum kost á að smeygja sér undan ákvæðum laganna með því að flytja sig til stærri kauptúna, svo sem Akraness eða annara blómlegra byggðarlaga.

Vér lítum því svo á, að nauðsyn beri til, að kröfur um kunnáttuvottorð, þ. e. iðnbréf, séu einnig gerðar til atvinnurekenda í kauptúnum, og þurfa aldrei að hljótast vandræði af, þar eða lögreglustjórum er heimilt, sbr. 18. gr., að veita iðnbréf á ófullkomnum rétti, ef enginn er í einhverju kauptúni, sem uppfyllir skilyrði laganna til að geta öðlazt iðnbréf. Teljum vér því breytingar þær, er vér óskum á 13., 14. og 18. gr. og að þessu lúta, nauðsynlegar.

Breyting sú, sem óskað er á 17. gr., er í samræmi við anda laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám. Byggist tillaga þessi á þeirri skoðun, að aldrei sé of vel til þeirra manna vandað, sem eiga að kenna komandi kynslóð, svo hún geti orðið fær um, í iðnaðarlegu tilliti, að lyfta oss upp á það menningarstig, sem vér að ýmsu öðru leyti höfum náð. Vér þykjumst fullvissir um, að þeir, sem eru svo færir í handverki sínu, að þeir geti kennt nemendum sínum allt það, sem krafizt er til sveinaprófs, eiga samkvæmt lögunum mjög hægan aðgang að meistarabréfum. Það virðist því engin ástæða til að veita öðrum heimild til að taka nemendur. Ella mundi námið oft verða byrjunin ein og eyða þeim árum unglinganna, sem heppilegust eru til að þeir stundi nám, en gefa þeim mönnum, sem þó eru ekki færir um að undirbúa þá að fullu undir prófsmíðina, tækifæri til að ábatast á vinnu unglinganna, án þess að trygging sé fyrir að nokkuð komi í staðinn.

Í 18. gr. er lögreglustjórum veitt heimild til að veita mönnum, sem annars uppfylla e k k i skilyrði laganna, iðnbréf, ef enginn er sá fyrir, sem rekur einhverja sérstaka iðn. En samkvæmt 16. gr. veitir „iðnbréf“ aðila heimild til að reka iðn sína „hvar sem er á landi hér“.

Virðist oss það opna mönnum leið til að fara í kringum lögin, ef þeir í sveitakaupstað geta fengið iðnbréf, sem veitir þeim rétt til þess að reka atvinnu sem fullgildir iðnaðarmenn hér í Reykjavík eða öðrum stærri bæjum landsins. Teljum vér því heppilegra, að iðnbréf þessi, sem menn hafa öðlazt af sérstökum ástæðum, séu staðbundin. Ástæðan fyrir því, að vér teljum heppi-

legra, að 3. liður 18. gr. falli burt, er þegar ljós af greinargerð fyrir breytingu á 17. gr.

19. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum, að þessi grein verði sett inn í lögin, er sú, að í þeim er hvergi ákvæði um, hver eigi að hafa eftirlit með því, að lærlingum sé ekki haldið til vinnu um lög fram; að iðnnemar læri það, sem þeir eiga að læra hjá þeim, er taka þá til kennslu; að þeir séu látnir taka sveinspróf að námstíma loknum, eða að þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess; að ekki séu teknir til náms brotthlaupnir lærlingar, í trássi við aðra meistara; að ekki reki aðrir iðn, eða taki lærlinga, en þeir, sem réttindi hafa til þess, o. s. frv. En um allt þetta er óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði. Það hafa undanfarið verið til lög og reglugerð um iðnaðarnám og sveinapróf, en aldrei framfylgt í neinu, af því enginn löglegur aðili hefir verið til, er skyldur væri að líta eftir því. Afleiðingin er sú, að þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að lyfta iðnaði vorum, hefir hann smám saman verið að níðast niður í kák, óreiðu og öngþveiti á mörgum sviðum, því þeim, sem færir eru og samvizkusamir, hefir orðið of erfitt fyrir.

Má geta þess, að reglugerð sú, sem gefin var út 1893, var að ýmsu leyti góð. Þó er nú hin megnasta óreiða á öllu, sem að þessum málum lýtur, og mun það koma æ betur í ljós, er beita skal þessum nýju lögum réttilega. Teljum vér þá líklegt, að ýms ágreiningsatriði geti komið fram, þannig vaxin, að iðnaðarmenn einir geti um þau dæmt. Á hinn bóginn teljum vér þá leið happadrýgsta, til þess að fyrirbyggja ágreining út af þessum nýju lagaákvæðum, að gera sem tryggastar ráðstafanir til þess að þau verði haldin, og teljum einnig iðnaðarmenn sjálfa færasta þar um.

Hér í Reykjavík hefir þegar verið kosið Iðnráð, og eiga flestar iðngreinar, sem hér eru reknar, fulltrúa í því. Virðist það ætla að fá ærinn starfa við að leiðbeina mönnum og jafna minni væringar; á hinn bóginn kemur það naumast að fullum notum nema því verði veitt staðfesting með lögum.

27. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum breytingar á þessari grein, er sú, að vér lítum svo á, að eftir að búið er að prenta og gefa út eyðublöð undir iðn- og meistarabréf, þá sé að lögum óheimilt að reka iðn án iðnbréfs og að hafa lærlinga án meistarabréfs, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 13. gr. laga um iðju og iðnað.

Vegna samræmis og eftirlits er nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé fullkomlega framfylgt. Á hinn bóginn er vitanlega um land allt sægur af rosknum og reyndum iðnaðarmönnum, sem eiga ótvíræðan rétt á iðn- og meistarabréfum, og sem mundu þykjast hart leiknir, ef þeir þyrftu nú að fara að kaupa þessi bréf, og mundu jafnvel trassa að gera það. Afleiðingin yrði ýms óþægindi og stímabrak, sem óvíst er, að væri tilvinnandi fyrir þær krónur, sem fengjust inn í staðinn. Auk þessa skiljum vér lögin svo, að ekki sé ætlazt til að svipta neinn áður fengnum rétti, og virðast þá áður umgetnir menn eiga kröfur til þessara bréfa endurgjaldslaust, og eins fljótt og auðið er.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Dalvík.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, 2/5 kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi 2/5 kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi 1/5 kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brimnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. grein.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að ½ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að helmingi af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.

c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafn-

arnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið borið fram á tveim undanförnum þingum og í bæði skiptin verið samþykkt í Nd. Þykir nægja að vísa til greinargerða þeirra, er áður hafa fylgt frv.

Nd. 62. Frumvarp

til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Gjalddagi útsvara eftir aðalniðurjöfnun í Reykjavík skal vera hinn fyrsti virkur dagur mánaðanna júní, júlí, ágúst, september og október, og fellur ⅕ hluti hvers útsvars í gjalddaga um hver þessara mánaðamóta.

2. gr.

Dráttarvextir af hverjum þeim hluta útsvara, sem ekki er greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, skulu vera 1 af hundraði á mánuði, talið frá gjalddaga og þar til greitt er.

3. gr.

Þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga, má taka hvern þann hluta útsvara, sem í gjalddaga er fallinn, lögtaki, enda er engrar sérstakrar birtingar fyrir skuldunautum eða opinberrar auglýsingar þörf.

4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Vegna treglegrar greiðslu á útsvörum í Reykjavík er þetta frumvarp komið fram. Er það flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þykir sennilegt, að innheimtan myndi ganga greiðlegar, ef gjalddagar væru fleiri en nú er. Vegna þess að útsvörin eru deilanleg með tölunni 5, þykir hentast að hafa gjalddagana fimm.

Dráttarvextir voru ákveðnir 1% á mánuði með lögum nr. 36/1924. Virtist sú ráðstöfun mjög flýta innheimtu, því að þá töldu þeir sér hentast að greiða fljótt, sem þess áttu kost. En dráttarvextir voru aftur lækkaðir með lögum nr. 46/1926 niður í ½% á mánuði. Eru það sýnu lægri vextir en menn verða að greiða af lánsfé til bankanna, og þykir því mörgum beinlínis hagur að því að draga útsvarsgreiðslur, enda þótt þeir verði að greiða ½% á mánuði, eða 6% á ári.

Auglýsing sú í blöðum, sem nú skal birta áður en lögtak megi fram fara, virðist hér í Reykjavík vera allþýðingarlítil, og er því farið fram á það, að henni megi sleppa.

Nd. 63. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðunum í 8. gr. 2. málsgr., b-lið, „lóðarafnot, ef þau gefa arð“, komi: eða hann á fasteign eða mannvirki, er gefa arð.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa hlotið konungsstaðfestingu.

Greinargerð.

Með nýuppkveðnum dómi hæstaréttar er talið óheimilt að leggja útsvar á fasteign, er utanbæjar- eða utanhreppsmaður á í kaupstað eða hreppi, og tekjur þar af. Hinsvegar er samkvæmt gildandi lögum rétt að leggja útsvar á lóðarafnot slíkra manna o. fl. Hér er ósamræmi. Utanbæjarmaður, sem *leigir* t. d. lóð í Reykjavík, skal hér greiða útsvar, en utanbæjarmaður, sem hér á miklar húseignir, er hann hefir ef til vill mörg þúsund króna ársleigu af, er eigi útsvarsskyldur hér af þeirri eign eða þeim tekjum.

Nd. 64. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Héðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson, Einar Arnórsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1931 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðilar skyldir að hlíta.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki fram að ganga þá. Enn er vaxandi nauðsyn fyrir samþykkt þess og er það borið fram

í þeirri von, að það nái nú fram að ganga, enda fjölgar ávallt fylgjendum málsins í þeim hluta Seltjarnarneshrepps, sem óskað er eftir að sameinaður verði Reykjavík. Að öðru leyti vísast til greinargerðar frv. 1930.

Nd. 65. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra hreppa á landinu.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur 1. málsl. laga nr. 18, 20. okt. 1905, og lög nr. 7, 18. maí 1920.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af bættum samgöngum stafar, að lögregluákvæða er þörf einnig til sveita, sérstaklega þó nærri kaupstöðum.

Nd. 66. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar eða fiskflutning á milli hafna innan lands í 1 mánuð á ári eða lengur.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:
Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.

c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:
„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri".

2. gr.

Við 2. gr.
Fyrir „3 mönnum" komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 8. gr.

a. Aftan við málsgreinina bætist:
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu

b. Á eftir orðinu „róðrarbáta" í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

4. gr.

Við 12. gr.
Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Því aðeins ber að taka til greina og framsenda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

5. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru nefnd í 1. gr. 2., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

6. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskylt fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

7. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær, er með frv. þessu eru bornar fram við slysatryggingarlögin, eru sumpart lagfæringar á atriðum, sem valdið hafa vafa um skilning og örðugleikum á framkvæmd laganna, og sumpart nokkur útfærsla á tryggingarsviðinu. Breytingarnar eru auðskildar við samanburð við lögin sjálf. Mun verða gerð nánari grein fyrir þeim við 1. umr. frumvarpsins.

Ed. 67. Frumvarp

til laga um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Nýjan veg skal leggja frá Hafnarfirði, vestanvert við Setbergshamar og vestanvert við túnið á Vífilsstöðum, á Suðurlandsbraut í austanverðri Sogamýri.

2. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

Greinargerð.

Haustið 1917 var stikaður nýr vegur frá Hafnarfirði á Suðurlandsbraut á sama stað og frumvarpið fer fram á. Var að nokkru byrjað á vegalagningu, en féll niður, er ófriðnum lauk. Vegur þessi er ca. 5 km. styttri fyrir þá, er þurfa að fara af Suðurlandsbraut til Vífilsstaða, Hafnarfjarðar eða lengra suður á Reykjanesskagann, móts við það að fara þá leið, er nú er bílfær. Auk þess liggur vegur sá, er nú er milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, á mjög óhentugum stað, mishæðóttur og snjóþyngsli á honum að vetrarlagi. Myndi því þessi nýi vegur gera alla flutninga í þessa átt ódýrari en nú er, um leið og hann yrði tryggari samgönguleið og þyrfti minna viðhald en sá vegur, er nú er farinn.

Nd. 68. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir »5) sjávarútvegsnefnd« í 16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, kemur: 6) iðnaðarnefnd.

2. gr.

Tölurnar »6)« og »7)« verða 7) og 8).

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Iðnaður er að aukast nokkuð hér á landi, og þyrfti þó betur að verða. Til þess að möguleikar verði fyrir því, þarf að taka viturlega og af þekkingu á málefnum iðnaðarins. Flest slík mál eru svo sérstaks eðlis, að óheppilegt virðist að þurfa að vísa þeim málum til nefnda, sem í raun og veru eru skipaðar með önnur mál í huga.

Nd. 69. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 19. mai 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

12. gr. laga nr. 62, 19. mai 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, orðast svo:

Ekki má verzla með útvarpstæki hér á landi nema þær tegundir, sem ráðherra löggildir eftir tillögum útvarpsráðs. Löggilda má í einu öll tæki frá ákveðinni verksmiðju. Skal fylgja þeirri reglu, að neita ekki um löggilding nema kunnáttumenn telji tækin léleg.

2. gr.

14. gr. orðast svo:

Þegar útvarpstæki er löggilt, skal gera umboðsmanni eða heildsala, sem vöruna hefir, skylt að hafa jafnan tiltæka varahluta og annað, sem þarf til þess að tækjunum sé hægt að halda í nothæfu ásigkomulagi. Bregðist hann þeirri skyldu, varðar það svipting löggildingar.

3. gr.

15. gr. orðast svo:

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um löggilding útvarpstækja.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla verður: Um löggilding á útvarpstækjum.

5. gr.

Síðari málsliður fyrstu málsgreinar 16. greinar, „þó skulu—20000 kr.“, fellur niður.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu kom fram á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar þess (þskj. 178). En benda má á, að mikil óánægja er yfir verzlunaraðferðinni, eins og þál.tillögur um málið sýna.

Nd. 70. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. janúar til 30. júní og frá 1.—31. desember ár hvert, með undantekningum þeim, er 2. gr. nefnir.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Lög þau, er hér ræðir um, voru sett á þinginu 1928, og sættu þá þegar miklum mótmælum kunnugra manna.

Víðsvegar við land hafa fiskimenn orðið af arðsömum veiðum vegna þessara laga og kröfur um breytingar í áttina til rýmkunar hafa komið fram síðan, bæði innan þings og utan, og hafa þær jafnframt mætt mótspyrnu og jafnvel kröfum um að herða á löggjöf þessari frá öðrum þeim, sem gagnstæðrar skoðunar eru. Þetta sýnir m. a. það, að skoðanir eru mjög skiptar í hinum ýmsu landshlutum, og jafnvel innan þeirra, í þessu efni.

Rétt er í þessu sambandi að taka það fram, að í því, sem fiskifræðingar landsins hafa lagt til þessara mála að því er það snertir, hver áhrif notkun dragnótar hafi á kolaveiðar hér við land í framtíðinni, virðist ekki vera nein stoð fyrir banni dragnótaveiðanna, a. m. k. ekki eins víðtæku og það er samkv. gildandi lögum.

Hin erfiða afkoma saltfiskframleiðenda og vaknandi áhugi fyrir útflutningi á ísvörðum fiski knýr hvorttveggja fram óskir um það, að leyfa fiskimönnum þeim, sem getu hafa til og vilja, nokkuð meiri aðgang að veiðum þessum en nú á sér stað.

Með frv. þessu, sem meðfram er fram komið fyrir óskir margra fiskimanna í einni hinni stærstu veiðistöð landsins, Vestmannaeyjum, er farið fram á það, að sá tími, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, sé lengdur upp í 5 mánuði á ári. Friðunartíminn er samt sem áður mjög langur.

Ákvæði 8. gr., um sérstök takmörkunarákvæði einstakra héraða, er lagt til, að felld séu úr gildi.

Meðan jafnmikill vafi leikur á gagnsemi laganna og nú á sér stað, virðast slíkar heimildir um sérstakar takmarkanir veiðitímans fram yfir það, sem lögin almennt ákveða, ekki vera nauðsynlegar.

En ef svo er, ættu þeir, sem álíta, að hinar almennu takmarkanir laganna gangi heldur of langt en of skammt, að hafa aðgang að heimild til lengingar veiðitímans fyrir einstök lögsagnarumdæmi eftir sömu reglum.

Þrátt fyrir þá annmarka, sem á því kunna að vera að veita nokkurn frekari rétt til notkunar dragnótar innan landhelgi en nú er, verður og á hitt að líta, að eins og ástatt er með afkomu fiskiveiðanna sem stendur, virðist nauðsyn bera til þess, að Alþingi taki til yfirvegunar, hvort ekki sé rétt, að minnsta kosti um stundarsakir, að leyfa þær veiðar, sem hér um ræðir, nokkru lengri tíma en nú á sér stað.

Ed. 71. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að fela stjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

Í nefndinni skulu sitja 1 maður tilnefndur af stjórn Alþýðusambands Íslands, 2 af miðstjórn Framsóknarflokksins og 2 af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Það sé höfuðhlutverk nefndarinnar að gera rökstuddar tillögur um, hvernig bezt verði tryggt, að þingmannatala hinna ýmsu flokka á Alþingi sé jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra, og jafnframt um þá skipun Alþingis, að girt sé fyrir, að minni hlutinn geti borið meiri hlutann ofurliði um úrslit mála eða á annan hátt óeðlilega hindrað þingstarfsemi hans.

Nefndin hafi lokið störfum og skilað þeim af sér fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 72. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Pétur Magnússon.

Á undan setningunni »Á eftir 3. tölulið komi 2 nýir töluliðir« komi: Á eftir tölulið 2 í lögunum koma nýir liðir:

a. Vegur frá Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi.

b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit að Húsafelli.

Nd. 73. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna í Reykjavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Tryggvi Þórhallsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast lán, er Bygg-

ingarsjóður Reykjavíkur tekur hjá Statsanstalten for Livsforsikring í Kaupmannahöfn, að upphæð 200000 íslenzkar krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir lögunum um verkamannabústaði ábyrgist ríkissjóður að hálfu lán til byggingarsjóða og hlutaðeigandi bæjarsjóðir að hálfu. Lán það, sem Byggingarsjóður Reykjavíkur getur fengið hjá Statsanstalten for Livsforsikring, 200 þús. íslenzkar krónur, er því aðeins fáanlegt, að ríkisábyrgð fáist fyrir því öllu. En til þess að koma upp verkamannabústöðum þeim í Reykjavík, sem nú er byrjað á, er lán þetta nauðsynlegt. — Nánar í framsögu.

Sþ. **74. Tillaga**

til þingsályktunar um gæzlu hagsmuna Íslands út af Grænlandsmálum.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða á Grænlandi.

Greinargerð.

Deila er risin milli Norðmanna og Dana um rétt til yfirráða yfir norðausturhluta Grænlands, og er búizt við, að deilunni verði skotið til alþjóðadóms í Haag. Ísland hefir bæði réttinda og hagsmuna að gæta á Grænlandi, og þykir nauðsyn að vanrækja ekki gæzlu þeirra, þegar þetta mál kemur fyrir dóm. Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu.

Nd. **75. Tillaga**

til þingsályktunar um jarðeignaskýrslur.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að safna í eina heild þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í jarðamati frá 1930 um ástand jarðeigna í landinu, svo að

glöggt yfirlit fáist um ræktunarástand, hýsingu, ábúð og annan fróðleik, er mestu máli skiptir fyrir löggjafarvald og lánsstofnanir.

Skýrslur um þetta séu gefnar út og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í jarðlýsingum þeim, er jarðamatinu fylgja, er saman kominn hinn bezti fróðleikur um ástand jarðeigna í landinu. Í jarðamati frá 1920 var lítið af þeim fróðleik, sem þar var að finna, gerður aðgengilegur fyrir almenning. Nú er það augljóst, að einmitt þessar upplýsingar eru mjög nauðsynlegar við nýja lagasetningu um fjölmargt, er landbúnaðinn varðar, og einnig við lánveitingar Búnaðarbankans.

Það er því nauðsynlegt, að ríkisstjórnin láti framkvæma þetta hið fyrsta. Mætti fela hagstofunni að gera það með aðstoð Búnaðarfélags Íslands.

Nd. 76. Frumvarp

til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: Annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

Greinargerð.

Frv., samhljóða þessu, hefi ég borið fram á tveim síðustu þingum, en það hefir eigi náð fram að ganga. Vísast hér til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. á þinginu 1929, og þeirra umræðna, er urðu um það þá. Á búnaðarþinginu síðastliðinn vetur var mál þetta tekið til rækilegrar meðferðar og samþykktar þar með öllum atkv. ýmsar breytingar á lögum félagsins. Ein af þeim breytingum (um stjórnarkosningu félagsins) getur vitanlega ekki gengið í gildi fyrr en fengizt hefir sú breyting á jarðræktarlögunum, sem hér er farið fram á. Eru það tilmæli búnaðarþingsins, að hið háa Alþingi verði við þessari ósk þess, og var mér falið að bera málið fram á Alþingi. Nánar í framsögu.

Nd. 77. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson, Steingr. Steinþórsson.

1. gr.

5. málsgr. 14. greinar orðist svo:

Stjórnarráðið skal semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Við þá samninga skal leggja til grundvallar kostnað í heilsuhælum og sjúkrahúsum ríkisins, þeirra, er berklasjúklinga hýsa, en taka tillit til alls aðstöðumunar, svo sem áhvílandi skulda og verðmunar á nauðsynjum. Náist ekki samkomulag, getur stjórnarráðið á þessum grundvelli ákveðið hámark þess daggjalds, er það greiðir með sjúklingunum, og annars kostnaðar, enda tilkynni stjórnarráðið það með minnst 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta hefir tvívegis áður legið fyrir þinginu, en í þingsályktunartillöguformi. Á þinginu 1929 greiddu 12 þm. í Nd. till. atkv. og enginn á móti, en forseti úrskurðaði hana fellda vegna ónógrar atkvæðagreiðslu. Á þinginu í vetur var hún ekki komin úr nefnd, er það var rofið.

Nú þykir réttara að bera málið fram sem frv. til breyt. á berklavarnalögunum.

Breytingin miðar aðeins til þess að lögfesta með skýrra orðalagi þá tvímælalausu tilætlun þessarar málsgr. 14. gr. berklavarnalaganna og sjálfsagða hlut, að sjúkrahús einstakra manna og sveitarfélaga séu viðurkenndir samningsaðilar, þegar ákveðin eru daggjöld með berklasjúklingum þeim, er þau hýsa fyrir ríkissjóð, jafnframt og nokkrar grundvallarreglur eru settar um þá samninga og það hámarksgjald, er stjórnarráðið kann að ákveða, ef samkomulag ekki næst. En undanfarið hefir ríkisstjórninni ekki þóknazt að skilja málsgreinina á þá leið.

Sjúkrahúsunum er ekki ætlað að græða annað á breytingunni en að komast hjá rekistefnum út úr innheimtum. Óumsamið eiga þau kröfurétt á sjúklingana fyrir því, sem skorta kann á, að ríkissjóður greiði samkv. töxtum þeirra, enda tryggja þau sér þann rétt með ábyrgðum. Má gera ráð fyrir, að sjúkrahúsin setji yfirleitt hærri taxta en stjórnarráðið gæti samið um fyrirfram. Miðar því frv. til ágóða fyrir sjúklingana eða ábyrgjendur þeirra, sem eru aðallega sveitarsjóðirnir víðsvegar um land.

Nd. 78. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um skeytaviðskipti konungs og hans út af þingrofinu.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

Hvert var efni símskeyta þeirra, er fóru milli forsætisráðherra og konungs út af þingrofinu síðasta?

Fóru nokkur önnur skilaboð milli þeirra út af þingrofinu fyrir milligöngu annara manna, og ef svo er, hver voru þau og hverjir voru milligöngumennirnir?

Nd. 79. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Aftan við 2. gr. bætist ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Til slysa teljast hverskonar fingurmein og graftrarigerðir í höndum, er menn fá við sjómennsku, fiskverkun, sláturhúsavinnu eða aðra þá tryggingarskylda atvinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg höndum manna á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst meðan þeir stunda slíka vinnu eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Ed. 80. Tillaga

til þingsályktunar um leyfi til að reka útvarpsstöð.

Flutningsm.: Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að endurnýjað verði leyfi það, er Arthur Gook trúboða var veitt til að reka útvarpsstöð á Akureyri, með bréfi dags. 6. maí 1925, enda fullnægi stöðin þeim skilyrðum, sem sett verða um rekstur hennar.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var borin fram á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Með bréfi dags. 6. maí 1925, undirrituðu af þáverandi landssímastjóra, var Arthur Gook trúboða veitt leyfi til að setja upp og nota gamansútvarpsstöð á Akureyri. Leyfi þetta, sem var ýmsum skilyrðum bundið, var veitt til óákveðins tíma og landssímastjóra heimilað að afturkalla það, hvenær sem honum þætti ástæða til.

Skömmu eftir að leyfi þetta var veitt mun hafa verið byrjað að reisa stöðina — en það var gert fyrir erlent samskotafé. Eftir margskonar hindranir og erfiðleika var stöðin loks fullgerð og tilbúin til starfrækslu um áramót 1929—1930, og hafði þá verið varið til hennar um 90000 kr. En með bréfi dags. 2. des. 1929 afturkallaði landssímastjóri útvörpunarleyfið, án þess að séð verði, að knýjandi ástæður hafi verið til þess, og hefir leyfið eigi fengizt endurnýjað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Að öðru leyti vísast til bréfs hr. Arthur Gooks dags. 27. febr. 1931, sem mun hafa verið sent öllum alþingismönnum".

Nd. 81. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. apríl.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þesshátttar er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal

hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr." í 7. gr. laganna komi: 4 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ef ásetning fjáreiganda, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, er þannig, að miklar líkur séu til, að honum endist eigi fóður, ef gengið er út frá vetri í gjaffrekara lagi, skal hreppsnefnd gera ráðstafanir til þess, að úr því sé bætt, annaðhvort með öflun fóðurs, fækkun fénaðar eða með því að koma fénaði hans í fóður annarsstaðar.

Sé fénaði komið í fóður annarsstaðar, hefir sá, er fóður tók, haldsrétt í fénaðinum, unz fóðrun er greidd.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsgr. 11. greinar laganna falli burt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta dagaði uppi í Ed. á síðasta þingi vegna þingrofsins. — Nefndin flytur það nú aftur nær óbreytt. — Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og kunnugt er, þá hefir fóðurskortur búfénaðar og afleiðingar hans gert landbúnaðinum meiri búsifjar en allt annað, sem orðið hefir í vegi hans frá því fyrsta, að byggð hófst í landinu.

Því er miður, að ennþá er þessi sama hætta yfirvofandi, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til þess að vinna bug á þessu mikla böli landbúnaðarins.

Lögin um forðagæzlu frá 1913, sem enn eru í gildi, virðast ekki hafa komið að tilætluðum notum, frekar en margt annað, sem áður hafði verið gert í þessu skyni.

Helztu breytingar, sem frv. gerir á lögunum, eru:

Fyrri skoðun fari fram svo tímanlega, sem frv. ber með sér, í þeim tilgangi, að hægara verði að ráða bót á vandræðum, sem fyrirsjáanleg eru, auðveldara að selja fénað o. s. frv.

Önnur aðalbreytingin er um skyldur þeirra, sem útlit er á, að komist í fóðurþröng.

Þriðja breytingin er um auknar skyldur forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og um leið er aukið vald þessara aðilja.

Nánar í framsögu".

Nd. 82. Frumvarp

til laga um prestakallasjóð.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjustjórnin varðveitir.

Sjóðurinn heitir Prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Fé því, sem Prestakallasjóði áskotnast, skal ráðstafað eftir tillögum prestastefnu og biskups. Verði þessir aðilar sammála um fjárráðstöfun úr sjóðnum, skal sú ákvörðun vera bindandi, en að öðrum kosti sker kirkjumálaráðherra úr.

3. gr.

Fé Prestakallasjóðs skal verja til þess að bæta kirkjulegri starfsemi í landinu upp tjón það, sem hún verður fyrir af þeim sökum, að kirkjan hefir ekki fullskipað starfsmannalið sitt, svo sem með því að senda úrvals kennimenn um landið, efla félagslíf presta og safnaðastarf, gefa út kristileg rit o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Með embættaskipun kirkjunnar, sem ákveðin er af Alþingi, er ætlazt til þess, að séð sé fyrir þörfum þjóðfélagsins á starfskröftum til þessarar þjónustu, og á hinn bóginn ríkissjóði gert að skyldu að greiða þá ákveðnu fjárhæð, sem til þess þarf, að þetta starfsmannalið sé fullskipað.

Bresti á, að lið þetta sé fullskipað, er því augljóst, að lakar er séð fyrir þörfunum en ætlazt var til, og á hinn bóginn minna greitt en gera má ráð fyrir. Virðist þá sjálfsagt að ráðstafa þessu með einhverjum öðrum hætti, til þess að tilgangurinn náist, og er frumvarpi þessu ætlað að benda á leið til þess.

Ef talað er um, að þetta hafi kostnað í för með sér, þá er það byggt á misskilningi. Kostnaður verður ekki að því, nema að minnsta kosti jafnmikil fjárhæð sparist á öðrum lið sömu starfsemi. Verður þetta fremur til sparnaðar, því að hér er aldrei miðað við annað en lágmarkslaun, í stað þess, að séu öll embætti skipuð, sem enginn myndi amast við, eru embættismennirnir á nokkru hærri launum að meðaltali sakir aldursuppbótar.

Á hinn bóginn má jafnvel vænta, að starfsemi þessi gæti leitt til mikils góðs, svo að kirkjunni yrði jafnvel engu minni styrkur að því en hinu, að hafa öll embættin fullskipuð.

Nd. 83. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Einar Arnórsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svo látandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Aftan af 28. gr. falli:

Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

Greinargerð.

Frumv. samhljóða þessu hefir verið flutt á tveim síðustu þingum, en dagað uppi. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Samkvæmt 9. gr. laga nr. 55 1921 má engin mannvirki gera, sem koma í bága við framlagt uppkast að skipulagsuppdrætti kauptúns eða sjávarþorps, og enginn frestur er settur til staðfestingar uppdráttar. Getur það því dregizt ótakmarkað að staðfesta uppdrátt. Nú eru ýmsir, sem telja uppdrátt koma í bág við rétt sinn eða taka á eign þeirra samkvæmt honum. Meðan óvíst er, hvort uppdrátturinn verður samþykktur eða ekki, getur aðili hvorki fengið bætur fyrir eign sína né heldur verður honum unnt að ráðstafa henni, t. d. selja hana eða veðsetja, nema með þeirri kvöð, er uppdráttur kann að binda hana. Þess vegna er nauðsynlegt að setja einhvern frest um staðfestingu uppdrátta, samkvæmt áðurnefndri 13. gr. laga nr. 55 1921.

Eftir 28. gr. sömu laga verða bætur ekki greiddar fyrr en skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar. Þetta er sennilega brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, er segir menn eiga að fá fullt verð fyrir lögnumda eign. En fullt verð mundi ekki alltaf verða goldið, ef fara skal eftir 28. gr. laga nr. 55 1921. Ef t. d. væri ákveðið að taka lóð undir mannvirki, þá verður lóðin t. d. ekki seld undir hús. Yrði lóðareigandi því ef til vill að liggja með lóðina árum saman og bíður við það stórtjón, bæði vaxtatap og ef til vill verðlækkun. Með brottfellingu síðari setningar 28. gr. laga nr. 55 1921 er hugsað að koma skaðabótareglum téðra laga bæði nær anda stjórnarskrárinnar og nær sanngirni".

Nd. 84. Frumvarp

til myntlaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Gull er sá verðmælir, sem íslenzkur gjaldeyrir miðast við. Eining gjaldeyrisins nefnist króna. Krónan skiptist í eitt hundrað aura.

2. gr.

Eitt kílógramm af skíru, ómyntuðu gulli skal jafngilda 3037 krónum.

3. gr.

Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f er skylt að innleysa seðla þá, er bankarnir hvor um sig hafa gefið út, með gulli, ef þess er krafizt, þegar fjármálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans.

4. gr.

Landsbankanum er skylt að kaupa gull með því verði, sem ákveðið er í 2. gr., að frádregnum ½%, frá þeim tíma, er gullinnlausn gengur í gildi samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Innflutningur og útflutningur gulls er öllum frjáls.

6. gr.

Um gullmynt, er ríkisstjórnin lætur slá, skal ákveða í reglugerð, er fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans. Þar skal ákveðið um stærð gullmyntar, blöndunarhlutföll og um slitna mynt og skaddaða. Gullmynt sú, sem ríkisstjórnin lætur slá, skal vera löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin peningalög frá 23. maí 1873 og lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun og breyting á þeim og þau önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumv., sem flutt voru á þingunum 1929 og 1930 og vetrarþingi 1931, og vísast um ástæður til greinargerða og fylgiskjala í sambandi við þau (Alþt. 1929, A. þskj. 96, Alþt. 1930, A. þskj. 47 og Alþt. 1931, A. þskj. 102).

Nd. 85. Nefndarálit

um frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og ræður hv. deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 22. júlí 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason. Lárus Helgason. Jón Ólafsson.

Nd. 86. Frumvarp

til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu flutti stjórnin á síðasta þingi, og hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að flytja það einnig nú. Frv. fylgdi á síðasta þingi ýtarleg greinargerð og er vísað til hennar.

Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu um brtt., sem fram kynnu að koma.

Öll nefndin telur, að verði frv. þetta samþ., þá beri, er launalög embættismanna verða endurskoðuð í heild, annaðhvort að fella lög þessi úr gildi eða taka tillit til þeirra, er launakjör presta verða ákveðin.

Nd. 87. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Síminn II. a. (Til einkasíma í sveitum).
   Fyrir »30000« kemur 50000
2. Við 3. gr. A. Eignahreyfing. Út II. Nýr liður:
   III. Til nýrra símalína 70000
3. Við 10. gr. III. 5. (Gengismunur).
   Liðurinn fellur burt.
4. Við 13. gr. A. II. (Viðhald og umbætur).
   A. Liðurinn orðist svo:
   II. Þjóðvegir.
   a. Til nýrra akvega:
   1. Kjósarvegur 10000
   2. Stykkishólmsvegur ... 10000

3. Vesturlandsvegur ...	30000		
4. Holtavörðuheiðarvegur	30000		
5. Húnavatnssýsluvegur .	10000		
6. Blönduhlíðarvegur ...	15000		
7. Öxnadalsvegur	10000		
8. Vaðlaheiðarvegur ...	15000		
9. Þistilfjarðarvegur ..	10000		
10. Biskupstungnabraut ...	10000		
		150000	
b. Viðhald og umbætur		400000	
			550000
B. Nýr liður:			
Til brúagerða...			50000
5. Við 13. gr. C. VI. (Ýmislegt). Nýr liður:			
Til hafnargerðar á Akraresi			50000
6. Við 14. gr. B. I. c. (Til kennslu í söng).			
Fyrir »500« kemur:			1000
7. Við 14. gr. B. XVIII. 1. b. (Til Málfríðar Jónsdóttur).			
Fyrir »Jónsdóttur« kemur: Jónasdóttur.			
8. Við 18. gr. II. d. 35 (Til Margrétar Jónsdóttur).			
Fyrir »Jónsdóttur« kemur: Jónasdóttur.			
9. Við 18. II. d. 36 (Til Sigríðar Jansdóttur).			
Fyrir »Jansdóttur« kemur: Jónasdóttur.			

Ed. **88. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni ef heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hafi að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa skipað umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:
Sendiherra sinn í Stokkhólmi Erik Julius Christian Scavenius;
Forseti lýðveldisins Finnlands:
Sendiherra lýðveldisins í Stokkhólmi Rafael Waldemar Erich;
Hans hátign konungur Noregs:
Sendiherra sinn í Stokkhólmi Johan Herman Wollebæk;
Hans hátign konungur Svíþjóðar:
Utanríkisráðherra sinn, hans hágöfgi Fredrik Ramel fríherra.

Hafa þeir orðið ásáttir um eftirfarandi greinar, enda haft löglegt umboð til þess.

I. Hjúskapur.

1. gr.

Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ganga í hjúskap fyrir vígslumanni einhvers hinna ríkjanna, skal dæma um rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda hafi hann átt heimilisfesti í því ríki í síðastliðin tvö ár og eigi enn, en að öðrum kosti eftir lögum þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

Eigi að beita lögum þess ríkis, sem hlutaðeigandi á ríkisfesti í, má sanna rétt hans til að ganga í hjúskap með vottorði frá yfirvöldum í því ríki.

2. gr.

Um lýsingu og vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.

3. gr.

Um réttaráhrif hjúskapar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna, eða áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, skal, að því er snertir fjármál hjónanna, dæma eftir lögum þess af ríkjunum, er hjónin tóku sér heimilisfesti í, er þau gengu í hjúskapinn. Hafi hvorttveggja hjónanna síðar tekið sér heimilisfesti í einhverju hinna ríkjanna, skal beita lögum þess ríkis í stað hinna, enda sé eigi um að ræða áhrif löggernings, er fyrr var gerður.

Um heimild annarshvors hjóna til að ráða yfir fasteign eða yfir rétt-

indum, sem sett eru á borð með þeim, skal, ef eignin er í einhverju af ríkjunum, jafnan dæma eftir lögum þess ríkis.

4. gr.

Kaupmálar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, og áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, og sem þá tóku sér heimilisfesti í einhverju af ríkjunum, skulu metnir gildir, að því er form þeirra snertir, í sérhverju samningsríkjanna, ekki aðeins þegar laga þeirra hefir verið gætt, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna, heldur einnig er kaupmálinn fullnægir fyrirmælum um form í því ríki, er báðir aðilar eða annar þeirra á ríkisfesti í.

Sérhvert ríkjanna getur gert það að skilyrði fyrir gildi kaupmála gagnvart þriðja manni, að honum hafi verið þinglýst eða hann tilkynntur til dómstóls samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

5. gr.

Beiðni um slit á fjárfélagi hjóna, sem svo er ástatt um sem segir í 4. gr., skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja hjónanna á heimilisfesti í. Ef þau eiga heimilisfesti hvort í sínu ríki, skal beiðnina úrskurða í því ríki, er það hjóna á heimilisfesti í, sem kröfunni er beint gegn, eða eigi það heimilisfesti í Finnlandi, þá í ríki þeirra laga, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna.

6. gr.

Beri samkvæmt lögum einhvers þess ríkis, er hér ræðir um, að dæma um réttaráhrif hjúskapar eftir hinni eldri hjúskaparlöggjöf, þá eiga 3.—5. gr. ekki við um þau hjónabönd.

7. gr.

Um skilnað hjóna, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, að borði og sæng eða um lögskilnað þeirra, skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja þeirra á heimilisfesti í, eða þar, sem þau síðast bæði áttu heimilisfesti samtímis, enda sé annað þeirra enn heimilisfast þar.

Verði málið eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, í neinu af ríkjunum, eða verði eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng milli hjóna, sem ekki eiga ríkisfesti í Finnlandi, má úrskurða málið í ríki, sem annaðhvort hjónanna á ríkisfesti í.

Lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng má jafnan veita í ríki því, sem hvorttveggja hjónanna á ríkisfesti í.

8. gr.

Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama yfirvald eða annað gert ákvarðanir um sambúðarslit um stundarsakir, um búskipti, skaðabótagreiðslu, framfærsluskyldu og foreldravald.

Ágreining, er síðar rís um framfærsluskyldu og foreldravald, skal úr-

skurða í ríki því, sem það hjónanna, er kröfunni er beint gegn, á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun, sem gerð hefir verið í einhverju af hinum ríkjunum. Séu lög þess ríkis, þar sem úrskurður gekk um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, því til fyrirstöðu, að síðar sé ákveðið eða hækkað meðlag til maka, sem skilinn er að borði og sæng eða lögskilinn, verður eigi heldur tekin ákvörðun um það í hinum ríkjunum.

9. gr.

Við úrskurði þá, sem ræðir um í 7. og 8. gr., skal í hverju ríkjanna beita þeim lögum, sem þar gilda. Þó skal úrskurður um búskipti og um skaðabætur jafnan fara eftir lögum þeim, er ráða fjármálum hjónanna samkvæmt 3. gr. Skilnað að borði og sæng má eigi veita finnskum ríkisborgara nema hann eigi og hafi í síðastliðin tvö ár átt heimilisfesti í ríki því, þar sem skilnaðar er leitað.

Skilnaður að borði og sæng, sem veittur hefir verið í einhverju ríkjanna, veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum eins og hann hefði verið veittur þar.

10. gr.

Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga, eða áttu, er þau gengu í hjúskapinn, ríkisfesti í samningsríkjunum, skal beita ákvæðum 7.—9. gr. eftir því, sem við á. Skilyrði ógildingarinnar skal þó meta eftir þeim lögum, sem ráða rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn, eða sé mál höfðað gegn hvorutveggja hjónanna, þá eftir öðrumhvorum þeim lögum, sem réðu rétti þeirra til að ganga í hjúskapinn.

II. Ættleiðing.

11. gr.

Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í.

12. gr.

Við úrskurð slíkrar umsóknar skal í hverju ríkjanna beitt þeim lögum, sem þar gilda. Sé ættleiðingur yngri en 18 ára og eigi hann heimilisfesti í því ríki, sem hann á ríkisfesti í, má eigi veita leyfi til ættleiðingar hans í öðru ríki, fyrr en hlutaðeigandi yfirvöldum, sem eftirlit hafa með börnum í ríki því, sem hann á ríkisfesti í, hefir verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um málið.

13. gr.

Um slit ættleiðingar milli ríkisborgara samningsríkjanna, er stofnað hefir verið til í einhverju þeirra, skal útkljáð í því ríki, sem ættleiðandi á heimilis-

festi í, eða eigi hann ekki heimilisfesti í neinu samningsríkjanna, þá í því ríki, sem ættleiðingur á heimilisfesti í.

Við úrslit þessa máls skal í hverju ríkinu beitt þeim lögum, sem þar gilda.

III. Lögráð.

14. gr.

Lögráð ólögráða ríkisborgara samningsríkjanna, er heimilisfesti eiga í einhverju hinna ríkjanna, heyra undir yfirvöldin í hinu síðarnefnda ríkinu, nema fæddur lögráðamaður eða skipaður fari þegar með lögráðin í einhverju hinna ríkjanna.

Sama gildir um sviptingu lögræðis og lögráð lögræðissviptra manna.

15. gr.

Skipa má lögráðamann til bráðabirgða og gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir í hverju ríkjanna um sig.

16. gr.

Úrskurða skal málefni þau, sem ræðir um í 14. og 15. gr., í hverju ríki eftir þeim lögum, sem þar gilda.

17. gr.

Um áhrif ólögræðis í fjármálum og um heimildir lögráðamanns fer eftir lögum þess ríkis, þar sem með lögráðin er farið.

Ákvæði þetta gildir ekki um hæfi manna til að gangast undir víxil- eða **checkskuldbindingar.**

18. gr.

Með samkomulagi hlutaðeigandi ráðuneyta má flytja lögráð til einhvers hinna ríkjanna, ef hinn ólögráði maður hefir öðlazt þar heimilisfesti eða það telst heppilegt af öðrum ástæðum.

19. gr.

Um afnám lögræðissviptingar, sem ákveðin hefir verið í einhverju samningsríkjanna, skal úrskurða í því ríki, þar sem með lögráðin er farið, ef hinn lögræðissvipti er ríkisborgari einhvers af samningsríkjunum.

Við úrskurðinn skal í hverju ríki beita lögum þeim, er þar gilda.

20. gr.

Verði ríkisborgari einhvers samningsríkisins sviptur lögræði í einhverju hinna ríkjanna, eða verði lögræðissvipting hans afnumin, þá skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda ráðuneyti þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

21. gr.

Ákvæðum 17., 19. og 20. gr. skal beitt eftir því sem við á, er ríkisborgari einhvers samningsríkisins, er heimilisfesti á í Danmörku og eigi hefir áður verið

sviptur lögræði í einhverju ríkjanna, er settur undir tilsjón (Lavværgemaal) í Danmörku.

Tilsjón þessi er því eigi til fyrirstöðu, að lögræðissvipting fari fram í einhverju hinna ríkjanna, er hlutaðeigandi tekur sér heimilisfesti í.

IV. Almenn ákvæði.

22. gr.

Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 10., 11., 13., 14., 15., 19. eða 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna.

23. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal skipzt á fullgildingarskjölunum í Stokkhólmi eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan á eftir afhendingu fullgildingarskjalanna.

Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp við hvert hinna með 6 mánaða fresti, þannig að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna snertir í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland en öðrum fyrir Svíþjóð, í Stokkhólmi hinn 6. febrúar 1931.

Lokaákvæði.

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa umboðsmenn samningsríkjanna gefið eftirfarandi yfirlýsingu:

Milli samningsríkjanna er samkomulag um:

1) að samningurinn skyldar eigi yfirvöld neins samningsríkjanna til að gefa þá í hjúskap, er sakir ófrávíkjanlegs ákvæðis í löggjöf hlutaðeigandi ríkis mega eigi ganga í hjúskap vegna skyldleika eða mægða;
2) að sá, sem eigi hefir náð 21 árs aldri, en hefir fengið lögræði eftir finnskum lögum við það að ganga í hjúskap, eða eftir íslenzkum lögum við skilnað að borði og sæng eða við hjúskaparslit, skuli eigi talinn ólögráður vegna æsku, þótt hann taki sér heimilisfesti í öðru samningsríkjanna en annaðhvort Finnlandi eða Íslandi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ríkisstjórnarinnar. — Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Í nokkur undanfarandi ár hafa sérfræðingar Norðurlanda á sviði sifjaréttarins undirbúið norræna samningsgerð um ýms atriði þessa réttar. Samningsgerðin er beint áframhald af starfsemi norrænu sifjamálanefndarinnar, er hafði, eins og kunnugt er, gert frumvarp að lögum þeim, er nú gilda á Norðurlöndum um aðalþætti sifjaréttarins (sbr. hérgildandi lög nr. 39, 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar; lög nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna; lög nr. 57 frá sama degi, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna; lög nr. 20, 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna), en tilgangur samningsgerðarinnar er að setja í kerfi ákvæðin, er þessi samhljóða löggjöf Norðurlanda felur í sér að því er snertir innbyrðis viðskipti hinna sömu ríkja.

Íslandi var þegar á frumstigi samningsgerðarinnar boðið að taka þátt í umræðum um samninginn, en boði þessu var þá hafnað. Hinsvegar hefir ríkisstjórnin jafnan haft fregnir af starfsemi sérfræðinganefndarinnar, og þegar þar að kom, að samningsfrumvarpið var tilbúið til undirskriftar, lét ríkisstjórnin útbúa íslenzkan texta að samningsgerðinni, er var felldur inn í frumvarpið, og það síðan undirritað, einnig af Íslands hálfu, þann 6. febrúar þ. á.

Jafnframt því að vísa til ákvæða samningsins, sem prentaður er hér á undan, skal það tekið fram, að samningur þessi er að því leyti frábrugðinn flestum öðrum samningum, sem Ísland hefir í seinni tíð gert við erlend ríki, að telja má, að hann feli í sér viðauka við hérgildandi lög. Þetta á einkum við um 22. grein, þar sem svo er ákveðið, að úrskurðir og dómar, er gengið hafa í einhverju samningsríkjanna um tilgreind efni samningsins, skuli gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar.

Vegna þessa eðlis samningsins er hann hér með lagður fyrir Alþingi til samþykktar, um leið og þess skal getið, að ríkisstjórnin hefir, í samráði við utanríkismálanefnd, leitað umsagnar lagadeildar háskólans um samningsuppkastið, og að lagadeildin hefir fyrir sitt leyti lagt til, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni.

Ed. 89. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Oslo þann 10. febrúar 1931 og prent-

aður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning um innheimtu meðlaga, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:
Sendiherra sinn í Osló, Markus Andreas Oldenburg;
Forseti lýðveldisins Finnlands:
Sendiherra lýðveldisins í Osló, Rolf Thesleff;
Hans hátign konungur Noregs:
Utanríkisráð August Wilhelm Stjernstedt Esmarch;
Hans hátign konungur Svíþjóðar:
Sendiherra sinn í Osló, Torvald Magnusson Höjer;

sem, með gildu umboði, hafa komið sér saman um eftirfarandi greinar:

1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverju samningsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúpbarns, kjörbarns, óskilgetins barns eða móður óskilgetins barns, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um ákvörðun, sem í Finnlandi eða Svíþjóð er gerð af rétti, dómara eða „överexekutor“ og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma.

Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefir ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi.

Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagsskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema

því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn, meðan hann dvaldi í ríkinu.

2. gr.

Beiðni um fullnægju er send frá og móttekin af:
í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi;
í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu;
í Íslandi dómsmálaráðuneytinu;
í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild;
í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn.

Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. gr., fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju.

Með skjölum, sem skráð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku.

3. gr.

Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdarvaldinu, orðið takmörkuð við, að haldið sé aftur af launum eða öðru því líku.

Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsrétthafa, nema því aðeins, að hún sé framin eftir reglunum um aðför í fasteign.

Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefir beiðzt fullnægjugerðarinnar.

4. gr.

Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafa vegna barnsfara og til kostnaðar við menntun barns, eða við skírn þess, fermingu, veikindi eða greftrun.

5. gr.

Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

6. gr.

Samning þennan ber að fullgilda og fullgildingarskjölin skulu afhent í Osló eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstkomandi eftir afhendingu fullgildingarskjalanna.

Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara, þannig, að hann hætti að gilda 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í Osló í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku,

og að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland og öðrum fyrir Svíþjóð.

Jafnframt er norsku ríkisstjórninni heitið af hálfu Íslands, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, að vottorð það, er getið er um í öðru atriði 2. gr. og sent er norsku ríkisstjórninni, skuli tilgreina, hver af skilyrðunum í fyrstu og þriðju málsgrein 1. gr. séu höfð til hliðsjónar í hinum einstöku tilfellum, og auk þess votta, að skilyrði þessi séu uppfyllt.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ríkisstjórnarinnar. — Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Sem liður í sameiginlegri viðleitni Norðurlandaþjóðanna að gera innbyrðis viðskipti þeirra og þegnanna sem greiðust, hafa þær gert með sér samning þann, er hér fer á undan, til þess að tryggja, að dómum, úrskurðum og skriflegum samkomulögum um meðlög, sem gerð eru í einhverju ríkjanna, geti orðið framfylgt í sérhverju hinna ríkjanna, án þess að þar þurfi að ganga dómur um meðlagsskylduna.

Grundvöllurinn að samningi þessum er lagður með samhljóða löggjöf Norðurlanda um aðalþætti sifjaréttarins (sbr. athugasemdir ríkisstjórnarinnar við heimildarlagafrumvarp snertandi annan norrænan samning um sifjamál), en auk þess byggir hann á gagnkvæmu trausti samningsaðilanna til löggjafa og yfirvalda ríkjanna. Það skal og hér tekið fram, að ríkisstjórnin hefir, í samráði við utanríkismálanefnd, leitað umsagnar lagadeildar háskólans um samninginn, og að lagadeildin hefir fyrir sitt leyti lagt til, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni.

Ástæðan til þess, að samningur þessi er lagður fyrir Alþingi til samþykktar, er hliðstæð þeirri, sem getið er um í greinargerðinni við hinn samninginn um sifjamál, sbr. þskj. 88".

Ed. 90. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararréttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.
2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.

3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzkalandi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
8. Gunnar Akselson verzlunarstjóra á Ísafirði, fæddum í Noregi.
9. Harald Aspelund bókara á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Greinargerð.

Vísast til nefndarálits á þskj. 376 frá síðasta þingi.

Nd. 91. Tillaga

til þingsályktunar um útvarp símskeyta.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að eftirleiðis verði útvarpað frá loftskeytastöðinni í Reykjavík eða útvarpsstöðinni almennum símskeytum, öðrum en fréttaskeytum, einkum til þeirra manna, sem búa fjarri talsímastöðvum.

Ástæður.

Eins og kunnugt er, þá var símskeytum útvarpað frá loftskeytastöðinni í Reykjavík þar til í aprílmánuði síðastliðnum.

Ástæðan til þess, að ríkisstjórnin lét hætta þessu, var talin sú, að sent hafði verið pólitískt fréttaskeyti.

Nú er það vitanlegt, að a. m. k. tveir hreppar eru talsímasambandslausir, og auk þess eru margir bæir um land allt svo langt frá símastöð, að ekki er hægt að ná til þeirra með símskeyti nema á löngum tíma og með talsverðum kostnaði. Útvarpstækin eru því mjög nauðsynleg öllum þeim fjölda manna, sem svo er ástatt um.

Mér er kunnugt um, að í norðurhreppum Norður-Ísafjarðarsýslu, sem enn eru símasambandslausir, öfluðu margir menn sér viðtækja til þess *einkum*

að geta fengið útvarpsskeyti, og svo er og um þá, sem langt eiga til símastöðvar. Nauðsyn þessa fólks er því mikil á útvarpsskeytunum. Hinsvegar virðist ekki almenn þörf á að útvarpa fréttaskeytum, og því eru þau undanskilin í tillögunni.

Ed. 92. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Flutningsm.: Halldór Steinsson og Pétur Magnússon.

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá.

Þó skal fela sérfræðingum, þar sem þeir eru fyrir hendi, að veita þessa læknishjálp, auk héraðslæknis. Ber þeim borgun eftir því, sem ráðherra ákveður, í samráði við landlækni.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja sjúkling með kynsjúkdóm á sjúkrahús, og veitir þá ríkið slíkum sjúklingum ókeypis spítalavist, ef læknir telur þess þörf. Eigi færri en 10 sjúkrarúm skulu tryggð þessum sjúklingum á einhverju því sjúkrahúsi í Reykjavík, sem landlæknir telur fullnægjandi.

Sjúklinga þessa skulu þeir sérfræðingar í Reykjavík stunda, sem heilbrigðisstjórnin hefir á hverjum tíma ráðið til þess að hafa þessar lækningar á hendi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, og fylgdi því þá svofelld greinargerð:

Kynsjúkdómar hafa færzt mjög í vöxt hér á landi síðustu ár, einkum lekandi.

Eftir heilbrigðisskýrslum hefir fjöldi lekandasjúklinga verið:

Árið 1925	258	sjúklingar
— 1926	340	—
— 1927	348	—
— 1928	407	—

og árið 1930 mun tala lekandasjúklinga vera komin upp í 500. Langmestur hluti þessara sjúklinga er hér í Reykjavík.

Nú hefir ástandið verið þannig til þessa, að nálega hefir verið ókleift að koma þessum sjúklingum í sjúkrahús, jafnvel þó brýna nauðsyn bæri til. Að vísu hefir landsspítalinn síðan hann tók til starfa getað veitt nokkrum sjúklinga viðtöku, en búast má við, að kynsjúkdómar verði einnig þar látnir sitja á hakanum fyrir öðrum sjúkdómum, þegar aðsókn að spítalanum vex.

Aðalatriðið er það, að til séu ætíð nokkur sjúkrarúm, sem séu sérstaklega ætluð kynsjúkum og ekki megi nota handa öðrum sjúklingum, og að viss hluti sjúklinganna eigi kost á ókeypis sjúkrahúsvist, eins og tíðkast í öðrum löndum.

Þeir, sem einkum þurfa þessarar hjálpar með, eru sjúklingar, sem búa við svo slæmar heimilisástæður, að þeir geta ekki stundað sjúkdóminn í heimahúsum, og ennfremur þeir, sem af kæruleysi vanrækja lækninguna, jafnvel þó þeim sé kunnugt um sjúkdóminn, og þá oft verða valdir að sýkingu annara á þeim tíma, sem læknir hefði haldið þeim í sjúkrahúsi, ef þess hefði verið kostur.

Þó breyting þessi hafi nokkur aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, þá fara þau aldrei fram úr vissu marki, þar sem ákveðið er, hver sjúklingafjöldinn megi vera mestur. Kostnað af hverju sjúkrarúmi mætti miða við daggjöld annara sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins. Þess ber einnig að gæta, að ávallt munu nokkrir sjúklingar greiða fyrir sig sjálfir. Auk þess verður ekki hjá því komizt, þó þetta frumvarp nái ekki fram að ganga, að það opinbera verður ætíð að greiða sjúkrakostnað sumra þessara sjúklinga, en þá sem fátækrastyrk.

Ef frumvarp þetta öðlast lagagildi, mundum vér einnig geta tekið þátt í „Hinni alþjóða ókeypis læknishjálp fyrir farmenn með kynsjúkdóma“, sem Ísland hefir enn ekki getað gerzt meðlimur í, sökum þess, að hér hefir engin sjúkrahúsdeild fyrir slíka sjúkdóma verið til. Þó fjöldi íslenzkra sjómanna hafi á síðustu árum orðið þessarar ókeypis læknishjálpar og sjúkrahúsvistar aðnjótandi í erlendum hafnarbæjum, má búast við, að vér missum þessi hlunnindi, ef vér ekki á sama hátt getum veitt sjúklingum annara þjóða viðtöku.

Ákvæðið í núgildandi lögum um varnir gegn kynsjúkdómum, að sjúklingar þeir, sem leita ókeypis lækninga, skuli skrifa undir drengskaparvottorð um, að þeir geti ekki greitt lækniskostnað sinn, þekkist hvergi í hliðstæðum lögum annara þjóða, og margir sjúklingar vilja heldur fara á mis við læknishjálp en skrifa undir slíka yfirlýsingu. Verði frumvarp þetta að lögum, fellur þetta ákvæði niður.

Frumvarpið miðar í stuttu máli að því:

1. að gera sjúklingum með kynsjúkdóma sem auðveldast að leita sér lækninga.
2. að gera læknum kleift að einangra sjúklinga í sjúkrahúsi þann tíma, sem mest smitunarhætta stafar af þeim.
3. að börn og fullorðnir, sem búa í svo þröngum húsakynnum, að þeir geta ekki stundað sjúkdóm sinn í heimahúsum, eigi kost á sjúkrahúsvist án þess að þurfa að þiggja fátækrastyrk.

Nd. 93. Tillaga

til þingsályktunar um lengingu á starfrækslutíma landssímans í kaupstöðum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Guðbr. Ísberg, Vilmundur Jónsson, Jón A. Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Bernh. Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að sími sé opinn í öllum kaupstöðum landsins að minnsta kosti frá kl. 8 árd. til kl. 12 á miðnætti dag hvern, og að símtöl milli þessara staða innbyrðis og við Reykjavík fáist afgreidd á sama tíma.

Greinargerð.

Afgreiðslutími við 1. fl. A-stöðvar landssímans er nú samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 118 frá 15/11 1917, en sá afgreiðslutími er orðinn ófullnægjandi.

Nánar í framsögu.

Ed. 94. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá.
3. Botnsá.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Miðdalsgil á Vesturlandsvegi.
6. Suðurá í Dalasýslu.
7. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
8. Glerá í Dalasýslu.
9. Geiradalsá í Barðastrandarsýslu.
10. Prestbakkaá í Strandasýslu.
11. Víkurá í Strandasýslu.
12. Grjótá í Strandasýslu.
13. Staðará í Strandasýslu.
14. Miðdalsá í Strandasýslu.
15. Laxá á Laxárdalsheiði.
16. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Norðurá í Borgarfirði hjá Fornahvammi.
2. Nesá á Vaðlaheiði.
3. Kaldakvísl á Tjörnesi.
4. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Laxá í Jökulsárhlíð.
4. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðbalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma á Mýrum.
22. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós.
2. Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Jökulsá í Jökuldal.
2. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
3. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
4. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
5. Geithúsaá á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

1. Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Laxá í Neshreppi utan Ennis.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Skjálfandafljót í Köldukinn.
8. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
9. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
10. Jökulsá í Fljótsdal.
11. Hvítá í Árnessýslu, hjá Iðu.
12. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum af ríkissjóði, gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Ed. 95. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jónas Jónsson.

Á undan frvgr. kemur:
Við A.
Á eftir 2. tölul. kemur nýr tölul.:
Laugardalsvegur: Frá vegamótum hjá Svínavatni að Laugarvatni.

Nd. 96. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu fjórir þeirra kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu til eins árs í senn, og jafnmargir varamenn á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn og varamann hans til jafnlangs tíma. Allir nefndarmennirnir skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 5. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Aðalfundur Síldareinkasölunnar skal haldinn í maímánuði ár hvert, þar sem útflutningsnefnd ákveður eða aðalfundur hefir samþykkt, og skal útflutningsnefnd boða til fundarins með auglýsingu í blöðum í öllum landsfjórðungum með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

4. Við sömu gr. 2. málsgr. 3. tölulið. Liðurinn orðist svo:
   3. Kosnir fulltrúar í útflutningsnefnd, einn endurskoðandi og varamaður hans, báðir til eins árs í senn.
5. Við sömu gr. 2. málsgr. 5. tölulið. Liðurinn orðist svo:
   5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einkasölunnar, sjómanna, síldarverkafólks og útgerðarmanna.
6. Við sömu gr. 3. málsgr. skal orða svo:
   Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir, ásamt jafnmörgum varamönnum, af þeim, er skip gerðu út á síldveiðar og lögðu inn síld til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir vélbátar. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Þar sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal viðhöfð hlutfallskosning. Fer kosning að öðru leyti fram eftir þeim reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Aðra 7 fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa kýs Alþýðusamband Íslands, eða Alþýðusambandsstjórnin í þess stað, ef sambandsþing hefir ekki komið saman áður en kosning fór fram.
7. Við sömu gr. 4. málsgr. Orðin: „Hver hinna kjörnu fulltrúa ....“ o. s. frv. til enda málsgreinarinnar falli burt.
8. Við sömu gr. Síðustu málsgr. skal orða svo:
   Til þess að aðalfundur sé lögmætur, þurfa minnst $^{2}/_{3}$ kjörinna fulltrúa að sitja hann. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, og boðar þá útflutningsnefnd til hans á ný með minnst 14 daga fyrirvara, og getur sá fundur úrskurðað sig lögmætan, þó að skorta kunni á næga þátttöku.
9. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Atvinnumálaráðherra skipar annan endurskoðanda einkasölunnar og varamann hans, báða til eins árs.
10. Aftan við frv. bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. „7. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

b. Bráðabirgðaákvæði.

Atvinnumálaráðherra kallar saman aukafund í nóvembermánuði 1931, skipaðan samkv. þessum lögum. Þó skal við kosningu útgerðarmanna til hans miðað við skip þau, er gerð voru út á síldveiðar sumarið 1931.

Á þeim fundi skal kosin útflutningsnefnd og endurskoðandi samkvæmt þessum lögum.

Jafnframt skipar atvinnumálaráðherra fimmta manninn í nefndina, endurskoðanda og varamenn þeirra.

Hin nýja útflutningsnefnd og endurskoðendur taka við starfinu í ársbyrjun 1932, og fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útflutningsnefndar og endurskoðenda.

Útflutningsnefnd þessi og endurskoðendur gegna starfinu til þess tíma, er útflutningsnefnd og endurskoðendur eru kosnir á fyrsta reglulegum aðalfundi í maí 1932.

Nd. 97. Frumvarp

til laga um húsnæði í Reykjavík.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til þess að komið verði í veg fyrir húsnæðisvandræði, ósanngjarnan leigumála m. m. í Reykjavík, skal skipa þar fimm manna húsnæðisnefnd.

2. gr.

Hæstiréttur skipar formann húsnæðisnefndar og varaformann. Mega þeir ekki fást við kaup eða sölu fasteigna, og mega þeir hvorki vera leigutakar íbúðar né eigendur húss, sem leigt er til íbúðar að nokkru leyti eða öllu. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar 2 nefndarmenn, annan úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka húsnæðis. Á sama hátt skipar bæjarstjórnin 2 nefndarmenn. Eins fer um skipun fjögurra varamanna, eins fyrir hvern nefndarmann. Allir skulu mennirnir vera heimilisfastir í Reykjavík og hafa þekking á húsnæðismálefnum bæjarins. Það er borgaraskylda að taka við skipun í húsnæðisnefnd. Nú missir nefndarmaður einhvers skilyrða, er getur í þessari grein, og gengur hann þá úr nefndinni. Annars gildir skipun í tvö ár.

3. gr.

Kostnaður við nefndina greiðist úr bæjarsjóði. Þóknun fyrir starf nefndarmanna ákveður bæjarstjórn í reglugerð, er ráðuneytið staðfestir.

4. gr.

Nefndarfundir eru því aðeins ályktunarfærir, að auk formanns séu á fundi að minnsta kosti 2 nefndarmenn, kosnir af ráðuneytinu og af bæjarstjórn, annar úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Í forföllum aðalmanns tekur varamaður hans sæti í nefndinni.

5. gr.

Nefndarmaður getur ekki tekið þátt í meðferð máls, ef úrslit þess skipta hann máli eða maka hans. Sama er, ef hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja, eða að fyrsta til hliðar.

6. gr.

Þeir, sem leita nefndarinnar, gera það skriflega eða munnlega. Nefndin aflar síðan upplýsinga og gagna og sér um, að málið upplýsist svo vel sem unnt er. Áður en mál er leitt til lykta skal aðilum — einnig þeim aðila, sem komið hefir máli fyrir nefndina — gefinn kostur á að láta uppi umsögn sína. Skal umsögn vera munnleg, ef aðili eða nefndin krefst þess. Fyrirkall til aðila skal vera með tveggja daga fyrirvara, og skal í fyrirkallinu getið málsatriða. Aðili má senda mann í umboði sínu vottföstu, nema því aðeins, að nefndin krefjist þess, að aðili komi sjálfur.

7. gr.

Nefndin getur sjálf farið á vettvang til skoðunar, en rétt er henni og að fá aðstoð opinberra starfsmanna, eftir því sem henni þykir þörf. Húseigendur skulu láta nefndinni í té þær upplýsingar um húseignir sínar, er nefndin telur þörf á. Skýrslur aðila um fjárhagsástæður hans má eigi gera kunnar hinum aðilanum né heldur öðrum mönnum.

Sérhver, sem á heimili í bænum, er skyldur til, samkvæmt fyrirkalli með tveggja daga fyrirvara, að koma á fund nefndarinnar, til þess að gefa henni skýrslu. Komi hann ekki, og hafi þó ekki tjáð lögleg forföll, má í almennu lögreglumáli dæma hann í sektir frá 10 kr. til 100 kr. Í fyrirkalli skal getið viðurlaga þessara.

8. gr.

Húsnæðisnefnd hefir gerðabók. Skal í hana rita kröfur aðila og úrslit máls ásamt stuttri greinargerð. Þess skal og getið í gerðabók, ef nefndarmenn hafa ekki verið á eitt sáttir um úrslitin, hver hafi orðið í minni hluta, hver tillaga minni hlutans hafi verið og hvernig rökstudd. Nefndin ræður málum til lykta svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en fjórum vikum frá því að málið kom fyrir nefndina, nema því aðeins, að aðilar hafi óskað að fresta málinu, eða að málið sé svo vaxið eða mál svo mörg fyrir nefndinni, að frestun hafi verið óhjákvæmileg. Málsúrslit ásamt greinargerð skulu, ef unnt er, innan 5 daga tilkynnt aðilum skriflega.

Úrskurði húsnæðisnefndar verður, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum, hvorki skotið til dómstólanna né til annara stjórnarvalda, enda hafi nefndin ekki farið út fyrir starfsvið sitt eða að öðru leyti farið í bága við lög þessi.

Þegar nefndin hefir samþykkt leigumála eða annað samkvæmt lögum þessum, eða skorið úr ágreiningi um húsnæði, verður því máli eigi skotið til nefndarinnar aftur fyrr en 14. maí eða 1. október næst eftir að úrskurður var felldur, og þá því aðeins, að nýjar ástæður hafi til komið.

9. gr.

Alla leigusamninga um húsnæði til íbúðar eða atvinnurekstrar, en íbúð telst eitt herbergi eða fleiri, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi, skal eigandi innan 8 daga eftir samningsgerð leggja fyrir húsnæðisnefnd. Nefnd-

in skal gæta þess, að samningurinn sé ekki ósanngjarn, leigan hæfileg og ákvæðum laga þessara að öðru fullnægt. Sama er um breytingar á gildandi samningum. Sem leigu ber að skoða sérhverja kvöð eða aukagjöld, sem lögð eru á leigutaka, og yfirleitt skal tillit haft til allra ákvæða, sem gera leigumálann lakari fyrir leigutaka en hann annars væri.

Fallist nefndin á samninginn, ritar hún á hann samþykki sitt.

Það er bannað, hvernig sem á stendur, að taka við eða greiða hærri leigu en húsnæðisnefnd hefir samþykkt.

Þegar hjón skilja að borði og sæng eða fullum lögskilnaði, ákveður dóms- og kirkjumálaráðuneytið, hvort hjónanna skuli halda íbúð þeirra.

Leigusali íbúðar eða húsnæðis, þar sem atvinna er stunduð, og leigjandi hafa að öðru leyti hvor um sig rétt til að leita úrskurðar húsnæðisnefndar um leigumála.

Eigi má segja leigutaka upp húsnæði hans, nema eiganda sé því brýnni þörf til eigin íbúðar eða nota og hann hafi verið orðinn eigandi þess 14. maí 1931. Ágreiningur í þessu efni heyrir undir húsnæðisnefnd. Leigusali heldur þó óskertum rétti til að slíta leigumálanum vegna vanskila á húsaleigu eða annara samningsrofa af hálfu leigutaka. Verði ágreiningur í síðarnefndu efni, sker húsnæðisnefnd að vísu úr, en málið má leggja fyrir dómstólana til úrslita. Úrskurði nefndarinnar skal þó hlíta unz fallinn er dómur.

Uppsagnir á húsnæði, sem áður hafa farið fram, skulu ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsnæðisnefnd, að hann hafi áður en lög þessi voru sett samið um leigu á húsnæðinu við húsnæðislausan mann, eða að hann þurfi á húsnæðinu að halda fyrir sig sjálfan eins og að ofan segir.

Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa nema heilbrigðisnefnd banni að nota það til íbúðar. Húsnæðisnefnd getur þó, ef allir nefndarmenn eru sammála, veitt leyfi til að rífa hús, með því skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu húsnæðis til íbúðar í bænum innan 6 mánaða.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en þetta sé gert skal húsnæðisnefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leiguupphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Á sama hátt skal bæjarstjórn heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

10. gr.

Það er bannað að leigja utanbæjarmönnum húsnæði í Reykjavík, nema um leigu sé að ræða á einstökum herbergjum til manna, er sakir opinberra starfa þurfa að dvelja í bænum, og til einhleypra námsmanna við opinbera skóla í bænum. Húsnæðisnefnd getur þó veitt leyfi til þessa eins og hér segir:

a. Þá er menn fá stöðu hjá ríkinu eða bæjarfélaginu og verða þess vegna að vera í bænum.
b. Þá er maður sannar að hafa með fjárframlögum, er nemi að minnsta

kosti eins miklu eins og verðmæti umrædds húsnæðis, stutt að húsagerð í bænum.

c. Þá er íslenzkur ríkisborgari, sem hefir átt síðasta heimili hér á landi í bænum, hverfur heim aftur frá útlöndum.

d. Þá er öðruvísi stendur á, en þó alveg sérstaklega, ef allir nefndarmenn eru sammála.

Ákvæðin um utanbæjarmenn ná ekki til sendimanna frá ríkisstjórnum annara ríkja.

11. gr.

Heildarleiga eftir hvert hús má vera allt að 15% af fasteignamatsverði hússins, að viðbættum 5% af fasteignamatsverði lóðar þeirrar, er notuð er vegna íbúðar í húsinu, og ákveður húsnæðisnefnd, hvernig leigan skiptist milli íbúða hússins.

Sama gildir og um hús, sem að nokkru eða öllu leyti eru leigð til atvinnurekstrar, og gilda ákvæði laga þessara að öllu leyti um þau, eftir því sem við á.

12. gr.

Lög þessi ná ekki til leigumála, sem fylgir fullt fæði, eða til gistihúsa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25 kr. til 5000 kr.

Sektir allar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

14. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun láta þau öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði, einn eða fleiri.

Þegar ekki þykir lengur þörf laga þessara, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumv. þessu vísast til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi á síðasta þingi (þingskjal 388).

Nd. 98. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

Eins og segir í aths. við frumvarp þetta, er það samhljóða fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi í febrúar síðastl., að öðru leyti en því, að teknar hafa verið til greina flestallar breyt.till. meiri hluta fjárveitinganefndarinnar. Nefndin hefir byggt á störfum fjárveitinganefndarinnar í vetur, það sem þau náðu, og vísast því til nefndarálits meiri hl. hennar á þskj. 340 um áætlun á útgjaldaliðum frumvarpsins.

Eftir athugun á væntanlegum tekjumöguleikum ríkissjóðs, og þó sérstaklega vegna yfirvofandi atvinnuleysis, leggur nefndin til, að hækkuð verði fjárveiting til nýbygginga og viðhalds vegum, brúargerða, símalagninga, bryggju- og hafnargerða um 540 þús. kr., og verður þá tekjuhalli frv. með þessum brtt. nefndarinnar um 400 þús. kr. Telur nefndin gerlegt að hækka tekjuliðina enn, og mun hún við 3. umr. bera fram brtt. í þá átt.

Nefndin leggur til, að varið verði 150 þús. kr. til nýbygginga á vegum, og er því skipt niður á vegina með hliðsjón af tillögum vegamálastjóra. Viðhald og umbætur vega leggur nefndin til, að verði hækkað úr 200 þús. í 400. — Telur vegamálastjóri, að ekki muni hægt að komast af með minna. Til brúargerða leggur nefndin til, að varið verði 50 þús. kr., og ætlast hún til, að það fé verði notað í sambandi við lagningu nýrra vega og annarsstaðar þar, sem þörfin væri mest.

Nefndin leggur til, að veitt verði til hafnargerðar á Akranesi 50 þús. kr. Er þegar búið að verja til þessa mannvirkis um 120 þús. kr., sem allt hefir verið lagt fram af héraðinu.

Á Alþingi 1930 lágu fyrir margar beiðnir um styrk til bryggjugerða. Lagði fjárveitinganefndin þá til, að varið yrði 91 þús. kr. í því augnamiði til þessara staða:

Til bryggjugerðar í Keflavík, 1. greiðsla af 3	kr. 27500
— bryggjugerðar á Húsavík, 1. greiðsla af 3	— 22000
— bryggjugerðar á Hvammstanga, 1. greiðsla af 3	— 11000
— bryggjugerðar í Hnífsdal, 1. greiðsla af 3	— 9000
— bryggjugerðar á Vopnafirði, 1. greiðsla af 2	— 8000
— bryggjugerðar í Haganesvík (ein greiðsla)	— 5000
— lendingarbóta í Lambhússundi á Akranesi (lokagreiðsla)	— 8500

Af þessu hefir verið unnið fyrir eða verður unnið á þessu ári í Hnífsdal og á Akranesi og ef til vill á Hvammstanga. Að öðru leyti gerir vitamálastjóri ráð fyrir, að þessar framkvæmdir falli niður í ár. Í frv. nú er veitt 20 þús. kr. til bryggjugerðar, og telur nefndin, að þessu megi verja sem 2. greiðslu til bryggju á Hvammstanga og Hnífsdal.

Til bygginga nýrra síma vill nefndin verja 70 þús. kr. og ætlast til, að

sú fjárveiting gangi til að byggja það, sem eftir verður af þeim símalínum, sem fjárv.nefnd 1930, eftir till. landssímastjóra, lagði til að byggðar yrðu á þessu ári.

Ennfremur leggur nefndin til, að veitt verði 50 þús. kr. til einkasíma, í stað 30 þús. kr., sem nú er í frv.

Aðrar brtt. eru leiðréttingar, og verður þeirra getið í framsögu.

Alþingi, 22. júlí 1931.

Ing. Bjarnarson, formaður.	Hannes Jónsson, fundaskr. og framsögum.		Þorleifur Jónsson.
B. Kristjánsson.	Magnús Jónsson.	Jónas Þorbergsson.	Pétur Ottesen.

Ed. **99. Tillaga**

til þingsályktunar um nýjan holdsveikraspítala og stofnun hælis handa fávitum.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa nýtt sjúkrahús fyrir holdsveika menn, svo fljótt sem auðið er, og breyta jafnframt, með væntanlegu samþykki Oddfellowreglunnar, Laugarnessjúkrahúsinu í hæli fyrir fávita börn og konur.

Greinargerð.

Væntanlega eru allir sammála um, að komið sé meira en mál til þess að ætla fávitum þessa lands sérstök hæli. Venjulega eru þeir heimilum sínum þungur kross, og þar að auki fara þeir oft á mis við þá meðferð, sem þeim er bráðnauðsynleg.

Reynsla annara þjóða hefir sýnt, að ófært má telja að ætla fávita konum og körlum vist í sama hæli, og æskilegast þykir, að börn séu höfð út af fyrir sig. En þó þykir það ekki frágangssök, að konur séu hafðar á sama hæli og börnin, þar sem húsrúm er nægilegt.

Laugarnesspítalinn hefir verið óþarflega stór handa holdsveika fólkinu um nokkur undanfarin ár. Upphaflega var hann ætlaður 60 sjúklingum, en nú eru þar rúmlega 20 sjúklingar, og enginn hefir bætzt við 3—4 seinustu árin. Fávita fólk á landinu mun vera að minnsta kosti á annað hundrað. Virðist því hagkvæmt að nota þetta húsrúm fyrir fávita, en reisa í stað þess annað hæli, meira en helmingi minna, fyrir holdsveikt fólk.

Nd. 100. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 79 (Slysatryggingalög).

Frá Halldóri Stefánssyni.

Brtt. orðist svo:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr.:

Við 3. gr. Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

Nd. 101. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Flm.: Vilmundur Jónsson, Halldór Stefánsson.

1. Við 1. gr. lið a. Liðurinn orðist svo:
   Liður 1. b. orðist svo:
   Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Við 5. gr. Fyrir orðin: „nefnd í 1. gr. 2“ komi: tryggingarskyld samkv. 1. gr.

Nd. 102. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

Flutningsm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Orðin „að frádregnu útflutningsgjaldi“ og „útflutningsgjaldi og“ í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. gr. framangreindra laga um fiskveiðasjóðsgjald ber að draga útflutningsgjald, samkvæmt lögum nr. 70 1921, frá söluverði fiskjar og fiskiafurða, áður en fiskveiðasjóðsgjaldið er reiknað út. Löggjöfin hefir vafalaust haft sanngirni fyrir augum með þessu ákvæði, en ef nánar er að gætt, veldur þetta eingöngu erfiðleikum við útreikning gjaldsins, en munar hvorugan aðilja, fiskveiðasjóð eða gjaldendur, nokkru sem heitir. Taka má dæmi: Söluverð afurða kr. 1000000,00. Útflutningsgjald 1½%, eða kr. 15000,00. Fiskveiðasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 47 1930 reiknast þá 1/8% af kr. 985000,00, og verður kr. 1231,25, en sé útflutningsgjaldið eigi dregið frá, eins og lagt er til í frv. þessu, reiknast 1/8% af kr. 1000000,00 og verður kr. 1250,00. Mismunur sá, sem fiskveiðasjóður dregur úr höndum gjaldenda fyrir breytinguna, er samkvæmt því kr. 18,75, þegar söluverð er ein milljón, kr. 1,87, þegar söluverð er kr. 100000,00, og kr. 0,19, þegar söluverð er kr. 10000,00. Má af þessu sjá, að fyrir útflytjendur munar þetta sáralitlu eða engu, og virðist því sjálfsagt að hafa þá tilhögun, sem veldur minni erfiðleikum í framkvæmd.

Ed. 103. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum, samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni, vegna sölu síldar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 22. júlí 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.
Jón Þorláksson. Magnús Torfason, fundaskr.

Nd. 104. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

3. gr.

Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25, — í stað „40“: 50 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglueftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

5. gr.

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að tryggja hvern þann, sem ekur bifreið hans, fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég, ásamt 2. þm. Norðmýlinga, lagafrv. um notkun bifreiða, þar sem ákveðin var skyldutrygging, er næði til allra þeirra, er bifreiðum stjórna, hvort heldur sem þeir eiga bifreiðarnar sjálfir eða ekki. Allsherjarnefnd neðri deildar féllst á frv., en jafnframt varð að ráði að gera það töluvert víðtækara, og var þar að mestu fylgt tillögum eftirlitsmanna bifreiða og vegamálastjora, en þó í sumum atriðum vikið frá þeim.

Enginn ágreiningur varð um þetta mál í þinginu, en það náði ekki fram að ganga, frekar en mörg önnur þörf mál, vegna þingrofsins, og ber ég það því fram að nýju eins og nefndin gekk frá því.

Um 1. gr.

Gildandi ákvæði um hámarksbreidd bifreiða er orðið of lágt, þar sem verksmiðjurnar hafa á síðari árum yfirleitt breikkað bifreiðarnar nokkuð frá því, sem áður var, og verður því ekki komizt hjá því að hækka hámarksbreiddina.

Veittar hafa þegar verið allmargar undanþágur, allt upp í 186 cm. breidd, en hærra þykir vart mega fara, vegna þess, hve vegirnir úti um landið eru víðast mjóir.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er leyfi til að stýra bifreið bundið við tvítugsaldur, en þykir rétt að lækka í 18 ára aldur, eins og á Norðurlöndum.

Um 3. gr.

Hámarksökuhraði bifreiða er allt of lágur nú, enda er honum sjaldan fylgt, og mundi tefja umferðina. Hefir því þótt rétt að hækka hann bæði í bæjum og úti á þjóðvegum og í dimmu, en aftur þykir rétt, að hægt sé með reglugerð að ákveða hámarksökuhraða á einstökum vegum og sérstaklega þungum bifreiðum. Erlendis er nú víða hætt að hafa nokkur ákvæði um hraðahámark bifreiða, en það virðist of snemmt hér.

Um 7. gr.

Lágmarkstryggingin fyrir stórar bifreiðar er algerlega ófullnægjandi, og er því sú trygging nokkuð hækkuð.

Nd. 105. Nefndarálit

um frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, sem hér fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 7. gr.
   a. Orðin »ríkisins í þágu« í báðum málsgr. greinarinnar falli burt.
   b. Orðin »þegar þess verður vart« í 2. málslið greinarinnar falli burt.
2. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er þá ósjúkt að áliti dýralæknis, og er þá o. s. frv.
3. Við 13. gr.
   a. Síðasti málsliður fyrri málsgreinar orðist svo:
      Ef eigandi á sök á því, að kindin er lifandi, skal hann sæta sektum, en kindin vera eign ríkissjóðs.
   b. Upphaf 2. málsgreinar orðist svo:
      Óheimilt er að selja öðrum einblendinga nema eigandi hafi fengið o. s. frv.
   c. 3. málsgr. orðist svo:
      Eignist einblendingar afkvæmi, skulu þau vera eign ríkissjóðs, en eigandi sæta sektum, ef hann á sök á því.

4. Við 17. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verða hér til verulegra hagsbóta, og er þá o. s. frv.

Alþingi, 22. júlí 1931.

Lárus Helgason, form. Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Magnús Guðmundsson.
Pétur Ottesen. Steingr. Steinþórsson.

Ed. 106. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Aftan við frvgr. bætist:
Aftan við C. 2. komi:
a. Vegur frá Skagastrandarvegi, fyrir sunnan Litla-Enni, norður að Blönduósbryggju.
b. Vegur frá Hlíðarhólum, um fyrirhugaða brú á Blöndu að Svínavatni.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Ed. 107. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við 2. gr. A. III.
Á eftir 4. komi 2 nýir liðir:
Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
Svartá hjá Bólstaðarhlíðarhólum.

Ed. 108. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

Við 2. gr.
1. Á eftir A. I. C. 2 komi 5 nýir liðir:

Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
Saurbæjará í —"—
Bakkaá í —"—
Fossá í Jökulsárhlíð.
Reiðhálskvísl í Jökulsárhlíð.

2. Á eftir A. III. 8 komi nýr liður:
Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.

Nd. 109. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Á eftir b-lið 4. gr. laga nr. 46, 19. maí 1930, komi nýr liður svo hljóðandi:
c. Til lendingabóta og bryggjugerða handa smábátaútgerðinni.

Greinargerð.

Lendingabætur og bryggjugerðir eru svo nauðsynlegir hlutir smábátaútgerðinni, að á mörgum stöðum, sem þó liggja vel við sjósókn, er ekki fært að stunda þessa atvinnu, ef engar umbætur fást. Eins og nú er komið, er erfitt eða jafnvel ómögulegt að fá lánsfé í þessu skyni. Eðlilegast virðist, að Fiskveiðasjóður hjálpi smábátaútgerðinni á þessu sviði. Hinsvegar er sjálfsagt að heimta það í hverju tilfelli, að auk þess sem sýslunefnd heimilar hreppi lántökuna, þá ábyrgist hún jafnframt lánið fyrir hönd sýslusjóðs.

Ed. 110. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 2. gr.

1. Við A. I. c. 4. Á eftir liðnum komi nýir liðir:
a. Breiðdalsá
b. Berufjarðará
c. Fossá
d. Hvítá

e. Búlandsá
f. Kambá
g. Stekká
h. Geithellnaá
i. Hofsá
j. Starmýrará
k. Selá.

2. Við A. II. c. 5. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Búðará á Fagradalsbraut.
3. Við A. III. 10. Nýir liðir:
a. Múlaá
b. Geitdalsá hjá Þingmúla
c. Norðfjarðará hjá Skuggahlíð.

Ed. 111. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 2. gr.
a. A. I. d. 21 orðist svo:
Kolgríma í Suðursveit.
b. Á eftir A. I. d. 21 komi nýr liður:
Heinabergsvatn.
c. Á eftir A. III. 6 komi nýr liður.
Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.

Nd. 112. Nefndarálit

um frumvarp til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um þá úrlausn á málinu, sem samþ. var í hv. deild á vetrarþinginu 1931 (þskj. þess þings 190), og leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. verði svo:
Á eftir 2. málsgr. 27. gr. komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. 2. gr. frv. verði: Í stað »1/2 %« í 30. gr. komi: 1 %.
3. 3. gr. frv. falli niður. Greinatalan breytist eftir því.
4. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um breyting á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Alþingi, 24. júlí 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm.
Jón Ólafsson. Lárus Helgason. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.

Nd. 113. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þriggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1931.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þriggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skipti 1931.
3. Eigendur lóða og landa í bænum eða kauptúninu skulu greiða í bæjarsjóð eða sveitarsjóð sérstakt gjald af öllum lóðum og löndum, sem nemur 4 af þúsundi af fasteignamatsverði. Gjalddagi lóðagjaldsins er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1932, og skal gjaldið greitt úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði í byggingarsjóð, að fullu, ekki síðar en 1. júlí sama ár. Gjald þetta má taka lögtaki á kostnað gjaldenda einum mánuði eftir gjalddaga.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

3. gr.

2. og 3. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 500 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 6500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi tvær nýjar greinar:

6. gr.: Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 5. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

7. gr.: Verkamannabústaðir, sem byggðir eru samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegnir fasteignagjaldi til ríkissjóðs, bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs fyrstu 5 árin eftir að húsið er fullbyggt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1929 og gefa þau út svo breytt sem lög um verkamannabústaði.

Greinargerð.

Erfiðleikarnir við framkvæmd laganna um verkamannabústaði eru aðallega lánsfjárskortur. Stofnuð eru þegar byggingarfélög í sumum bæjum hér á landi, en í öðrum hafa bæjarfélögin í huga að byggja samkvæmt lögunum.

Frumvarp þetta fer í fyrsta lagi fram á að auka fé byggingarsjóða með þreföldu framlagi til þeirra af hálfu ríkis og bæja. Í öðru lagi verði lagt á sérstakt gjald, 4‰ af fasteignaverði lóða í bæjum og kauptúnum, til byggingarsjóðsins, og þykir rétt, að verðhækkun landsins, sem til er komin án tilverknaðar lóðaeigenda, skuli á þennan hátt verða tekjustofn, er beri uppi að nokkru leyti lán til verkamannabústaða.

Það hefir sýnt sig við eftirgrennslan um erlend lán til byggingarsjóða samkvæmt lögum þessum, að það er allmikill þröskuldur í vegi fyrir lántökum, að ekki er sérstaklega leyft að taka lánin í erlendri mynt, og ríkissjóðsábyrgðin er aðeins á helmingi lánanna. Þykir því rétt að leyfa lántöku í erlendri mynt, og ríkissjóður ábyrgist fulla upphæð lánanna, en ábyrgð hans verður raunverulega ekki meiri en áður, vegna þess að kaupstaðir og kauptún standa í bakábyrgð fyrir fullri lánsupphæðinni.

Þá er breytt til um lánin til byggingarfélaga, svo að í stað fyrsta veðréttarláns allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar komi fyrsta og annars veðréttar lán, er nái sömu hæð. Má við því búast, að hægara verði um lántökur á þennan hátt, og er til þess ætlazt, að fyrsta veðréttarbréf félagsins verði jafnauðvelt að selja sem veðdeildarbréf og veðbréf Búnaðarbankans, enda verði séð um sölu þeirra á sama hátt og hinna, ef stofnuð verður sérstök söludeild eða fasteignaveðbanki fyrir veðbréf, tryggð með fyrsta veðrétti í íslenzkum fasteignum, og tryggð eru með ríkisábyrgð að auki, en slíkrar stofnunar má vænta innan skamms. Annars veðréttarlán verða þá að fást á annan hátt, með árstekjum sjóðanna og innlendum eða erlendum lánum, en engu er breytt til um vaxtakjör og afborganir þeirra, sem íbúðirnar kaupa í verkamannabústöðum. Árlegt gjald verður til jafnaðar 6% í 42 ár nú sem fyrr.

Það hefir sýnt sig við fyrstu stóru sambyggingu Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík, að heppilegt er að hafa sameiginlegan leikvöll fyrir 50—60 íbúðir, og er þetta því leyft í frv. Heppilegt hefir og reynzt þar, að félagið ætti íbúð handa umsjónarmanni félagsins, miðstöðvarhús, nýlenduvöru- og mjólkurbúð, og síðar má vænta, ef meira verður byggt, að hagkvæmt þyki að hafa sameiginlegt stórt þvottahús með þvottavélum. Er þetta því einnig leyft í frv.

Við framkvæmd laganna í Reykjavík og undirbúning framkvæmda á Ísafirði hefir tekjuhámark það, sem nú er í lögunum, sýnt sig að vera mjög svo ranglátt í garð þeirra manna, sem hafa fyrir mörgum ómögum að sjá. Er því hér gert ráð fyrir, að við tekjuhámarkið bætist 500 krónur fyrir hvern ómaga, þó svo, að árstekjur kaupanda íbúðanna nemi aldrei meiru en 6500 kr., og eignirnar ekki meiru en 5000 kr., sem eru skattfrjálsar eignir.

Loks er rétt að létta undir með byggingu verkamannabústaða í fyrstu með því að undanþiggja húsin fasteignagjaldi fyrstu 5 árin.

Húsnæðisvandræðin í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum eru orðin svo mikil, að til stórvandræða horfir fyrir heilsu þessarar og næstu kynslóðar, ef ekki er gripið fast í taumana. Sérstaklega eru íbúðir verkalýðsins nálega alstaðar lélegar, heilsuspillandi og dýrar. Það er skylda hins opinbera að styðja að því á allan hátt, að á þessu fáist bót. Með samþykkt þessa lagafrumvarps er spor stigið í þá átt.

Á síðasta þingi var borið fram af hálfu jafnaðarmanna í neðri deild frv., sem í aðalatriðum var þessu líkt, en það náði ekki fram að ganga vegna þingrofsins, og er því nú borið fram með þeim breytingum, er reynslan hefir sýnt að koma þurfi. Vegna þess, hve mál þessi hafa lengi verið vanrækt, og þá ekki síður vegna hins mikla atvinnuleysis í landinu, væri full nauðsyn á að leggja miklar fjárhæðir til byggingarsjóða í ár og næsta ár, en þar sem það mun verða gert í öðru sérstöku frumv., þykir réttara að halda þeim ágreiningi, sem um það efni kann að vera, utan þessa frv.

Nd. 114. Frumvarp

til laga um sóknaskipun í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Einar Arnórsson.

1. gr.

Ef komið verður upp nýjum kirkjum, einni eða fleiri, í Reykjavíkursókn handa þjóðkirkjusöfnuðinum, skiptir ríkisstjórnin, að fengnu samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar og í samráði við biskup, sókninni og leggur ákveðna hluta hennar til hinna nýju kirkna, hverrar um sig.

2. gr.

Söfnuðir þeir, sem lagðir verða til hinna nýju kirkna, skulu hver um sig hafa umsjón og fjárhald sinnar kirkju, með sömu skyldum og réttindum sem aðrir söfnuðir í þjóðkirkjunni, er tekið hafa að sér umsjón og fjárhald kirkna sinna. Gildir þetta eins fyrir því, þótt ríkið verði framvegis eigandi núverandi dómkirkju og hafi forræði hennar.

Greinargerð.

Dómkirkjusöfnuðurinn hefir hvað eftir annað boðizt til að taka við fjármálum kirkju sinnar, ef hæfilegt álag fylgdi frá núverandi eiganda hennar (ríkissjóði), til stuðnings nýrrar kirkjugerðar á næstu árum, þar sem dómkirkjan gamla er fyrir löngu orðin of lítil handa söfnuðinum. En við þeim málaleitunum hafa engin ákveðin svör fengizt ennþá. Því eru ýmsir ófúsir til að styðja þá fjársöfnun, sem hafin er innan safnaðar til að reisa nýja kirkju í Reykjavík. Telja safnaðarmenn nauðsynlegt, að sú trygging fáist um fjármál hennar, sem hér er farið fram á.

Ed. 115. Lög

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 24. júlí).

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast lán, er Byggingarsjóður Reykjavíkur tekur hjá Statsanstalten for Livsforsikring í Kaupmannahöfn, að upphæð 200000 íslenzkar krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 116. Breytingartillögur

við frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. Við 1. gr. Orðin „á kostnað ríkissjóðs“ í 1. málsgr. falli burt, en aftan við nefnda málsgr. bætist: Kaupverð fjárins og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „Er ráðherra heimilt að taka ... “ komi: Er ráðherra heimilt að leigja eða kaupa ....
3. Við 6. gr. Fjórða (síðasta) málsgr. falli burt.
4. Við 13. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Gæta skal þess, að ómerkingum, sem boðnir eru upp sem óskilafé, sé lógað, ef nokkrar líkur eru til þess, að þeir geti verið einblendingar.

Nd. 117. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka og gera tillögur um skipsmíðastöð (dock) í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd — og sé einn skipaður samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur og annar

eftir tillögum stjórnar Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda — til þess að rannsaka og gera tillögur um gerð og starfrækslu skipsmíðastöðvar í Reykjavík eða í grennd við hana til skipabyggingar og skipaviðgerðar.

Ríkissjóður greiði kostnað af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Eimskipafloti landsmanna er nú nálægt 100 skipum. Þau eru nálega öll stærri en svo, að fullnaðarviðgerð á spjöllum á þeim eða bilunum verði framkvæmd hér, vegna þess, að ekki eru hér tæki til þess. Ekki mun heldur vera auðið að flokka („klassa") skip hér til fullnaðar, og er orsökin sú sama. En af þessu leiðir, að sigla verður skipum þessum til annara landa til viðgerða, oft eftir að bráðabirgðaviðgerð hefir farið hér fram, til þess að gera skipin sjófær, en kostnaður af slíkri bráðabirgðaviðgerð fer að öðru leyti vanalega að mestu eða öllu til einskis. Með þessum hætti tapast allmikill tími, ferðir til útlanda valda miklum kostnaði og stórfé fer árlega út úr landinu til vinnulauna við viðgerðirnar og erlendir efnisalar fá sölugróða á efni, sem innlendir salar fengju, ef verk þessi gætu farið fram hér á landi. Ennfremur má telja víst, að vátryggingargjöld skipa mundu geta lækkað, ef hér væri samskonar aðstaða til rannsóknar skipa og viðgerða sem annarsstaðar, þar sem þeim málum er komið í nútímahorf.

Nd. 118. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

I. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*

1. Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
   Liðurinn fellur niður.
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun.
   a. Póstsjóður I. Í stað »550000« kemur 575000
   b. Síminn I. Í stað »1800000« kemur 1900000
   c. Eignahreyfingar. Út. II. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
      Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð:
      1. Til símalínu frá Svignaskarði að Fornahvammi 13000
      2. Til símalínu frá Akureyri að Breiðamýri 18000
      3. Til símalínu frá Ísafirði að Arngerðareyri 33000

4. Til símalínu frá Gröf í Grundarfirði að Bryggju 4000
5. Til símalínu frá Torfastöðum að Geysi 15000
6. Til Skagalínu 25000
7. Til símalínu frá Arngerðareyri að Melgraseyri 9000

117000

d. Vínéinksalan I. Í stað »771000« kemur 871000
Sundurliðun rekstrarhagnaðar breytist samkv. a., b. og d. í 3. gr. A. 1.—7.

II. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 7. gr. 3. Nýr liður:
Erlent lán 90000

III. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
1. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
Borðfé konungs 60000
2. Við 13. gr. A. I. Nýr liður:
Til nýrra akvega:
1. Kjósarvegur 20000
2. Snæfellingabraut 20000
3. Stykkishólmsvegur 20000
4. Breiðadalsheiðarvegur 30000
5. Holtavörðuheiðarvegur 60000
6. Hrútafjarðarvegur 10000
7. Vatnsskarðsvegur 20000
8. Hofsósvegur 8000
9. Öxnadalsvegur 12000
10. Vaðlaheiðarvegur 10000
11. Þistilfjarðarvegur 10000
12. Skeggjastaðaþinghárvegur 5000
13. Vopnafjarðarvegur 5000
14. Jökuldalsvegur 50000
15. Fjarðarheiðarvegur 30000
16. Biskupstungnabraut 20000

330000

3. Við 13. gr. A. II. (Viðhald og umbætur).
a. Í stað »200000« kemur 500000
b. Nýr liður:
Til brúargerða skv. brúalögum 100000

IV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. Nýr liður:
Til brúargerðar á Þverá í Rangárvallasýslu, nálægt Dufþaksholti 75000

V. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
Í stað »15000« kemur... 30000

VI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
a. Fyrir »15000« kemur 25000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 10000 kr. til vegar yfir Laxárdalsheiði í Skagafjarðarsýslu.

VII. Frá *Lárusi Helgasyni, Jóni Ólafssyni, Sveinbirni Högnasyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. B. 1. c. (Skaftfellingur).
Fyrir »20000« kemur 24000

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Einari Arnórssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. IV. Nýr liður:
Til að reisa nýja vita:
a. Sauðanesviti við Siglufjörð 91000
b. Radioviti á Gelti við Súgandafjörð 67000
c. Óshólaviti við Bolungavík 19000 177000

IX. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
1. Við 13. gr. C. VII. Liðurinn orðist svo:
a. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 frá hlutaðeigandi héruðum, enda sé það fé fyrir hendi og atvinnumálaráðuneytið samþykki áætlunina:
1. Til bryggjugerðar í Keflavík, 2. veiting 27500
2. — — - Húsavík, 2. veiting 22000
3. — — - Hvammstanga, 2. veiting 11000
4. Til bryggjugerðar í Hnífsdal, 2. veiting 9000
5. — — - Vopnafirði, lokaveiting 8000
6. Til bryggjugerðar í Sauðárkróki 13000
7. — — - Vatnsleysustrandarhreppi 5500
96000
b. Til sjóvarnargarðs í Ólafsvík, lokaveiting 30000
c. Til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi 6000
d. Til breikkunar á Snepilrás... 6000
2. Við 13. gr. C. VII. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Til hafnargerðar á Akranesi 48000

X. Frá *Ólafi Thors.*

Við 13. gr. C. VII. Nýr liður:

Til Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar, til lendingarbóta 8500

gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

XI. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*

1. Við 13. gr. C. VII. Aftan við liðinn bætist ný grein:

Eignahreyfingar.

Út.

Til að reisa nýja vita:

a. Óshólaviti... 19000

b. Sauðanesviti (ljós og hljóðviti) 76000

95000

2. Við 13. gr. D. (Útvarpið).

a. Við »Tekjur«. Í stað »200000« kemur 250000

b. Liðurinn færist á 3. gr. A. »Sundurliðun«, næst eftir »Vínveinkasalan«.

Rekstrarhalli útvarpsins kemur til frádráttar á rekstrarhagnaði skv. 3. gr. A. 1.—7.

3. Við 14. gr. B. VIII. Athugasemdin (um skólagjöld) skal falla niður.

4. Við 14. gr. B. XIV. 5 (Barnaskólabyggingar utan kaupstaða). Í stað »20000« kemur... 30000

5. Við 14. gr. B. XV. 6. Nýir liðir:

a. Framlag til byggingar gagnfræðaskóla í Reykjavík, gegn lögboðnu framlagi frá Reykjavíkurbæ, enda sé unnið fyrir fé á árinu 90000

b. Framlag til byggingar gagnfræðaskóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur, gegn lögboðnu framlagi frá hlutaðeigandi kaupstöðum, enda sé unnið fyrir fé á árinu 100000

6. Við 14. gr. B. XVI. 3. (Húsmæðraskólar, byggingarstyrkur).

a. Í stað »20000« kemur 30000

b. Aftan við liðinn bætist:

Þar af til kvenfélagsins Óskar á Ísafirði 10000 kr.

XII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Jónasi Þorbergssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*

Við 14. gr. B. XXII. (Íþróttasamband Íslands).

Fyrir »4000« kemur 6000

XIII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 15. gr. 3. e. Nýr liður:

Til Hóladómkirkju 1000

XIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 15. gr. 16. Nýr liður:

Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið afrit af skránni 1500

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 15. gr. 16. Nýr liður:

Til Þórhalls Þorgilssonar kennara í rómönskum málum, til þess að gefa út handhægar kennslubækur í ítölsku og spönsku 3000

XVI. Frá *Bjarna Asgeirssyni, Einari Arnórssyni* og *Bergi Jónssyni.*

Við 15. gr. 26. Nýr liður:

Til Skáksambands Íslands 2000

XVII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*

Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).

Fyrir »25000« kemur 40000

XVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 16. gr. 3. Nýr liður:

Til Páls Guðmundssonar á Baugsstöðum, til varnar skemmdum af sjávarágangi og sandfoki 1500

XIX. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*

Við 16. gr. 7. Nýr liður:

Styrkur til verklegra framkvæmda, er sveitar- og bæjarfélög láta vinna að þann tíma ársins, sem minnst er um atvinnu, allt að 1/3 kostnaðar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi sveit eða kaupstað ... 300000

XX. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Oltesen.*

Við 16. gr. 20 (Fiskifélagið):

Fyrir »80000« kemur 85000

XXI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*

Við 16. gr. 21. b. Liðinn skal orða svo:

Launauppbót fiskiyfirmatsmanna 12200

Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2300 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 2000 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.

XXII. Frá *Jóni Ólafssyni.*

Við 16. gr. 26 (Landssýning heimilisiðnaðarfél.):

Fyrir »2000« kemur... 3500

Til vara 3000

XXIII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen*,
Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til Kvenfélagasambands Íslands 4000

XXIV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni*.
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 10000

XXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.
Við 16. gr. 42. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, gegn 1/3 framlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja 12000

XXVI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni*.
Við 16. gr. 42. Nýr liður:
Til dýpkunar á innsigling leiðarinnar á Stokkseyrarsundi 5000

XXVII. Frá *Einari Arnórssyni* og *Jóhanni Jósefssyni*.
Við 16. gr. 45.
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum... 500000
Meðferð fjárins skal svo haga:
a. Fénu skal skipta til vinnu handa atvinnulausu verkafólki í kaupstöðum og kauptúnum í hlutfalli við tölu atvinnulausra manna á hverjum þessara staða.
b. Leita skal tillagna hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórna um það, hvaða verk skuli vinna fyrir það fé, er í hlut hvers kaupstaðar eða kauptúns kemur.
c. Bæjar- og sveitarstjórnir skulu í samráði við verklýðsfélög, þar sem þeirra er kostur, ráða því, hverjir verði vinnunnar aðnjótandi.

XXVIII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen*.
Við 17. gr. 11 (Stórstúkan):
Fyrir »8000« kemur 12000

XXIX. Frá *Magnúsi Guðmundssyni*.
Við 18. gr. II. c. 13. Nýr liður:
Til Ólafs Stephensens. 600

XXX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni*.
Við 18. gr. II. i. 31. Nýr liður:
Til Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns 300

XXXI. Frá *Haraldi Guðmundssyni*, *Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni*.
Við 22. gr. IV. Nýir liðir:
a. að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
b. að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á

fiskiskipum, allt að 4/5 kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfsskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni.

c. að ábyrgjast lán til síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaðar, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgðin gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar nemi á hverjum tíma samtals 1000000 kr.

XXXII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen*.

Á eftir 24. gr. kemur ný grein, sem verður 25. gr. og hljóðar svo:

Allar gjaldaheimildir laga þessara eru hámarksákvæði, og er óheimilt, nema um óvænta og bersýnilega nauðsyn sé að ræða, að fara fram úr þeim, nema greiðslan fari fram samkvæmt öðrum heimildum eða fram sé tekið, að fjárhæðin sé áætluð.

Nd. 119. Breytingartillaga

við till. til þál. um lengingu á starfrækslutíma landssímans í kaupstöðum.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Á eftir orðunum »í öllum kaupstöðum landsins« komi: þeim að kostnaðarlausu.

Nd. 120. Frumvarp

til laga um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum, undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskirteinið.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar yfirmatsmennina og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í hinum ýmsu landsfjórðungum, er svo ákveðið fyrst um sinn, að fiskifulltrúi Íslands á Spáni og Ítalíu veiti yfirfiskimatsmönnum aðstoð sína og haldi fundi með þeim árlega, á þeim tíma, er hagkvæmast þykir.

Verði ágreiningur um einhver atriði, er máli skipta, milli þeirra, sker atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum forseta Fiskifélags Íslands og fulltrúa sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem þær kjósa á þingi hverju til eins árs í senn.

Fundarsamþykktir þessar og úrskurðir skulu gilda jafnt reglugerð, enda hafi ráðherra samþykkt.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn eru launaðir úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, og skulu vera þessir:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi.
2. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu.
3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum.
5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmannaeyjum. Umdæmi hans er Vestmannaeyjar og Vík í Mýrdal.

Tölu fiskimatsmanna má auka með fjárveitingu í fjárlögum, og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskútflutningsstað, svo marga sem yfirfiskimatsmaðurinn telur þurfa og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmaður tekst ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem hann er búsettur í, til þess að annast fiskimatsstörf í þarfir einhvers útflytjanda, skal útflytjandi greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvorttveggja eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

Kaup fiskimatsmanna fyrir starf þeirra við fiskimat greiði eigendur fiskjarins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipum eða öðrum, sem við skipin eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

7. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu skyldir að ferðast um í umdæmi sínu og utan þess, til þess að leiðbeina í fiskimeðferð og fiskimati, líta eftir hvorutveggja og kynnast því sem bezt. Þeir hafa heimild til þess að banna fisksöltun úr salti, sem þeir álíta ónothæft.

Á ferðum í þágu matsins, öðrum en þeim, er um getur í 5. gr., fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði, eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt fá þeir greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað vegna tilrauna með nýjar eða bættar verkunaraðferðir, rannsóknir á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, er lúta að auknu verðmæti hans.

Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna fiskimatsstarfa.

8. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út saltfisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 500 til 10000 króna sektum í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 20000 kr.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, frá 19. júní 1922, um fiskimat.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ráðuneytið hefir með bréfi dags. 22. þ. m. farið þess á leit, að sjávarútvegsnefnd flytti framanskráð frv. Er það að allri uppistöðu eins og hin stjórnskipaða nefnd hefir frá því gengið. Þó eru nokkrar breytingar á því gerðar eftir tillögum fiskifulltrúans og fiskiyfirmatsmanna, en frá hvorutveggja höfum við vikið í örfáum tilfellum.

Rétt þykir að láta greinargerð milliþinganefndarinnar fylgja frv., þótt í nokkrum minni háttar atriðum hafi verið frá tillögum hennar vikið, eins og áður segir.

Fylgiskjal.

Greinargerð

nefndar þeirrar, er skipuð var af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með bréfi dags. 23. sept. 1929, til þess að athuga og gera tillögur og breytingar á lögum um fiskimat og erindisbréf yfir- og undirfiskimatsmanna.

Nefndin hefir átt marga fundi með sér og leitast við að gera sér sem bezta grein fyrir starfi sínu og þeim atriðum, er máli skipta um fiskimatið og framkvæmd þess.

Samkvæmt tillögu forseta Fiskifélags Íslands hélt nefndin enga fundi á tímabilinu frá $^{18}/_{11}$ '29 til $^{2}/_{12}$ '30, sökum þess að nauðsynlegt þótti að kynna sér þau nýmæli, er kynnu að koma fram í tillögum hliðstæðrar nefndar í Noregi, er þá var ekki búin að ljúka störfum.

Skýrsla þeirrar nefndar barst ekki hingað fyrr en í aprílmán. 1930. Eftir að skýrsla þessi var hingað komin, tók nefndin þegar aftur til starfa.

Á síðustu áratugum hafa Íslendingar lagt mikla áherzlu á að auka gæði framleiðsluvöru sinnar.

Hefir oss orðið allmikið ágengt í þeim efnum, og að því er snertir fiskinn mun ekki ofmælt, að íslenzkur fiskur sé nú allvíða talinn betri en annara þjóða fiskur, og mun yfirleitt mega fullyrða, að íslenzki fiskurinn sé að vinna á í samkeppninni við annara þjóða fisk.

Að sjálfsögðu hafa þau lagafyrirmæli, sem sett hafa verið um meðferð og mat fiskjar, komið að góðu liði. Hitt mun þó meiru um valda, að Íslendingum, og þá eigi síst hinum stærri fiskframleiðendum, hefir verið vel ljóst, hve stórvægilega þýðingu vöruvöndun hefir fyrir fjárhagslega afkomu þjóðarinnar.

En þótt þessu sé nú þann veg farið, er þó engan veginn svo að skilja, að vér höfum nú þegar náð því marki, er að ber að keppa, og skortir enn mikið á, að meðferð fiskjar sé svo góð sem skyldi, eða fiskimatið svo öruggt sem nauðsynlegt er. Eru þess því miður allt of mörg dæmi, að óvandað mat hefir bakað fiskkaupendum, einkum íslenzkum fiskútflytjendum, stórtjón, og hafa gallar á matinu stundum verið þess eðlis og svo veigamiklir, að vart verður öðru um kennt en vítaverðu gáleysi eða sviksemi, og verður því, því miður, ekki neitað, að svo virðist, sem meiri brögð séu að þessu síðustu árin. Er slíkt því hættulegra, sem af því stafar mikil hætta á því, að Íslendingar missi þau hlunnindi í fiskverzluninni, sem þeir hafa öðlazt á löngum tíma með mikilli fyrirhöfn, þ. e. a. s. að geta fengið andvirði fiskjarins greitt gegn vigtar- og matsvottorðum íslenzkra matsmanna — og hafa slík vottorð verið talin sönnun um gæði og vigt fiskjarins.

En skaðvænlegust eru þó áhrifin af óvönduðu mati, ef af því leiðir, að ísl. fiskurinn missir það álit, sem hann smátt og smátt hefir unnið sér á erlendum markaði. Því svo nauðsynlegt sem það er að standa a. m. k. jafnfætis keppinautunum um vörugæði, þá er þó sú nauðsyn brýnust, ef um ræðir vöru, sem framleidd er í ríkari mæli en eftirspurnin krefur, svo sem er um saltfiskinn. — Þegar svo stendur á, fer oft svo, að hin lakari varan er beinlínis óseljanleg, og er auðsætt, hversu vér Íslendingar stæðum, ef svo færi um fisk vorn.

Nefndin hefir því gengið að starfi sínu með fullum skilningi þess, að á miklu ríður fyrir Íslendinga að dragast ekki aftur úr í samkeppninni við aðrar fiskframleiðsluþjóðir, en í þeim efnum veltur mest á því, að vér herðum á, en slökum til í engu um kröfurnar til vörugæðanna, en gætum þess jafnframt að baka ekki framleiðendum óþörf útgjöld, svo framleiðslukostnaðurinn fari ekki úr hófi fram.

Nefndin hefir rætt allmikið um, með hverjum hætti þessu marki verði bezt náð, og þá einkum um það, hvort nauðsynlegt mundi að lögfesta fyrirmæli um meðferð fiskjar áður en hann kemur til mats, svo sem blóðgun, söltun, flutning úr skipi, þvott, þurrkun o. fl. Að gaumgæfilega athuguðu máli hefir þó nefndin ekki séð ástæðu til þess að leggja þetta til, enda mundi framkvæmd slíkra fyrirmæla baka framleiðendum allverulegan kostnað, og mikil vandræði mundu á tryggu eftirliti með framkvæmd þeirra. Hitt telur nefndin líklegt, og hefir samið fyrirmæli þar um, að matsmenn geti með leiðbeiningarstarfsemi haft áhrif á alla meðferð fiskjarins.

Nefndin hefir því komizt að þeirri endanlegri niðurstöðu, að tryggja megi vörugæðin með sjálfu fiskimatinu, og hefir því lagt höfuðáherzlu á að samræma eldri fyrirmæli og skapa nýmæli, er að því miði að skerpa fiskimatið, en þó reynt að gæta hófs um, að framleiðendum séu eigi að óþörfu bökuð útgjöld.

Með breytingum á fiskimatslögunum frá 1922, og þó einkum með breytingum á erindisbréfi yfir- og undirfiskimatsmanna frá sama ári, hefir nefndin reynt að skapa samfelld fyrirmæli um allt það, er lýtur að fiskimati og allri meðferð fiskjar, frá því hann kemur til mats og þar til hann er kominn í lestarrúm á útflutningsskipi. Telur nefndin, að strangt og réttlátt mat sé framleiðendum nægjanlegt aðhald til vöruvöndunar og þykist þess örugg, að Íslendingar fái haldið velli, og þó raunar unnið á, ef vel er framfylgt þeim fyrirmælum, sem hún ber fram.

Meðal þeirra breytinga, er nefndin leggur til að gerðar séu á matslögunum frá 1922, munu framleiðendur telja þá helzta, að nefndin vill, að allur íslenzkur fiskur, er út er fluttur, jafnt verkaður sem óverkaður, sé matsskyldur, með þeirri einni undantekningu, að matsskyldan nái ekki til þess fiskjar, er veiðiskipin sjálf flytja út, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land, en í gildandi lögum nær matsskyldan aðeins til verkaðs fiskjar. Útflutningur óverkaðs fiskjar hefir farið í vöxt, og enda þótt það skuli viðurkennt, að nokkuð gegni öðru máli um óverkaðan fisk, m. a. að erfiðara er að meta óverkaðan fisk, þá telur þó nefndin rétt, að hann sé matsskyldur, því bæði girðir matið fyrir, að óhæf vara verði flutt út, og eins er hægara að fá fiskinn greiddan gegn mats- og vigtarvottorðum heldur en vigtarvottorðum einum, en að því ber að stíla, að fiskverzlunin öll sé rekin á þeim greiðslugrundvelli.

Ýmsar aðrar breytingar vill nefndin gera á lögunum, og miða þær allar að því, að ákvæði þau, er nefndin vill setja í erindisbréf fiskimatsmanna og ætluð eru til að skerpa matið, rúmist innan ramma laganna.

Nefndin hefir með ýmsum hætti ætlað að tryggja, að mat verði sem öruggastur mælikvarði á gæði fiskjarins, og skal hér drepið á höfuðdrættina:

Nefndin er sammála um það, að nauðsynlegt sé, að matsmenn öðlist sem haldbezta þekkingu á starfi sínu, og jafnframt að haft sé stöðugt eftirlit með því, að matsmenn vinni verk sín með alúð og samvizkusemi. Einnig hefir

nefndin talið nauðsynlegt, að kveðið sé á um úrskurðarvald, ef deilur rísa um fiskimatið. Innan nefndarinnar var sú skoðun rík, að þessu mundi bezt náð með því að skipa matsstjóra, er væri æðsti maður þeirra mála um land allt, en hinar 5 yfirfiskimatsstöður, sem nú eru, héldust þá áfram. Nefndin var þó eigi á einu máli um þessa skipun málsins, og var því til samkomulags hnigið að því ráði, að stíga aðeins byrjunarspor á þessari braut, með því að mæla svo fyrir, að fiskerindreki Íslands í Suðurlöndum skuli koma til Íslands a. m. k. einu sinni á ári og halda fund með yfirfiskimatsmönnum, til þess að ræða um þær nýlundur, er á hverjum tíma eru efst á baugi, og taka ákvarðanir um, hvort eða hverjar breytingar þyki þurfa að gera á meðferð fiskjar eða matinu. Er yfirfiskimatsmönnum síðan ætlað að ferðast um umdæmi sín og fræða undirfiskimatsmenn um málið, og jafnframt hafa gætur á, að þeir vinni verk sín trúlega.

Það sýnist ekki vafa undirorpið, að óhætt muni að bæta þessu starfi á fiskerindrekann, og hitt má telja mjög líklegt, að hann vegna stöðu sinnar standi mjög vel að vígi til að kynnast þeim kröfum, sem fiskinnflytjendur og fiskneytendur á hverjum tíma gera til verkunar og gæða fiskjarins, og með því að erindrekinn alltaf hlýtur að standa í nokkru sambandi við yfirfiskimatsmennina, má ætla, að góð samvinna geti tekizt þeirra á milli. Telur nefndin því líklegt, að á þennan hátt sé að því unnið að laga og samræma matið.

Nefndinni er ljóst, að vel getur komið fyrir, að ágreiningur rísi um fiskimatið milli yfirfiskimatsmanna og fiskerindreka eða milli yfirfiskimatsmanna innbyrðis, og ætlast nefndin þá til, að ráðherra felli úrskurð, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Þá hefir nefndin talið rétt að skerpa hegningarákvæðin í 8. gr. laganna, fyrir brot á lögunum, og auk þess að setja ný refsiákvæði fyrir vítaverða vanrækslu eða sviksamlegt athæfi fiskimatsmanna, þannig, að ef sannast, að verulegar misfellur eru á vigtar- og matsvottorðum, sem ekki verða taldar stafa af vangá, þá ber matsmaður ábyrgð á afleiðingum, en auk þess liggur stöðumissir við.

Telur nefndin, að slík refsiákvæði muni reynast allöruggur spori á fiskimatsmenn, að þeir inni skyldu sína af hendi með trúmennsku.

Eins og að framan getur, hafa vítaverðar misfellur á matsvottorðum verið alltíðar á síðustu árum, en oftast hefir reynzt talsverðum vandkvæðum bundið að finna sökudólginn, vegna þess, að í sama farmi er venjulega fiskur frá mörgum framleiðendum, og er þá venjan, að fiskur sömu tegundar sé merktur sama merki, án tillits til, frá hverjum hann er. Úr þessu vill nefndin bæta með því að lögskipa, að auk venjulegra merkja skuli hver fiskpakki eða fiskkassi hafa sérmerki, er sýni, frá hverjum hann er, og er þá hægurinn hjá að finna sökudólginn, þegar svik eru í tafli.

Ýms eldri fyrirmæli hefir nefndin fært til betra samræmis og að öðru leyti gert minni háttar breytingar á lögunum og erindisbréfunum, eftir því, sem við átti, og er svo til ætlazt, að erindisbréf yfirfiskimatsmanna geti skoðazt sem reglugerð um fiskimatið.

Nefndin hefir af ásettu ráði forðazt að binda hendur yfirfiskimats-

manna um of með alveg föstum og ákveðnum fyrirmælum um sjálft matið. Slík fyrirmæli mundu ekki hafa varanlegt gildi, því matið á að taka breytingum eftir kröfum neytenda á hverjum tíma, og ætlast nefndin til, að yfirfiskimatsmenn hafi sjálfræði í þessum efnum með þeim takmörkunum, sem fyrr greinir.

Nefndin vill að endingu geta þess, að hún telur mikla nauðsyn á því, að gerðar séu margvíslegar rannsóknir, er að því lúta, hvað hagkvæmast sé í ýmsu því, er snertir verkun og geymslu fiskjar, saltnotkun o. fl. Nefndin hefir ekki séð sér fært að setja nein fyrirmæli um þetta í matslögin, en væntir þess, að ekki verði lengi látið undir höfuð leggjast, að hið opinbera eigi frumkvæði að slíkum rannsóknum.

Ed. 121. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr.

Á eftir A. III. 11. komi nýr liður:

Kálfá í Gnúpverjahreppi.

Ed. 122. Nefndarálit

um frv. til laga um framlengingu á gildi laga um verðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, með því að ríkissjóður má nú alls ekki missa neins í af tekjustofnum sínum.

Alþingi, 25. júlí 1931.

Ingvar Pálmason,	Magnús Torfason,
form. og frsm.	fundaskr.

Nd. 123. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj 87.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við brtt. 87, 2. (Við 3. gr. A.) (Nýjar símalínur).

a. Fyrir »70000« kemur... 82000

b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12000 kr. til síma frá Sandeyri að Stað í Grunnavík.

II. *Ásgeiri Asgeirssyni.*
Við brtt. 87, 4. a. 3. (13. gr. A. II.). (Þjóðvegir).
Nýr liður:
Breiðadalsheiðarvegur 30000

III. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. B. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »80000« kemur 89000

Nd. 124. Nefndarálit

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir verið til meðferðar á allmörgum undanförnum þingum, og því aukizt fylgi ár frá ári, enda komið betur og betur í ljós, hve réttmætt það er að leggja þennan hluta Seltjarnarneshrepps undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þar sem þessi hluti hreppsins sérstaklega hlýtur ætíð að eiga mjög margt sameiginlegt með Reykjavík, enda umkringdur af bæjarins landi á alla vegu. Með þetta fyrir augum og fleira, sem tekið verður fram við framsögu málsins, leggur nefndin einróma til, að frv. nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Í stað »Fyrir árslok 1931« kemur: Fyrir árslok 1932.

Alþingi, 25. júlí 1931.

Bergur Jónsson, form. Jón Ólafsson, framsögum. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.
Lárus Helgason. Einar Arnórsson.

Ed. 125. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn,

og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1. febr. eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. febr. 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignamatsbókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt.

Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Nú þegar fasteignamatinu er að verða lokið, virðist það koma í ljós, að nauðsyn beri til þess, að nefnd sé skipuð til að endurskoða það og færa til samræmis, ef þurfa þykir. Með lögum nr. 47 1919 var sett yfirmatsnefnd til þess að athuga og samræma fasteignamatið, sem fór fram 1916—18, en ákvæði þeirra laga geta ekki gilt fyrir það mat, sem nú hefir verið framkvæmt. Þess vegna er nauðsyn á nýrri löggjöf um þetta efni".

Nd. **126. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Eins og að undanförnu bárust Alþingi á síðasta þingi beiðnir um aukinn styrk til að halda uppi bátaferðum á flóum og fjörðum, þar á meðal beiðni um styrk til nýrra ferða frá sunnanverðum Breiðafirði.

Sumir flóabátar eru reknir með stórtapi á ári hverju, svo sem Djúpbáturinn, Skaftfellingur og Flateyjarbáturinn. Stafar þetta að miklu leyti af því,

að skipin eru mjög óhentug og ófullnægjandi (Djúpbáturinn), svo og af því, að ferðirnar hafa á annan áratug verið reknar með árlegu tapi. Getur bráðlega til þess komið, að ríkissjóður verði að hlaupa undir bagga og veita verulegan styrk til kaupa á nýjum farkostum. Nefndin ber þó engar tillögur um styrk í þessu efni fram að þessu sinni.

Eins og áður hefir mjög brostið á, að félög þau, sem styrks njóta, sendi skýrslu um starfsemina, önnur en h/f Djúpbáturinn, h/f „Norðri“ (Flateyjarbáturinn) og þeir, sem standa að Hvalfjarðarbátnum.

Vill nefndin enn á ný skora á samgöngumálaráðuneytið að ganga ríkt eftir því, að rekstrarreikningar, ferðaáætlanir, farm- og fargjaldskrár séu sendar um leið og styrkurinn er greiddur.

Nefndin leggur til, að veitt verði í fjárlögum 1932 til að halda uppi báta-ferðum á flóum og fjörðum 89 þús. krónur og upphæðinni skipt þannig:

1.	Borgarnesbáturinn, enda fari hann minnst 4 ferðir til Breiðafjarðar	25000 kr.
2.	H/f Djúpbáturinn	19000 —
	Sami upp í viðgerðarkostnað	2000 —
3.	Hornafjarðarbátur	7000 —
4.	Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af 800 kr. til Öræfinga	2500 —
5.	Til millilandaskips, með viðkomu við Rangársand (Hallgeirsey), Vík, Skaftárós og Hvalsíki	4000 —
6.	Rangársandsbátur	900 —
7.	Hvalfjarðarbátur	1500 —
8.	Rauðasandsbátur	500 —
9.	Mýrabátur	300 —
10.	Langeyjarnesbátur	300 —
11.	Lagarfljótsbátur	1000 —
12.	Eyjafjarðarbátur	14000 —
13.	H/f „Norðri“ (Flateyjarbátur)	8000 —
	Sami upp í kostnað við kaup á nýrri vél	1000 —
14.	Stykkishólmsbátur	2000 —
		Alls 89000 kr.

Lagt er til, að Borgarnesbáturinn fái 3000 kr. lægri styrk en nú er greiddur, og er ástæðan sú, að ferðum til Breiðafjarðar er fækkað úr 10 niður í 4.

Djúpbátnum er ætlaður 2000 kr. viðbótarstyrkur, og er það vegna þess, að báturinn þarf nauðsynlega að fá viðgerð nú þegar, sem áætlað er, að kosti 11—12 þús. kr., en félagið í mikilli fjárþröng.

Flateyjarbáturinn hefir haft stórkostnað við útvegun á nýrri mótorvél, en fjárhagurinn svo þröngur, að ekki virðist nefndinni hjá því komizt að veita þá 2000 kr. hækkun, sem fram er borin.

Ástæðan fyrir því, að nefndin leggur til að lækka styrkinn til Eyjafjarðarbátsins um 1000 kr., er sú, að ferðir þessa báts til austurhafnanna, Þórshafnar,

Skála, Raufarhafnar og Kópaskers, geta fækkað mjög mikið eða lagzt niður, nema sem svarar 2 ferðum að vetri til.

Loks er lagt til að styrkja ferðir um sunnanverðan Breiðafjörð (Stykkishólmsbátur), enda sé haldið uppi ferðum á smáhafnirnar frá Grundarfirði um eyjarnar og Hvammsfjörð allt til Króksfjarðarness.

Alþingi, 25. júlí 1931.

Sveinn Ólafsson, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskrifari.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Nd. 127. Frumvarp

til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjárkyni og karakulafé frá Þýzkalandi til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi. Kaupverð fjárins og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem féð yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

3. gr.

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum eða þýzkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum eða þýzkum lögum því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi eða Þýzkalandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er ráðherra heimilt að leigja eða kaupa til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem féð flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álítur féð heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.

Ef féð er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar, og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkví, skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að áliti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart, og fara með eftir ströngustu sóttvarnarreglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að féð er

í sóttkví komið, og skal svo með fara sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkví eða taka þangað annað fé, fyrr en dýralæknir og formaður rannsóknarstofu atvinnuveganna telja óhætt.

8. gr.

Fé, sem í sóttkví er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

9. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma en hið innflutta fé, samanber þó 10. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

10. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkví, skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum iskyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

11. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er þá ósjúkt, að áliti dýralæknis, og er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönnum, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar, og greint frá hver viðurlög eru, ef út af reglunum er brugðið.

13. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir

1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Ef eigandi á sök á því, að kindin er lifandi, skal hann sæta sektum, en kindin vera eign ríkissjóðs.

Óheimilt er að selja öðrum einblendinga nema eigandi hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 16. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Eignist einblendingar afkvæmi, skulu þau vera eign ríkissjóðs, en eigandi sæta sektum, ef hann á sök á því.

14. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 16. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir, sem stunda einblendingsrækt, gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárins, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

17. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verða hér til verulegra hagsbóta, og er þá atvinnumálaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri, á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. 128. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

Í stað „½%“ í 30. gr. laganna komi: 1%.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Nd. 129. Breytingartillögur

við frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin »ríkisins í þágu« í 2. málslið greinarinnar falli burt.

2. Við 13. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Gæta skulu hreppstjórar þess, hver í sínum hreppi, að ómerkingum, sem seldir eru sem óskilafé, sé lógað innan viku frá söludegi, ef hann telur nokkrar líkur á, að þeir séu einblendingar.
3. Við 18. gr. Á eftir »sektum« í fyrri málsgr. komi: til ríkissjóðs.

Nd. 130. Tillaga

til þingsályktunar um minningu þjóðfundarins 1851 í hátíðarsal menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Einar Arnórsson, Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að láta, á kostnað þingsins, mála á vegg hins forna fundasals Alþingis í menntaskólanum í Reykjavík, gegnt dyrum, olíumynd af þjóðfundinum 1851, enda fái þeir til þess nauðsynlega aðstoð um sögulega nákvæmni, svo og að gera aðrar þær umbætur á salnum, sem þörf þykir á til þess að myndin njóti sín. Má verja í því skyni allt að 5000 kr.

Greinargerð

fyrir till. þessari felst í bréfi því, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal, frá rektor menntaskólans til forseta Alþingis, en frumdrættir að viðgerð á salnum, ásamt ljósmynd af frummynd Brynjólfs Þórðarsonar málara að þjóðfundarmyndinni, eru til sýnis í lestrarsal þingsins.

Fylgiskjal.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að snúa mér til hæstvirtra forseta hins háa Alþingis með eftirfarandi málaleitun um viðgerð á hátíðasal Hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Svo sem kunnugt er, var hið endurreista Alþingi haldið í hátíðasal lærða skólans um meira en þriðjung aldar, eða allt til þess, að alþingishúsið var reist. Þar voru því haldin öll hin ráðgefandi þing og nokkur hinna löggefandi. Þar var og haldinn þjóðfundurinn 1851.

Enginn einn staður kemur svo mjög við stjórnmálasögu þjóðarinnar á síðustu öld sem þessi salur, og enginn einn staður á landinu er svo tengdur stjórnmálaferli Jóns Sigurðssonar. Þar var hann forseti, þar barðist hann fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og viðreisn. Og þar reis hann upp á þjóðfundinum 1851 til að mótmæla fyrir þjóðarinnar hönd fulltrúa konungs og hinu erlenda valdi

— og þar risu fulltrúar þjóðarinnar og alþýðan öll til mótmæla undir forustu hans.

Því verður naumast neitað, að þessi salur sé hin merkasta stofa á Íslandi, og ekki sizt fyrir þá sök, að hann fóstraði Alþingi, meðan það var enn í bernsku og átti ekki annað athvarf betra, því að af hinu unga Alþingi leggur ljóma fram á veginn til vor.

Á síðastliðnu sumri hélt Alþingi stórkostlega hátíð til minningar um stofnun sína og sögu um þúsund ár. Í sambandi við hátíðina heiðraði Alþingi afrek sín og sögustaði á marga lund. Það gaf út alþingismannatal, stofnaði til útgáfu mikils rits um sögu sína og styrkti útgáfu rits um Jón Sigurðsson. Það endurbætti stórum salakynni sín hér í Reykjavík. Það gerði miklar umbætur á Þingvöllum um ræktun, brúargerð og lagningu vega. Og það friðaði öll Bláskógalönd, en það var hin bezta umbót á þeim forna þingstað. — En hátíðasalur skólans, hin forna fóstra Alþingis, varð útundan. Annaðhvort var hann gleymdur eða — geymdur. Þar var haldin heimilisiðnaðarsýning, meðan á hátíðahöldunum stóð. Að vísu var þannig hrörnun hans hulin tjöldum og dýrum dúkum um stund, svo að hann varð eigi að undri. En það þótti finnast á, að sögu hans væri ekki á lofti haldið. Hann var hafður útundan, og þegar tjöldin voru niður tekin, stóð hann slyppur eftir, einn allra sögustaða Alþingis.

Um það verður ekki deilt, að hátíðasalurinn þurfi viðgerða með. Hann er nú ósjálegur orðinn, og er það að vonum, því að ekki hefir verið við hann gert um margra ára skeið. Á síðustu árum hafa verið gerðar miklar umbætur á húsum skólans, en um þær hefir salurinn einnig orðið útundan. Svo sem eðlilegt er, hefir þótt brýnni þörf á því, að bæta kennslustofur, ganga og lestrarsal og gera heimavist.

Á síðastliðnu ári ritaði ég undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 bréf og fór þess á leit við hana, að hún léti gera við salinn. Nefndin taldi sig ekki geta orðið við málaleitun minni, en lýsti sig að öðru leyti samþykka henni og vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin taldi sig aftur ekki hafa heimild til að láta gera við salinn, nema Alþingi samþykkti, og hefir svo búið staðið síðan.

Af þeim ástæðum öllum, er nú hafa taldar verið, leyfi ég mér að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það láti endurbæta hátíðasal skólans svo sem honum hæfir og sómi er að fyrir þing og þjóð. Ætla ég, að margur muni svo mæla, sá er til þekkir, að Alþingi sé ekki vandalaust við þennan sal, og sé það eigi að óverðugu, þó að það sýni honum nokkra ræktarsemi í sambandi við afmælishátíð sína, eins og öðrum þeim stöðum, þar sem saga þess hefir gerzt.

Til nokkurrar leiðbeiningar vil ég leyfa mér að geta þess, hvernig ég hefi í höfuðdráttum hugsað mér viðgerð hátíðasalsins. Þegar ég tók að íhuga það, hversu gera skyldi við salinn, varð mér brátt ljóst, að viðgerðin yrði á einhvern hátt að festa í minnum manna sögu hans. Sá ég eigi annan veg til þess en þann, að láta mála þar mynd af einhverjum þeim atburði, er merkastur hefði orðið í sögu hans. Þurfti þá ekki lengi að velkjast í vafa um það, hver atburður sá væri, og gæti þar tæpast komið annar til greina en þau augnablik í lok þjóðfundarins 1851, þegar Jón Sigurðsson reis upp og mótmælti í nafni þjóðarinnar

framferði Trampe greifa. Ekkert atvik í sögu sjálfstæðisbaráttunnar mun bera hærra í vitund manna en einmitt þetta, og ekkert þeirra mun vera jafnvel fallið til þess að málast og það. Og þetta er vafalaust sá atburðurinn, sem sögulegastur hefir gerzt í sal skólans.

Í upphafi hugði ég helzt til þess, að þetta yrði málað á allan norðurvegg salsins og með kalkmálningu (Al fresco). Sneri ég mér því til Brynjólfs Þórðarsonar málara, sem þá var nýkominn heim frá París og hafði lagt þar stund á þessa tegund málaralistar. En við nánari rannsókn á veggnum, bæði efni og hlutföllum, kom það í ljós, að ekki væri gerlegt að mála á vegginn sjálfan, heldur yrði að mála á léreft og festa það síðan á vegginn. En af þessum undirbúningi öllum hafði málarinn fengið svo mikinn áhuga á þessu máli, að hann hét að gera frumdrátt að sögulegri mynd af lokum þjóðfundarins 1851. Læt ég fylgja hér með ljósmynd af uppdrætti þessum.

Þess skal getið, að næg eru efni til að mynd þessi gæti orðið sögulega nákvæm. Borð þau og sæti, er í salnum voru, meðan þar var þing haldið, eru til í safni Alþingis. Til eru og myndir af flestum þjóðfundarmönnum. En mér virðist ríða mjög á því, að málverkið yrði eins rétt, sögulega, og framast er unnt, þó að það hefði nokkurn kostnað í för með sér, svo sem með því, að flytja yrði húsbúnað allan upp í salinn, láta gera búninga eftir þeirra tíma tízku, fá til fyrirmyndir o. s. frv.

Salinn sjálfan höfum við málarinn hugsað okkur að fóðra yrði innan krossviði dökklituðum. Fer það vel, en er miklu ódýrara en að gera upp að nýju kalkhúð þá, sem er á veggjum og lofti. Í loftið ætti þá að setja aukabita (falska bita). Nú eru þar tveir og fara ekki allskostar vel, en ef fleiri væru, myndu þeir gefa salnum svip fornra riddarasala, og virðist oss það við hæfi. Læt ég einnig fylgja hér með skýringarmynd af því, hvernig við hugsum okkur tilhögun á salnum og viðgerð.

Enn yrði nauðsynlegt að fá ný sæti á salinn. Eru þar nú eigi önnur sæti en nokkrir bekkir, furðu fornfálegir og þó ljótir, en ásamt þeim eru fáeinir stólar af nýrri gerð, en ófagrir. Myndir þær, sem skólinn á af rektorum skólans, ætlumst við til að felldar yrðu inn í veggfóðrið, svo og mynd af Jóni Sigurðssyni og Kristjáni konungi VIII., er lét reisa skólahúsið. Mundu myndir þessar þá fara stórum betur en nú.

Þetta er þá í stórum dráttum hugmynd okkar Brynjólfs málara. Eftir er að telja eitt atriði enn, það er máli skiptir, en það er kostnaður sá, er slík viðgerð mundi hafa í för með sér. Er þá þar fyrst til að taka, sem málverkið er. Brynjólfur málari Þórðarson hefir þegar lagt allmikla vinnu í undirbúning og frumdrátt. Hefir hann fengið slíkan áhuga á málinu, að hann kveðst munu taka að sér að mála myndina fyrir þau ein laun, sem nægi honum fyrir efni og viðurværi, meðan á verkinu standi, en það telur hann vera um 3000,00 krónur. Verður varla annað sagt en að slíkt væri gjafverð fyrir sögulega rétta og vel gerða stórmynd af þjóðfundinum 1851. Viðgerð sú á salnum, sem ég hefi hér nefnt, mun mega áætla að kostaði 1500—2000,00 krónur, en sæti 1000—1500,00 krónur, eða viðgerðin öll um 5500—6500,00 krónur.

Að svo mæltu læt ég máli þessu lokið og fel það forsjá hæstvirtra for-

seta hins háa Alþingis, með þeirri vísu von, að þeir snúi því til leiðar á þann hátt, er bezt gegnir málefninu sjálfu og sæmd er að fyrir þing og þjóð.

Með mikilli virðingu

Pálmi Hannesson,
skólameistari Hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Nd. 131. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. VI. (Vitamál — Ýmislegt).
a. Fyrir »20000« kemur 22000
b. Við liðinn bætist athugasemd:
Þar af 2000 kr. til Ólafs Sveinssonar fyrrv. vitavarðar á Reykjanesi.

Nd. 132. Frumvarp

til laga um íbúðarhús á prestssetrum.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús, og má styrkurinn ekki vera lægri en 15000 kr. og ekki hærri en 18000 kr. til hvers húss.

3. gr.

Að því leyti sem styrkur samkvæmt 2. gr., að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrum, nægir ekki fyrir byggingarkostnaði, veitir

kirkjujarðasjóður lán til greiðslu hans, þó ekki yfir 8000 kr. á hús. Lán þessi ávaxtast og afborgast með 4% á ári, og eru af því 3½% vextir, en ½% afborgun.

4. gr.

Lán þau, er í 3. gr. getur, eru embættislán og tryggð með launum hlutaðeigandi prests, þeim er úr ríkissjóði greiðast, og má halda árlegum greiðslum eftir af launanum með jafnri fjárhæð á mánuði hverjum, enda er presti jafnan skylt að búa í húsi, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema leyfi biskups komi til.

5. gr.

Nú óskar prestur, að íbúðarhús sé reist á prestssetri, og skal hann þá senda beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins um hendur prófasts og biskups, sem skulu láta uppi álit sitt um nauðsyn prests. Í beiðninni skal lýst nákvæmlega ástandi bæjarhúsa, enda fylgi henni mat úttektarmanna á verðgildi þeirra.

6. gr.

Nú berst kirkjumálaráðherra beiðni samkvæmt 5. gr., og lætur hann þá, ef prófastur og biskup hafa mælt með beiðninni, byggingarfróðan mann rannsaka aðstöðu um innlent efni, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt af húsinu og kostnaðaráætlun. Stærð húss skal miðuð við aðstöðu á hverjum stað, og presti skal jafnan gefið tækifæri til að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara, enda greiðir hann sjálfur þann hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram styrk og lán eftir 2. og 3. gr., nema ófullnægjandi kostnaðaráætlun eða verðlagsbreytingum á vinnu eða efni verði um kennt, að dómi ráðherra. Þá greiðir ríkissjóður helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun.

Nú fær prestur ekki greitt þann hluta byggingarkostnaðar, er honum ber, og má þá kirkjujarðasjóður veita honum embættislán fyrir því, er til vantar, með sömu vöxtum sem í 3. gr. segir, en þrefalt hærri afborgun.

7. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur ráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirsmiðs skal húsameistari samþykkja.

8. gr.

Helmingur styrks þess, er í 2. gr. getur, greiðist er ráðuneytið fær skilríki fyrir því, að meginhluti efnis sé komið á byggingarstaðinn, enda sé timbur vátryggt. Hinn helmingur styrksins greiðist þegar húsið er fokhelt. Lánsféð greiðist þegar ráðuneytinu hafa borizt fullnægjandi skilríki frá trúnaðarmanni sínum, um að húsið sé fullgert eftir uppdrætti og vel vandað í öllu.

9. gr.

Nú berast ráðuneytinu fleiri beiðnir presta um íbúðarhús en svo, að veitt

upphæð í fjárlögum hrökkvi til, og skal þá taka til greina beiðnir þeirra, sem brýnasta hafa þörf.

10. gr.

Umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á prestssetrum skulu komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár.

11. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans.

12. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum eftir að ráðstafað hefir verið fjárveitingu, sem fyrir hendi er til byggingar á prestssetri, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að reisa íbúðarhús samkvæmt þessum lögum, að því leyti sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestakallsins hrekkur ekki til endurbyggingar.

13. gr.

Prestur skal á eiginn kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Prófastur og biskup skulu líta eftir á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt, og skýra ráðuneytinu frá, ef áfátt er. Ef prestur lætur hjá líða að bæta úr þessu eftir að hann hefir fengið áminningu, er ráðuneytinu rétt að láta aðgerð fara fram á hans kostnað og taka greiðslu af launum hans.

14. gr.

Nú er reist hús á prestssetri eftir þessum lögum, og skal prestur þá árlega leggja fram ½% af styrk samkvæmt 2. og 18. gr. í sjóð, sem er eign prestakallsins og nefnist fyrningarsjóður. Sjóð þennan skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón biskups, en framlagi prests skal halda eftir af launum hans með $\frac{1}{12}$ á mánuði.

15. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands, og gætir biskup þess. Brunabótagjaldið greiðir prestur, og skal það tekið af launum hans þegar biskup óskar.

16. gr.

Þegar endurbyggja þarf hús vegna fyrningar, skal til þess nota það fé með vöxtum, sem í fyrningarsjóð prestakallsins hefir safnazt, eftir því sem með þarf, og skal Söfnunarsjóður inna það af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er greiðslu var krafizt.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, er endurbyggja þarf íbúðarhús, eða við brottför prests úr kalli, að viðhaldi var áfátt, og skal þá prestur eða dánarbú hans bæta eftir mati úttektarmanna.

18. gr.

Ef húsameistari ríkisins telur ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, þá er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr kirkjujarðasjóði, og séu tveir þriðju hlutar þess styrkur en þriðjungur lán, er ávaxtist og endurgreiðist með 4½% á ári. Þar af eru 3½% vextir og 1% afborgun. Að öðru leyti fer um endurbætur þessar eða viðbyggingu eftir sömu reglum og þá er ný hús eru reist á prestssetrum, eftir því, sem við getur átt.

19. gr.

Nú hefir reist verið eða endurbætt íbúðarhús á prestssetri eftir eldri lögum, fjárlögum eða stjórnarráðstöfunum, og er presti þá ekki skylt að greiða hærri upphæð samtals í vexti og afborgun af lánum, sem veitt hafa verið til byggingarinnar, eða afgjald af byggingarstyrk, en honum bæri að greiða af íbúðarhúsi, sem reist er eða endurbætt eftir lögum þessum, og aldrei yfir 320 kr. Auk þess annist hann á sinn kostnað vátryggingu og viðhald eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum um ný hús, og greiði árlegt gjald í fyrningarsjóð, er nemi ½% af láni eða styrk, þó ekki yfir 80 kr.

II. KAFLI.

Um byggingar peningshúsa.

20. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld og kvaðir á ábýlisjörðum sínum og því, er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum úr steinsteypu eða timbri og járni, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlöður teljast með peningshúsum.

21. gr.

Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald samkv. 17. gr., og lætur ráðuneytið þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef hún reynist nauðsynleg, lætur ráðuneytið hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 6. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkv. þeim uppdrætti eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

Ríkissjóður leggur fram járn og steinlím til byggingarinnar.

22. gr.

Þegar peningshús hefir verið reist samkv. lögum þessum, skal það tekið

út af trúnaðarmanni ráðuneytisins. Og ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

23. gr.

Nú er, að dómi ráðuneytisins, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús en svo, að 3 ára eftirgjald og kvaðir á prestssetrinu hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum. Lánar ráðuneytið þá fé úr kirkjujarðasjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járni og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ráðuneytisins.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

24. gr.

Lán samkv. 22. gr. eru embættislán, gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurborgast með 4½% á ári. Af því eru 3½% vextir og 1% afborgun.

25. gr.

Ábúandi greiði árlega 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í „fyrningarsjóð peningshúsa".

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 13. gr.

26. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 14. og 16. gr. um fyrningarsjóð íbúðarhúsa.

27. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flyzt burtu áður en afgjöld prestssetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans samkv. 18. og 22. gr., og endurgreiðir þá ráðuneytið fráfaranda eða dánarbúi hans það, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Verði á einhverjum tíma ekki fé fyrir hendi í kirkjujarðasjóði til að veita lán samkv. lögum þessum, veitir ríkisstjórnin þá lánsupphæð, er á vantar, úr ríkissjóði, með sömu kjörum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30, 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, 20. okt. 1913.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er áþekkt frumvarpi því, sem stjórnin flutti á þingi 1930. Það hefir orðið að samkomulagi, að nefndin flytti frumvarp þetta, en einstakir nefndarmenn hafi óbundið atkvæði um einstök atriði þess. Að öðru leyti vísast til greinargerðar milliþinganefndar í kirkjumálum, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Frumvarp þetta er í tveim köflum og er síðari kaflinn nýmæli. Þykir því greinilegra að gera athugasemdir um hvorn kafla út af fyrir sig.

I. KAFLI.

Á Alþingi 1907 voru fyrst sett lög um byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum (l. nr. 30, 16. nóv. 1907). Fyrir þann tíma voru engin lög til um þetta efni og ekkert fast skipulag ríkjandi um húsabyggingar, hvorki um fjárframlög til þeirra, né um framkvæmd verksins, gerð húsanna eða frágang á þeim. En sú venja hafði myndazt, að prestar fengju lán til bygginganna, ýmist úr landssjóði eða í Landsbankanum. Lánskjörin voru þau, að landssjóðslánin voru látin ávaxtast með 6% árlega í 28 ár, en bankalánin voru veitt með erfiðari kjörum, eða 6% ársvöxtum og lánstíminn 10—20 ár. En þó að lánskjörin væru eigi hagstæðari en þetta, urðu húsin eigi að síður eign prestakallsins, en ekki eign prestsins, og prestinum var eigi aðeins skylt að greiða vexti og afborganir af láninu heldur og að svara álagi á allt húsið, er hann fór frá prestakallinu, þótt hann hefði reist það að miklum hluta af eigin efnum.

Með lögum nr. 30, 16. nóv. 1907 var það ákveðið, að veita 15000 króna lánsfé úr landssjóði árlega, til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestsetrum landsins, þó þannig, að ekkert einstakt lán færi fram úr 3000 krónum. Samkv. lögum þessum voru á árunum 1908—1912 veitt lán til 28 prestakalla, en meiri hluti lána þessara fór til lánskjarabreytinga, eða til að kaupa áður reist íbúðarhús.

Þegar kom fram um 1912, hafði byggingarkostnaður húsa aukizt svo, að prestar hættu að sjá sér fært að ráðast í byggingar með þeim kjörum, sem lögin frá 1907 veittu þeim, enda hafði allmikill hluti byggingarkostnaðar einatt fallið á þá sjálfa, stundum meira en að hálfu.

Með lögum nr. 25, 20. okt. 1913 voru lán til íbúðarhúsa ákveðin allt að 5000 kr. til hvers, en jafnframt mælt svo fyrir, að eigi skyldu veitt lán nema til 3ja nýbygginga árlega, enda voru þá sett strangari skilyrði en áður um gerð húsanna og frágang. Samkv. þessum lögum var aðeins reist eitt hús, næsta ár á

eftir að þau gengu í gildi. Síðan skall heimsstyrjöldin á og öll sú verðhækkun, sem af henni stafaði. Styrjaldarárin öll og næstu 3—4 árin þar á eftir voru engin íbúðarhús reist á prestsetrum landsins, nema 2 eða 3 torfbyggingar. Er þó auðsætt, að brýn nauðsyn var orðin, að hafizt væri handa um framkvæmdir til húsabóta á prestsetrunum. Húsakynni voru víða orðin mjög forn og hrörleg, jafnvel einnig á ýmsum þeim prestsetrum þar sem byggt hafði verið fyrir lánsfé áður en húsabyggingalögin frá 1907 komu í gildi, því að fyrir þann tíma höfðu hvergi verið reist hús af varanlegri gerð.

Á Alþingi 1921 er húsabyggingamál prestsetranna tekið upp að nýju. Var þar samþykkt að veita styrk á fjárlögum, til að byggja bæi eða hús á 3 prestsetrum. Ágreiningur varð um það með hvaða kjörum styrkurinn skyldi veittur. Fjárveitinganefnd neðri-deildar lagði einróma til, að styrkurinn skyldi veitast án þess að nokkur afgjaldskvöð legðist á prestsetrin. En aðrir héldu fram því ákvæði fjárlagafrumvarpsins, að afgjald jarðanna hækkaði um 6% af styrkupphæðinni árlega, til loka yfirstandandi matstímabils prestsetursjarðanna, en þá yrði jörð og hús metin í einu lagi (Alþt. 1921, B. 1124). Tillaga fjárveitinganefndar var felld með litlum atkvæðamun, en síðar á þessu þingi var afgjaldskvöðin lækkuð niður í 4% af styrkupphæðinni. Þannig komst á sú regla, sem fylgt hefir verið síðan, að veita á fjárlögum styrk til húsabóta gegn afgjaldsnækkun.

Á tímabilinu 1922—28 hafa verið byggð 14 prestseturshús úr steinsteypu með þeim skilmálum, að til þeirra hefir verið veitt 5000 kr. lán, skv. lögum nr. 25, 20. okt. 1913, og styrkur á fjárlögum fyrir því, sem húsið kostaði fram yfir lánsupphæðina. Þessi 14 íbúðarhús munu hafa kostað ríkissjóð, að meðaltali, yfir 25 þús. króna hvert. Munu þó nokkur þeirra vera ófullgerð enn, — jafnvel dæmi um að hús liggi undir stórskemmdum af þeim orsökum. Auk þess munu mörg þessara húsa vera ófullkomlega útbúin að hitunartækjum.

Þar sem húsin urðu svona dýr, hefir kirkjustjórninni ekki þótt fært að framfylgja út í æsar ákvæði fjárlaga 1921 og síðan um afgjaldshækkun. Því að allvíða hefði þá árgjaldið af íbúðarhúsinu, með fyrningar- og brunabótagjaldi og öðrum kvöðum (sýslusjóðsgjaldi o. s. frv.) numið um og yfir helmingi af byrjunarlaunum prestsins. Hefir kirkjustjórnin því í framkvæmdinni fylgt þeirri reglu, að láta afgjald jarðanna hækka um 400 kr. (4% af 10.000 króna styrk). Þar við bætast svo vextir og afborganir af 5000 kr. láni, auk fyrningar- og brunabótagjalds. — Það sem styrkurinn nam fram yfir 10.000 kr. var afgjaldsfrítt eða, með öðrum orðum, hvert nýtt hús var þegar í upphafi „afskrifað“ um meira en 10000 kr. að meðaltali, niður í 15000 kr. hvert.

En þó að kirkjustjórnin hafi sýnt þessa linkind um framkvæmdina á nefndu ákvæði fjárlaganna, þá hafa samt sem áður lagzt svo þungar kvaðir á prestsetrin með hinum nýju húsum, að prestunum hefir þótt varla undir þeim risandi, enda hefir það komið í ljós, að prestar hafa lagt kapp á að komast burtu, í annað prestakall, eftir að þeir höfðu byggt upp staðinn. Mun nú og mega finna dæmi þess, að prestakall, sem að mörgu leyti er aðgengilegt, hefir staðið autt, af þeirri orsök einni, að þar er nýtt íbúðarhús, er þungar kvaðir hvíla á.

Eftir skýrslu, er biskup hefir gefið um húsakynni á prestsetrum lands-

ins, virðast það eigi vera færri en 40—50 hús á prestsetrum, er byggja þarf upp að nýju á næstu 15 árum, eða að jafnaði 3 á ári hverju.

Skiptir því eigi litlu, að fundið verði heppilegra skipulag um framkvæmdir bygginganna en verið hefir, og um leið hagstæðari skilmálar fyrir þá, sem húsanna eiga að njóta.

Frá sjónarmiði löggjafarvaldsins mun mest áherzla verða lögð á þá hlið byggingarmáls prestsetranna, að finna, ef unnt er, ráð til að koma upp íbúðarhúsum fyrir lægra verð en hingað til, eða með minni kostnaði fyrir ríkissjóð. Við samningu þessa frv. hefir og verið reynt að finna þau ráð, er að gagni mættu koma í þessa átt. Af þeim ákvæðum frv., er einkum virðast skipta máli í því efni, má benda á þessi:

1. Að tryggja sem bezt nægan **undirbúning** bygginganna, (sbr. t. d. 4. og 8. gr. frumvarpsins).
2. Að herða á **eftirliti** með framkvæmd bygginganna
3. Að **dreifa byggingarkostnaðinum**, — leggja á prest og söfnuð nokkurn hluta hans, þ. e. kostnaðarliði, sem óhægast er að áætla og hafa eftirlit með (sbr. 5. gr.).
4. Að örva þá, sem hagsmuna eiga að gæta um bygginguna (prest og söfnuð) til að inna af hendi frjáls framlög (sbr. 5. gr., 4. málslið).
5. Að leggja þá **áhættu** á prestinn, að hann verði að greiða úr eigin vasa byggingarkostnaðinn, að því leyti, sem hann kann að fara fram úr sanngjarnri áætlun (sbr. 5. gr. 2. lið).

Öll þau atriði, er hér voru nefnd, miða að því, að halda byggingarkostnaðinum í hófi og tryggja á annan hátt hugsmuni ríkissjóðs. En flestir munu viðurkenna, að sanngjarnt sé, enda óhjákvæmilegt, að prestum verði búin betri kjör um afgjald af íbúðarhúsum en hingað til hefir átt sér stað. Með frv. um byggingar- og landnámssjóð hefir löggjafarvaldið viðurkennt það sem óhjákvæmilega nauðsyn að styrkja mjög ríflega af opinberu fé, þá sem búa í sveitum landsins, til þess að **eignast** vönduð íbúðarhús af varanlegri gerð. Öll sanngirni virðist mæla með því, að svipuð stefna verði hafin um húsabyggingar á prestsetrum, að því er við verður komið, og það því fremur, sem þau hús eru opinberir embættisbústaðir í umsjá ríkisins. Í því sambandi er og á það að líta, að samkv. gildandi lögum og einnig samkv. þessu frv., ber prestinum að annast árlegt viðhald hússins, bera kostnað af brunatryggingu þess, og ennfremur að leggja árlega fé í sjóð, er, eftir eigi mjög marga áratugi, verður nægilega stór til þess að endurbyggja húsið (sbr. 12. gr. og aths. við hana). Og loks er þess að gæta, að eigi alllítill hluti af kostnaðarverði húsanna stafar af því, að þau eru byggð með það fyrir augum, að þau geti enzt mörgum kynslóðum, með góðu viðhaldi, og er vitanlega fjarstæða. að ætla þeim prestum, sem nauðsynlega þarf að byggja hjá, að bera einir þann kostnað.

Eins og áður er vikið að, hafa að meðaltali 10—12 þús. kr. af kostnaðarverði hvers prestseturshúss, sem byggt hefir verið síðan 1922 (miðað við húsin fullgerð), verið veittar sem kvaðalaus styrkur. Hefir verið litið á þá ráðstöfun sem óhjákvæmilega nauðsyn, enda jafnan látin óátalin af þingi og þjóð. Í frv. þessu er að sjálfsögðu ákveðið, að til hvers nýs húss verði eftirleiðis sem hingað

til veittur kvaðalaus styrkur, er nemi framangreindri upphæð. En það nýmæli fylgir þessu ákvæði hér, að styrkur þessi skuli veittur sem **fyrsta framlag** til húsanna, þannig, að hinar **fyrstu** 10—12 þús. kr. af verði hvers húss séu afgjaldslausar. Mun þetta ákvæði ólíkt betur fallið til að skapa prestinum aðhald um að gæta sparnaðar og hagsýni við framkvæmd byggingarinnar heldur en núgildandi venja, að sú upphæð sé kvaðalaus, sem húsið kostar fram yfir 15 þús. kr., hvort sem það skiptir fleiri eða færri þúsundum, svo að jafndýrt er að búa í ódýrasta húsinu sem hinu dýrasta.

Ef nú er athugað, að hverju leyti sé í þessu frv. búið betur að hag presta um afgjald af íbúðarhúsum en verið hefir, þá eru það tvö atriði, sem benda má á. Annað er framlag safnaðarins (sbr. 5. gr.), sem enga afgjaldskvöð skapar. Hitt atriðið er hinn kvaðalausi styrkur, sem að vísu er ekki neitt nýtt aukið framlag frá ríkissjóðs hálfu, frá því sem verið hefir, en verður þó að teljast til hagsbóta fyrir prestana, af því að það veitir öllum jafna aðstöðu og — gagnstætt því, sem tíðkazt hefir — veitir hlutfallslega mesta ívilnun þeim, sem bezt gæta hagsýni og sparnaðar. Hinsvegar er prestum samkv. þessu frv. að sumu leyti íþyngt, jafnvel allverulega, frá því sem nú er, svo sem með ákvæði 5. gr., um framlag til bygginganna, en þó aðallega með því ákvæði sömu greinar, er gerir presti að greiða sjálfum kostnaðarverð hússins, að því leyti, sem það kann að fara fram úr sanngjarnri áætlun. Verður að geta þess hér, að meðal nefndarmanna var ágreiningur um þetta ákvæði, og töldu sumir það mjög ósanngjarnt, bæði af því, að áætlanir eru ekki óskeikular og taka ekki ávallt tillit til aðstöðu, sem getur verið mjög misjöfn, svo og sökum þess, að ríkisstjórnin hefir samkv. frv. rétt til töluverðrar íhlutunar um framkvæmd byggingarinnar, svo að presturinn er þar ekki einráður, og verður það þá næsta óeðlilegt, að hann **einn** beri ábyrgð á því, ef áætlun, sem hann hefir engan þátt átt í að gera, reynist ekki rétt. Aftur á móti telja aðrir nefndarmenn þetta ákvæði nauðsynlegt til að veita prestinum aðhald um að gæta sparnaðar og hagsýni, enda muni ekki til þess koma, ef gætt sé hagsýni, að kostnaðarverð þurfi að fara fram úr áætlun. — Þá er í frv. ekki gert ráð fyrir, að kostnaðarverð húss, fyrir utan framlög prests og safnaðar, fari nokkru sinni fram úr 20 þús. kr., en sú hefir þó orðið reyndin um langflest þau hús, sem byggð hafa verið undanfarin ár. En í trausti þess, að með skipulegum framkvæmdum takist að gera húsin ódýrari en verið hefir, er fallið frá að gera ágreining um þetta atriði.

Samkv. frv. þessu getur árgjald prests af nýju íbúðarhúsi orðið sem hér segir:

1. Vextir og afborgun af 8000 kr. láni	kr.		320,00
2. Fyrningargjald	—		60,00
3. Brunabótagjald	ca.	—	50—80,00
	Kr.		460,00

Við þessa upphæð má bæta vöxtum og afborgunum af framlagi prestsins, svo og af kostnaðarverði, að því leyti, sem það kann að fara fram úr áætlun.

Mun varla verða talið sanngjarnt, eða yfirleitt fært, að gera prestum að greiða hærra árgjald af íbúðarhúsum.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum, fá prestar væntanlega nokkra bót frá núverandi kjörum, en þó munar hitt meiru, sem útgjöldum er létt af ríkissjóði, frá því sem nú er.

Að því er efni I. kafla frv. snertir vísast að öðru leyti til aths. um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eins og að framan er sagt, er hér ætlazt til, að **frumstyrkur** til íbúðarhúsbygginga sé vaxtalaus og viðlika há upphæð eins og hingað til hefir að meðaltali verið veitt kvaðalaust sem **síðasta** framlag. Virðist þetta miklu heppilegri regla en hin eldri. Þegar kvaðirnar færast nú yfir á síðustu framlögin til hússins, þá gefur það þeim, sem byggir, hvöt og aðhald til að gæta allrar hagsýni og sparnaðar. Samkvæmt þessari reglu er nokkurn veginn jafnhár styrkur veittur til allra íbúðarhúsa, í stað þess, að áður var styrkurinn mestur til dýrustu húsanna, svo að eigi varð þyngri kvöð á húsi, er kostaði t. d. 30 þús. kr. en öðru, er kostaði 20 þús. kr.

Óhjákvæmilegt virðist að byggð verði að jafnaði ekki færri en 3 prestseturshús árlega, en eigi þykir þó heppilegt að hafa fastbundnari ákvæði um þetta efni í lögum en hér er gert.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessarar greinar er ætlazt til, að Kirkjujarðasjóður veiti nauðsynlegt embættislán til húsbygginganna, með sömu kjörum og lán skv. lögunum um þessi efni frá 1907 og 1913. Jafnframt er lánsupphæðinni sett hér hámark, það er 8000 kr., svo að styrkur og lán samanlagt getur aldrei farið fram úr 20 þús. kr. Er þetta hámark meira en 5 þús. kr. lægra en meðalkostnaðurverð húsa hefir orðið undanfarin 5—6 ár.

Ætlazt er til, að lánveiting verði að jafnaði hálfu lægri en frumstyrkur.

Um 3. gr.

Það nýmæli er í grein þessari, að vexti og afborganir lánsins megi draga frá launum prestsins með jafnri upphæð á mánuði hverjum. Virðist það báðum aðilum hagkvæmt.

Um 4. gr.

Ákvæði þessi miða að því að tryggja, að eigi sé ráðizt í nýjar byggingar, nema þar sem þess er full þörf, og ennfremur, að sem bezt sé vandað til undirbúnings af hálfu ríkisstjórnar. Niðurlagsákvæði greinarinnar á að tryggja að efniskaup til bygginganna geti orðið sem hagkvæmust og ódýrust.

Um 5. gr.

1. Hér er reynt að lækka framlög ríkisins til bygginga þessara frá því, sem verið hefir, með því að dreifa nokkru af kostnaðinum á prest og söfnuð. Virðist hagkvæmt og eigi ósanngjarnt, að þeir, sem eiga að njóta hússins, beint eða

óbeint, leggi eitthvað á sig við að koma því upp. Verður og hægara fyrir ríkisstjórnina að láta gera áreiðanlega kostnaðaráætlun, er þessir kostnaðarliðir eru fallnir burt og koma eigi til reiknings.

2. Fremur getur orkað tvímælis, hvort sanngjarnt sé það ákvæði greinarinnar, að láta prestinn greiða úr eigin sjóði þá upphæð, er kostnaðarverð hússins kann að fara fram úr áætlun. — En sú upphæð hefir oftast að undanförnu numið þúsundum króna. — En ákvæði þetta er sett til þess að knýja prestinn til að gæta allrar hagsýni og sparnaðar um framkvæmd byggingarinnar, og þann veg tryggja, að húsin verði ríkissjóði aldrei dýrari en óumflýjanleg þörf krefur. Réttari aðferð en þessi, og þó nægilega örugg til aðhalds um sparnað og hagsýni, myndi þó að dómi 3 nefndarmanna vera sú, að veita prestinum sérstakt lán, samsvarandi þeirri upphæð, er byggingarkostnaður færi sannanlega fram úr áætlun, og gæti lánið þá verið með sömu kjörum sem lán til peningshúsa.

   Er vel hugsanlegt, að fátækur prestur gæti að öðrum kosti eigi látið fullgera húsið, sem þá er eyðingu undirorpið.

3. Ákvæði um skekkju í áætlun virðist vera jafnnauðsynlegt fyrir hagsmuni beggja aðila.

4. Það virðist réttmætt, að löggjöfin stuðli að því að hvetja aðra aðila til að leggja fram meira en ákveðið er með lögum, eins og Skútustaðasöfnuðir buðust til að gera og Alþingi tók vel og taldi eftirbreytnisvert. (Sbr. Alþt. 1925, B. 439—440 og fjárlög 1926, 14. gr. A).

Niðurlagsákvæði greinarinnar á að tryggja að allrar vandvirkni verði gætt sem bezt um frágang húsanna. Er þess því fremur þörf, að ríkisstjórnin hafi fulla heimild til eftirlits og íhlutunar, þar sem svo mikið aðhald er sett um að gera húsin sem ódýrust.

Um 6. gr.

Þar sem flutningskostnaður á byggingarefni innan kaupstaða og kauptúna er hverfandi samanborið við flutningskostnað til sveita, virðist eigi ósanngjarnt, að sú kvöð sé lögð á það sveitar- eða bæjarfélag, er prestur situr í, að leggja til ókeypis lóð, þar sem og má ætla, að sveitarfélaginu sé það beinn og óbeinn hagur, að prestur sitji þar.

Ætla má, að svo fjölmennur söfnuður, sem talað er um í öðrum málslið greinarinnar, sé fær um að koma upp húsi handa presti (prestum) sínum, gegn styrk þeim, sem þar er gert ráð fyrir. Verður þetta og að teljast mjög hagkvæmt atriði fyrir ríkissjóð, þar sem óhjákvæmilegt mundi ella að hafa þá presta í sérstökum launaflokki, sem hæsta húsaleigu verða að greiða.

Um 7. gr.

Það þykir rétt að lánið sé tekið í einu lagi, og að það sé síðasta greiðslan. Ábúandi fær húsið til afnota, um leið og hann tekur lánið. Er rétt að kvaðirnar falli þá á samtímis.

Áríðandi er að úttekt fari þegar fram.

Um 8. gr.

Hús á prestsetrum munu stundum hafa orðið nokkru dýrari en nauðsynlegt var, vegna þess að of stuttur tími leið frá því, að afráðið var að byggja og þar til að verkið var hafið, og undirbúningur því eigi nægur. Ákvæði þessarar greinar miða að því að tryggja að prestur, sem ætlar að byggja, hafi nægan undirbúningstíma.

Verður að teljast heppilegt, og jafnvel nauðsynlegt, að ríkisstjórnin geri jafnan áætlun um það fyrirfram, a. m. k. fyrir hver næstu 2 ár, hvar reisa skuli prestseturshús.

Um 9.—11. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt ákvæði greinar þessarar verður fyrningarsjóður minni húsanna orðinn 12 þús. kr. eftir 45 ár, en 20 þús. kr. eftir rúm 57 ár, með núverandi vöxtum Söfnunarsjóðs. Samsvarar það fyllilega verði húsanna í byrjun, og er vart hægt að gera ráð fyrir að hús úr varanlegu efni endist styttri tíma.

Um 13. og 14. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 15. gr.

Þar sem hús þessi eru opinber eign og ætluð til opinberra afnota sem embættisbústaðir, þykir rétt að þau njóti skattfrelsis svo sem aðrar samskonar byggingar.

Um 16. gr.

Rétt þykir að veita styrk og lán til gagngerðra endurbóta á íbúðarhúsum á prestsetrum, ef endurbæturnar geta komið í stað endurbyggingar. Þó þykir nauðsynlegt að lán til endurbóta afborgist á styttri tíma en lán til nýrra húsa.

Um 17. gr.

Vegna samræmis þykja þessi ákvæði nauðsyn, þar sem ella kæmi fram augljóst misrétti gagnvart einstökum prestaköllum.

II. KAFLI.

Um efni annars kafla eru engin ákvæði áður í lögum, heldur hefir umboðsstjórnin orðið að haga þar eftir ástæðum í hvert sinn.

Við rannsókn úttekta prestsetranna hefir það komið í ljós, að víðast fylgja jörðunum fá og léleg peningshús, og á nokkrum sveitaprestsetrum jafnvel engin, en sumstaðar fylgir þó ákveðin upphæð í peningum. Aðalvenjan hefir verið sú, að prestur hefir reist flest peningshúsin sjálfur, eða keypt þau af fráfaranda.

Meðan lítið verð lá í húsum þessum og vinna var ódýr gat þetta fyrirkomulag haldizt. Prestar fundu og ekki svo mjög til þess, fremur en aðrir bændur á þeim tíma, þótt allmikill hluti vorvinnunnar, a. m. k. í rigningasveitum, færi í að endurreisa og gera við húsin.

Nú eru, sem betur fer, þeir tímar með þjóðinni, að varhugavert þykir að eyða vinnu og fé í það, sem ekki gefur varanlegri árangur.

Umboðsstjórnin hefir því á stöku stað veitt lán til vandaðra fjós- og hlöðubygginga á prestsetrum, einkum í rigningasveitum.

En á síðasta áratug hefir skapazt ný bráðabirgðaúrlausn í þessu efni. Stundum hefir staðið svo á, þegar viðtakandi hefir verið ungur kandidat, námsskuldum hlaðinn, að hann hefir ekki getað keypt húsin af fráfaranda, í viðbót við bústofn og annað. Hefir ríkisstjórnin þá keypt þau í því ástandi, sem þau komu fyrir, með matsverði. Sama hefir og úrlausnin orðið vegna bónda, ef prestakall hefir staðið óveitt. Viðtakandi hefir þá orðið að greiða vexti og afborgun af þeirri upphæð, en hinsvegar ekki fengið úttekt á hús þessi, — sem hann mun þó eiga rétt til —, af því að viðurhlutamikið hefir þótt að greiða álagið af almannafé. Þetta verður að teljast mjög athugavert. Húsin hafa oft reynzt illa og á prestsetrin hlaðizt þannig vaxta- og afborgunargreiðslur, en þau sjálf litlu bættari. Því vafi mun leika á, hvort ábúandi er við burtför skyldur að svara til viðhalds og álags á þau hús, sem honum hafa aldrei verið afhent með úttekt.

Hin forna landsvenja, að prestur eigi sjálfur að mestu öll peningshús staðanna, veitir ekki lengur neina viðunandi úrlausn þessa máls. Þykir því þörf að setja sérstök lög um þessi efni, og er gerð tilraun til þess í öðrum kafla frumvarps þessa.

Er þar í aðalatriðum fylgt sömu reglu, er löggjafarvaldið hefir áður aðhyllzt, að ábúandi á þjóðjörð eða kirkjujörð fái að vinna af sér afgjaldið með endurbótum á jörðinni sjálfri. Samkv. jarðræktarlögunum mega ábúendur kirkjujarða vinna af sér afgjaldið með jarðabótum. En þótt jarðabætur séu nauðsynlegar, verður þó á sumum prestsetrum, fyrst um sinn a. m. k., enn brýnni þörf nýrra peningshúsa. Fyrir því er lagt til, að þar sem prestur eða ábúandi óskar, geti ríkisstjórnin, ef henni þykir nauðsynlegt, veitt honum heimild til að vinna af sér allt jarðarafgjald og allar áhvílandi kvaðir fyrirfram, með peningshúsabyggingum úr varanlegu efni á jörðinni.

Þetta er aðalhugsun annars kafla frumvarps þessa.

Hinsvegar er það nú af öllum viðurkennt, að af hverri sveitabyggingu, sem nú er reist úr varanlegu efni, verði þegar að afskrifa allmikinn hluta kostnaðarverðsins. Þetta hefir löggjafarvaldið einnig sýnt með lögum um byggingar- og landnámssjóðs. Þykir rétt og sanngjarnt að löggjafarvaldið viðurkenni þetta einnig gagnvart sínum eigin leiguliðum og starfsmönnum og veiti nokkurn frumstyrk til þessara bygginga, þar sem líka er verið að reisa varanleg hús fyrir komandi kynslóð. Er því lagt til að ríkissjóður leggi fram andvirði járns og steinlíms til byggingarnna, enda tryggja þessi efni sérstaklega varanleik þeirra.

Í frumvarpinu er þó svo um búið að framlag ríkissjóðs hverfi eigi í sand, svo sem venja er um „afskrifaðar“ upphæðir, heldur er presti gert að greiða 1% af framlagsupphæðinni í sjóð, er nefnist „Fyrningarsjóður peningshúsa“. Með

því ákvæði er reynt að tryggja það, að ríkissjóður þurfi ekki að styrkja til endurbyggingar þeirra húsa, er hann eitt sinn hefir veitt styrk til, heldur sé þegar í stað tekið að leggja grunn undir endurbyggingu þeirra. 1% fyrningargjald af hverjum 1000 kr. er ríkissjóður leggur fram í járni og steinlími, nemur 1000 kr. eftir 33$^{1}/_{10}$ ár, en 2000 kr. eftir 45 ár, með núverandi vöxtum Söfnunarsjóðs.

En svo lengi má gera ráð fyrir, að vandað steinsteypt hús með járnþaki endist með þeim ströngu ákvæðum um viðhald, sem sett eru í frumvarpinu. Er þá stefnt að því, að öll nauðsynleg hús á prestsetrum landsins endurbyggi sig sjálf.

Með þessu móti þykir líklegt að prestsetrin byggist upp smám saman, einnig að peningshúsum, og endurbyggist án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð.

Aðalreglan mun verða sú, að prestur reisir húsin og Prestlaunasjóður endurgreiðir honum framlag sitt smám saman, án vaxta, með eftirgjaldinu, sem honum mundi annars heimilt að vinna af sér með jarðabótum. Verða þá húsin opinber eign fyrir frumstyrkinn einan, sem þó er tryggt að verði varanleg eign með fyrningarsjóðnum. Verða það ólík kaup fyrir ríkið að fá varanleg hús, sem endurbyggja sig sjálf, fyrir ekki meiri útborinn eyri en andvirði járns og steinlíms, — með ö. o. venjulega afskriftarupphæð sveitabygginga, — eða hlíta úrlausn undanfarandi ára, að kaupa af fráfaranda gömul hús í ýmislegu ástandi, sem viðtakandi hefir með réttu ekki getað við unað, og falla á fám árum. Því að óhjákvæmilegt er að ríkissjóður verði fyrir **verulegum** halla, ef haldið er áfram á þeirri braut.

Þess verður vel að gæta, að prestsetrin verði ekki yfirbyggð. Nákvæma reglu um þau atriði er vandi að setja í lögum. En rétt þykir að taka það fram, að eigi er rétt að lög þessi taki til meiri peningshúsbygginga á hverjum stað en yfir þann fénað, er einn maður hirðir í haganlegum húsum um vetur, nema þá að alveg sérstaklega standi á.

Í frumvarpi þessu eru því rík ákvæði um það, að ríkisstjórnin hafi fullt úrskurðarvald um hvort bygging sé nauðsynleg.

Um einstök atriði, svo og um þær byggingar, er sérstaklega stendur á um, vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 18. gr.

Eins og kunnugt er, eru peningshús — þar með taldar hlöður — allflestra prestsetra landsins svo fá og í því ásigkomulagi, að við það verður ekki unað til frambúðar. Sjálfsagt hefir því þótt að ríkið hvetti og styrkti til að reisa og endurbyggja peningshúsin, og þá fyrst og fremst með því að heimila að verja megi afgjaldi jarðanna til þessa.

Sjálfsagt er að ábúandi njóti sömu hlunninda þótt hann sé ekki prestur.

Um 19. gr.

Rétt þykir að hafa lík fyrirmæli um undirbúning peningshúsbygginganna á prestsetrum og fyrirmæli 4. gr. laga þessara um undirbúning íbúðarhúsbygginganna.

Oft hafa dýrar byggingar misheppnazt vegna of mikils sparnaðar steinlíms og steypujárns. Og stundum hafa menn freistazt til að nota of þunnt þakjárn, sem orðið hefir endingarlaust. — Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við II. kafla frumvarpsins.

Með áætlun og eftirliti trúnaðarmanns ríkisstjórnarinnar á að vera fyrirgirt að framlag ríkissjóðs verði nokkru sinni um skör fram.

Um 20. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 21. gr.

Þegar ræðir um venjulegar peningshúsbyggingar má vænta að byggingarkostnaðurinn greiðist með eftirgjaldinu á fám árum, og verður lántaka þá sjaldnast nauðsynleg. Verður þetta oftast nær báðum aðilum hagkvæmt.

Öðru máli er að gegna þegar um stærri byggingar er að ræða, svo sem vönduð fjós með hlöðu. Þykir þá óhjákvæmilegt að heimila lántöku, og virðist hagkvæmast og eðlilegast að Kirkjujarðasjóður veiti þau lán. Augljóst er þá að ábúandi prestseturs, er slík hús byggir, verður töluvert fram að leggja úr eigin vasa, enda ættu þessar húsabætur að verða ábúandanum sjálfum til hagsbóta.

Á sumum stöðum landsins er flutningskostnaður útlends efnis mjög tilfinnanlegur, — er þar einkum haft í huga hafnleysissvæði Suðurlandsundirlendisins, — og þykir því nauðsynlegt að létta undir með þeim einstaklingum, er þar eiga hlut að máli, með því að heimila lántöku með góðum kjörum fyrir helmingi flutningskostnaðar.

Ástæða er til að taka það fram hér í athugasemd, að rétt þykir að fjósbyggingar, sem lán er veitt til, séu að jafnaði með steinsteyptu lofti. Hefir húsameistari byggingar- og landnámssjóðs skýrt frá, að venjulega þurfi það litlu að muna á kostnaði, en endingin margföld.

Um 22. gr.

Sá munur er gerður í lögum þessum á lánskjörum til íbúðarhúsa og peningshúsa á prestsetrum, að árleg afborgun peningshúsalánanna er ½% hærri en til íbúðarhúsanna, því að það þykir rétt, að þessi lán standi nokkru skemur, enda ættu þau sjaldnast að vera há.

Lán þessi afborgast á 34 $^{7}/_{100}$ árum, en fyrningarsjóður er nokkru fyrr orðinn jafnhár og frumstyrkur.

Um 23. gr.

Augljóst er að sama nauðsyn er á að safna í fyrningarsjóð til endurbyggingar peningshúsa eins og íbúðarhúsa. Og þegar ríkið veitir framlag til þessara bygginga, virðist sjálfsagt að tryggja að það verði varanleg eign, og er það gert með þessu ákvæði.

Þar sem frumstyrkur ríkissjóðs verður miklum mun lægri til þessara húsa en íbúðarhúsanna, þykir nauðsynlegt að ákveða hér helmingi hærra hundraðs-

gjald í fyrningarsjóð, til þess að húsin geti eigi að síður endurbyggzt án opinberra útgjalda.

Um 24. gr.

Réttara þykir að hafa sérstakan sjóð fyrir hvert prestakall, en ekki sameiginlegan fyrir þau öll, og er það líka í samræmi við ákvæði um „Fyrningarsjóð íbúðarhúsa".

Um 25. gr.

Sjálfsagt virðist að endurgreiða dánarbúi eða burtfluttum ábúanda á prestsetri það, er hann hefir greitt í afgjaldi fyrirfram með varanlegum byggingum á jörðinni. Er þetta ákvæði einkum nauðsynlegt vegna dánarbúanna.

Um 26. gr.

Þar sem fé Kirkjujarðasjóðs er að miklu bundið í veðdeildar- og skuldabréfum og því eigi víst að hann hafi ávallt nægt handbært fé, þykir þetta sjálfsagt ákvæði.

Nd. 133. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrarlán fyrir eitt ár í senn fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur á þessu ári hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 150000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og alþingismönnum er kunnugt, hefir gengið treglega með sölu á sjávar- og landbúnaðarafurðum þessa árs, vegna hins sérstaka ástands í markaðslöndunum. — Meðal annars liggur mikill hluti fiskjarins nú þegar tilbúinn til útflutnings, og hafa bankarnir að langmestu leyti lánað fé út á fiskinn, bæði kostnaðinn við að veiða hann og verka. — En jafnframt því, að fé bankanna er fast í framleiðslu landsmanna, þarf að greiða erlendar vörur, þær er lands-

menn flytja inn. — Teljum vér því fulla nauðsyn á því, að útvegað sé erlent lánsfé til þess að komast yfir erfiðasta tímabilið, svo að eigendur innlendrar vöru verði ekki knúðir til að selja hana fyrir óeðlilega lágt verð. —

Nd. 134. Frumvarp

til laga um Ríkisveðbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Ríkisveðbanki Íslands. Heimili bankans og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að kaupa íslenzk skuldabréf, sem út eru gefin af peningastofnunum, sem veita lán gegn fyrsta veðrétti í fasteignum. Fjár til skuldabréfakaupa þessara aflar bankinn með því að gefa sjálfur út skuldabréf, er nefnast skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands, og selja þau á innlendum eða erlendum peningamarkaði.

3. gr.

Til tryggingar skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands eru:

a. allar eignir bankans,
b. ábyrgð ríkissjóðs.

Má aldrei meira vera í umferð í senn af skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands en svo, að bankinn eigi jafnháa upphæð að gullgildi í skuldabréfum þeim, sem ræðir um í 8. gr., og auk þess tryggingarsjóð, er nemi að minnsta kosti ⅙ af upphæð skuldabréfa þeirra, sem í umferð eru.

4. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út í flokkum, og þarf samþykki fjármálaráðherra til útgáfu hvers flokks. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð skuldabréfanna, svo og um vaxtaupphæð og eindaga á vaxtagreiðslum. Skuldabréfin skulu öll háð innlausn, eftir útdrátt eða við kaup á verðbréfamarkaði, og kveður stjórn bankans nánar á um útdrátt og innlausn skuldabréfa hvers flokks. Skuldabréfin skulu undirrituð af stjórn bankans og af fjármálaráðherra.

5. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út til handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans eiganda að kostnaðarlausu. Svo getur og eigandi skulda-

bréfa fengið þau geymd endurgjaldslaust í fjármálaráðuneytinu, á ábyrgð ríkisins, og gefur þá fjármálaráðuneytið eiganda út geymsluskírteini um bréfin. Vextir af bréfum, sem þannig er komið í geymslu, sér fjármálaráðuneytið um, að sendir séu eiganda fyrir milligöngu bankans, í ávísunum, er greiðast eiga á einhverjum þeirra staða, þar sem greiðsla vaxta af skuldabréfunum og greiðsla útdreginna skuldabréfa á fram að fara. Sama gildir um skuldabréfsupphæðina við innlausn bréfsins, enda skili eigandi fjármálaráðuneytinu þá geymsluskírteininu.

6. gr.

Greiðsla vaxta af skuldabréfunum og innlausn útdreginna skuldabréfa fer fram í þeim peningastofnunum eða verzlunarhúsum innanlands eða utan, sem stjórn bankans kveður á um.

7. gr.

Fjárhæð skuldabréfa Ríkisveðbanka Íslands skal ákveðin í íslenzkum krónum, en þó má einnig ákveða hana í dönskum, norskum eða sænskum krónum, frakkneskum frönkum, sterlingspundum eða amerískum dollurum. Ávaxta má fé ólögráða manna í skuldabréfum þessum, og skulu þau jafnan njóta sömu undanþágu frá skatti eða stimpilgjaldi til ríkissjóðs Íslands, sem skuldabréf útgefin fyrir ríkisskuldum Íslands erlendis njóta.

8. gr.

Skuldabréf þau, er Ríkisveðbanki Íslands kaupir samkv. 2. gr., eru aðeins
skuldabréf veðdeildar Landsbanka Íslands og
skuldabréf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Hvortveggja þessi skuldabréf skulu gefin út á grundvelli fyrsta veðréttartryggingar í fasteign, er eigi nemi meiru en $\frac{3}{5}$ hlutum af virðingarverði hverrar fasteignar. Þau skulu vera háð innlausn að fullu, og tryggð með sameiginlegri ábyrgð lántakenda, eftir því sem segir í lögum og reglugerðum þessara veðdeilda, svo skal og vera löglegt að ávaxta fé ólögráða manna á Íslandi í bréfum þessum.

9. gr.

Í stjórn Ríkisveðbanka Íslands eiga sæti einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, einn af bankastjórum Búnaðarbanka Íslands og einn gæzlustjóri. Fjármálaráðherra skipar stjórn bankans til 3 ára í senn. Bankastjórarnir hafa ekki sérstök laun fyrir störf sín, en ráðherra ákveður laun gæzlustjóra.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans.

10. gr.

Bankastjórnin sendir fjármálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs ágrip af reikningum bankans, en í hver árslok ýtarlega skýrslu um starfsemi bankans á árinu og ársreikning hans. Reikninginn lætur fjármálaráðuneytið endurskoða, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Kostnaður allur við stjórn bankans og starfsemi greiðist af arðinum af starfsemi hans. Hrökkvi arðurinn eigi til greiðslu kostnaðarins, greiða Landsbanki Íslands og Búnaðarbanka Íslands það, sem á vantar, að tiltölu við skuldabréfakaup Ríkisveðbankans af hvorum banka þessara um sig á reikningsári bankans, því, sem um er að ræða. Tekjuafgangur, er verða kann á starfsemi bankans, rennur í tryggingarsjóð hans, sbr. 3. gr., en þar til tryggingarsjóður þessi hefir náð þeirri lágmarksupphæð, sem greinir í 3. gr., leggja Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands, að þeirri tiltölu sem að ofan greinir, fram það, sem á kann að vanta, að tryggingarsjóðurinn nemi lágmarksupphæðinni.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra í samráði við stjórn Landsbankans. Tilgangurinn með því er að greiða fyrir fjáröflun til fasteignaveðlána, bæði fyrir landbúnaðinn og kaupstaðina, og að leggja grundvöll að varanlegu fyrirkomulagi í því efni.

Mál þetta er aðallega undirbúið af Jóni Krabbe skrifstofustjóra, og hefir hann ráðfært sig við útlenda fjármálamenn. Er frv. samið með hliðsjón af tillögum þeirra og útlendri reynslu.

Nd. 135. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, framlengist fyrir árin 1931 og 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt fyrir tilmæli fjármálaráðherra. Hefir félagið snúið sér til hans með beiðni um, að hann legði þetta mál fyrir þingið. Fylgir bréf félagsins hér með.

H.f. Eimskipafélag Íslands.

Reykjavík, 21. júlí 1931.

Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Hæstvirti fjármálaráðherra.

Vér höfum veitt því athygli, að lög nr. 33 frá 7. maí 1928, um skattgreiðslu félags vors, giltu aðeins til síðustu áramóta.

Á fundi stjórnar félags vors þann 2. marz 1931 var gerð svo hljóðandi fundarsamþykkt þessu viðvíkjandi:

„Samþykkt var að fara fram á það við ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, nr. 33 frá 7. maí 1928, fyrir árin 1931 og 1932".

Yður til athugunar um þetta mál, þykir oss rétt að geta þess, að skrifstofustjóri Skattstofunnar hefir áður, eftir tilmælum vorum, reiknað út, hversu mikið félagi voru hefði borið að greiða í tekju- og eignarskatt til ríkisins, ef það hefði ekki verið undanþegið skattgreiðslu samkvæmt nefndum lögum, og hefði félag vort eftir þeim útreikningi átt að greiða skatt sem hér segir:

Árið 1924		Ekkert
— 1925	kr. 8.442.41	
— 1926		—
— 1927		—
— 1928		—
— 1929	— 9.702.38	
— 1930	— 6.036.75	

Reikningur félagsins fyrir síðastliðið ár, sem að nú er fullgerður, sýnir, að tekjuhalli hefir orðið á rekstri félagsins, sem nemur **kr. 242.690.87**, svo að ekki kemur til skattgreiðslu á þessu ári. Hjálagt leyfum vér oss að senda yður prentað eintak af reikningnum.

Ennfremur viljum vér leyfa oss, með tilvísun til 3. greinar nefndra laga, að geta þess, að vér höfum þegar á þessu ári veitt 93 manns ókeypis far milli landa, samkvæmt úthlutun Menntamálaráðs Íslands.

Með skírkotun til ofanritaðrar fundarsamþykktar félagsstjórnar vorrar, viljum vér hérmeð leyfa oss að fara þess á leit við yður, hæstvirtur ráðherra, að þér leitið samþykktar háttvirts Alþingis, sem nú situr að störfum, á framlengingu nefndra laga, eins og félagsstjórn vor leyfir sér að óska eftir í fundarsamþykktinni.

Virðingarfyllst,

H.f. Eimskipafélag Íslands

G. Vilhjálmsson.

Ed. 136. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

a. Orðin: „sem er 12 rúmlesta eða stærra“ í fyrstu málsgr. falli niður.
b. Við lagatilvitnun í niðurlagi fyrstu málsgr. bætist: 17. gr.
c. Síðasta málsgreinin falli niður.

Alþingi, 28. júlí 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller.

Ed. 137. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Fár sjávarútvegsnefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með, að frv. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Alþingi, 28. júlí 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.	Jakob Möller.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson, Einar Arnórsson.

Upphaf 1. gr. laga nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar við byggingu sundhallar í Reykjavík, sem nú er í smíðum, allt að 250 þúsund krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, en varð ekki endanlega afgreitt vegna þingrofsins. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar lögin um sundhöll í Reykjavík voru sett árið 1928, lá fyrir Alþingi áætlun húsameistara ríkisins um, að kostnaðurinn við byggingu sundhallarinnar mundi verða um 200 þúsund kr., og ætlaðist Alþingi til, að helmingur kostnaðarins yrði greiddur úr ríkissjóði, enda var það í samræmi við ákvæði þau, sem sett voru í fjárlög á sama þingi og síðan hafa verið í fjárlögum, um að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar og sundskýli.

Þegar húsameistari ríkisins fór síðan að gera endanlegan uppdrátt af væntanlegri sundhöll, varð niðurstaðan sú, að ekki var mögulegt að byggja hana fyrir 200 þúsund krónur, eða neitt nálægt því, ef fullnægja ætti þeim kröfum, sem ríkisstjórnin gerði til hennar.

Eftir margvíslegar samningaumleitanir við ríkisstjórnina og tilraunir húsameistara til að draga sem mest úr kostnaði, fekkst loks samþykki ráðherrans á uppdrætti af sundhöll, sem bæjarstjórnin samþykkti, og er áætlað kostnaðarverð hennar 480—500 þúsund krónur, og mun sú áætlun vera frekar lág, að því er borgarstjóri telur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar látið byrja á byggingu sundhallarinnar í því trausti, að Alþingi fallist á að greiða úr ríkissjóði helming kostnaðarins, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, og er þetta lagafrumvarp borið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar, sem væntir þess, að Reykjavíkurborg fái í þessu efni að njóta jafnréttis við önnur sveitarfélög, eða jafnvel einstaklinga, sem koma upp sundlaugum og sundskýlum“.

Nd. 139. Breytingartillögur

við till. til þál. um útvarp símskeyta.

Frá Jóni A. Jónssyni.

a. Fyrir „símskeytum“ í meginmáli till. kemur: talskeytum.
b. Fyrir „símskeyta“ í fyrirsögn kemur: talskeyta.

Ed. 140. Breytingartillögur

við frv. til laga um framlengingu á gildi laga um verðtoll.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (Jóni Þorlákssyni).

1. Fyrir „1933“ í frvgr. komi: 1932.
2. Frvgr. verði 1. gr., og aftan við bætist 2. gr., svo hljóðandi:

Auk þeirra vörutegunda, sem undanþegnar eru verðtolli samkvæmt 1. gr. B. laga nr. 47, 15. júní 1926, skulu og þessar vörutegundir undanþegnar verðtolli:

Ávextir og grænmeti, þurrkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Kex, kökur og brauð hverskonar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið og saltað. Smjör.

Ed. 141. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Einn nefndarmanna (JónÞ) vill samþykkja tillöguna óbreytta, en meiri hl. (MT og IP) leggur til, að hún verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „árið 1931“ komi: til 30. september 1931.

Alþingi, 27. júlí 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Magnús Torfason, fundaskr.	Jón Þorláksson.

Nd. **142. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1932.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1932 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	280000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	900000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1220000
4.	Aukatekjur	500000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	375000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	80000	
			1375000
11.	Útflutningsgjald		900000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	450000	
	Flyt ...	450000	3495000

		kr.	kr.
	Flutt ...	450000	3495000
13.	Tóbakstollur	1000000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	180000	
16.	Vörutollur	1450000	
17.	Verðtollur	1550000	
			5480000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
	Samtals ...	... ...	9025000

3. gr.

		kr.	kr.
	A.		
I.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1.	Rekstrarhagn. Póstsjóðs	9656	
2.	— Símans	358242	
3.	— Víneinkasölu	650000	
4.	— Ríkisprentsmiðju	40000	
5.	— Ríkisvélsmiðju	30000	
6.	— Vífilsstaðabús	4000	
7.	— Kleppsbús	3000	
	Samtals ...	... ...	1094898
II.	Frá dregst rekstrarhalli útvarpsins	... ...	68150
	Eftir ...	... ...	1026748
	Sundurliðun.		
	Póstsjóður.		
I.	Tekjur		550000
II.	Gjöld:		
1.	Laun:		
a.	Eftir launalögum 110000		
b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur 80000		
c.	Bréfhirðingamenn 24000		
		214000	
2.	Póstflutningar	200000	
	Flyt ...	414000	550000

		kr.	kr.
	Flutt ...	414000	550000
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	16000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	24000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	15000		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	11344		
		126344	
			540344
Fært á 3. gr. A. I. 1		... ...	9656
Síminn.			
I. Tekjur			1800000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		50000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	320000		
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	25000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000		
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	11000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	270000		
6. Áhaldahúsið	7000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	15000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000		
10. Símastöðin á Borðeyri	6000		
11. Símastöðin í Hafnarfirði.	7500		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000		
13. Símastöðin á Siglufirði	7500		
14. Til aukaritsímaþjónustu	5000		
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	120000		
16. Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.	85400		
Flyt	963400	50000	1800000

		kr.	kr.
	Flutt 963400	50000	1800000
17. Til uppbótar á launum:			
a. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927	18700		
b. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl.	4000		
	22700		
18. Til Steindórs Björnssonar	1200		
19. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600		
		987900	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		45000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna		60000	
e. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000	
f. Viðhald landssímanna...		185000	
g. Áframhaldsgjald		25000	
h. Til kennslu fyrir símamenn		2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
j. Ýms gjöld		6000	
k. Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)		67858	
l. Slysatrygging...		1500	
			1441758
Fært á 3. gr. A. I. 2		... ...	358242
Eignahreyfingar.			
Út.			
I. Afborgun af láni L. M. Ericsson			55600
II. Til viðauka símakerfa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl....			60000
III. Til nýrra símalína		... ...	70000
Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 4		... ...	185600
Víneinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó af vörusölu)			821000
II. Gjöld:			
a. Yms rekstrarkostnaður		165000	
b. Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...		6000	
			171000
Fært á 3. gr. A. I. 3		... ...	650000

		kr.	kr.
Útvarpið:			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	18800		
2. Útvarpsstöðin	60000		
3. Útvarpssalur	30000		
4. Útvarpsefni	60000		
5. Skrifstofan...	28000		
6. Óviss gjöld	10000		
		206800	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		32250	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		29100	
			268150
II. Tekjur			200000
Fært á 3. gr. A. II. tekjuhalli			68150
Eignahreyfingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			30000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Tekjur af silfurbergi			1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.			3500
5. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		53000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350 þús.)	21700		
2. Ýms rekstrarkostnaður...	25800		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3500		
		51000	
			2000
Samtals ...		... ...	36600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		10000
2. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
4. Aðrir vextir...		58000
Samtals ...	... ...	268000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		134113,54
2. Dönsk lán, danskar kr. 144258,34 á 122.00		175995,17
3. Ensk lán, £ 32436 - 14 - 10 á 22.15		718473,34
Samtals ...	... ...	1028582,05

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins, 60 þús. danskar kr. á 122.00		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til alþingiskostnaðar		225000
2.	Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4200
3.	Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4087
	Samtals ...	... ...	233287

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1.	Til ráðherra:			
	a. Laun...	35400		
	b. Til risnu	8000		
			43400	
2.	Til utanferða ráðherra..		6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		83000	
4.	Annar kostnaður		55000	
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
	b. Til pappírs og prentunar	14000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
			15900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		8000	
8.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
				241967
II.	Hagstofan:			
1.	Laun		13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
	Flyt ...		25000	241967

		kr.	kr.
	Flutt ...	25000	241967
3. Prentun eyðublaða.		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
6. Til að gefa út manntalið 1703...		1000	
			58000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	6000		
c. Kostnaður við embættið	29000		
d. Til skrifstofuhalds...	20000		
		75000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14600	
3. Ríkisráðskostnaður		4800	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		1000	
			95400
	Samtals ...	... ...	395367

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun..		31400	
b. Annar kostnaður, allt að		5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.			
			36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra.. ...			150000
3. Laun hreppstjóra..			25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:			
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara		26000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting		4200	
c. Ýms gjöld		5000	
	Flyt ..	35200	211400

	kr.	kr.
Flutt ...	35200	211400
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	2500	
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		37700
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollritara	30380	
c. Aðstoð og aukavinna	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
e. Innheimtukostnaður	15000	
f. Ýms gjöld, allt að	17000	
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		94700
a. Laun 2 fulltrúa og 6 skrifara	29000	
b. Húsaleiga	5000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	3500	
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		39900
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni ... ... (Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		21250
12. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		110000
13. Borgun til sjódómsmanna		2000
14. Borgun til setu- og varadómara		5000
15. Fyrning á hegningarhúsi (sjá 20. gr.)		1770
Samtals A. ...	... ...	955720
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
	2. Vélar 330000 á 6 %	19800	
	3. Möstur 150000 á 3 %	4500	
	4. Jarðstrengur o. fl. 130000 á 3 %	3900	
	Fyrningar-»prósentan« á 3 síðustu liðunum er sett samkv. áliti forráðamanna útvarpsins, en af húsinu er hún í samræmi við fyrningar á öðrum steinhúsum ríkisins.		
			29100
IV.	Vegamálin:		
	1. Áhaldahús ríkisins, t. 62404		1248
	Samtals ...	... ...	151738

		kr.	kr.
	Á 14. gr.		
I.	Menntaskólinn og Íþaka, s. 63300, t. 294123		6515
II.	Menntaskólinn á Akureyri, t. 350000		7000
III.	Kennaraskólinn, t. 93478		1869
IV.	Stýrimannaskóli, t. 64321		1286
V.	Kirkjustræti (viðk. Háskólanum), t. 27492		549
VI.	Hvanneyrarskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 140000	1400	
	2. Leikfimishús, geymsluhús, s. 13000	130	
			1530
VII.	Hólaskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 155000	1550	
	2. Leikfimishús o. fl. smábyggingar, s. 16400 ...	164	
			1714
VIII.	Eiðaskóli:		
	1. Skólahús, s. 150000	1500	
	2. Íbúðarhús, t. 9000	180	
			1680
IX.	Daufdumbraskóli, s. 61783, t. 17863...		975
	Samtals ...	... ...	23118
	Á 15. gr.		
I.	Listasafnshús, s. 129476		1295
II.	Safnahús, s. 681554		6815
	Samtals ...	... ...	8110

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9025000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1026748	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	36600	
			1063348
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		268000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	... ...	10406348

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10406348,00
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353905,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000,00
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Skemmtanaskattur	75000,00
	Greiðslujöfnuður (tekjuhalli)	473785,03
	Samtals	11378038,03

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum

irlit.
rlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1028582,05
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreiknings		233287,00
0. gr.	Til ríkisstjórnarinnar	955720,00	395367,00
1. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	194000,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur		1149720,00
2. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		680765,00
3. gr. A.	Vegamál	889278,00	
— B.	Samgöngur á sjó	449600,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	358590,00	
			1697468,00
4. gr. A.	Kirkjumál	280450,00	
— B.	Kennslumál	1386762,00	
			1667212,00
5. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		195220,00
6. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1791800,00
7. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		831350,00
8. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		245958,98
9. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstrarafgangur		316417,97
	Samtals	... ...	10406348,00

lit.

		kr.
	Út:	
.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10089930,03
	Aðrar útborganir:	
0. gr. I.	Afborganir lána	921108,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	167000,00
— III.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Samtals	11378038,03

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands fyrir allt að 85000 kr., eða veita því styrk allt að þessari upphæð, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1931, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að kaupa fyrir fé kirkjujarðasjóðs mannvirki þau, er séra Ólafur Stephensen á í Bjarnanesi, og hentugt virðist, að staðnum fylgi.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1932, svo og uppbót á þá fjárhæð, effir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 143. Frumvarp

til laga um bæjarstjóra í Neskaupstað.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar skal láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu kjósenda í bænum um, hvort bæjarstjóri skuli kosinn.

Nú fæst ekki meiri hluti atkvæða með því að kjósa bæjarstjóra, og má þá, með árs millibili, láta samskonar atkvæðagreiðslu fram fara um þetta.

2. gr.

Eftir að samþykkt hefir verið að kjósa sérstakan bæjarstjóra, skal málefnum kaupstaðarins stjórnað af kjörnum fulltrúum, og kýs bæjarstjórnin forseta sinn.

3. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, er greiðast úr bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir tillögurétt og málfrelsi á fundum bæjarstjórnar, en ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjóri er gjaldkeri bæjarins.

4. gr.

Strax eftir að samþykkt hefir verið að kjósa bæjarstjóra, skal bæjarstjórnin láta fram fara kosningu eins bæjarfulltrúa og varamanns til að fullskipa bæjarstjórnina.

5. gr.

Eftir að ákveðið hefir verið að kjósa bæjarstjóra og þar til hann er löglega kosinn og tekur við starfanum, skal bæjarfógeti annast starfann.

6. gr.

Frá þeim tíma er lög þessi koma til framkvæmda, skal bæjarfógetinn í Neskaupstað hafa sömu laun úr ríkissjóði og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

7. gr.

Að öðru leyti en hér er fram tekið fer um störf bæjarstjóra og kjörtímabil samkv. lögum nr. 59, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 43, frá 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og lögum nr. 48, frá 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

8. gr.

Lög þessi koma þegar í stað í gildi og breytist þá 6. gr. í lögum nr. 48, frá 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, þannig, að í stað tölunnar „8“ komi: 9, og að í stað orðsins „oddvita“ í síðustu málsgrein 9. gr. komi: bæjarstjóra.

En úr gildi falla þessi ákvæði í sömu lögum:

a. Síðari málsgrein 4. greinar „hann hefir á hendi“ o. s. frv.
b. 5. gr. nefndra laga.
c. Orðin „auk oddvita“ í annari málsgrein 8. gr.

Svo og öll önnur ákvæði í lögum og reglugerðum, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Síðan Neskaupstaður fékk bæjarréttindi, hefir það ávallt verið að koma betur og betur í ljós, að mjög óheppilegt er að mörgu leyti, að bæjarfógeta- og bæjarstjórastarfið sé sameinað. Veldur þetta oft ýmiskonar árekstri, sem getur verið óþægilegur og óheppilegur bæði fyrir bæjarfógetann og kaupstaðinn eða bæjarstjórnina.

Það skipulag, sem nú er, var sett af sparnaðarástæðum, bæði fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð. Þá var út frá því gengið, að einn maður gæti með dálítilli aðstoð annazt bæði þessi störf. Var því launagreiðslum til bæjarfógeta skipt milli bæjarsjóðs og ríkissjóðs, þannig að af 4500 króna byrjunarlaunum bæjarfógetans var ríkissjóði ætlað að greiða ⅓ hluta, eða 1500 krónur, sem að vísu skyldu hækka á 10 árum í 2500 krónur, en bæjarsjóði ⅔, eða kr. 3000,00.

Gert var ráð fyrir, að bæjarsjóður greiddi eitthvert skrifstofufé og ríkissjóður legði fé í þessa skrifstofu eftir sömu reglum og til annara embættismanna. Þegar þetta var ákveðið, vissu menn ógerla, hvernig þetta mundi gefast, og þótt þá þegar væri bent á ýmsa annmarka á þessu fyrirkomulagi, sem greinilega höfðu komið í ljós annarsstaðar, varð það ofan á að reyna þessa samsteypuleið.

Reynslan, sem fengizt hefir, er sú, að þetta starf er allt of stórt fyrir **einn** mann, jafnvel þótt hann hafi mann sér til aðstoðar. Afleiðingin verður sú, að annaðhvort starfið verður útundan, nema meira fé sé til þessa veitt, og gengur sú fjárgreiðsla þá út yfir bæinn, þar sem bæði föst laun og skrifstofufé bæjarfógetans er fastákveðið af ríkissjóði.

Má glögglega sanna það með tölum, að svona sé þetta. Árið 1929 greiddi ríkissjóður bæjarfógeta:

Föst laun	kr. 1500,00	+ dýrtíðaruppbót
Skrifstofufé	— 1500,00	
Samtals	kr. 3000,00	

Bæjarsjóður greiðir sama ár bæjarstjóra:

Föst laun	kr. 3000,00	+ dýrtíðaruppbót
Laun starfsmanns	— 3000,00	
Annað skrifstofufé	— 3000,00	
Samtals	kr. 9000,00	

Auk þessa kostnaðar hefir bærinn orðið að launa lögregluþjóni með 3600 króna árslaunum, og verður starf hans að miklu leyti að létta undir með bæjarfógeta við innheimtu ríkissjóðstekna og tollgæzlu. Útgjöld ríkissjóðs við embættið eru þá kr. 3000,00 á móti **kr. 12600,00** frá kaupstaðnum.

Fyrir ekki stærri bæ en Neskaupstaður er er þetta allt of há upphæð, sérstaklega ef þess er gætt, að mikill hluti af hinu nauðsynlega **eftirlitsstarfi** bæjarfógeta verður útundan, þar sem hann er mestan hluta dagsins bundinn nauðsynlegum störfum í skrifstofum bæjarins og bæjarfógetaembættisins.

Gleggsta sýnishorn þess, hverju ranglæti Neskaupstaður er beittur í þessu efni, má fá í landsreikningum fyrir 1929. Af þeim er það ljóst, að 9 af lögsagnar-

umdæmum landsins eru lægri miklu hvað tekjur snertir til ríkissjóðs en Neskaupstaður, en þau eru þessi:

1.	Dalasýsla	23 þús. kr.
2.	Rangárvallasýsla	22 — —
3.	Árnessýsla	43 — —
4.	Strandasýsla	58 — —
5.	Skaftafellssýsla	59 — —
6.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ..	100 — —
7.	Skagafjarðarsýsla	101 — —
8.	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	106 — —
9.	Húnavatnssýsla	122 — —
	en Neskaupstaður	**124 þús. kr.**

Hærri en Neskaupstaður eru 10 lögsagnarumdæmi. Með tilliti til þessa er fyllilega sanngjarnt, að bæjarfógetastarfið hér verði launað svipað og önnur slík embætti, og ber einnig að gæta þess í þessu sambandi, að í öllum öðrum lögsagnarumdæmum hafa sýslumennirnir hreppstjórana sér til aðstoðar eða fleiri eða færri skrifstofumenn, en hér hvílir öll innheimta og eftirlit með löggæzlu, skipum o. s. frv. á þessum eina manni, sem er lægra launaður úr ríkissjóði en nokkur annar starfsmaður í líkri stöðu. Þar sem slík útgjöld úr bæjarsjóði til stjórnar bæjarmálanna og löggæzlu og þau, sem nefnd eru hér að framan, eru allt of há fyrir bæinn, hefir orðið að fella niður lögregluþjónsstarfið, sem þó er mjög svo nauðsynlegt hér. Hefir það nú þegar komið í ljós, að nærri ógerningur er að komast af án lögregluþjóns, og einnig, að það eykur mjög störf bæjarfógeta fyrir ríkissjóð, þar sem lögregluþjónninn vann ýms af þeim störfum áður, s. s. eftirlit með skipum, tollgæzlu o. fl. En vegna hins mikla kostnaðar er ekki unnt að breyta til aftur og taka upp lögregluþjónsstarfið fyrr en ríkissjóður hefir tekið að sér að sjá að öllu leyti fyrir bæjarfógetaembættinu, svo það verði ekki baggi á bæjarsjóði, en það verður með því móti einu, að störfin verði aðgreind, svo sem nú er víðast hvar annarsstaðar orðið.

Á síðasta Alþingi var flutt frumvarp um það, að þeir bæjarfógetar, sem jafnframt eru bæjarstjórar og eiga sæti í bæjarstjórn, skuli ekki hafa þar atkvæðisrétt. Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi snerta Neskaupstað. Afleiðing þess yrði sú, að bæjarfógetinn mundi enn meira en áður skoða sig sem starfsmann ríkisins, og með samþykkt þessa frumvarps yrði raunverulega öllu sambandi milli hins ríkisskipaða bæjarstjóra — bæjarfógetans — og bæjarstjórnarinnar að fullu slitið. Hann yrði að vísu bæjarstjóri áfram, en með öllu óháður bæjarstjórn, því hún hefði engan íhlutunarrétt um launakjör hans og á ekki tilkall til starfskrafta hans nema að nokkru leyti. Auk þess mundi mikill ágreiningur milli bæjarstjórnar og bæjarfógeta geta haft skaðleg áhrif á mörgum sviðum, þó enn hafi slíkt ekki komið að sök. Eftir því, sem störfin við bæjarfógetaembættið aukast, og eftir því, sem bærinn sjálfur tekur meira af viðfangsefnum í sínar hendur, eftir því verður bærinn meira og meira afskiptur hvað starfskrafta bæjarfógetans snertir, og það er ógerningur fyrir bæinn að fá breytt til, hversu óánægðir sem bæjarbúar og bæjarstjórn yrðu með þetta fyrir-

komulag, því bæjarfógeti er bæjarstjóri að lögum og laun hans þar ákveðin, svo hvorki getur bæjarstjórn ráðstafað starfinu né launakjörum þess eftir því sem hagkvæmast væri fyrir bæinn.

Bæjarstjórnin er sammála um það, án tillits til flokka, að það fyrirkomulag, sem nú er, muni gefast því verr sem lengra líður og störfin verða umfangsmeiri. Það er og skoðun allrar bæjarstjórnarinnar, að mjög ósanngjarnt sé, að bærinn hér greiði ⅔ af launum bæjarfógeta, þar sem hér mun vera mun meira að gera fyrir þennan embættismann en er í flestum sýslum landsins, þar sem ríkissjóður launar að öllu sýslumennina og kostar sjálfur tollgæzlu. Bæjarstjórnin telur því alla sanngirni mæla með því, að ríkissjóður launi þessum starfsmanni sínum á borð við aðra, sem sömu störf vinna, og að bærinn fái sama rétt og aðrir kaupstaðir hafa nú fengið, að skipa sjálfur, án íhlutunar annara, stjórn sinna eigin mála.

Sú er von bæjarstjórnar og bæjarbúa í Neskaupstað, að Alþingi geti fallizt á frumvarp þetta og veiti bænum þær réttarbætur, sem í því felast.

Ed. 144. Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Eskifirði.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Eskifjarðarkauptún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan núverandi Eskifjarðarhrepp og heitir Eskifjarðarkaupstaður.

2. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er hin sama og Eskifjarðarkauptúns.

3. gr.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti í Eskifjarðarkaupstað og hafa á hendi öll hin sömu störf, sem bæjarfógetum almennt eru falin, gegn þeim launum, sem ákveðin kunna að verða.

Hann hefir á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sérstakan bæjarstjóra og gjaldkera, ef ástæða þykir til.

4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti eða bæjarstjóri, sem er oddviti og hefir atkvæðisrétt á fundum.

5. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sé útrunnið, skal þá kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

7. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafizt.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

17. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marzmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan 15 daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa sérstaklega verið á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

18. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu,

skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

19. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið í Eskifjarðarkaupstað. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1932. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar hinsvegar gera með sér samning um skipti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skipti, sker stjórnarráðið úr.

Greinargerð

fyrir frumvarpi þessu felst í fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru hér á eftir.

Fylgiskjal I.

Eskifirði, 17. júlí 1931.

Herra alþingismaður Ingvar Pálmason, Reykjavík.

Hinn 30. júní þ. á. kaus hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps oss undirritaða til þess að undirbúa og koma á framfæri beiðni til Alþingis um bæjarréttindi

handa Eskifjarðarkauptúni. Leyfum vér oss því að senda yður, herra alþingismaður, frumvarp til laga um bæjarstjórn í Eskifjarðarhreppi og væntum þess, að þér séuð fúsir til að flytja málið fyrir oss og til þess að afla því fylgis í þinginu.

Skömmu áður en Nesbúar fóru að berjast fyrir því að fá bæjarréttindi, var allmikið búið að ræða hér um nauðsyn slíkra réttinda handa Eskifirði, bæði á fundum og í fjölrituðu sveitarblaði. Þó varð ekki úr frekari framkvæmdum þá, og þegar það varð kunnugt hér, að Nesbúar væru teknir að berjast fyrir bæjarréttindum sér til handa og jafnvel búnir að koma beiðni um þau til þingsins, þótti Eskfirðingum ekki rétt að keppa við þá um réttindin, því þeir þóttust vita, að af því mundi aðeins leiða það, að málaleitun beggja þorpanna ætti erfiðara uppdráttar, en þó einkum Nesþorps, því þar var jafnframt um það að ræða að stofna nýtt embætti, og var það mjög notað til andþófs málinu. Vitanlega þóttust Eskfirðingar engu bættari, þó nágrönnum þeirra væri synjað um þessa sjálfsögðu réttarbót, og kusu því heldur að sitja hjá um hríð en að spilla fyrir þeim. Væntum vér, að sú hæverska verði ekki talin oss til foráttu né notuð til þess að halda fyrir oss þeim sjálfsögðu réttarbótum, sem vér nú förum fram á að fá.

Vér gerum ráð fyrir, að óþarft sé að gera yður sérstaka grein fyrir nauðsyn þessa máls. Í umræðunum á Alþingi um bæjarstjórn í Neskaupstað kom það greinilega fram, að flestum þingmönnum er ljóst, hve fráleit sveitarstjórnarlögin eru orðin fyrir fjölmennustu þorpin. Hér á Eskifirði hafa þau reynzt svo illa síðustu árin, að ekki er lengur við unandi. Skulum vér aðeins nefna það, hversu óhentugt og erfitt það er að þurfa að leita samþykkis sýslunefndar í öllum þeim tilfellum, sem sveitarstjórnarlögin ákveða, því oft hefir hreppsnefnd og sýslunefnd greint á, og stundum svo mjög, að til vandræða hefir horft. Þannig synjaði sýslunefnd á síðasta fundi sínum beiðni hreppsnefndar um heimild til 28 þúsund króna lántöku til ræktunar og rökstuddi þá synjun m. a. með því, að Eskifjörður mundi bráðum fá bæjarréttindi og bæjarstjórn, sem þá yrði einráð um málið. — Annars hefir sýslunefnd fyllilega séð nauðsyn þess, að Eskifjörður fái bæjarréttindi, og samþykkti hún á síðasta fundi sínum eindregin meðmæli með því, að kauptúnið yrði tekið í tölu kaupstaðanna og fengi bæjarstjórn.

Þess gerist naumast þörf að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, enda eruð þér vel kunnugur öllum staðháttum hér. En að sjálfsögðu erum vér reiðubúnir til þess að gefa yður allar þær upplýsingar, sem þér kunnið að óska að fá og vér getum í té látið.

Virðingarfyllst,

Einar Ástráðsson, Arnfinnur Jónsson, Páll Magnússon,
Vilhj. Lúðvíksson, Magnús Gíslason.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gerðabók sýslunefndar Suður-Múlasýslu.

Ár 1931, mánudaginn 27. dag aprílmánaðar, var aðalfundur sýslunefndar Suður-Múlasýslu settur í veitingasal Friðgeirs Hallgrímssonar á Eskifirði af oddvita sýslunefndarinnar, sýslumanni Magnúsi Gíslasyni.

. . . . . .

31. Lagt fram erindi frá stjórnum félaga jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna á Eskifirði um meðmæli sýslunefndar til þess, að Eskifjörður fái kaupstaðarréttindi. Vísað til allsherjarnefndar.

. . . . . .

44. Lagt fram erindi frá hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps um það, að sýslunefndin veiti meðmæli sín með því, að Eskifjörður fái kaupstaðarréttindi. Vísað til allsherjarnefndar.

. . . . . .

50. I. Allsherjarnefnd skilaði eftirtöldum málum:

Erindi íbúa og hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps (sjá tölul. 31 og 44). Allsherjarnefnd tekur þetta fram:

„Það virðist hafa stefnt að því undanfarin ár, að landhreppar og sjávarþorp, sérstaklega hin stærri, eigi ekki mörg sameiginleg áhugamál. Má þar t. d. benda á ýms stór félagsfyrirtæki, sem kauptúnin hafa með höndum, en sveitirnar ekki. Af þessu leiðir, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, og gildandi sveitarstjórnarlögum, geta sveitahrepparnir orðið hinum þrepskjöldur á vegi með ýmsar framkvæmdir í hinum stærri áhuga- og framfaramálum þeirra. Að öðrum kosti verða þeir að taka þátt í stórum ábyrgðum með sjávarþorpunum, og getur það orðið þeim til óþæginda eftir á.

Það er ljóst af reynslunni, að mótstaða í þessu efni getur tæplega gengið til lengdar, þegar kauptúnin eru svo vaxin, að skilyrði virðast fyrir hendi til þess að þau geti öðlast bæjarréttindi.

Þó að nefndinni sé það ljóst, að skilnaður sem þessi rýrir tekjur sýslusjóðs og fjárhagsleg aðstaða hreppa sýslunnar verður verri eftir skilnaðinn, þá virðist henni ekki rétt af sýslunefnd að standa á móti því, að Eskifjarðarhreppur fái ósk sína uppfyllta.

Nefndin ber því fram svo hljóðandi tillögu:

„Sýslunefndin ályktar að veita Eskifjarðarhreppi umbeðin meðmæli“.

Samþykkt í einu hljóði

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Magnús Gíslason.

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 18. júlí 1931.

Magnús Gíslason.

Fylgiskjal III.

Útskrift úr gerðabók Eskifjarðarhrepps.

Þriðjudaginn 30. júní 1931 var hreppsnefndarfundur haldinn á heimili oddvita .....

Þá var tekið fyrir:

.....

3. Kosnar nefndir:

.....

h. Bæjarréttindanefnd: Magnús Gíslason, Arnfinnur Jónsson, Páll Magnússon, Vilhjálmur Lúðvíksson, Einar Ástráðsson héraðslæknir.

.....

Fleira ekki tekið til meðferðar. Fundi slitið.

Vilhj. Lúðvíksson, Páll Magnússon, Arnfinnur Jónsson,
Karl Jónsson, Ó. H. Sveinsson, Guðl. S. Eyjólfsson.

Rétta útskrift staðfestir

Arnfinnur Jónsson,
oddviti.

Ed. **145. Frumvarp**

til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjárkyni og karakulafé frá Þýzkalandi til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi. Kaupverð fjárins og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem féð yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

3. gr.

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum eða þýzkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum eða þýzkum lögum því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi eða Þýzkalandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er ráðherra heimilt að leigja eða kaupa til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem féð flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álítur féð heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.

Ef féð er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé

er þar, og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir áliti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkví, skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að áliti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart, og fara með eftir ströngustu sóttvarnarreglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að fé er í sóttkví komið, og skal svo með fara sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkví eða taka þangað annað fé, fyrr en dýralæknir og formaður rannsóknarstofu atvinnuveganna telja óhætt.

8. gr.

Fé, sem í sóttkví er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

9. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma en hið innflutta fé, samanber þó 10. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

10. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkví, skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum ískyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

11. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er þá ósjúkt, að áliti dýralæknis, og er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönnum, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar, og greint frá hver viðurlög eru, ef út af reglunum er brugðið.

13. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Ef eigandi á sök á því, að kindin er lifandi, skal hann sæta sektum, en kindin vera eign ríkissjóðs.

Óheimilt er að selja öðrum einblendinga nema eigandi hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 16. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Gæta skulu hreppstjórar þess, hver í sínum hreppi, að ómerkingum, sem seldir eru sem óskilafé, sé lógað innan viku frá söludegi, ef hann telur nokkrar líkur á, að þeir séu einblendingar.

Eignist einblendingar afkvæmi, skulu þau vera eign ríkissjóðs, en eigandi sæta sektum, ef hann á sök á því.

14. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 16. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir, sem stunda einblendingsrækt, gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárins, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

17. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verða hér til verulegra hagsbóta, og er þá atvinnu-

málaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri, á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs.

19. gr

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. 146. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um útvarp símskeyta.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að eftirleiðis verði útvarpað frá Útvarpsstöðinni í Reykjavík öllum veðurskeytum og almennum talskeytum (öðrum en fréttaskeytum) til skipa og þeirra héraða, sem hafa ekkert eða ófullnægjandi talsímasamband.

Nd. 147. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ríkisveðbanka Íslands.

Frá Héðni Valdimarssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 8. gr.

a. Á eftir orðunum: „skuldabréf veðdeildar Landsbanka Íslands, skuldabréf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands“ komi: og skuldabréf byggingarsjóða samkvæmt l. nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði.
b. Fyrir „Hvortveggja þessi skuldabréf“ komi: Skuldabréf þessi.
c. Fyrir „þessara veðdeilda“ komi: þessara stofnana.

Nd. 148. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   C-liður 3. gr. laganna orðist þannig:
   að hann sendi skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfesta af skattanefnd.
2. Við 2. gr. Í stað „10“ komi: 5.
3. Við 5. gr. b-liður greinarinnar falli niður.
4. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þúsund krónur.
   Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. júlí 1931.

Lárus Helgason, form. og frsm.
Magnús Guðmundsson,
Steingr. Steinþórsson, með fyrirvara.
Pétur Ottesen.
Bjarni Ásgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 149. Þingsályktun

um lengingu á starfrækslutíma landssímans í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 29. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að sími sé opinn í öllum kaupstöðum landsins, þeim að kostnaðarlausu, að minnsta kosti frá kl. 8 árd. til kl. 12 á miðnætti dag hvern, og að símtöl milli þessara staða innbyrðis og við Reykjavík fáist afgreidd á sama tíma.

Ed. 150. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Einar Árnason.

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 6 aura innflutningsgjald af hverju kg.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu í innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 6 — sex — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
d. Af tvíhjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c- og d-lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, ef miðað er við rúmmál í stað þunga, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu gjaldsins.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólbörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga, eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lækkun skattsins, ef eigandi bifreiðar afhendir lögreglustjóra í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, einkennismerki bifreiðarinnar til geymslu um tíma, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins.

5. gr.

Sama gjald af benzíni, er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjáls 300 kg. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 kg. af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 500 kg. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. 70% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds akfærra þjóðvega.
b. 30% af tekjunum skal verja til viðhalds akfærra sýsluvega, eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Frumvarp svipað að efni var flutt á síðasta þingi, en varð þá ótrætt. Vísast til greinargerðar fyrir því frumv. Nánara í framsögu.

Nd. 151. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. (Þskj. 70).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni hafa borizt 2 frv., á þskj. 52 og þskj. 70, sem bæði fara fram á nokkra tilslökun á banni því gegn dragnótaveiðum, sem er í gildandi lögum.

Bæði þessi frv. hafa verið samtímis til athugunar í nefndinni, og um leið og hún hér með lýsir yfir afstöðu sinni, ber að líta á það sem afgreiðslu beggja frv. frá hennar hendi.

Nefndin hefir að vísu ekki getað fallizt á frv. þessi eins og þau hafa borizt henni, en hún álítur hinsvegar, að sökum erfiðleika yfirstandandi tíma og útlitsins með sölu afurða sé rétt að veita landsmönnum í þeim héruðum, sem þess óska sérstaklega, nokkuð meiri aðgang að kolaveiðum en nú á sér stað. Þetta er líka í samræmi við ákvæði laganna um frekari takmarkanir, þar sem þess er sérstaklega óskað.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 70 verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að tvo mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma, á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt, sem hér um ræðir, gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

Alþingi, 30. júlí 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Ásgeir Ásgeirsson. Guðbr. Ísberg.
Bjarni Ásgeirsson. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Nd. 152. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem lá fyrir síðasta þingi, hefir nú komið fram að nokkru samræmt þeim brtt., sem fyrirhugaðar voru við það, er þingi sleit, en sjávarútvegsnefnd telur þó, að gera þurfi á því verulegar breytingar, bæði vegna efnis og breyttra ástæðna.

Nauðsyn breytinga um verkun og sölu fiskjarins er svo aðkallandi, að enga bið þolir, og þess vegna vill nefndin hvetja til þess, að hafinn verði þegar, með fulltingi ríkissjóðs, útflutningur með nokkrum leiguskipum, jafnhliða þeim flutningi ísfiskjar, sem útlendingar hafa byrjað á frá einstökum verstöðvum. Að öðru leyti verður að líta á fyrirmæli frv. eins og bráðabirgðaráðstöfun, sem reynslan hljóti að breyta á skömmum tíma. og þess vegna vill nefndin ekki leggja til, að keypt verði skip, eða ráðizt í stórfelldar framkvæmdir, meðan viðbúnað vantar að mestu í verstöðvum og nauðsynlega reynslu. Hún lítur einnig svo á, að fyrstu tilraunirnar eigi einkum að beinast að þeim landshlutum, þar sem skip og tæki skortir til kæliflutnings á fiski, en félagsskapur er hafinn til flutninga.

Nefndin getur ekki fallizt á fyrirmæli frv. um ríkislán til veiðarfærakaupa, en telur hinsvegar nauðsynlegt að létta útflytjendum undirbúning flutn-

inganna með lánum til kaupa á umbúðum fiskjar, byggingu geymsluskýla og öflun annara gagna, sem lúta að breyttri meðferð fiskjarins og afgreiðslu skipanna, með því að þann viðbúnað vantar víða og eftir honum verður eigi beðið.

Þá vill nefndin taka upp í frv. fyllri fyrirmæli en það hefir um söluskrifstofu í sambandi við útgerð skipanna, reikningsskil hennar o. fl.; ennfremur vill hún breyta fyrirsögn frv. í þá átt, að betur endimarki efni þess.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan markað, enda sé á þeim stöðum nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga handa fisksölufélögum, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á yfirstandandi ári, og er ríkisstjórn heimilt að taka fé þetta að láni.

2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 3. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist þannig:

Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutningaskipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má, að þurfi til þess að ekki verði rekstrarhalli á skipunum.

4. Við 4. gr., sem verður 3. gr. Hún orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskjarins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði.

5. Við 5. gr., sem verður 4. gr. Hún orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fiskútflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni.

6. Við 6. gr. Greinin verður 5. gr.
7. Við 7. gr. Greinin verður 6. gr.
8. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Alþingi, 29. júlí 1931.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Bjarni Ásgeirsson. Guðbr. Ísberg.
Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 153. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Framan við efnisákvæði frv. bætist: 1. gr.
2. Í stað „kr. 0,75“ í efnisákvæði frv. komi: kr. 1,00.
3. Við frv. bætist ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Endurgreiða skal innflutningstoll, hverju nafni sem nefnist, af kryddi og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, enda sé síldin komin á skipsfjöl til útflutnings og sannað með vottorði síldarmatsmanns, hve mikið af kryddi og sykri hefir verið látið í hverja tunnu síldarinnar.
4. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Alþingi, 30. júlí 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Guðbr. Ísberg, frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Bjarni Ásgeirsson. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Nd. 154. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Vilm. Jónsson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku á gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr., og á eftir henni komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
e. Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
f. Ákvæði um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi ný grein, er verður 9. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og reglugerð um raforkuvirki.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

Laun eftirlitsmanns og kostnaður af skrifstofuhaldi hans, aðstoð og eftirlitsstarfi greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðinni, og veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

5. gr.

7., 8. og 9. gr. laganna verði 9., 10., 11. og 12. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 7, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð

Frv. samnefnt þessu og í aðalatriðum samhljóða tveim fyrstu greinum þess var borið fram í Nd. á síðasta þingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Nauðsyn þessara breytinga er enn hin sama. Einstakir menn og félög, sem veitt hefir verið leyfi til að eiga og starfrækja raforkuver og veitur til almenningsþarfa, hafa oft og einatt aðstöðu til þess að ákveða rafmagnsverðið eftir vild og skattleggja þannig héraðsbúa. Og dæmi sanna, að þessi aðstaða hefir verið notuð óspart stundum. Virðist sjálfsagt að stemma stigu fyrir því, að slíkt geti átt sér stað, með því að leggja gjaldskrána undir samþykki hlutaðeigandi héraðsvalda og staðfestingu ráðherra. Í lögum um rafmagnsveitur frá 1915 var heimild fyrir sveitar-(bæjar-)stjórnir til að taka í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja. Þessi lög voru felld úr gildi með vatnalögunum. Þegar svo lögin um raforkuvirki voru sett, 1926, hefir láðst að setja í þau tilsvarandi ákvæði. Er í frv. lagt til, að úr þessu verði nú bætt.

3. gr. frv. er samhljóða 5. gr. gildandi laga að öðru en því, að a-lið er breytt og b-lið er aukið inn í greinina. Er það gert samkv. tilmælum útvarpsstjórnarinnar, er lét eftirfarandi skýringar fylgja tillögum sínum:

„Þann 13. maí 1930 gaf atvinnumálaráðuneytið út reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929. Er í 1. gr. þeirrar reglugerðar svo kveðið á, að „ekki megi setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfinnanlegum truflunum á viðtöku loftskeyta og útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út“, að svo miklu leyti, sem stjórn útvarpsins telur fullnægjandi.

Með þessum ákvæðum er innflutningur truflandi raftækja ekki hindraður, heldur aðeins uppsetning og notkun. Meðan svo háttar til, verða ákvæði reglugerðarinnar óframkvæmanleg og deyfingar útvarpstruflana með öllu ósigrandi, þar sem gera má ráð fyrir, að raftæki án hins tilskilda útbúnaðar verði flutt inn framvegis, seld og sett upp án þess að unnt sé að hafa nægilegt eftirlit með slíkri uppsetningu.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að bætt verði úr ágöllum laga um þetta efni, svo að með nýjum reglugerðarákvæðum verði unnt að stemma stigu fyrir innflutningi truflandi raftækja, eftir því sem fært mætti þykja að dómi þeirra raforkufræðinga, er ríkið hefir til ráðuneytis um þessi mál".

Ennfremur er nýrri málsgrein um skipun eftirlitsmanns bætt við á eftir f-lið greinarinnar.

Að tilhlutan raforkumálanefndar hefir ráðherra þegar á síðastliðnu sumri ráðið mann til að annast eftirlit með raforkuvirkjum, líkt og tíðkast hvarvetna erlendis, þar sem sérstakar stofnanir framkvæma eftirlitið.

Er með þessu frumvarpi farið fram á lögfestingu þessa eftirlits, sem nú er orðið bráðnauðsynlegt hér á landi.

Nauðsynlegt er, að eftirlitsmaðurinn hafi fulla þekkingu á öllum tegundum raforkuvirkja, sérstaklega með tilliti til háspenntra virkja, vegna þess hve þau eru hættuleg lífi manna. Þess vegna er sett í greinina ákvæði um sérmenntun eftirlitsmanns.

Ed. 155. Breytingartillaga

við frumv. til laga um brúargerðir.

Flutningsm.: Einar Árnason.

Við 2. gr. A. III.

Á eftir 5 komi nýr liður:

Smjörhálsá í Öxarfirði.

Nd. 156. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunar-

staðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðilar skyldir að hlíta.

Nd. 157. Breytingartillaga

við frv. til laga um prestakallasjóð.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson.

Upphaf 3. gr. orðist svo:

Fé prestakallasjóðs skal verja að hálfu til Útvarpsstöðvar Íslands í Reykjavík, til þess að standa straum af messugerðum í útvarpið, en að hálfu til þess að bæta kirkjulegri starfsemi í landinu að öðru leyti upp tjón það, o. s. frv.

Ed. 158. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. júlí 1931.

Magnús Torfason, form.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, framsögum.

Nd. 159. Nefndarálit

um frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála. (Þskj. 56).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið á eitt sátt um það að leggja til, að það nái fram að ganga.

Telja má víst, að þeim kartöfluframleiðendum, sem fjarri búa Reykjavík og nú hafa ekki aðstöðu til þess að selja þangað kartöflur, mundi með því að koma þar upp öruggri kartöflugeymslu opnuð leið til þess að nota kartöflumarkaðinn þar. Með þessari framkvæmd er áreiðanlega stigið fyrsta sporið að því, að ekki þyrfti að flytja kartöflur til landsins frá útlöndum, en eins og kunnugt er, eru nú fluttar inn kartöflur fyrir fleiri hundruð þúsundir króna árlega.

Með byggingu markaðsskála er opnuð leið til beinna viðskipta milli framleiðenda og neytenda, og mundi það tvímælalaust báðum aðiljum til hagsbóta.

Fyrir nefndinni lá áætlun frá Jóhanni Kristjánssyni húsameistara um kostnað við að byggja kartöflukjallara, er rúmaði 10000 tunnur af kartöflum, og að reisa markaðsskála ofan á kjallarann.

Áætlar Jóhann kostnaðinn við þetta allt að 50 þús. kr. Vill nefndin, að ekki sé ráðizt í stærri byggingu en það, að öruggt sé, að kostnaðurinn við hana fari ekki fram úr þeirri upphæð.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum »láta reisa« komi: á lóð ríkissjóðs.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Til þess að reisa byggingar þessar má verja allt að 50000 kr.

Alþingi, 30. júlí 1931.

Lárus Helgason, form. Magnús Guðmundsson. Steingr. Steinþórsson.

Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari. Pétur Ottesen, frsm.

Ed. 160. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1932.

Ed. 161. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

20. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, orðist svo:

Skylt er skipverjum að sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja, sbr. lög nr. 41, 19. maí 1930, og er hverjum skipverja skylt að fá bókina hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenzkt skip. Skal sjóferðabókin ávallt lögð fram við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem um ræðir í 7., 10., 14. og 17. gr.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingardegi og fæðingarári, fæðingarstað (sýslu eða bæ), svo skal og þar vera stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar lögskráning úr skiprúmi fer fram.

Ed. 162. Frumvarp

til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til

þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum, eftir því er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið

er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.

Ed. 163. Breytingartillaga

við frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Orðin í niðurlagi 8. gr. »og ganga þau fyrir sjóveðum« falli niður.

Nd. 164. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr. frv. orðist svo:

Lög nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu vera í gildi árin 1931 og 1932.

Nd. 165. Breytingartillaga

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

Við 1. málsgr. 3. gr. komi svolátandi nýr málsliður:

Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganesþorps hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Nd. 166. Breytingartillögur

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 3. gr.

a. Á eftir „Seltjarnarneshrepps“ í fyrri málsgrein bætist á síðari staðnum: og Kjósarsýslu.

b. Í stað fyrsta málsl. síðari málsgr. kemur:

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðilja, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna. Skulu þeir þannig skipaðir, að Seltjarnarneshreppur og Kjósarsýsla skipa í sameiningu einn mann í dóm, Reykjavíkurbær annan, en hæstiréttur oddamann, og sé sá maður búsettur utan Reykjavíkur og Kjósarsýslu.

Ed. 167. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JónÞ) hefir þó óbundið atkvæði og áskilur sér rétt til að koma fram með breytingartillögur.

Alþingi, 29. júlí 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Magnús Torfason, fundaskr.	Jón Þorláksson, með fyrirvara.

Ed. 168. Frumvarp

til laga um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Landsbanka Íslands veitist heimild til þess að kaupa af Útvegsbanka Íslands h/f víxla og lán útibúa téðs banka á Ísafirði og Akureyri, allt að 2500000 kr., vegna inndráttar á seðlum þeim, er Útvegsbanki Íslands hefir nú í umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli fjármálaráðherra. Hefir Útvegsbanki Íslands h/f snúið sér til hans með beiðni um, að hann legði þetta mál fyrir þingið. Vegna ákvæða 14. og 69. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, getur seðladeild Landsbanka Íslands eigi keypt umrædda víxla og lán nema sérstök lagaheimild liggi fyrir.

Hér með fylgir bréf Útvegsbanka Íslands h/f til fjármálaráðherra, dags. 15. f. m., ásamt bréfi bankaráðs Landsbanka Íslands til fjármálaráðuneytisins, dags. 27. f. m.

Einn nefndarmanna (JónÞ) hefir áskilið sér óbundið atkv. um efni frv.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 15. júlí 1931.

Samkvæmt 15. gr. laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka bar Útvegsbanka Íslands þegar í stað að draga úr umferð seðla Íslandsbanka. Þetta ákvæði áðurnefndra laga hefir Útvegsbankinn til þessa ekki séð sér fært að uppfylla sökum fjárskorts.

Útvegsbankinn hefir farið þess á leit við Landsbanka Íslands, að hann keypti 2 af útibúum bankans (á Ísafirði og Akureyri) og að andvirðið, að frádreginni þeirri upphæð, sem Útvegsbankinn yrði að greiða innistæðueigendum í útibúunum, gengi til inndráttar á seðlum Íslandsbanka.

Nú hefir stjórn Landsbanka Íslands látið það í ljósi, að bankinn mundi ef til vill tilleiðanlegur til að kaupa nokkurn hluta af eignum þessara útibúa, til þess að hægt sé að fullnægja að nokkru eða öllu leyti ákvæðum um inndrátt á seðlum Íslandsbanka.

Þar sem vér sjáum eigi, að Útvegsbankinn geti í náinni framtíð fullnægt innlausnarskyldunni á nokkurn annan hátt en með sölu útibúa þessara og með tilliti til þess, að útibúin eru byrði á bankanum, vill fulltrúaráð bankans hér með fara þess á leit við hina háu ríkisstjórn, að henni mætti þóknast að leita samninga við stjórn Landsbanka Íslands um lausn málsins á þeim grundvelli, sem að framan greinir. Ennfremur að ríkisstjórninni mætti þóknast að fá breytt þeim lagaákvæðum, sem stjórn Landsbankans telur því til fyrirstöðu, að seðladeild Landsbanka Íslands geti keypt eignir útibúanna að nokkru eða öllu leyti.

Virðingarfyllst

Útvegsbanki Íslands h/f.

Sv. Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Til fjármálaráðherrans, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 27. júlí 1931.

Með bréfi dags. 17. þ. m. hefir hið háa fjármálaráðuneyti óskað umsagnar um erindi Útvegsbanka Íslands, dags. 15. þ. m., viðvíkjandi kaupum á tveim útibúum greinds banka.

Á fundi bankaráðsins 23. þ. m. var samþykkt að skírskota til umsagnar

bankaráðsins um þetta efni í bréfi til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 7. apríl s. l. Umsögn bankaráðsins í téðu bréfi er á þessa leið:

„Vildum vér benda á þann möguleika, sem komið hefir til umræðu í bankaráðinu og er á þessa leið:

1. Að Útvegsbanki Íslands h/f afhendi Landsbanka Íslands gullforða sinn.
2. Að Landsbankinn endurkaupi, að fengnu samþykki Alþingis, það af tryggum víxlum og lánum útibúa Útvegsbankans á Akureyri og Ísafirði, sem nægi til þess að bankinn geti dregið inn þær 2,5 millj. kr. af seðlum Íslandsbanka, sem eru ógulltryggðar í umferð".

Mun bankinn reiðubúinn til að ganga til samninga um málið á þessum grundvelli.

Bréf Útvegsbankans endursendist hér með.

Virðingarfyllst

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Jón Árnason.

Til fjármálaráðuneytisins.

Ed. 169. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi falla úr gildi 30. september 1936.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og vísast til meðfylgjandi fylgiskjala um ástæður fyrir því.

Fylgiskjal I.

Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 27. júlí 1931.

Með skírskotun til bréfs bankaráðsins til hins háa fjármálaráðuneytis, dags. 18. f. m., leyfir bankaráðið sér hér með að senda ráðuneytinu hjálagt frumvarp til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Eins og kunnugt er, hefir Landsbankinn um langt skeið notað erlend lán, sem tekin eru til eins árs í senn, til þess, er sérstaklega stendur á, að fullnægja rekstrarlánaþörf í landinu. Það hafa verið áraskipti að því, hve mikið hefir þurft að grípa til þessara erlendu lána, og sum árin hefir alls eigi þurft að nota þau. Á hjálögðu fylgiskjali sést innstæða og skuld bankans hjá erlendum bönkum í lok hvers mánaðar árin 1925—1931, og sömuleiðis hreyfing sú, er orðið hefir á hverju ári (hækkun eða lækkun). Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að vart verður hjá því komizt, að Landsbankinn enn um nokkurt skeið geti greitt úr brýnustu lánaþörf atvinnuveganna, t. d. þegar óvenjulegur dráttur verður á sölu afurðanna. Það liggja líka sérstakar ástæður til þess, að Landsbankinn verður að fullnægja meir lánaþörf nú en síðar kann að verða. Kemur hér einkum til greina, að nú síðari árin hefir dregið afarmikið úr beinni lánanotkun atvinnurekenda erlendis, og ennfremur það, að aðrir bankar en Landsbankinn hafa undanfarið eigi haft aðgang að slíkum lánum erlendis svo verulegu nemi. Virðist því óhjákvæmilegt að veita bankanum um tiltekið árabil undanþágu frá ákvæðum landsbankalaganna, þannig, að notkun þeirra lánaheimilda, sem bankinn hefir nú, komi eigi til frádráttar á innstæðu erlendis.

Virðingarfyllst

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Jón Árnason.

Til fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Innstæða eða skuld Landsbanka Íslands við erlenda banka í lok hvers mánaðar árin 1925—1931.

	1925	1926	1927	1928	1929	1930	1931
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Jan.	5483	4111	÷ 3969	3214	10220	7822	1184
Febr.	4388	2890	÷ 3769	1012	8488	4275	÷ 404

	1925 þús. kr.	1926 þús. kr.	1927 þús. kr.	1928 þús. kr.	1929 þús. kr.	1930 þús. kr.	1931 þús. kr.
Marz	3921	1070	÷ 4777	354	7135	3636	÷ 656
Apríl	4261	÷ 58	÷ 3954	÷ 902	4864	2140	÷ 768
Maí	3679	÷ 1193	÷ 4370	÷ 1253	3967	712	÷ 1111
Júní	3492	÷ 3957	÷ 6324	÷ 345	1945	÷ 286	÷ 4224
Júlí	3257	÷ 5182	÷ 7027	÷ 440	668	÷ 605	
Ágúst	4792	÷ 3250	÷ 2931	327	1233	÷ 1016	
Sept.	10024	÷ 4119	÷ 2220	1884	1313	÷ 153	
Okt.	12656	÷ 2625	÷ 1158	5749	4732	1018	
Nóv.	9800	÷ 2801	515	7879	7357	819	
Des.	6673	÷ 2114	5083	11535	9498	2126	

Hreyfingar á innstæðu (skuld) Landsbankans við erlenda banka á hverju ári. Hækkun +, lækkun ÷		Föst erlend lán tekin á árinu:
1925	+ 1273	
1926	÷ 8787	3 millj. kr.
1927	+ 7197	4,9 — —
1928	+ 6452	
1929	÷ 2037	3,4 — —
1930	÷ 7372	12,8 — —
1931 til 30/6.	÷ 6350	

Nd. 170. Frumvarp

til laga um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

I. KAFLI.

Fjáröflun til atvinnubóta.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1931 innheimta 100% álag á tekjuskatt af skattskyldum tekjum, er nema 5000 kr. eða meiru í Reykjavík, 4000 kr. eða meiru í öðrum kaupstöðum og 3000 kr. eða meiru utan kaupstaða, og 200% álag á eignarskatt af skattskyldum eignum, er nema 10000 kr. eða meiru, og ákveðst skatturinn samkvæmt framtalsskýrslum fyrir árið 1930 og skattaákvörðun á árinu 1931. Gjalddagi skattsins er 1. október 1931.

2. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 20000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni árlegan stóríbúðaskatt. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 3000 kr. og lækka um sömu upphæð fyrir hvern mann, er heimilismenn eru færri en 5. Þó skulu íbúðir, sem að fasteignamati eru 12000 kr. virði eða minna, jafnan vera skattfrjálsar.

Stóríbúðaskatturinn skal nema:

Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarverðsins er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðast	150	kr.	af	5000	kr.	og	3,5% af afgangi
—	15000	—	25000	—	—	500	—	—	15000	—	—	4 % — —
—	25000	—	35000	—	—	900	—	—	25000	—	—	4,5% — —
—	35000	—	45000	—	—	1350	—	—	35000	—	—	5 % — —
—	45000	—	55000	—	—	1850	—	—	45000	—	—	5,5% — —
—	55000	—	65000	—	—	2400	—	—	55000	—	—	6 % — —
—	65000	—	75000	—	—	3000	—	—	65000	—	—	6,5% — —
—	75000	og	þar	yfir	—	3650	—	—	75000	—	—	7 % — —

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinni 1. október 1931.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra ríkja, svo og íbúðir í húsum, sem reist eru eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meiru en 15% af kaupverði húseignarinnar, að meðtalinni lóð, skal húseigandinn greiða háleiguskatt af því, sem umfram er. Kaupverð telst það verð, er eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, að viðbættu hæfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða á annan því líkan hátt, telst kaupverðið það, sem eignin var honum útlögð fyrir. En ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem það telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

Háleiguskattinn skal reikna af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af	því,	sem	leigan	nemur	yfir	15%	allt	að	20%	af	kaupverði,	greiðist	10%
—	—	—	—	—	—	20%	—	—	25%	—	—	—	20%
—	—	—	—	—	—	25%	—	—	30%	—	—	—	30%
—	—	—	—	—	—	30%	—	—	35%	—	—	—	40%
—	—	—	—	—	—	35%	—	—	40%	—	—	—	50%
—	—	—	—	—	—	40%	—	—	45%	—	—	—	60%
—	—	—	—	—	—	45%	—	—	50%	—	—	—	70%
—	—	—	—	—	—	50%	—	—	55%	—	—	—	80%

Af því, sem leigan nemur yfir 55% allt að 60% af kaupverði, greiðist 90%
— — — — — — 60% — — 65% — — — 100%

Skattur þessi hvílir sem lögveð á eignunum, hefir lögtaksrétt og greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinni 1. október 1931.

Öryrkja fólk, sem jafnframt er efnalítið og ekki hefir meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að rétt nægi til framfæris, má undanþiggja háleiguskatti.

Nú selur húseigandi eftir 31. júlí 1931 húseign, sem leigð er fyrir meira en 15% af kaupverði, og skal hann þá greiða skatt af söluverðinu, er nemi sömu upphæð og háleiguskatturinn mundi nema með óbreyttum leigumála frá söludegi til 30. júní 1933.

4. gr.

Skattur samkv. 1., 2. og 3. gr. ákveðst af skattstjóra í Reykjavík, en af skattanefndum utan Reykjavíkur. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um ákvörðun skatts samkv. 2. og 3. gr. og ákvörðun kaupverðs og mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu og hversu greina skal sundur og meta einstaka hluta í sama húsi til eignar, kaupverðs eða leigu.

Skattana innheimta skattheimtumenn ríkissjóðs.

5. gr.

Skemmtanaskatti skv. lögum nr. 56, 31. maí 1927, sem til hefir fallið og fellur í ríkissjóð frá 1. júlí 1931, skal óskiptum varið samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú fer tekju- og eignarskattur árið 1932 fram úr 900000 kr. og fasteignaskattur á sama ári fram úr 280000 kr., og skal þá öllu því, sem umfram verður, varið samkv. fyrirmælum þessara laga.

7. gr.

Setji Alþingi lög um einkasölu á tóbaki, skal öllum tekjum af henni varið samkv. fyrirmælum þessara laga.

8. gr.

Frá 1. september 1931 skal innheimta áfengistollinn með 200% álagi.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal bjóða út fyrir árslok 1931 3000000 kr. happdrættislán til 10 ára með 3% vöxtum, en 3% sé árlega varið til vinninga, er skiptist í ekki færri en 1400 hluti, lægst 25 kr., en hæst 10 þús. kr., og sé að minnsta kosti einu sinni á ári dregið um hlutina til ágóða fyrir skuldabréfaeigendur. Skuldabréfin hljóði á 25 kr.

Að öðru leyti gefur ríkisstjórnin út reglur um alla tilhögun lánsútboðsins og happdrættisins.

Jafnframt er bönnuð sala á erlendum happdrættismiðum og skuldabréfum annara happdrættislána hér á landi.

II. KAFLI.

Ráðstafanir til að lækka dýrtíðina.

10. gr.

Frá 1. október 1931 skal bæjarstjórnum í öllum kaupstöðum heimilt að ákveða hámarksverð á húsaleigu fyrir íbúðir, verzlanir, skrifstofur, atvinnufyrirtæki og annað, eftir nánari reglum, er bæjarstjórnir setja og ríkisstjórnin staðfestir, og skal það miðast við almennan byggingarkostnað, almenn lánskjör húseigenda og ástand húsanna. Í reglugerð þessa má og setja ákvæði um, að íbúðir, sem auðar kunna að standa, verði teknar til notkunar og að banna megi að breyta íbúðum í sölubúðir, skrifstofur, vinnustofur eða annað því líkt. Ennfremur, að ekki megi vísa burtu leigjendum, sem standa í skilum með húsaleigu og brjóta ekki leigusamninga. Láti bæjarstjórnir farast fyrir að nota heimild þessarar greinar, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða hámarkshúsaleigu, sem miðuð sé við hið sama og að öðru leyti eftir þeim reglum, er ríkisstjórnin ein setur.

Um leið og ákveðið hefir verið að nota heimild þessa, skal í viðkomandi kaupstað skipuð húsaleigunefnd, sem sér um, að framkvæmd séu ákvæði þessara laga um hámarksleigu og reglugerða, er settar verða í sambandi við þau. Skal nefndin skipuð eigi færri en 3 mönnum og eigi fleiri en 5. Bæjarstjórnir kjósa 2 menn í nefndina, en ríkisstjórnin skipar hinn þriðja. Nú sinnir bæjarstjórn ekki heimild þessari og lætur farast fyrir að kjósa húsaleigunefnd, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fullskipa nefndina með 3 mönnum. Sé húseigendafélag á staðnum, er því heimilt að skipa einn mann til viðbótar í nefndina, enda skipa þá verklýðsfélögin á staðnum jafnframt fimmta manninn.

11. gr.

Til þess að lækka vöruverð, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða álagningu heildsala og verzlana og setja hámarksverð á þær aðfluttar vörur, sem nauðsyn þykir til bera.

Í sama skyni er bæjarstjórnum heimilt að taka í sínar hendur innan síns umdæmis einkasölu á mjólk, brauði, fiski og kjöti, sem selt er til neyzlu innanlands, eða ákveða hámarksverð á þessum vörutegundum og setja reglur um sölu þeirra, er ríkisstjórnin staðfestir. Neyti bæjarstjórn hvorugrar þessarar heimildar, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða hámarksverðið og setja reglur um sölufyrirkomulagið.

Til ráðuneytis um ákvörðun hámarksverðs skal skipuð verðlagsnefnd fimm manna innan hvers umdæmis, og séu í henni tveir menn kosnir hlutfalls-

kosningu af bæjarstjórn eða sýslunefnd, einn skipaður af ríkisstjórninni, einn valinn af verklýðsfélögum á staðnum og einn af kaupmönnum eða félagsskap þeirra á staðnum.

Við ákvörðun hámarksverðs á aðfluttum varningi skal miða við innkaupsverð, að viðbættum hæfilegum sölukostnaði, og þá miðað við þann fjölda verzlana og verzlunarfólks, er nægilegur telst til að annast verzlunina innan umdæmisins. Við ákvörðun hámarksverðs á kjöti og fiski skal miða við verðlag á erlendum markaði, að frádregnum verzlunar- og útflutningskostnaði, á mjólk við almennt fóðurverð á hverjum stað og annan eðlilegan kostnað við framleiðsluna, og á brauði við innkaupsverð á mjölvörum og eðlilegan framleiðslukostnað — allt að viðbættum hæfilegum sölukostnaði, með hliðsjón af því, að salan sé skipulögð á svo hagkvæman hátt, sem unnt er eftir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

12. gr.

Undanþiggja skal eftirtaldar vörutegundir hverskonar innflutningsgjöldum: Niðursoðin mjólk, smjör, smjörlíki, egg, ósætt kex og kaffibrauð, óbreyttur fatnaður, vefnaðarvörur, hlífðarföt, skófatnaður, þar með taldir gúmmískór, og óbreytt búsáhöld.

III. KAFLI.

Ráðstafanir til stuðnings sjómönnum, bátaútvegsmönnum, verkamönnum, bændum o. fl.

13. gr.

Ríkisstjórninni heimilast:

1) að ábyrgjast 3000000 kr. reikningslán fyrir Fiskveiðasjóð Íslands, er hann síðan veiti sem rekstrarlán til samvinnufélaga og sjómanna og bátaútvegsmanna, eftir reglum, er ríkisstjórnin setur.
2) að ábyrgjast rekstrarlán til Síldareinkasölunnar, 1000000 kr., með sömu skilyrðum og sett eru fyrir slíkri ábyrgð í fjárlögum ársins 1931.
3) að taka ábyrgð á greiðslu Rússavíxla fyrir þeirri upphæð, er rússneska stjórnin kann að kaupa fyrir íslenzka síld eða aðrar útflutningsvörur, enda gefi hún yfirlýsingu um, að vörurnar verði ekki seldar utan rússneska ríkisins, allt að 5000000 kr.
4) að veita undanþágu frá lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, þegar og þar, sem ástæða þykir til, eftir óskum og tillögum hlutaðeigandi fiskimanna.
5) að taka á leigu hæfilega mörg skip til að halda uppi flutningum á ísvörðum fiski á erlenda markaði frá samvinnufélögum sjómanna og bátaútvegsmanna og að lána slíkum félögum allt að 500000 kr. til dragnótakaupa og fiskumbúða, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, og skuldbindingu um, að lánin skuli greiðast með vissum hluta af afla — allt að öðru leyti eftir þeim reglum, er ríkisstjórnin setur.

14. gr.

Af síld og síldarmjöli skal aðeins tekið sama útflutningsgjald og af öðrum útflutningsvörum samkv. lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Jafnframt skal undanþiggja hverskonar innflutningsvörur, sem notaðar eru til framkvæmda samkv. þessum lögum, hverskonar innflutningsgjöldum.

Ennfremur skulu þau mannvirki, sem gerð eru með styrk samkv. þessum lögum, undanþegin fasteignaskatti til ríkis og bæjarfélaga hin næstu 10 ár.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita allt að 150000 kr. lán til kaupfélags í Reykjavík, sem verklýðsfélögin í bænum gangist fyrir að stofna, sé í samræmi við samvinnulögin, hafi ekki færri en 300 meðlimi, enda leggi þeir fram í stofnfé ekki minna en 30000 kr. Lánið sé veitt til 15 ára með 6% vöxtum, afborganalaust í 5 ár, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum.

16. gr.

Ríkisstjórninni heimilast þegar á haustinu 1931 að veita efnalitlum smábændum, sem þolað hafa tilfinnanlegan grasbrest, lán til fóðurkaupa, svo að þeir neyðist ekki til að skerða um of bústofn sinn — samtals allt að 200000 kr. Lánin séu veitt í samráði við Búnaðarfélag Íslands, tryggð með hreppsábyrgð, vaxtalaus og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5—10 árum.

17. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir Landsbanka Íslands 3000000 kr. lán, sem varið sé til kaupa á veðdeildarbréfum. Fyrir þetta fé skal aðeins kaupa veðdeildarbréf af þeim lántakendum, sem byggja ný hús með smáíbúðum, er ekki verða metnar hærra en 15000 kr., og ganga byggingarsjóðir samkv. lögum nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði, og þeir, er byggja íbúðir til eigin afnota, fyrir öðrum.

IV. KAFLI.

Atvinnubótavinna. Atvinnuleysisstyrkir.

18. gr.

Í hverjum kaupstað og stærri kauptúnum skal vera atvinnuskrifstofa fyrir verkafólk og sjómenn, undir stjórn Alþýðusambands Íslands. Ákveður ríkisstjórnin, eftir tillögum frá Alþýðusambandinu, fjölda skrifstofanna og umdæmi þeirra.

Skrifstofur þessar skrásetja atvinnulausa menn innan síns umdæmis og semja skrá yfir þá mánaðarlega, í fyrsta skipti 1. október 1931. Á meðan skrifstofur þessar starfa, fellur niður skráning atvinnulausra samkv. lögum nr. 57, 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur. Skrifstofurnar leiðbeina verkafólki og sjómönnum í atvinnuleit og taka að sér ráðningu þess fyrir þá, er þess óska.

Að öðru leyti setur Alþýðusambandið reglur um starfsemi þeirra, en ríkisstjórnin staðfestir þær.

Kostnaður við skrifstofurnar greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Meðlimir verklýðsfélaga, sem ráðnir eru í atvinnu frá heimili sínu af atvinnuskrifstofunum, eiga rétt á að fá ókeypis far með skipum ríkisins á atvinnustaðinn eða næsta viðkomustað.

20. gr.

Nú kemur í ljós, að atvinnuleysi er tilfinnanlegt í einhverju umdæmi og ekki unnt að sjá hinum atvinnulausu fyrir vinnu utan umdæmisins, og skal þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn í viðkomandi héraði greiða hverjum atvinnulausum manni eða konu atvinnuleysisstyrk, jafnháa dagpeninga og slysatrygging ríkisins greiðir, að viðbættri 1 kr. á dag fyrir hvern skylduómaga — eða að öðrum kosti sjá hinum atvinnulausa fyrir vinnu við framkvæmdir samkvæmt lögum þessum eða á annan hátt.

Það er skilyrði fyrir atvinnuleysisstyrk, að viðkomandi hafi verið atvinnulaus 2 vikur eða lengur, eða tilsvarandi tíma með skerta atvinnu, sé verkfær, stundi almenna daglaunavinnu eða sjómennsku sem aðalatvinnu, hafi ekki eignir fyrir sig að leggja og sé meðlimur í verklýðsfélagi. Styrkhæfni sína skal hann sanna fyrir atvinnuleysisnefnd, er skipuð sé 3 mönnum, 2 kosnum hlutfallskosningu af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn og einum tilnefndum af verklýðsfélögum á staðnum, ef nokkur eru, en ella af Alþýðusambandi fjórðungsins.

Það er og hlutverk þessarar nefndar að úrskurða um, hvenær atvinnuleysi telst tilfinnanlegt innan umdæmisins, sbr. upphaf þessarar greinar.

21. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir bæjar- og sveitarsjóðum helming atvinnuleysisstyrks, sem greiddur er samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Til atvinnubóta skal lagt fram úr ríkissjóði:

1) Framlag til bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga til verklegra framkvæmda, sem haldið er uppi til atvinnubóta samkv. lögum þessum, ⅓ kostnaðar gegn ⅔ frá hlutaðeigandi héraði, 1500000 kr.

Hver sú sveitarstjórn, sem um styrk vill sækja í þessu skyni, skal leita álits og tillagna verklýðsfélaga innan síns umdæmis, ef nokkur eru, en annars Alþýðusambands fjórðungsins, um það, hverjum framkvæmdum skuli unnið að. Sendir hún síðan tillögur sínar og lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum ásamt kostnaðaráætlun og umsögn félaganna eða sambandsins til ríkisstjórnarinnar.

Skiptir ríkisstjórnin síðan ársfjórðungslega styrknum niður á héruðin í sem réttustu hlutfalli við þarfir þeirra og atvinnuleysið á hverjum stað.

Þar sem um er að ræða fyrirtæki, sem styrkt eru af ríkissjóði sam-

kvæmt sérstökum lögum, miðast ákvörðun styrks og framlags samkvæmt þessum lið við þann hluta kostnaðarins, sem viðkomandi héraðssjóðum er ætlað að greiða samkv. þeim sérstöku lögum.

2) Lán til þeirra héraða, er ekki geta án aðstoðar lagt fram tilskilda upphæð á móti atvinnubótastyrk, 1500000 kr.

Lán þessi veitast með 6% ársvöxtum til þess tíma, er um semur milli ríkisstjórnar og lántakenda, séu tryggð með ábyrgð bæjar eða sýslu eða öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, og getur hún tekið veð í fyrirtækinu, sem fé er lagt til.

3) Til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði

a) Styrkur 500000 kr.

Styrkurinn skiptist niður á þá byggingarsjóði, sem stofnaðir eru fyrir 1. janúar 1932, í sömu hlutföllum og ríkissjóðsstyrkurinn samkv. nefndum lögum.

b) Lán 1500000 kr.

Lánin skiptast milli sjóðanna eftir sömu reglum og styrkurinn og veitast með þeim kjörum, sem byggingarsjóðirnir lána fé sitt, enda færi sjóðirnir sönnur á, að þeir geti aflað sér jafnhárrar fjárupphæðar á móti og noti hvorttveggja til bygginga samkv. nefndum lögum.

4) Til gagnfræðaskólabygginga í kaupstöðum:

Styrkur samkv. lögum nr. 48, 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla, ⅖ kostnaðar, 400000 kr.

5) Til hafnarbóta, lendingarbóta og bryggjugerða (þar með talin þurrkví eða skipasmíðastöð í Reykjavík) ⅓ kostnaðar, 600000 kr.

6) Til eftirtaldra ríkisframkvæmda:

1.	Hafnarfjarðarvegur	400000 kr.
2.	Suðurlandsbraut	300000 —
3.	Jarðrækt við ríkisbúin: Vífilsstaði, Klepp og Reyki í Ölfusi	300000 —
4.	Brú á Þverá hjá Dufþaksholti	75000 —
5.	Sími frá Torfastöðum að Geysi	15000 —
6.	Vegur milli Gullfoss og Geysis	10000 —
7.	Vegur meðfram Hafnarfjalli og brú á Andakílsá	30000 —
8.	Stykkishólmsvegur	20000 —
9.	Snæfellingabraut	20000 —
10.	Sjóvarnargarður í Ólafsvík	30000 —
11.	Vegur frá Patreksfirði til Bíldudals	30000 —
12.	Hnífsdalsvegur	25000 —
13.	Breiðadalsheiðarvegur	60000 —
14.	Gemlufallsheiðarvegur	20000 —
15.	Óshólaviti	19000 —
16.	Sími frá Sandeyri að Stað í Grunnavík	12000 —
17.	Sími frá Arngerðareyri að Melgraseyri	9000 —
18.	Holtavörðuheiðarvegur	50000 —
19.	Vatnsskarðsvegur	25000 —

20.	Öxnadalsvegur	50000 —
21.	Sauðanesviti	76000 —
22.	Símalína frá Akureyri til Breiðamýrar	18000 —
23.	Skagasími	25000 —
24.	Fjarðarheiðarvegur	90000 —
25.	Jökuldalsvegur	100000 —
26.	Vegur milli Norðfjarðar og Eskifjarðar	100000 —
27.	Fjallvegir (Laxárdalsheiði, Reykjaheiði, Möðrudalsöræfi ..	91000 —
	Alls	2000000 kr.

23. gr.

Öll vinna, sem unnin er samkv. lögum þessum, skal greidd samkv. taxta verklýðsfélaganna í hlutaðeigandi héruðum, eða hinna næstu, ef engin félög eru á staðnum. Vinnunni skal og úthluta samkv. tillögum þeirra.

Niðurlagsákvæði.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, en falla úr gildi 30. júní 1933, að öðru leyti en því, að einkasölur þær, sem komið verður á samkv. þeim, halda rétti sínum áfram.

Greinargerð.

Fjárkreppa sú, sem nú gengur yfir flest lönd, er fyrir nokkru farin að láta á sér bera hér á landi með meira og ískyggilegra atvinnuleysi en áður eru dæmi til.

1. febrúar í vetur voru nokkuð á annað þúsund verkamenn skráðir atvinnulausir í helztu kaupstöðunum, og í miðjum júlímánuði s. l., eða um hábjargræðistímann, koma um 250 verkamenn til atvinnuleysisskráningar í Reykjavík. Er slíkt atvinnuleysi um þennan tíma árs vafalaust einsdæmi, og er þó skráning þessi mjög ófullkomin og gefur hvergi nærri fullnægjandi upplýsingar um ástandið, með því að vitað er, að mikill minni hluti atvinnuleysingja gefur sig fram við slíkar skráningar, þar sem þær gefa ekki neinar vonir um atvinnu.

Vegna óvenjulegrar tregðu á afurðasölunni er meiri og meiri deyfð að færast yfir atvinnulíf landsmanna. Fleiri og fleiri kippa að sér hendinni um allar framkvæmdir og atvinnuleysið eykst hröðum skrefum.

Verði ekki einhver rönd við reist, er ekki annað sýnna en að stórkostlegur voði sé fyrir dyrum þegar líður að hausti og vetri og á næsta ári, og þá fyrst og fremst alls verkafólks í kauptúnum og kaupstöðum landsins, sem fæst hefir nokkuð fyrir sig að leggja, þegar það getur ekki unnið fyrir því jafnóðum.

Það er almennt viðurkennt af Alþingi því, er nú situr, að allar horfur séu á, að neyðartímar séu framundan vegna atvinnukreppunnar.

Er stjórnin lagði fjárlagafrv. sitt fyrir neðri deild Alþingis, lagði einn af flutningsmönnum þessa frv. áherzlu á, að þingmenn gerðu sér ljósar þessar iskyggilegu horfur og sæju nauðsyn á, að þingið gerði allt, sem í þess valdi stæði, til að draga úr vandræðunum, í stað þess að auka á þau með því að draga svo stórkostlega úr opinberum framkvæmdum sem fjárlfrv. gerði ráð fyrir.

Út af þessu lét þá forsætisráðherra svo um mælt, að höfuðverkefni þingsins væri að finna sem öflugust ráð til að draga úr atvinnuleysinu og afleiðingum þess.

Tveir þingmenn Framsóknarflokksins hafa flutt frv., sem að nafninu til á að miða til atvinnubóta, og lýst í greinargerð þess og einkum í framsögu komandi neyðartíma og skyldu þingsins að ráða þar bót á.

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt breytingartill. við fjárlagafrv. um smáupphæð til að skipta á milli kaupstaða og kauptúna í atvinnubótaskyni, og tók aðalflutningsmaður hennar mjög í sama streng um horfurnar. —

Alþýðuflokkurinn hefir fyrir löngu gert sér grein fyrir ástandinu, enda er verkafólk almennt orðið mjög kviðandi fyrir framtíðinni og gerir háværar kröfur um ráðstafanir hins opinbera gegn yfirvofandi hallæri.

Við flutningsmenn þessa frv. fluttum nokkrar breytingartillögur við fjárlagafrv. stjórnarinnar, sem miðuðu til þess, að verklegum framkvæmdum ríkissjóðs yrði haldið áfram á svipaðan hátt og næstu ár undanfarin, í stað þess að auka á kreppuna með því að leggja þær allar niður, eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Auk þess fluttum við tillögu um, að nokkur upphæð væri áætluð til styrktar atvinnubótavinnu í sveitum og kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi á móti úr viðkomandi sveitar- og bæjarsjóðum. Var sýnt með rökum fram á, að með rétt áætluðum tekjum ríkissjóðs mætti telja víst, að nóg yrði fyrir hendi til að standast þau útgjöld, sem tillögurnar gerðu ráð fyrir.

Tillögur þessar voru á engan hátt miðaðar við óvenjulegt neyðarástand, heldur við það, sem menn af nægjusemi sinni kalla eðlilega tíma. En að vísu eru hinir svo kölluðu eðlilegu tímar ætíð neyðartímar fyrir mikinn hluta landsmanna, einkum verkafólk í kauptúnum og kaupstöðum, sem jafnan má óttast atvinnuleysi og á víst atvinnuleysi hluta úr árinu, sem full ástæða er til að hafa sífellda viðleitni við að bæta úr. Og þar standa ríkið og sveitarfélögin bezt að vígi og geta mikið að gert, ef vilji væri til og skynsemi gætt.

Við hina sérstöku neyðartíma, sem ætla má að nú séu framundan, voru tillögurnar hinsvegar alls ekki miðaðar, og var okkur flutningsmönnunum fullljóst, að til þess þurfti alveg sérstakar ráðstafanir, sem illa var hægt að koma við í fjárlögunum.

Nú fengu tillögur okkar þær viðtökur við 2. umræðu fjárlagafrv., að þær voru allar felldar, og sömuleiðis tillaga sjálfstæðismannanna tveggja um hinn lítilfjörlega atvinnubótastyrk, undantekningarlítið með ágætu samkomulagi beggja hinna stóru flokka þingsins.

Mætti því líta svo út, sem tillögur um meiri háttar ráðstafanir gegn hinu óvenjulega atvinnuleysi og hallæri, sem að allra hyggju vofir yfir verkafólkinu í landinu, eigi litlu fylgi að fagna í þinginu.

Við viljum þó ekki telja það fullreynt að svo komnu, með því líka að framsögum. fjárveitinganefndar hafði þau orð við fjárlagafrv.umræðurnar, er hann fyrir hönd nefndarinnar gekk á móti öllum tillögum okkar um verklegar framkvæmdir ríkissjóðs, að gera þyrfti að sjálfsögðu einhverjar ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar, en þær ráðstafanir ættu ekki heima í fjárlögunum, heldur bæri að setja um þær sérstök lög.

Fyrir því teljum við ómaksins vert að flytja þetta frv. okkar um ráðstafanir gegn atvinnukreppunni. En með því er sýnt fram á, hvernig ríkið, í samvinnu við sveitar- og bæjarfélögin, getur, að því er ætla má svo að nokkru nemi, unnið á móti kreppunni og dregið úr sárustu afleiðingum hennar, hungri og allsleysi fátækustu og fjölmennustu stéttarinnar í landinu.

Þær aðferðir, sem frv. gerir ráð fyrir að beitt verði, eru:

1) Að fjár verði aflað meðal þeirra, sem það hafa helzt aflögum og dýrtíðin mæðir persónulega minnst á, og á þann hátt, að unnt verði að ná því saman. (I. kafli).
2) Að leitast verði við að lækka dýrtíðina í landinu, og þá fyrst og fremst í bæjunum. En hún stafar af hárri húsaleigu og óþarflega mikilli verzlunarálagningu, bæði á erlendum og innlendum varningi, og óhæfilegum innflutningstollum á nauðsynjum. (II. kafli).
3) Að á ýmsan hátt verði létt undir með smáútgerðarmönnum, sem minnst bolmagn hafa allra atvinnurekenda til að standast kreppuna, að þeir og verkamenn verði studdir til sjálfshjálpar og að illa stöddum smábændum verði bjargað frá neyð. (III. kafli).
4) Að fé því, sem dregið er saman, verði, um leið og það er látið ganga til atvinnubóta, varið til nytsamra og varanlegra fyrirtækja, en ekki gert að beinu eyðslufé nema í ýtrustu nauðsyn. (IV. kafli).

Hér fara á eftir nokkrar skýringar á því, hversu fjárins yrði aflað og hversu miklu það myndi nema samkv. I. kafla frv., og síðan hversu því yrði varið til atvinnubótanna samkv. IV. kafla.

II. og III. kafli skýra sig nægilega sjálfir, með því líka að ráðstafanir þær flestar, sem um getur í III. kafla, eru kunnar þingmönnum af sérstökum fyllri frv., sem liggja fyrir þinginu, og vísum við til greinargerða þeirra. Næðu þau frv. samþykki, yrðu að sjálfsögðu felld tilsvarandi ákvæði úr þessum kafla.

Með fullri vissu verður eigi um það sagt, hve mikilla tekna megi vænta samkv. I. kafla frv., en um flesta tekjuliðina er þó unnt að gera áætlun, sem varla er fjarri sanni.

Tekjuskattur einstaklinga í Reykjavík, sem höfðu yfir 5000 króna skattskyldar tekjur, nam árið 1930 um 690 þús. kr. og er svo að segja hinn sami á þessu ári. Félagaskatturinn í Reykjavík var árið 1930 nokkuð yfir 200 þús. kr., en um 50 þús. kr. lægri á þessu ári, og er hann nærfellt allur yfir skattfrelsismarkinu. Utan Reykjavíkur nam tekjuskatturinn árið 1929 um 470 þús. kr., og mun hafa verið svipaður 1930, nokkru hærri úr sveitum og lítið eitt lægri úr kaupstöðum. Í ár mun hann sennilega heldur lægri, þó tæplega mikið undir 450 þús. kr. Samkv. fyrri ára skattskýrslum hefir minnst 55% af skatti

utan Reykjavíkur verið yfir skattfrelsismarkinu. Sé gert ráð fyrir sama hlutfalli í ár, verða um 250 þús. kr. af skattinum utan Reykjavíkur yfir skattfrelsismarkinu, og að Reykjavík viðbættri 1040—1090 þús. kr.

Eignarskatturinn í Reykjavík er í ár um 123 þús. kr. og hefir verið nokkuð yfir 80 þús. kr. utan Reykjavíkur undanfarin síðustu ár. Aðeins örlítill hluti skattsins er af eignum, er nema minna en 10 þús. kr. Eignarskattaukinn, 200%, myndi því falla á um 195 þús. kr. og nema ca. 390 þús. kr., og skattaukinn af tekju- og eignarskatti samtals 1430—1480 þús. kr., eða ca. 1450 þúsundum.

Í fjárlagafrv. stj. er tekju- og eignarskattur 1932 áætlaður aðeins 900 þús. kr. Áætlun þessi er úr hófi lág. Skattskyldar eignir landsmanna nema nú talsvert á 2. hundrað millj. kr. og skattskyldar tekjur hafa hvert hinna síðari ára numið milli 40 og 50 milljónum. Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir 30% lækkun á skattinum frá meðaltali síðustu 3 ára, ætti hann að verða um 1050—1100 þús. kr. samkv. gildandi lögum. En í frv. þessu er gert ráð fyrir, að frv. okkar flm. um tekju- og eignarskatt verði samþ., og hækkar þá skattupphæðin í heild um ca. 75%, eða upp í 1900 þús. kr. Er því þessi tekjuliður áætlaður um 1 millj. á árinu 1932.

Fasteignaskatturinn er í fjárlagafrv. stj. áætlaður 280 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir, að frv. okkar flm. um fasteignaskatt verði samþ. og að nýja fasteignamatið gangi í gildi um áramót. Verður þá skatturinn a. m. k. um 600 þús. kr. hærri en áætlað er í fjárlagafrv. á árinu 1932.

Skemmtanaskatturinn er í fjárl.frv. stj. áætlaður 75 þús. kr. á ári. Samkvæmt því er hann hér áætlaður 150 þús. kr. á 2 árum.

Frv. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum liggur nú fyrir Ed. Er hér gert ráð fyrir, að tekjur af einkasölu þessari verði a. m. k. sem svarar 200 þús. kr. á ári, eða 300 þús. kr. á 1½ ári.

Áfengistollurinn er í fjárl.frv. stj. áætlaður 450 þús. kr., eða um 38 þús. kr. á mánuði. Miðað við innflutning undanfarinna ára er þessi áætlun svo lág, að engri átt nær. Sé gert ráð fyrir, sem æskilegt verður að teljast, að innflutningur minnki svo vegna tollhækkunarinnar, að gildandi tollur nemi eigi nema 360 þús. kr. á ári, eða 30 þús. á mánuði, verður tollaukinn 60 þús. kr. á mánuði, eða 1320 þús. kr. í 22 mánuði.

Um tekjur af stóríbúðaskatti og háleiguskatti er eigi unnt að gera áreiðanlega áætlun eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. En með nokkurri hliðsjón af skýrslum, sem til eru, og öðrum upplýsingum, eru þessir tveir skattar samtals áætlaðir um 500 þús. kr. af öllu landinu á 22 mánuðum.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ætti því að mega áætla þessa tekjuliði:

1. Álög á tekju- og eignarskatt 1931, samkv. 1. gr.	kr.	1450 þús.
2. Stóríbúðaskatt í 22 mán., samkv. 2. gr.		500 —
3. Háleiguskatt í 22 mán., samkv. 3. gr.	—	
4. Skemmtanaskatt í 2 ár, samkv. 5. gr.	—	150 —
5. Tekju- og eignarskatt 1932 umfr. 900 þús., skv. 6. gr.	—	1000 —
6. Fasteignaskatt 1932 umfr. 280 þús. samkv. 6. gr. ..	—	600 —

7. Tekjur af tóbakseinkasölu 1½ ár, samkv. 7. gr. .... kr. 300 þús.
8. Álag á áfengistollinn í 22 mán., samkv. 8. gr. .... — 1300 —

Tekjur alls kr. 5300 þús.
Happdrættislán skv. 9. gr. ..... — 3000 —

Samtals kr. 8300 þús.
átta milljónir og þrjú hundruð þúsund krónur.

Skal nú sýnt með dæmum, hversu álagið á tekju- og eignarskattinn fyrir árið 1931 mundi koma niður:

Maður með 5 manna fjölskyldu, konu og 3 börn, búsettur í Reykjavík, sem hefir haft 12500 krónur í hreinar tekjur síðasta ár, á skv. frv. að greiða í skattauka á þessu ári 462 kr. Sama skattauka ber manni með sömu heimilisástæður og 11500 króna hreinar tekjur í kaupstað utan Reykjavíkur að greiða, en sé hann búsettur í sveit eða kauptúni, greiðist sami skattauki af 10500 króna tekjum. Skattfrjálsir eru allir þeir, sem hafa fyrir 5 manns að sjá, og ekki náðu 7500 króna tekjum síðasta ár í Reykjavík, 6500 kr. í öðrum kaupstöðum og 5500 kr. utan kaupstaða. Skattaukinn lendir því eingöngu á þeim, sem hafa haft yfir miðlungstekjur, en alls eigi á lágtekjumönnum og þeim, sem hafa fyrir mörgum að sjá.

Skattaukinn af 100 þús. kr. skattskyldri eign, miðað við 31. des. 1930, nemur 442 krónum, eða liðlega 40 aurum af hverjum 100 krónum, og lækkar eða hækkar hlutfallslega eftir því, sem eignin er meiri eða minni.

Viðvíkjandi hækkun tekju- og eignarskatts og fasteignaskatts 1932, ef frv. okkar um þessa skatta verður samþ., nægir að vísa til grg., er fylgdi frv. þessum á þinginu 1930. Er þar ljóslega sýnt fram á, hversu skatturinn kemur niður skv. þeim, *að* tekjuskatturinn fellur alveg niður eða lækkar stórlega á öllum lágtekjumönnum og miðlungstekjumönnum, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, en hækkar á hinum, sem hafa háar tekjur, *að* eignarskatturinn hækkar mjög og *að* fasteignaskattur hækkar á lóðum og lendum, sem hafa stigið í verði vegna opinberra aðgerða, en lækkar á húseignum.

Þar sem eigi er unnt að gera áreiðanlega áætlun um tekjur af stóríbúðaskatti og háleiguskatti, látum við fylgja hér með nokkur raunveruleg dæmi héðan úr Reykjavík, er sýna, hvernig þeir koma niður:

1. Stóríbúðaskattur.

a. Íbúð er að fasteignamati kr. 81500,00. 9 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frumvarpinu kr. 2097,50. Ef 5 manns væru í þessu heimili, mundi skatturinn nema kr. 2790,00.

b. Íbúð er að fasteignamati kr. 65100,00. 9 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frv. kr. 1264,50. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 1855,50.

c. Íbúð er að fasteignamati kr. 51800,00. 8 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frv. 812,00. Ef 5 manns væru í heimilinu, yrði skattur kr. 1206,00.

d. Íbúð er að fasteignamati kr. 41000,00. 9 manns í heimili. Skattur yrði samkv. frv. kr. 290,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 740,00.
e. Íbúð er að fasteignamati kr. 33700,00. 8 manns í heimili. Skattur yrði samkv. frv. kr. 141,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 454,50.

II. Háleiguskattur.

a. Hús er keypt á kr. 26000,00. Árleiga nú 11100,00, eða 42.69% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 2370,00.
b. Hús er keypt á kr. 30000,00. Árleiga er nú kr. 12360,00, eða 41,2% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 2466,00.
c. Hús er keypt á kr. 25000,00. Árleiga er nú kr. 5000,00 eða 20% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 125,00.
d. Hús er keypt á kr. 36000,00. Árleiga er nú kr. 24000,00, eða 66,6% af kaupverði. Skattur af þessari leigu yrði samkv. frv. kr. 10500,00.

Að svo stöddu er eigi unnt að segja fyrir um það nákvæmlega, hversu styrkjum og fjárframlögum ríkissjóðs skuli skipt milli héraðanna eða að hvaða verkum skuli unnið, nema í aðaldráttum.

Eðlilegast er, að verklýðsfélögin á hinum ýmsu stöðum, sem bezt þekkja atvinnuþörfina, ráði þar mestu um, með bæjar- og sveitarstjórnum, sem kunnugastar eru því, hverjar framkvæmdir kalla mest að á hverjum stað. Er því gert ráð fyrir, að um helmingur þeirrar fjárhæðar, sem ríkissjóður ver til verklegra framkvæmda til að bæta úr atvinnuleysinu, eða 4000000 kr., fari um hendur bæjar- og sveitarstjórna og þær ákveði síðan, eftir tillögum verklýðsfélaganna, hvaða verk skuli unnin, og leggi þar fram nokkurt fé á móti auk þeirra lána, sem ætlazt er til, að ríkissjóður veiti þeim til framkvæmdanna.

Í nærfellt öllum kaupstöðum og stærstu kauptúnum landsins er afskaplegt húsnæðisleysi eða óhæfileg húsakynni hjá öllum þorra alþýðufólks. Er því hin brýnasta nauðsyn á því, að byggingarsjóðir samkv. lögum um verkamannabústaði geti þegar tekið til starfa. Með því má gera tvennt í senn: auka mjög verulega atvinnu á þessum stöðum og bæta úr húsnæðisástandinu. Er því lagt til, að ¼ hluti fjárins, eða ca. 2000000 kr., renni til þessara sjóða sem styrkur og lán, enda sjái þeir sér sjálfir fyrir jafnhárri upphæð og láninu nemur annarsstaðar frá, þannig að varið verði til byggingar verkamannabústaða a. m. k. 3500000 kr.

hálfri fjórðu milljón króna.

Eru þá enn eftir 2300000 kr. af tekjum þeim, sem áætlaðar eru samkvæmt I. kafla, og er lagt til, að 2000000 kr.

tveimur milljónum króna

sé varið til framkvæmda ríkisins sjálfs, umfram áætlaðar fjárlagaframkvæmdir, einkum þeirra, sem minnst efni þarf til að kaupa, svo sem vegagerða, ræktunar o. þ. h., og verða þá um 300000 kr. til hinna annara lána, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í öllum kaupstöðum landsins er aðkallandi þörf fyrir gagnfræðaskólabyggingar samkv. lögum um gagnfræðaskóla. Með því að veita nokkurn atvinnu-

bótastyrk og lán til þessara framkvæmda, umfram lögboðið framlag, er bæjunum gert kleift að nota atvinnuleysistímabilið til þessara framkvæmda.

Samkvæmt frv. mundu bæirnir fá til umráða í þessu skyni:

1. Lögboðið framlag úr ríkissjóði, ⅖ kostnaðar	kr.	400000
2. Atvinnubótastyrkur	—	200000
3. Atvinnubótalán	—	200000
og þyrftu þeir þá sjálfir að leggja fram aðeins	—	200000
til þess að geta byggt fyrir	kr.	1000000

eina milljón króna.

Í nærfellt öllum kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum úti um land er hin mesta þörf á lendingarbótum, bryggjum og stærri og smærri hafnarvirkjum. Hér í Reykjavík vantar tilfinnanlega skipakví eða skipasmíðastöð. Það er orðin föst venja, sumpart bundin með lögum, að ríkissjóður styrki þessar framkvæmdir með framlagi, sem nemur ⅓—⅖ kostnaðar. Er því enginn vafi á því, að héruðin mundu kappkosta að koma þessum mannvirkjum upp, ef þau ættu kost á viðbótarstyrk og lánum, og flestum þeirra verða kleift að gera mikið að í þeim efnum. En slíkt væri hin mesta atvinnubót. Ef frv. verður að lögum, er unnt að leggja til þessara framkvæmda:

1. Venjul. framlag ríkissjóðs, ca. ⅓ kostnaðar	kr.	600000
2. Atvinnubótastyrkur	—	400000
3. Atvinnubótalán	—	400000
og þyrftu þá héruðin eigi að afla sér annarsstaðar frá nema ..	—	400000
til þess að geta látið vinna fyrir	kr.	1800000

eina milljón og 800 þús. krónur

að þessum nauðsynlegu framkvæmdum.

Við nærfellt alla kaupstaði og stærri kauptún skortir mjög á ræktað land, til þess að íbúarnir eigi þess kost að fá næga mjólk við viðunandi verði. Enda er þar alstaðar vaknaður mikill áhugi á aukinni ræktun, og reynslan sýnir, að nálægt kaupstöðum og stærri kauptúnum borgar ræktunin sig bezt. Er og í alla staði heppilegast, að sveitar- og bæjarfélögin hafi þessar framkvæmdir með höndum, svo að ræktunin verði gerð í sem stærstum stíl og verði sem ódýrust. Ef frv. þetta verður samþykkt, er þessum aðilum gert tiltölulega auðvelt að ráðast í stórfelldar ræktunarframkvæmdir, er tryggi nokkuð framtíðarafkomu íbúanna og bæti úr yfirstandandi atvinnukreppu. Með því að leggja t. d. ⅓, eða 500000 kr., af áætluðum atvinnubótastyrk til héraðanna og tilsvarandi lán, er framlag kæmi á móti, væri unnt að verja til þessara ræktunarframkvæmda:

1. Atvinnubótastyrkur	kr.	500000
2. Atvinnubótalán	—	500000
og þyrftu þá aðilar að geta aflað sér annarstaðar og lagt á móti	—	500000
til þess að geta látið vinna fyrir	kr.	1500000

hálfa aðra milljón króna

að jarðræktarframkvæmdum.

Væri þá enn eftir til annara framkvæmda sveitar- og bæjarfélaga en þeirra, er hér að framan hafa verið talin, svo sem vatns- og skolpleiðslna, götu- og vegagerða, undirbúnings rafmagnsvirkjana o. fl. o. fl.:

1. Atvinnubótastyrkur	kr.	400000
2. Atvinnubótalán	—	400000
og þyrftu þá héruðin aðeins að afla sér annarsstaðar og leggja fram	—	400000
til þess að geta unnið að slíkum framkvæmdum fyrir	kr.	1200000

eina milljón og 200 þús. kr.

Hér fer á eftir heildaryfirlit yfir skiptingu fjárins og fjárframlög á móti:

I. Til sveitar-, sýslu- og bæjarfélaga.

1. Atvinnubótastyrkur	kr.	1500000	
2. Atvinnubótalán	—	1500000	
3. Framlög á móti	—	1500000	
4. Styrkur til gagnfræðaskóla í kaupstöðum, ⅔ kostnaðar	—	400000	
5. Styrkur til bryggjugerða, lendingabóta, skipasmíðastöðvar o. þ. h.	—	600000	
			kr. 5500000

II. Til byggingarsjóða.

1. Styrkur	kr.	500000	
2. Lán	—	1500000	
3. Framlög á móti	—	1500000	
			kr. 3500000

III. Til ríkisframkvæmda.

1. Vegir og brýr	kr.	1496000	
2. Símar	—	79000	
3. Vitar og lendingarbætur	kr.	125000	
4. Jarðrækt	—	300000	
			kr. 2000000
			Samtals kr. 11000000

ellefu milljónir króna,

er unnið verði fyrir að nauðsynlegum framkvæmdum til atvinnubóta.

Með því að gera tilraun til að vinna á móti kreppunni á þann hátt, sem ráð er gert fyrir í þessu frv., **að** unnið verði af kappi að gagnlegum opinberum framkvæmdum, í stað þess að láta verkafólkið í landinu ganga þúsundum saman atvinnulaust og svelta eða draga fram lífið á dýrum sveitarstyrkjum, líðandi engu að síður nauð, **að** gerðar verði öflugar ráðstafanir til þess að draga úr hinni óhæfilegu dýrtíð í landinu, einkum í Reykjavík og stærri kaupstöðunum, **að** traustari

grundvöllur verði að ýmsu leyti lagður undir aðalatvinnurekstur landsmanna og hann skipulagður betur, og að alþýða verði sem rækilegast studd til sjálfsbjargar og samvinnu — þá mætti svo fara, um leið og landið auðgaðist að gagnlegum framkvæmdum, sem annars yrðu að bíða betri tíma, að kreppan flytti alþýðu manna ekki eingöngu hörmungar, heldur þá lærdóma, er tryggðu henni síðar betri afkomu, meiri menningu og farsælli framtíð.

Ed. 171. Nefndarálit

um frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með frv. þessu eru dregin saman í eina heildarlöggjöf ýms eldri lög um búfjárræktina, svo sem lög um hrossakynbætur, lög um nautgriparækt, lög um búfjártryggingar og lög um samþykktir um eftirlits- og fóðurbirgðafélög. Jafnframt hefir svo farið fram endurskoðun á þessum lögum og loks er tekinn inn í frv. nýr kafli um sauðfjárrækt.

Nefndin lítur svo á, að heppilegt sé að sameina í eitt öll lög um þessa mikilsverðu grein búnaðarins, og með þeim endurbótum á búfjárræktarlöggjöfinni, sem felast í þessu frv., sé lagður traustari grundvöllur að umbótum á búfjárræktinni, sem orðið hafa mjög útundan að þessu.

Að sjálfsögðu hefir þessi löggjöf í för með sér nokkuð aukin gjöld fyrir ríkið. Eftir því, sem nautgriparáðunautur Bf. Ísl. hefir skýrt nefndinni frá, eru líkur til, að sú útgjaldaaukning nemi 20—30 þúsundum króna árlega næstu ár, svo vitanlega má gera ráð fyrir nokkru meiri útgjöldum með aukinni þátttöku og áhuga landsmanna í kynbótastarfinu, en þar sem búnaðinum er alveg lífsnauðsyn, að búfjárræktin geti tekið stórfelldum endurbótum, verður að telja vel varið því aukna framlagi ríkisins, sem til þess gengur.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 11. gr. Önnur málsgr. falli burt.
2. Við 20. gr. Annar málsl. 1. málsgreinar orðist svo:
   Hesta, sem nefndin velur, skal hún kaupa eða taka á leigu til afnota í hreppnum.
3. Við 21. gr. Seinni málsliður falli burt.
4. Við 24. gr. Í stað orðanna „hvar hann hittist“ komi: hvar sem er.
5. Við 43. gr. d-liður orðist svo: Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsmanna ekki vera lægri en 50 og hvers einstaks ekki hærri en 30.

6. Við 44. gr.
   a. Í stað „75 kr.“ komi: 50 kr. — og í stað „20 kr.“ komi: allt að 50 kr.
   b. síðari málsgr. falli burt.
7. Við 45. gr. Í stað orðanna: „Við ábúendaskipti“ komi: Ef styrkþegi hættir að reka búið.
8. Við 55. gr. Í stað orðanna ”56. gr.“ komi: 57. gr.
9. Við 57. gr. Í stað „30, 50, 25, 5“ í greininni komi: 50, 40, 20, 4.
10. Við 58. gr. Greinin orðist svo:

    Nú kemur það í ljós að lokinni skoðun, sbr. 53. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, sem nemur hluta hreppsins í sjóðnum, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan fimm ára.

    Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.
11. Við 75. gr. Greinina skal orða svo:

    Vátryggingariðgjaldið hvílir sem lögveð á hinum vátryggðu gripum og gengur fyrir öllum öðrum veðskuldbindingum, er á þeim hvíla. Greiðsluskyldan hvílir á þeim, er hefir not hins vátryggða grips, hvort sem hann er eigandi eða leigjandi.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. 172. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður hv. deild til þess að samþykkja 1. gr. frv. óbreytta. Að meginstefnu til hallast nefndin einnig að því, að þeir, er missa skulu eign sína eða sæta hömlum á meðferð hennar vegna skipulagsákvæða, skuli ekki þurfa að bíða eftir bótum, þar til er skipulagsbreyting er framkvæmd, eins og nú er samkv. 28. gr. laga nr. 55/1921. En nefndinni þykir rétt að binda bótaheimtu áður en skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar því skilyrði, að aðili geri að minnsta kosti sennilegt, að skipulagsákvæði valdi honum tjóni eða óhagræði, enda þótt ekki sé beinlínis tekið að framkvæma þau.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

2. gr. frv. skal orða svo:

Síðari málsliður 28. gr. verði þannig:

Skaðabætur skal greiða jafnskjótt sem aðili sannar eða gerir sennilegt, að skipulagsbreyting sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóni eða óhagræði, enda þótt hún sé ekki komin til framkvæmdar.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.
Jón Ólafsson, Lárus Helgason.

Nd. 173. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frv., ásamt brtt. á þskj. nr. 79, 100 og 101, og hefir orðið sammála um að leggja til:

Í stað a-liðs 1. gr. frv. komi 1. liður brtt. nr. 101. Liðirnir b og c úr 1. og 2. gr. samþykkist. Brtt. nr. 100 við brtt. nr. 79 samþykkist. 3. og 4. gr. samþykkist með þeirri brtt., sem nefndin gerir hér á eftir.

Loks samþykkist 2. liður brtt. 101 og 5., 6. og 7. gr. frv. með áorðinni breytingu.

Nánar í framsögu.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 4. gr.

Í stað orðsins „framsenda“ komi: senda.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. og frsm. Einar Arnórsson, Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.
Jón Ólafsson, Lárus Helgason.

Nd. 174. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið ásátt um það, hversu frv. skyldi samþ., en undirritaður leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskrifari.

Nd. 175. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar vill samþ. frv. með þeirri breytingu að færa tillag ríkissjóðs úr ⅖ í ⅓.

Undirritaður, sem er einn í minni hl., vill hinsvegar láta samþ. frv. óbreytt.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskrifari.

Nd. 176. Nefndarálit

um. frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hl. vill breyta tillagi ríkissjóðs úr ⅖ í ⅓ hluta, en undirritaður, sem er nú einn í minni hlutanum, vill láta samþ. frv. óbreytt.

Um ástæður vísast til Alþt. 1931 (vetrarþing), nál. meiri hl. sjútvn., þskj. 195.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskrifari.

Nd. 177. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frumvarpið saman við tillögu endurskoðunarmanna landsreikningsins 1929. — Í frumvarpinu er leitað aukafjárveitingar á öllu því, er endurskoðunarmenn gera tillögur um, og leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Magnús Guðmundsson, fundaskrifari. Ólafur Thors,
Bernh. Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson.

Nd. 178. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frumvarpið saman við landsreikninginn 1929, athugasemdir yfirskoðunarmanna, svör ráðherra og tillögur yfirskoðunarmanna. — Með tilvísun til tillagna yfirskoðunarmanna og tillögu til þingsályktunar, er nefndin ber fram, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt. Þó hefir einn nefndarmanna (MG) áskilið sér að bera fram breytingartill. við frumvarpið.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Magnús Guðmundsson, fundaskrifari. Ólafur Thors,
Bernh. Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson.

Nd. 179. Breytingartillögur

við frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1929.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Á eftir 18. lið gjaldamegin komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Vantalin gjöld samkvæmt 38. aths. við LR. 1043555,88.
2. Í stað „1337857,52“ í síðasta lið gjaldamegin komi: 294301,64.

Nd. 180. Tillögur

til þingsályktunar út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1929.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að flokka skuldbindingar ríkissjóðs í yfirliti yfir eignir og skuldir þannig:
   a) Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna þarfa ríkisrekstrarins og hvíla á honum um greiðslu afborgana og vaxta.
   b) Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna sjálfstæðra stofnana, en ríkissjóði er ætlað að annast greiðslur af þeim að einhverju eða öllu leyti.
   c) Skuldir, er stofnaðar hafa verið vegna sjálfstæðra stofnana, sem eiga sjálfar að annast allar greiðslur af þeim.
   d) Yfirlitinu fylgi skrá yfir ábyrgðir ríkissjóðs.
2. Að færa greiðslur (tekjur og gjöld) á reikning þess árs, sem þær tilheyra að réttu lagi, eftir því sem við má koma.

Nd. 181. Breytingartillögur

við brtt. við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þskj. 166).

Frá allsherjarnefnd.

1. b.-liður tillögunnar orðist þannig:
   Í stað 2. málsgr. 3. gr. frv. komi:
   Ef eigi næst samkomulag milli Reykjavíkur annarsvegar og Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu hinsvegar, skal það, er milli ber, lagt í gerð þriggja manna. Nefnir bæjarstjórn Reykjavíkur einn gerðarmann, sýslunefnd Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í sameiningu annan, en hæstiréttur oddamann, er sé formaður gerðardóms, og skal oddamaður vera búsettur utan Reykjavíkur og Kjósarsýslu. Nú nefnir aðili ekki mann í gerðardóm, og skal þá hæstiréttur nefna í hans stað. Gerð þessara manna er aðiljum skylt að hlíta.
2. Eftir 2. málsgr. 3. gr. frv. komi ný málsgr. svohljóðandi:
   Um ágreining milli Reykjavíkur og vatnsveitufélags Skildinganesshrepps skal fara með samsvarandi hætti.

Nd. 182. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða (þingskj. 104).

Frá Einari Arnórssyni.

Við 8. gr. frv.
2. tölul. skal orða svo:
Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa o. s. frv.

Nd. 183. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1932.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1.	Við 2. gr. 1. (Fasteignaskattur). Fyrir »280000« kemur	330000
2.	Við 2. gr. 2. (Tekjuskattur og eignarskattur) Fyrir »900000« kemur	950000
3.	Við 2. gr. 4. (Aukatekjur). Fyrir »500000« kemur	570000
4.	Við 2. gr. 6. (Vitagjald). Fyrir »375000« kemur	425000
5.	Við 2. gr. 10. (Bifreiðaskattur). Fyrir »80000« kemur.	100000
6.	Við 2. gr. 11. (Útflutningsgjald). Fyrir »900000« kemur	950000
7.	Við 2. gr. 12. (Áfengistollur). Fyrir »450000« kemur	500000
8.	Við 2. gr. 13. (Tóbakstollur). Fyrir »1000000« kemur.	1050000
9.	Við 2. gr. 14. (Kaffi- og sykurtollur). Fyrir »850000« kemur	950000
10.	Við 2. gr. 15. (Annað aðflutningsgjald). Fyrir »180000« kemur	200000
11.	Við 2. gr. 16. (Vörutollur). Fyrir »1450000« kemur	1550000
12.	Við 2. gr. 17. (Verðtollur). Fyrir »1550000« kemur	1650000

13. Við 2. gr. 18. (Gjald af sætindagerð).
Fyrir »50000« kemur 100000
14. Við 3. gr. A. I. 1. (Rekstrarhagnaður póstsjóðs).
Fyrir »9656« kemur 59656
Tilsvarandi liðir á sundurliðun breytast samkvæmt þessu.
15. Við 3. gr. A. I. 3. (Rekstrarhagnaður Víneinkasölu).
Fyrir »650000« kemur 700000
Tilsvarandi liðir á sundurliðun breytast samkvæmt þessu.

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 3. gr. A. Síminn II. b. 19. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til sumarskýlis símamanna í Reykjavík 4000
Til vara 3000

III. Frá *Jóni A Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Síminn. Eignahreyfingar. Út III. (Nýjar símalínur).
a. Fyrir »70000« kemur 82000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12000 kr. til síma frá Sandeyri að Stað í Grunnavík.

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 7. gr. 3. (Ensk lán). Nýr liður:
Aðrir vextir 90000

V. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við. 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir »9450« kemur 9750
b. 16. lið í aths. skal orða svo:
Til Sléttu-, Grunnavíkur-, Nauteyrar- og Snæfjallahreppa, 300 kr. til hvers, 1200 kr.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir »9450« kemur 9750
b. Í aths. bætist á eftir 20 nýr liður:
Til Nauteyrarhrepps 300 kr., sé héraðið læknislaust.

VII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 12. gr. 15. a. Nýr liður:
Til sjúkraskýlis á Þórshöfn (endurveiting) . . 8000

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 15. n. (Halldór Arnórsson). Nýr liður:
Til sama, til þess að kynna sér nýungar í gervilimagerð erlendis og til verkfærakaupa 3000

IX. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 12. gr. 15. n. Nýr liður:
Til frú Sigríðar Kjartansdóttur í Holti, styrkur vegna sjúkdóms manns hennar, séra Jakobs Lárussonar 5000

X. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýr liður:
Skeggjastaðaþinghárvegur 5000

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýir liðir:
a. Til Jökulsárhlíðarvegar 8000
b. Til þjóðvegar í Geithellnahreppi 5000

XII. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 25000

XIII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýr liður:
Brunahraunsvegur 10000

XIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. III. (Til brúargerða):
a. Fyrir »50000« kemur 112000
b. Aftan við liðinn bætist:
Þar af til brúar á Þverá á Rangárvöllum 62000, ef fé er fyrir hendi.

XV. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir):
a. Liðurinn hækki um 12000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12000 kr. til brúar á Skálm á Mýrdalssandi.

XVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. V. (Fjallvegir).
Fyrir »15000« kemur 25000

XVII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. V. (Fjallvegir).
a. Fyrir »15000« kemur 20000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 5000 kr. til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi.

XVIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. A. VII. Nýr liður:
Styrkur til þess að fullgera akveg af sýsluveginum í Járngerðarstaðahverfi að Stað í Grindavík . . 2500

XIX. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. XI. (Gististaðir).
a. Fyrir »3000« kemur 3500
b. Aftan við liðinn bætist:
Þar af 500 kr. til ábúandans á Víðidal á Möðrudalsfjöllum.

XX. Frá *Guðbrandi Ísberg* og *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir »89000« kemur 91000

XXI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Liðurinn verður 2. a.
Á eftir liðnum kemur nýr liður (b):
Styrkur til kaupa á bát til mann- og póstflutninga um Ísafjarðardjúp o. v., gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 30000

XXII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. C. II. (Laun vitavarða).
Athugasemdin fellur burt.
2. Við 13. gr. C. IV. Nýr liður:
Til að reisa nýja vita 65000

XXIII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 13. gr. C. VI. Nýr liður:
Til að kaupa vitavarðarbústað á Rifi á Melrakkasléttu, fyrsta fjárveiting 2000

XXIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr liður:
Til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar (endurveiting), allt að 3750
Verkið sé unnið undir eftirliti vitamálastjórnarinnar.

XXV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr liður:
Til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi . . . 5500

XXVI. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr liður:
Til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi . . . 4000

XXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingabætur).
Fyrir »20000« kemur 32500

XXVIII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingabætur).
Í stað »20000« kemur 30000

XXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til útgáfu rits um leiðbeiningar á siglingaleiðum við Ísland 4000

XXX. Frá *Einari Arnórssyni.*
Við 14. gr. B. I. e. Nýr liður:
Til aukakennara í þýzku 1500

XXXI. Frá *Ásgeiri Asgeirssyni, Einari Arnórssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Önnu Bjarnardóttur frá Sauðafelli, til utanfarar, til þess að kynna sér barnafræðslu og uppeldismál 1500

XXXII. Frá *Jóni Ólafssyni, Sveinbirni Högnasyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jóns Ág. Gissurarsonar, til framhaldsnáms í Þýzkalandi 1000

XXXIII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 14. gr. B. V. b. 1. (Akureyrarskóli, aukakennarar og stundakennsla).
Fyrir »15000« kemur 18000

XXXIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. X. e. Aftan við liðinn bætist aths.:
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir til byggingar úr járnbentri steinsteypu.

XXXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Þórhalls Þorgilssonar kennara í rómönskum málum, til þess að gefa út handhæga kennslubók í spönsku 1500

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 18. (Leikfélag Reykjavíkur).
Aftan við athugasemdina bætist:
Enda leyfi það, að útvarpað sé án endurgjalds síðustu sýningu hvers leiks.

XXXVII. Frá *Ólafi Thors, Haraldi Guðmundssyni* og *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 15. gr. 23. Nýr liður:
Til Einars Kristjánssonar, til söngnáms erlendis 1200

XXXVIII. Frá *Bjarna Asgeirssyni.*
Við 15. gr. 23. Nýr liður:
Til Ásgeirs Bjarnþórssonar, til þess að fullkomna sig í málaralist 600

XXXIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bergi Jónssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Sigurðar Skúlasonar mag. art., til rannsókna á fornbókmenntum 1500

XL. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Ólafs Marteinssonar mag. art., til orðtöku og vísnasöfnunar 1000
Til vara 800

XLI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 15. gr. 30. Nýr liður:
Til Odds Oddssonar, til ritstarfa 1000
Til vara 800

XLII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla). Athugas. skal orða svo:
Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi og 1500 kr. til Páls Guðmundssonar á Baugsstöðum, til varnar sjávarágangi og sandfoki þar.

XLIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýir liðir:
a. Styrkur til búfjáreigenda í Norður-Ísafjarðarsýslu, til fóðurbætiskaupa 20000
Til vara 15000
b. Við liðinn kemur aths.: Sýslunefnd skiptir styrknum milli hreppa með tilliti til þess, hver grasbrestur hefir orðið í hverjum hreppi sumarið 1931. Hreppsnefndir úthluta fénu til búfjáreigenda með hliðsjón af því, hvern skaða þeir hafa haft af grasbresti 1931.

XLIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 11. b. Nýr liður:
Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til lokanáms í skógrækt og sandgræðslu 1500
Til vara 1200

XLV. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 16. gr. 12. b. Nýr liður:
Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga . . 900
Til vara 700

XLVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 20. (Fiskifélagið). Nýr liður:
Til sama félags, til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins 5000

XLVII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 26.—28. Liðirnir verða einn liður og hljóða svo:
Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga:
a. Laun Halldóru Bjarnadóttur 3000

b. Styrkur til sambandsins 6000
Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.
c. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði 800
d. Til landssýningarnefndar, upp í halla við landssýningu heimilisiðnaðarfélaganna 2000 11800

XLVIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 10000

XLIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 42. Nýr liður:
Til dýpkunar á innsigling leiðarinnar á Stokkseyrarsundi 4000

L. Frá *Einari Arnórssyni.*
Við 16. gr. 45. Nýir liðir:
a. Til Valgarðs Thoroddsens, til þess að ljúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi 1200
b. Til Sigríðar Sigurðardóttur (Árnasonar), til að ljúka námi í verzlunarfræði í Þýzkalandi . 1000

LI. Frá *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 2. Nýr liður:
Til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, styrkur til þess að standast kostnað af fátækraframfærslu árið 1931 10000

LII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 17. gr. 23. Nýr liður:
Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík, byggingarstyrkur 5000
2. Við 18. gr. II. c. 10. (Einar Jónsson).
Liðurinn fellur burt.
3. Við 18. gr. II. c. 13. Nýr liður:
Til Magnúsar prófasts Bjarnarsonar 355

LIII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. c. 13. Nýr liður:
Til Ólafs Stephensens 550

LIV. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 18. gr. II. e. 15. (Ögmundur Sigurðsson).
Fyrir »2000« kemur 2500

LV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 16. (Cathinca Sigfússon).
Fyrir »400« kemur 1000
Til vara 750

LVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. f. 18. (Steindór Hinriksson).
   Liðurinn fellur burt.
2. Við 18. gr. II. f. 27. Nýr liður:
   Til Hedvig Blöndal, ekkju Ola Blöndal póstritara, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 600
3. Við 18. gr. II. i. 6. (Oddný Guðmundsdóttir).
   Liðurinn fellur burt.

LVII. Frá *Þorleifi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður . . . 200

LVIII. Frá *Bergi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður 200

LIX. Frá *Jóni Ólafssyni.*

Við 18. gr. II. i. 59. (Valgerður Steinsen).
Fyrir »300« kemur 600

LX. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. i. 59. Nýir liðir:
   a. Til Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar 300
   b. Til Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar 400
2. Við 19. gr. (Óviss útgjöld).
   Fyrir »100000« kemur 150000

LXI. Frá *Lárusi Helgasyni, Magnúsi Guðmundssyni* og *Þorleifi Jónssyni.*

Við 19. gr. Aftan við greinina bætist:
Þar af skaðabætur til Vigfúsar Gunnarssonar í Flögu í Skaftártungu, vegna bruna af eldingu aðfaranótt hins 1. des. 1930 10000

LXII. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jóhanni Jósefssyni, Einari Arnórssyni* og *Sveini Ólafssyni.*

Við 20. gr. Út. V. Aftan við orðið »Menningarsjóð« kemur: að því tilskildu, að Guðbrandur Jónsson ríthöfundur hafi á hendi gæzlu listasafnsins með a. m. k. 2500 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar.

LXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 22. gr. I. (Eimskipafélagið).
   a. Fyrir »85000« kemur 150000
   b. Aftan við liðinn bætist:
      Enda veitist ríkisstjórninni aðstaða til athugunar og íhlutunar um rekstur þess.

2. Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast lán til síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

LXIV. Frá *Tryggva Þórhallssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Ólafi Thors.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að kaupa landinu til handa lóðirnar milli menntaskólans í Reykjavík og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa, á þeim grundvelli um verð og aðra skilmála, er ræðir um í gögnum þeim, er forsætisráðherra hefir sent þingmönnum, einnig með þeim skiptum á eigninni nr. 20 við Austurstræti og nr. 2 við Bankastræti, er þar greinir.

LXV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýir liðir:

a. að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

b. að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni.

c. að ábyrgjast lán til síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaðar, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgðin gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar nemi á hverjum tíma samtals 1000000 kr.

LXVI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Pétri Ottesen.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að kaupa hús sýslumannsins í Borgarnesi, með þeim skilmálum, sem stjórninni og sýslumanni kemur saman um.

LXVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýir liðir:

a. að ábyrgjast allt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu.

b. að ábyrgjast allt að 60 þús. króna lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu.

LXVIII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að lána J. Frímann Jónssyni 2500 krónur til þess að koma upp verkstæði til aðgerðar á jarðyrkjuverkfærum, jarðyrkjuvélum, heyvinnuvélum og rafstöðvum og til að koma upp rafstöðvum á Fljótsdalshéraði, gegn tryggingu, sem stjórnin metur gilda. Lánið sé vaxtalaust og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

LXIX. Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að lána Hjaltastaðahreppi í N.-Múlasýslu 25000 krónur til 20 ára, með 6% vöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar N.-Múlasýslu. (Endurveiting).

LXX. Frá *Bergi Jónssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að veita Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu 20000 kr. bjargræðislán, sem endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 6% ársvöxtum á 20 árum.

Nd. 184. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Lítilsháttar ágreiningur hefir í nefndinni verið um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (JJós) hefir sérstöðu í málinu, en hinir allir hallast að því að afgreiða það með líkum hætti og önnur hafnarlagafrumvörp þessa þings, og miða við þá skiptingu kostnaðar milli ríkis og héraðs, sem oftast hefir fylgt verið, að ætla ríkissjóði ⅓, en hafnarsjóði ⅔ kostnaðarins. Er þá jafnframt lagt til, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni, sem hafnarsjóður Dalvíkur kann að taka vegna hafnargerðar, megi hækka um allt að 70000 kr. frá tillögu frv.

Um skiptingu kostnaðar við hafnargerðina milli Svarfdælahrepps og hafnarsjóðs Dalvíkur viljum vér engar tillögur gera eða skilorðsbinda fjárframlög ríkissjóðs við samninga þeirra aðilja.

Vér leggjum til eftir framansögðu, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir á-

ætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 125000 — eitt hundrað tuttugu og fimm þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Dalvíkur og Svarfdælahrepps.

2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 150000“ komi: kr. 220000.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, Bjarni Ásgeirsson, Guðbr. Ísberg.

Nd. 185. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um, að færa beri frv. í sama form og áður og ætla ríkissjóði ⅓ byggingarkostnaðar, svo sem tíðkazt hefir um flestar hafnargerðir undanfarið, en hafnarsjóði ⅔. Einn nefndarmanna (JJós) vill fylgja frv. óbreyttu.

Ábyrgð ríkissjóðs fyrir nauðsynlegu láni, sem hafnarsjóður kann að taka vegna hafnargerðarinnar, telur meiri hlutinn rétt að færa úr hámarkinu, 370000 kr., í 412000 kr.

Vér leggjum því til eftir framansögðu, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitist ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 208000 — tvö hundruð og átta þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Sauðárkróks.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 370000 — þrjú .... króna“ komi: 412000 — fjögur hundruð og tólf þúsund — króna.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson. Bjarni Ásgeirsson. Guðbr. Ísberg.

Nd. 186. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

4 nefndarmanna hafa orðið sammála um meðferð frv., en einn (JJós) hefir sérstöðu í málinu.

Meiri hlutinn vill fylgja þeirri reglu, sem oftast hefir fylgt verið um hafnargerðir undanfarið, og ætla ríkissjóði ⅓ stofnkostnaðar, í stað ⅖, sem frv. ráðgerir, en hafnarsjóði ⅔. Hinsvegar viljum vér leggja til, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni, er hafnarsjóður kann að taka vegna hafnargerðarinnar, megi nema allt að 580000 kr. Einnig teljum vér sjálfsagt, að sérveiting í fjárlögum til hafnargerðarinnar, sem samþykkt kann að verða áður en frv. þetta verður að lögum, skuli teljast til þess þriðjungs stofnkostnaðar, sem ríkissjóði er ætlað að greiða.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Akranesi má verja úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 400000 — fjögur hundruð þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Akraness. Skal telja með þriðjungi ríkissjóðs það fé, er veitt kann að verða í fjárlögum til hafnarinnar áður lög þessi koma til framkvæmda.
2. Við 2. gr. Fyrir „500000 — fimm hundruð þúsund — króna“ komi: 580000 — fimm hundruð og áttatíu þúsund — króna.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson. Bjarni Ásgeirsson. Guðbr. Ísberg.

Nd. 187. Frumvarp

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð ríkissjóðs á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í

landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi 10000 tunnur.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenzkum afurðum.

Til þess að reisa byggingar þessar má verja allt að 50000 kr.

2. gr.

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur.

3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti, sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 188. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu vera í gildi árin 1931 og 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 189. Breytingartillaga

við frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 2. gr. Fyrra málslið skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80 þúsund króna lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Nd. 190. Frumvarp

til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80 þús. kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum, eftir því er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingar-

bóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi

lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.

Nd. 191. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 [*Útflutningsgjald af síld o. fl.*] o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,00.

2. gr.

Endurgreiða skal innflutningstoll, hverju nafni sem nefnist, af kryddi og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, enda sé síldin komin á skipsfjöl til útflutnings og sannað með vottorði síldarmatsmanns, hve mikið af kryddi og sykri hefir verið látið í hverja tunnu síldarinnar.

Ed. 192. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri

hlutinn (MT og EÁ) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (PM) er því mótfallinn.

Alþingi, 3. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form.	Einar Árnason, fundaskrifari og frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 193. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan markað, enda sé á þeim stöðum nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga handa fisksölufélögum, sbr. 1. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á yfirstandandi ári, og er ríkisstjórn heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutningaskipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má, að þurfi til þess að ekki verði rekstrarhalli á skipunum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskjarins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fiskútflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni.

5. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 194. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 183.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 3. Nýr liður:
Breiðadalsheiðarvegur 15000

II. Frá *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 183, XX. Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Brtt. skal orða svo:
Fyrir »89000« kemur. 91500

III. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 14. gr. B. I. m. Nýr liður:
Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu 1200

IV. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XVI. 2 (Húsmæðrafræðsla á Hallormsstað).
Fyrir »5000« kemur 8000
Til vara 7000

V. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
1. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Vísindafélags Íslendinga 1000
2. Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til tónlistarskólans 4000

VI. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 16. gr. 12. b. Nýr liður:
Til Halldórs Kr. Jónssonar, Brekku í Svarfaðardal, til dýralækninga 600

VII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
1. Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til kvenfélagasambands Íslands 2000
2. Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður:
Til Gagnfræðaskóla Reykvíkinga 3000

VIII. Frá *Pétri Ottesen* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 33. Nýr liður:
Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 300

IX. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
Fyrir »8000« kemur 10000

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 17. Nýr liður:
Til Sigurgarðs Sturlusonar 200

XI. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 183, LXIII. a—b.
Breytingartillöguna skal orða svo:
Við 22. gr. I. (Eimskipafélagið).
Liðinn skal orða svo:
Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 150000 kr., ef nauðsyn krefur.

XII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 22. gr. Aftan við greinina bætist málsgrein:
Heimilt er að gefa Mjólkurfélaginu Mjöll eftir 15000 kr. viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum.

Nd. 195. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum, samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni, vegna sölu síldar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

H. Stefánsson, form. — Magnús Guðmundsson, fundaskr., frsm. — Steingr. Steinþórsson,
Ólafur Thors, — Bernh. Stefánsson.

Ed. 196. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form. — Einar Árnason, fundaskr. — Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 197. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „þar sem þeir eru fæddir“ komi: í öðrum ríkjum.

Ed. 198. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

3. gr.

Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25,— í stað „40“: 50 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglueftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

5. gr.

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubif-

reiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem *lög um notkun bifreiða.*

Nd. 199. Breytingartillögur

við frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá Pétri Ottesen og Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á undan »10000 tunnur« í niðurlagi fyrstu málsgr. kemur: allt að.
2. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, svo látandi:
   Meðan ekki verður við komið, vegna fjárhags ríkissjóðs, að reisa byggingar þessar, er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu kjallara til notkunar samkv. 1. og 2. gr.
3. 6. gr. verður 7. gr.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er samhljóða samnefndu frv. eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed. á síðasta þingi. Hafði málið þá fengið allrækilega athugun í nefnd, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Jón Þorláksson,	Magnús Torfason,
form.	frsm.	fundaskr.

Ed. 201. Lög

um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 4. ágúst).

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 202. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 183.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 183, XXXIV. Við 14. gr. B. X. e. (Verklegt framhaldsnám erlendis).
Brtt. skal orða svo:
a. Fyrir »4000« kemur 5000
b. Aftan við liðinn bætist aths.:
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir til byggingar úr járnbentri steinsteypu.

II. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýir liðir:
a. Til Sjómannafélags Reykjavíkur, til þess að halda uppi sjómannastofu 10000
b. Til ráðningarskrifstofu Alþýðusambands Íslands . . 8000

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. i. 59. Nýr liður:
Til Benedikts Þ. Gröndals 800

Nd. 203. Tillaga

til þingsályktunar um Háskóla Íslands.

Flm.: Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta rannsaka, að hve miklu leyti og hvernig væri unnt að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í þeim námsgreinum, sem þar eru ekki kenndar nú, til þess að stytta nám í þeim erlendis.
2. Að láta rannsaka, hvort ekki væri fært að koma upp sumarnámskeiði í sambandi við Háskóla Íslands, einkum handa þeim útlendingum, sem nema vilja íslenzk fræði og kynnast Íslandi og Íslendingum.
3. Að láta rannsaka, með hverjum hætti bezt verður fyrir komið framhaldsnámi barna- og unglingakennara við Háskóla Íslands og aukaprófum vegna framhaldsnáms.
4. Að leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er, skýrslu um þessar rannsóknir og tillögur.

Greinargerð.

1. Undirbúningsnám við Háskóla Íslands.

Háskóli vor er nú að verða tvítugur að aldri, og hefir hann verið að mestu óbreyttur frá upphafi. Hann hefir séð embættismannaefnum fyrir kennslu í guðfræði, læknisfræði og lögfræði, og auk þess veitt kennslu til meistaraprófs í íslenzkri málfræði, sögu og bókmenntum.

Allar aðrar námsgreinir hafa íslenzkir námsmenn eftir sem áður orðið að sækja til annara landa. Hafa verið veittir námsstyrkir nokkrir til þess, og þó ekki líkt því eins mörgum mönnum og um hafa sótt. Þessir námsstyrkir hafa verið miklu hærri en stúdentar fá við Háskólann hér, eins og eðlilegt er, og þó sjálfsagt ekki verið þægilegra fyrir þá, sem þeirra hafa notið, að komast af en hina, sem heima hafa stundað námið.

Á þessu fyrirkomulagi eru náttúrlega margir annmarkar. Má þar til nefna fyrst kostnaðinn. Er þar ekki átt aðeins við beina námsstyrkinn, sem veittur er, heldur einnig og einkum það fé, sem þjóðin yfirleitt verður að borga út úr landinu, til þess að kosta allan þennan fjölda manna erlendis. — Þá er aftur á hitt að líta, að hér eru nú til menn, og verða fleiri og fleiri, sem eru prýðilega vel færir um að veita tilsögn í þessum greinum, en eiga erfitt með að afla sér atvinnu við kennslu; og auðvitað er enginn hörgull á því, að veita námsmönnum hér á landi annan þann beina, sem þeir nú verða að kaupa erlendis. — Enn má nefna það, hve þjóð vor fer á mis við mikla menning við það, að láta allt þetta nám fara fram erlendis, í stað þess að eiga miðstöð þessara fræða hér heima, með öllu því, sem henni fylgir af möguleikum til rannsókna, náms fyrir fleiri en þá, sem beinlínis keppa að fullnaðarprófi, og allskonar ávinning fyrir íslenzkt menntalíf. — Mætti margt fleira til tína, svo sem það, hve margfalt skaðlegra er fyrir menn að vera komnir til útlanda og ef til vill eyða þar miklu fé, er þeir taka eftir því, að þeim muni ekki auðnast að halda áfram á þessari sömu braut. Eru dæmi þess afarmörg, og væri mörgum manninum það hið mesta happ, að hafa getað kynnzt námi sínu hér heima í upphafi. — Og loks verður stúdentastyrkurinn til náms erlendis þá fyrst að fullum notum, ef þeir, sem hann hljóta, hafa sýnt og sannað áður en þeir fá hann, að hann muni koma að notum.

Úr öllum þessum annmörkum verður ekki bætt til fullnustu, að minnsta kosti ekki í bráðina. En þó má nú fullyrða, að úr sumum mætti draga, og úr öðrum bæta til fulls, með því að koma hér á fót undirbúningskennslu við Háskólann í sem flestum þeim námsgreinum, sem stúdentar þurfa að sækja til útlanda.

Vísindafélag Íslendinga, sem er einmitt skipað vísindamönnum í sem flestum greinum, einnig þeim, sem hér eru ekki kenndar, var eðlilegi aðilinn til þess að taka þetta mál til meðferðar. Í því eru flestir kennarar Háskólans, svo að þar er jafnan náin samvinna milli. Félagið kaus nefnd til þess að athuga þetta mál, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að vel væri gerlegt að koma þessari kennslu á, án verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð, með því að láta kennsluna

vera aukastarf allmargra sérfræðinga. Á hinn bóginn þarf ekki að efast um, að óbeinn hagnaður að þessu fyrir búskap þjóðarinnar verður talsverður, auk menningargróðans, sem af því yrði.

En þá er að tala um sjálft fyrirkomulag þessarar kennslu. Má þar benda á nokkrar mismunandi leiðir. Fella mætti ákvæði um hana inn í sjálf háskólalögin, en nauðsynlegt er það ekki, og naumast heppilegt fyrr en reynslan hefir sýnt, hvernig því verður bezt hagað. Væri því að svo komnu eðlilegast að hafa ákvæði um þetta í sérstökum lögum.

Námsgreinir sumar mætti fella inn í deildir þær, sem fyrir eru. T. d. mætti bæta hagfræðinámi við lagadeild, málfræðinámi við heimspekideild og stofna svo tvær nýjar deildir fyrir náttúrufræði og verkfræði. En í fyrstu að minnsta kosti er alveg eins eðlilegt að láta þessa undirbúningsfræðslu mynda eina deild, meðan ekki er séð, hvernig tilraunin heppnast og hvað af þessu reynist lífvænlegt.

Nokkur vafi er um það, hvaða stöður og nafnbætur kennarar eiga að hafa. Mætti vel vera, að auðveldara væri að fá viðurkenning og prófréttindi, ef þeir hétu prófessorar og dósentar, sem kennsluna annast. Þarf að athuga þetta allt vel.

Þá þarf og að undirbúa eða kynna sér undirtektir annara háskóla. Og ennfremur þarf að skoða betur kostnaðarhlið málsins.

Vegna alls þessa þótti eðlilegra að klæða þetta ekki nú þegar í frumvarpsform, heldur flytja tillögu til þingsályktunar um rannsókn og undirbúning málsins. En hraða ætti þeim undirbúningi sem mest, því að einsætt er, að koma þessari kennslu á sem allra fyrst, til þess að umbætur þær, sem henni fylgja, komi sem fyrst til greina.

Hér á eftir eru birt álit sérfræðinga um þetta mál.

2. Sumarnámsskeið í sambandi við Háskóla Íslands.

Hugmyndin um sumarnámskeið við Háskólann, þar sem útlendingar gætu fengið æskilega tilsögn í íslenzkum fræðum, jafnframt því, að þeir ferðuðust eitthvað um og kynntust landi og þjóð, varð til í sambandi við alþingishátíðina. Íslendingur einn, sem búsettur er vestra, Dr. G. J. Gíslason í Grand Forks, hefir haft mikinn áhuga á þessu og rætt það við ýmsa lærdómsmenn vestra. Hafa þeir tekið mjög vel í málið og talið, að þetta geti orðið ekki aðeins til gagns fyrir útlendingana, sem hingað vilja sækja, og fyrir Ísland, að kynna sig þessum mönnum, heldur geti þetta sumarnámskeið, ef vel gangi, með tíð og tíma orðið að stórfelldri stofnun, sem verði einn meginstyrkur Háskólans.

Dr. Gíslason hefir ritað um þetta grein, sem mun birtast í tímariti bráðlega, en er of löng til þess að taka hana í þessa greinargerð. En hann segir þar:

„Sumarskólahugmyndin .... er einkum í því fólgin:

1. Að Háskóli Íslands stofni til sumarkennslu, frá 1. júlímánaðar til loka ágústmánaðar ár hvert, í íslenzkum og Norðurlandafræðum, ásamt öðrum námsgreinum, sem eru sérkennilegar Íslandi.

2. Að sérstök athygli verði veitt námsþörfum útlendinga og að skólinn sé aðallega þeim ætlaður.

3. Að svo ágætlega sé til kennslunnar vandað, að hún, í sínum sérfræðigreinum, skari fram úr öðrum menntastofnunum, hvar sem leitað sé.

4. Að skólinn standi reiðubúinn til að uppfræða og aðstoða nemendur, á hvaða þekkingarstigi sem þeir eru í þessum fræðum, allt frá byrjun til hinna dýpstu og flóknustu rannsókna.

5. Að útlendum mönnum verði gerð Íslandsveran sem allra ánægjulegust og þeim gefið tækifæri, undir umsjón og leiðsögu kennaranna, til að kynnast sögustöðum og fegurð landsins.

6. Að í sambandi við sumarskólann (síðustu vikuna eða vikurnar) verði stofnað til alheims-ársþings kennara og sérfræðinga í Norðurlanda- og þar að lútandi fræðum.

7. Að Háskólinn gefi út vandað ársrit á svo mörgum tungumálum, sem þurfa þykir, og útbýti því víða um lönd á meðal háskóla og annara menntastofnana, stórblaða og tímarita, einkum þeirra, sem við menntamál fást, og þeirra einstaklinga, sem eftir því æskja eða líklegt þykir, að meti innihald þess".

Með þessu eru dregin fram nokkur aðalatriði í málinu, en auðvitað má mjög margt um málið segja, því til stuðnings, þó að ekki sé hér talið, þar sem aðeins er um að ræða hvatning til undirbúnings. 6. liðurinn er auðvitað ekki í beinu sambandi við sumarnámsskeiðið sjálft, en vel mætti vera, að það breiddi út vitneskju um þetta sumarnámsskeið, ef tækist að ná hingað mörgum fulltrúum. Þá er ekki heldur nauðsynlegt að láta námsskeiðið standa eins lengi og hér er gert ráð fyrir. Víða munu þau vera mánuður. Ekki er heldur alveg nauðsynlegt að halda slíkt námsskeið á hverju ári.

Sumarnámsskeið svipuð þessu tíðkast mjög erlendis. Við þýzka háskóla munu þau vera víða, og lögð mikil áherzla á, að þau sé ódýr og hentug. Aftur á móti virðast námsskeiðin við enska háskóla vera alldýr, og lögð mikil áherzla á, að þeir, sem þau sækja, kynnist sem bezt og hafi ánægju af dvölinni.

Auðvitað yrði árangur af sumarnámskeiðinu mjög eftir því, hve duglega það væri rekið að því er snertir auglýsingar og slíkt, auk þess sem vanda yrði til kennslunnar. Mætti vafalaust vænta mikils styrks frá Íslendingum vestan hafs og vinum þeirra og Íslands um þátttöku þaðan, og í Þýzkalandi myndi og margur leggja því liðsyrði. Dr. Gíslason lagði mikla áherzlu á, að undinn væri bráður bugur að þessu, meðan alþingishátíðin og sú auglýsing, sem henni var samfara, væri ekki komin of langt undan landi.

Hér á eftir eru birtar umsagnir tveggja lærdómsmanna erlendra (amerískra) um sumarnámskeiðshugmyndina.

Fylgiskjal I.

Álit sérfræðinga, er Vísindafélag Íslands skipaði, um undirbúningsnám við Háskóla Íslands.

Undirbúningsnám í náttúrufræðum við Háskóla Íslands.

Þeir, sem lesa dýrafræði, grasafræði, jarðfræði, landafræði og fleiri sérgreinar við erlenda háskóla, verða allir að nema ákveðin undirstöðuatriði í þessum greinum, sem eigi þarf nein sérstaklega kostnaðarsöm tæki til að kenna, og ætti því að vera hægt að kenna hér í Reykjavík og prófa nemendur í, svo að það spari þeim 1—2 vetra nám við háskóla erlendis.

Heimspeki verða þeir að lesa, er stunda náttúrufræði við háskóla hér á Norðurlöndum og taka próf í henni fyrsta veturinn. Í Þýzkalandi er heimspeki ekki skyldunámsgrein fyrir náttúrufræðinga. Síðastliðinn vetur las einn Íslendingur, er ætlaði sér að lesa náttúrufræði, heimspeki hér við háskólann og lauk prófi í henni. Nú í vetur stundar hann nám við Hafnarháskóla og var heimspekipróf hans tekið fullgilt.

Jarðfræði: Meginatriði jarðfræðinnar verða þeir að nema, er ætla sér að lesa dýrafræði, grasafræði, landafræði og aðrar sérgreinar náttúrufræðinnar erlendis, t. d. bergfræði, fysiska jarðfræði og sögulega jarðfræði, eða um steingerfinga og jarðlagaskipun.

Til þessarar kennslu myndi þurfa:

1) Sýnishornasafn af bergtegundum og algengum steintegundum og safn af einkennissteingerfingum ýmsra jarðsögutímabila. Hér heima má viða að með fremur auðveldu móti góðum stofni að slíku safni. Hefi ég þegar mikið til að velja úr í söfnum þeim, er ég hefi dregið saman. Annað, sem mest væri þörf á, myndi vera hægt að fá frá erlendum jarðfræðisöfnum, í skiptum fyrir íslenzka steina og bergtegundir.
2) Skuggamyndavél til að sýna gagnsæjar og ógagnsæjar myndir.
3) Tæki til steinaákvarðana kosta ca. 15 kr. á nemanda, væri nemendum sjálfum ætlað að eignast þau. Reyndar yrði á þessu stigi engin áherzla lögð á steinafræði (Mineralogi). En þó væri sjálfsagt að veita nemendum leiðbeiningu í að ákveða steina og leita eftir svörunum frumefna í steintegundum. Mætti vel setja það í samband við nám þeirra í efnafræði.

Við háskólann í Hamborg ganga rúmir 90 fyrirlestratímar í þetta nám. En ég hygg, að hér gætu nægt við þetta nám 60—70 fyrirlestrar. En að auki þyrfti talsverðan tíma til æfinga og exkursiona. Vér erum mjög vel settir hér í Reykjavík með verkefni úti í jarðfræði, þar eð nærri bænum eru bæði margbreytilegar typiskar gosmyndir og einnig molaberg eða sediment, og stutt að fara til annara staða, er ágæta fræðslu geta veitt í íslenzkri jarðfræði og einnig í almennri jarðfræði. Er hér gnægð hentugra æfingaverkefna handa nemendum, er þeir gætu æft sig á og unnið að undir leiðsögn kennara.

Grasafræði: Hér yrði að sjálfsögðu aðaláherzlan lögð á almenna grasa-

fræði (Morphologi, Fysiologi etc.). Til slíks náms þarf smásjár, helzt eina handa hverjum nemanda við æfingar, og ýmislegt af efnum, sem þarf til að búa til preparöt. Hnífa, nálar, tengur leggja nemendur sér til sjálfir, og kostar það lítið, og þurfa þau tæki eigi að vera fyrirferðarmeiri en svo, að þeir geti geymt þau í vasa sínum. Auk þess þarf að vera völ á lifandi plöntum að vetrinum, bæði til æfinga og skýringa á ýmsu í kennslunni. Mætti sjá fyrir því með dálitlum vermiskála. Ennfremur hentugar veggmyndir og skuggamyndavél etc. Í Hamborg fara 40 fyrirlestrartímar og 40 verklegir æfingatímar til slíks byrjunarnáms í grasafræði. Meira ætti ekki að þurfa hér.

Dýrafræði. Í þeirri grein mundi verða lögð aðaláherzlan á almenna dýrafræði og samanburð hryggdýra og jafnvel hryggleysingja. Ennfremur anatomiskar æfingar, og nemendur um leið æfðir í að nota smásjár, til að athuga ýmsar vefjartegundir dýra, preparera þau og teikna myndir af slíkum preparötum.

Aðaláhöldin til þessa náms eru *smásjár* og ýms smærri fylgitæki þeirra, og ennfremur skálar og geymsluílát fyrir dýr, sem notuð eru til æfinga. Við fyrirlestra þyrfti myndir, eitthvað af afsteypum eða mótum og ef til vill lítilsháttar af útstoppuðum dýrum. Mikroskopisk preparöt ættu nemendur mest að búa til sjálfir eftir leiðsögn kennarans. Vér höfum hér í Reykjavík svo greiðan aðgang að fjölbreyttu sædýralífi til verklegra æfinga, að slík hlunnindi munu vera fágæt við háskóla erlendis. Og kostnaðarlítið er að skreppa með nemendum á varðskipi, er fengist við rannsóknir, til að kynnast dýralífi á meira dýpi og lengra frá landi.

Við háskólann í Hamborg eru ætlaðir ca. 80 tímar til fyrirlestra í dýrafræði og jafnmargir til æfinga fyrstu 3—4 semestrin.

Kostnaðaráætlun sleppi ég að gera að þessu sinni um kennsluna.

Eðlisfræði og efnafræði. Þessar greinar þurfa náttúrufræði-stúdentar að taka sem byrjunarnám. Félli sú kennsla að sjálfsögðu saman við kennslu lækna og verkfræðinga í þessum greinum að meira eða minna leyti, og engin aukaáhöld myndi þurfa vegna nemenda í þessum greinum. Í háskólanum í Hamborg fara ca. 100 tímar til kennslu í hvorri greininni fyrir sig fyrstu semestrin.

Að minni ætlan myndu þeir, sem náttúrufræði kenna í barnaskólum og alþýðuskólum, þurfa að sækja slíka náttúrfræðikennslu við háskólann, til þess að geta talizt fullfærir til að kenna þessar greinar, því að hingað til hefir undirbúningsnám þeirra undir slíkt kennslustarf verið allt of ófullkomið.

Það er vafalaust, að hákólar á Norðurlöndum myndu taka gilt þetta undirbúningsnám hér heima, eftir prófum eða vottorðum frá háskólanum hér, ef hægt er að sýna fram á, að kennslan hafi farið fram eftir föstu skipulagi. En auðvitað yrði að taka nokkurt tillit til þess, hvaða erlenda háskóla nemendur ætla að sækja, að byrjunarnáminu loknu.

Í þýzkum háskólum mun mega spara þriggja semestra nám með tveggja vetra undirbúningsnámi hér heima í þessum greinum.

Laugarnesi, $^{13}/_{4}$ 1931.

Guðm. G. Bárðarson.

P. S. Frá mag. sc. Árna Friðrikssyni hefi ég fengið ítarlegt álit um byrjunarnám í grasafræði og dýrafræði, miðað við kennslu í Hafnarháskóla. Læt ég það fylgja þessari greinargerð.

G. G. Bárðarson.

Undirbúningsnám í dýrafræði og grasafræði við Háskóla Íslands.

Í tilefni af því, að Vísindafélag Íslendinga hefir skipað nefnd til þess að athuga, að hve miklu leyti Íslendingar geti stytt útivist þeirra stúdenta, sem verða að sækja nám sitt til erlendra háskóla, með undirbúningskennslu hér, hefir hr. próf. Guðm. Bárðarson, sem er einn í nefndinni, snúið sér til mín með þessar spurningar og beðið mig að svara þeim með umsögn á málinu:

1. Væri hægt að veita hér heima 1—2 ára undirbúningskennslu í þessum greinum (jurtafr. og dýrafræði), svo að það sparaði jafnlangt nám við háskóla erlendis?
2. Hvaða fög væri hægt að kenna hér?
3. Hvaða tæki mætti bjargast við við kennsluna, svo viðunanlegur árangur fengist?
4. Hver myndi verða kostnaðurinn?

Mér finnst lítill vafi á því, að veita megi hér undirbúningsmenntun í jurtafræði og dýrafræði, en vil mæla með því, að námstíminn hér sé tvö ár, en ekki eitt. Við náttúrufræðinám standa stærðfræðistúdentar mun betur að vígi en máladeildarmenn. Báðum þyrfti að kenna efnafræði sem undirbúningsfag, í líkum mælikvarða og læknanemum, eða ef til vill lítið eitt meira (bæði kvantitat. og kvalitat. æfingar). Ennfremur þyrfti að kenna máladeildarstúdentum eðlisfræði, í líku sniði og nú er kennt í stærðfærðideild Menntaskólans, en leggja sérstaka áherzlu á að útskýra og fara með áhöld, sem nú eru notuð við rannsóknir í flestum vísindagreinum (t. d. öll optisk áhöld, mælitæki, analysuáhöld o. fl.).

Eðlisfræði og efnafræði eru nauðsynleg undirbúningsfög hinnar eiginlegu náttúrufræði, og mætti hæglega ljúka prófi í þeim eftir fyrsta námsvetur, ásamt heimspekinni, og þyrfti það próf að vera jafngilt samskonar prófum við aðra háskóla í nágrannalöndum vorum. Heimspekin er að mörgu leyti æskileg náttúrufræðingum, vegna skilnings á sögu náttúrufræðinnar.

Hvað nú jurtafræði og dýrafræði viðvíkur, mætti haga náminu þannig, ef gert er ráð fyrir tveggja vetra eða fjögurra missira námi:

I. Jurtafræði.

1. missiri. Fyrirlestrar um ytri gerð plantnanna (morphologia), 2 stundir á viku.
Fyrirlestrar og æfingar um innri gerð plantnanna (anatomia), 2 stundir á viku.
Samtals 4 stundir á viku.

2. missiri. Fyrirlestrar um íslenzkar plöntur, 2 stundir á viku.
Æfingar í jurtaákvörðun, 2 stundir á viku.
Samtals 4 stundir á viku.

3. missiri. Fyrirlestrar um lífeðlisfræði (physiologi), sellufræði (cytologia) og fósturfræði (embryologia), 3 stundir á viku.
Æfingar í lífeðlisfræði, 3 st. á viku,
Samtals 6 stundir á viku.

4. missiri. Fyrirlestrar um skyldleikakerfið (systematik), 4 stundir á viku.
Yfirheyrslur 2 st. á viku.
Samtals 6 stundir á viku.

Á fyrsta missiri er stúdentunum ætlað að læra um ytri og innri byggingu plantnanna, bæði með fyrirlestrum og æfingum, allt að því eins nákvæmlega og tíðkast við erlenda háskóla, þar sem jurtafræði er heimtuð sem aukafag, með öðrum greinum náttúrufræðinnar. Þegar ýtarleg þekking í morphologiu og anatomiu er fengin, er lagður grundvöllurinn undir starf næsta missiris, en það er að kynna nemendunum íslenzkar jurtir, allflestar íslenzkar blómplöntur (þó ekki hieracium- og taraxacum-afbrigðin, sem engir þekkja nema einstöku sérfræðingar í þeim greinum. Á hinn bóginn ættu nemendurnir að þekkja nytjaplöntur vorar, svo sem starir og grös, til hlítar) og helztu gróplöntur Íslands, nefnilega pteridophytana, sem hér vaxa, og helztu mosa, skófir og þörunga. Þetta missiri ætti að verja tveim tímum vikulega til ákvarðanaæfinga, svo sérhver af nemendunum yrði fullfær um að skilgreina blómplöntutegundir vorar. Svo kemur sumarfríið, og ætti þá að leggja hverjum nemanda þá skyldu á herðar að safna að minnsta kosti 200 íslenzkum plöntum, og skila þeim til eftirlits til kennarans, að sumarfríinu loknu.

Þriðja missirinu ætti að verja til þess að kynna nemendunum lífeðlisfræði (physiologia), sellufræði (cytologia) og fósturfræði (embryologia) plantnanna, og í sambandi við þessa kennslu, sem ætti að fara fram í fyrirlestrum, yrði að heimta æfingar í lífeðlisfræði, til skýringar á helztu lífsfyrirbrigðum plantnanna. Þessar æfingar ætti að velja meðal þeirra, sem alstaðar tíðkast við erlenda skóla, og haga valinu þannig, að þær æfingar, sem krefjast einfaldastra og ódýrastra áhalda, væru látnar sitja í fyrirrúmi, en hinar látnar mæta afgangi. Sérhver nemandi ætti að gera nákvæma skýrslu yfir hverja æfingu, og skýrslurnar yrði að geyma og sýna við þann háskóla, sem valinn yrði til framhaldsnáms, og við þann háskóla gæti þá nemandinn bætt við þeim æfingum, sem þurfa þætti, og fengið að vinna að þeim eftir sérstöku samkomulagi við kennarana þar.

Loks ætti að verja fjórða missirinu til þess að kynna nemendunum skyldleikakerfi plantnanna, með fjórum fyrirlestrum á viku. Sérstakt tillit ætti að taka til jurtagróðurs Norðurlanda, helztu nytjaplantna heimsins, sem og allra þeirra tegunda og ætta, sem mikilsverðar eru sem liðir í skyldleikakerfinu. Ennfremur þyrfti að hafa yfirheyrslur tvisvar sinnum á viku.

Nám með þessu sniði ætti að geta gert ötulum nemendum það kleift að standa allt að því jafnfætis félögum sínum í öðrum löndum, sem taka próf í jurtafræði sem aukafagi. Vitanlega tekur það langan tíma og hefir nokkurn

kostnað í för með sér að koma upp safni til stuðnings við kennsluna, og framhaldsnámið yrði þá einkum fólgið í því að lesa það, sem lært var, undir próf við erlendan háskóla, kynna sér „preparötin“ þar og fullkomna æfingarnar. En ef duglega er starfað og góðir nemendur yrðu til þess að fara utan fyrstu árin, ætti að fara svo, að prófið hér yrði viðurkennt sem aukafagspróf í jurtafræði, að minnsta kosti við suma erlenda háskóla.

II. Dýrafræði.

Af ýmsum „praktiskum“ ástæðum þyrfti að haga dýrafræðináminu nokkuð öðruvísi en jurtafræðináminu, t. d. á þessa leið:

1. missiri. Fyrirlestrar um selluna og vefina (cytologia og histologia), 1 stund á viku.
Æfingar í histolog. 1 stund á viku.
Fyrirlestrar í ættgengisfr. (genetik) 1 st. á viku.
Fyrirlestrar í fósturfræði (embryologia) 1 st. á viku.
Samtals 4 stundir á viku.

2. missiri. Fyrirlestrar um lægri dýr (invertebrata) 2 st. á viku.
Æfingar í byggingu invertebr. (invertibrat-zootomi) 2 stundir á viku.
Samtals 4 stundir á viku.

3. missiri. Fyrirlestrar í lífeðlisfræði (physiologia) 2 st. á viku.
Yfirheyrslur í lífeðlisfræði 1 st. á viku.
Yfirheyrslur í lægri dýrum 2 st. á viku.
Komparativ og systematisk anatomia vertebratanna (hryggdýr), fyrirlestrar, 3 stundir á viku.
Samtals 8 stundir á viku.

4. missiri. Fyrirlestrar um útbreiðslu og skyldleika hryggdýranna, 2 stundir á viku.
Æfingar í anatomiu hryggdýranna, 3 stundir á viku.
Yfirheyrslur í hryggdýrunum, 3 stundir á viku.
Samtals 8 stundir á viku.

Eins og sjá má á þessu yfirliti, er stúdentunum ætlað að kynnast sellu og vefjum dýranna, ásamt þróun þeirra og ættgengislögmálum hins lifanda heims, öllu á fyrsta missiri. Með æfingum í histologiu er þeim ætlað að þekkja vefi og sellur dýranna undir smásjánni, og ættu tilbúin preparöt að notast við kennsluna. Jafnframt æfingunum eiga yfirheyrslur að fara fram.

Hvað fósturfræðinni viðvíkur, verða nemendurnir að læra um fyrstu þróunarstig dýranna, svo sem gastrulation og „blaðmyndun“ (ektoderm, endoderm og mesoderm), og hinar morphologisku og homologisku þýðingu þessara blaða í dýrarikinu, til skýringar á eðli skyldleikakerfisins, sem seinna kemur til sögunnar.

Á öðru missiri ætti að gera sér far um að setja nemendurna inn í byggingu og skyldleika hinna lægri dýra (invertebratanna), með fyrirlestrum, og æfa þá í meðferð og ákvörðun á þessum dýrum, með æfingum, sem einnig eiga að festa byggingu dýranna í minni þeirra.

Í sumarfríinu ættu stúdentarnir að safna nokkru af íslenzkum dýrum, eftir samkomulagi við kennarana, og gæti það orðið grundvöllurinn undir eða byrjunin á topografiskri rannsókn á dýralífi Íslands, sem ekkert hefir verið fengizt við hér áður, en nauðsyn er á að byrja hið bráðasta, ef við eigum ekki að verða eftirbátar annara þjóða eða láta útlendinga eina um starfið. Svo þyrfti að sjálfsögðu að fara nokkrar rannsóknarferðir með nemendunum, sérstaklega vor og haust, t. d. með skipum, til þess að kynna þeim sjávarlífið í höfum vorum, einkum svifið, til vatnanna og annara staða, svo þeir verði færir um að vinna af eigin rammleik í sjálfri náttúrunni.

Á þriðja missiri, þegar stúdentarnir hafa fengið nægilega undirstöðu í eðlisfræði og efnafræði, ætti að flytja fyrirlestra um lífeðlisfræði dýranna, og halda jafnframt yfirheyrslur. Ennfremur ætti að hafa yfirheyrslur í skyldleikakerfi lægri dýra og halda fyrirlestra um byggingu (komparativ anatomi) hryggdýranna.

Á fjórða missiri ætti að halda fyrirlestra um system hryggdýranna og hafa yfirheyrslur og æfingar um hryggdýrin.

Með kennslu í þessu sniði ættu stúdentarnir að standa fullkomlega jafnfætis félögum sínum við erlenda háskóla að náminu loknu, ef vel er á haldið. Þeir ættu engar æfingar að þurfa að gera við erlenda háskóla, ef þeir hefðu þar dýrafræði sem aukafag, en einungis kynna sér preparötin og ganga undir próf. Það ætti að fara svo áður en langt líði, að próf í faginu hér heima yrði viðurkennt við erlenda háskóla, þegar við höfum safn til stuðnings við kennsluna.

Yfirleitt ætti það að vera óþarfi að senda stúdenta til annara landa til náms, nema í sérfræðigreinum, þar sem við eigum og erum að eignast fleiri og fleiri menn, sem vel geta tekið að sér að veita alla almenna menntun í fögunum og búa stúdentana undir aukapróf, eða halda aukapróf hér, þegar við getum fengið það viðurkennt.

Allt það, sem hér hefir verið sagt, er svar við fyrstu spurningunni. Það er hægt að kenna jurtafræði og dýrafræði hér heima á tveim árum, og spara þannig að minnsta kosti tveggja ára nám við erlenda háskóla. Einnig er hér hægt að kenna allar greinar og öll fylgifög dýrafræðinnar og jurtafræðinnar.

Tæki þau, sem bjargast má við við þessa kennslu, eru frekar fá og ódýr, nefnilega einföldustu áhöld til æfinga (þó nokkrar smásjár), talsvert af preparötum og nokkuð af bókum. Allt þetta yrði að kaupa smátt og smátt, til dæmis á fimm árum, en úr því halda því við og auka nokkuð. Mér þykir líklegt, að nóg væri að veita ca. 1500 kr. til kaupa tvö fyrstu árin, svo 1000 kr. hvert ár í þrjú ár, en úr því ca. 500 kr. á ári.

Svo er sá kostnaður, sem sjálf kennslan myndi hafa í för með sér. Sjálfir tímarnir eru:

1. Í jurtafræði 10 (4 í yngri deild, 6 í eldri).
2. Í dýrafræði 12 (4 í yngri deild, en 8 í eldri), nema fyrstu árin, þegar engin eldri deild er til, þá er námið aðeins 4 tímar í hverju fagi.

Hér við bætist undirbúningur kennaranna; þeir þurfa að búa til yfirlitsmyndir til fyrirlestra, fara rannsóknarferðir með nemendunum, leiðrétta æfingarnar og söfn nemendanna og hafa miklar bréfaskriftir, einkum fyrstu árin, meðan ekkert er til.

Ef starfið á að vera aðeins sæmilega launað, þýðir ekki að bjóða minna en ca. 8,00 kr. pr. kennslustund, eða 3000 kr. á ári fyrir jurtafr. (báðar deildir), en 3600 kr. fyrir dýrafr. (báðar deildir). Fyrsta árið, sem kennsla fer fram, yrði þá kennslukostnaður 4 × 300 kr., eða 1200 kr. fyrir hvort fag, eða 2400 kr. samtals fyrir bæði fögin. Allur kostnaðurinn yrði þá hér um bil þessi:

1. árið: 2400 kr. fyrir kennslu.	2. árið: 6600 kr. fyrir kennslu.
1500 — til áhaldakaupa.	1500 — til kaupa.
3900 kr. samtals.	8100 kr. samtals.
3., 4. og 5. árið:	
6600 kr. til kennslu.	Úr því: 6600 kr. til kennslu.
1000 — til kaupa.	500 — til kaupa.
7600 kr. samtals.	7100 kr. samtals.

Þetta er vitanlega laus áætlun, en búast má við, að eitthvað meira þyrfti til kaupa, en það er óhætt að gera ráð fyrir, að kostnaðurinn færi ekki fram úr ca. 5000 kr. fyrsta árið, ca. 10000 kr. annað árið, ca. 8000 kr. þriðja, fjórða og fimmta árið, en varla fram úr 7500 kr. úr því.

Ég vil eindregið leyfa mér að mæla með því, að deild sem þessi verði sett á stofn hér við háskólann, því bæði er það ótvírætt sparnaður fyrir þjóðina og stórkostleg menning fyrir landið. Eins og nú stendur á, fara þeir stúdentar, sem sækja náttúrufræðinám til erlendra háskóla, oft mjög á mis við það, sem þeim er þörf á að læra um íslenzka náttúru, og fáir eru til þess erlendis að vekja áhuga þeirra á „problemunum“ hér heima.

Hér er að ræða um menntastofnun, sem bæði veitti almenna menntun í þeim fögum, sem tekin yrðu til meðferðar, og gróðursetti praktisk og vísindaleg áhugamál í eðli þeirra, sem búast til að gegna störfum hér. Ennfremur ætti deildin, þegar tímar líða fram, að verða vísindastofnun, þar sem sérhver íslenzkur vísindamaður á þessu sviði ætti athvarf, og héðan yrði nemendum stefnt út um landið til þess að safna gögnum til rannsókna og taka þátt í rannsóknum með kennara í broddi fylkingar.

Svo er eitt atriði enn. Þessi stofnun myndi sjálfsagt verða sótt af mörgum stúdentum, sem ekki ætluðu sér framhaldsnám í öðrum löndum, og væri það mikill vinningur fyrir íslenzka náttúrufræði, enda ekki vanþörf á slíkum vinningi, þar sem skortur er á náttúrufræðingum, og mikill hluti af náttúrufræðiembættum landsins er skipaður lítt hæfum mönnum.

Reykjavík, 13. apríl 1931

Árni Friðriksson.

Um undirbúningsnám í verkfræði við háskólann.

Tilhögun á námi við verkfræðingaháskóla í Þýzkalandi, Sviss, Norðurlöndunum 4 og þeim löndum öðrum, er sniðið hafa skólafyrirkomulag sitt eftir þýzkri fyrirmynd, er, að því er ég bezt veit, mjög svipuð.

Inntökuskilyrðin er mjög lík og samsvara stúdentsprófi úr stærðfræðideild eða jafnmikilli undirstöðukunnáttu, sem fengin er á annan hátt, í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, auk almennrar menntunar á borð við gagnfræðapróf. Hafa margir skólar undirbúningsnámskeið fyrir þá, sem ekki hafa viðurkennda undirbúningsmenntun, og er þá próf eftir námskeiðið jafnframt inntökupróf í háskólann.

Háskólanáminu er öllu skipt niður á 8—9 semester, og er þá 9. semestrið aðeins helgað sérstöku prófverkefni og próflestri, en fyrirlestrar eða aðrar æfingar við skólann sjálfan eru engar, aðrar en ef til vill einhver examinatoria undir burtfararprófið. Hefir þótt fara tiltölulega of mikill tími í þetta, miðað við notin, og hafa því margir skólar sleppt 9. semestrinu og hafa burtfararprófið undireins í lok 8. semestersins.

Náminu á þessum 8 semestrum er skipt í 2 aðalkafla. Er fyrri kaflinn undirbúningsnám undir hið eiginlega verkfræðinám og er að mestu sameiginlegt fyrir allar greinar verkfræðinnar. Tekur þessi kafli yfir 4 semester eða helming námstímans, og endar þá með svo kölluðu fyrrihlutaprófi í lok 4. semesters.

Þá byrjar hið eiginlega verkfræðinám, og greinist það í 4—6 aðalgreinar, er hver um sig greinist aftur í 2 eða fleiri sérgreinar. Þessu seinni hluta námi, sem er sívaxandi vegna framfara verkfræðinnar, er nú orðið víða tvískipt, þannig að í lok 6. semesters er tekið próf í aukafögum þeim, sem tilheyra hverri aðalgrein verkfræðinámsins, og síðan er tekið fullnaðarprófið í aðalgreinunum í lok 8. semesters.

Sumir skólar eru þó farnir að flytja aukafögin, eins og t. d. Teknologi (efnis- og áhaldafræði) fram í fyrri hluta námið, en hinsvegar er í reglugerðum skólanna ákvæði um það, að ef nemanda vantar eitthvað af aukafögum í fyrrihlutaprófið, þá geti hann tekið próf í því sérstaklega, og eins próf í þeim fögum, er meiri kröfur eru gerðar til en hann hefir próf í áður. Þarf hann ekki að taka upp allt fyrri hluta prófið þess vegna. Aðalgreinir síðari hluta námsins eru venjulega þessar:

1. Byggingarverkfræði.
2. Vélaverkfræði.
3. Rafmagnsverkfræði.
4. Kemi- eða verksmiðjuverkfræði.
5. Námaverkfræði.
6. Húsgerðarlist.

Það eru aðeins sumir háskólanna, sem kenna allar þessar aðalgreinar. Í Danmörku er t. d. engin námafræði kennd sem aðalgrein og húsagerðarlist er ekki kennd þar á verkfræðingaskólanum, heldur í sérstökum skóla (Kunstakademiet).

Til eru skólar, sem ekki kenna nema eina þessara aðalgreina, t. d. námaverkfræði, og jafnvel ekki nema hluta úr aðalgrein, svo sem skipasmíðaverkfræði, sem annars er talin sérgrein vélaverkfræðinnar.

En hvernig svo sem námið greinist, þá er undirbúningsnámið 4 semestrin

mjög líkt, ef skólinn á annað borð hefir réttindi til að veita háskólapróf í náminu.

Þar sem ekki getur verið um annað að ræða, að svo stöddu, hér hjá okkur en að veita kennslu í hinu sameiginlega undirbúningsnámi eða fyrri hluta verkfræðináms, skal sá hlutinn athugaður hér nokkru nánar.

Það, sem sagt verður um námsgreinarnar og stundafjölda, styðst við reglugerð danska háskólans og háskólans í Darmstadt, er ég hefi séð, en þær eru mjög líkar.

Námsgreinarnar og námstíminn til fyrri hlutans eru þessi:

1. *Stærðfræði* 4—5 stundir á viku öll semestrin.
2. *Mekanik* um 3 stundir á viku í 3 semester.
3. *Deskriptiv Geometri* 3—4 stundir á viku í 3 semester.
4. *Teikning* um 18 stundir á viku í 2 semester og
   — um 12 stundir á viku í 2 semester.
5. *Eðlisfræði* um 4 stundir á viku í 4 semester.
6. *Eðlisfræðitilraunir* 3 stundir á viku (1 dagur) í 1 semester.
7. *Efnafræði* um 4 stundir á viku í 2 semester.
8. *Efnafræðitilraunir* 3 stundir á viku (1 dagur) í 1 semester.
9. *Jarðfræði* um 4 stundir á viku í 2 semester.

Fyrir þá, sem ætla að leggja stund á efnaverkfræði, er efnafræðinámið nokkru meira en hér að ofan er talið, og auk þess kennd steina- og kristallafræði, en þá er stærðfræði og teiknikennsla að sama skapi minni. Svipað má segja um húsgerðarlistina; þar er teiknikennslan meiri, einkum fríhendisteikning eða listteikning, en þá er minna í bóklegu fögunum og tilraununum.

Í öllum þessum fögum er kennt almennt yfirlit og undirstaða, en engar sérgreinar þeirra teknar út af fyrir sig, og er kennslan bæði munnleg og skrifleg auk hins verklega í sumum fögunum.

Til þess að kenna munnlega og skriflega námið útheimtist ekki nein sérstök tæki, og hér eru menn til með embættisprófi í stærðfræði, er færir eru um að kenna stærðfræði, mekanik, deskriptiv geometri, og aðrir með embættispróf í eðlisfræði og efnafræði, er færir væru að kenna efnafræði og eðlisfræði þá, sem útheimtist til fyrri hluta prófs.

Til þess að geta framkvæmt tilraunirnar í eðlisfræði og efnafræði þarf tilraunastofu. Að því er efnafræðina snertir er mjög auðveit að koma tilraununum fyrir í sambandi við efnafræðikennslu læknadeildarinnar, því að það er alveg sama námið fyrir alla, nema efnaverkfræðinga, en sé um þá að ræða, verða þeir tæplega fleiri en 1 eða 2 á ári, og á að vera auðvelt að hafa þá í tilraunum með læknanemunum, en sníða verkefni þeirra eftir náminu. Getur þessi efnafræðikennsla verið þarna til frambúðar í sambandi við efnafræðikennslu læknadeildarinnar.

Tilraunir í eðlisfræði er fyrst um sinn ekki hægt að hafa öðruvísi en í sambandi við eðlisfræðitilraunir stærðfræðideildar menntaskólans. Er hægt að nota þar sama kennara og sama húsplássið. Það þarf ekki annað en kaupa þangað nokkuð fleiri tilraunatæki, sem ekki getur kostað stórfé.

Til teiknikennslunnar, sem er alltímafrek, þarf sérstaka kennslustofu, en

að öðru leyti engin tæki. Ef ekki er til húsnæði í sjálfum háskólanum, er auðgert að leigja stofu undir þá kennslu hvar sem er, eða semja um að fá hana í sambandi við teiknikennslu Iðnskólans. Þar kenna meðal annara verkfræðingar teikningu, er færir eru um að veita þá tilsögn í teikningu, er þarf til verkfræðináms, annars en húsagerðarlistar, en í listteikningu geta háskólagengnir húsameistarar og listamenn veitt tilsögn. Þótt eðlisfræðitilraununum og teiknikennslunni yrði þannig fyrst um sinn komið fyrir í sambandi við aðra skóla, getur það ekki orðið til frambúðar; ekki af því, að kennslan verði í sjálfu sér ófullnægjandi, heldur af hinu, að það er æskilegast, að öll kennsla, er háskólinn veitir, fari fram í deildum hans sjálfs, þá þarf ekki að taka tillit til annara og kennslan verður því fullkomnari. Háskólinn þarf því að koma sér upp síðar eðlisfræðitilraunastofu og teiknistofu. Nú er svo ástatt, að húsnæði efnafræðitilraunastofunnar er orðið ófullnægjandi og í ráði er að koma upp tilraunastofum fyrir atvinnuvegina í sambandi við háskólann, og sömuleiðis er í ráði að reisa háskólabyggingu áður en langt um líður. Má gera ráð fyrir, að í þessum byggingarráðagerðum verði efnafræðitilraunastofunni fyrirhugað viðunandi húsnæði vegna læknadeildarinnar. Ef þá er jafnframt séð fyrir húsnæði handa tilraunum í eðlisfræði og teiknikennslu, er auðvelt og kostnaðarlítið að búa svo um að því er húsnæði snertir, að veita megi hér fullkomna kennslu til fyrri hluta verkfræðináms.

Hér að framan hefir þá verið sýnt fram á:

1. Að hér sé völ á kennurum til þess að veita stúdentum fullkomna kennslu til fyrri hluta verkfræðináms, eins og það er í Þýzkalandi, Norðurlöndum og víðar.
2. Að koma megi fyrir verklegu kennslunni, tilraunum og teikningu þegar í stað, svo viðunandi verði.
3. Að auðvelt sé að koma kennslunni í viðunandi horf í sambandi við fyrirhugaðar byggingar.

Stúdentafjöldinn, sem verkfræðinám stundar, er í Árbók Hagstofunnar talinn að vera 16 veturinn 1929—1930. Er þessi tala stöðugt vaxandi sem stendur. Eru flestir þessara stúdenta í Þýzkalandi og Danmörku, og á þá við um langflesta þeirra sú námstilhögun, sem hér er lýst að framan. Auk þess eru taldir 6 stúdentar í stærðfræði og eðlisfræði og 4 í náttúrufræði, og má segja um þá, að hið almenna undirbúningsnám þeirra fylgi að töluverðu leyti því, sem hér að framan er talið um verkfræðinám, og verður því ekki hægt að taka verkfræðinámið alveg út af fyrir sig án tillits til hinna. Ef allir þessir stúdentar, sem hér voru taldar, innritast við háskólann hér, hver í sinni grein, mundu verða um 6 saman á ári í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, og í tilraununum gætu verið 2 árgangar saman annaðhvert ár, eða 12 í flokki. Væru verkfræðinemarnir teknir sér, eru þeir 4 saman í munnlegu og teikningu, en 8 saman í tilraununum. Er þá þessi deild orðin það stór, að það er full ástæða til þess, að háskólinn taki að sér þessa kennslu, einkum þar sem fyrirsjáanlegt er, að verkfræðinámið hér hjá okkur er aðeins í byrjun. Stúdentar í verkfræði eru hér hlutfallslega langtum færri, miðað við lækna- og lagastúdenta, en orðið er í öðrum löndum.

Hagurinn fyrir stúdentana ætti einnig að vera mikill, einkum ef háskólinn hefði sérstakan leiðbeinanda, er sérstaklega hefði það verkefni að leiðbeina stúdentum um efnisval og námstilhögun hvar sem væri. Leiðbeinandi ætti að geta stuðlað að því, að stúdentar hvörfluðu síður frá einu námi til annars. Rúmir 20 stúdentar ísl. hafa lokið fullnaðarprófi frá verkfræðingaskólanum í Kaupmannahöfn, en hversu margir hafa byrjað, eru ekki til skýrslur um, en þeir munu ekki vera færri en 60. Af þessum að minnsta kosti 40, sem hafa hætt, eru allmargir, er ekkert embættispróf hafa tekið.

Þegar stúdentinn er orðinn ákveðinn um námsval, má gera ráð fyrir, að hann komist fljótar inn í námið hér en erlendis, þar sem hann kemur ókunnugur að nýjum háttum. Og það má gera ráð fyrir, að hann sæki námið betur, ef hann þarf að vinna sér til utanfararstyrks að loknum fyrri hluta, en ef hann hreppir styrk strax í byrjun náms. Þess skal getið, að þótt fyrri hluti verkfræðináms sé talinn 4 semester, þá hefir um helming ísl. stúdenta ekki tekizt að ljúka því af á minna en 6 semestrum, og mun nokkru valda, að þeir komast ekki svo vel inn í námið í byrjun, ekki fyrr en svo langt er liðið framan af tímanum, að of seint er að hugsa til þess að fylgja námsganginum. Má því gera ráð fyrir, að margir muni beinlínis græða 1 ár af námstímanum, miðað við það, sem verið hefir.

Ennfremur er þess að geta, að vélaverkfræðingar og rafmagnsverkfræðingar, og sumstaðar einnig byggingaverkfræðingar, þurfa að vera 1 ár á verkstæði, við smíðar, vélgæzlu eða aðra verklega vinnu, áður en þeir taka embættispróf. Þetta verklega nám er hægt að taka hér heima. Hafa 4 stúdentar við verkfræðingaskólann í Kaupmannahöfn og 1 við Þrándheimsskóla lokið því hér, og var það tekið fullgilt.

Geta þá stúdentar sparað sér jafnvel 4 ára útivist erlendis framan af námstímanum, ef þeir fengju að taka fyrri hlutann hér. Þurfa þeir þá ekki nema 2 ár úti til þess að ljúka seinni hlutanum, og það eru mun fleiri, sem taka hann á réttum tíma heldur en fyrri hlutann. Væri þessum stúdentum síðan veittur 1 árs styrkur til framhaldsnáms að loknu embættisprófi, hafa þeir skilyrði til þess að vera betur að sér í sínum fræðum en þótt þeir hefðu verið allan tímann erlendis, en orðið án framhaldsnámsins.

Til þess að þetta fyrri hluta nám í verkfræði komi að tilætluðum notum, þarf að fást viðurkenning fyrir prófinu, að það verði tekið fullgilt við alla samsvarandi háskóla. Nú eru stúdentaskipti orðin svo tíð við háskólana, að það stendur næstum því á sama, hvar námið er stundað, upp á prófið að gera, aðeins ef vottorð fylgir um, að námið hafi verið rækt og til þess varið nægilegum tíma. Svo víðtæk skipti munu þó ekki eiga sér stað nema á milli háskóla, sem hafa viðurkennt hvor annan.

Það, sem hér þarf að gera, er því að fá viðurkenningu þeirra háskóla, sem við óskum eða þurfum, fyrir því, að þeir taki fyrri hluta prófið okkar í verkfræði fullgilt. Til þess að fá viðurkenninguna þarf ekki annað en að sannfæra þessa háskóla um, að til þessa prófs sé heimtaður sami tími og gerðar að minnsta kosti eins miklar kröfur til námsins eins og þeir gera sjálfir. Er þá í því sambandi ekki aðeins um kröfu til prófsins að ræða, heldur og um ekki lakari til-

högun á kennslunni, sem væntanlega mætti heldur ekki vera mikið frábrugðin tilhögun þeirra sjálfra.

Verður þá spurningin, hvort unnt sé að koma á líkri kennslutilhögun hér og höfð er við aðra skóla.

Þegar litið er á námsgreinarnar og stundafjöldann, sem talinn er hér að framan, er sýnilegt, að stærðfræði, mekanik og deskriptiv geometria, er samtals útheimta um 10 stundir á viku til jafnaðar í 4 semester, heyra saman. Að kenna þessi fög er það mikið verk, einkum ef stærðfræði-, eðlisfræði- og náttúrufræðinemendur yrðu einnig með, að það mætti ætla hæfilegt einum manni með embættisprófi í stærðfræði að gefa sig eingöngu við því. Á þá og að fást fullur árangur af þeirri kennslu og kostnaður ekki meiri en ef kennslunni væri skipt niður á fleiri, er hafa hana í hjáverkum.

Hin kennslan er eðlisfræðikennslan í 4 stundir á viku í 4 semester og efnafræðikennslan í 4 stundir á viku í 2 semester, eða 2 st. á viku til jafnaðar allan tímann. Efnafræðikennsluna er auðvelt, eins og áður er sagt, að sameina núverandi efnafræðikennslu læknadeildarinnar án tilfinnanlegs aukakostnaðar. Mætti tengja þessa kennslu að nafninu til betur við háskólann með því að búa til kennarastól í efnafræði, og væri forstöðumaður efnarannsóknastofu ríkisins fyrst um sinn kennari, eins og verið hefir, og hefði föst laun, greidd hlutfallslega úr hvorum staðnum. Sömu tilhögun mætti hafa á eðlisfræðikennslunni.

Teiknikennsluna mætti leggja undir stærðfræðikennarann, og hefði hann aðstoðarmann til að hafa daglega umsjón með henni, eins og tíðkast við erlendu skólana.

Jarðfræðin yrði kennd sem aukafag og lögð undir eðlisfræðikennarann, nema sérstakur kennarastóll yrði í náttúrufræði.

Kostnaðurinn við að hafa fastakennara við háskólann ætti ekki að vera meiri en ef öll kennslan yrði greidd í tímakaupi. Þótt kennararnir hafi önnur föst störf með höndum, rýrir það ekki kennsluna. Er þetta fyrirkomulag algengt erlendis í ýmsum sérgreinum.

Með því að hafa þannig fastakennara í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði og gera að minnsta kosti eins strangar kröfur til námsins og prófsins eins og erlendir skólar gera, er ekki sjáanleg nein ástæða fyrir því, að ekki megi fá fulla viðurkenningu erlendra háskóla fyrir fyrri hluta próf í verkfræði hér við háskólann.

Reykjavík, 1. maí 1931.

Steingr. Jónsson.

Undirbúningsnám í stærðfræði, stjörnufræði o. fl. við hákólann.

Þeir stúdentar, sem ætla sér að gera stærðfræði, stjörnufræði, eðlisfræði eða efnafræði að aðalnámsgrein sinni, geta tvö fyrstu árin fylgzt með verkfræðinemum í bóklegu og verklegu námi; þó mega þeir sleppa teikningum, sem eru allverulegur þáttur í námi verkfræðinema, en þeir hafa þess í stað heimspekinám eins og aðrir háskólastúdentar, og geta auk þess bætt við

sig nokkru í aðalnámsgreinum sínum, án þess að skólinn þurfi sérstaklega að hugsa þeim fyrir kennslu. Viðvíkjandi kennslu þessara námsmanna er því nægilegt að vísa til álits Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra um kennslu verkfræðinema. Ég er honum sammála um möguleikana fyrir því, að stúdentar, er leggja stund á áður taldar námsgreinar, geti með fullum árangri stundað hér nám 2 fyrstu árin. Ég hafði reyndar hugsað mér, að fyrst mætti notast við lausakennara, þar sem Steingrímur hallast helzt að því, að fastakennarar verði skipaðir í nokkrum tilteknum námsgreinum. Við nánari athugun er ég og kominn meira á þá skoðun, að heppilegast sé, að skipaðir séu fastakennarar, ef þess er nokkur kostur, fjárhagslega séð. Að minnsta kosti tel ég það algerlega nauðsynlegt, að bætt sé við náttúrufræðilegri háskóladeild, sem hafi fulltrúa í háskólaráðinu.

Reykjavík, 30. júní 1931.

Þorkell Þorkelsson.

Undirbúningsnám í hagfræði hér á landi.

Ég hefi fengið tilmæli um að skýra nokkuð frá hagfræðinámi erlendis, til þess að upplýsa, hvort möguleikar væru til þess að byrja á því námi hér á landi, en ljúka því erlendis. En því miður er ég ókunnugur hagfræðinámi í öðrum löndum en í Danmörku, og verð ég því að láta mér nægja að skýra frá hagfræðináminu þar.

Í Danmörku er hagfræðinámi nú hagað þannig, að próf er tekið í tvennu lagi. Er fyrri hlutinn minni, og er gert ráð fyrir, að próf sé tekið eftir 2—2½ ár frá stúdentsprófi, en síðara prófið 3—3½ árum þar á eftir. Það er því aðeins fyrri hlutinn, sem kemur til greina í þessu sambandi. Námsgreinar, sem próf er tekið í við fyrri hlutann, eru þessar 4: hagfræði í aðaldráttum, yfirlit yfir danskan borgararétt, talfræði (statistik) Danmerkur og stjórnmálasaga nýrri tíma. Próf er munnlegt í öllum greinum, en auk þess skriflegt í hagfræði og borgararétti. Áður en menn ganga undir prófið verða þeir að sýna skírteini fyrir því, að þeir hafi gengið á námsskeið í bókfærslu og tekið próf í henni.

Hagfræðin, sem kennd er til fyrri hlutans, er ágrip til undirbúnings rækilegra hagfræðinámi síðari árin. Við fyrri hluta lögfræðiprófs, sem tekið er eftir álíka langan tíma, er hagfræði ein námsgreinin, en nokkru yfirgripsminni, en yfirlitið um danskan borgararétt er hið sama fyrir lögfræðinga og hagfræðinga. Talfræði Danmerkur fjallar um mannfjölda, atvinnuvegi, lýðmálefni og fjárhagsmál Danmerkur, að svo miklu leyti, sem hagskýrslur ná til. Lögfræðingar eiga einnig að nema nokkuð í þessari grein, en mega hlaupa yfir ýmislegt, sem hagfræðingar eiga að læra. Stjórnmálasaga nýrri tíma, sem heimtuð er til prófsins, fjallar aðallega um 19. öldina, eða frá frakknesku stjórnarbyltingunni niður til vorra daga.

Ég er í litlum vafa um, að námsgreinar þær, sem heimtaðar eru til fyrri hluta hagfræðiprófs í Danmörku, muni mega nema hér heima á álíka

löngum tíma. Þar til útheimtast ekki önnur tæki en bækur. Einkum á þetta þó við hagfræðina og söguna. En aftur á móti væri óviðfelldið og óeðlilegt að vera að nema hér á landi danskan borgararétt og talfræði Danmerkur, enda þótt það mætti takast. Lægi þá nær og væri í alla staði eðlilegra og notadrýgra að nema í þess stað íslenzkan borgararétt og talfræði Íslands. Ágrip af íslenzkum borgararétti er kennt lögfræðinemum hér við háskólann þegar í byrjun námsins, og til skamms tíma mun sama bókin hafa verið lögð til grundvallar sem í Danmörku (Den borgerlige Ret eftir Munch-Petersen). Mætti auðvitað hafa sérstakt próf í þeirri grein fyrir þá, sem ætluðu sér að nema hagfræði í Kaupmannahöfn. En þá þyrfti að fást samþykki Kaupmannahafnarháskóla til þess, að íslenzkir stúdentar, sem hefðu tekið hér slíkt próf, mættu vera lausir við að taka próf í dönskum borgararétti þar. Kennslubók er að vísu engin til í talfræði Íslands, en eigi að síður mætti þó líklega koma hér á kennslu og prófi í þeirri grein, ef þar með fengist undanþága frá prófi í talfræði Danmerkur við Hafnarháskóla. Þar sem nú einnig mætti nema hér heima hinar almennu greinar, sem heimtaðar eru, hagfræðina og söguna, þá væri viðkunnanlegast og einnig tryggast að hafa próf í þeim greinum að námi loknu. Væri þá komið hér próf, er svaraði til fyrri hluta hagfræðiprófs í Kaupmannahöfn og ætti að geta komið þess í stað með samkomulagi við Hafnarháskóla. Er jafnvel ekki útilokað, að slíkt samkomulag gæti tekizt, enda þótt prófið hér heima svaraði ekki að námsefni nákvæmlega til danska prófsins, eins og hér hefir verið gert ráð fyrir, ef það yrði aðeins ekki talið rýrara. Mætti þá við val námsefna ef til vill taka nokkurt tillit til þess, hvaða kröfur aðrir háskólar gerðu, svo að námið hér gæti jafnframt verið undirbúningur undir nám annarsstaðar.

Jafnvel þótt ekki fengist full viðurkenning frá Hafnarháskóla á slíku prófi hér á landi, heldur aðeins undanþága frá prófi í dönskum borgararétti og talfræði Danmerkur fyrir þá stúdenta, sem tekið hefðu hér próf í tilsvarandi greinum, þá býst ég samt við, að menn ættu að geta stundað þetta nám hér heima í 2 ár, en farið svo til Kaupmannahafnar og tekið þar próf í hagfræði og sögu eftir hálfs árs dvöl þar. Og jafnvel þótt engin viðurkenning fengist á neinu prófi héðan í þessum greinum, þá ætti þó að mega stunda hér að gagni nám í hagfræði og sögu eitt ár, sem sparað gæti eitt ár erlendis. Bókfærslunámskeiðið mundi sjálfsagt líka mega taka hér, og próf héðan frá háskólanum í forspjallsheimspeki býst ég við, að muni vera tekið gilt af Hafnarháskóla.

Svo sem áður er sagt, læra lögfræðinemar í Danmörku bæði hagfræðiágrip og nokkuð í talfræði Danmerkur, og víðast mun það vera svo, að lögfræðingar séu látnir læra eitthvað í hagfræði. Ef komið yrði á slíkri kennslu hér til undirbúnings fyrir hagfræðinema, gæti líka komið til mála að láta lögfræðinema hér við háskólann verða hennar einnig aðnjótandi.

Reykjavík, 11. apríl 1931.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Undirbúningsnám í tungumálum við Háskóla Íslands.

Ég hygg, að auðvelt verði að koma hér á kennslu fyrir stúdenta þá, er nema vilja mál, fyrstu 1—2 árin af venjulegri háskólafræðslu, einkum í germönskum og rómönskum málum. Þeir, er leggja stund á þýzk fræði, lesa fyrstu tvö árin einkum gotnesku, fornháþýzku, fornsaxnesku, miðháþýzku, almenna bókmenntasögu, hljóðfræði og þýzkar bókmenntir á ýmsum tímum. Þeir, er leggja stund á ensk fræði, lesa gotnesku, engilsaxnesku og fornenskar bókmenntir, auk almennra rita í hljóðfræði o. s. frv. Nú stendur svo á, að öll forngermönsk mál eru kennd hér við háskólann, og yrði því kostnaðarauki mjög lítill, þótt aukakennari tæki að sér nokkrar stundir í enskum fræðum.

Í rómönskum málum má einnig koma á kennslu án tilfinnanlegs kostnaðar. Benda má og á það, að flestir tungumálanemendur verja nokkrum tíma í það í byrjun að lesa höfuðrit bókmenntanna og gera það að mestu án kennslu. Gera má þó ráð fyrir t. d. 4 tíma kennslu á viku í hverju tungumáli.

Reykjavík, 27. apríl 1931.

Alexander Jóhannesson.

Fylgiskjal II.

Bréf tveggja ameríska prófessora um sumarnámskeið.

Tjarnargata 22, Reykjavík.
10. ágúst 1930.

Dr. G. J. Gíslason,
Grand Forks, N.-Dak.

Kæri dr. Gíslason!

Hugmynd yðar um það, að koma á fót sumarskóla við Háskóla Íslands, þar sem útlendingum væri veitt fræðsla í íslenzkum bókmenntum, sögu og menning, ætti að ræðast, fullkomnast og komast í framkvæmd sem allra fyrst.

Í mörgum öðrum löndum Evrópu, einkum Þýzkalandi, og í Ameríku eru slíkir sumarskólar eða námskeið fastur liður í starfskrá háskólanna. Með þessu færa þessir skólar sér í nyt þann augljósa sannleik, að námsfólk vill helzt geta varið sumarleyfi sínu til hvorstveggja, náms og ferðalaga. En ef útlendur ferðamaður kemur til Íslands að sumarlagi (og það er eini tíminn, sem hægt er að nota til ferðalaga á Íslandi), kemur hann að háskólanum lokuðum og kennurum hans dreifðum út um hvippinn og hvappinn. Ef kostur væri á námskeiði í sambandi við vel skipulagðar ferðir til merkustu staða, myndi það án efa draga marga erlenda fræðimenn til landsins.

Ef Ísland á að verða miðstöð norrænna fræða í framtíðinni, og það ætti það að vera sakir bókmennta sinna, tungu og sögu, verður nú þegar að sjá svo um, að þeir, sem kynnast vilja íslenzkri menning og háttum, eigi sem allra greiðastan aðgang að þeim fróðleik. Námskeiðum í þessum fræðum, og svo í nútíma íslenzku, ætti að koma af stað, og fá til þeirra beztu fræðimenn frá háskólum og menntaskólum í Evrópu og Ameríku.

Tungan sjálf, sem geymt hefir mörg forn einkenni og felur í sér svo flókið kerfi hljóðfræði, er *í sjálfri sér* svo að segja einstök, og alveg nauðsynleg hverjum þeim, sem vill kynna sér samband germanskra mála. Eins og nú hagar til má búast við, að útlendingurinn komi til Íslands án þess að kunna nokkuð í nýja málinu, haldi svo áfram að lesa sína þýzku eða ensku, dönsku, norsku eða sænsku, og fari heim með það á tilfinningunni, að íslenzka nútímans sé ugglaust merkilegt tungumál, ef manni væri gefinn nokkur kostur að læra hana. Sumarskólinn ætti einmitt að gefa mönnum þetta tækifæri, og bæta þannig úr þessum örðugleikum, að nokkru leyti að minnsta kosti.

Ef hugmynd yðar væri komin í framkvæmd, myndi sumardvöl á Íslandi verða allt öðruvísi en hún er nú. Gesturinn (ef hann væri kominn til náms) myndi þegar í stað komast inn í félagsskap, sem starfaði að sömu áhugamálum og hann og væri meira eða minna „viðurkenndur" af hinu opinbera, í stað þess, að nú finnst honum hann vera gersamlega einmana og eins ókunnugur öllum háttum og framast má vera. (Að minnsta kosti er það svo um Ameríkumenn). Hann myndi fljótt komast í félagsskap, líkan því, sem hann á að venjast, og þar ætti hann alltaf athvarf og fyndist hann eiga nokkurskonar heimili. — Ég held, að Ísland geti boðið útlendingum margt. En fæstir útlendingar munu koma þangað til þess að arka fram og aftur um göturnar í Reykjavík og skoða í búðarglugga. Það geta þeir eins vel og miklu betur gert í Lundúnum eða París. Ef hann kemur oftar en einu sinni eða stanzar lengur en meðan skipið bíður eftir honum, verður að gefa honum kost á að eignast eitthvað af því, sem Ísland eitt getur veitt. Ég hefi þá skoðun, að sumarskóli sá, sem þér hafið stungið upp á, gæti mjög mikið bætt úr þessu.

Ef ég get orðið málinu að liði á einhvern hátt, þá gerið svo vel að gera mér aðvart. Ég er fús til samvinnu um það.

Yðar einlægur

J. H. Jackson,

meðlimur Ameríku-ráðs vísindafélaganna.

Bréf próf. Chester N. Gould frá Chicago háskóla.

En ef Ísland vill verða miðstöð skandínavískra fræða, þá er greiðasta leiðin sú, að Háskólinn taki upp hugmyndina um sumarskólann. Það er hægt að fá sæmilega vísindalega menntun nálega alstaðar, en kunnáttu í íslenzkri tungu nútímans er hvergi hægt að fá nema á Íslandi. Hver maður myndi fara þangað til verklegra æfinga.

Útlendingar eiga bezt heimangengt að sumrinu, því að margir þeirra, sem tilsagnar óska í þessu, stunda sjálfir kennslu að vetrinum. Þá hafa og flestir þá hugmynd, að Ísland sé ógurlegur staður að vetrinum, og það er engin leið að fá menn til þess að fara þangað nema að sumrinu, fyrr en þeir hafa kynnzt því sjálfir. En eins og nú er, má heita gagnslaust að koma til Íslands að sumrinu til þess að læra málið. Hvergi er hægt að hlýða á fyrirlestra eða komast í samræðu við menn, að minnsta kosti ekki fyrir ókunnuga. Eina ráð-

ið er að fá sér einkakennslu, en það er bæði dýrt, og vantar auk þess það fjör og líf, sem er í því að vera í hópi þeirra, sem sama verk stunda. Og svo er undir hælinn lagt, hvort menn hitta á kennara, sem í raun og veru er fær um starfið. Ég var sjálfur heppinn í þessu efni, en það var ekkert annað en tilviljun.

Fylgiskjal III.

Áætlun um kostnað við fyrrihlutanám við háskólann.

1. Verkfræðinám.

Stærðfræði	3 st. á viku í 32 v., 1. árg. 96 st. árlega á 8 kr. kr.	768,00
——	3 st. á viku í 32 v., 2. árg. 96 st. árlega á 8 kr. —	768,00
Stærðfræði	2 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 64 st. á 8 kr. 512 kr. árlega .... —	256,00
Mekanik	3 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 96 st. á 8 kr. 768 kr., árlega .. —	384,00
Deskript. geometri	4 st. á viku í 32 v., 1 og 2. árg. saman annaðhvert ár 128 st. á 8 kr. 1024 kr., árlega .. —	512,00
Teikning	15 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. árlega 480 st. á 5 kr. ..... —	2400,00
	Húsaleiga fyrir teiknikennslu 80 kr. á mán. —	960,00
Eðlisfræði	6 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 192 st. á 10 kr. 120 kr., árlega —	960,00
	Eðlisfræðitilraunir 3 st. á viku í 16 vikur, 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár, 48 st. á 15 kr. 720 kr., árlega ..... —	360,00
	Kostnaður við tilraunir 1000 kr. annaðhvert ár, árlega ..... —	500,00
Efnafræði	4 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 128 st. á 8 kr. 1024 kr. *árlega* 512 kr.	
	Efnafræðitilraunir 3 st. á viku í 16 vikur, 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár á 15 kr. 720 kr. *árlega* 360 kr.	
	Kostnaður við tilraunir 1000 kr. annaðhvert ár, *árlega* 500 kr.	
	krónur 1372, —	
	sem getur verið með efnafræðikennslu læknadeildar og þarf því ekki að kosta neitt aukalega.	

Jarðfræði	4 st. á viku í 32 v., 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 128 st. á 8 kr. 1024 kr., árlega	—	512,00
		kr.	8380,00

2. Náttúrufræðinám.

Dýrafræði	8 st. á viku í 32 vikur (2 árgangar) 256 st. á 8 kr.	kr.	2048,00
Grasafræði	7 st. á viku í 32 vikur (2 árgangar) 224 st. á 8 kr.	—	1568,00
Jarðfræði,	auk áður talins, 2 st. á viku í 32 v. 64 st. á 8 kr.	—	512,00
	Áhöld og annar kostnaður við ofangreind fög (Laboratorium)	—	3000,00
Stærðfræði,	auk áður talins 2 st. á viku í 32 v. 64 st. á 8 kr. 512 kr. annaðhvert ár, árlega	—	256,00
Eðlisfræði,	auk áður talins, 2 st. á viku í 32 v. 64 st. á 8 kr. 512 kr. annaðhvert ár, árlega	—	256,00
Efnafræði,	auk áður talins, 2 st. á viku í 32 v. 64 st. á 8 kr. 512 kr. annaðhvert ár, árlega	—	256.00
Eðlisfræðitilraunir	3 st. á viku í 16 vikur 48 st. á 15 kr. 720 kr. annaðhvert ár, árlega	—	360,00
Efnafræðitilraunir	3 st. á viku í 16 v. 48 st. á 15 kr. 720 kr. annaðhvert ár, árlega	—	360,00
	Kostnaður við tilraunir 1000 kr.	—	1000,00
		kr.	9616,00

3. Hagfræðinám.

Hagfræði	3 st. á viku í 32 v., 1. árg. 96 st. á 8 kr.	kr.	768,00
——	3 st. á viku í 32 v., 2. árg. 96 st. á 8 kr.	—	768,00
Borgararéttur	með lögfræðingum 2 st. á viku.		
Talfræði	3 st. á viku í 32 v.., 1. árg. 96 st. á 8 kr.	—	768,00
——	3 st. á viku í 32 v., 2. árg. 96 st. á 8 kr.	—	768,00
Stjórnmálasaga	4 st. á viku í 32 vikur, 1. og 2. árg. saman annaðhvert ár 128 st. á 8 kr. 1024 kr., árlega	—	512,00
		kr.	3584,00

4. Málanám.

Þýzka	4 st. á viku í 32 v., 128 st. á 8 kr. 1. og 2. árg.	kr.	1024,00
Enska	4 st. á viku í 32 v., 128 st. á 8 kr. 1. og 2. árg.	—	1024,00
Franska	4 st. á viku í 32 v., 128 st. á 8 kr. 1. og 2. árg.	—	1024,00
		kr.	3072,00
5. Leiðbeinandi í öðrum námsgreinum árlega		—	1500,00
		kr.	4572,00

Samtals er þetta allt krónur 26152,00

Allir íslenzkir stúdentar, er námsstyrks vilja njóta, skulu framvegis innritast við háskólann og stunda þar að minnsta kosti 1 árs nám í heimspeki og þann undirbúning undir sérnámið, sem háskólinn getur veitt. Sé ekki hægt að fá kennslu í undirbúningsnáminu, skal leiðbeinandi útvega nemandanum upplýsingar um námið, t. d. bækur og þ. h., og fylgjast með því, að nemandinn kynnist náminu og noti tímann eftir föngum þannig, að hann geti sparað sér 1 ár úti. Að árinu loknu skal nemandinn þá geta átt kost á styrk til utanfarar. Ef stúdent leggur fyrir sig nám, sem kennt er aðeins til fyrri hluta prófs, skal hann geta átt kost á námsstyrk (2—3 ára) til framhaldsnáms erlendis, að fyrri hluta prófinu loknu. Þeir, sem ljúka þessu prófi, kallast t. d. examinati og ættu að vera hæfir til kennslu í sínum sérfögum í lægri skólum, ef þeir þá hætta námi.

Fylgiskjal IV.

Eftirrit úr gerðabók háskólaráðsins.

Ár 1931, þ. 30. júlí var fundur haldinn í háskólaráði kl. 9 síðd. Prof. Sig. P. Sívertsen og Magnús Jónsson lagaprófessor voru ekki í bænum.

— — — — —

4. **Þingsályktunartillaga um Háskóla Íslands** viðvíkjandi undirbúningsnámi hér við háskólann. Lesið var, auk tillögunnar, erindi frá próf. Guðm. Hannessyni, þar sem hann ályktar kröfur háskólans um stofnun verzlunardeildar, búvísindadeildar og kennaradeildar.

Samþykkt var svolátandi tillaga:

Háskólaráðið er meðmælt því, að rannsakaðir verði möguleikar á því að koma hér á fót undirbúningskennslu og sumarnámsskeiði við Háskóla Íslands, en óskar, að rannsóknin sé ekki bundin við þau atriði ein, heldur sé þá tekið til rækilegrar athugunar, hverjar fleiri breytingar og viðauka við háskólann sé rétt og fært að gera.

Till. var samþ. með samhlj. atkv.

— — — — —

Magnús Jónsson. Guðm. Hannesson. Ágúst H. Bjarnason.

Ed. 204. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við undirritaðir teljum, að vörur þær, sem frv. gerir ráð fyrir að ríkið taki einkasölu á, séu hentugar til einkasölu og að slík heildverzlun geti orðið

tryggur og vaxandi tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „13. gr.“ komi: 13. og 14. gr.
   b. Í stað orðanna „getur ráðherra“ komi: getur þó ráðherra.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.
3. Við 6. og 7. gr. Í stað „1. sept.“ í báðum greinum komi: 1. okt.
4. Við 13. gr. Greinin orðist þannig:
   Á umbúðum allra eldspýtna og tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins“.
5. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Magnús Torfason,
form. og frsm.	fundaskr.

Nd. 205. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 183.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jónasi Þorbergssyni, Héðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms 1000

II. Frá *fjármálaráðherra.*
Við brtt. 183, LXV. a. (Rafvirkjunarlán Ísafjarðarkaupst. og Eyrarhr.).
Aftan við till. bætist:
enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

Ed. 206. Nefndarálit

um frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sáturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson.

Nd. 207. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 183.

I. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*

1. Við brtt. 183, XXII. 2. (Nýir vitar).
   Við liðinn bætist: ef fé er fyrir hendi.
2. Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
   Á eftir »Til bryggjugerða og lendingarbóta« kemur: ef fé er fyrir hendi í ríkissjóði.

II. Frá *fjármálaráðherra.*

Á eftir 24. gr. kemur ný grein:

Ef horfur eru á því, að tekjur ríkisins á árinu hrökkvi ekki fyrir gjöldum, er ríkisstjórninni heimilt að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum eða samningum bundnar, 25 %, eftir því sem við verður komið.

Ed. 208. Frumvarp

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð ríkissjóðs á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í

landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi allt að 10000 tunnur.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenzkum afurðum.

Til þess að reisa byggingar þessar má verja allt að 50000 kr.

2. gr.

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur.

3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti, sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 209. Lög

um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Afgreidd frá Ed. 5. ágúst).

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra hreppa á landinu.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur 1. málsl. laga nr. 18, 20. okt. 1905, og lög nr. 7, 18. maí 1920.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 210. Frumvarp

til laga um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar, sem er starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún eftir því sem unnt er velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilaþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.). Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut utan heimalands eiganda, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið, vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda, á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr. Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.

Sanni kýreigandi, að kýrin hefir ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæðum allra kýreigenda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum. kosnum á aðalfundi nautgriparæktarfélagsins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninganna.

9. gr.

Kynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla, svo og annað, er starfið varðar. Það, sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi, er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.

Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut, sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt. Félögin geta fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningarsvæði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði ⅓ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um, að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10—500 kr., og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar, sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 1½ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.) og í er meiri hluti búenda í hreppnum, er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar, sbr. þó 28. gr. Hesta, sem nefndin velur, skal hún kaupa eða taka á leigu til afnota í hreppnum. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekinn á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast, að einhver hafi merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkv. 20. og 21. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar sem er, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæzlu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann með 4 vikna innlausnarfresti.

26. gr.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppaskilaþingi, leigu fyrir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóður, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lánum o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum, sem um getur í 28. gr. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma, er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft.

Nú nær kostnaðurinn við kynbótastarfið ekki 8 kr. á hvert folald, og er kynbótanefnd þá heimilt að jafna niður meiru en kostnaðinum nemur, allt að 2 kr. á hvert folald, þó svo, að alls verði ekki greitt yfir 8 kr. fyrir hvert folald. Verði ágreiningur um gjald þetta, sker atvinnumálaráðherra úr.

27. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en eigandi á heimili í, og kastar áður en hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssan yfir allt árið í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar, sem hún framfærist, en ekki þar, sem eigandinn er til heimilis.

28. gr.

Nú er samþykkt á lögmætum sveitarfundi með meiri hluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsbúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af hrossakynbótanefnd, að hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða leyfi þeim að hafa graðhest til notkunar, sbr. 30. gr.

29. gr.

Þegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, sbr. 34. gr., og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera í

samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þess hluta hreppsins, sem ekki er í félaginu.

30. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum, eða þeim, sem eiga mjög gott hrossakyn, eða öðrum, sbr. 28. og 29. gr., að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val slíkra kynbótahesta. Eigendur kynbótahestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur henta bezt fyrir sveitina, og eigi við hærra verði en þá gildir almennt í þeirri sveit. Þó má kynbótanefnd leyfa, að þessir tollar séu allt að kr. 5.00 hærri, sé um mjög ágæta kynbótahesta að ræða.

31. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún ritar í allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum, og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Formaður gerir reikning yfir tekjur og gjöld hrossakynbótastarfsins á nýliðnu ári, strax eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á næsta vorhreppaskilaþingi.

32. gr.

Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélög. Mega þeir eigi vera færri en 5 og eiga samtals að minnsta kosti 30 hryssur til undaneldis. Nú hafa menn orðið ásáttir um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, og getur þá félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir, sbr. 33., 34. og 35. grein.

33. gr.

Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur á aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests félagsins, 1,50 kr.
2. Upp í fóðurkostnað kynbótahests félagsins, ef hann hefir hlotið fyrstu verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem ríkissjóður greiddi verðlaunin, 100 kr.

34. gr.

Starfandi hrossaræktarfélög, sem um ræðir í 32. og 33. gr., njóta styrks úr ríkissjóði til að kaupa kynbótahesta, er nemur ⅓ þess verðs, er hrossaræktar-

ráðunautur Búnaðarfélags Íslands virðir hestinn til peninga, enda mæli hann með kaupunum. Styrkur þessi skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi félag noti hestinn til undaneldis, á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

35. gr.

Hrossaræktarfélög njóta styrks úr ríkissjóði til að koma upp girðingum til afnota fyrir hrossakynbætur, með allt að ⅓ kostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hverrar girðingar. Skyld eru félög að halda slíkum girðingum við, til afnota fyrir kynbótastarfsemina, að minnsta kost í 15 ár, ella endurgreiði þau styrkinn.

36. gr.

Nú þekkir hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands stóðhest, sem, eftir því sem vitað verður, er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefir ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests. Er þá atvinnumálaráðherra rétt að kaupa hestinn fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa hestinum með samþykki atvinnumálaráðherra, þannig að hestinum sé fengið fóður og hirðing í því héraði, þar sem álízt mest þörf að bæta við góðum kynbótahesti, og skal hann þá lánaður héraðsbúum til afnota fyrir ákveðið gjald fyrir hverja hryssu, sem leidd er til hans. Gjaldið ákveður Búnaðarfélag Íslands í samráði við atvinnumálaráðherra.

Heimilt er að selja slíka hesta, þó aðeins hrossaræktarfélögum, og með því skilyrði, að þeir séu notaðir til undaneldis á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Þó skal ríkissjóður aldrei eiga fleiri en 4 kynbótahesta samtímis.

37. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár. Skal þá landinu skipt í þrjú sýningarsvæði, og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, og þó aldrei minna en 100 krónur til hverrar sýningar, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði. Auk þess greiðir ríkissjóður 50 kr. til viðbótar hverjum I. verðlaunum stóðhestanna, en af sýningarfjám skulu greiddar 50 kr., og fylgi sú kvöð, að skylt sé að nota þessa hesta til undaneldis næstu þrjú ár eftir að verðlaunin voru greidd. Önnur verðlaun ákveður dómnefnd hverrar sýningar.

Hlutaðeigandi sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu, og greiðist þeim þóknun

fyrir starfið úr sýslusjóði. Einnig ákveður sýslunefnd, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hve margar sýningar skuli haldnar í sýslunum og á hvaða stöðum. Hlutaðeigandi sýsla annast um nauðsynlegan undirbúning á sýningarstöðunum, en átroðningur af sýningum greiðist af fé sýningarinnar.

38. gr.

Jafnframt því sem héraðssýningar eru haldnar, skal gefa eigendum fullorðinna stóðhesta kost á afkvæmasýningum fyrir þá. Hver hestur má keppa tvisvar um verðlaun fyrir afkvæmi, og líði ekki minna en 6 ár á milli. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðist úr ríkissjóði.

Er hestur keppir í fyrsta sinn um verðlaun fyrir afkvæmi, skulu þau vera: I. verðlaun 300 kr., II. verðlaun 200 kr. og III. verðlaun 100 kr. Er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, skulu þau vera: I. verðlaun 500 kr., II. verðlaun 300 kr. og III. verðlaun 100 kr.

Á afkvæmasýningu leggur eigandi hestsins til sýningarstaðinn, hlutaðeigandi sýsla 2 menn í dómnefnd, Búnaðarfélag Íslands oddamann dómnefndarinnar, sem jafnframt er sýningarstjóri, og skal það vera hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

39. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

40. gr.

Brot gegn þessum kafla varða sektum, 10—500 krónum, er renna í sjóð hrossaræktarfélags þar sem brotið er framið, ella renni það til sveitarsjóðs hlutaðeigandi hrepps.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

41. gr.

Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert eða nokkurn hluta þess.

42. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur innan sveitar, sem gert hefir samþykkt skv. 41. gr., og er þá skylt að taka hann í vörzlu og gera eiganda hans eins fljótt og verða má aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins eða ráðstafað honum innan viku frá því hann fékk tilkynningu um hrútinn, en að þeim tíma liðnum skal farið með hann sem óskilafé.

43. gr.

Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, og skal þar tekið fram:

a. Að halda skuli fóður- og vigtarskýrslur um kynbótaféð.
b. Að halda skuli ættbók yfir kynbótaféð og merkja hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
c. Hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
d. Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsmanna ekki vera lægri en 50 og hvers einstaks ekki hærri en 30.

44. gr.

Félög þau, sem ræðir um í 43. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur sé 50 kr. fyrir 1. verðlauna hrúta og allt að 50 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru og skýrsla er haldin um og send Búnaðarfélaginu.

Heimilt er atvinnumálaráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita einstökum mönnum, er fullnægja skilyrðum a-, b- og c-liða 43. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.

45. gr.

Auk þessa getur atvinnumálaráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 800 kr. hvert, þó ekki yfir ⅔ á móti viðkomandi búnaðarsamböndum eða annarsstaðar frá. Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a—c-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, er sett kunna að verða.

Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og í samráði við aðra, er styrkt hafa búið, að ákveða, hvar búið starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna.

46. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón sauðfjárræktarbúanna, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess.

Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu yfir störf sín, og skal það birta úr þeim útdrátt, eftir því sem þurfa þykir.

47. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum, þar sem þess er óskað, fjórða hvert ár. Skal þá skipta landinu í fjögur umdæmi og skulu sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til hrútaverðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður sýningarárið 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu fjárframlagi á móti annarsstaðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

48. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að stofna til samkeppni milli sauðfjárbúa. Skal hún bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti í hvert sinn. Skal öllum landshlutum smám saman gefinn kostur á að taka þátt í henni, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppnina má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz farin hefir verið ein umferð um landið. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé. Reglur um samkeppnina og annað, sem að henni lýtur, skal atvinnumálaráðherra setja, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

49. gr.

Þegar lokið er einni umferð um landið samkv. 48. gr., má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til og þess er óskað af viðkomandi samkeppnissvæðum.

50. gr.

Brot gegn þessum kafla laganna varða sektum, 10–100 kr., er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

51. gr.

Verði ágreiningur um skilning þessa kafla, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

IV. KAFLI.

Um fóðurbirgðafélög.

52. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum.

53. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað. Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir, og skal hin fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. okt.

Heimilt er fóðurbirgðafélagi að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt rúgmjöl og haframjöl til manneldis frá jólaföstubyrjun til fardaga.

54. gr.

Nú vilja menn koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa í fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki $^2/_3$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi það verið tekið fram í fundarboðinu, að um þetta mál yrði rætt og gengið til atkvæða um það.

Samþykkt sveitarfundarins skal leggjast fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Nú samþykkir sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, og sendist það þá atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist hann á breytingar sýslufundar, sendist samþykktin atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Að öðrum kosti er hún fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslunefnd að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

55. gr.

Nú er fellt á almennum sveitarfundi að stofna fóðurbirgðafélag, og geta þá 10 menn eða fleiri, allir innan þess hrepps, myndað fóðurbirgðafélag með sömu skyldum og réttindum og heill hreppur væri. Er hlutaðeigandi sveitarsjóði skylt að greiða tryggingarsjóði félagsins, þeirra vegna, eins og 57. gr. tölul. 1. mælir fyrir, og eins fyrir hvern hreppsbúa, er gengur síðar í félagið.

56. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem er stofnað samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra og samþykktar, sem um þau er gerð samkvæmt 54. gr., nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hvern bónda, sem býr einn á jörð, 10 kr.
2. Þegar fleiri en einn bóndi búa á sömu jörð, nemur styrkurinn 10 kr. fyrir

einn bóndann (eða annan), en 5 kr. fyrir hinn bóndann, eða hvern hinna, ef fleiri eru en tveir.

57. gr.

Hvert fóðurbirgðafélag skal stofna tryggingarsjóð, og er hann óskiptileg eign félagsins. Skal hann ávaxtaður í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun, en þó þannig, að ætíð sé hann félaginu handbær, ef það þarf að kaupa fóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlag úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem nemur 50 kr. fyrir hvern félagsmann, og greiði sveitarsjóður það á eigi lengri tíma en 10 árum, með jöfnum árgreiðslum.
2. Árlegt gjald, sem búfjáreigendur greiða eftir búfjárfjölda, sem þeir hafa á fóðrum, sem sé
   a. Fyrir hvern nautgrip ..... 40 aurar.
   b. Fyrir hvert hross ..... 20 —
   c. Fyrir hverja sauðkind ..... 4 —
3. Ef styrkur ríkissjóðs eyðist ekki allur til árlegrar starfrækslu félagsins, leggst það, sem af gengur, í tryggingarsjóðinn.

Gjöld samkvæmt 2. tölulið hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

58. gr.

Nú kemur það í ljós að lokinni skoðun, sbr. 53. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, sem nemur hluta hreppsins í sjóðnum, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan fimm ára.

Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

59. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. des. ár hvert. Reikningsár fóðurbirgðafélaga er fardagaár. Skýrsluár félagsins er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

60. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir þeirra eru kosnir eftir sömu reglum og sveitarstjórnir, en einn þeirra tilnefnir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

Nú nær félagið aðeins til nokkurs hluta hreppsbúa, og skal það þá kjósa 2 menn í stjórn, en einn stjórnarnefndarmanninn skal hlutaðeigandi hreppsnefnd tilnefna.

61. gr.

Nú er tryggingarsjóður fóðurbirgðafélagsins orðinn svo stór, að hann nemur 150 kr. fyrir hvern félagsmann, og er þá félaginu rétt með aðalfundar-

samþykkt að létta af iðgjöldum þeim, sem ræðir um í 57. gr. tölul. 2, að nokkru eða öllu leyti. Þó þarf samþykki atvinnumálaráðherra til þess.

62. gr.

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem koma á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu, frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra.

63. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má í henni ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sjóð þess fóðurbirgðafélags, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þurfa þykir, sett nánari reglur um fóðurbirgðafélög, og má ákveða sömu sektir og segir í næstu málsgrein á undan fyrir brot gegn þeim, og renni þær í sjóð þess fóðurbirgðafélags, þar sem brotið er framið.

V. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

64. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, stofnaður með lögum nr. 28, 7. maí 1928, skal taka að sér vátryggingu á kúm, kynbótanautum, kynbótahestum, hrútum og öðru því búfé, sem lög þessi heimila, og sem skylduábyrgð hvílir á samkvæmt þessum kafla. Skal ríkissjóður hafa lagt sjóðnum til 45000 krónur fyrir árslok 1931 og síðan 15000 kr. á ári í 17 ár, þannig að tillag ríkissjóðs verði alls 300000 krónur. Um vátrygginguna fer að öðru leyti eftir fyrirmælum þessa kafla og nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnumálaráðherra setur, en hann hefir yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, og úrskurðar ágreining, er út af þeim kann að rísa, nema um dómsmál sé að ræða.

65. gr.

Sérhvert sveitar- og bæjarfélag á Íslandi, sem hefir á lögmætum fundi skv. 71. gr. samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, á rétt á að fá vátryggingu hjá sjóðnum, að því tilskildu, að skylduábyrgð hvíli á öllum þeim gripum, sem um getur í 64. gr., allra búfjáreigenda í því sveitar- eða bæjarfélagi. Þó tekur Búfjártryggingarsjóður Íslands ekki til starfa fyrr en atvinnumálaráðherra hefir borizt slík beiðni um vátryggingu frá að minnsta kosti 10 sveitarfélögum.

66. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir ½ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna,

ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða og afnotamissir sakir veikinda og verðfalls sökum eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

67. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: Hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess, að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

68. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 64. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, sbr. 71. gr.

69. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfélögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

70. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann ⅓ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Húsráðendur í sveitum og aðrir búfjáreigendur, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands á öllum þeim gripum allra búfjáreigenda hreppsins, sem sjóðurinn tekur að sér vátryggingu á skv. 64. gr.

Meiri hluti atkvæða allra þeirra, er um ræðir í fyrstu málsgr. þessarar gr., ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum

hlutaðeigendum með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbréfi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðinu, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, eftir því sem fyrr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, en það gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að vátryggingin gangi í gildi.

72. gr.

Sveitarstjórnir í hreppum, en bæjarstjórnir í bæjarfélögum ábyrgjast gagnvart Búfjártryggingarsjóði Íslands öll iðgjöld og aukaiðgjöld, sem búfjáreigendum hreppsins ber að greiða. Öll gjöld til sjóðsins innheimta þær með öðrum sveitargjöldum, og má heimta þau með lögtaki.

73. gr.

Nú hefir Búfjártryggingarsjóður Íslands tekið að sér vátryggingu fyrir sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn í samráði við hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, fyrir eitt ár í senn, jafnaðarverð til skaðabóta á hverri tegund búfjár í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmennina meta gripi sína og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

74. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en sveitar- eða bæjarstjórn varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

75. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir sem lögveð á hinum vátryggðu gripum og gengur fyrir öllum öðrum veðskuldbindingum, er á þeim hvíla. Greiðsluskyldan hvílir á þeim, er hefir not hins vátryggða grips, hvort sem hann er eigandi eða leigjandi.

76. gr.

Nú eru gripir, sem vátryggðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

77. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðuneytið með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 78. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær beztu upplýsingar um vanhöld, sem ráðuneytið getur aflað sér á annan hátt. Heimilt er ráðuneytinu jafnan að breyta iðgjöldum, þegar því þykir ástæða til, svo að þau séu í sem beztu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal það breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

78. gr.

Til leiðbeiningar um réttlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum leggur atvinnumálaráðuneytið fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem það ákveður.

79. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fé hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

80. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á gripum, sem vátryggðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur ekki til, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla eigendur gripa, sem vátryggðir eru hjá sjóðnum, aukagjöld, í réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Eigi getur sveitar- eða bæjarfélag sagt upp vátryggingu sinni hjá sjóðnum meðan ógoldin eru aukaiðgjöld eða hluti þeirra.

81. gr.

Nú eru atvinnumálaráðuneytinu færðar líkur fyrir því, að of há sé vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing í þeim félögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostn-

aður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

82. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um nánara fyrirkomulag á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátryggðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera ⅕ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 77., 78. og 80. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

83. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðuneytið prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og séu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Ennfremur lætur ráðuneytið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

84. gr.

Virðingarbækur og gerðabækur lætur ráðuneytið búa til, og fá sveitar- og bæjarstjórnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

85. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

86. gr.

Brot vátryggjanda og vanrækslu á ákvæðum þessa kafla og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt honum, varða missi skaðabótaréttar eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, sem brotið er við.

VI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

87. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar þegar viðkomandi héraðsstjórnir óska. Þar má sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, hænsni og geitfé. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Fleiri sýslur en ein, eða sýsluhlutar, geta verið saman um héraðssýningu.

Styrkja skal sýningar þessar að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sýslusjóði eða sýslusjóðum, er hvorttveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, er sýslusjóður veitir eða sýslusjóðir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd eða sýslunefndum að annast um allan undirbúning sýningarsvæðisins. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun sýslusýninga, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

88. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 21, 22. nóv. 1918; lög nr. 19, 15. júní 1926; lög nr. 29, 14. júní 1929; lög nr. 28, 7. maí 1928, og lög nr. 42, 28. nóv. 1919, um samþykktir eftirlits- og fóðurbirgðafélaga, sem og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 211. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að bera fram breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina, sem hér fer á eftir.

Væntir nefndin þess fastlega, að störfum milliþinganefndarinnar verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, ef þess verður nokkur kostur.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur þar um.

Í nefndina skal 1 maður skipaður samkvæmt tilnefning Alþýðuflokksins, 2 samkvæmt tilnefning Framsóknarflokksins og 2 samkvæmt tilnefning Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 5. ágúst 1931.

Jón Jónsson, form. Magnús Torfason, ritari. Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Páll Hermannsson.

Nd. 212. Nefndarálit

um frv. til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og komið sér saman um að ráða deildinni frá að samþykkja það að svo komnu máli. Telur nefndin, að varhugavert sé að skerða að nokkru verulegu tekjustofn útvarpsins, meðan enn er svo óvíst um, hversu fjárhagsgrundvöllur þess reynist.

Hinsvegar álítur nefndin, að afnotagjaldið sé ekki svo hátt, að nokkru verulegu geti munað í rekstri flestra stofnana þeirra, sem um ræðir í frumvarpinu. En verði undanþágan veitt, mun óumflýjanlegt, að hún nái til æðimargra stofnana, eftir orðalagi og tilgangi frumvarpsins.

Alþingi, 3. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm. Lárus Helgason.

Jón Ólafsson. Einar Arnórsson.

Ed. 213. Nefndarálit

um frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fellst á, að Vestmannaeyjakaupstað sé nauðsyn að fá lög sett um þetta efni. Hefir nefndin ekki fundið neitt athugavert við frv. og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Jakob Möller,	Jónas Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Ed. 214. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1936.

Nd. 215. Breytingartillögur

við frv. til laga um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. 4. málsgrein.
   Á eftir orðunum „forseta Fiskifélags Íslands“ komi: formanns Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.
2. Við 3. gr. 1. málsgr.
   1. málsl. orðist svo: Yfirfiskimatsmenn skulu vera þessir.
3. Við sömu gr.
   Á eftir tölul. 5 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Laun yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík skulu vera 4700 kr. auk 1000 kr. til skrifstofukostnaðar. Laun yfirfiskimatsmannanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu vera 4000 kr. til hvers þeirra, og laun yfirfiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum 3300 kr. Allir skulu þeir auk þess njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Nd. 216. Tillaga

til þingsályktunar um byggingarstyrk til Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Flutningsm.: Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði byggingarstyrk til Hallgrímskirkju í Saurbæ, 3 þús. kr. á ári í 3 ár, þegar hafizt hefir verið handa um bygginguna.

ÁSTÆÐUR.

Tillaga þessi er flutt skv. tilmælum Hallgrímskirkjunefndar. Virðist það og vel viðeigandi, að ríkið styrki að einhverju slíka byggingu, að hún mætti verða þjóðinni til sóma og hæft minnismerki trúarskáldsins mikla. Og með svo lágu árlegu tillagi, meðan á byggingunni stendur, getur það vart orðið erfitt fyrir ríkissjóðinn. Nánar í framsögu.

Nd. 217. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 183 og 194 (Fjárlög).

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
1. Við brtt. 183, XLI. varatill. (Oddur Oddsson).
Fyrir »800« kemur 600
2. Við brtt. 183, XLIX. Till. skal orða svo:
Til dýpkunar á innsigling leiðarinnar á Stokkseyrarsundi, helmingur kostnaðar, allt að 4000

II. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 194, XII. (Mjöll).
Aftan við till. bætist: enda greiði ríkissjóður viðlagasjóði upphæðina.

Nd. 218. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

2. málsgrein 3. greinar hljóði svo:
Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er stofnuð

hafa verið eftir 1. janúar 1927, þannig að ívilnunin nemi sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna, og ívilnunin nemur fyrir eldri samkynja fyrirtæki.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var borið fram á síðasta þingi. Meiri hl. fjárhagsn. Nd. mælti með afgreiðslu málsins, en frv. náði ekki afgreiðslu.

Frv. er borið fram fyrir tilmæli h/f Ölgerðarinnar „Þórs“ í Reykjavík, og er ástæðan sú, að félag þetta, sem stofnað var árið 1929 og tók til starfa í ágústmánuði 1930, greiðir samkv. gildandi lögum hærra gjald af framleiðslu sinni, vegna ákvæðisins í 3. gr. laga nr. 50 1927, en samkynja iðnaðarfyrirtæki, sem starfrækt hefir verið mörg undanfarin ár.

Það má til sanns vegar færa, að nýstofnuð fyrirtæki hafi meiri þörf á ívilnunum en þau, sem þegar eru orðin gróin, og virðast því tilmæli félagsins sanngjörn, úr því slík ívilnun hefir verið veitt með nefndum lögum.

Fyrir ríkissjóðinn munar þessi breyting á lögunum mjög litlu, þar sem hún fellur burtu í árslok 1935, en með þessari breytingu á lögunum er stofnað til eðlilegs jafnréttis milli innlendra iðnfyrirtækja yfirleitt, og virðist nauðsyn bera til að stuðla að slíku.

Þótt lagabreyting þessi sé fram komin fyrir tilmæli ákveðins fyrirtækis, er eðlilegt og nauðsynlegt að láta breytinguna ná til allra innlendra iðnfyrirtækja, er líkt stendur á um; með því einu móti nær jafnréttiskrafan tilgangi sínum, enda óverulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð, eins og hér að ofan er getið, þar sem ekki getur verið um mörg fyrirtæki að ræða á þessu stutta tímabili, sem ívilnunin nær til.

Ed. 219. Breytingartillaga

við frv. til l. um búfjárrækt.

Flm.: Jón Baldvinsson og Jakob Möller.

90. gr. skal orða svo:

Lög þessi koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1933, og þá því aðeins, að verklegar framkvæmdir á árinu 1932 hafi eigi verið minni en samkvæmt fjárlögum það ár.

Ed. 220. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað „½% fyrir hvern mánuð eða hluta út mánuði, sem líður frá gjald-

daga, unz gjaldið er greitt“ í 30. gr. laganna komi: ½% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, ef drátturinn nemur eigi fram úr 2 mánuðum frá gjalddaga, en 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem þar er fram yfir.

Ed. 221. Frumvarp

til l. um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12, 31. maí 1927, skal orða svo:

Nú hefir kauptún eða þorp 200 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt í vetur á þinginu, sem rofið var. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta fer fram á að rýmka rétt kauptúna til þess að verða sérstakur hreppur. Nú er í sveitarstjórnarlögum ákveðið, að kauptún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Hér er stungið upp á þeirri breytingu einni, að kauptún með 200 íbúa eða fleiri geti krafizt þessa.

Verður nánari grein gerð fyrir málinu við flutning þess“.

Nd. 222. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 183, LXIII. b. (Fjárlög).

Frá fjármálaráðherra.

Liðinn skal orða svo:

Enda veitist ríkisstjórninni aðstaða til athugunar um rekstur þess, og jafnframt fari fram athugun á því, hve mikið félaginu ber að réttu í strandferðastyrk, miðað við þær siglingar, sem þing og stjórn telur nauðsynlegar landsmönnum.

Nd. 223. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna“ í upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

2. gr.

Síðasta málsgrein 6. greinar, „Ennfremur ..... lögum“, falli burt.

Greinargerð.

Samhljóða frv. flutti fjárhagsn. Nd. á síðasta þingi. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, hafa starfað tveir veðdeildarflokkar, 8. og 9. flokkur. Útlánum úr 8. flokki, sem námu um 4 millj. kr., var lokið 3. febrúar 1930. 9. flokkur, sem nú er starfandi, er einnig 4 millj. kr., og er nú eftir af honum tæp 1½ millj. kr. Má gera ráð fyrir, að þeim flokki verði lokið á þessu ári. Heimild sú, er veitt var veðdeildinni með lögunum frá 1928, var 10 millj. kr., og eru þá eftir ónotaðar 2 millj. kr. Samkvæmt reynslu þeirri, er fengizt hefir á undanförnum árum, þá er það of lítil fjárhæð fyrir sérstakan flokk, og er því í frumvarpi þessu farið fram á viðbótarheimild, þannig að flokkurinn geti numið 6 millj. kr. Má gera ráð fyrir, að 6 millj. kr. flokkur muni nægja allt að tveimur árum, og getur það eigi talizt of langur tími, enda má og taka tillit til þess, að stofnkostnaður er tiltölulega meiri við litla flokka.

Ástæðan til þess, að lagt er til að felld sé burt heimildin í 6. gr. til þess að veðdeildin veiti lán bæjar-, sýslu- og sveitarfélögum, er sú, að lán þessi, sem eru annars eðlis en önnur lán veðdeildarinnar, rýra sölumöguleika bréfanna erlendis. Ef veðdeildin lánar aðeins út á hreinan 1. veðrétt í auðseljanlegum fasteignum, verða veðdeildarbréfin sambærileg við samskonar erlend verðbréf, og mundi það greiða fyrir sölu þeirra erlendis.

Frv. er flutt að ósk bankaráðs og bankastjórnar Landsbankans.

Ed. 224. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv. með einni breytingu, að Eyrarsveitarvegur nái aðeins að Búlandshöfða. Sömuleiðis að Laugardals-

vegur verði tekinn í þjóðvegatölu. Nefndin er ennfremur samþykk brtt. á þskj. 72 um vegi í Borgarfjarðarsýslu, en telur réttast að þjóðvegur um Hálsasveit endi ofan við Lambá, þegar komið er á hinn eiginlega fjallveg um Kaldadal. Um till. á þskj. 106 um vegi í Húnavatnssýslu hafa nefndarmenn óbundnar hendur.

Nefndin flytur þá þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við brtt. á þskj. 72. Niðurlag b.-liðs orðist svo: Hálsasveit um Húsafell að Kaldadal.
2. Við frvgr. á þskj. 38:
   a. Við 2. lið: Eyrarsveitarvegur frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit að Búlandshöfða.
   b. Á eftir 2. lið komi nýr liður: Skógarstrandarvegur frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

Alþingi, 6. ágúst 1931.

Jónas Jónsson, form. og frsm.	Magnús Torfason, fundaskr.	H. Steinsson.

Ed. 225. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Stafliður **b** í 1. gr. laganna orðist svo:

b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stúdentsprófi og auk þess prófi í uppeldisfræði og kennslu. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef umsækjandi hefir stundað sérnám í leikfimi, teikningu, handavinnu eða matreiðslu við einhverja námsstofnun, sem undirbýr kennaraefni í þessum greinum, og lokið þar prófi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, og ber honum þá að tilkynna það skólanefnd þess skóla, sem hann er frá. Ef starfandi kennari sækir um aðra

kennarastöðu og er veitt hún, þá skal fræðslumálastjórnin tilkynna það skólanefnd þess skóla, er hann starfaði áður við.

3. gr.

Stafliðirnir a.—e. í 9. gr. orðist svo:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum: 3000 kr. auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, eða jafngildis þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla: kr. 2400.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2250 auk ókeypis þriggja herbergja íbúðar minnst, með ljósi og hita, eða jafngildi þess í peningum. Forstöðumenn heimavistarskóla hafa þar að auki til afnota, án endurgjalds, minnst 2 ha. af girtu landi og ræktuðu, eða hæfu til ræktunar.
e. Kennarar við barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2100.
f. Farkennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu: kr: 750, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss og hita og þjónustu, þann tíma ársins, sem skólinn stendur, eða jafngildi þess í peningum.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi tvær nýjar greinar:

a. 11. gr.

Kennarar, sem taldir eru í 9. gr. stafl. b. og e., fái, auk þeirra launa, sem þar eru talin, húsaleigufé 50% af leigu eftir tveggja herbergja íbúð auk eldhúss, á þeim stað, sem þeir kenna. Verði ekki samkomulag um húsaleigufé þetta, skal leigan metin af þrem mönnum. Skipi hreppsnefnd eða bæjarstjórn einn þeirra, kennarinn eða kennararnir annan, og stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þriðja manninn, og verður úrskurði þeirra eigi áfrýjað.

b. 12. gr.

Forstöðumenn barnaskóla og kennarar skulu njóta framfærslueyris úr ríkissjóði fyrir börn sín, sem þeir hafa á sínu eigin framfæri, 300 kr. fyrir hvert barn umfram eitt. Giftar kennslukonur njóta þó ekki þessa framfærslueyris, enda séu menn þeirra vinnufærir.

5. gr.

11. gr. laganna verður 13. gr. og orðist svo:

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^7/_{12}$ hlutum úr bæjarsjóði, en $^5/_{12}$ úr ríkissjóði.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. d. og e., greiðast að $^5/_{12}$ úr sveitarsjóði, en $^7/_{12}$ úr ríkissjóði.

Til farkennaralauna samkvæmt f-lið 9. gr. greiðast úr sveitarsjóði 150 kr., en hitt úr ríkissjóði.

Húsaleigukostnað, húsaleigufé, fæði og önnur hlunnindi, sem kennarar njóta eftir lögum þessum, greiðir bæjar- eða sveitarsjóður.

Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr., skal skorið úr á sama hátt og getur í 11. gr.

6. gr.

12. gr. laganna verði 14. gr. og orðist svo:

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talin frá þeim tíma, er kennari tók við fastri stöðu, greiðist sem hér segir:

a. Forstöðumenn og kennarar við fasta skóla kr. 200 á tveggja ára fresti, upp að kr. 1200, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.
b. Farkennarar kr. 120 á tveggja ára fresti, upp að kr. 720, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.

5 ár við farkennslu skulu jafngilda 3 starfsárum við fastan skóla, en skemmri tími í hlutfalli þar við. Ef kennari við fastan skóla gerist farkennari, skal hann njóta launaviðbótar eins og hann hefði verið farkennari öll starfsár sín.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðir ríkissjóður.

7. gr.

Á eftir 14. gr. kemur ný grein, sem verður 15. gr., svolátandi:

Þegar samanlagður aldursárafjöldi og starfsárafjöldi kennara nemur 84 árum, skal fækka við hann kennslustundum, án þess að laun hans skerðist, um 2 stundir á viku á ári hverju í næstu 6 ár, svo að hann kenni úr því 18 stundir á viku.

8. gr.

13. gr. verður 16. gr. og orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og aðrir starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr. og 11. gr., og framfærslueyrir samkv. 12. gr. koma ekki til greina í þessu sambandi.

9. gr.

14. gr. verði 17. gr., en 15. gr. verði 18. gr. og orðist svo:

Öll ákvæði í lögum þessum eiga jafnt við um karla og konur, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

10. gr.

16. gr. verður 19. gr., og við greinina bætist: svo og lög nr. 21 1930 og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

11. gr.

17. gr. verður 20. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1931, og skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 75, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt í neðri deild á síðasta þingi og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Lög þau, sem nú gilda um skipun kennara og laun þeirra, voru sett 1919. Þau 12 ár, sem kennarar hafa búið við þau, er orðinn ærið nógu langur tími til að færa þeim sanninn heim um það, að þótt mjög væru bætt kjör þeirra með launalögunum 1919, þá endast þeim þó launin skammt til að lifa af þeim sæmilegu lífi og gefa sig óskipta að starfi sínu. Hitt er eðlilegt, að kennarar hafi lengur unað við sinn skarða hlut en aðrar launastéttir landsins, án þess að kvarta, því að allt fram að 1919 höfðu þeir búið við verri hungurlaun en nokkrir aðrir menn í launastétt, og urðu því umbótunum fegnari en aðrir, sem mundu betri daga.

Ekki þarf hér að rekja í löngu máli, hver atvik urðu til þess, að launalögin frá 1919 gáfust verr en ætlað var og til var stofnað. Þegar tekið var til við útreikning dýrtíðaruppbótarinnar samkv. lögum þessum, var gripið það óheillaráð að reikna dýrtíðaruppbótina eftir gangverði fárra vörutegunda, og bæta upp, eftir þeim verðstuðli, er þannig fékkst, aðeins ⅔ hluta launanna. Með þessu móti fékkst að vísu sama niðurstaða og þótt reiknuð hefði verið út dýrtíðaruppbót eftir gangverði flestra lífsnauðsynja *á þeim sama tíma*, en svo óheppilega hefir viljað til, að einmitt þær vörutegundir, sem ákveðið var að leggja til grundvallar, féllu að samanlögðu miklu meira í verði en hinar, sem sleppt var. Dýrtíðaruppbótin lækkaði því raunverulega miklu örar en dýrtíðinni létti. Þetta voru að vísu ósjálfráð mistök, sem ekki tjáir að sakast um, en þau hafa þó komið hvað verst niður á þeim, sem sízt máttu við, en það eru þeir, sem lægstu launin hafa.

En þótt ekki hefði tekizt svo til sem varð um útreikning dýrtíðaruppbótarinnar, og kennurum sem öðrum hefði auðnazt að njóta þeirra launa, sem þingið 1919 ætlaðist til, þá mundu þeir þó fyrir löngu komnir að raun um, að við þau laun getur enginn maður búið, svo sem verðlagi er háttað, án þess að gefa sig svo mjög að aukastörfum til að afla sér lífsviðurværis, að aðalstarf hans, kennslan, bíði við það óbætanlegt tjón. Má með sanni segja, að ónóg laun flæmi fjölda kennara svo mjög út í óskyld aukastörf, að þau verði að aðalstarfi, en kennslan aukastarf.

Með því að bera saman laun kennara og ýmsra annara starfsmanna ríkisins, eins og þau voru ákveðin 1919, er auðsætt, að launin eru miðuð aðeins við starfstímann einan og gert ráð fyrir, að þeir leiti sér annarar atvinnu allan þann tíma, sem hlé er á skólahaldi. Með því einu móti geta launin nægt öðrum en einhleypum mönnum, og komast þó ekki til jafns við aðra en allra lægstu launaflokka starfsmanna ríkisins. Slíkt nær vitanlega engri átt. Í engu menningarlandi þekkist það, að kennurum sé ætlaður skemmri hvíldartími að sumri með fullum launum en 2 mánuðir, og allt upp í 4. Og engum mönnum, sem við andleg störf fást, mun meiri þörf að geta hvílzt nokkurn tíma áhyggjulaust og búið sig undir næsta starfstímabil. Mun og í fáum greinum

sem kennslu jafnmikil hætta, að starfið verði andlaust vanaverk, ef aldrei gefst tóm né tækifæri á að hvílast né fylgjast með breyttum og bættum starfsháttum. Enn má benda á, að það er fjarstæða ein, að kennurum sé í lófa lagið að nota allan sumartímann til að afla sér tekna. *Allar starfsstéttir í þjóðfélaginu bindast æ fastari samtökum um að meina utanstéttarmönnum að grípa um stundarsakir inn í sína atvinnugrein. Gildir þetta um alla atvinnu, bæði erfiðisvinnu og aðra,* og er þetta öllum kunnugt.

Áður en vikið er að einstökum atriðum í frumvarpinu, er rétt að gera nokkurn samanburð á launakjörum kennara í nokkrum nágrannalöndum og launaákvæðum frumvarpsins. Hefir verið aflað skýrslna um þessi efni frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi, Saxlandi og Prússlandi. Það skal þó tekið fram um þær tölur, sem nefndar eru frá Danmörku og Svíþjóð, að þær hafa breytzt á þessu ári og launin hækkað, en eigi hafa enn fengizt upplýsingar um, hve miklu það nemur.

Danmörk:

Byrjunarlaun kaupstaðakennara	d. kr.	2820,00
Full laun kaupstaðakennara	— —	*4620,00*
Byrjunarlaun skólastjóra	— —	5400,00
Full laun skólastjóra	— —	*6360,00*
Ýmsar launabætur að meðaltali	— —	680,00 árl.
Starfstími árl. 9—10 mán.		

Svíþjóð:

Byrjunarlaun kaupstaðakennara	s. kr.	2100,00
Full laun kaupstaðakennara	s. kr.	3000,00
Af $^{9}/_{10}$ hl. þeirra launa greiðir ríkið dýrtíðaruppbót 32%. Þá verða byrjunarlaun	— —	2711,00
Full laun	— —	3709,00
Ýmsar launabætur í peningum (meðaltal) ..	— —	273,00

Auk þess ókeypis húsnæði (2—3 herb. og eldhús), ljós og hiti. Starfstími 8 mánuðir. Launahækkun hlutfallsleg við lengdan starfstíma.

Noregur:

Byrjunarlaun kaupstaðaskólakennara	n. kr.	3200,00
Full laun	— —	4600,00
Sérstakar launabætur að meðaltali	— —	325,00

Langflestar borgir og bæir í þessum löndum binda sig ekki við lágmark, sem þeim ber að greiða kennurum að sínum hluta, heldur greiða þeim miklu hærri laun.

Þannig verða full laun kennara í Stokkhólmi og Ósló *kr. 7000,00 til 8000,00.*

Saxland:

Byrjunarlaun kennaraskólalærðra kennara	Rm.	2800,00
Full laun kennaraskólalærðra kennara	—	5800,00
Byrjunarlaun háskólagenginna kennara	—	4000,00
Full laun háskólagenginna kennara	—	7500,00

Prússland:

Byrjunarlaun fastra kennara	Rm.	4752,00
Full laun fastra kennara	—	6952,00
Auk þess framfærslustyrkur fyrir hvert barn árl.	—	240,00—360,00

England:

Byrjunarlaun fastra kennara við smábarnaskóla ..	£	180,—
Full laun fastra kennara við smábarnaskóla	-	300,—
Byrjunarlaun fastra kennara við skóla eldri barna	-	250,—
Full laun fastra kennara við skóla eldri barna	-	400,—

Í þessu stutta yfirliti eru teknar aðeins fáar tölur frá hverju landi, en sami launaflokkur alstaðar valinn. Launahæðin er talin í mynt hvers lands. Séu nú þessar tölur bornar saman við launaákvæði frumvarpsins og hlunnindi metin sanngjarnlega eftir verðlagi á hverjum stað, mun koma í ljós, að íslenzkir kennarar komist þó ekki til jafns við stéttarbræður sína í neinu þessara landa, þótt fullt tillit sé tekið til starfstímans.

En ennþá meiri verður þó munurinn, ef þess er gætt, að *það má fremur heita regla en undantekning um öll Norðurlönd, að bæir launa kennurum sínum miklu hærra en lög mæla fyrir,* svo að laun þeirra verði í samræmi við laun annara starfsmanna bæjarfélaganna. En slíka rausn er ekki vitanlegt, að neitt bæjar- eða sveitarfélag á Íslandi hafi leyft sér fram að þessu, og ekki miklar horfur á, að breytt verði til í því efni.

Skal nú vikið að frumvarpinu, gerð grein fyrir, eftir hvaða reglum ákvæðin um launahækkun eru gerð, og síðan vikið að einstökum liðum.

Í frumvarpinu eru launin, sem ákveðin voru með lögum 1919, alstaðar lögð til grundvallar, en þessum töluliðum vikið við og breytt lítið eitt. Launalögin gera kaupstaðakennurum 1500 kr. árslaun, miðað við 6 mánaða starf, forstöðumönnum skóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennurum við skóla utan kaupstaða 1300 kr. Þessum tölum er breytt svo, að þær verði í sömu röð 1600 kr., 1500 kr. og 1400 kr.

Þessi laun eru síðan hækkuð um 20%, en sú hækkun lætur nærri hinni raunverulegu dýrtíðaruppbót hagstofunnar, þegar við bætist sú dýrtíðaruppbót, sem nú er lögboðin og verða mun á næstunni hér um bil 30%. — Er í upphafi þessarar greinargerðar vikið að því, að lækkun sú, sem orðið hefir á dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, er um að kenna mistökum við reglurnar um útreikning hennar, og í rauninni í gegn því, sem Alþingi vildi. Þess vegna er sjálfsagt að nota hina réttu vísitölu, en ekki hina röngu, þótt henni hafi verið beitt undanfarin ár.

Þá eru launin hækkuð sem nemur hlutfallinu 5 : 4. Er hér á undan gerð grein fyrir því, að launin geta því aðeins nægt til framfæris, að kennarar væru sér úti um alla þá aukavinnu, sem unnt er, bæði sumar og vetur. Kennslan, sem á að vera aðalstarf, bíður við þetta óbætanlegt tjón. Hér er stefnt að því, að þeir geti notið 1½ mánaðar sumarleyfis með fullum launum, hvílzt og búið sig undir næsta starfsár, og er þar ekki til of mikils mælzt.

Þá er í 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir húsaleigustyrk, sem svari hálfri húsaleigu á hverjum stað, sem greiðist úr bæjar- og sveitarsjóðum.

Það er alkunna, að geysimiklu munar á framfærslukostnaði í ýmsum kaupstöðum og landshlutum. Veldur húsnæðið langmestu um. Til þess að jafna þennan mismun ætti að greiða staðaruppbót eftir vísitölu, er fundin væri eftir verðlagi á hverjum stað. Nú eru engar skýrslur fyrir hendi, sem unnt sé að byggja slíka vísitölu á, og er því sú leið ófær. Sé horfið að því að bæta upp húsaleiguna eina saman, er hægara um vik. Að vísu þyrfti helzt að finna meðalleigu á hverjum stað eftir skýrslum um þau efni, en vegna þess, að slíkar skýrslur eru sjaldfengnar, er horfið að því ráði, sem nefnt er í áðurnefndri grein frumvarpsins.

Er í þessu sambandi rétt að minna á það, að Svíar hafa lengi fylgt þeirri reglu að sjá öllum kennurum við barnaskóla fyrir húsnæði, ljósi og hita, eða greitt jafnvirði þess í peningum, og auk þess staðaruppbætur, eftir mismunandi verði á lífsnauðsynjum.

Í 4. gr. frumvarpsins er ennfremur gert ráð fyrir framfærslustyrk fyrir börn kennara á aldrinum 1—14 ára. Laun þau, sem kennurum eru gerð með frumvarpi þessu, má telja nægileg einhleypum kennurum eða barnlausum, en öðru máli er að gegna um þá, sem hafa þungt heimili. Því er þessi tillaga borin fram, til þess að rétta hluta fjölskyldumanna gagnvart einhleypingum. Þetta er að vísu ekki nýmæli hér á landi. Slíkur framfærslustyrkur var tekinn upp hér um skeið, en féll niður aftur, og var það illa farið. Þessari reglu fylgja Prússar, samkvæmt þeirri launalöggjöf, sem gildir nú þar í landi, en fara að vísu miklu lengra en hér er gert.

Þær breytingar eru gerðar á 13. gr. á ákvæðum núgildandi laga, að aldurslaunabót hækki um 20%, eins og stofnlaunin, og að allir kennarar við fasta skóla njóti sömu aldurshækkunar og nái fullum launum eftir 12 ára þjónustu. Um þessa breytingu er það að segja, að ekki er sjáanleg nokkur skynsamleg ástæða fyrir því, að t. d. kennari á Akranesi skuli fá hálfu minni aldurshækkun en kennari í Nesi í Norðfirði, eða hverjum kaupstað öðrum sem vera skal. Það er misrétti, og annað ekki. Þá er hitt atriðið, hvort fullri launahæð skuli náð eftir 15 ára þjónustu, svo sem nú er ákveðið, eða fyrr, eins og frv. leggur til. Um það má að vísu deila, en þegar launabót eftir þjónustualdri er ekki hærri en hér er ákveðið, er næsta óeðlilegt, að dregið sé svo á langinn að greiða hana að fullu. Öðru máli er að gegna, þegar aldurshækkunin er svo há, að hún nemur kr. 2000—3000, eins og t. d. hjá Dönum og Þjóðverjum. Þá er eðlilegt, að henni sé jafnað á nokkuð langt árabil.

Loks er það nýmæli í frv. þessu, að létt sé störfum á kennurum, er þeir taka að eldast og lýjast, svo að þeir þurfi síður að slíta út að fullu síðustu kröftum sínum og mættu endast betur. Ef gert er ráð fyrir, að kennari taki við starfi 24 ára, sem er hið allra fyrsta, hefði hann eftir 36 ára kennslu, sextugur að aldri, fengið þá ívilnun, að kenna ekki nema 18 stundir á viku úr því, en þeim mun seinna, sem hann byrjar seinna lífsstarf sitt.

Hlutfallstölur þær í 5. gr., sem tiltaka, hve mikinn hluta launa hver skuli greiða, ríkissjóður og sveitar- eða bæjarsjóður, eru settar þannig, að sá hluti launanna, sem hefir verið dýrtíðaruppbót, greidd af ríkissjóði, verður samkvæmt þessum tölum enn ríkissjóðsgreiðsla, en raunveruleg launahækkun lend-

ir á ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum, í alveg sama hlutfalli og nú gildir um launaflokkana d., e. og f.; en hvað laun í kaupstöðum áhrærir (flokkana a og b), þá er hlutfallið ekki nákvæmlega hið sama og nú, og mætti, til þess að komast sem næst því hlutfalli, sem nú er, hafa brotin $^7/_{16}$ og $^9/_{16}$, eða þá $^{44}/_{100}$ og $^{56}/_{100}$, en ekki þótti taka því. Með því að hafa hlutfallstölurnar $^5/_{12}$ og $^7/_{12}$, eins og í hinum flokkunum, þar sem tölurnar eru nákvæmar, færast 66,67 kr. í byrjunarlaunum kaupstaðakennara af ríkissjóði yfir á bæjarsjóð, ef miðað er við nákvæmlega sama hlutfall og nú er.

Öllum tillögum í frumv. þessu er stillt í hóf sem framast má vera. Þótt gengið sé út frá því, að 1919 hafi kennurum verið ákveðin þurftarlaun — og skortir þó mjög á, að svo sé —, þá sést þó glögglega af samanburði við útreikninga Hagstofu Íslands á búreikningsvísitölu, að fjarri fer, að launin séu nú þurftarlaun. (Sbr. og álit launamálanefndar félags starfsmanna ríkisins, Alþt. 1929, þskj. 58, bls. 311). Hitt er rétt, að þótt tillögur þessar séu ekki stórtækar, þá valda þær þó ríkinu nokkrum útgjaldaauka. En í sambandi við það er rétt að benda á annað til samanburðar. Við framsögu fjárlaga í Nd. Alþingis 1929 skýrði forsætisráðherra frá því, að hann hefði látið gera samanburðartöflu um ýmsa útgjaldaliði ríkisins allt frá 1880—1927. Af töflu þessari má sjá, að gjaldaþyrði ríkisins vegna kennslumála er stórum minni nú en hún var fyrir mannsaldri síðan, hlutfallslega við önnur gjöld. Árið 1880 greiddi ríkissjóður til kennslumála 17,8% af gjöldum sínum. Árið 1910 var hlutfallið 19,5%. Árið 1927 var þessi greiðsla komin niður í *9,9%* af gjöldum ríkisins. Mun óhætt að fullyrða, að hvergi í Norðurálfu muni vera að finna hliðstætt dæmi frá síðari árum, og má sjálfsagt leita langt. Á þessum sama tíma hafa allar helztu þjóðir Norðurálfu lagt svo mikið kapp á að bæta og fullkomna alþýðuskóla sína, bæði að vel menntuðu kennaraliði, kennslutækjum og góðum skólahúsum, að gjöld ríkissjóðanna hafa margfaldazt. Er ekki ofmælt, að hjá oss hefir í þessu efni sigið á ógæfuhlið.

Enn er eitt atriði, sem ekki má ganga framhjá. Um vinnukraft manna gilda að mestu leyti sömu lögmál og um vöruframboð á frjálsum markaði. Bezta varan selst hæstu verði, og starfhæfustu og nýtustu mennirnir komast yfirleitt að lífvænlegustu stöðunum í þjóðfélaginu. Því verr sem eitthvert starf er launað, því meiri líkur eru fyrir því, að til þess veljist miður hæfir menn. Nú neitar því enginn lengur í alvöru, að uppeldisstarf og kennsla, bæði eldri nemenda og yngri, sé eitt hið ábyrgðarmesta starf. En ef það starf er svo illa launað, að ekki er lífvænlegt við, þá fer svo er stundir líða, að til þess veljast um of menn, sem lítt eru til þess hæfir. Og það tjón, sem af slíku hlýzt, verður trauðlega metið til fjár. Það er hvorttveggja, að því aðeins fást til þessa starfa menn, sem eru vandanum vaxnir, að þeir fái lifað við það sæmilegu lífi og þurfi ekki að gefa sig svo mjög við öðrum störfum, að þeir séu neyddir til að bregðast skyldum sínum".

Ed. 226. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 2. gr. A. I. a.:
   a. Tölul. 5 (Miðdalsgil) falli burt.
   b. — 8 (Glerá) falli burt.
   c. — 9 (Geiradalsá) falli burt.
   d. — 10 (Prestbakkaá) falli burt.
2. Við 2. gr. A. I. b.:
   a. Tölul. 1 (Norðurá) falli burt.
   b. — 2 (Nesá) falli burt.
3. Við 2. gr. A. II. a.:
   Tölul. 1 (Fossá) falli burt.
4. Við 2. gr. A. II. c.:
   Tölul. 1 (Jökulsá) falli burt.

Nd. 227. Tillaga

til þál. um skipun milliþinganefndar til að gera tillögur um skipulag á byggð í sveitum landsins.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, og sé einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, en annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Nefndin rannsaki og komi með tillögur um, á hvern hátt megi koma á skipulagi um byggð í sveitum landsins, er sé sem hagfelldast fyrir nýtingu þeirra og geri greiðan aðgang að arðvænlegri atvinnu við landbúnað fyrir alla Íslendinga, sem þá atvinnu vilja stunda. Skal sérstakt tillit tekið til markaðs á landbúnaðarafurðum og afstöðu til iðnrekstrar á þeim, vaxandi ræktun, byggingu varanlegra húsakynna, samgöngubóta, rafvirkjunar, aðstöðu til margbýlis og samvinnu- og sameignarbúa.

Nefndin ljúki störfum sínum svo tímanlega, að tillögur hennar geti legið fyrir Alþingi 1933. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fast skipulag kauptúna og bæja, ákveðið með hliðsjón af þörfum framtíðarinnar, er viðurkennd nauðsyn, og er verið að koma því í framkvæmd lögum samkvæmt víðsvegar um landið. Engu síður aðkallandi er þörfin á skipulagi byggðanna í sveitum landsins. Skynsamleg löggjöf viðvíkjandi landbúnaðinum og hag sveitamanna, með stuðningi hins opinbera, getur því aðeins til orðið, að

slíkt skipulag sé ákveðið, svo að treysta megi, að það, sem gert er fyrir sveitirnar og íbúa þeirra, komi að gagni í framtíðinni fyrir alla þá, sem í sveitum búa og landbúnað stunda. Löggjöf sú, sem síðustu árin hefir verið gerð um landbúnað, byggingar, samgöngur og annað, er sveitirnar snertir, ber þess átakanlega merki, að engu föstu skipulagi er fylgt, og því er hætt við því, að af mörgu því, sem hefir verið gert og ætlað að verða til hagsmuna almennings í sveitum landsins, verði lítið gagn til frambúðar fyrir alþýðuna til sveita.

Alþýðuflokkurinn hefir um langan tíma bent á þörf skipulagsins, og má vænta þess, að það mál njóti nú svo mikils skilnings, að rannsókn fáist samþykkt, er leiði til nýrrar löggjafar og nýs og betra skipulags á sveitum landsins, til hagsmuna fyrir alla þá, er þar vilja búa.

Nd. 228. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Að Rauðuvík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni eiganda jarðarinnar Rauðuvíkur og meðmælum hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Fylgir hér með bréf hreppsnefndarinnar.

Fylgiskjal.

Hellu, 27. júlí 1931.

Herra alþingism. Bernharð Stefánsson!

Samkvæmt beiðni ábúanda og eiganda jarðarinnar Rauðuvíkur hér í hreppi, leyfir hreppsnefnd Árskógshrepps sér hérmeð að fara þess á leit við yður, að þér flytjið á yfirstandandi Alþingi löggilding hafnar við Rauðuvík á Eyjafirði.

Höfn sú, er hér um ræðir, er góð í allri norðlægri og vestlægri átt, og aðalástæðan fyrir löggildingarbeiðni þessari er sú, að vélbátar þeir, er hafa útræði þaðan nú, fást ekki vátryggðir á legunni, vegna þess að höfnin er ólöggilt,

og kemur þetta sér mjög illa. Í öðru lagi má taka það fram, að höfnin er líkleg til stærri útgerðarrekstrar, s. s. síldarstöðvar.

Hreppsnefndin mælir því með, að höfn þessi verði löggilt nú þegar.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd hreppsnefndar.
Kristján E. Kristjánsson.

Ed. 229. Frumvarp

til laga um Ríkisveðbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Ríkisveðbanki Íslands. Heimili bankans og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

21.	Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri		150
	Fjárveitingarnar undir 13.—21. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
22.	Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
23.	Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
24.	Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík, byggingarstyrkur		5000
24.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	836350

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	34532,97	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17857,65	
	c. Prestsekkjur	5936,64	
	d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	e. — — — — 51 1921	1000,00	
			61827,26
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00		
	3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ... 300,00		
		1305	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	9. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	10. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	11. — Kristínar Jacobson 600		
	12. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	13. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	14. — 2 barna hennar 200		
	15. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	16. — Jenny Forberg 600		
	17. — Ástu Hallgrímsson 600		
	18. — Ástu Einarson 600		
	19. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	20. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	21. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
	Flyt ... 15125	1305,00	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt	15125	1305	61827,26
22.	Til Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
23.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
24.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ...	300		
25.	— Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð	700		
26.	— Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju ...	400		
27.	— Súsönnu Friðriksdóttur	500		
			17925	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
2.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar .	662,25		
3.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
4.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
5.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
6.	— Jóns Árnasonar	445,00		
7.	— Þórðar Ólafssonar	370,00.		
8.	— Páls Stephensens	355,00		
9.	— Helga P. Hjálmarssonar	475,00		
10.	— Einars Pálssonar...	430,00		
11.	— Kristins Daníelssonar	520,00		
12.	— Jóns Finnssonar	385,00		
13.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar	355,00		
			5955,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	300,00		
6.	— Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10.	— Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
11.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
	Flyt ...	3800,00	25185,25	61827,26

		kr.	kr.
Flutt ...	3800,00	25185,25	61827,26
12. Til Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
13. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
14. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
15. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
16. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
17. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
18. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
19. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
20. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
21. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
22. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
23. — Helgu Skúladóttur	227,06		
24. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
25. — Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
26. — Arndísar Pétursdóttur	137,90		
27. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
28. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
29. — Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
30. — Kamillu Briem	170,57		
31. — Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
32. — Sigríðar Þórðardóttur	144,00		
33. — Sigurlaugar Knudsen	167,07		
34. — Þóru Jónsdóttur	217,28		
35. — Margrétar Jónasdóttur	168,64		
36. — Sigríðar Jónasdóttur	146,71		
		8960,33	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
Flutt ...	2460,00	34145,58	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	2460,00	34145,58	61827,26
8.	Til Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150,00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar ...	200,00		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar	2500,00		
16.	— Cathincu Sigfússon	400,00		
17.	— Ragnh. Guðjónsdóttur	300,00		
18.	— Sigurgarðs Sturlusonar	300,00		
			8060	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar...	300		
3.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ...	200		
6.	— Jens Þórðarsonar	300		
7.	— Friðriks Möllers	1200		
8.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
9.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
10.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
11.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
12.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
13.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
14.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
15.	— Kristjáns Blöndals	1000		
16.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
17.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
18.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
19.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
20.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
21.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
	Flyt ...	10250	42205,58	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	10250	42205,58	61827,26
22.	Til Þórodds Bjarnasonar pósts	600		
23.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar	300		
24.	— Kristjáns Jónssonar pósts	200		
25.	— Guðjóns Kjartanssonar	200		
26.	— Torfa Sæmundssonar	200		
27.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals, póstritara, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	600		
g.	Rithöfundar:		12350	
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
3.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
4.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
5.	— Guðmundar Friðjónssonar	1500		
6.	— dr. Helga Péturss	4000		
7.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
8.	— Einars Benediktssonar	4000		
9.	— Stefáns frá Hvítadal	1200		
10.	— Jakobs Thorarensens	1200		
11.	— Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
12.	— Guðmundar Kambans	2000		
13.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu	1000		
			25900	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur	200		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
6.	— 1 barns hennar	100		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	600		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200		
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		3300	
1.	Til Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð	400		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
	Flyt ...	900	83755,58	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	900	83755,58	61827,26
3.	Til Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
5.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
6.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
7.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður...	400		
8.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður...	300		
9.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður...	300		
10.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
11.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
12.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
13.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
14.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
15.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
16.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
17.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
18.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
19.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
20.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
21.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
22.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
23.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
24.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
25.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
26.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
27.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
28.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
29.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
30.	— Páls Erlingssonar	1200		
31.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
	Flyt ...	10400	83755,58	61827,26

			kr.	kr.
		Flutt ... 10400	83755,58	61827,26
32.	Til Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
33.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
34.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
35.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
36.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
37.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
38.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
39.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
40.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
41.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
42.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
43.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
44.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
45.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
46.	— Henriette Kjær...	600		
47.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
48.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
49.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
50.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
51.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
52.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
53.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
54.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
		Flyt ... 22600	83755,58	61827,26

		kr.	kr.
	Flutt ... 22600	83755,58	61827,26
55.	Til Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu 300		
56.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu 300		
57.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000		
58.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300		
59.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 800		
60.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu 300		
61.	— Benedikts Þ. Gröndals 800		
62.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar... 300		
63.	— Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar 400		
		27100	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000	
			114855,58
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		69073,14
	Samtals	... ...	245755,98

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 150000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar (sjá sundurliðun með þessari grein):		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	85202	
	2. — 3. — B.	3500	
	3. — 9. —	4067	
	4. — 10. —	3667	
	5. — 11. —	8020	
	6. — 12. —	66483	
	7. — 13. —	151738	
	8. — 14. —	23118	
	9. — 15. —	8110	
			353905
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur...		75000
	Samtals ...	...: ...	497905
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 163936		
	b. Dönsk lán, d. kr. 338850 á 122.00 413398		
	c. Ensk lán, £ 5606—1—2 á 22.15 ... 124174		
		701508	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Síminn (sjá 3. gr. A. Út I.) 55600		
	b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út) 124000		
	c. Ríkisprentsmiðjan 40000		
		219600	
			921108
	Flyt ...	... ...	921108

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	921108
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)	4000	
	2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)	3000	
	3. Ríkisvélsmiðjan (sjá 3. gr. A. I. 5)	30000	
	4. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)	130000	
			167000
III.	Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla		100000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
V.	Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)		15000
VI.	Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)		75000
	Samtals ...	... ...	1288108
	Sundurliðun fyrninga: A 3. gr. A.		
I.	Póstsjóður:		
	1. Pósthús í Reykjavík, s.[1]) 256346	2563	
	2. — á Ísafirði, s. 110000	1100	
	3. — á Akureyri, s. 60000	600	
	4. — í Neskaupstað, s. 12100	121	
	5. Áhöld 58000 (matsverð póstmálastjóra, að undanteknum stimplum og póstpokum) 12%	6960	
			11344
II.	Síminn:		
	1. Símalínur, loftskeytatæki og símakerfi utan Reykjavíkur, samkv. mati landssímastjóra með áætlaðri viðbót 1930 og '31 (1% fyrning) kr. 5911000 .. .. (endurbætur þá færðar sem rekstrarútgjöld). Nýja bæjarsímakerfið verður fyrnt samkv. tillögum sérfræðinga, sem eigi er hægt að fá ennþá, og er því eigi hægt að setja áætlun um það í þetta frumvarp.	59110	
	2. Stöðvarhúsið í Reykjavík, s.... 291239	2912	
	3. Skúrar í Reykjavík, t. 9000	180	
	4. Loftskeytastöðvarhús á Melunum, s. ... 104022	1040	
	Flyt ...	63242	11344

1) s = steinhús, t = timburhús.

		kr.	kr.
	Flutt ...	63242	11344
5. Stöðvarhús í Hafnarfirði, s.	37850	378	
6. — á Ísafirði, s.	17640	176	
7. — á Seyðisfirði, t.	72720	1454	
8. Skúrar á Seyðisfirði, t.	9420	188	
9. Íbúðarhús á Seyðisfirði, t.	61100	1222	
10. Stöðvarhús í Vestmannaeyjum, s. ...	598	598	
11. — á Borðeyri (2%)...	9200	184	
12. — á Siglufirði, t.	20800	416	
			67858
III. Víneinkasalan:			
1. Vörugeymsluhúsið Nýborg, bókf. verð $^{31}/_{12}$ '29 85300		4300	
2. Áhöld verzlunarinnar		1700	
			6000
	Samtals ...	... ...	85202
Á 3. gr. B.			
Arnarhvoll, kostnaðarverð 350 þús.			3500
Á 9. gr.			
Alþingishúsið, s. 406730			4067
Á 10. gr.			
I. Stjórnarráðshús, s. 128238 á 1 %		1282	
t. 18961 - 2 —		379	
			1661
II. Ráðherrabústaður, t. 100355 á 2 %			2007
	Samtals ...	... ...	3668
Á 11. gr.			
I. Hegningarhús, s. 169358 á 1 %		1695	
t. 3881 - 2 —		75	
			1770
	Flyt ...	... ...	1770

	kr.	kr.
Flutt		1770
II. Vinnuhæli:		
1. Byggingar, s. 134000	1340	
2. Pakkhús, t. 7000	140	
3. Utanhússáhöld (þar með bílar) 12000 á 25 %	3000	
4. Innanhússáhöld 14000 á 10 %	1400	
5. Girðingar 3700 á 10 %	370	
		6250
Samtals		8020
Á 12. gr.		
I. Landsspítalinn:		
1. Hús (byggingarverð) 1500000 á 1 %	15000	
2. Innanstokksmunir, áhöld og vélar 90 þús. samkvæmt áætlun á 10 %	9000	
		24000
II. Laugarnesspítali:		
1. Byggingin, t. 353271	7065	
2. Innanstokksmunir og vélar áætl. 12000 á 10 %	1200	
		8265
III. Kleppsspítalinn gamli:		
1. Spítala- og íbúðarhús, t. 249094	4980	
2. Innanhúss- og utanhússáhöld 15000 á 10 % ...	1500	
		6480
IV. Kleppsspítali nýi:		
1. Spítala- og læknishús, s. 488993	4890	
2. Vélar 10317 á 15 %	1547	
3. Innanstokksmunir og áhöld 45212 á 10 % ...	4521	
		10958
V. Vífilsstaðahælið:		
1. Spítalabyggingin, s. 500000	5000	
2. Íbúðarhús læknis, s. 50000	500	
3. — starfsmanna, s. 50000	500	
4. Líkhús, vagnask., kolageymsla, s. 11000	110	
5. Innbú, áhöld, vélar 30000 (metið) á 10 % ...	3000	
		9110
Flyt		58813

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	58813
VI.	Kristneshælið:		
1.	Spítalabyggingin, s. 300000	3000	
2.	Rafstöð og rafleiðsla 25000 á 7 %	1750	
3.	Þvottavélar 6000 á 7 %	420	
4.	Áhöld og innbú 25000 á 10 %	2500	
			7670
	Samtals ...	... ...	66483
	Á 13. gr.		
I.	Strandferðir:		
1.	Esjan 5 % af bókfærðu verði pr. 31/12 '29 kr. 420000	21000	
2.	Súðin 5 % af ætluðu eignarverði pr. 31/12 '30 kr. 200000	10000	
3.	Áhöld skrifstofu c. 6 þús. á 10 %	600	
			31600
II.	Vitamálin:		
1.	Vitabyggingar og íbúðarhús vitavarða o. fl. samkv. áliti vitamálastjóra n. (áætlaðar viðbætur 1930 og '31)	85710	
2.	Vitabáturinn Hermóður 6 % af bókf. 68 þús.	4080	
			89790
III.	Útvarpið:		
1.	Hús m. m., s. 90000 á 1 %	900	
2.	Vélar 330000 á 6 %	19800	
3.	Möstur 150000 á 3 %	4500	
4.	Jarðstrengur o. fl. 130000 á 3 %	3900	
	Fyrningar-»prósentan« á 3 síðustu liðunum er sett samkv. áliti forráðamanna útvarpsins, en af húsinu er hún í samræmi við fyrningar á öðrum steinhúsum ríkisins.		
			29100
IV.	Vegamálin:		
1.	Áhaldahús ríkisins, t. 62404		1248
	Samtals ...	... ...	151738

		kr.	kr.
	Á 14. gr.		
I.	Menntaskólinn og Íþaka, s. 63300, t. 294123		6515
II.	Menntaskólinn á Akureyri, t. 350000		7000
III.	Kennaraskólinn, t. 93478		1869
IV.	Stýrimannaskóli, t. 64321		1286
V.	Kirkjustræti (viðk. Háskólanum), t. 27492		549
VI.	Hvanneyrarskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 140000	1400	
	2. Leikfimishús, geymsluhús, s. 13000	130	
			1530
VII.	Hólaskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 155000	1550	
	2. Leikfimishús o. fl. smábyggingar, s. 16400 ...	164	
			1714
VIII.	Eiðaskóli:		
	1. Skólahús, s. 150000	1500	
	2. Íbúðarhús, t. 9000	180	
			1680
IX.	Daufdumbraskóli, s. 61783, t. 17863...		975
	Samtals ...	... ...	23118
	Á 15. gr.		
I.	Listasafnshús, s. 129476		1295
II.	Safnahús, s. 681554		6815
	Samtals ...	... ...	8110

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9785000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1126748	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	36600	
			1163348
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		268000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	... ...	11266348

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	11266348,00
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353905,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000,00
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Skemmtanaskattur	75000,00
	Samtals	11764253,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldun

firlit.

irlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1118582,05
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreiknings		233287,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		395367,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	955720,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	194000,00	
			1149720,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		697065,00
13. gr. A.	Vegamál	974278,00	
— B.	Samgöngur á sjó	451600,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	453840,00	
			1879718,00
14. gr. A.	Kirkjumál	280450,00	
— B.	Kennslumál	1393262,00	
			1673712,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		200520,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1802300,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		836350,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		245755,98
19. gr.	Óviss útgjöld		150000,00
	Rekstrarafgangur		810770,97
	Samtals	... ...	11266348,00

irlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10455577,03
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	921108,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	167000,00
— III.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Greiðslujöfnuður (tekjuafgangur)	20567,97
	Samtals	11764253,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands fyrir allt að 150000 kr., eða veita því styrk allt að þessari upphæð, ef nauðsyn krefur, enda veitist ríkisstjórninni aðstaða til athugunar um rekstur þess, og jafnframt fari fram athugun á því, hve mikið félaginu ber að réttu í strandferðastyrk, miðað við þær siglingar, sem þing og stjórn telur nauðsynlegar landsmönnum.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1931, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að kaupa fyrir fé kirkjujarðasjóðs mannvirki þau, er séra Ólafur Stephensen á í Bjarnanesi, og hentugt virðist, að staðnum fylgi.

V. Að kaupa landinu til handa lóðirnar milli menntaskólans í Reykjavík og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa, á þeim grundvelli um verð og aðra skilmála, er ræðir um í gögnum þeim, er forsætisráðherra hefir sent þingmönnum, einnig með þeim skiptum á eigninni nr. 20 við Austurstræti og nr. 2 við Bankastræti, er þar greinir.

VI. Að ábyrgjast lán til síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

VII. Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

VIII. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að 4/5 kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni.

IX. Að ábyrgjast allt að 60 þús. króna lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1932, svo og uppbót á þá fjárhæð, effir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

25. gr.

Ef horfur eru á því, að tekjur ríkisins á árinu hrökkvi ekki fyrir gjöldum, er ríkisstjórninni heimilt að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum eða samningum bundnar, 25 %, eftir því sem við verður komið.

Nd. 231. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr.

Niðurlag 1. málsgr., „enda sé á þeim stöðum .... tekur gildan", orðist svo: enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnuháttum. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Ed. 232. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan

markað, enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnuhætti. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga handa fisksölufélögum, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á yfirstandandi ári, og er ríkisstjórn heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutningaskipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má, að þurfi til þess að ekki verði rekstrarhalli á skipunum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskjarins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fiskútflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni.

5. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 233. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganesþorps hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Ef eigi næst samkomulag milli Reykjavíkur annarsvegar og Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu hinsvegar, skal það, er milli ber, lagt í gerð þriggja manna. Nefnir bæjarstjórn Reykjavíkur einn gerðarmann, sýslunefnd Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í sameiningu annan, en hæstiréttur oddamann, er sé formaður gerðardóms, og skal oddamaður vera búsettur utan Reykjavíkur og Kjósarsýslu. Nú nefnir aðili ekki mann í gerðardóm, og skal þá hæstiréttur nefna í hans stað. Gerð þessara manna er aðiljum skylt að hlíta.

Um ágreining milli Reykjavíkur og vatnsveitufélags Skildinganesþorps skal fara með samsvarandi hætti.

Nd. 234. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:

Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.

c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:

„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri“.

2. gr.

Við 2. gr.

Fyrir „3 mönnum“ komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

4. gr.

Við 8. gr.

a. Aftan við málsgreinina bætist:

Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu

b. Á eftir orðinu „róðrarbáta“ í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

5. gr.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

6. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 1. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

7. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskylt fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

8. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

Nd. 235. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svo látandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Síðari málsliður 28. gr. verði þannig:

Skaðabætur skal greiða jafnskjótt sem aðili sannar eða gerir sennilegt, að skipulagsbreyting sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóni eða óhagræði, enda þótt hún sé ekki komin til framkvæmdar.

Nd. 236. Breytingartillaga

við frv. til laga um fiskimat.

Frá Ólafi Thors og Jóni Ólafssyni.

Við 7. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist: enda hafi ráðuneytið samþykkt, að slíkar tilraunir skyldu gerðar.

Ed. 237. Frumvarp

til laga um fiskimat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum, undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskírteinið.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar yfirmatsmennina og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í hinum ýmsu landsfjórðungum, er svo ákveðið fyrst um sinn, að fiskifulltrúi Íslands á Spáni og Ítalíu veiti yfirfiskimatsmönnum aðstoð sína og haldi fundi með þeim árlega, á þeim tíma, er hagkvæmast þykir.

Verði ágreiningur um einhver atriði, er máli skipta, milli þeirra, sker atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum forseta Fiskifélags Íslands, formanns Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og fulltrúa sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem þær kjósa á þingi hverju til eins árs í senn.

Fundarsamþykktir þessar og úrskurðir skulu gilda jafnt reglugerð, enda hafi ráðherra samþykkt.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu vera þessir:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi.
2. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu.
3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi.
4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmannaeyjum. Umdæmi hans er Vestmannaeyjar og Vík í Mýrdal.

Laun yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík skulu vera 4700 kr. auk 1000 kr. til skrifstofukostnaðar. Laun yfirfiskimatsmannanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu vera 4000 kr. til hvers þeirra, og laun yfirfiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum 3300 kr. Allir skulu þeir auk þess njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Tölu fiskimatsmanna má auka með fjárveitingu í fjárlögum, og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskútflutningsstað, svo marga sem yfirfiskimatsmaðurinn telur þurfa og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmaður tekst ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem hann er búsettur í, til þess að annast fiskimatsstörf í þarfir einhvers útflytjanda, skal útflytjandi greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvorttveggja eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

Kaup fiskimatsmanna fyrir starf þeirra við fiskimat greiði eigendur fiskjarins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipum eða öðrum, sem við skipin eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

7. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu skyldir að ferðast um í umdæmi sínu og utan þess, til þess að leiðbeina í fiskimeðferð og fiskimati, líta eftir hvorutveggja og kynnast því sem bezt. Þeir hafa heimild til þess að banna fisksöltun úr salti, sem þeir álíta ónothæft.

Á ferðum í þágu matsins, öðrum en þeim, er um getur í 5. gr., fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði, eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt fá þeir greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað vegna

tilrauna með nýjar eða bættar verkunaraðferðir, rannsóknir á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, er lúta að auknu verðmæti hans, enda hafi ráðuneytið samþykkt, að slíkar tilraunir skyldu gerðar.

Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna fiskimatsstarfa.

8. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út saltfisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 500 til 10000 króna sektum í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 20000 kr.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, frá 19. júní 1922, um fiskimat.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 238. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1936.

Ed. 239. Frumvarp

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af eldspýtum né tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs eldspýtur eða tóbak, ef birgðirnar eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. og 14. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur þó ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir eldspýturnar og tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það og eldspýtur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins".

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með eldspýtna- og tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. okt. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning eldspýtna og tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar

tóbak snertir falla úr gildi frá 1. okt. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak og 50 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af eldspýtum og tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak og eldspýtur getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks og eldspýtna í smásölu.

13. gr.

Á umbúðum allra eldspýtna og tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins“.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak og eldspýtur, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 240. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Páli Hermannssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Við D-lið 2. gr. laganna:
Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:
Jökuldalsvegur, frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.

Nd. 241. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur að breyting sú, er í frumvarpinu felst, horfi til bóta. Hefir hún því orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson,	Guðbr. Ísberg,	Jóhann Jósefsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Ásg. Ásgeirsson.	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. 242. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Frá Halldóri Stefánssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein (9. gr.), svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 243. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Aftan við 5. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Forstöðumaður og starfsmenn fyrirtækisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá framleiðendum eða seljendum vöruteg-unda þeirra, sem Tóbakseinkasala ríkisins verzlar með. Brot gegn þessu heimfærist undir þrettánda kapítula hinna almennu hegningarlaga.

Nd. 244. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög).

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein:
   Við 4. gr.
   a. Aftan við a.-lið bætist: Auk þess skal greiða læknishjálp og ⅔ hluta lyfja- og umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður um upphæðina, sker slysatryggingin úr.
   b. Í staðinn fyrir „6000 kr.“ komi: 12000 kr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein:
   Við 5. gr.
   Í staðinn fyrir „3000 kr.“ komi: 6000 kr., — í staðinn fyrir „300 kr.“ (tvisvar) komi: 600 kr. — og í staðinn fyrir „600 kr.“ komi: 1200 kr.

Nd. 245. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig:

að hann sendi skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfesta af skattanefnd.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 5 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra. Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þúsund krónur.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 246. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður deildinni til þess að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 8. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. og frsm. Einar Arnórsson. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 247. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (þskj. 88).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður deildinni til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 8. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Ed. 248. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Pétur Magnússon.

Á undan frvgr. komi:

Við A. Á eftir 4. tölulið komi nýr töluliður:

Gnúpverjabraut frá Laxárholti (Stóru-Laxárbrú) hjá Geldingaholti til fyrirhugaðs brúarstæðis á Þjórsá hjá Þjórsárholti.

Ed. 249. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir (þskj. 94).

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Við 2. gr. A. III. 10. Nýr liður.
Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells, móts við Tangaver.

Nd. 250. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland:

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá.
3. Botnsá.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Víkurá í Strandasýslu.

8. Grjótá í Strandasýslu.
9. Staðará í Strandasýslu.
10. Miðdalsá í Strandasýslu.
11. Laxá á Laxárdalsheiði.
12. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Laxá í Jökulsárhlíð.
9. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
10. Breiðdalsá.
11. Berufjarðará.
12. Fossá.
13. Hvítá.
14. Búlandsá.
15. Kambá.
16. Stekká.
17. Geithellnaá.
18. Hofsá.
19. Starmýrará.
20. Selá.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.

11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðbalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvatn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Laxá í Neshreppi utan Ennis.

5. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
6. Svartá hjá Bólstaðarhlíðarhólum.
7. Blanda hjá Löngumýri.
8. Eyjafjarðará á Stíflu.
9. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
10. Skjálfandafljót í Köldukinn.
11. Smjörhálsá í Öxarfirði.
12. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
13. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
14. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
15. Jökulsá í Fljótsdal.
16. Múlaá.
17. Geitdalsá hjá Þingmúla.
18. Norðfjarðará hjá Skuggahlíð.
19. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells, móts við Tangaver.
20. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
21. Kálfá í Gnúpverjahreppi.
22. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum af ríkissjóði, gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með við-

haldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Nd. 251. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

Í stað „½% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt“ í 30. gr. laganna komi: ½% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, ef drátturinn nemur eigi fram úr 2 mánuðum frá gjalddaga, en 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem þar er fram yfir.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Ed. 252. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur þar um.

Í nefndina skal 1 maður skipaður samkvæmt tilnefning Alþýðuflokksins, 2 samkvæmt tilnefning Framsóknarflokksins og 2 samkvæmt tilnefning Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 253. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um útvarp símskeyta.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir leitað álits útvarpsstjóra og landssímastjóra. Að því fengnu leggur nefndin til, að till. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta útvarpa frá loftskeytastöðinni í Reykjavík almennum talskeytum, öðrum en fréttaskeytum, til skipa og þeirra, sem búa fjarri talsímastöðvum.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 10. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason, frsm.

Jón A. Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 254. Lög

um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Ed. 10. ágúst).

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafn-

framt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask á óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.

Þvottahúseigandi ábyrgist gjaldið og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

5. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu eða vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri

refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sá, sem veldur skemmdum með vítaverðu gáleysi, skal bæta skaðann.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 500 kr. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 255. Lög

er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Afgreidd frá Ed. 10. ágúst).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjárkyni og karakulafé frá Þýzkalandi til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi. Kaupverð fjárins og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem fé yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

3. gr.

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum eða þýzkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum eða þýzkum lögum því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi eða Þýzkalandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er ráðherra heimilt að leigja eða kaupa til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem fé flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álítur fé heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.

Ef fé er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar, og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkví, skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að áliti dýra-

læknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart, og fara með eftir ströngustu sóttvarnarreglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að fé er í sóttkví komið, og skal svo með fara sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkví eða taka þangað annað fé, fyrr en dýralæknir og formaður rannsóknarstofu atvinnuveganna telja óhætt.

8. gr.

Fé, sem í sóttkví er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

9. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma en hið innflutta fé, samanber þó 10. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

10. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkví, skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum ískyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

11. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er þá ósjúkt, að áliti dýralæknis, og er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönnum, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar, og greint frá hver viðurlög eru, ef út af reglunum er brugðið.

13. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Ef eigandi á sök á því, að kindin er lifandi, skal hann sæta sektum, en kindin vera eign ríkissjóðs.

Óheimilt er að selja öðrum einblendinga nema eigandi hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 16. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Gæta skulu hreppstjórar þess, hver í sínum hreppi, að ómerkingum, sem seldir eru sem óskilafé, sé lógað innan viku frá söludegi, ef hann telur nokkrar líkur á, að þeir séu einblendingar.

Eignist einblendingar afkvæmi, skulu þau vera eign ríkissjóðs, en eigandi sæta sektum, ef hann á sök á því.

14. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 16. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir, sem stunda einblendingsrækt, gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárins, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

17. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verða hér til verulegra hagsbóta, og er þá atvinnumálaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri,

á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 256. Breytingartillögur

við frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flm. Pétur Magnússon.

1. Á eftir orðunum: „svo og öðrum fasteignum“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: innan lögsagnarumdæmisins.
2. Á eftir orðunum: „svo og öðrum fasteignum“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: innan hreppsins.
3. Aftan við 2. gr. bætist: jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar.

Nd. 257. Frumvarp

til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim,

er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleigurétti), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Nd. 258. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum, samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni, vegna sölu síldar.

(Afgreidd frá Nd. 10. ágúst).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni: Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á víxlum, að upphæð ca. 600 þúsund danskar krónur, sem rússneska ríkisstjórnin hefir samþykkt en Síldareinkasala Íslands gefið út, vegna sölu síldar frá síðastliðnu sumri til Rússlands.

Nd. 259. Breytingartillögur

við frv. til laga um íbúðarhús á prestssetrum (þskj. 132).

Frá Guðbr. Ísberg og Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús á prestssetrum. Skal styrkurinn nema allt að ⅔ af kostnaðarverði húsanna, þó eigi yfir 18000 kr. til hvers húss.
2. Við 6. gr. Orðin: „ófullnægjandi kostnaðaráætlun“ falli burt.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, skal bygging þess boðin út opinberlega, með a. m. k. 6 mánaða fyrirvara. Fáist eigi á þann hátt aðgengilegt tilboð, fær ráðherra til mann að framkvæma verkið, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirsmiðs skal húsameistari samþykkja.

Nd. 260. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

c-liður 3. gr. laganna orðist svo:

að hann sanni með skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.

Ed. 261. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Reynslan af tóbakseinkasölu þeirri, sem hér var í 4 ár (1922—1925), var sú, að innflutningur tóbaks á mann, sem tollur greiddist af, varð minni með þeirri tilhögun en bæði undan og eftir, og rýrði þetta tolltekjurnar. Ennfremur varð tilkostnaðurinn við öflun þess hluta teknanna, sem tekinn var með verzlunarálagningu, tiltölulega mjög mikill. Verzlunarálagning sú, sem greiddist í ríkissjóð á þessum 4 árum, nam alls 1106 þús. kr., en beinn verzlunartilkostnaður, að útsvari meðtöldu, nam 378 þús. kr. yfir þrjú síðustu árin, og væntanl. um 450 þús. kr. yfir allt fjögra ára tímabilið.

Þegar einkasalan var lögð niður, í ársbyrjun 1926, voru tollar á tóbaki hækkaðir, og hafa tekjur ríkissjóðs af tollinum einsömlum orðið meiri en af tolli og verzlunararði þau árin, sem einkasalan starfaði, og er það næg sönnun þess, að tilhögun frjálsrar verzlunar hefir reynzt ríkissjóði hentugri en einkasalan.

Þessu til sönnunar skulu hér tilfærðar þar að lútandi tölur eftir verzlunarskýrslum, landsreikningum og upplýsingum frá hagstofunni (fyrir árið 1929):

Ár	Innflutt tóbak alls kg	Innflutt tóbak á mann kg	verð 1000 kr.	Tollur 1000 kr.	Einkasölu- tekjur 1000 kr.	Einkasölu- tilkostn. 1000 kr.	Munaðarvörur alls % af innfl.
1919 ..	139300	1,6	1863	732	„	„	15,1
1920 ..	136500	1,4	1574	620	„	„	9,6
1921 ..	77900	0,8	1168	399	„	„	10,9
Meðaltal 1919—'21		1,3		584			11,9
1922 ..	65100	0,7	979	311	106	?	12,2
1923 ..	92100	0,9	1199	429	200	88	12,8
1924 ..	92800	0,9	1170	526	350	163	11,1
1925 ..	102600	1,0	1178	657	450	127	8,4
Meðaltal 1922—'25		0,9		481	277	?	11,1
1926 ..	143700	1,4	1565	1281	„	„	9,9
1927 ..	101200	1,0	1056	938	„	„	9,0
1928 ..	115800	1,1	1209	1087	„	„	7,6
1929 ..	125800	1,2	1320	1258	„	„	„
Meðaltal 1926—'29		1,2		1141			

Tölur þessar sýna m. a.:

1. Innflutningur á tóbaki, sem tollur er greiddur af, var 1,3 kg. á mann árlega að meðaltali á undan einkasölunni, 1,2 kg. á eftir einkasölunni, en aðeins

0,9 kg. meðan einkasölutilhögunin hélzt. Eftir reynslunni má því búast við, að hann lækki um 25%, ef einkasala verður tekin upp aftur. Þetta samsvarar um 280 **þús. kr. tekjurýrnun árlega á tóbakstollinum.**

2. Heildartekjur af tóbaki urðu um 758 þús. kr. árlega að meðaltali meðan einkasalan starfaði, en eftir að hún var lögð niður, og tollurinn hækkaður sem nam nokkrum hluta verzlunarálagningarinnar, hafa þessar tekjur hækkað upp í 1141 þús. kr. árlega. Nemur hækkunin 383 þús. kr. árlega.
3. Hinn minnkandi tollskyldi innflutningur á tóbaki 1922—'25 virðist ekki stafa af því, að munaðarvörukaup landsmanna hafi verið minni þessi árin en venja er til. Þau námu þessi árin 11,1% af öllum innflutningi til landsins, 11,9% þrjú næstu árin á undan og 8,8% þrjú næstu árin á eftir.
4. Skýrslan sýnir, að tollurinn 1929 nemur nærri eins mikilli upphæð og innkaupsverð vörunnar. Þetta sýnir, að hæpið er að ætla að ná auknum tekjum handa ríkissjóði með auknum álögum á þessa vöru yfir höfuð.

Flutningsm. frumvarpsins áætlar, að bæta megi við núverandi tolla verzlunarálagningu, sem svarar 250 til 300 þús. kr. tekjuauka í ríkissjóð. Verði þetta gert, má eftir reynslunni búast við, að tóbakstollurinn lækki um svipaða upphæð, en landsmenn þurfi að greiða um 15% hærra verð fyrir tóbakið en nú.

Af þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði fellt. En til vara, ef það skyldi verða samþ., hefi ég borið fram brtt. á þskj. 243, til þess að taka af öll tvímæli um það, að forstöðumanni og starfsmönnum slíkrar stofnunar sé óheimilt að taka við umboðslaunum eða þóknun frá framleiðendum eða seljendum þeirra vörutegunda, sem frv. áskilur ríkinu einkasölu á.

Alþingi, 10. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.

Ed. 262. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 [*Slysatryggingalög*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr.

a. **Liður 1 b orðist svo:**

Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.

b. **Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:**

Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.

c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:

„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri“.

2. gr.

Við 2. gr.

Fyrir „3 mönnum“ komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Aftan við a.-lið bætist: Auk þess skal greiða læknishjálp og $^2/_3$ hluta lyfja- og umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður um upphæðina, sker slysatryggingin úr.

4. gr.

Í staðinn fyrir „300 kr.“ (tvisvar) komi: 600 kr. — og í staðinn fyrir „600 kr.“ komi: 1200 kr.

5. gr.

Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

6. gr.

Við 8. gr.

a. Aftan við málsgreinina bætist:

Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

b. Á eftir orðinu „róðrarbáta“ í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

7. gr.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

8. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 1. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

9. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskylt fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

10. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 263. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Felst í því framlenging um 2 ár á núgildandi ákvæðum um skattgreiðslu félagsins.

Alþingi, 10. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Magnús Torfason, fundaskr.

Ed. 264. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á bókfærslu og endurskoðun reikninga ríkissjóðs og ríkisstofnana, þannig að bókfærslan verði færð í nútíðarsnið, svo sem þegar hefir verið gert í sumum nágrannalöndunum. Mælir meiri hl. með þeirri breytingu í aðalatriðum.

Reikningsráð það, er frv. gerir ráð fyrir, telur nefndin ekki ástæðu til að lögfesta. Virðist vel vera tiltækilegt, á meðan breytingin á reikningshaldinu er að komast á, að ríkisstjórnin láti aðalbókara ríkisins og skattstjórann í Reykjavík starfa með aðalendurskoðanda, á svipuðum grundvelli og ætlazt er til í frv., án þess að það sé lögfest.

Nokkrar aðrar breytingar, sem þó ekki raska efni frv., ber nefndin fram. Eru þær flestar í samræmi við breytingar þær, er fjhn. Nd. bar fram á vetrarþinginu.

Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Orðin „að fengnum tillögum reikningsráðs“ í næstsíðasta og síðasta málsl. falli niður.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Ríkisstofnanir skulu bókfæra í bókum sínum allar þær ríkiseignir, er þær hafa undir höndum, og skuldir, sem þeim er ætlað sjálfum að standa straum af.
   b. Orðið „þó“ í 2. málsgr. falli niður.
   c. Orðin „samkvæmt framansögðu“ í 3. málsgr. falli niður.
   d. Orðin „að fengnum tillögum reikningsráðs“ í 4. málsgr. falli niður.
4. Við 4. gr.
   a. Orðin „til þess að því marki verði náð“ í fyrstu málsgr. falli niður.
   b. Tvær síðustu málsgr. orðist svo:
      Efnahagsreikningi fylgi yfirlit um ástæður til breytinga á skuldlausri eign ríkisins.
      Sá hluti ríkisreikningsins, sem sundurliðaður er, skal saminn í samræmi við fjárlög, og skulu yfirlitsreikningarnir samdir samkvæmt honum.
5. Við 5. gr. Orðið „eru“ í 2. málslið breytist í: skulu.
6. Við 7. gr. Orðin „að fengnum tillögum reikningsráðs“ falli niður.

7. Við 8. gr.
   a. Tvær fyrstu málsgr. orðist svo:
      Endurskoða skal alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana. Við endurskoðunina ber þess að gæta:
      1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og samdir samkvæmt réttum bókhaldsreglum og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar með reglugerð.
8. Við 9. gr.
   a. Orðið „opinberra“ í fyrstu málsgr. falli niður.
   b. Síðari málsgr. falli niður.
9. Við 10. gr. Orðin „sem fylgiskjöl með honum“ í fyrri málsgr. falli niður.
10. Við 12. gr. Orðin „að fengnum tillögum reikningsráðs“ í 1. málsl. falli niður.
11. Við 13. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Yfirskoðunarmönnum er heimilt að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr. laga þessara.
   b. Orðið „en“ í síðustu málsgr. breytist í: er.
12. Við 14. gr. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Hann hefir laun sem skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.
13. Við 15. gr. Orðið „einstaklingur“ í síðustu málsgr. breytist í: maður.
14. Við 16. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkv. því.
15. Við 17. gr.
   a. Fyrsti málsl. gr. orðist svo:
      Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.
   b. Fyrir orðin „að hætti almennra lögreglumála“ í síðustu málsgr. komi: sem almenn lögreglumál.
16. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisreikninga Íslands fyrir árið 1930 skal semja samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem unnt er. Fylgja skulu reikningunum svo fullnægjandi skýringar, að fullur samanburður fáist á fjárveitingum og eyðslu og einnig samanburður við önnur ár.
17. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin öll ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Alþingi, 8. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Magnús Torfason,
form. og frsm.	fundaskr.

Ed. **265. Frumvarp**

til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

Flm. Jón Baldvinsson.

1. gr.

Forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja ríkisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa öðrum fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá viðskiptamönnum fyrirtækis þess, er þeir hafa forstöðu fyrir eða starfa við. Tekur þetta til forstöðumanns og starfsmanna vegamála, símamála, póstmála, ríkisverzlana og hverskonar starfsemi, sem rekin er fyrir reikning ríkisins, einnig til banka og sparisjóða. Sama gildir og um forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja bæjar- og sveitarfélaga, svo og borgarstjóra í Reykjavík, bæjarstjóra í öðrum kaupstöðum og oddvita hreppsnefnda og sýslunefnda.

Ákvæði þessara laga taka einnig til forstöðumanna og starfsmanna síldareinkasölu Íslands og forstöðumanna og starfsmanna samvinnufélaga.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða einföldu fangelsi, og auk þess missi embættis eða sýslunar, ef miklar sakir eru og verkið er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem opinber sakamál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tillaga er komin fram á þingi um að banna forstöðumanni og starfsmönnum við væntanlegt verzlunarfyrirtæki ríkisins að taka þóknun eða umboðslaun í neinni mynd af viðskiptamönnum. En slíkt á vitanlega að gilda um öll ríkisfyrirtæki og um alla opinbera starfsmenn, og lýtur frv. þetta að því.

Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Nd. 266. Breytingartillaga

við tillögur til þingsályktunar út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1929 (þskj. 180).

Flm.: Einar Arnórsson.

Við tillögurnar bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Að greiða það eitt úr sjóðum ríkisins, sem heimilað er í fjárlögum eða öðrum lögfullum heimildum, nema óhjákvæmilegt verði vegna brýnnar nauðsynjar að inna aðrar greiðslur af hendi.

Ed. 267. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Úr frumvarpinu falli alstaðar burt orðið »eldspýtur« í öllum föllum og samtengingarorð, er af því stafa.
2. Orðin í 8. gr.: »og 50 til 100 af hundraði á eldspýtur« falli burt.

Nd. 268. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. ágúst 1931.

Ingólfur Bjarnarson, form. — Hannes Jónsson, fundaskr. — Þorleifur Jónsson, frsm.

Björn Kristjánsson. — Jónas Þorbergsson. — Magnús Jónsson, með fyrirvara. — Pétur Ottesen, með fyrirvara.

Ed. 269. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að hv. deild samþykki frv. með nokkrum breytingum. Sérstaklega telur nefndin ekki varlegt að hækka hámarkshraða utanbæjar að verulegum mun, gegn tillögum kunnáttumanna.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. Í stað »50« komi: 45.
2. Við 7. gr. 2. málsgr. Í stað »Fyrir vörubifreiðar — fyrir hverja bifreið« komi: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er samkvæmt skoðunarvottorði mega flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir bifreið.
3. Við 8. gr. 3. liður orðist svo:
   Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð, notkun og skoðun bifreiða og annað það, er þarf til að gera umferð örugga.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form., frsm.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 270. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið á eitt sátt um að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að yfirmatsnefnd muni alls ekki geta lokið störfum sínum svo snemma, að fasteignamatsbókin verði fullbúin fyrir 1. febr. 1932. Nefndin leggur því til, að fasteignamatið gangi ekki í gildi fyrr en 1. apríl 1932; má þrátt fyrir þennan drátt leggja hið nýja mat til grundvallar við innheimtu fasteignaskatts vorið 1932.

Auk þess leggur nefndin til, að nokkrar orðabreytingar séu gerðar á frumvarpinu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað »stjórnarráðið« (þrisvar sinnum) kemur: fjármálaráðuneytið.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað »landsstjórnin« í 1. málsl. kemur: ríkisstjórnin.
   b. 2. málsl. orðist svo: Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1932, til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi.
   c. Í stað »stjórnarráðinu« í 3. málsl. kemur: fjármálaráðuneytinu.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

H. Stefánsson, form. Ólafur Thors. Steingr. Steinþórsson, framsögum.
Magnús Guðmundsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson.

Nd. 271. Frumvarp

til laga um íbúðarhús á prestssetrum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús á prestssetrum. Skal styrkurinn nema allt að ⅔ af kostnaðarverði húsanna, þó eigi yfir 18000 kr. til hvers húss.

3. gr.

Að því leyti sem styrkur samkvæmt 2. gr., að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrum, nægir ekki fyrir byggingarkostnaði, veitir

kirkjujarðasjóður lán til greiðslu hans, þó ekki yfir 8000 kr. á hús. Lán þessi ávaxtast og afborgast með 4% á ári, og eru af því 3½% vextir, en ½% afborgun.

4. gr.

Lán þau, er í 3. gr. getur, eru embættislán og tryggð með launum hlutaðeigandi prests, þeim er úr ríkissjóði greiðast, og má halda árlegum greiðslum eftir af launanum með jafnri fjárhæð á mánuði hverjum, enda er presti jafnan skylt að búa í húsi, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema leyfi biskups komi til.

5. gr.

Nú óskar prestur, að íbúðarhús sé reist á prestssetri, og skal hann þá senda beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins um hendur prófasts og biskups, sem skulu láta uppi álit sitt um nauðsyn prests. Í beiðninni skal lýst nákvæmlega ástandi bæjarhúsa, enda fylgi henni mat úttektarmanna á verðgildi þeirra.

6. gr.

Nú berst kirkjumálaráðherra beiðni samkvæmt 5. gr., og lætur hann þá, ef prófastur og biskup hafa mælt með beiðninni, byggingarfróðan mann rannsaka aðstöðu um innlent efni, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt af húsinu og kostnaðaráætlun. Stærð húss skal miðuð við aðstöðu á hverjum stað, og presti skal jafnan gefið tækifæri til að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara, enda greiðir hann sjálfur þann hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram styrk og lán eftir 2. og 3. gr., nema ófullnægjandi kostnaðaráætlun eða verðlagsbreytingum á vinnu eða efni verði um kennt, að dómi ráðherra. Þá greiðir ríkissjóður helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun.

Nú fær prestur ekki greitt þann hluta byggingarkostnaðar, er honum ber, og má þá kirkjujarðasjóður veita honum embættislán fyrir því, er til vantar, með sömu vöxtum sem í 3. gr. segir, en þrefalt hærri afborgun.

7. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur ráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirsmiðs skal húsameistari samþykkja.

8. gr.

Helmingur styrks þess, er í 2. gr. getur, greiðist er ráðuneytið fær skilríki fyrir því, að meginhluti efnis sé komið á byggingarstaðinn, enda sé timbur vátryggt. Hinn helmingur styrksins greiðist þegar húsið er fokhelt. Lánsfé greiðist þegar ráðuneytinu hafa borizt fullnægjandi skilríki frá trúnaðarmanni sínum, um að húsið sé fullgert eftir uppdrætti og vel vandað í öllu.

9. gr.

Nú berast ráðuneytinu fleiri beiðnir presta um íbúðarhús en svo, að veitt upphæð í fjárlögum hrökkvi til, og skal þá taka til greina beiðnir þeirra, sem brýnasta hafa þörf.

10. gr.

Umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á prestssetrum skulu komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár.

11. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans.

12. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum eftir að ráðstafað hefir verið fjárveitingu, sem fyrir hendi er til byggingar á prestssetri, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að reisa íbúðarhús samkvæmt þessum lögum, að því leyti sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestakallsins hrekkur ekki til endurbyggingar.

13. gr.

Prestur skal á eiginn kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Prófastur og biskup skulu líta eftir á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt, og skýra ráðuneytinu frá, ef áfátt er. Ef prestur lætur hjá líða að bæta úr þessu eftir að hann hefir fengið áminningu, er ráðuneytinu rétt að láta aðgerð fara fram á hans kostnað og taka greiðslu af launum hans.

14. gr.

Nú er reist hús á prestssetri eftir þessum lögum, og skal prestur þá árlega leggja fram ½% af styrk samkvæmt 2. og 18. gr. í sjóð, sem er eign prestakallsins og nefnist fyrningarsjóður. Sjóð þennan skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón biskups, en framlagi prests skal halda eftir af launum hans með 1/12 á mánuði.

15. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands, og gætir biskup þess. Brunabótagjaldið greiðir prestur, og skal það tekið af launum hans þegar biskup óskar.

16. gr.

Þegar endurbyggja þarf hús vegna fyrningar, skal til þess nota það fé með vöxtum, sem í fyrningarsjóð prestakallsins hefir safnazt, eftir því sem með þarf, og skal Söfnunarsjóður inna það af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er greiðslu var krafizt.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, er endurbyggja þarf íbúðarhús, eða við brottför prests úr kalli, að viðhaldi var áfátt, og skal þá prestur eða dánarbú hans bæta eftir mati úttektarmanna.

18. gr.

Ef húsameistari ríkisins telur ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, þá er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr kirkjujarðasjóði, og séu tveir þriðju hlutar þess styrkur en þriðjungur lán, er ávaxtist og endurgreiðist með 4½% á ári. Þar af eru 3½% vextir og 1% afborgun. Að öðru leyti fer um endurbætur þessar eða viðbyggingu eftir sömu reglum og þá er ný hús eru reist á prestssetrum, eftir því, sem við getur átt.

19. gr.

Nú hefir reist verið eða endurbætt íbúðarhús á prestssetri eftir eldri lögum, fjárlögum eða stjórnarráðstöfunum, og er presti þá ekki skylt að greiða hærri upphæð samtals í vexti og afborgun af lánum, sem veitt hafa verið til byggingarinnar, eða afgjald af byggingarstyrk, en honum bæri að greiða af íbúðarhúsi, sem reist er eða endurbætt eftir lögum þessum, og aldrei yfir 320 kr. Auk þess annist hann á sinn kostnað vátryggingu og viðhald eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum um ný hús, og greiði árlegt gjald í fyrningarsjóð, er nemi ½% af láni eða styrk, þó ekki yfir 80 kr.

II. KAFLI.

Um byggingar peningshúsa.

20. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld og kvaðir á ábýlisjörðum sínum og því, er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum úr steinsteypu eða timbri og járni, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlöður teljast með peningshúsum.

21. gr.

Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald samkv. 17. gr., og lætur ráðuneytið þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef hún reynist nauðsynleg, lætur ráðuneytið hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 6. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkv. þeim uppdrætti eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

Ríkissjóður leggur fram járn og steinlím til byggingarinnar.

22. gr.

Þegar peningshús hefir verið reist samkv. lögum þessum, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins. Og ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

23. gr.

Nú er, að dómi ráðuneytisins, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús en svo, að 3 ára eftirgjald og kvaðir á prestssetrinu hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum. Lánar ráðuneytið þá fé úr kirkjujarðasjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járni og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ráðuneytisins.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

24. gr.

Lán samkv. 22. gr. eru embættislán, gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurborgast með 4½% á ári. Af því eru 3½% vextir og 1% afborgun.

25. gr.

Ábúandi greiði árlega 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í „fyrningarsjóð peningshúsa".

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 13. gr.

26. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 14. og 16. gr. um fyrningarsjóð íbúðarhúsa.

27. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flyzt burtu áður en afgjöld prestssetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans samkv. 18. og 22. gr., og endurgreiðir þá ráðuneytið fráfaranda eða dánarbúi hans það, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Verði á einhverjum tíma ekki fé fyrir hendi í kirkjujarðasjóði til að veita lán samkv. lögum þessum, veitir ríkisstjórnin þá lánsupphæð, er á vantar, úr ríkissjóði, með sömu kjörum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30, 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, 20. okt. 1913.

Nd. 272. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti varðskipið Þór annast björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Norðurlandi, á svæðinu frá Skaga til Tjörness, á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og fyrir Vestfjörðum, á svæðinu frá Horni til Látrabjargs, frá 1. nóvember til 31. desember og frá 1. til 31. janúar ár hvert.

Ástæður.

Tillaga um þetta efni lá fyrir síðasta Alþingi, en fékk ekki afgreiðslu vegna þingrofsins. Var þá gerð grein fyrir þörfum slíks eftirlits að því er Norðurland snerti, og vísast um það til þingskjals 244 frá vetrarþinginu.

En svo miklar sem þarfirnar eru í þessu efni fyrir Norðurlandi á þeim tíma, sem þar er æskt eftirlits, eru þær þó enn brýnni fyrir Vestfjörðum fyrri hluta vetrar. Útgerð er þar mjög mikil, en sjósókn stórkostlega hættuleg á þessum tíma, enda skipskaðar hvergi tíðari.

Ed. 273. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig:

að hann sanni með skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 5 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra. Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þúsund krónur.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 274. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 13. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingar-

sjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.

Þó skal ríkisstjórninni heimilt, í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands, að verja óskiptum tekjum af tóbakseinkasölunni til 30. júní 1933 til atvinnubóta.

Ed. 275. Nefndarálit

um frv. til laga ríkisbókhald og endurskoðun.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel lagasetningu um þetta efni að vísu ekki nauðsynlega, af því að stjórnin hefir það í sínu valdi að skipa fyrir um þetta með reglugerð. Hinsvegar hefi ég ekkert á móti slíkri lagasetningu, ef hún felur ekki í sér óheppileg ákvæði. Ég er sammála meiri hl. nefndarinnar um allar brtt. á þskj. 264, en hefi þar að auki eina brtt. fram að bera, sem ég tel svo þýðingarmikla, að nái hún ekki fram að ganga, þá get ég ekki fylgt frumvarpinu.

Þeirri reglu hefir hingað til verið fylgt, að telja samningsbundnar afborganir af ríkisskuldum með gjöldum í rekstrarreikningi. Byggist þetta fyrst og fremst á því, að óhjákvæmilegt er að útvega ríkissjóði eiginlegar tekjur fyrir þessum afborgunum. Það er ekki forsvaranleg fjármálastjórn að taka lán til þessara afborgana. Sömu reglu er fylgt í Svíþjóð, þar sem reikningstilhögun ríkissjóðs annars er svipuð því, er frv. þetta ráðgerir. Ég legg áherzlu á, að þessari reglu sé haldið hér, því að í henni felst aðhald um gætilega fjárstjórn. Afborganir þessar má ef vill skoða sem niðurfærslu á bókuðu eignaverði ríkissjóðs eða fyrningar. Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu. Samkvæmt þessu ber ég fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 5. gr. Aftan við síðari málsgr. bætist: er samsvari að minnsta kosti samningsbundnum afborgunum af ríkisskuldum.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.

Ed. 276. Nefndarálit

um frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (MT) hefir óbundið atkvæði um einstakar greinar frv.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Magnús Torfason, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Þorláksson.

Ed. 277. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Fyrsta málslið 10. gr. skal orða svo:

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð, og skal honum varið á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ed. 278. Breytingartillaga

við frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

Frá Magnúsi Torfasyni.

2. gr. falli niður.

Greinatalan breytist samkv. því.

Ed. 279. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jónas Jónsson, fundaskr.	Jakob Möller.

Ed. 280. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin var sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.	Jakob Möller.

Ed. 281. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka og gera tillögur um skipsmíðastöð (dock) í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að tillaga þessi verði samþykkt, og vísar um ástæður fyrir því til greinargerðar þeirrar, er tillögunni fylgir.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, frsm.	Jónas Jónsson. fundaskr.

Ed. 282. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á 2. gr. vegalaga nr. 41, 4. júní 1924, er gerð þessi breyting:

I. Við A.

1. Á eftir tölul. 2 kemur nýr liður:

Laugardalsvegur: Frá vegamótum hjá Svínavatni að Laugarvatni.

2. Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður:

Gnúpverjabraut frá Laxárholti (Stóru-Laxárbrú) hjá Geldingaholti til fyrirhugaðs brúarstæðis á Þjórsá hjá Þjórsárholti.

II. Við B.

1. Á eftir tölulið 2 koma nýir liðir:
   a. Vegur frá Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi.
   b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit um Húsafell að Kaldadal.
2. Á eftir tölul. 3 koma nýir liðir:
   a. Snæfellsnesbraut frá vegamótum austan Straumfjarðarár um Staðarsveit, Breiðuvík og Hellisand til Ólafsvíkur.
   b. Eyrarsveitarvegur frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit að Búlandshöfða.
   c. Skógarstrandarvegur frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

III. Við C.

Aftan við tölul. 2 koma nýir liðir:

a. Vegur frá Skagastrandarvegi, fyrir sunnan Litla-Enni, norður að Blönduósbryggju.
b. Vegur frá Hlíðarhólum, um fyrirhugaða brú á Blöndu að Svínavatni.

IV. Við D.

Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður:

Jökuldalsvegur, frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.

Ed. 283. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Eignahreyfing. Út. III. (Nýjar símalínur). Fyrir »70000« kemur		80000
2. Við 13. gr. A. II. 12. Nýr liður: Úthéraðsvegur...		10000
3. Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður: Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að		7000
4. Við 14. gr. B. X. d. (Iðnaðarmannafél. í Hafnarf.). Fyrir »800« kemur		1500
5. Við 16. gr. 10. Nýr liður: Til Veiði- og loðdýrafélags Íslands...		1000
6. Við 16. gr. 11. b. (Skóggræðsla). Aftan við liðinn bætist: Þar af til Skógræktarfélags Íslands 5000 kr.		

7. Við 16. gr. 19. (Fiskveiðasjóður Íslands).
Liðurinn fellur burt.
8. Við 16. gr. 41 (Dýraverndunarfélag Íslands).
Fyrir »1000« kemur 1500
9. Við 16. gr. 43. Nýr liður:
Til mælinga á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 5000
10. Við 17. gr. 1. (Styrkur til berklasjúklinga).
Athugasemdin fellur burt.
11. Við 18. gr. II. d. 36. Nýir liðir:
a. Til Sigríðar Jóhannesdóttur 300
b. Til Kristínar Jakobsdóttur 402,70
12. Við 18. gr. II. f. 25. og 26. (Guðjón Kjartanss. og Torfi Sæm.).
Liðirnir falla burt.

Nd. 284. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. og frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Lárus Helgason. Einar Arnórsson. Jón Ólafsson.

Ed. 285. Nefndarálit

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið sammála um að leggja til við hv. deild, að hún samþykki það. Að gefnu tilefni vill nefndin taka fram, að hún skilur niðurlag 3. gr. frv. á þann hátt, að rísi ágreiningur milli vatnsveitufélagsins og Reykjavíkurbæjar, skuli hann útkljáður af gerðardómi þriggja manna, og sé einn þeirra útnefndur af stjórn vatnsveitufélagsins, annar af bæjarstjórn Reykjavíkur og þriðji af hæstarétti. Að öðru leyti gildi sömu reglur og í 2. málsgr. segir.

Frá því var skýrt við 1. umr. málsins hér í deildinni, að nafn

vatnsveitufélagsins væri »Vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns«. Leggur nefndin því til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

Í stað »Skildinganesþorps« í 2. og 3. málsgrein 3. gr. komi: Skildinganeskauptúns

Alþingi, 12. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, framsögum.

Ed.

286. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

Það hefir orðið ofan á í nefndinni að þessu sinni að stofna ekki til neinna verulegra breytinga á fjárlagafrumvarpinu. Liggja til þess ýmsar ástæður, og þeirra á meðal er sú, að meiri hl. nefndarinnar telur, að óvarlegt sé að auka útgjöldin frá því, sem þau eru nú, eftir þeim iskyggilegu horfum, sem nú eru um afkomu atvinnuveganna í landinu, vegna sölutregðu og lækkandi verðlags á framleiðsluvörum landsmanna.

Má gera ráð fyrir, að viðskiptakreppa sú, sem nú stendur yfir, verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs verði rýrar, bæði á þessu ári og því næsta.

Nú mætti segja, að nefndin gæti farið þá leið, að lækka útgjöldin til þess að fyrirbyggja eða draga úr rekstrarhalla á árinu 1932. En við athugun á gjaldahlið frv. kemur það í ljós, að tæpast verður úr gjöldunum dregið með öðrum hætti en þeim, að fella niður verklegar framkvæmdir að mestu eða öllu leyti. Nefndin vill þó ekki leita þeirra úrræða, enda mundi meiri hluti þingmanna ekki geta á það fallizt.

Nefndin gerir engar tillögur um breytingu á tekjuhlið frumvarpsins, en þó skal á það bent, að í þessu frv. eru tekjurnar áætlaðar hærri en nokkurntíma hefir áður verið gert. Má af því draga þá ályktun, að áliti meiri hl. nefndarinnar, að um áætlun teknanna hafi ekki verið gætt þeirrar varúðar, sem nauðsynleg verður að teljast vegna ýmsra ófyrirsjáanlegra gjalda. Hinsvegar skal það tekið fram, að einstakir lögbundnir liðir gjaldamegin eru færðir svo hátt, að ólíklegt er, að verulega þurfi að greiða fram yfir. Að þessu leyti mun gjaldabálkurinn framar venju fara nærri réttu lagi.

Um brtt. nefndarinnar á þskj. 283 skal þetta tekið fram:

Við 1. Slysavarnafélag Íslands hefir skýrt nefndinni frá því, að brýn nauðsyn beri til þess, vegna björgunarstarfsemi félagsins, að byggð verði símalína milli Sandgerðis og Stafness. Undanfarin ár hefir verið unnið að vegarlagningu milli Sandgerðis og Stafness, og er sá vegur ætlaður til að flytja eftir honum björgunarbátinn, sem geymdur er í Sandgerði. Þessum vegi er nú að mestu lokið. Auk þess hefir félagið komið upp fluglínustöð á Stafnesi. Beri slys að höndum á þessum slóðum, þarf allmarga menn til að starfrækja björgunartækin. Bátshöfnin er 15 menn og auk þess mun þurfa 15 menn við fluglínustöðina. Þessir menn búa alldreifðir á svæðinu frá Stafnesi til Sandgerðis. Vegna símaleysis hlýtur að ganga langur tími í að ná mönnum saman, og getur af því hlotizt hörmulegt tjón. Nefndin vill því ætla 4500 kr. til símalínu frá Sandgerði til Stafness.

Þá hefir nefndin einnig fallizt á, að veittar verði 5500 kr. til nýrrar símalínu frá Bólstaðahlíð að Bergsstöðum í Svarárdal. Svartárdalur er afskekkt sveit, ca. 25 km. löng og algerlega símalaus.

Í sambandi við það, sem hér er sagt, leggur því nefndin til, að liðurinn til nýrra símalagninga hækki um 4500 + 5500 kr.

Við 2. Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði ætluð til Úthéraðsvegar, með sérstöku tilliti til þess, að vegurinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum verði nú loks gerður fullkomlega akfær.

Við 3. Í fjárlögum fyrir árið 1930 voru ætlaðar 15 þús. kr. til hafnargerðar í Ólafsvík, gegn $^2/_3$ annarsstaðar frá. Þessi fjárveiting mun ekki hafa verið notuð nema að einhverju leyti, og virðist því rétt að verða við óskum hlutaðeigenda um framhaldandi fjárframlag úr ríkissjóði, með sömu skilyrðum eins og 1930, þar sem telja má, að hér sé um endurveitingu að ræða.

Við 4. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um iðnskólann í Hafnarfirði, virðist sanngjarnt að veita honum þessa styrkhækkun.

Við 5. Veiði- og loðdýrafélag Íslands hefir sótt um 2 þús. kr. til starfsemi sinnar. Hefir félagið lagt í allmikinn kostnað til að gera tilraun með loðdýraræktun hér, einkum silfurrefa. Með því að hér er um að ræða allmerka nýung í atvinnurekstri, og félagið hefir í hyggju að gefa út leiðbeinandi rit um þessa starfsemi, vill nefndin leggja til, að félaginu verði í þetta sinn veittur 1000 kr. styrkur.

Við 6. Stjórn skógræktarfélags Íslands sækir um 20 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar. Nefndin sá sér ekki fært að verða við þeim tilmælum, vegna fjárhagsörðugleika, en vill þó sýna svo góðu málefni, sem hér um ræðir, þá viðurkenningu að veita félaginu 5 þús. af skógræktarfé.

Við 7. Lög um stofnun Fiskveiðasjóðs Íslands 1905, þar sem ríkissjóði er gert að greiða fiskveiðasjóði 6 þús. kr. árlega, eru nú numin úr gildi og þar með skylda ríkissjóðs um þetta framlag.

Við 8. Dýraverndunarfélag Íslands er þarft félag og vinnur að góðu málefni. Er það nú í fjárþröng vegna umbóta á peningshúsum og landi sínu, svo og vegna fjölbreyttari starfa í þágu dýraverndunar.

Nefndin vill viðurkenna starf þessa félags með því að hækka styrkinn lítið eitt, þó hún treysti sér ekki til að verða að fullu við beiðni þess.

Við 9. Undanfarin ár hefir farið fram rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Enn er þó eftir að ljúka við þá rannsókn til fullnustu. Búnaðarmálastjóri, S. Sigurðsson, hefir haft umsjón með því verki, en Ásgeir L. Jónsson verkfr. hefir aðallega framkvæmt það.

Telja þeir báðir, að rannsóknunum sjálfum muni mega ljúka að fullu fyrir upphæð þá, sem hér er til þess ætluð.

Þar sem hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, vill nefndin mæla með því, að þetta fé verði veitt.

Við 10. Nefndin telur það skapa mjög varhugavert fordæmi að nafnfesta einstaka styrki af því fé, sem ætlað er til berklavarna, og leggur því til, að aths. falli niður.

Við 11.—12. Liðirnir verða skýrðir í framsögu.

Alþingi, 12. ágúst 1931.

Jón Jónsson,	Páll Hermannsson,	Einar Árnason,
form.	fundaskr.	frsm.

Bjarni Snæbjörnsson. Halldór Steinsson.

Nd. 287. Frumvarp

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef birgðirnar eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. og 14. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur þó ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins“.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. okt. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. okt. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð, og skal honum varið á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Á umbúðum allra tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins".

14. gr.

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 288. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni virðist breyting sú, er hv. Ed. hefir gert á 2. gr. frv., eigi fá staðizt, því að hún er ekki samrímanleg upphafi 30. gr. útsvarslaganna. Tillaga nefndarinnar er því sú, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

2. gr. frv. hljóði svo:

Í stað »1/2%« í 30. gr. laganna komi: 1%.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.

Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 289. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri (þskj. 168).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er ásátt um að afgreiða málið til deildarinnar. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundna afstöðu til frv. eða fyrirvara. Um ástæður fyrir málinu vísast til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgdi frá fjárhagsnefnd Ed., ásamt fylgiskjölum með greinargerðinni.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

H. Stefánsson, form., frsm. Magnús Guðmundsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson.

Steingr. Steinþórsson. Ólafur Thors.

Nd. 290. Nefndarálit

við frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að ráða hv. d. til að samþ. frv. óbreytt.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

Halldór Stefánsson, form. Magnús Guðmundsson, fundaskr. og frsm.

Steingrímur Steinþórsson. Bernharð Stefánsson. Ólafur Thors.

Nd. 291. Þingsályktun

um útvarp talskeyta.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta útvarpa frá loftskeytastöðinni í Reykjavík almennum talskeytum, öðrum en fréttaskeytum, til skipa og þeirra, sem búa fjarri talsímastöðvum.

Nd. 292. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og er einn þeirra formaður, er fjármálaráðuneytið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur ríkisstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignamatsbókin skal löggilt af fjármálaráðuneytinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 293. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að tvo mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt, sem hér um ræðir, gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 294. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

3. gr.

Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25, — í stað „10“: 15 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglueftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

5. gr.

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er samkv. skoðunarvottorði mega flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð, notkun og skoðun bifreiða og annað það, er þarf til að gera umferð örugga.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Ed. 295. Frumvarp

til laga um ríkisbókhald og endurskoðun.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Skilgreining hugtaka.

1. gr.

Ríkisbókhald nefnist í lögum þessum allt það bókhald, sem ríkisbókara er falið.

Ríkisstofnun er í lögum þessum talin hver sú stofnun, sem rekin er fyrir reikning ríkissjóðs.

Reikningshaldari er nefndur hver sá starfsmaður ríkisins, sem hefir með höndum opinber reikningsskil (sbr. auglýsingu um reglugerð um opinber reikningsskil frá 11. des. 1929).

II. KAFLI

Ríkisbókhald.

2. gr.

Í ríkisbókhaldinu skal bókfæra eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu öll fjárviðskipti íslenzka ríkisins. Viðskiptin skal bókfesta samkvæmt gögnum frá ríkisféhirði um út- og innborganir, er hann afhendi bókhaldinu daglega, og samkvæmt tilkynningum fjármálaráðuneytisins, reikningum og skilagreinum frá ríkisstofnunum, reikningshöldurum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni ríkisins í vörzlu eða annast útborganir, innheimtu eða önnur viðskipti fyrir þess

hönd. Ríkisstofnanir og umboðsmenn þeir, sem að framan getur, eru skyldir að hafa fullkomið bókhald yfir þær fjárreiður ríkisins, sem þeim er falið að annast, og haga skilagreinum og reikningum til ríkisbókhaldsins svo, sem fjármálaráðuneytið fyrirskipar. Fjármálaráðuneytið getur og sett reglur um, hversu bókhaldi ríkisstofnana og opinberra reikningshaldara skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstofnanir skulu bókfæra í bókum sínum allar þær ríkiseignir, er þær hafa undir höndum, og skuldir, sem þeim er ætlað sjálfum að standa straum af.

Efnahagsreikningar stofnana þessara séu felldir inn í ríkisbókhaldið, og jafnframt inn á aðalreikning ríkisins yfir eignir og skuldir.

Allar þær eignir og skuldir ríkisins, sem ekki eru bókfærðar hjá einstökum ríkisstofnunum, skulu færðar í bókum ríkisbókhaldsins.

Fjármálaráðuneytið segir fyrir um, hverjar ríkisstofnanir skuli bókfæra eignir og skuldir samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytið ákveður í samráði við forstöðumenn ríkisstofnana, með hvaða verði eignir ríkisins skuli bókfærðar.

4. gr.

Bækur ríkisbókhaldsins skulu færðar þannig, að samkvæmt þeim verði saminn, í lok reikningsárs, ríkisreikningur Íslands. Reikningi þessum sé þann veg fyrir komið, að af honum verði séð rekstrarniðurstaða þjóðarbúsins. Sé þess vandlega gætt að gera greinarmun á raunverulegum tekjum og gjöldum og öðrum viðskiptum, sem ekki hafa áhrif á rekstrarútkomuna.

Þessir séu lokakaflar í ríkisreikningi Íslands:

1. Rekstrarreikningur, er sýni rekstrarniðurstöðu þjóðarbúsins. Þar skal tilgreind fyrning á eignum ríkisins.
2. Sjóðyfirlit, er sýni breytingar á peningaforða ríkissjóðs og af hvaða ástæðum þær hafa orðið.
3. Efnahagsreikningur, er sýni eignir og skuldir ríkisins í lok reikningsársins.

Efnahagsreikningi fylgi yfirlit um ástæður til breytinga á skuldlausri eign ríkisins.

Sá hluti ríkisreikningsins, sem sundurliðaður er, skal saminn í samræmi við fjárlög, og skulu yfirlitsreikningarnir samdir samkvæmt honum.

5. gr.

Fjárlög skulu samin í tveim köflum. Í fyrri kaflanum séu áætlanir og fjárveitingar tekna og gjalda, og skulu niðurstöðutölur þess kafla ríkisreiknings færðar á rekstrarreikning. Í síðari kafla skulu færðar fjárveitingar og áætlanir, sem ekki hafa áhrif á rekstrarútkomu, og skulu niðurstöðutölur þess kafla í ríkisreikningi færðar á sjóðyfirlit.

Með fjárlögum sé ákveðin fyrning á eignum ríkisins.

6. gr.

Forstöðumaður ríkisbókhaldsins nefnist ríkisbókari, og skal hann skipaður af fjármálaráðherra. Ber hann ábyrgð á því, að störf stofnunarinnar séu leyst af hendi sem vera ber samkvæmt lögum þessum og reglum þeim, sem settar verða um þau efni. Ennfremur ber ríkisbókhaldinu að gæta þess í samvinnu við ríkisendurskoðunina, að ríkisstofnanir og umboðsmenn ríkisins fylgi í öllu fyrirmælum um reikningsskil þeirra, sem sett eru með lögum þessum eða síðar kunna að verða sett með lögum, reglugerðum eða öðrum bindandi fyrirmælum.

Ríkisbókari hefir sömu laun og ríkisféhirðir.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starfstilhögun í ríkisbókhaldinu og um samvinnu þess við ríkisféhirði. Einnig ákveður ráðuneytið, hver aðstoð ríkisbókara er veitt við störf hans.

Fjármálaráðherra setur ríkisbókara erindisbréf.

III. KAFLI.

Endurskoðun.

8. gr.

Endurskoða skal alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana. Við endurskoðunina ber þess að gæta:

1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og samdir samkvæmt réttum bókhaldsreglum og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
2. Að greiðslur allar og viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga.
3. Að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkvæmt fyrirmælum, og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt.
4. Að fulls sparnaðar og hagsýni sé gætt við rekstur þann, er reikningarnir hljóða um.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar með reglugerð.

9. gr.

Endurskoðun á reikningum ríkisstofnana og reikningshaldara, sem um getur í 2. gr., skal framkvæmd af fjármálaráðuneytinu, svo og endurskoðun á reikningum allra þeirra sjóða, sem háðir eru varðveizlu eða eftirliti ríkisins. Þó er fjármálaráðuneytinu heimilt fyrst um sinn að fela mönnum utan ráðuneytisins að endurskoða hjá reikningshöldurum utan Reykjavíkur.

10. gr

Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins.

Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefir verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, ennfremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna.

11. gr.

Þar, sem slíkt þykir henta, fer endurskoðun samkvæmt 8. og 9. gr. fram í skrifstofum þeirra stofnana eða einstaklinga, sem í hlut eiga.

12. gr.

Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að ríkisstofnanir endurskoði reikninga undirmanna sinna, er gera þeim reikningsskil, enda gefi viðkomandi stofnun ráðuneytinu skýrslu um tillögur þeirrar endurskoðunar, þegar hún skilar reikningum sínum til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan fara fram dreifikönnun á reikningum þeim, sem þannig hafa verið endurskoðaðir, eftir því, sem ástæða þykir til.

13. gr.

Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Yfirskoðunarmönnum er heimilt að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr. laga þessara.

Yfirskoðunarmenn geta krafizt upplýsinga um hvert það atriði, sem þeim eigi þykir nægilega ljóst í reikningum ríkisins eða bókum ríkisbókhaldsins.

Ennfremur geta þeir lagt fyrir fjármálaráðuneytið að rannsaka nánar hvert það atriði í reikningum þeim, sem ráðuneytið hefir endurskoðað, en eigi þykir nægilega upplýst.

14. gr.

Yfirumsjón með allri endurskoðun fjármálaráðuneytisins skal falin einum af endurskoðendum þess, og nefnist hann aðalendurskoðari. Hann skal hafa sérþekkingu á endurskoðun og reikningsfærslu

Aðalendurskoðari stendur beint undir fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra skal setja reglur um starf hans og afstöðu í fjármálaráðuneytinu og setja honum erindisbréf.

Aðalendurskoðari skal ennfremur hafa umsjón með störfum ríkisbókhaldsins fyrir hönd fjármálaráðherra eftir því, sem ráðherra nánar ákveður.

Aðalendurskoðari sé skipaður af fjármálaráðherra. Hann hefir laun sem skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur framkvæma sjóðtalningu hjá ríkisféhirði, ríkisstofnunum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni hins opinbera undir höndum, svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undir ákvæði þessarar greinar fellur eftirlit með frímerkjaútgáfu og birgðum póstsjóðs.

Þar, sem endurskoðun er hagað samkvæmt 12. gr., getur fjármálaráðuneytið krafizt, að ríkisstofnun láti vottorð um sjóðtalningu hjá undirmönnum sínum fylgja aðalreikningi.

Hafi sami maður fjárreiður fyrir fleiri en eina ríkisstofnun, skal sjóðtalningu hagað þannig, að samtímis séu taldir sjóðir beggja eða allra stofnananna, annaðhvort af sama endurskoðanda, eða endurskoðendur séu mættir til starfans í sama mund.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 50 kr. á dag, unz úr er bætt.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

IV. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir o. fl.

17. gr.

Ríkisreikninga Íslands fyrir árið 1930 skal semja samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem unnt er. Fylgja skulu reikningunum svo fullnægjandi skýringar, að fullur samanburður fáist á fjárveitingum og eyðslu og einnig samanburður við önnur ár.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin öll ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Nd. 296. Nefndarálit

um frv. til l. um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Minni hl. (MG, ÓTh) leggur til, að frumvarpið nái ekki fram að ganga, en undirritaðir mæla með, að það verði

samþ. með allmiklum breytingum. Miða breytingar þessar að því, að afla meiri tekna til atvinnubóta og setja nánari ákvæði um það, hvernig fénu skuli varið.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst, að einhverjar ráðstafanir verður að gera til þess að koma í veg fyrir það atvinnuleysi, sem fyrirsjáanlegt er að verði víðsvegar um land á komandi vetri. Mun þetta og vera álit mikils meiri hluta þingsins, því að tillögur um fjárframlög til atvinnubóta hafa komið frá öllum þingflokkum.

Meiri hl. n. vill þó taka fram, að enda þótt sérstök nauðsyn krefji nú, að ríkið leggi fram fé í þessu skyni, þá hvílir þó skyldan til þess að sporna við atvinnuleysi á héruðunum sjálfum. Samkvæmt okkar löggjöf hvílir framfærsluskyldan fyrst og fremst á sveitarfélögunum; verða þau því, eftir því sem geta þeirra leyfir, að sjá þessum málum borgið. Sveitar- og bæjarstjórnir hafa og mestan kunnugleika til þess að stjórna málum þessum skynsamlega. Virðist hætt við, ef mjög auðvelt væri gert um fjárframlög úr ríkissjóði til atvinnubóta, að þá mundu fjárkröfur til þess verða hóflausar, og hin einstöku framfærsluhéruð ekki gæta þeirrar varkárni í þessum efnum, sem nauðsynleg er. Meiri hl. n. lítur því svo á, að ríkið með fjárframlögum og öðru geti aðeins veitt sveitar- og bæjarfélögum aðstoð um þessi mál, en taki þau alls ekki að mestu leyti í sínar hendur. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir, að sveitar- og bæjarfélög, er fjárframlög þurfa til atvinnubóta, leggi tvöfalt fram gegn tillagi ríkissjóðs.

Til þess að afla meiri tekna en frv. gerir ráð fyrir, leggur meiri hl. n. til, að álag á eignarskatt verði hækkað úr 100% upp í 150%, og að lágmark hinna skattfrjálsu eigna lækki úr 30 þús. kr. niður í 20 þús. kr. Þessi breyting mun gefa um 100 þús. kr. auknar tekjur. Þá er og lagt til, að áfengistollur hækki um 50%, og sé þeirri aukningu varið til atvinnubóta. Sá tekjuauki mun nema um 180 þús. kr. á ári, eða í 8 mánuði, frá 1. sept 1931 til 1. maí 1932, nálægt 100 þús. kr.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að þessar tekjur verði sem hér segir:

Álag á tekjuskatt 1931	kr.	200 þús.
Álag á eignarskatt 1931	—	260 —
50% álag á áfengistoll í 8 mán.	—	100 —
	Alls kr.	560 þús.

Með tvöföldu framlagi sveitar- og bæjarfélaga er hér um rúmlega 1.6 millj. kr. að ræða, sem hægt er að verja til atvinnubóta samkv. þessum tillögum.

Samkvæmt tillögum meiri hl. n. gilda lög þessi til 1. maí 1932, og er það gert með tilliti til þess, að þingið í vetur geti framlengt þau í tæka tíð, ef þurfa þykir, og gert frekari ráðstafanir, eftir því sem útlit verður þá um atvinnuhorfur.

Þá leggur og meiri hl. n. til, að skipuð verði sérstök atvinnunefnd, stjórninni til aðstoðar um þessi mál. Virðist rétt, að Alþýðusamband Íslands eigi þar einn fulltrúa, viðkomandi sveitar- eða bæjarfélag annan og sá þriðji sé stjórnskipaður. Á með þessari skipun nefndarinnar að vera trygging fyrir því, að í hvert skipti sé maður í nefndinni, sem nægan kunnugleika hefir á þörfum þess

héraðs, er í hlut á. Hinir föstu menn nefndarinnar eiga að sjá um, að samræmi verði í tillögum atvinnunefndar til ráðuneytisins um fjárframlög til atvinnubóta.

Samkvæmt framanrituðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Leggja skal viðbótar tekju- og eignarskatt á skattþegna landsins eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.
2. Við 4. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggist á skattskyldar eignir, er nema 20 þús. kr. og þar yfir, og skal vera 150% af þeim eignarskatti, sem lagður hefir verið á þær eignir árið 1931, samkv. l. nr. 74, 27. júní 1921.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. sept. 1931 skal innheimta áfengistollinn með 50% álagi.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til atvinnubóta, gegn tvöföldu framlagi hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Til aðstoðar við framkvæmd laga þessara skal vera atvinnunefnd, skipuð þremur mönnum. Atvinnumálaráðuneytið skipar formann nefndarinnar og annan nefndarmann samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands. Þriðja nefndarmanninn tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur. Hann skal þó víkja sæti úr nefndinni á meðan hún hefir til meðferðar mál annars sveitar- eða bæjarfélags, ef hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn hefir tilnefnt mann til að taka þar sæti til þess að fjalla um það mál.
   Kostnaður við nefndarstörfin, annar en ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.
6. Á eftir 8. gr. komi nýjar greinar:
   a. Sveitar- og bæjarstjórnir, sem óska framlags til atvinnubóta samkv. lögum þessum, senda umsókn um það til formanns atvinnunefndar. Umsókninni fylgi skilríki fyrir því, að sérstakra ráðstafana sé þörf vegna atvinnuleysis. Ennfremur nauðsynlegar upplýsingar um þau verk, sem framkvæma á.
   b. Eftir að atvinnunefnd hefir athugað umsóknir um atvinnubætur og gögn þau, er þeim fylgja, gerir hún tillögur um þær til atvinnumálaráðuneytisins, er úrskurðar umsóknirnar.
   c. Þeir einir geta fengið atvinnubótavinnu samkv. lögum þessum, sem ekki geta fengið vinnu annarsstaðar. Séu fleiri menn atvinnulausir en unnt er að veita vinnu í einu, skal vinnunni skipt sem jafnast milli þeirra, þó þannig, að fjölskyldumenn gangi fyrir.
   d. Nánari ákvæði um verksvið atvinnunefndar, skilyrði fyrir framlögum til

sveitar- og bæjarfélaga og annað, en þurfa þykir vegna ákvæða laga þessara, setur atvinnumálaráðuneytið með reglugerð.

e. Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. maí 1932.

7. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um tekjuauka til atvinnubóta.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

H. Stefánsson, form., með fyrirvara.	Steingr. Steinþórsson, framsögum.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 297. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 283.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
Borðfé konungs 60000

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 10. gr. 6. Nýr liður:
Til þess að semja, gefa út og senda út leiðréttingar við svonefndar »Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927—1930«, sem atvinnumálaráðuneytið gaf út og kostað hefir verið af ríkissjóði í heimildarleysi 5000

III. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
1. Við 12. gr. 5. a. (Styrkur til augnlæknis í Rvík). Liðinn skal orða svo:
Styrkur til augnlæknis Kjartans Ólafssonar í Reykjavík 1000
2. Við 12. gr. 7. Upphaf aths. skal orða svo:
Styrkur til læknanna Kjartans Ólafssonar, Vilhelms Bernhöfts o. s. frv.

IV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til Jónasar Sveinssonar héraðslæknis, styrkur til dvalar erlendis í allt að tvö ár 5000
Til vara 3000

V. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 12. gr. 15. q. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1200

VI. Frá *Jóni Jónssyni* og *Einari Árnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 3. Nýr liður:
Breiðadalsheiðarvegur 10000

VII. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 4. (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir »30000« kemur 60000

VIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 10. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 20000
2. Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýr liður:
Til nýs vegar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eða til endurbyggingar á þessum vegi 400000

IX. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir »91000« kemur... 93000

X. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir »91000« kemur 91500

XI. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til hafnarbóta í Ólafsvík 20000

XII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til hafnargerðar á Sandi og til uppfyllingar í bátahöfn þar, 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að ... 10000

XIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 13. gr. C. X. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir »42500« kemur 46000

XIV. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 14. gr. B. I. b. Nýr liður:
Til kennslu í geðsjúkdómafræði 1000

XV. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. I. m. Nýr liður:
Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu 1200

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur erlendis).
Fyrir »24000« kemur 30000
2. Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Kr. Guðm. Guðmundssonar, styrkur til þess að stunda nám í stærðfræði við háskóla í Danmörku eða Þýzkalandi 1000

XVII. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:
a. Til Valgarðs Thoroddsens, til þess að lúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi 1200

b. Til Jóns Ág. Gissurarsonar, til verzlunarfræðináms við þýzkan háskóla 1000
c. Til Sigríðar Sigurðardóttur (Árnasonar), til þess að lúka námi í verzlunarfræði í Þýzkalandi 1000

XVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Maríu Hallgrímsdóttur cand. med., til framhaldsnáms í læknisfræði erlendis 2000
Til vara 1500

XIX. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið... 1200

XX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 8.
a. Fyrirsögn liðarins verður:
Aukastyrkur til bókasafna.
b. Nýr liður á eftir c:
Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, kaup handa manni til bókavörzlu, a. m. k. 2000 kr. auk verðstuðulsuppbótar 3000

XXI. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 15. gr. 8. (Aukastyrkur til bókasafna).
a. Úr fyrirsögninni fellur orðið »þriggja«.
b. Nýr liður á eftir c:
Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að haldið sé opinni lesstofu 2500

XXII. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 15. gr. 19 (Leikfélag Reykjavíkur):
Orðin »enda leyfi það . . . hvers leiks« falla niður.
2. Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Tónlistarskólans 3000
3. Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Péturs Á. Jónssonar óperusöngvara 5000

XXIV. Frá *Jóni Jónssyni* og *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Þorvalds Skúlasonar, til að fullkomna sig í málaralist 1000
Til vara 600

XXV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 37. Nýr liður:
Til dr. Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenzka miðaldamenningarsögu 1800

XXVI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 16. gr. 27. (Landssýning heimilisiðnaðarfél.):
Fyrir »2000« kemur 3000

XXVII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur* og *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 29. (Halldóra Bjarnadóttir):
Fyrir »1800« kemur 2500

XXVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Kvenfélagasambands Íslands 2000

XXIX. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Fiskiræktarfélagsins Blöndu, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að 700
Til vara 500

XXX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 16. gr. 43. Nýr liður:
a. Til Sjómannafélags Reykjavíkur, til þess að halda uppi sjómannastofu 10000
b. Til ráðningarskrifstofu Alþýðusambands Íslands ... 8000
2. Við 16. gr. 46. Nýr liður:
Til ræktunarvegar á Sauðárkróki, gegn 1/3 annarsstaðar að 9000

XXXI. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til þess að lúka vélfræðinámi í Þýzkalandi 1000

XXXII. Frá *Einari Arnasyni* og *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til Otto Baldvins frá Akureyri, til flugnáms ... 1000

XXXIII. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni* og *Jakob Möller.*
Við 17. gr. 11 (Stórstúkan).
Fyrir »8000« kemur 10000

XXXIV. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 21. Nýr liður:
Til Prestafélags Íslands, handa barnaheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, byggingarstyrkur. 10000
Til vara 8000

XXXV. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 24. (Elliheimilið »Grund«).
Fyrir »5000« kemur 10000

XXXVI. Frá *Páli Hermannssyni.*
Við brtt. 283, 11. b. (Kristín Jakobsdóttir). (Nýr liður við 18. gr. II. d. 36).
Liðurinn flyzt í 18. gr. II. h., verður 9. liður og orðast svo:
Til Kristínar Jakobsdóttur 800

XXXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. e. 18. Nýr liður:
Til Lárusar Rists kennara 600

XXXVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur og Jóni Baldvinssyni.*
Við 18. gr. II. g. 13. Nýr liður:
Til Brietar Bjarnhéðinsdóttur 1200
Til vara 1000

XXXIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 18. gr. II. i. 60. (Valg. Steinsen).
Fyrir »300« kemur 600
Til vara: Fyrir »300« kemur... 500

XL. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 18. gr. II. i. 61. Nýr liður:
Til Jóns Runólfssonar sýsluskrifara 600

XLI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 22. gr. VII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast 15 þús. kr. viðbótarlán fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting).
b. Að ábyrgjast 25 þús. kr. viðbótarlán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið innanlands.
c Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag Eskfirðinga fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, allt að 50 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum.

XLII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða peningastyrk til atvinnulausra manna í kaupstöðum og kauptúnum, allt að 100 þús. kr., er sé skipt þannig, að eigi sé greidd lægri fjárhæð en 300 kr. til fjölskyldumanns og 100 kr. einhleypum manni.

Nd. 298. Breytingartillögur

við tillögur til þingsályktunar út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1929.

Frá Hannesi Jónssyni.

Tillgr. orðist þannig:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

I. Að flokka skuldir ríkisins í yfirliti yfir eignir og skuldir þannig:
   1. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna þarfa ríkisrekstrarins og hvíla á ríkissjóði um greiðslu afborgana og vaxta.
   2. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna sjálfstæðra stofnana:
      a. Skuldir, sem ætla má, að ríkissjóður verði að annast greiðslur af að einhverju eða öllu leyti.
      b. Skuldir, sem stofnanirnar sjálfar annast allar greiðslur af.

II. Að láta fylgja yfirliti yfir eignir og skuldir skrá yfir ábyrgðir ríkissjóðs.

III. Að færa greiðslur (tekjur og gjöld) á reikning þess árs, sem þær tilheyra að réttu lagi, eftir því sem við má koma.

Nd. 299. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 45 1927, um verkamannabústaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn (EA, JÓl og LH) leggur á móti því, að málið verði afgreitt nú á þessu þingi, en minni hlutinn (BJ og SvbH) leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Minni hl. fellst á það, að þörf sé á að auka fé byggingarsjóða verkamannabústaðanna, en þykir hinsvegar of langt gengið í frv. eins og nú standa sakir. Leggur hann því til, að árlegt gjald ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóða sé ákveðið 2 kr. fyrir hvern íbúa, eins og upphaflega var ætlazt til á Alþingi 1929. Gjaldið greiðist þannig í fyrsta skipti 1932. Þykir það réttara, með því að svo langt er liðið á yfirstandandi ár. Aftur á móti telur minni hl. eigi rétt að leggja fast lóðagjald til sjóðanna, að minnsta kosti eigi enn sem komið er. Ársteknahámark þykir minni hl. óþarfi að hækka að svo komnu. Þó vill hann ekki neita því, að rétt sé að taka tillit til ómagafjölda, og leggur því til að bæta við 300 kr. fyrir hvern ómaga og setja teknahámark ómagamanna 5500 kr. Aðrar breytingar frv. á lögunum um verkamannabústaði getur minni hl. fallizt á, nema ákvæðið um undanþágu frá fasteignaskatti.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „þriggja króna“ í tölul. 1 komi: tveggja króna.
   b. Í stað „1931“ í sama tölul. komi: 1932.
   c. Í stað „þriggja króna“ í tölul. 2 komi: tveggja króna.
   d. Í stað „1931“ í sama tölul. komi: 1932.
   e. 3. tölul. falli niður, og 4. tölul. verði 3. tölul.

2. Við 2. gr. Fyrir orðin „Á eftir 2. málsgr. 3. gr. .... svo hljóðandi“ í upphafi gr. komi: 2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað „500 krónum“ í tölul. 3 komi: 300 krónum.
   b. Í stað „6500 króna“ í sama tölul. komi: 5500 króna.
4. Við 4. gr. Síðasta málsgr. (ný 7. gr. í lögunum) falli niður.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.

Nd. 300. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um vegamál.

Frá samgöngumálanefnd.

Tillaga þessi er í 8 liðum, og lúta 7 þeir fyrstu að ýmiskonar umbótum í vegagerð, sem enn þá hefir eigi verið hægt að koma við nema að nokkru leyti, vegna þess, að megináherzlu hefir orðið að leggja á það að gera sem mestar vegalengdir akfærar og tengja sem flest héruð landsins með akfærum vegum. Er fyrirsjáanlegt, að enn muni um sinn verða að hlíta við sviplíka vegagerð, með því að stór svæði landsins eru með öllu vegalaus. Hinsvegar eru umbætur þær, sem tillagan nefnir, misjafnlega aðkallandi og sumar miður þarfar, svo sem það, að breidd brúa skuli jöfn vegum, þar sem bifreiðar eiga að geta farið á mis.


Hvað Útvegsbankann hinsvegar snertir, þá er það vitanlegt, að á hann yfirfærðust skuldbindingar gamalla viðskipta Íslandsbanka, og hefir innskotsféð eðlilega fyrst og fremst gengið til að fullnægja þessum skuldbindingum, bæði í enska lánið svo nefnda, skuld bankans við Hambro fyrir yfirdrátt og skuld við Privatbankann.

Innskotsfé ríkisins hefir því eigi getað orðið til stuðnings þeim hluta sjávarútvegsmanna, sem sérstaklega er hafður fyrir augum með þessu frv., smábátaútvegsmönnum.

Um annað fjármagn Útvegsbankans, t. d. innlánsfé sparisjóðseigenda, leiðir það af sjálfu sér, að eins og hag hans var komið, hafi það verið fast í útlánum að miklu eða öllu leyti. Þegar hér við bættist svo illt árferði að því er sölu afurðanna snerti, og þar af leiðandi erfið afkoma margra skuldunauta bankans, er það auðsætt, að þessi breyting, að Íslandsbanka er breytt í Útvegsbanka með ríkisstyrk, hefir ekki orðið til hagsbóta fyrir bátaútveginn. Fé bankans er eftir sem áður bundið í eldri útlánum að mestu leyti.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar fær því eigi séð, að þær mótbárur gegn samþykkt þessa frv., er nú hefir verið um getið, séu á réttum rökum byggðar.

Enn ein viðbára hefir skotið upp höfðinu í nefndinni, sem sé sú, að nú þurfi ríkið að beita sér fyrir stuðningi til útflutnings á ísvörðum fiski, og muni þörf smábátaflotans vera brýnni þar en til rekstrarlána.

Meiri hluti nefndarinnar er að vísu samþykkur því, að rétt sé að ríkið styðji að einhverju leyti tilraunir til útfl. ísvarins fiskjar smábátanna, enda eru þegar margskonar erindi komin til þingsins um það efni, og virðast þar ráða ýmsar skoðanir um hversu þann stuðning skuli í té láta.

Þótt eitthvað kunni að verða gert í þessu efni, sem raunar er enn í óvissu, svo að vel getur ágreiningur um leiðir orðið til þess, að úr þessum stuðningi verði ekkert, þá er ekki með því leyst úr lánsfjárþörf smáútvegsins, sem á krepputímum eins og nú á svo örðugt, að menn hafa verið í hreinustu vandræðum í ýmsum veiðistöðvum með að geta byrjað úthaldið, sökum skorts á handbæru fé til óhjákvæmilegustu útgjalda.

Jafnvel þó útflutningur á nýjum fiski væri hafinn svo um munaði, en til þess eru fá skilyrði fyrir hendi, þá munu menn ávallt þurfa nokkurt lánsfé, til þess að byrja með útgerðina að minnsta kosti.

Loks er eftir að minnast á þá mótbáru, sem einnig kom fram í nefndinni af hálfu minni hlutans, að ríkinu mundi verða um megn að tryggja þau rekstrarlán, sem um er að ræða.

Eins og frv. ber með sér, er hér að ræða um reikningslán, sem ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður taki, allt að 3 millj. króna til eins árs í senn, með ábyrgð ríkissjóðs. Hér er því ekki um fasta lántöku ríkisins að ræða, eins og t. d. lánið, er tekið var handa Búnaðarbankanum, heldur um ábyrgð frá ári til árs á reikningsláni, sem Fiskveiðasjóður á að veita smáútvegsmönnum og iðnrekendum í hinum ýmsu landshlutum fyrir milligöngu sparisjóða, banka-útibúa eða annara tryggra peningastofnana.

Meiri öryggisráðstafanir eru gerðar samkv. frv. til að tryggja lán þessi heldur en nú á sér stað um lán til útgerðar, þar sem aðeins má lána til félaga með gagnkvæmri ábyrgð allra félagsmanna, og þar að auki eru takmörk sett fyrir hæstu lánsupphæð til hvers einstaks félagsmanns. Lánin, sem þessi félög veita, eiga líka að vera reikningslán og veitast aðeins gegn fullri tryggingu, sem hver einstakur félagsmaður setur.

Á ríkissjóði hvílir samkv. frv. engin skylda að útvega það fé, er þarf til þessara lána. Það verður stjórn Fiskveiðasjóðs að gera á hverjum tíma.

Þegar hinsvegar er litið á öll ákvæði til tryggingar réttri meðferð þessa lánsfjár, þau er frv. gerir ráð fyrir, fær meiri hlutinn ekki séð, að ríkinu ætti að vera það nein veruleg áhætta að taka á sig þessa ábyrgð reikningsláns hvers árs fyrir sig. Á hinn bóginn myndi efling smábátaútvegsins og iðnaðar í sambandi við hann, sem af samþykkt frv. leiddi, verða til að auka verulega tekjur ríkissjóðs.

Þörfin fyrir lánsstofnun, sem sérstaklega hafi það markmið að styrkja smábátaútveginn, er engu minni nú en hún var árið 1928, þegar frv. um atvinnurekstrarlán kom fyrst fram í þinginu. Þessi þörf hefir aukizt en ekki minnkað síðan harðnaði í ári og að kreppti sökum söluerfiðleika sjávarafurða. Loforð þau, er gefin voru af stjórnarinnar hálfu 1929, þegar komið var skipulagi á Búnaðarbankann, bæði rekstrar- og bústofnslánadeildir, um samskonar eða tilsvarandi stoð fyrir sjávarútveginn hinn smærri, eru hvað rekstrarlánin snertir enn óuppfyllt.

Öll sanngirni mælir því með því, að þingið láti nú ekki úr hömlu dragast að veita smábátaútveginum og þeirri smáiðju, sem beinlínis stendur í sambandi við sjávarútveg, þessa stoð, sem hann á fulla kröfu til, ef jafnréttis er gætt milli atvinnuveganna.

Þau skilyrði, er í frv. eru sett um félagsskap lánþiggjenda, myndu hvetja útvegsmenn þá, er hér um ræðir, til samvinnu og félagsskapar, frekar en nú á sér stað, og verður sízt vanþörf á því talin. Meiri hlutinn álítur, að þessi og önnur ákvæði frv., sem að því lúta, að menn hafi sem glöggast yfirlit yfir rekstrarkostnað og afkomu útgerðarinnar, séu nauðsynleg, bæði vegna útvegsmanna sjálfra og lánsstofnana þeirra, er þeir skipta við. Yfirleitt er nauð-

synlegt til tryggingar þeim lánum, sem hér um ræðir, að lánsstofnanirnar hafi sem bezt yfirlit yfir hag hvers félags ár hvert, svo og, að fast sé gengið eftir greiðslu rekstrarlána í lok hvers reikningsárs. Þótt ákvæði frv. í þessu efni séu allströng, eru þau nauðsynleg og munu reynast lántakendum haldkvæmust þegar til lengdar lætur.

Eins og áður er á minnzt, vill meiri hlutinn samþykkja frv. Þó þykir réttara að samræma ákvæði þess um veð í óveiddum afla við gildandi lög í því efni, og þykir því réttara að breyta orðalagi síðasta málsliðar 4. gr. frv. samkvæmt því«.

Núverandi minni hluti er þess fullviss, að þingið hljóti, ef ekki nú, þá í náinni framtíð, að veita bátaútveginum þann stuðning, er felst í tillögum frv.

Hér er um svo mikla réttlætiskröfu að ræða, samfara knýjandi þörf þeirra, er lánanna eiga að njóta.

Ennfremur hefir núv. forsætisráðherra gefið skýlaust loforð um, að stjórn hans myndi beita sér fyrir þessu máli, rekstrarlánum til smábátaútvegsins. Það loforð var gefið á þinginu 1929, þó af framkvæmdum hafi ekki orðið ennþá.

Minni hl. getur fallizt á, að hásetar, sem ráðnir eru upp á aflahlut, eigi aðgang að rekstrarlánum með útvegsmönnum, og flytur breytingartillögu þar að lútandi.

Samkvæmt því, er að ofan segir, leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 1. málsgrein.
   Á eftir orðinu »bátaútvegsmanna« komi: og sjómanna.
2. Við 4. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:
   Heimilt er félagsmanni að setja félaginu að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu fyrir eitt útgerðartímabil í senn.

Alþingi, 17. ágúst 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Guðbr. Ísberg.

Nd. 328. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

(Afgreidd frá Nd. 17. ágúst).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur þar um.

Í nefndina skal 1 maður skipaður samkvæmt tilnefning Alþýðuflokksins, 2 samkvæmt tilnefning Framsóknarflokksins og 2 samkvæmt tilnefning Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 329. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til við deildina, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. ágúst 1931.

H. Stefánsson, form. — Magnús Guðmundsson, fundaskrifari. — Steingr. Steinþórsson, framsögum.

Ólafur Thors. — Bernh. Stefánsson.

Nd. 330. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. A. III. Á eftir tölulið 4 komi þessir nýir liðir:

a. Hvannadalsá í Nauteyrarhreppi.
b. Selá í sama hreppi.
c. Botnsá í Vatnsfjarðarsveit.
d. Heydalsá í sömu sveit.
e. Laugardalsá í Ögursveit.
f. Kleifaá í sömu sveit.
g. Eyrardalsá í Súðavíkurhreppi.
h. Unaðsdalsá í Snæfjallahreppi.

Töluliðirnir breytast samkvæmt þessu.

Nd. 331. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við II. 1. a. Framan við liðinn komi 2 nýir liðir, er hljóða svo:

a. Vegur frá Bolungavík á þjóðveginn á Breiðadalsheiði.
b. Vegur frá Suðureyri á þjóðveginn á Breiðadalsheiði.

Ed. 332. Lög

um breyting á lögum nr. 47, 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

Orðin „að frádregnu útflutningsgjaldi“ og „útflutningsgjaldi og“ í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 333. Lög

um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

Ed. 334. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan markað, enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnuhætti. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga handa fisksölufélögum, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á yfirstandandi ári, og er ríkisstjórn heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutningaskipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má, að þurfi til þess að ekki verði rekstrarhalli á skipunum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskjarins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fiskútflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni.

5. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 335. Frumvarp

til laga um Ríkisveðbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Ríkisveðbanki Íslands. Heimili bankans og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að kaupa íslenzk skuldabréf, sem út eru gefin af peningastofnunum, sem veita lán gegn fyrsta veðrétti í fasteignum. Fjár til skuldabréfakaupa þessara aflar bankinn með því að gefa sjálfur út skuldabréf, er nefnast skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands, og selja þau á innlendum eða erlendum peningamarkaði.

3. gr.

Til tryggingar skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands eru:

a. allar eignir bankans,
b. ábyrgð ríkissjóðs.

Má aldrei meira vera í umferð í senn af skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands en svo, að bankinn eigi jafnháa upphæð að gullgildi í skuldabréfum þeim, sem ræðir um í 8. gr., og auk þess tryggingarsjóð, er nemi að minnsta kosti 1/6 af upphæð skuldabréfa þeirra, sem í umferð eru.

4. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út í flokkum, og þarf samþykki fjármálaráðherra til útgáfu hvers flokks. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð skuldabréfanna, svo og um vaxtaupphæð og eindaga á vaxtagreiðslum. Skuldabréfin skulu öll háð innlausn, eftir útdrátt eða við kaup á verðbréfamarkaði, og kveður stjórn bankans nánar á um útdrátt og innlausn skuldabréfa hvers flokks. Skuldabréfin skulu undirrituð af stjórn bankans og af fjármálaráðherra.

5. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út til handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans eiganda að kostnaðarlausu. Svo getur og eigandi skuldabréfa fengið þau geymd endurgjaldslaust í fjármálaráðuneytinu, á ábyrgð ríkisins, og gefur þá fjármálaráðuneytið eiganda út geymsluskírteini um bréfin. Vextir af bréfum, sem þannig er komið í geymslu, sér fjármálaráðuneytið um, að sendir séu eiganda fyrir milligöngu bankans, í ávísunum, er greiðast eiga á einhverjum þeirra staða, þar sem greiðsla vaxta af skuldabréfunum og greiðsla útdreginna skuldabréfa á fram að fara. Sama gildir um skuldabréfsupphæðina

við innlausn bréfsins, enda skili eigandi fjármálaráðuneytinu þá geymsluskírteininu.

6. gr.

Greiðsla vaxta af skuldabréfunum og innlausn útdreginna skuldabréfa fer fram í þeim peningastofnunum eða verzlunarhúsum innanlands eða utan, sem stjórn bankans kveður á um.

7. gr.

Fjárhæð skuldabréfa Ríkisveðbanka Íslands skal ákveðin í íslenzkum krónum, en þó má einnig ákveða hana í dönskum, norskum eða sænskum krónum, frakkneskum frönkum, sterlingspundum eða amerískum dollurum. Ávaxta má fé ólögráða manna í skuldabréfum þessum, og skulu þau jafnan njóta sömu undanþágu frá skatti eða stimpilgjaldi til ríkissjóðs Íslands, sem skuldabréf útgefin fyrir ríkisskuldum Íslands erlendis njóta.

8. gr.

Skuldabréf þau, er Ríkisveðbanki Íslands kaupir samkv. 2. gr., eru aðeins
skuldabréf veðdeildar Landsbanka Íslands,
skuldabréf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og
skuldabréf byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði, þegar samsvarandi lagaákvæði verða sett þar um.

Skuldabréf þessi skulu gefin út á grundvelli fyrsta veðréttar tryggingar í fasteign, er eigi nemi meiru en $\frac{3}{5}$ hlutum af virðingarverði hverrar fasteignar. Þau skulu vera háð innlausn að fullu, og tryggð með sameiginlegri ábyrgð lántakenda, eftir því sem segir í lögum og reglugerðum þessara stofnana, svo skal og vera löglegt að ávaxta fé ólögráða manna á Íslandi í bréfum þessum.

9. gr.

Í stjórn Ríkisveðbanka Íslands eiga sæti einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, einn af bankastjórum Búnaðarbanka Íslands og einn gæzlustjóri. Fjármálaráðherra skipar stjórn bankans til 3 ára í senn. Bankastjórarnir hafa ekki sérstök laun fyrir störf sín, en ráðherra ákveður laun gæzlustjóra.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans.

10. gr.

Bankastjórnin sendir fjármálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs ágrip af reikningum bankans, en í hver árslok ýtarlega skýrslu um starfsemi bankans á árinu og ársreikning hans. Reikninginn lætur fjármálaráðuneytið endurskoða, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Kostnaður allur við stjórn bankans og starfsemi greiðist af arðinum af starfsemi hans. Hrökkvi arðurinn eigi til greiðslu kostnaðarins, greiða stofnanir þær, sem Ríkisveðbankinn kaupir skuldabréf af, það, sem á vantar, að tiltölu

við skuldabréfakaup Ríkisveðbankans af hverri þessara stofnana um sig á reikningsári bankans, því, sem um er að ræða. Tekjuafgangur, er verða kann á starfsemi bankans, rennur í tryggingarsjóð hans, sbr. 3. gr., en þar til tryggingarsjóður þessi hefir náð þeirri lágmarksupphæð, sem greinir í 3. gr., leggja téðar stofnanir að þeirri tiltölu, sem að ofan greinir, fram það, sem á kann að vanta, að tryggingarsjóðurinn nemi lágmarksupphæðinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 336. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Ef eigi næst samkomulag milli Reykjavíkur annarsvegar og Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu hinsvegar, skal það, er milli ber, lagt í gerð þriggja manna. Nefnir bæjarstjórn Reykjavíkur einn gerðarmann, sýslunefnd Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í sameiningu annan, en hæstiréttur oddamann, er sé formaður gerðardóms, og skal oddamaður vera búsettur utan Reykjavíkur og Kjósarsýslu. Nú nefnir aðili ekki mann í gerðardóm, og skal þá hæstiréttur nefna í hans stað. Gerð þessara manna er aðiljum skylt að hlíta.

Um ágreining milli Reykjavíkur og vatnsveitufélags Skildinganeskauptúns skal fara með samsvarandi hætti.

Nd. 337. Breytingartillaga

við frv. til l. um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Frá Sveini Ólafssyni.

Ákvæði um stundarsakir skal orða svo:

Til byrjunar á landgarðinum til þess að aftra sandburði úr Ölfusá er ríkisstjórninni heimilt að greiða án sérstakrar fjárlagaveitingar allt að 1/4 af framlagi ríkissjóðs til lendingarbótanna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og lög þessi tilskilja.

Nd. 338. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Frá Hannesi Jónssyni og Tryggva Þórhallssyni.

Við III. Við C. a.

Nýr stafliður, sem verður a-liður.

Reykjatangavegur: Frá þjóðveginum hjá Reykjum í Hrútafirði að skólanum á Reykjatanga.

Ed. 339. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. apríl.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þesshättar er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr.“ í 7. gr. laganna komi: 4 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir fjáreigandi, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, ekki nægar fóðurbirgðir handa fénaði sínum, ef harðan vetur gerir, og er honum þá skylt innan 2 vikna að útvega sér viðbótarforða eða fækka af fóðrum, svo sem þurfa þykir.

Vanræki fénaðareigandi skyldur sínar í þessu efni, skal hreppsnefndin útvega þann forða, er á vantar, svo fljótt sem verða má, og ber þá búfjáreiganda að greiða allan kostnað við útvegun forðans, flutning hans og geymslu, enda á hann rétt á að taka til forðans hvenær sem er að vetrinum, gegn fullri greiðslu eða tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda.

Sé ókleift að útvega fóður, er hreppsnefndinni rétt, með aðstoð fógeta, að koma fénaði aðilja í fóður, slátra honum eða selja, svo sem þurfa þykir.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsgr. 11. greinar laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 340. Breytingartillögur

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flm.: Jakob Möller.

1. Við 1. gr.
   Í stað orðanna »frá 1. janúar 1932« komi: ef samkomulag næst þar um eða Reykjavíkurbær vill hlíta gerð þeirri, sem um ræðir í 3. gr.
2. Við 2. gr.
   Á eftir orðunum »mundu eignast« komi: í Seltjarnarneshreppi.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Fyrir 1. desember 1931 skal samið eða gert um endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal um væntanlega skaðabótagreiðslu til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara.
   b. Í stað orðanna: »Gerð þessara . . . skylt að hlíta« í niðurlagi 2. málsgr. komi: Að uppkveðinni gerð þessara manna, skal bæjarstjórn Reykjavíkur innan 14 daga hafa tilkynnt gagnaðilum, hvort hún vilji hlíta henni fyrir hönd bæjarins eða ekki. Að öðrum kosti skal gerðin vera bindandi fyrir alla aðila frá næstu áramótum.
4. Á eftir 3. gr. kemur ný grein:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 341. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fengið auk þess skriflega umsögn frá landlækni um það og átt tal við sérfræðing í kynsjúkdómum (Hannes Guðmundsson). Nefndarmenn eru sammála um, að frv. gangi í rétta átt og að ákvæði þess séu líkleg til að verða að nokkru gagni í baráttunni gegn útbreiðslu kynsjúkdóma. Hinsvegar telur meiri hl. nefndarinnar, að málið sé eigi nægjanlega undirbúið til þess að frv. verði að lögum að þessu sinni. Sérstaklega telur meiri hl., að betur þurfi að athuga, hverjir möguleikar séu til að útvega þá spítalavist, sem frv. gerir ráð fyrir, og álítur ennfremur, að rétt væri að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um þátttöku í þeim kostnaði, er frv., ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér. Nefndin vill því leggja til, að frv. að þessu sinni verði vísað til stjórnarinnar, til frekari undirbúnings undir næsta þing, og ber fram svolátandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að stjórnin rannsaki málið nánar og leggi fyrir næsta þing frv. líks efnis og það, er hér liggur fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form. Einar Árnason, fundaskr. og frsm. Pétur Magnússon.

Ed. 342. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

I. Frá *Jakob Möller.*
Við 3. gr. A. Síminn II. b. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til sumarskýlis símamanna í Reykjavík 3000
Til vara 2500

II. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
1. Við 10. gr. I. 1. b. (Risna ráðherra).
Fyrir »8000« kemur 4000
Til vara 6000
2. Við 12. gr. 15. r. Nýr liður:
Til Guðrúnar Böðvarsdóttur, sjúkrastyrkur ... 1200
Til vara 1000

III. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur... 10000

IV. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni* og *Jakob Möller.*
Við 13. gr. A. II. b. Nýr liður:
Framlag til Hafnarfjarðarvegar, til atvinnubóta fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, gegn því að bæir þessir veiti jafnmikið fé til atvinnubóta, hvor að tiltölu við fólksfjölda 200000

V. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir »91000« kemur 93000

VI. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Liðurinn hækki um 500 kr.

VII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við næstu brtt. hér á eftir (VIII).
Brtt. skal orða svo:
Til kennslu í augnlækningum, eftir ráðstöfun

læknadeildar, enda sé til starfsins valinn maður, sem reyndur er að reglusemi og skyldurækt við lækningastörf 1000

VIII. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*

Við 14. gr. B. I. b. (Kennari í lagalæknisfræði).

Liðinn skal orða svo:

Til aukakennslu, sem læknadeildin ráðstafar ... 2000

Jafnframt fellur niður liðurinn 5. a. í 12. gr. og sömuleiðis orðin »augnlæknis í Reykjavík og« í aths. við 7. lið sömu greinar, en »hver um sig« í aths. breytist í: hvor um sig.

IX. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:

Til Ágústs Sigurðssonar, til háskólanáms í Norðurlandamálum 1200

X. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Jakob Möller.*

Við 14. gr. B. IV. b. 4. (Stundakennsla o. fl. við menntaskólann í Rvík).

a. Fyrir »23000« kemur... 25000

b. Við liðinn bætist aths.:

Af upphæð þessari má verja allt að 2000 kr. til stundakennara í námsgreinum þeim, er Guðmundur G. Bárðarson kennir.

XI. Frá *Jakob Möller.*

Við 14. gr. B. IV. b. 11. Nýr liður:

Til þess að mála á vegg hátíðasals skólans olíumynd af þjóðfundinum 1851, og til að gera þar af leiðandi nauðsynlegar umbætur á salnum 5000

XII. Frá *Jakob Möller* og *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 14. gr. B. XIII. 1. b. (Rekstrarkostn. kvennaskólans í Rvík).

Fyrir »21000« kemur... 24000

XIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 14. gr. B. XVI. 4 (Kvenfél. Ósk, til húsmæðrafræðslu).

a. Fyrir »6000« kemur 7500

Til vara 7000

b. Fyrir »gegn 1000 kr. annarsstaðar að« kemur: gegn 1200 kr. annarsstaðar að.

XIV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 8. (Aukastyrkur til bókasafna).

a. Fyrirsögn liðarins verði:

Styrkur til bókasafna.

b. Nýr liður á eftir c:

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, kaup handa manni til bókavörzlu 2000

XV. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 15. gr. 8. (Aukastyrkur til bókasafna).
a. Úr fyrirsögn fellur orðið »þriggja«.
b. Nýr liður á eftir c:
Til bókasafns Hafnarfjarðar 1000

XVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur 2800

XVII. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 15. gr. 22. Nýr liður:
Til Sambands ísl. karlakóra 3000
Til vara 2000

XVIII. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Péturs Á. Jónssonar óperusöngvara 3000
2. Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Eggerts Guðmundssonar, til þess að fullkomna sig í málaralist 1000

XIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 38. Nýr liður:
Til dr. Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenzka miðaldamenningarsögu 1600
Til vara 1500

XX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 41. (Fréttastofan).
Fyrir »2000« kemur 3500

XXI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum:
a. Ríkisframkvæmdir 250000
b. Styrkur til framkvæmda bæjar- og sveitarfélaga, gegn $^2/_3$ framlags á móti 25000
Framkvæmdum skal hagað og styrk úthlutað í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands.

XXII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
1. Við 16. gr. 28. (Landssýning heimilisiðnaðarfél.).
Fyrir »2000« kemur 2500
2. Við 16. gr. 30. (Halldóra Bjarnadóttir).
Fyrir »1800« kemur 2000

XXIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
Við liðinn kemur aths.:
Þriðjungi styrksins skal varið, eftir fyrirmælum kennslumálaráðuneytisins, til eflingar bindindisstarfsemi í skólum landsins.

XXIV. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 18. gr. II. d. 3. (Guðrún Björnsdóttir).

Fyrir »300« kemur 800

Til vara 600

XXV. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. d. 33. (Sigurlaug Knudsen).

Fyrir »167,07« kemur 350

XXVI. Frá *Jakob Möller.*

Við 18. gr. II. e. 16. (Cathinca Sigfússon).

Fyrir »400« kemur 600

XXVII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

1. Við 19. gr. Aftan við greinina bætist:

Þar af skaðabætur til Vigfúsar Gunnarssonar í Flögu í Skaftártungu vegna bruna af eldingu aðfaranótt hins 1. des. 1930.

2. Við 22. gr. I. Liðinn skal orða svo:

Að veita Eimskipafélagi Íslands siglingastyrk, allt að 150000 kr., ef nauðsyn krefur.

3. Við 22. gr. V. (Lóðakaupaheimild).

Liðurinn fellur burt.

XXVIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag Eskfirðinga fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, allt að 50 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum.

XXIX. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 20 þús. kr. lán fyrir Stykkishólmshrepp, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

XXX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 22. gr. X. Nýir liðir:

a. að lána bæjar- og sveitarfélögum, sem ekki álítast fær um að leggja fram fé á móti framlagi ríkissjóðs til atvinnubóta, allt að 250000 kr.

b. að taka að láni allt að 500000 kr. til að verja til atvinnubóta.

XXXI. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. X. Nýir liðir:

a. að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, sem nú hefir verið tekið til afnota fyrir vinnuhælið hjá Eyrarbakka, með allt að 9300 kr.

b. að gefa Mjólkurfélaginu »Mjöll« eftir 15000 kr. viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum, enda greiði ríkissjóður viðlagasjóði upphæðina.

c. að kaupa hús sýslumannsins í Borgarnesi með þeim skilmálum, sem stjórninni og sýslumanni kemur saman um.

XXXII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. Aftan við greinina kemur málsgr.:

Stjórninni er heimilt að krefjast ýtarlegra reikningsskila af hverri þeirri stofnun, félagi eða einstaklingi, sem fé fær úr ríkissjóði til sérstakra starfa eða framkvæmda.

Nd. 343. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

I. Frá *Ingólfi Bjarnarsyni.*

Við III. Á eftir »Við C.« kemur ný málsgrein:

Í stað orðanna: »um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Aðalreykjadal« í tölulið 1. kemur: um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, og önnur álma norður Köldukinn, fyrir Núp, um Aðalreykjadal.

II. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við III. Á eftir b.-lið komi 3 nýir liðir, svo hljóðandi:

c. Vegur frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.

d. Vegur frá Sauðárkróki um Hegranes að Hjaltadalsárbrú til Hóla í Hjaltadal.

e. Vegur frá Héraðsvatnabrú á Grundarstekk að Vatnsleysu í Viðvíkursveit.

III. Frá *Birni Kristjánssyni.*

Við III. Aftan við liðinn bætist málsgr., svo hljóðandi:

1. tölul. í lögum nr. 57, 19. maí 1930, orðist svo:

Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit, Melrakkasléttu, Þistilfjörð að Þórshöfn.

IV. Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Aftan við IV. (Við D.) bætist nýr liður:

Upphéraðsvegur, frá Lagarfljótsbrú norðan fljóts að Brekku.

Nd. 344. Breytingartillögur

við frv. til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

I. 1. gr. orðist svo:

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögbundnum og óhjákvæmilegum útgjöldum, skal leggja það, sem afgangs er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka og má ekki veita lán úr honum.

II. 2. gr. orðist svo:

Verði tekjuhalli á rekstrarreikningi ríkissjóðs, meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, ef fé hans hrekkur til.

III. 3. gr. orðist svo:

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

IV. 4. gr. orðist svo:

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs.

V. 5. gr. orðist svo:

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

VI. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð.

Ed. 345. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form. og frsm.	Einar Árnason, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 346. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

I. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*

1. Við 2. gr. 2. (Tekju- og eignarskattur).
   Fyrir »950000« kemur 1000000
2. Við 2. gr. 12. (Áfengistollur).
   Fyrir »500000« kemur 550000

3. Við 2. gr. 13. (Tóbakstollur).
Fyrir »1050000« kemur 1100000
4. Við 2. gr. 14. (Kaffi- og sykurtollur).
Fyrir »950000« kemur 1000000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. I. 4. Nýr liður:
Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að 3000

III. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Valgarðs Thoroddsens, til að lúka námi í rafmagnsfræði 1000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. V. b. 1. (Aukakennarar o. fl. við Akureyrarskóla).
Fyrir »15000« kemur 16000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. (Sundlaugar).
Fyrir »20000« kemur 24000

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Vísindafélags Íslands 500

VII. Frá *Einari Arnasyni.*
Við 16. gr. 13. b. Nýr liður:
Til Halldórs Kr. Jónssonar, Brekku í Svarfaðardal, til dýralækninga 500

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 18. i. Nýr liður:
Til starfrækslu háfjallastöðvar 5000
2. Við 16. gr. 20. (Til Fiskiveiðasjóðs Íslands).
Liðurinn fellur burt.

IX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 53. Nýr liður:
Styrkur til vatnsveitu á Hvammstanga, helmingur kostnaðar, allt að 9000

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 17. gr. 1. (Berklasjúklingar).
Athugasemdin fellur burt.
2. Við 18. gr. II. b. 27. Nýir liðir:
a. Til Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar ... 450
b. Til Polly Ólafson, ekkju Gísla J. Ólafson 600
3. Við 18. gr. II. d. 37. Nýr liður:
Til Ástríðar Petersen prófastsekkju 200
4. Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 25000 kr. lán til Hjaltastaðahrepps, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Jafnframt er stjórninni

falið að láta fara fram rannsókn á fjárhagsástæðum sveitarsjóða og íbúa Suðurfjarðahrepps, Gerðahrepps og Bessastaðahrepps og leggja niðurstöðurnar af þeim rannsóknum fyrir næsta Alþingi.

XI. Frá *forsætisráðherra.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að verja 300000 kr. til þess að veita aðstoð sveitar- og bæjarfélögum um atvinnubætur, gegn tvöföldu framlagi hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Er stjórninni heimilt að taka fé að láni til þessa.

Að öðru leyti er ráðstöfun þessa fjár háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Til aðstoðar við framkvæmd þessa skal vera atvinnunefnd, skipuð þremur mönnum. Atvinnumálaráðuneytið skipar formann nefndarinnar og annan nefndarmann samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands. Þriðja nefndarmanninn tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur. Hann skal þó víkja sæti úr nefndinni á meðan hún hefir til meðferðar mál annars sveitar- eða bæjarfélags, ef hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn hefir tilnefnt mann til að taka þar sæti til þess að fjalla um það mál.

   Kostnaður við nefndarstörfin, annar en ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.
2. Sveitar- og bæjarstjórnir, sem óska framlags til atvinnubóta samkvæmt heimild þessari, senda umsókn um það til formanns atvinnunefndar. Umsókninni fylgi skilríki fyrir því, að sérstakra ráðstafana sé þörf vegna atvinnuleysis. Ennfremur nauðsynlegar upplýsingar um þau verk, sem framkvæma á.
3. Eftir að atvinnunefnd hefir athugað umsóknir um atvinnubætur og gögn þau, er þeim fylgja, gerir hún tillögur um þær til atvinnumálaráðuneytisins, er úrskurðar umsóknirnar.
4. Þeir einir geta fengið atvinnubótavinnu samkv. heimild þessari, sem ekki geta fengið vinnu annarsstaðar. Séu fleiri menn atvinnulausir en unnt er að veita vinnu í einu, skal vinnunni skipt sem jafnast milli þeirra, þó þannig, að fjölskyldumenn gangi fyrir.
5. Nánari ákvæði um verksvið atvinnunefndar, skilyrði fyrir framlögum til sveitar- og bæjarfélaga og annað, er þurfa þykir vegna heimildar þessarar, setur atvinnumálaráðuneytið með reglugerð.

XII. Frá *Guðmundi Ólafssyni* og *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að greiða Guðmundi Björnson landlækni full laun, þegar hann lætur af embætti.

Nd. 347. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir athugað frv. og hefir orðið sammála um að afgreiða málið til deildarinnar. Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið.

Alþingi, 17. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form. og frsm.	Lárus Helgason.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Jón Ólafsson, með fyrirvara.

Ed. 348. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

30. grein laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

Nd. 349. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

Frá Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni, Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 2. gr. komi nýr málsliður:

Lán úr veðdeild Landsbanka Íslands til verkamannabústaða gangi fyrir öðrum lánum úr veðdeildinni, án tillits til þess, í hvaða röð lánbeiðnirnar hafa borizt bankanum.

Ed. 350. Nefndarálit

um frv. til l. um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að ýta undir og greiða fyrir ræktun jarðepla og annara manneldisjurta og sölu þeirra, einkum í Reykjavík.

Nefndinni er ljóst, að slík framleiðsla ætti að vera miklum mun meiri í landinu en nú á sér stað, að minnsta kosti svo mikil, að fullnægði þörfum landsmanna sjálfra. Játar nefndin, að hentug og örugg geymsla fyrir kartöflur hér í Reykjavík mundi mikið greiða fyrir sölunni, og þá sennilega jafnframt hvetja til aukinnar ræktunar.

Hinsvegar telur nefndin víst, að ríkisstjórnin geti — fyrst um sinn — komizt hjá því að láta reisa dýrar byggingar í þessu augnamiði. Ætlast því til, að til byggingarheimildarinnar verði því aðeins tekið, að nægilegt geymslupláss sé ekki fáanlegt á annan hátt. Þó telur nefndin rétt, að slík heimild fyrir stjórnina sé til, ef hennar skyldi reynast þörf, og leggur því til, að deildin samþ. frv. óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Páll Hermannsson,	Pétur Magnússon,	Jón Jónsson.
form. og frsm.	fundaskr.	

Sþ. 351. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um gæzlu hagsmuna Íslands út af Grænlandsmálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta á nokkrum fundum og ákvað með einu samþykki að ráða hæstvirtu Alþingi til að samþykkja tillöguna óbreytta.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Bjarni Ásgeirsson,	Magnús Torfason,	Jónas Þorbergsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Einar Arnórsson. Jón Þorláksson. Ásg. Ásgeirsson. Ólafur Thors.

Nd. 352. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. ásamt brtt. við það á þskj. 96, frá jafnaðarmönnum. Hefir hún fallizt á að mæla með því, að það verði samþykkt með

nokkrum breytingum, sem í aðalatriðum eru samhljóða áðurnefndum brtt. Þótti því nefndinni rétt að leggja þær til grundvallar, og mælir hún með því, að brtt. á þskj. 96 verði samþykktar með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. lið. Orðin »sjómanna« o. s. frv. í niðurlagi málsgr. falli burt.
2. Við 6. lið. Liðurinn orðist svo:

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir af þeim útgerðarmönnum, er skip gerðu út á síldveiðar og lögðu inn síld til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip. 7 skulu kjörnir af sjómannafélögum landsins. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Á sama hátt kjósa sjómannafélög sunnanlands 2, sjómannafélög vestanlands 1, sjómannafélög norðanlands 3 og sjómannafélög austanlands 1. Fer kosningin að öðru leyti fram eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðiljum og á sama hátt. Þar, sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal hafa hlutfallskosningu.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Bjarni Ásgeirsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.
Guðbr. Ísberg. Ásg. Ásgeirsson.

Ed. 353. Breytingartillögur

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist þrjár nýjar málsgreinir, þannig:

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér hreppsvegi þá, sem nú eru á þessum jörðum, og aðra þá vegi á þeim, sem ætlaðir eru til umferðar almenningi.

Jafnframt kaupir Reykjavíkurbær vatnsveitu þá, sem nú er eign Vatnsveitufélags Skildinganeskauptúns, fyrir kostnaðarverð, að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir rýrnun.

Loks kaupir Reykjavíkurbær og tekur til viðhalds holræsi þau, sem lögð hafa verið í vegi á svæðinu, sem ætlaðir eru almenningi til umferðar, og fyrir afrennsli frá þeim holræsum til sjávar. Kaupverðið skal miða við

kostnaðarverð holræsanna, að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir rýrnun og að frádregnu gjaldi frá lóðareigendum í samræmi við lagaákvæði um gjöld til holræsa í Reykjavík.

2. Við 3. gr.
   a. Fyrir »árslok 1932« í upphafi gr. komi: árslok 1931.
   b. Aftan við 1. málslið bætist: svo og ákvörðun á kaupverði fyrir mannvirki þau, er getur í 2. gr.
   c. Síðari málsliður fyrstu málsgr. falli burt.
   d. Önnur málsgrein orðist svo:

      Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurkaupstaður eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.
   e. Þriðja málsgrein falli burt.

Ed. 354. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 [Laun embættismanna].

Flm.: Jón Baldvinsson.

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ í lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Greinargerð.

Um næstu áramót falla úr gildi ákvæðin um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. Og þar sem vitanlega engin ný skipun á launakjörum þeirra verður gerð á þessu þingi, er óhjákvæmilegt að framlengja ákvæðin um uppbótina.

Nd. 355. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta hefir legið fyrir sjávarútvegsnefnd, en ekki fengizt afgreitt, Undirritaðir líta svo á, að sú breyting, sem farið er fram á með frv., að gerð

sé á skipun yfirstjórnar síldarbræðsluverksmiðjunnar, sé nauðsynleg og telur rétt, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Guðbr. Ísberg.

Nd. 356. Lög

um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

1. gr.

Landsbanka Íslands veitist heimild til þess að kaupa af Útvegsbanka Íslands h/f víxla og lán útibúa téðs banka á Ísafirði og Akureyri, allt að 2500000 kr., vegna inndráttar á seðlum þeim, er Útvegsbanki Íslands hefir nú í umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 357. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

Ríkisborgararréttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.
2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzkalandi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
8. Gunnar Akselson verzlunarstjóra á Ísafirði, fæddum í Noregi.
9. Harald Aspelund bókara á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Nd. 358. Lög

um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í ríkissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.
3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tolllögum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Nd. 359. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um vegamál.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

Við 3. lið. Liðurinn orðist svo:

Að brýr yfir ræsi í vegum verði gerðar jafnbreiðar vegunum og þannig um búið, að þær haldist í sömu hæð.

Nd. 360. Breytingartillaga

við till. til þál. um vegamál.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

2. liður orðist svo:

Að settar verði á vegabrúnum varnir gegn akstri út af vegum, þar sem hátt er niður af veginum öðrum megin eða beggja.

Nd. 361. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1932.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skipti 1932.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

2. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

3. gr.

2. og 3. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein:

6. gr.: Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 5. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1929 og gefa þau út svo breytt sem lög um verkamannabústaði.

Ed. 362. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að tvo mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma eða minna svæðis á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt, sem hér um ræðir, gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Nd. 363. Nefndarálit

um frv. til laga um opinbera vinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og hefir ýmislegt við það að athuga, og skal hér bent á nokkur atriði.

Ef 8 stunda vinnudagur yrði lögboðinn, eins og í frv. stendur, þá getur nefndin ekki fallizt á, að þar sé um umbót að ræða, því hver heilbrigður maður vinnur tiltölulega eins vel í 10 klst. sem 8 stundir. Það er því auðséð, að minna verður framkvæmt fyrir það fé, sem ríkið leggur fram á hverjum tíma, ef frv. yrði að lögum.

Ef öll dagleg vinna, sem unnin er umfram 8 stundir, er talin til eftirvinnu, þá er þar um kauphækkun að ræða. Á það ber að sjálfsögðu að líta, að mótsögn er í því, að lögbjóða 8 stunda vinnudag með það fyrir augum, að betur sé unnið tiltölulega fyrir það, en gera þó jafnframt ráð fyrir eftirvinnu. Sá maður, sem gerir mikið að því að vinna í eftirvinnu vegna kaupsins, hlýtur þá að vinna minna daglega hinn lögákveðna tíma. Vinnan hlýtur að slíta kröftum mannsins jafnt, hvað sem hún heitir.

Nefndin heldur því hiklaust fram, að 10 stunda vinnudagur sé hæfilegur vinnutími. Fjórtán stundir úr hverjum sólarhring virðist nóg til matartíma, hvíldar og svefns.

Fjöldinn af bændum og húsfreyjum landsins leggur miklu meiri vinnu á sig en 10 stundir daglega þann tímann úr árinu, sem gera má ráð fyrir, að unnt sé að vinna við opinbera vinnu. Hin margvíslegu verkefni, sem daglega liggja fyrir á hverju heimili, útheimta þetta. 8 stunda vinnudagur við opinbera vinnu er spor í áttina til þess að gera það fólk, sem fæst við framleiðslu, óánægt með hlutskipti sitt, og má gera ráð fyrir, að slíkt yrði til þess að auka fólksstrauminn úr sveitunum að miklum mun, og er þó nóg að gert í því efni.

Á það ber að líta í þessu sambandi, að gera má ráð fyrir, að ekki sé mögulegt að vinna meira en hálft árið að þeirri vinnu, sem frv. á við, og er þá sýnilegt, að óráðlegt er að nota ekki nema $^1/_3$ af þeim tíma til þess að framkvæma verkefnin, sem inna þarf af hendi þjóðarbúinu til hagsældar.

Um kaupgjaldið er það að segja, að réttmætt virðist, að það sé eftir því, sem um semst á hverjum stað, hvort heldur er um opinbera vinnu að ræða eða hjá einstökum mönnum. Margur er sá maðurinn, sem kýs heldur að fá vinnu um langan tíma, sé um áreiðanlegt kaup að ræða, heldur en stuttan tíma með hærra kaupi og ef til vill óvissara, sem líka er skynsamlegt og rétt. Á hinum ýmsu stöðum í landinu er mjög misjafnt, hve dýrt er að lifa, og hlýtur þá að vera réttmætt, að kaupið sé misjafnt.

Þá ber á það að líta, meira en forkólfar jafnaðarmanna gera, hver munur er á verkamönnunum. Annar er lagvirkur og hugsar um, að vinna sín

verði sem mest og bezt. Hinn er klaufvirkur og ef til vill latur kæruleysingi, sem hugsar aðeins um að hanga við vinnuna til þess að fá kaupið. Á milli þessara manna eru mörg stig, sem vinnuveitandi þarf að taka til greina eins og unnt er þegar um kaupgreiðslu er að ræða, ef réttlæti á að ríkja. Beztu mönnunum er seint ofborgað samanborið við þá lökustu. Lögákveðinn kauptaxti, sem eltast á við eftir frumvarpinu, stundum til fjarlægra staða, mundi mjög draga úr vinnulöngun og trúmennsku betri mannanna, en ýta undir ómennskuna og svikin hjá hinum lakari.

Af framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði felld.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Bergur Jónsson, form., með fyrirvara.	Lárus Helgason, frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr., með fyrirvara.

Jón Ólafsson.

Eg legg til, að hv. deild afgreiði málið með svofelldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin athugi mál þetta til næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

D. u. s.
Einar Arnórsson.

Ed. 364. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.) o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykt. Einn nefndarmanna (Jónas Jónsson) var ekki á fundi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller.

Ed. 365. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Jakob Möller.

Ed. 366. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Jakob Möller.

Ed. 367. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Jakob Möller.

Nd. 368. Tillaga

til þingsályktunar um fátækraframfærslu.

Flutningsmaður: Ólafur Thors.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframfærslunni kemur misjafnlega niður.

Ed. 369. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

I. Frá *Jakob Möller.*

1. Við 15. gr. 26. Nýr liður:

Til Jakobs Lárussonar, til hljómlistarnáms erlendis	1000

2. Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis 1200
Til vara 1000

II. Frá *Jóni Jónssyni.*
1. Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða allt að helmingi þess tjóns, er hlotizt hefir af brunanum á Flögu í Skaftártungu í desember síðastl., ef ástæða virðist til, eftir að rannsókn hefir farið fram um orsakir brunans.
2. Við 22. gr. IX. (Ábyrgð f. samv.fél. sjóm. og verkam. á Seyðisf.).
Liðurinn falli burt.

Nd. 370. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

I. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við I. (Við A.). Framan við tölul. 1. kemur nýr töluliður:
Á eftir tölul. 1. kemur nýr tölul.:
Meðallandsvegur frá Stórahvammsbrú að Efriey.

II. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við I. 2.
1. Aftan við liðinn bætist:
og þaðan að Fjallabaksvegi hjá Fellsmúla.
2. Nýir liðir á eftir:
a. Vegur frá Suðurlandsbraut hjá Ægissíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá, og þaðan um Bergþórshvol að Hallgeirsey.
b. Vegurinn frá Teigi í Fljótshlíð um Hlíðarenda að Fljótsdal.

III. Frá *Pétri Ottesen.*
Við II. (Við B.).
Á eftir tölul. 1. kemur nýr liður:
Lundarreykjadalsvegur, frá Götuás á Uxahryggjaveg hjá Gilstreymi.

Ed. 371. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Minni hl. (JónÞ) mun bera fram breytingartill.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form., frsm.
Magnús Torfason, fundaskr.

Ed. 372. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (JónÞ) mun bera fram breytingartill.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Magnús Torfason, fundaskr.

Nd. 373. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

I. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við II. 2. c. Nýir liðir:
a. Vegur frá Bíldudal um Hálfdan og Mikladal til Patreksfjarðar.
b. Vegur frá Bíldudal um Fossheiði, eins og leið liggur á þjóðveginn í Reykhólasveit.
c. Vegur frá Patreksfirði á þjóðveginn á Barðaströnd.

II. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Aftan við IV. (D.) komi þessir liðir:
a. Norðfjarðarvegur, frá Eskifirði um Norðfjörð að Nesi.
b. Fáskrúðsfjarðarvegur, frá Reyðarfirði um Sléttuströnd og Örnólfsskarð eða Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
c. Mjóafjarðarvegur, frá Fagradalsbraut hjá Köldukvísl um Eyvindardal og Slenjudal að Mjóafirði.

Ed. 374. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna á Siglufirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna, fullbúnum til

fiskveiða, samtals allt að 150 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni.

Ed. 375. Lög

um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

1. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og er einn þeirra formaður, er fjármálaráðuneytið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur ríkisstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignamatsbókin skal löggilt af fjármálaráðuneytinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 376. Lög

um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

2. málsgrein 3. greinar hljóði svo:

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er stofnuð hafa verið eftir 1. janúar 1927, þannig að ívilnunin nemi sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna, og ívilnunin nemur fyrir eldri samkynja fyrirtæki.

Ed. 377. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrarlán fyrir eitt ár í senn fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur á þessu ári hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 150000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 378. Lög

um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna“ í upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

2. gr.

Síðasta málsgrein 6. greinar, „Ennfremur ..... lögum“, falli burt.

Nd. 379. Lög

um lendingarbætur á Eyrarbakka.

(Afgreidd frá Nd. 19. ágúst).

1. gr.

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80 þús. kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum, eftir því er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.

Ed. 380. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Eftir fjárlögunum fyrir 1929 voru veittar útgjaldaheimildir í 7. til 20. gr., að upphæð samtals kr. 10850957,92. Eftir frv. stjórnarinnar til laga um

samþykkt á landsreikningnum fyrir 1929 hafa gjöldin orðið alls á því ári rúmar 17 millj. kr., og þar við mun mega bæta rúml. 1 millj. kr., sem greidd var úr ríkissjóði á árinu 1929, en stjórnin hefir ekki viljað telja með gjöldum þess árs. Eyðslan umfram gjaldaáætlun fjárlaganna nemur því á þessu ári yfir 7 millj. kr. Af þeirri fúlgu er í fyrirliggiandi frv. til fjáraukalaga leitað heimildar fyrir kr. 2128758,39. Það virðist vera brýn ástæða til að athuga, hvort eigi muni þurfa að leita heimilda fyrir einhverju af þeim nál. 5 millj. kr., sem eyðzt hafa umfram þetta (eða nál. 4 millj. kr., ef farið er eftir reikningsfrv. stjórnarinnar), en frv. kom svo seint til nefndarinnar, að enginn tími er til að vinna það verk nú, svo í nokkru lagi sé. En af þessu virðist þó mega ráða, að þær venjur, sem fylgt er um samningu fjáraukalaga, þurfi að breytast.

Minni hlutinn hefir nú veitt því eftirtekt, að í frv. felast nokkrar upphæðir, sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði, en eftir athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna þykir alls óvíst, hvort rétt sé að samþykkja. Þykir rétt að gera grein fyrir hér að lútandi athugasemdum endurskoðenda, og er það jafnframt greinargerð fyrir eftirfarandi brtt.

1. Athugasemd endurskoðenda nr. 13 hljóðar svo:

»Meðal gjalda í 11. A. 4. eru taldar 398 kr., sem greiddar hafa verið vikublaðinu »Tíminn« fyrir að birta dóm í máli gegn Jóh. Jóhannessyni bæjarfógeta. Yfirskoðunarmenn þekkja þess ekki dæmi, að slíkur kostnaður hafi verið greiddur úr ríkissjóði«.

Svar ráðh. við þessari aths. hefir yfirskoðunarmönnum ekki þótt fullnægjandi, því þeir gera svofellda tillögu til úrskurðar um þetta atriði:

»Athugasemdin átelur hlutdræga notkun ríkisfjár, og er til aðvörunar framvegis«.

Þykir minni hl. samkvæmt þessu ekki ástæða til að samþykkja slíka fjárnotkun, og ber fram brtt. þar að lútandi.

2. Aths. endurskoðenda nr. 18 hljóðar svo:

»Í 11. gr. B. 5. eru færðar til gjalda kr. 9450,00 fyrir »Útdrátt nokkurra mála«. Yfirskoðunarmenn óska skýringar á þessum lið«.

Í stað tillögu um úrskurð út af þessu segja yfirskoðunarmenn:

»Svarið er ófullnægjandi og því er *ekki unnt að gera till. til úrskurðar*«.

Minni hl. virðist ekki rétt að samþykkja gjaldaliðinn, meðan yfirskoðunarmenn sjá sér ekki fært að gera tillögu um úrskurð.

3. Athugasemd endurskoðenda nr. 23 hljóðar svo:

»Í 14. gr. B. XIV. 3. eru veittar 20000 kr. til þess að reisa nýja héraðsskóla í sveitum, en eyðzt hafa á þessum lið kr. 137458,45, eða nærri 7 sinnum meira en þingið ætlaðist til, og hefir öll þessi upphæð farið til Laugarvatnsskólans. Um leið og yfirskoðunarmenn leiða athygli að þessari miklu umframeyðslu, spyrjast þeir fyrir um, hvaðan fé það hafi komið, sem lögum samkvæmt á að koma móti, og hvort það sé þegar greitt«.

Úrskurðartillagan hljóðar þannig:

»Reikningar yfir byggingarkostnað Laugarvatnsskóla fyrir árið 1928 og 1929 eru svo ógreinilegir, að yfirskoðunarmenn verða að óska þess, að einn heildarreikningur yfir allan byggingarkostnaðinn frá byrjun til árs-

loka 1930 verði búinn til af fagmanni á því sviði og hann síðan lagður fyrir yfirskoðunarmenn. Till. til úrskurðar verður því sú, að heildarreikningur yfir kostnað af byggingu Laugarvatnsskóla frá byrjun til ársloka 1930 verði saminn og lagður fyrir yfirskoðunarmenn LR 1930«.

Með þessu fresta yfirskoðunarmenn því til næsta árs að gera úrskurðartillögu að efni til um þennan lið, og þykir ekki rétt að samþykkja aukafjárveitingu fyrir liðnum meðan svo stendur.

Ýmsar fleiri athugasemdir og úrskurðartillögur yfirskoðunarmanna gefa fullt tilefni til þess að bera fram brtt. við frv. þetta, en ég læt hér við sitja að svo stöddu og áskil mér að bera fram frekari till. um breytingar við 3. umr.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr., liðinn A. 11.
   Í stað kr. 98809,49 komi: kr. 98411,49.
2. Við sömu gr., liðinn B. 5.
   Í stað kr. 38647,22 komi: kr. 29197,22.
3. Við 6. gr., liðinn B. XIV. 3.
   Liðurinn falli burt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég tel ekki rétt að samþykkja frv. óbreytt, og vísa um ástæður fyrir því til breytingartillagna minna við frv. til fjáraukalaga fyrir 1929 og til ýmsra athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, þar á meðal sérstaklega til 13., 18., 23., 33., 34. og 38. aths., ásamt tilsvarandi tillögum til úrskurðar. Hinsvegar þykir mér rétt að bíða með að bera fram brtt. við þetta frv., þar til séð er, hversu fer um brtt. mínar við frv. til fjáraukalaga fyrir 1929.

Þá tel ég það einnig sérstaklega athugavert, að í landsreikningi þeim, sem þetta frv. er byggt á, eru gerðar tilraunir til að villa mönnum sýn um hag ríkissjóðs í árslok 1929. Verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.

Ed. 382. Nefndarálit

um frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Einn nefndarm. (IP) tjáði sig málinu mótfallinn, annar (MT) tjáðist eigi viðbúinn að taka afstöðu til frumvarpsins, en undirritaður telur þetta hið mesta nauðsynjamál og framfaramál, sem ætti að komast í framkvæmd sem allra fyrst. Legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og mun færa frekari ástæður fyrir þessu í framsögu.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.

Ed. 383. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:

Til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi kennslu í teiknun og tréskurði	1000

Ed. 384. Bráðabirgðaálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir álitið sjálfsagt að vanda sem bezt athugun þessa frv. og tveggja annara sama eðlis, en nokkur misbrestur virðist hafa verið í því efni áður, þar sem sjávarútvegsnefnd Nd. hefir hvorki nú eða í vetur haft handa milli þau skjöl og skilríki viðvíkjandi þessu máli, sem nauðsynleg mega teljast. Meiri hluti nefndarinnar hefir þess vegna ritað vitamálastjóra og farið fram á að fá hjá honum allar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi hinni verkfræðilegu hlið málsins. Jafnframt hefir stjórn Landsbankans og fjármálaráðherra verið skrifað og óskað eftir álitsgerð um fjármálahliðina í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs á slíkum fyrirtækjum, og hversu forðast megi í því sambandi hættur, sem virðast vera nærliggjandi, ef ekki er betur um hnúta búið heldur en er í frv. eins og nú er frá því gengið.

Þegar meiri hlutinn hefir fengið í hendur nauðsynleg skilríki um þetta

mál, mun hann bera fram framhaldsnefndarálit, en að svo vöxnu máli getur meiri hl. ekki lagt til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Ed. 385. Bráðabirgðaálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Með skírskotun til bráðabirgðaálits um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík getur meiri hluti nefndarinnar ekki að svo stöddu lagt til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form., frsm.	fundaskrifari.

Ed. 386. Bráðabirgðaálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Með skírskotun til bráðabirgðaálits um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík getur meiri hl. nefndarinnar ekki að svo stöddu lagt til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form., frsm.	fundaskrifari.

Nd. 387. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 352 við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Við 2. lið. Liðurinn orðist svo:

Við 6. lið. Liðurinn orðist svo:

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir af þeim útgerðarmönnum, er skip gerðu út á síldveiðar og lögðu inn síld til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip. 7 skulu

kjörnir af Alþýðusambandi Íslands, eða Alþýðusambandsstjórninni í þess stað, ef sambandsþing hefir ekki komið saman áður en kosning fer fram. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Meiri hluti fulltrúa Alþýðusambandsins skal kosinn úr hópi sjómanna. Fer kosningin að öðru leyti fram eftir þeim reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðiljum og á sama hátt. Þar, sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal hafa hlutfallskosningu.

Nd. 388. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn dýrtíð og atvinnuleysi.

Frá Sveinbirni Högnasyni, Bergi Jónssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt heppilegast sé að vinna gegn dýrtíð þeirri, sem nú ríkir í landinu, einkanlega í Reykjavík, svo og gegn yfirvofandi atvinnuleysi, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Sérstaklega athugist:

a. Möguleikar til lækkaðrar húsaleigu.
b. Óeðlilega hár verzlunarkostnaður innlendrar og erlendrar vöru.
c. Leiðir til að vinna gegn yfirvofandi atvinnuleysi.

Greinargerð.

Eins og komið hefir fram í frumvörpum allmargra þingmanna af öllum flokkum, svo og víða í umræðum nú á Alþingi, ber nauðsyn til, að alvarlegar ráðstafanir, sem að gagni mættu koma í þessum efnum, séu gerðar hið fyrsta. Hinsvegar hafa engin tök verið á því á þessum fáu vikum, sem þing þetta hefir staðið, að taka þeim tökum á þessum málum, sem þörf er á. Virðist því sjálfsagt að fá rækilega rannsókn á þeim fyrir næsta Alþingi, svo að viðunandi lausn á þeim geti fengizt.

Nd. 389. Frumvarp

til laga um Jöfnunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögbundnum og óhjákvæmilegum útgjöldum, skal leggja það, sem afgangs er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði tekjuhalli á rekstrarreikningi ríkissjóðs, meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, ef fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Ed. 390. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari, frsm.	Jón Jónsson.

Nd. **391. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1932.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1932 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	330000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3. Lestagjald af skipum	40000	
		1320000
4. Aukatekjur	570000	
5. Erfðafjárskattur	35000	
6. Vitagjald	425000	
7. Leyfisbréfagjöld	10000	
8. Stimpilgjald	360000	
9. Skólagjöld	15000	
10. Bifreiðaskattur	100000	
		1515000
11. Útflutningsgjald		950000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
Flyt ...	500000	3785000

		kr.	kr.
	Flutt ...	500000	3785000
13.	Tóbakstollur	1050000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	950000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1550000	
17.	Verðtollur	1650000	
			5900000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		100000
	Samtals ...	... ...	9785000

3. gr.

		kr.	kr.
	A.		
I.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1.	Rekstrarhagn. Póstsjóðs	59656	
2.	— Símans	358242	
3.	— Víneinkasölu	700000	
4.	— Ríkisprentsmiðju	40000	
5.	— Ríkisvélsmiðju	30000	
6.	— Vífilsstaðabús	4000	
7.	— Kleppsbús	3000	
	Samtals ...	... ...	1194898
II.	Frá dregst rekstrarhalli útvarpsins	... ...	68150
	Eftir ...	... ...	1126748
	Sundurliðun.		
	Póstsjóður.		
I.	Tekjur		600000
II.	Gjöld:		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum 110000		
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur 80000		
	c. Bréfhirðingamenn 24000		
		214000	
2.	Póstflutningar	200000	
	Flyt ...	414000	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	414000	600000
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	16000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	24000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	15000		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	11344		
		126344	
			540344
Fært á 3. gr. A. I. 1		... ...	59656
Síminn.			
I. Tekjur			1800000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		50000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	320000		
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	25000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000		
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	11000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	270000		
6. Áhaldahúsið	7000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	15000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000		
10. Símastöðin á Borðeyri	6000		
11. Símastöðin í Hafnarfirði.	7500		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000		
13. Símastöðin á Siglufirði	7500		
14. Til aukaritsímaþjónustu	5000		
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	120000		
16. Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.	85400		
	Flyt 963400	50000	1800000

			kr.	kr.
		Flutt 963400	50000	1800000
17.	Til uppbótar á launum:			
	a. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927	18700		
	b. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl.	4000		
		22700		
18.	Til Steindórs Björnssonar	1200		
19.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600		
			987900	
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna		60000	
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000	
f.	Viðhald landssímanna...		185000	
g.	Áframhaldsgjald		25000	
h.	Til kennslu fyrir símamenn		2000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
j.	Ýms gjöld		6000	
k.	Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)		67858	
l.	Slysatrygging...		1500	
				1441758
	Fært á 3. gr. A. I. 2		... ...	358242
	Eignahreyfingar.			
	Út.			
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson			55600
II.	Til viðauka símakerfa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl....			60000
III.	Til nýrra símalína		... ...	80000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 4		... ...	195600
	Víneinkasalan.			
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)			871000
II.	Gjöld:			
	a. Yms rekstrarkostnaður		165000	
	b. Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...		6000	
				171000
	Fært á 3. gr. A. I. 3		... ...	700000

		kr.	kr.
	Útvarpið:		
I.	Gjöld:		
	a. Starfræksla:		
	1. Yfirstjórn	18800	
	2. Útvarpsstöðin	60000	
	3. Útvarpssalur	30000	
	4. Útvarpsefni	60000	
	5. Skrifstofan...	28000	
	6. Óviss gjöld	10000	
			206800
	b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		32250
	c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		29100
			268150
II.	Tekjur		200000
	Fært á 3. gr. A. II. tekjuhalli		68150
	Eignahreyfingar.		
	Út.		
	Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)		124000
	B.		
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:		
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
5.	Arnarhvoll:		
	a. Tekjur	53000	
	b. Gjöld:		
	1. Vextir (6,2% af 350 þús.) 21700		
	2. Ýms rekstrarkostnaður... 25800		
	3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) 3500		
		51000	
			2000
	Samtals ...	... ...	36600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		10000
2. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
4. Aðrir vextir...		58000
Samtals ...	... ...	268000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		134113,54
2. Dönsk lán, danskar kr. 144258,34 á 122.00		175995,17
3. Ensk lán, £ 32436 - 14 - 10 á 22.15		718473.34
4. Aðrir vextir	... ...	90000,00
Samtals ...	... ...	1118582,05

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins, 60 þús. danskar kr. á 122.00		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til alþingiskostnaðar		225000
2.	Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4200
3.	Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4087
	Samtals ...	... ...	233287

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1.	Til ráðherra:			
	a. Laun...	35400		
	b. Til risnu	8000		
			43400	
2.	Til utanferða ráðherra..		6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		83000	
4.	Annar kostnaður		55000	
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
	b. Til pappírs og prentunar	14000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
			15900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		8000	
8.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
				241967
II.	Hagstofan:			
1.	Laun		13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
	Flyt ...		25000	241967

		kr.	kr.
	Flutt ...	25000	241967
3. Prentun eyðublaða.		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
6. Til að gefa út manntalið 1703...		1000	
			58000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	6000		
c. Kostnaður við embættið	29000		
d. Til skrifstofuhalds...	20000		
		75000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14600	
3. Ríkisráðskostnaður		4800	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		1000	
			95400
	Samtals ...	... ...	395367

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun..		31400	
b. Annar kostnaður, allt að		5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.			
			36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra.. ...			150000
3. Laun hreppstjóra..			25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:			
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara		26000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting		4200	
c. Ýms gjöld		5000	
	Flyt ..	35200	211400

		kr.	kr.
	Flutt ...	35200	211400
	d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	2500	
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		37700
	a. Laun 4 skrifara	15120	
	b. Laun 6 tollritara	30380	
	c. Aðstoð og aukavinna	10000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
	e. Innheimtukostnaður	15000	
	f. Ýms gjöld, allt að	17000	
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		94700
	a. Laun 2 fulltrúa og 6 skrifara	29000	
	b. Húsaleiga	5000	
	c. Hiti og ljós	2400	
	d. Ýms gjöld	3500	
	Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		39900
7.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8.	Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
9.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11.	Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni ... ... (Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		21250
12.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		110000
13.	Borgun til sjódómsmanna		2000
14.	Borgun til setu- og varadómara		5000
15.	Fyrning á hegningarhúsi (sjá 20. gr.)		1770
	Samtals A. ...	... ...	955720
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	40000	
	b. Fyrir embættisskeyti	45000	
			85000
	Flyt ...	... ...	85000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	85000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		9000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		35000
Samtals B. ...	... ...	194000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9750
Styrkurinn skiptist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200		
Flyt ...	... ...	266750

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	266750
	kr. til hvors, 400 kr. — 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Nauteyrarhrepps 300 kr., sé héraðið læknislaust. — 22. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 23. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
	b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
	c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
	Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		3000
6.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og geti skýrslu um það.		
8.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
9.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
10.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		59000
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	36000	
	Flyt ...	36000	337750

		kr.	kr.
	Flutt ...	36000	337750
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	48000		
2. Fæði	66000		
3. Þvottur og ræsting	23000		
4. Lyf og umbúðir	15000		
5. Ljós og hiti	32000		
6. Fatnaður sjúklinga og starfsfólks ...	10000		
7. Viðhald og endurbætur	15000		
8. Skattar	5000		
9. Ýms gjöld	5000		
10. Fyrning húsa og áhalda	24000		
		243000	
Þar frá dregst:		279000	
1. Daggjald sjúklinga...	210000		
2. Tekjur af röntgendeild	10000		
		220000	
	Mismunur ...	59000	
11. Holdsveikraspítalinn			69272
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		7800	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna...	11400		
2. Viðurværi 35 manna (ca. 130 a. á dag)	16607		
3. Klæðnaður	1400		
4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Húsbúnaður og áhöld...	1800		
7. Viðhald á húsum...	2500		
8. Þvottur og ræsting..	1500		
9. Flutningskostnaður	2000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	600		
12. Skattar o. fl....	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	8265		
		61472	
		69272	
	Flyt ...	... ...	407022

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	407022
12. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			52655
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6800	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	12000		
2. Kaup daglaunamanna	1600		
3. Matvæli	32000		
4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	8000		
9. Þvottur og ræsting...	3000		
10. Flutningskostnaður...	2000		
11. Skemmtanir	750		
12. Skattar m. m....	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	6480		
		84230	
		91030	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		38375	
Mismunur ...		52655	
II. Nýi spítalinn			56708
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	30000		
2. Kaup daglaunamanna	2000		
3. Matvæli	35000		
4. Fatnaður sjúklinga	2000		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3000		
7. Ljós og hiti	12000		
8. Viðhald og áhöld	5000		
Flyt ...	90000	6500	516385

		kr.	kr.
Flutt ...	90000	6500	516385
9. Þvottur og ræsting	4000		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Skemmtanir	750		
12. Óviss útgjöld	1500		
13. Fyrning húss og áhalda (sjá 20. gr.)	10958		
		110208	
		116708	
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		60000	
Mismunur ...		56708	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			710
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi..	104000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	31500		
5. Þvottur og ræsting..	7500		
6. Viðhald húsa...	10000		
7. Viðhald véla	4500		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	5000		
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	9110		
		236110	
		248910	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 120 sjúklingum, 5 kr. á dag	219000		
Meðgjöf með 20 börnum, 4 kr. á dag ...	29200		
		248200	
Mismunur ...		710	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			10670
(Þar af fyrning kr. 7670 (sjá 20. gr.).			
Flyt ...		... ...	527765

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	527765
15. Önnur gjöld:		
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.	18000	
b. Til sjúkraskýlis á Þórshöfn (endurveiting)	8000	
c. Bólusetningarkostnaður	3500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	17000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	1000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	8000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
h. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
i. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
j. Til Þóru Havsteen, til áhaldakaupa í nuddlækningastofu hennar á Akureyri	2000	
k. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^3/_5$ annarsstaðar að	300	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
p. Til sama, til þess að kynna sér nýungar í gervilimagerð erlendis og til verkfærakaupa	3000	
q. Til frú Sigríðar Kjartansdóttur í Holti, styrkur vegna sjúkdóms manns hennar, séra Jakobs Lárussonar	5000	
r. Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1200	
		80500
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		90000
Samtals ...	... ...	698265

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
	A. Vegamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	1. Laun vegamálastjóra		7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings		6780	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að		6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að		10000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að		8000	
II.	Þjóðvegir.			38580
	a. Til nýrra akvega:			
	1. Kjósarvegur	10000		
	2. Stykkishólmsvegur	10000		
	3. Vesturlandsvegur...	30000		
	4. Breiðadalsheiðarvegur	10000		
	5. Holtavörðuheiðarvegur	30000		
	6. Húnavatnssýsluvegur	10000		
	7. Blönduhlíðarvegur	15000		
	8. Öxnadalsvegur	10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur	15000		
	10. Þistilfjarðarvegur...	10000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur	8000		
	12. Úthéraðsvegur	10000		
	13. Til þjóðvegar í Geithellnahreppi ...	5000		
	14. Biskupstungnabraut	10000		
			183000	
	b. Viðhald og umbætur		400000	
				583000
III.	Til brúargerða			112000
	Þar af til brúar á Þverá í Rangárvallasýslu 62000 kr., ef fé er fyrir hendi.			
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			80000
V.	Fjallvegir			25000
VI.	1. Til áhalda, allt að		18000	
	2. Til bókasafns verkamanna		300	
				18300
VII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		80000	
				120000
	Flyt ...		... ...	976880

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	976880
VIII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
IX. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
a. yfir Hellisheiði	5000	
b. — Holtavörðuheiði...	1000	
c. — Fagradal	1000	
		7000
XI. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		3000
XII. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		1248
Samtals A. ...	... ...	994278
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... (Þar af fyrning kr. 31600, sjá 20. gr.).	256600	
b. Eimskipafélags Íslands	60000	
c. H/f Skaftfellings	24000	
		340600
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91000
3. Loftferðir: Styrkur til flugferða		20000
Samtals B. ...	... ...	451600
C. Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
VI. Að greiða allt að helmingi þess tjóns, er hlotizt hefir af brunanum á Flögu í Skaftártungu í desember síðastl., ef ástæða virðist til, eftir að rannsókn hefir farið fram um orsakir brunans.

VII. Að ábyrgjast lán til síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

VIII. Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

IX. Að ábyrgjast 25 þús. kr. viðbótarlán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið innanlands.

X. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag Eskfirðinga fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að 4/5 kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, allt að 50 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum.

XI. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að 4/5 kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr. Lánið skal tryggt með sjalfskuldarabyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veð-

rétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni.

XII. Að ábyrgjast allt að 60 þús. króna lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu.

XIII. Að ábyrgjast allt að 25000 kr. lán til Hjaltastaðahrepps, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Jafnframt er stjórninni falið að láta fara fram rannsókn á fjárhagsástæðum sveitarsjóða og íbúa Suðurfjarðahrepps, Gerðahrepps og Bessastaðahrepps og leggja niðurstöðurnar af þeim rannsóknum fyrir næsta Alþingi.

XIV. Að ábyrgjast allt að 20 þús. kr. lán fyrir Stykkishólmshrepp, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

XV. Að verja 300000 kr. til þess að veita aðstoð sveitar- og bæjarfélögum um atvinnubætur, gegn tvöföldu framlagi hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Er stjórninni heimilt að taka fé að láni til þessa.

Að öðru leyti er ráðstöfun þessa fjár háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Til aðstoðar við framkvæmd þessa skal vera atvinnunefnd, skipuð þremur mönnum. Atvinnumálaráðuneytið skipar formann nefndarinnar og annan nefndarmann samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands. Þriðja nefndarmanninn tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur. Hann skal þó víkja sæti úr nefndinni á meðan hún hefir til meðferðar mál annars sveitar- eða bæjarfélags, ef hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn hefir tilnefnt mann til að taka þar sæti til þess að fjalla um það mál.

   Kostnaður við nefndarstörfin, annar en ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.
2. Sveitar- og bæjarstjórnir, sem óska framlags til atvinnubóta samkvæmt heimild þessari, senda umsókn um það til formanns atvinnunefndar. Umsókninni fylgi skilríki fyrir því, að sérstakra ráðstafana sé þörf vegna atvinnuleysis. Ennfremur nauðsynlegar upplýsingar um þau verk, sem framkvæma á.
3. Eftir að atvinnunefnd hefir athugað umsóknir um atvinnubætur og gögn þau, er þeim fylgja, gerir hún tillögur um þær til atvinnumálaráðuneytisins, er úrskurðar umsóknirnar.
4. Þeir einir geta fengið atvinnubótavinnu samkv. heimild þessari, sem ekki geta fengið vinnu annarsstaðar. Séu fleiri menn atvinnulausir en unnt er að veita vinnu í einu, skal vinnunni skipt sem jafnast milli þeirra, þó þannig, að fjölskyldumenn gangi fyrir.
5. Nánari ákvæði um verksvið atvinnunefndar, skilyrði fyrir framlögum til sveitar- og bæjarfélaga og annað, er þurfa þykir vegna heimildar þessarar, setur atvinnumálaráðuneytið með reglugerð.

XVI. Að greiða Guðmundi Björnson landlækni full laun, þegar hann lætur af embætti.

Stjórninni er heimilt að krefjast ýtarlegra reikningsskila af hverri þeirri stofnun, félagi eða einstaklingi, sem fé fær úr ríkissjóði til sérstakra starfa eða framkvæmda.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1932, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 392. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. ágúst 1931.

Halldór Stefánsson, form. Bernharð Stefánsson, frsm. Steingrímur Steinþórsson.

Nd. 393. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að till. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna »árið 1931« kemur: til 30. september 1931.

Alþingi, 20. ágúst 1931.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Bernharð Stefánsson, með fyrirvara. Steingrímur Steinþórsson, með fyrirvara.

Nd. 394. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við III. Við C. a. Nýr stafliður:

Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga um Vatnsnes vestanvert að Hindisvík.

Nd. 395. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað »1932« kemur: 1933.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað »1932« kemur: 1933.
   b. Í stað »1931« kemur: 1932.
3. Við 7. gr. Í stað »1931« kemur: 1932.
4. Við 11. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Tóbakseinkasalan skal leitast við að hafa jafnan á boðstólum svo fjölbreytt úrval af tóbaksvörum, að það fullnægi öllum sanngjörnum kröfum neytenda.

Nd. 396. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. ágúst 1931.

Jón Jónsson, form.	Einar Árnason, frsm.	Páll Hermannsson, fundaskrifari.
H. Steinsson.	Bj. Snæbjörnsson.	

Ed. 397. Breytingartillaga

við frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Byggingu þá, sem ræðir um í lögum þessum, skal þó eigi reisa fyrr en á árinu 1934, en þangað til skal ríkisstjórnin semja um leigu á svokölluðum þjóðleikhúskjallara við Hverfisgötu, eða öðru hæfilegu húsnæði í Reykjavík, til notkunar í því skyni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Nd. 398. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Í frv. þessu, sem komið er frá efri deild, eru teknir upp viðtækir viðaukar við þjóðvegi í Árness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessýslum, auk minni háttar viðauka í Húnavatns- og Norður-Múlasýslu. Til annara héraða tekur frv. ekki og er því að efni mjög einhliða.

Viðaukatillögur við frv. hafa nú komið úr flestum sýslum landsins, og er með öllu víst, að margar þeirra eiga eins mikinn rétt á sér eins og vegir þeir, sem frv. nefnir.

Ógerlegt er að meta réttlátlega kröfur þær um vegi, sem fram koma í frv. og nefndum viðaukatill., nema nákvæm rannsókn sé gerð um vegalengdir, staðháttu, vegagerðarkostnað, þarfir héraðsbúa og annað, sem mælir með eða móti vegagerð á hverjum stað, en engin tök eru á slíkri rannsókn hjá þingnefnd, sem önnum er kafin og aðeins hefir 2 eða 3 daga til starfa.

Það er augljóst, að vegalagning eftir frv. og öllum viðaukatill. þess mundi kosta ríkissjóð nokkrar milljónir króna og framkvæmdir því dragast um tugi ára, og það því fremur, sem mikill hluti þeirra áður lögbundnu vega er enn þá ólagður.

Nefndin hefir aðeins haft frv. um tvo daga og annríkis vegna ekki getað til neinnar hlítar rannsakað ástæður og vegaþörf héraða þeirra allra, sem veganna óska.

Vegamálastjóri hefir, eftir ósk nefndarinnar, komið á fund hennar, gefið henni upplýsingar um marga vegarkafla og látið henni í té afrit af tillögum þeim, sem hann gerði til samgöngumálanefndar efri deildar, meðan frv. var þar.

Álit vegamálastjóra hnígur mjög í sömu átt og nefndarinnar, um að

nauðsynleg sé frekari athugun á vegamálum þessum en fengizt hefir, mæling vegalengda og kostnaðaráætlanir.

Afgreiðsla málsins, hvort heldur væri eftir frv. eins og það liggur fyrir eða að viðbættum viðaukatillögum þeim, sem fram eru komnar, mundi verða fullkomið handahóf, sem aldrei yrði unað við til lengdar, enda þinginu ósamboðin.

Eina leiðin til að ná viðhlítandi niðurstöðu í málinu virðist því að fresta því til frekari rannsóknar og undirbúnings undir komandi þing. Engin knýjandi þörf er á því að flýta slíku máli og engar framkvæmdir þurfa að tefjast, þótt það bíði næsta þings.

Meiri hl. nefndarinnar hefir óbundin atkvæði um einstakar tillögur, ef þær koma undir atkvæði, en telur sér eigi fært að fylgja frv. óbreyttu og leggur til eftir framansögðu, **að málinu verði vísað til stjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna (JJós) hefir sérstöðu í máli þessu og undirritar ekki álitið.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.	Jón A. Jónsson.
	Sveinbjörn Högnason.	

Sþ. 399. Nefndarálit

um kæru út af alþingiskosningu í Barðastrandarsýslu 12. júní síðastl. og athugasemdum við kjörfundargerð í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu sama dag.

Frá kjörbréfanefnd.

Við þingsetningu og prófun kjörbréfa 15. f. m. var til kjörbréfanefndar vísað framangreindri kosningakæru og athugasemdum til umsagnar og álita, jafnframt og Alþingi þó úrskurðaði gilda kosningu þingmanna nefndra kjördæma.

Nefndin hefir kynnt sér gögn þessara mála og leitað nýrra upplýsinga. Efni standa svo til:

1. Keppinautur hins kjörna þingmanns Barðstrendinga, Bergs sýslumanns Jónssonar, kærir einkum yfir tveim misfellum á kosningunni. Hann heldur því fram, að vottorð um kjósendur, sem kusu á öðrum kjörstað en þeir áttu að kjósa á samkv. kjörskrá, hafi verið ólöglega útgefin og notuð í hlutdrægum tilgangi, og að kjósandi einn, sem eigi stóð á kjörskrá, hafi eftir röngu vottorði fengið að kjósa utan heimilishrepps.

   Hvorttveggja þessi kæruatriði eru ósönnuð af kæranda. Sýslumaður hefir fastlega mótmælt fyrra kæruatriðinu, og kærandi sjálfur hefir eigi haldið

því fram, að neinn kjósandi hafi ólöglega kosið vegna nefndra vottorðagjafa. Um síðara atriðið virðist gleymska og misskilningur oddvita þess, sem hlut átti að máli, hafa valdið því, að kjósandinn var eigi á kjörskrár-eintaki því, sem heima var í hreppnum.

2. Athugasemdir út af kosningu í Biskupstungnahreppi lúta eingöngu að formsatriðum. Umboðsmenn sumra keppinauta hinna kjörnu þingmanna Árnessýslu áskilja umbjóðendum með bókun hjá yfirkjörstjórn við atkvæðatalningu rétt til að kæra yfir misfellum kosninganna. En með bókun í kjörfundargerð í Biskupstungnahreppi átelja umboðsmenn þessir það, að hreppsstjóri, sem sjálfur var í kjöri, vék ekki úr kjörstjórn og að hann og settur hreppstjóri, í fjarveru þess skipaða, höfðu afhent fjórum eða fimm kjósendum, sem ekki gátu á kjörstað mætt, kjörgögn og veitt viðtöku bréflegum atkvæðum þeirra. Einnig hafa sömu menn átalið það, að kjörstjórn hafi ekki kosin verið fyrr en á kjördegi og að kjörbók fylgdi eigi kjörkassa eða lykill að honum frá yfirkjörstjórn.

Enda þótt því verði eigi neitað, að smávægilegir formgallar hafi verið um undirbúning kosningarinnar, er ekkert fram komið, er á nokkurn hátt bendir til þess, að reynt hafi verið að beita hlutdrægni við kosninguna eða hafa ólögleg áhrif á úrslit hennar.

Yfirleitt virðast aðfinnslur þær, sem fram hafa komið við kosningar í hvorutveggja framangreindra kjördæma, ekki gefa tilefni til neinna frekari ráðstafana af hendi Alþingis. Vér gerum því engar tillögur út af þeim.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Magnús Torfason, fundaskr. Bergur Jónsson.
Pétur Magnússon. Magnús Guðmundsson.

Sþ. 400. Þingsályktun

um gæzlu hagsmuna Íslands út af Grænlandsmálum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða á Grænlandi.

Ed.

401. Lög

um fiskimat.

(Afgreidd frá Ed. 20. ágúst).

1. gr.

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum, undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskírteinið.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar yfirmatsmennina og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í hinum ýmsu landsfjórðungum, er svo ákveðið fyrst um sinn, að fiskifulltrúi Íslands á Spáni og Ítalíu veiti yfirfiskimatsmönnum aðstoð sína og haldi fundi með þeim árlega, á þeim tíma, er hagkvæmast þykir.

Verði ágreiningur um einhver atriði, er máli skipta, milli þeirra, sker atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum forseta Fiskifélags Íslands, formanns Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og fulltrúa sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem þær kjósa á þingi hverju til eins árs í senn.

Fundarsamþykktir þessar og úrskurðir skulu gilda jafnt reglugerð, enda hafi ráðherra samþykkt.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu vera þessir:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi.
2. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu.
3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi
4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum.
5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmannaeyjum. Umdæmi hans er Vestmannaeyjar og Vík í Mýrdal.

Laun yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík skulu vera 4700 kr. auk 1000 kr. til skrifstofukostnaðar. Laun yfirfiskimatsmannanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu vera 4000 kr. til hvers þeirra, og laun yfirfiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum 3300 kr. Allir skulu þeir auk þess njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Tölu fiskimatsmanna má auka með fjárveitingu í fjárlögum, og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskútflutningsstað, svo marga sem yfirfiskimatsmaðurinn telur þurfa og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmaður tekst ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem hann er búsettur í, til þess að annast fiskimatsstörf í þarfir einhvers útflytjanda, skal útflytjandi greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvorttveggja eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

Kaup fiskimatsmanna fyrir starf þeirra við fiskimat greiði eigendur fiskjarins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipum eða öðrum, sem við skipin eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

7. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu skyldir að ferðast um í umdæmi sínu og utan þess, til þess að leiðbeina í fiskimeðferð og fiskimati, líta eftir hvorutveggja og kynnast því sem bezt. Þeir hafa heimild til þess að banna fisksöltun úr salti, sem þeir álíta ónothæft.

Á ferðum í þágu matsins, öðrum en þeim, er um getur í 5. gr., fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði, eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt fá þeir greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað vegna tilrauna með nýjar eða bættar verkunaraðferðir, rannsóknir á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, er lúta að auknu verðmæti hans, enda hafi ráðuneytið samþykkt, að slíkar tilraunir skyldu gerðar.

Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna fiskimatsstarfa.

8. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út saltfisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 500 til 10000 króna sektum í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 20000 kr.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, frá 19. júní 1922, um fiskimat.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 402. Lög

um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

3. gr.

Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25, — í stað „40“: 45 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglueftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

5. gr.

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er samkv. skoðunarvottorði mega flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla

bifreiðar og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð, notkun og skoðun bifreiða og annað það, er þarf til að gera umferð örugga.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Nd. 403. Lög

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1936.

Ed. 404. Lög

um Ríkisveðbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Ríkisveðbanki Íslands. Heimili bankans og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að kaupa íslenzk skuldabréf, sem út eru gefin af peningastofnunum, sem veita lán gegn fyrsta veðrétti í fasteignum. Fjár til skuldabréfakaupa þessara aflar bankinn með því að gefa sjálfur út skuldabréf, er nefnast skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands, og selja þau á innlendum eða erlendum peningamarkaði.

3. gr.

Til tryggingar skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands eru:

a. allar eignir bankans,
b. ábyrgð ríkissjóðs.

Má aldrei meira vera í umferð í senn af skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands en svo, að bankinn eigi jafnháa upphæð að gullgildi í skuldabréfum þeim, sem ræðir um í 8. gr., og auk þess tryggingarsjóð, er nemi að minnsta kosti 1/6 af upphæð skuldabréfa þeirra, sem í umferð eru.

4. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út í flokkum, og þarf samþykki fjármálaráðherra til útgáfu hvers flokks. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð skuldabréfanna, svo og um vaxtaupphæð og eindaga á vaxtagreiðslum. Skuldabréfin skulu öll háð innlausn, eftir útdrátt eða við kaup á verðbréfamarkaði, og kveður stjórn bankans nánar á um útdrátt og innlausn skuldabréfa hvers flokks. Skuldabréfin skulu undirrituð af stjórn bankans og af fjármálaráðherra.

5. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út til handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans eiganda að kostnaðarlausu. Svo getur og eigandi skuldabréfa fengið þau geymd endurgjaldslaust í fjármálaráðuneytinu, á ábyrgð ríkisins, og gefur þá fjármálaráðuneytið eiganda út geymsluskírteini um bréfin. Vextir af bréfum, sem þannig er komið í geymslu, sér fjármálaráðuneytið um, að sendir séu eiganda fyrir milligöngu bankans, í ávísunum, er greiðast eiga á einhverjum þeirra staða, þar sem greiðsla vaxta af skuldabréfunum og greiðsla útdreginna skuldabréfa á fram að fara. Sama gildir um skuldabréfsupphæðina

við innlausn bréfsins, enda skili eigandi fjármálaráðuneytinu þá geymsluskírteininu.

6. gr.

Greiðsla vaxta af skuldabréfunum og innlausn útdreginna skuldabréfa fer fram í þeim peningastofnunum eða verzlunarhúsum innanlands eða utan, sem stjórn bankans kveður á um.

7. gr.

Fjárhæð skuldabréfa Ríkisveðbanka Íslands skal ákveðin í íslenzkum krónum, en þó má einnig ákveða hana í dönskum, norskum eða sænskum krónum, frakkneskum frönkum, sterlingspundum eða amerískum dollurum. Ávaxta má fé ólögráða manna í skuldabréfum þessum, og skulu þau jafnan njóta sömu undanþágu frá skatti eða stimpilgjaldi til ríkissjóðs Íslands, sem skuldabréf útgefin fyrir ríkisskuldum Íslands erlendis njóta.

8. gr.

Skuldabréf þau, er Ríkisveðbanki Íslands kaupir samkv. 2. gr., eru aðeins
skuldabréf veðdeildar Landsbanka Íslands,
skuldabréf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og
skuldabréf byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði, þegar samsvarandi lagaákvæði verða sett þar um.

Skuldabréf þessi skulu gefin út á grundvelli fyrsta veðréttar tryggingar í fasteign, er eigi nemi meiru en ⅗ hlutum af virðingarverði hverrar fasteignar. Þau skulu vera háð innlausn að fullu, og tryggð með sameiginlegri ábyrgð lántakenda, eftir því sem segir í lögum og reglugerðum þessara stofnana, svo skal og vera löglegt að ávaxta fé ólögráða manna á Íslandi í bréfum þessum.

9. gr.

Í stjórn Ríkisveðbanka Íslands eiga sæti einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, einn af bankastjórum Búnaðarbanka Íslands og einn gæzlustjóri. Fjármálaráðherra skipar stjórn bankans til 3 ára í senn. Bankastjórarnir hafa ekki sérstök laun fyrir störf sín, en ráðherra ákveður laun gæzlustjóra.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans.

10. gr.

Bankastjórnin sendir fjármálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs ágrip af reikningum bankans, en í hver árslok ýtarlega skýrslu um starfsemi bankans á árinu og ársreikning hans. Reikninginn lætur fjármálaráðuneytið endurskoða, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Kostnaður allur við stjórn bankans og starfsemi greiðist af arðinum af starfsemi hans. Hrökkvi arðurinn eigi til greiðslu kostnaðarins, greiða stofnanir þær, sem Ríkisveðbankinn kaupir skuldabréf af, það, sem á vantar, að tiltölu

við skuldabréfakaup Ríkisveðbankans af hverri þessara stofnana um sig á reikningsári bankans, því, sem um er að ræða. Tekjuafgangur, er verða kann á starfsemi bankans, rennur í tryggingarsjóð hans, sbr. 3. gr., en þar til tryggingarsjóður þessi hefir náð þeirri lágmarksupphæð, sem greinir í 3. gr., leggja téðar stofnanir að þeirri tiltölu, sem að ofan greinir, fram það, sem á kann að vanta, að tryggingarsjóðurinn nemi lágmarksupphæðinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 405. Lög

um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. apríl.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þesshátta er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr.“ í 7. gr. laganna komi: 4 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir fjáreigandi, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, ekki nægar fóðurbirgðir handa fénaði sínum, ef harðan vetur gerir, og er honum þá skylt innan 2 vikna að útvega sér viðbótarforða eða fækka af fóðrum, svo sem þurfa þykir.

Vanræki fénaðareigandi skyldur sínar í þessu efni, skal hreppsnefndin útvega þann forða, er á vantar, svo fljótt sem verða má, og ber þá búfjáreiganda að greiða allan kostnað við útvegun forðans, flutning hans og geymslu, enda á hann rétt á að taka til forðans hvenær sem er að vetrinum, gegn fullri greiðslu eða tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda.

Sé ókleift að útvega fóður, er hreppsnefndinni rétt, með aðstoð fógeta, að koma fénaði aðilja í fóður, slátra honum eða selja, svo sem þurfa þykir.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsgr. 11. greinar laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 406. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

30. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Nd. 407. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurkaupstaður eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.

Nd. 408. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 387. (Síldareinkasala).

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Í stað orðanna »Meiri hluti fulltrúa Alþýðusambandsins skal kosinn úr hópi sjómanna« kemur: Fulltrúar Alþýðusambandsins skulu allir kosnir úr hópi sjómanna, og skulu 2 vera af Suðurlandi, 2 af Vesturlandi, 2 af Norðurlandi og 1 af Austurlandi.

Ed. 409. Breytingartillaga

við till. til þál. um Hafnarfjarðarveg.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Niðurlag tillögugreinarinnar, »gera áætlun um . . . . næsta þing«, skal orða svo: og gera á þessu hausti áætlun um kostnað slíks vegar.

Nd. 410. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu fjórir þeirra kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu til eins árs í senn, og jafnmargir varamenn á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn og varamann hans til jafnlangs tíma. Allir nefndarmennirnir skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ári. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. laganna falli niður. Í hennar stað komi:

Útflutningsnefnd ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því, er þurfa þykir. Hún ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf.

3. gr.

3. liður 4. gr. laganna orðist þannig:

Að selja fyrir einkasöluna í samráði við útflutningsnefnd o. s. frv.

4. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr., en í stað 11. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Aðalfundur Síldareinkasölunnar skal haldinn ár hvert á tímabilinu 20.—30. apríl, annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík, og skal útflutningsnefnd boða

til fundarins með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar einkasölunnar fyrir næsta ár á undan, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum útflutningsnefndar og framkvæmdarstjóra.
2. Lögð fram skýrsla útflutningsnefndar um reksturinn næsta ár á undan.
3. Kosnir fulltrúar í útflutningsnefnd, einn endurskoðandi og varamaður hans, báðir til eins árs í senn.
4. Ákveðin þóknun útflutningsnefndar og endurskoðenda fyrir næsta ár á undan, og sömuleiðis ferðakostnaður fulltrúa aðalfundar.
5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einkasölunnar.

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir af þeim útgerðarmönnum, er skip gerðu út á síldveiðar og lögðu inn síld til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip. 7 skulu kosnir af Alþýðusambandi Íslands, eða Alþýðusambandsstjórninni í þess stað, ef sambandsþing hefir ekki komið saman áður en kosning fer fram. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Fulltrúar Alþýðusambandsins skulu allir kosnir úr hópi sjómanna, og skulu 2 vera af Suðurlandi, 2 af Vesturlandi, 2 af Norðurlandi og 1 af Austurlandi. Fer kosningin að öðru leyti fram eftir þeim reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðiljum og á sama hátt. Þar, sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal hafa hlutfallskosningu.

Kjörtímabil fulltrúa á aðalfund sé tvö ár.

Til þess að aðalfundur sé lögmætur, þurfa minnst ⅔ kjörinna fulltrúa að sitja hann. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, og boðar þá útflutningsnefnd til hans á ný með minnst 14 daga fyrirvara, og getur sá fundur úrskurðað sig lögmætan, þó að skorta kunni á næga þátttöku.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar annan endurskoðanda einkasölunnar og varamann hans, báða til eins árs.

6. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

14. gr. laganna verður 13. gr. og orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Atvinnumálaráðherra kallar saman aukafund í nóvembermánuði 1931, skipaðan samkv. þessum lögum. Þó skal við kosningu útgerðarmanna til hans miða við skip þau, er gerð voru út á síldveiðar sumarið 1931.

Á þeim fundi skal kosin útflutningsnefnd og endurskoðandi samkvæmt þessum lögum.

Jafnframt skipar atvinnumálaráðherra fimmta manninn í nefndina, endurskoðanda og varamenn þeirra.

Hin nýja útflutningsnefnd og endurskoðendur taka við starfinu í ársbyrjun 1932, og fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útflutningsnefndar og endurskoðenda.

Útflutningsnefnd þessi og endurskoðendur gegna starfinu til þess tíma, er útflutningsnefnd og endurskoðendur eru kosnir á fyrsta reglulegum aðalfundi í maí 1932.

Nd. 411. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Frá Bernharði Stefánssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Í stað »Akureyri« í 10. gr. laganna kemur: Siglufirði.

Ed. 412. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form., frsm.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Nd. 413. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 14. gr. B. I. b. Liðinn skal orða svo:
   Til kennslu í lagalæknisfræði 500
2. Við 16. gr. 19. Nýr liður:
   Til Fiskveiðasjóðs Íslands 6000
3. Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
   Athugasemdin fellur niður.

Ed. 414. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. (JakM) mun bera fram breytingartillögu við frv.

Alþingi, 20. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.
Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed. 415. Þingsályktun

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1929.

(Afgreidd frá Ed. 20. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

I. Að flokka skuldir ríkisins í yfirliti yfir eignir og skuldir þannig:
   1. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna þarfa ríkisrekstrarins og hvíla á ríkissjóði um greiðslu afborgana og vaxta.
   2. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna sjálfstæðra stofnana:
      a. Skuldir, sem ætla má, að ríkissjóður verði að annast greiðslur af að einhverju eða öllu leyti.

b. Skuldir, sem stofnanirnar sjálfar annast allar greiðslur af.
Fela skal hagstofunni að annast þessar flokkanir.

II. Að láta fylgja yfirliti yfir eignir og skuldir skrá yfir ábyrgðir ríkissjóðs.

III. Að færa greiðslur (tekjur og gjöld) á reikning þess árs, sem þær tilheyra að réttu lagi, eftir því sem við má koma.

Ed. 416. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um byggingarfélög iðnaðarmanna.

Flm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um byggingarfélög iðnaðarmanna og leggja fyrir Alþingi svo fljótt, sem auðið er.

Greinargerð.

Nú hafa verið sett lög um verkamannabústaði, þótt lítt eða ekki sé komið til framkvæmda. En vegna takmörkunar í þeim lögum, ná þau ekki almennt til iðnaðarmanna, en þörf á að setja löggjöf þar um, er veiti nokkurn styrk til byggingaanna, og sérstaklega tryggi hentug lán. Að sjálfsögðu ber stjórninni við undirbúning þessarar löggjafar að hafa samvinnu við stéttarfélög iðnaðarmanna í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum, eftir því sem til þeirra næst.

Ed. 417. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hluti hennar vill ekki að svo stöddu taka afstöðu til þess, en við teljum rétt, að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi, til þess að það geti fengið endanlega afgreiðslu samtímis tillögum væntanlegrar milliþinganefndar í kjördæmamálinu.

Leggjum við því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. ágúst 1931.

Jón Þorláksson, frsm. Jakob Möller.

Ed. 418. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flm.: Jakob Möller.

Við 1. gr. Aftan við fyrra málslið bætist:
og þó aðeins fyrir fiskiskip, sem heimilisfang eiga í þeim lögsagnarumdæmum, sem slík undanþága er veitt fyrir.

Nd. 419. Breytingartillaga

við till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Aftan við tillögugreinina bætist ný málsgrein:
Nú hefir embættis- eða starfsmaður ríkisins 2500 kr. að árslaunum eða minna, og er ríkisstjórninni þá heimilt að láta hann njóta uppbótaraukans til ársloka 1931.

Ed. 420. Lög

um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.
Að Rauðuvík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. 421. Lög

um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 [*Útflutningsgjald af síld o. fl.*] o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:
Af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,00.

2. gr.

Endurgreiða skal innflutningstoll, hverju nafni sem nefnist, af kryddi og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, enda sé síldin komin á skipsfjöl til útflutnings og sannað með vottorði síldarmatsmanns, hve mikið af kryddi og sykri hefir verið látið í hverja tunnu síldarinnar.

Nd. 422. Fjárlög

fyrir árið 1932.

(Afgreidd frá Nd. 21. ágúst).

Samhljóða þskj. 391.

Nd. 423. Þingsályktun

um fátækraframfærslu.

(Afgreidd frá Nd. 21. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframfærslunni kemur misjafnlega niður.

Ed. 424. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 16, 19. maí 1930 [*Laun embættismanna*].

Frá dómsmálaráðherra.

Fyrir „til ársloka 1933“ í frumvarpsgreininni komi: til ársloka 1932.

Ed. 425. Þingsályktun

um Hafnarfjarðarveg.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað rannsaka, hvar heppilegast sé frambúðarvegarstæði milli Hafnarfjarðar annarsvegar og Suðurlandsbrautar og Reykjavíkur hinsvegar, og gera á þessu hausti áætlun um kostnað slíks vegar.

Ed. 426. Lög

um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig:

að hann sanni með skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 5 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra. Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þúsund krónur.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 427. Lög

um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1932.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skipti 1932.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

2. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

3. gr.

2. og 3. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein:

6. gr.: Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 5. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1929 og gefa þau út svo breytt sem lög um verkamannabústaði.

Ed. 428. Fjáraukalög

fyrir árið 1930.

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1930, eru veittar samkvæmt 2.—10. gr. hér á eftir kr. 978017.19.

2. gr.

	Kr.	Kr.
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:		
Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum		35000.00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
Kostnaður við tollmerkingu og söfnun innflutningsskýrslna		33057.27

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
1. Húsgögn handa skrifstofu landlæknis	800.00	
2. Til aðgerðar á gamla spítalanum á Kleppi	35000.00	
3. Til nýja spítalans á Kleppi, til byggingar	7000.00	
4. Kostnaður vegna mænusóttar	1000.00	
		43800.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
1. Póst- og símahús á Selfossi	30000.00	
2. Innanstokksmunir handa póst- og símahúsi í Neskaupstað	1173.50	
3. Kostnaður til póstmálanefndar	3500.00	
4. Flugfélagið, til rekstrarkostnaðar	20000.00	
5. Til flutningaferða til Öræfa	500.00	
6. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	16421.77	
7. Aðgerð á bátabryggju á Blönduósi	2000.00	
8. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	2089.47	
		75684.74
Flyt		187542.01

		Kr.	Kr.
	Flutt		187542.01
	6. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:		
1.	Uppfylling á kirkjugarði í Reykjavík	8296.65	
2.	Undirbúningur undir nýjan kirkjugarð í Rvík	18444.00	
3.	Kostnaður til kirkjumálanefndar	4799.85	
4.	Ferðakostnaður handa biskupi á Ólafshátíð í Þrándheimi	1200.00	
5.	Aðgerð og breyting á menntaskólanum í Reykjavík	10000.00	
6.	Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti	2000.00	
7.	Aðgerð á Kennaraskólanum	7466.07	
8.	Til byggingar á skólahúsinu á Hólum	3905.62	
9.	Finnbogi R. Valdimarsson: Viðbótarstyrkur til þjóðréttarnáms í Genève	1000.00	
10.	Til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til að sækja námsskeið í sambandi við heilbrigðismálasýningu í Dresden	1200.00	
			58312.19
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við girðingu um listasafnshús Einar Jónssonar	2845.70	
2.	Styrkur til dr. Bjargar Þorláksdóttur	1175.54	
3.	Hreingerning og málning á Landsbókasafnshúsinu	2000.00	
4.	Vilhjálmur Þ. Gíslason, aðstoð á Landsbókasafninu í fjarveru Árna Pálssonar bókav.	2333.30	
			8354.54
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1.	Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins	7347.44	
2.	Til Björns Pálssonar, fyrir kjöteftirlit	1929.70	
3.	Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra	1000.00	
4.	Til Skeiðaáveitunnar	3000.00	
5.	Til sjómælinga og rannsókna	32379.65	
6.	Kostnaður til nefnda til að athuga veiði í vötnum og ám	2700.00	
7.	Kostnaður til undirbúnings tryggingarstarfsemi	6800.00	
8.	Kostnaður við rannsókn og lækningar á fjárpest	9386.09	
9.	Kostnaður við kaup og innflutning sauðnauta	8460.75	
			73003.63
	Flyt		327212.37

		Flutt	327212.37
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1.	Séra Páll Stephensen, fyrrv. prestur, frá 1. júní 1929 til 31. des. 1930	786.91	
2.	Þórður Ólafsson, fyrrv. prestur, frá 1. júní 1929 til 31. des. 1930	820.20	
3.	Helgi P. Hjálmarsson, fyrrv. prestur, frá 1. júní	387.91	
4.	Kjartan Helgason, fyrrv. prestur, frá 1. júní	2450.00	
5.	Frú Kristín Jónsdóttir, ekkja séra Bjarna Símonarsonar, frá 1. júní	245.00	
6.	Þóroddur Bjarnason, fyrrv. bréfberi, frá 1. ágúst	350.00	
7.	Guðmundur Kamban, rithöfundur, frá 1. júní	1633.33	
8.	Ögmundur Sigurðsson, fyrrv. skólastjóri, frá 1. okt.	700.00	
9.	Frú Ásta Magnúsdóttir, kennaraekkja	280.00	
10.	Gunnlaugur Indriðason veðurfræðingur, frá 1. júní	571.66	
			8225.01
	10. gr.		
1.	Greiðslur til hátíðan. Alþingis vegna hátíðarinnar	462930.35	
2.	Greiðslur til húsameistara vegna Alþingishátíðarinnar	130000.00	
3.	Aukinn lögreglukostnaður vegna Alþingishátíðarinnar	16069.00	
4.	Kostnaður vegna sænska ullarmálsins (greitt erlendis)	10000.00	
5.	Greitt Páli Torfasyni, uppbót fyrir aðstoð við töku enska lánsins 1921	10000.00	
6.	Greitt fyrir reikningsvélar handa gjaldheimtum.	1845.15	
7.	Greitt fyrir peningaskápa handa embættismönnum	1230.00	
8.	Kostnaður við landskjörið 1930	3681.01	
9.	Kostnaður við rannsókn á Íslandsbanka og útibúum hans	6824.30	
			642579.81
		Kr.	978017.19

Ed. 429. Lög

um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 [*Slysatryggingalög*].

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:
Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:
„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri".

2. gr.

Við 2. gr.
Fyrir „3 mönnum" komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

4. gr.

Við 4. gr.
Aftan við a.-lið bætist: Auk þess skal greiða læknishjálp og ⅔ hluta lyfja- og umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður um upphæðina, sker slysatryggingin úr.

5. gr.

Við 5. gr.
Í staðinn fyrir „300 kr." (tvisvar) komi: 600 kr. — og í staðinn fyrir „600 kr." komi: 1200 kr.

6. gr.

Við 8. gr.
a. Aftan við málsgreinina bætist:
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.
b. Á eftir orðinu „róðrarbáta" í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

7. gr.

Við 12. gr.
Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt

er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

8. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 1. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

9. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskylt fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

10. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 430. Lög

um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 21. ágúst).

1. gr.

Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef birgðirnar eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. og 14. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur þó ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins".

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. okt. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. okt. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð, og skal honum varið á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ríkisstjórn-

in setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Á umbúðum allra tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins".

14. gr.

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 431. Breytingartillögur

við frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. Við 2. gr. Inn í greinina bætist á eftir orðunum »ábyrgð Borgarfjarðarsýslu«: enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis.

Ed. 432. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 2. gr. Inn í greinina bætist á eftir orðunum: »sýslunefndar Skagafjarðarsýslu«: enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis.

Ed. 433. Breytingartillögur

við frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 2. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist: enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

Sþ. 434. Tillaga

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót til 30. september 1931 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Nú hefir embættis- eða starfsmaður ríkisins 2500 kr. að árslaunum eða minna, og er ríkisstjórninni þá heimilt að láta hann njóta uppbótaraukans til ársloka 1931.

Ed. 435. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 26, með breytingunum á þskj. 431.

Ed. 436. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 30, með breytingunum á þskj. 432.

Ed. 437. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Dalvík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 61, með breytingunum á þskj. 433.

Nd. 438. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir nokkuð athugað tillögu þessa og viðurkennir, að þörf geti verið á gæzlu um þær slóðir, sem tillagan ræðir um, og þó einkanlega

á Húnaflóa og fyrir Vestfjörðum. Hinsvegar álítur hún eigi fært að staðbinda varðskipin mjög fram yfir það, sem gert hefir verið með samningi um eftirlit við Vestmannaeyjar, nema því aðeins, að samningar komi til af hálfu héraðanna. Á svæðinu á milli Tjörness og Skaga virðist eigi mikil þörf á eftirliti þessu, þar sem vetrarvertíð er þar engin. Vill nefndin því sérstaklega láta beina eftirlitinu að Vestmannaeyjum og leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskipið Þór, eftir því sem atvik leyfa, hafa eftirlit og gæzlu með fiskibátum milli Skagatár og Látrabjargs á haustvertíð og vetrar, þegar skipið er ekki bundið við gæzlu á miðum Vestmannaeyja samkvæmt samningum.

Alþingi, 22. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Ed. 439. Breytingartillögur

við frv. til l. um íbúðarhús á prestssetrum.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo:
   Skal styrkurinn nema 12000 kr. til hvers húss.
2. Við 28. gr. Greinin falli burt.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um hýsing prestssetra.

Nd. 440. Frumvarp

til laga um hýsing prestssetra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 271, með breytingunum á þskj. 439.

Ed. 441. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um leyfi til að reka útvarpsstöð.

Frá allsherjarnefnd.

Formaður treystir sér ekki til að ráða til, að tillagan verði samþykkt, þar sem hvorki liggja fyrir meðmæli útvarpsráðs, útvarpsstjóra né verkfræðings útvarpsins, fundaskrifari gerir grein fyrir afstöðu sinni í deildinni, en 4. landskjörinn leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 22. ágúst 1931.

Magnús Torfason, form. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pétur Magnússon.

Ed. 442. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndinni hefir ekki unnizt tími til að athuga mál þetta eins og þarf, og leggur því eftir atvikum til, að það verði afgreitt með svolátandi

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin athugi, á hvern hátt bezt mætti gera kjör barnakennara viðunandi og leggi frumvarp þar um fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason, form. Magnús Torfason, frsm., fundaskr.

Sþ. **443. Lög**

um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Afgreidd frá Sþ. 22. ágúst).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

30. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Nd. **444. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 438 (Björgunarstarf).

Frá Pétri Ottesen.

Aftan við tillögugreinina bætist:

og ennfremur að láta annaðhvort hinna varðskipanna hafa samskonar eftirlit og gæzlu á vetrarvertíð á Faxaflóa.

Sþ. **445. Þingsályktun**

um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 22. ágúst).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót til 30. september 1931 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Nú hefir embættis- eða starfsmaður ríkisins 2500 kr. að árslaunum eða minna, og er ríkisstjórninni þá heimilt að láta hann njóta uppbótaraukans til ársloka 1931.

Nd. 446. Þingsályktun

um ráðstafanir gegn dýrtíð og atvinnuleysi.

(Afgreidd frá Nd. 22. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt heppilegast sé að vinna gegn dýrtíð þeirri, sem nú ríkir í landinu, einkanlega í Reykjavík, svo og gegn yfirvofandi atvinnuleysi, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Sérstaklega athugist:

a. Möguleikar til lækkaðrar húsaleigu.
b. Óeðlilega hár verzlunarkostnaður innlendrar og erlendrar vöru.
c. Leiðir til að vinna gegn yfirvofandi atvinnuleysi.

Ed. 447. Lög

um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

(Afgreidd frá Ed. 22. ágúst).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu fjórir þeirra kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu til eins árs í senn, og jafnmargir varamenn á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn og varamann hans til jafnlangs tíma. Allir nefndarmennirnir skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ári. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. laganna falli niður. Í hennar stað komi:

Útflutningsnefnd ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því, er þurfa þykir. Hún ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf.

3. gr.

3. liður 4. gr. laganna orðist þannig:

Að selja fyrir einkasöluna í samráði við útflutningsnefnd o. s. frv.

4. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr., en í stað 11. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Aðalfundur Síldareinkasölunnar skal haldinn ár hvert á tímabilinu 20.—30. apríl, annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík, og skal útflutningsnefnd boða til fundarins með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar einkasölunnar fyrir næsta ár á undan, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum útflutningsnefndar og framkvæmdarstjóra.
2. Lögð fram skýrsla útflutningsnefndar um reksturinn næsta ár á undan.
3. Kosnir fulltrúar í útflutningsnefnd, einn endurskoðandi og varamaður hans, báðir til eins árs í senn.
4. Ákveðin þóknun útflutningsnefndar og endurskoðenda fyrir næsta ár á undan, og sömuleiðis ferðakostnaður fulltrúa aðalfundar.
5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einkasölunnar.

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir af þeim útgerðarmönnum, er skip gerðu út á síldveiðar og lögðu inn síld til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip. 7 skulu kosnir af Alþýðusambandi Íslands, eða Alþýðusambandsstjórninni í þess stað, ef sambandsþing hefir ekki komið saman áður en kosning fer fram. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Fulltrúar Alþýðusambandsins skulu allir kosnir úr hópi sjómanna, og skulu 2 vera af Suðurlandi, 2 af Vesturlandi, 2 af Norðurlandi og 1 af Austurlandi. Fer kosningin að öðru leyti fram eftir þeim reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðiljum og á sama hátt. Þar, sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal hafa hlutfallskosningu.

Kjörtímabil fulltrúa á aðalfund sé tvö ár.

Til þess að aðalfundur sé lögmætur, þurfa minnst ⅔ kjörinna fulltrúa að sitja hann. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, og boðar þá útflutningsnefnd til hans á ný með minnst 14 daga fyrirvara, og getur sá fundur úrskurðað sig lögmætan, þó að skorta kunni á næga þátttöku.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar annan endurskoðanda einkasölunnar og varamann hans, báða til eins árs.

6. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

14. gr. laganna verður 13. gr. og orðist þannig:
Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Atvinnumálaráðherra kallar saman aukafund í nóvembermánuði 1931, skipaðan samkv. þessum lögum. Þó skal við kosningu útgerðarmanna til hans miða við skip þau, er gerð voru út á síldveiðar sumarið 1931.

Á þeim fundi skal kosin útflutningsnefnd og endurskoðandi samkvæmt þessum lögum.

Jafnframt skipar atvinnumálaráðherra fimmta manninn í nefndina, endurskoðanda og varamenn þeirra.

Hin nýja útflutningsnefnd og endurskoðendur taka við starfinu í ársbyrjun 1932, og fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útflutningsnefndar og endurskoðenda.

Útflutningsnefnd þessi og endurskoðendur gegna starfinu til þess tíma, er útflutningsnefnd og endurskoðendur eru kosnir á fyrsta reglulegum aðalfundi í maí 1932.

Ed. 448. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um byggingarfélög iðnaðarmanna.

(Afgreidd frá Ed. 22. ágúst).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um byggingarfélög iðnaðarmanna og leggja fyrir Alþingi svo fljótt, sem auðið er.

Nd. 449. Tillaga

til þingsályktunar um kartöflukjallara og markaðsskála.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson og Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um kartöflukjallara og markaðsskála, á sama grundvelli og frumvarp um þetta efni, er afgreitt var til efri deildar á þessu þingi, og gera jafnframt nauðsynlegar rannsóknir, er flýtt geti fyrir framgangi málsins.

Nd. 450. Lög

um ríkisbókhald og endurskoðun.

(Afgreidd frá Nd. 22. ágúst).

I. KAFLI.

Skilgreining hugtaka.

1. gr.

Ríkisbókhald nefnist í lögum þessum allt það bókhald, sem ríkisbókara er falið.

Ríkisstofnun er í lögum þessum talin hver sú stofnun, sem rekin er fyrir reikning ríkissjóðs.

Reikningshaldari er nefndur hver sá starfsmaður ríkisins, sem hefir með höndum opinber reikningsskil (sbr. auglýsingu um reglugerð um opinber reikningsskil frá 11. des. 1929).

II. KAFLI

Ríkisbókhald.

2. gr.

Í ríkisbókhaldinu skal bókfæra eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu öll fjárviðskipti íslenzka ríkisins. Viðskiptin skal bókfesta samkvæmt gögnum frá ríkisféhirði um út- og innborganir, er hann afhendi bókhaldinu daglega, og samkvæmt tilkynningum fjármálaráðuneytisins, reikningum og skilagreinum frá ríkisstofnunum, reikningshöldurum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni ríkisins í vörzlu eða annast útborganir, innheimtu eða önnur viðskipti fyrir þess

hönd. Ríkisstofnanir og umboðsmenn þeir, sem að framan getur, eru skyldir að hafa fullkomið bókhald yfir þær fjárreiður ríkisins, sem þeim er falið að annast, og haga skilagreinum og reikningum til ríkisbókhaldsins svo, sem fjármálaráðuneytið fyrirskipar. Fjármálaráðuneytið getur og sett reglur um, hversu bókhaldi ríkisstofnana og opinberra reikningshaldara skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstofnanir skulu bókfæra í bókum sínum allar þær ríkiseignir, er þær hafa undir höndum, og skuldir, sem þeim er ætlað sjálfum að standa straum af.

Efnahagsreikningar stofnana þessara séu felldir inn í ríkisbókhaldið, og jafnframt inn á aðalreikning ríkisins yfir eignir og skuldir.

Allar þær eignir og skuldir ríkisins, sem ekki eru bókfærðar hjá einstökum ríkisstofnunum, skulu færðar í bókum ríkisbókhaldsins.

Fjármálaráðuneytið segir fyrir um, hverjar ríkisstofnanir skuli bókfæra eignir og skuldir samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytið ákveður í samráði við forstöðumenn ríkisstofnana, með hvaða verði eignir ríkisins skuli bókfærðar.

4. gr.

Bækur ríkisbókhaldsins skulu færðar þannig, að samkvæmt þeim verði saminn, í lok reikningsárs, ríkisreikningur Íslands. Reikningi þessum sé þann veg fyrir komið, að af honum verði séð rekstrarniðurstaða þjóðarbúsins. Sé þess vandlega gætt að gera greinarmun á raunverulegum tekjum og gjöldum og öðrum viðskiptum, sem ekki hafa áhrif á rekstrarútkomuna.

Þessir séu lokakaflar í ríkisreikningi Íslands:

1. Rekstrarreikningur, er sýni rekstrarniðurstöðu þjóðarbúsins. Þar skal tilgreind fyrning á eignum ríkisins.
2. Sjóðyfirlit, er sýni breytingar á peningaforða ríkissjóðs og af hvaða ástæðum þær hafa orðið.
3. Efnahagsreikningur, er sýni eignir og skuldir ríkisins í lok reikningsársins.

Efnahagsreikningi fylgi yfirlit um ástæður til breytinga á skuldlausri eign ríkisins.

Sá hluti ríkisreikningsins, sem sundurliðaður er, skal saminn í samræmi við fjárlög, og skulu yfirlitsreikningarnir samdir samkvæmt honum.

5. gr.

Fjárlög skulu samin í tveim köflum. Í fyrri kaflanum séu áætlanir og fjárveitingar tekna og gjalda, og skulu niðurstöðutölur þess kafla ríkisreiknings færðar á rekstrarreikning. Í síðari kafla skulu færðar fjárveitingar og áætlanir, sem ekki hafa áhrif á rekstrarútkomu, og skulu niðurstöðutölur þess kafla í ríkisreikningi færðar á sjóðyfirlit.

Með fjárlögum sé ákveðin fyrning á eignum ríkisins.

6. gr.

Forstöðumaður ríkisbókhaldsins nefnist ríkisbókari, og skal hann skipaður af fjármálaráðherra. Ber hann ábyrgð á því, að störf stofnunarinnar séu leyst af hendi sem vera ber samkvæmt lögum þessum og reglum þeim, sem settar verða um þau efni. Ennfremur ber ríkisbókhaldinu að gæta þess í samvinnu við ríkisendurskoðunina, að ríkisstofnanir og umboðsmenn ríkisins fylgi í öllu fyrirmælum um reikningsskil þeirra, sem sett eru með lögum þessum eða síðar kunna að verða sett með lögum, reglugerðum eða öðrum bindandi fyrirmælum.

Ríkisbókari hefir sömu laun og ríkisféhirðir.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starfstilhögun í ríkisbókhaldinu og um samvinnu þess við ríkisféhirði. Einnig ákveður ráðuneytið, hver aðstoð ríkisbókara er veitt við störf hans.

Fjármálaráðherra setur ríkisbókara erindisbréf.

III. KAFLI.

Endurskoðun.

8. gr.

Endurskoða skal alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana. Við endurskoðunina ber þess að gæta:

1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og samdir samkvæmt réttum bókhaldsreglum og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
2. Að greiðslur allar og viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga.
3. Að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkvæmt fyrirmælum, og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt.
4. Að fulls sparnaðar og hagsýni sé gætt við rekstur þann, er reikningarnir hljóða um.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar með reglugerð.

9. gr.

Endurskoðun á reikningum ríkisstofnana og reikningshaldara, sem um getur í 2. gr., skal framkvæmd af fjármálaráðuneytinu, svo og endurskoðun á reikningum allra þeirra sjóða, sem háðir eru varðveizlu eða eftirliti ríkisins. Þó er fjármálaráðuneytinu heimilt fyrst um sinn að fela mönnum utan ráðuneytisins að endurskoða hjá reikningshöldurum utan Reykjavíkur.

10. gr.

Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins.

Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefir verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, ennfremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna.

11. gr.

Þar, sem slíkt þykir henta, fer endurskoðun samkvæmt 8. og 9. gr. fram í skrifstofum þeirra stofnana eða einstaklinga, sem í hlut eiga.

12. gr.

Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að ríkisstofnanir endurskoði reikninga undirmanna sinna, er gera þeim reikningsskil, enda gefi viðkomandi stofnun ráðuneytinu skýrslu um tillögur þeirrar endurskoðunar, þegar hún skilar reikningum sínum til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan fara fram dreifikönnun á reikningum þeim, sem þannig hafa verið endurskoðaðir, eftir því, sem ástæða þykir til.

13. gr.

Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Yfirskoðunarmönnum er heimilt að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr. laga þessara.

Yfirskoðunarmenn geta krafizt upplýsinga um hvert það atriði, sem þeim eigi þykir nægilega ljóst í reikningum ríkisins eða bókum ríkisbókhaldsins.

Ennfremur geta þeir lagt fyrir fjármálaráðuneytið að rannsaka nánar hvert það atriði í reikningum þeim, sem ráðuneytið hefir endurskoðað, en eigi þykir nægilega upplýst.

14. gr.

Yfirumsjón með allri endurskoðun fjármálaráðuneytisins skal falin einum af endurskoðendum þess, og nefnist hann aðalendurskoðari. Hann skal hafa sérþekkingu á endurskoðun og reikningsfærslu

Aðalendurskoðari stendur beint undir fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra skal setja reglur um starf hans og afstöðu í fjármálaráðuneytinu og setja honum erindisbréf.

Aðalendurskoðari skal ennfremur hafa umsjón með störfum ríkisbókhaldsins fyrir hönd fjármálaráðherra eftir því, sem ráðherra nánar ákveður.

Aðalendurskoðari sé skipaður af fjármálaráðherra. Hann hefir laun sem skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur framkvæma sjóðtalningu hjá ríkisféhirði, ríkisstofnunum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni hins opinbera undir höndum, svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undir ákvæði þessarar greinar fellur eftirlit með frímerkjaútgáfu og birgðum póstsjóðs.

Þar, sem endurskoðun er hagað samkvæmt 12. gr., getur fjármálaráðuneytið krafizt, að ríkisstofnun láti vottorð um sjóðtalningu hjá undirmönnum sínum fylgja aðalreikningi.

Hafi sami maður fjárreiður fyrir fleiri en eina ríkisstofnun, skal sjóðtalningu hagað þannig, að samtímis séu taldir sjóðir beggja eða allra stofnananna, annaðhvort af sama endurskoðanda, eða endurskoðendur séu mættir til starfans í sama mund.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 50 kr. á dag, unz úr er bætt.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

IV. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir o. fl.

17. gr.

Ríkisreikninga Íslands fyrir árið 1930 skal semja samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem unnt er. Fylgja skulu reikningunum svo fullnægjandi skýringar, að fullur samanburður fáist á fjárveitingum og eyðslu og einnig samanburður við önnur ár.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin öll ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Nd. 451. Lög

um breyting á lögum nr. 16, 10. maí 1930 [Laun embættismanna].

(Afgreidd frá Nd. 22. ágúst).

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ í lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Nd. **452. Lög**

um hýsing prestssetra.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

I. KAFLI.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús á prestssetrum. Skal styrkurinn nema 12000 kr. til hvers húss.

3. gr.

Að því leyti sem styrkur samkvæmt 2. gr., að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrum, nægir ekki fyrir byggingarkostnaði, veitir kirkjujarðasjóður lán til greiðslu hans, þó ekki yfir 8000 kr. á hús. Lán þessi ávaxtast og afborgast með 4% á ári, og eru af því 3½% vextir, en ½% afborgun.

4. gr.

Lán þau, er í 3. gr. getur, eru embættislán og tryggð með launum hlutaðeigandi prests, þeim er úr ríkissjóði greiðast, og má halda árlegum greiðslum eftir af launum með jafnri fjárhæð á mánuði hverjum, enda er presti jafnan skylt að búa í húsi, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema leyfi biskups komi til.

5. gr.

Nú óskar prestur, að íbúðarhús sé reist á prestssetri, og skal hann þá senda beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins um hendur prófasts og biskups, sem skulu láta uppi álit sitt um nauðsyn prests. Í beiðninni skal lýst nákvæmlega ástandi bæjarhúsa, enda fylgi henni mat úttektarmanna á verðgildi þeirra.

6. gr.

Nú berst kirkjumálaráðherra beiðni samkvæmt 5. gr., og lætur hann þá, ef prófastur og biskup hafa mælt með beiðninni, byggingarfróðan mann rannsaka aðstöðu um innlent efni, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt af húsinu og kostnaðaráætlun. Stærð húss skal miðuð við aðstöðu á hverjum stað, og presti skal jafnan gefið tækifæri til að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara, enda greiðir hann sjálfur þann hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram styrk og lán eftir 2. og 3. gr., nema ófullnægjandi kostnaðaráætlun eða

verðlagsbreytingum á vinnu eða efni verði um kennt, að dómi ráðherra. Þá greiðir ríkissjóður helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun.

Nú fær prestur ekki greitt þann hluta byggingarkostnaðar, er honum ber, og má þá kirkjujarðasjóður veita honum embættislán fyrir því, er til vantar, með sömu vöxtum sem í 3. gr. segir, en þrefalt hærri afborgun.

7. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur ráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirsmiðs skal húsameistari samþykkja.

8. gr.

Helmingur styrks þess, er í 2. gr. getur, greiðist er ráðuneytið fær skilríki fyrir því, að meginhluti efnis sé komið á byggingarstaðinn, enda sé timbur vátryggt. Hinn helmingur styrksins greiðist þegar húsið er fokhelt. Lánsfé greiðist þegar ráðuneytinu hafa borizt fullnægjandi skilríki frá trúnaðarmanni sínum, um að húsið sé fullgert eftir uppdrætti og vel vandað í öllu.

9. gr.

Nú berast ráðuneytinu fleiri beiðnir presta um íbúðarhús en svo, að veitt upphæð í fjárlögum hrökkvi til, og skal þá taka til greina beiðnir þeirra, sem brýnasta hafa þörf.

10. gr.

Umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á prestssetrum skulu komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár.

11. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans.

12. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum eftir að ráðstafað hefir verið fjárveitingu, sem fyrir hendi er til byggingar á prestssetri, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að reisa íbúðarhús samkvæmt þessum lögum, að því leyti sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestakallsins hrekkur ekki til endurbyggingar.

13. gr.

Prestur skal á eiginn kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Prófastur og biskup skulu líta eftir á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt, og skýra ráðuneytinu frá, ef áfátt er. Ef

prestur lætur hjá líða að bæta úr þessu eftir að hann hefir fengið áminningu, er ráðuneytinu rétt að láta aðgerð fara fram á hans kostnað og taka greiðslu af launum hans.

14. gr.

Nú er reist hús á prestssetri eftir þessum lögum, og skal prestur þá árlega leggja fram ½% af styrk samkvæmt 2. og 18. gr. í sjóð, sem er eign prestakallsins og nefnist fyrningarsjóður. Sjóð þennan skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón biskups, en framlagi prests skal halda eftir af launum hans með $^1/_{12}$ á mánuði.

15. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands, og gætir biskup þess. Brunabótagjaldið greiðir prestur, og skal það tekið af launum hans þegar biskup óskar.

16. gr.

Þegar endurbyggja þarf hús vegna fyrningar, skal til þess nota það fé með vöxtum, sem í fyrningarsjóð prestakallsins hefir safnazt, eftir því sem með þarf, og skal Söfnunarsjóður inna það af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er greiðslu var krafizt.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, er endurbyggja þarf íbúðarhús, eða við brottför prests úr kalli, að viðhaldi var áfátt, og skal þá prestur eða dánarbú hans bæta eftir mati úttektarmanna.

18. gr.

Ef húsameistari ríkisins telur ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, þá er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr kirkjujarðasjóði, og séu tveir þriðju hlutar þess styrkur en þriðjungur lán, er ávaxtist og endurgreiðist með 4½% á ári. Þar af eru 3½% vextir og 1% afborgun. Að öðru leyti fer um endurbætur þessar eða viðbyggingu eftir sömu reglum og þá er ný hús eru reist á prestssetrum, eftir því, sem við getur átt.

19. gr.

Nú hefir reist verið eða endurbætt íbúðarhús á prestssetri eftir eldri lögum, fjárlögum eða stjórnarráðstöfunum, og er presti þá ekki skylt að greiða hærri upphæð samtals í vexti og afborgun af lánum, sem veitt hafa verið til byggingarinnar, eða afgjald af byggingarstyrk, en honum bæri að greiða af íbúðarhúsi, sem reist er eða endurbætt eftir lögum þessum, og aldrei yfir 320 kr. Auk þess annist hann á sinn kostnað vátryggingu og viðhald eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum um ný hús, og greiði árlegt gjald í fyrningarsjóð, er nemi ½% af láni eða styrk, þó ekki yfir 80 kr.

II. KAFLI.

Um byggingar peningshúsa.

20. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld og kvaðir á ábýlisjörðum sínum og því, er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum úr steinsteypu eða timbri og járni, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlöður teljast með peningshúsum.

21. gr.

Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald samkv. 17. gr., og lætur ráðuneytið þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef hún reynist nauðsynleg, lætur ráðuneytið hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 6. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkv. þeim uppdrætti eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

Ríkissjóður leggur fram járn og steinlím til byggingarinnar.

22. gr.

Þegar peningshús hefir verið reist samkv. lögum þessum, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins. Og ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

23. gr.

Nú er, að dómi ráðuneytisins, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús en svo, að 3 ára eftirgjald og kvaðir á prestssetrinu hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum. Lánar ráðuneytið þá fé úr kirkjujarðasjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járni og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ráðuneytisins.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

24. gr.

Lán samkv. 22. gr. eru embættislán, gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurborgast með 4½% á ári. Af því eru 3½% vextir og 1% afborgun.

25. gr.

Ábúandi greiði árlega 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í „fyrningarsjóð peningshúsa“.

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 13. gr.

26. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 14. og 16. gr. um fyrningarsjóð íbúðarhúsa.

27. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flyzt burtu áður en afgjöld prestssetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans samkv. 18. og 22. gr., og endurgreiðir þá ráðuneytið fráfaranda eða dánarbúi hans það, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30, 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, 20. okt. 1913.

Nd. 453. Lög

um hafnargerð á Akranesi.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Akraness. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki sam-

komulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til

lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd.

454. Lög

um hafnargerð á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn 3/5 hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkróks-

hrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.

b. Vitagjald.
c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum,

ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 455. Lög

um hafnargerð á Dalvík.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, ⅖ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi ⅖ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi ⅕ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. grein.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að ½ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að helmingi af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin,

með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. # 456. Fjáraukalög

fyrir árið 1929.

(Afgreidd frá Ed. 24. ágúst).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld, sem talin eru í fjárlögum 1929, eru veittar kr. 2128758.27 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		kr.	
Við	2. Utanfarir ráðherra	5014.90	
—	4. Annar kostnaður	36656.51	
—	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	3093.02	
—	6. b. Til pappírs og prentunar	6817.73	
	c. Kostnaður við sending	355.17	
—	7. Til umbóta og viðhalds á ráðherrabústaðnum og stjórnarráðshúsinu	4885.21	
			56822.54

II. Hagstofan.

Við	2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	1832.06	
—	3. Prentun eyðublaða	837.04	
—	4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	396.45	
—	5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ..	7012.64	
—	6. Til þess að gefa út manntal 1703 ..	121.10	
			10199.29

III. Utanríkismál o. fl.

Við	1. d. Til skrifstofuhalds	1699.50	
—	4. Kostn. við sambandslaganefnd	2054.80	
			3754.30
			70776.13
		Flyt	70776.13

			Flutt	70776.13

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

Við	8.	Til landhelgisgæzlu	101774.24	
—	10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	7126.57	
—	11.	Annar sakamálakostn. og lögreglumála m. m.	98809.49	
—	13.	Borgun til setu- og varadómara	6623.75	
				214334.05

B. Sameiginlegur kostn. við emb.rekst.

Við	1.	a. Burðareyrir	16158.29	
		b. Embættisskeyti	3262.67	
—	2.	Brunaábyrgðargjöld o. fl.	5295.15	
—	3.	Til embættiseftirlitsferða	10109.41	
—	4.	Til skattanefndarkostnaðar	78860.14	
—	5.	Eyðublöð o. fl.	38647.22	
				152332.88
				366666.93

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

Við	2.	Skrifstofukostn. landlæknis	2343.49	
—	3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn	1000.00	
—	8.	Til geislalækningastofu ríkisins	3000.00	
—	10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða	862.20	
—	11.	Holdsveikraspítalinn	17208.85	
—	12.	Geðveikrahælið á Kleppi	13284.92	
—	13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5319.50	
—	15.	a. Til að ljúka við bygg. Kleppsp.	113736.67	
—		d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	710.20	
—		j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	432.45	
—		o. Til styrktar mönnum, sem þurfa gervilimi	1578.77	
—		n. Til Evu Hjálmarsdóttur	84.24	
				159561.29
			Flyt	597004.35

			Flutt	597004.35

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál:

Við	2. Póstflutningar	47584.03		
—	3. a. Skrifstofukostnaður	4799.29		
	b. Skrifstofukostn. utan Rvíkur	600.00		
	d. Önnur gjöld	3363.30		
			56346.62	

B. Vegamál:

Við	I. 3. Ferðakostn. og fæðispeningar	4626.89		
—	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	12757.96		
—	5. Skrifstofukostnaður	3474.39		
—	II. Þjóðvegir:			
—	a. 1. Kjalarnesvegur	4208.07		
—	4. Vesturlandsvegur	13196.89		
—	6. Laugardalsvegur	5883.84		
—	7. Vallhólmsvegur	5474.43		
—	11. Hróarstunguvegur	1618.13		
—	12. Um Skaftáreldhraun í V.-Sk.	26489.08		
—	14. Til vegar á Hólmahálsi	3550.00		
—	15. Til vegar yfir Hvolsvöll	6828.25		
—	b. Viðhald og umbætur	166217.70		
—	III. Til brúagerða samkv. brúalögum	202911.71		
—	IV. Til slitlags á akvegum	45000.00		
—	V. Fjallvegir	9644.56		
—	VI. 1. Til áhalda	38297.18		
—	VII. 1. Tillög til akfærra sýsluvega	37407.87		
			587586.95	

C. Samgöngur á sjó:

Við	2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	400.00		
			400.00	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

Við	I. Viðauki símakerfa	2804.13		
—	II. Símalagningar	32802.52		
—	III. 2. Kostnaður við aðalskrifstofuna	5218.46		
—	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	14836.82		
—	4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	4858.15		
	Flyt	60520.08	644333.57	597004.35

	Flutt	60520.08	644333.57	597004.35
Við	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	21438.07		
—	7. Ritsímastöðin á Akureyri	15489.78		
—	8. — - Seyðisfirði	509.95		
—	9. — - Ísafirði	2603.48		
—	10. — - Borðeyri	729.66		
—	11. — - Hafnarfirði ...	3788.74		
—	12. — - Vestmannaeyjum	5649.00		
—	13. — - Siglufirði	12134.29		
—	14. Til aukaritsímaþjónustu	2604.42		
—	15. Til eftirlitsstöðva o. fl.	9250.49		
—	16. b. Til símritara o. fl.	621.31		
—	IV. Eyðublöð o. fl.	6031.56		
—	V. Viðbót og viðhald stöðvanna	27951.32		
—	VII. Viðhald landssímans	35356.66		
—	VIII. Áframhaldsgjald	1651.75		
			206330.56	
	E. Vitamál:			
Við	I. 3. Til skrifstofuhalds	2526.20		
—	4. Ferðakostn. og fæðispeningar	4030.27		
—	II. Laun vitavarða	374.25		
—	III. Rekstrarkostnaður vitanna	2520.45		
—	V. Til vitabygginga	12000.38		
—	VI. a. Til leiðarljósa	29620.22		
—	b. Til breytinga á ljóstækjum Reykjanesvitans	2238.23		
—	d. Til annara útgjalda	7428.73		
			60738.73	
				911402.86

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

	A. Andlega stéttin:			
Við	b. 7. Til húsabóta á prestssetrum	761.32		
			761.32	
	B. Kennslumál:			
Við	I. e. Heimsókn erl. vísindamanna ..	822.45		
—	j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	442.04		
—	k. 3. Ýms gjöld	6289.78		
	Flyt	7554.27	761.32	1508407.21

	Flutt	7554.27	761.32	1508407.21
Við	II. f. Bjarni Sigurðsson, húsgerðarnemi	250.00		
—	n. Agnar Norðfjörð, hagfræðinemi	121.84		
—	III. b. 4. Til stundakennslu og til prófdómenda	4792.00		
—	IV. b. 1. Til aukakennara og stundakennara	1727.00		
	4. Til bóka og kennsluáhalda	707.40		
	7. a. b. Til dyravörzlu	500.00		
	8. Til skólahússins	2766.46		
	9. Ýms gjöld	4641.99		
—	V. b. 1. Stundakennsla	2663.00		
—	3. Bókakaup og áhöld	1323.00		
—	7. Ýms gjöld	1569.09		
—	VI. b. 1. Stundakennsla	199.00		
—	4. Ýms gjöld	86.92		
—	VII. b. 1. Stundakennsla	480.00		
—	2. Húsnæði	1400.00		
—	5. Til prófáhalda	122.50		
—	VIII. c. 1. Verklegt nám	232.40		
—	2. Kennsluáhöld	65.55		
—	3. Eldiviður og ljós	743.14		
—	4. Ýms gjöld	3009.54		
—	2. c. 1. Verklegt nám	179.95		
—	3. Eldiviður og ljós	2240.48		
—	4. Ýms gjöld	47343.18		
—	XI. 2. b. Annar kostnaður	1030.70		
—	XIII. 5. Prófdómarar	8398.83		
—	8. Utanfararstyrkur barnakennara	500.00		
—	XIV. 1. b. Aðstoðarkennsla	1200.00		
—	c. 2. Kennsluáhöld	712.00		
—	3. Eldiviður og ljós	629.42		
—	4. Ýms gjöld	30.53		
—	3. Til nýrra héraðsskóla	117458.45		
—	XV. 4. Til húsmæðrafræðslu Laugaskóla	11000.00		
—	XVI. Kennsla heyrnar- og málleysingja	10107.87		
			235786.51	
				236547.83
			Flyt	1744955.04

Flutt 1744955.04

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1. i. Húsaleiga	937.50	
—	2. b. Bókband o. fl.	378.97	
—	5. h. Viðhald og áhöld	1057.55	
—	6. Kaupstaðabókasöfn	80.00	
—	27. Alþingissaga	5000.00	
—	32. Björg Þorláksdóttir	824.46	
—	44. b. Aðstoð	1200.00	
—	48. Ferðastyrkur til útlanda	12055.00	
			21533.48

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	2. Grasfræ- og hafrasáning	2340.57	
—	3. Sandgræðsla	7212.05	
—	11. c. Búfjársjúkdómar	4844.42	
—	12. Fjárkláðalækning	384.25	
—	15. b. Aðstoð	2876.01	
—	d. Veðurskeyti	1100.00	
—	18. f. Ferðakostnaður	4917.88	
—	19. Eftirlit skipa og báta	6336.00	
—	21. Sjávargarður á Neseyri	1629.50	
—	26. Markaðsleit	6030.90	
—	27. Erindrekstur	5677.95	
—	47. Til undirbúnings flugferða	1500.00	
			44849.53

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við	3. Styrkur sjúkrasamlaga	4726.75	
—	8. Slysatryggingar	2575.52	
—	9. Til nauðstaddra Íslendinga erlendis	1948.51	
			9250.78

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	199548.87	
		199548.87

Flyt 2020137.70

		Flutt 2020137.70
11. gr.		
Fjáraukalög og þingsályktanir:		
Væntanleg fjáraukalög	63896.20	
Þingsályktanir	44724.37	
		108620.57
		Kr. 2128758.27

Ed. 457. Lög

um samþykkt á landsreikningnum 1929.

(Afgreidd frá Ed. 24. ágúst).

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	240000.00	269257.02
2. Tekju- og eignarskattur	1050000.00	1403668.57
3. Lestagjald af skipum	40000.00	49217.00
4. Aukatekjur	400000.00	611851.79
5. Erfðafjárskattur	35000.00	61677.80
6. Vitagjald	320000.00	473098.63
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15170.60
8. Stimpilgjald	300000.00	430270.98
9. Skólagjöld	15000.00	16463.96
10. Bifreiðaskattur	30000.00	78215.75
11. Útflutningsgjald	950000.00	1247261.94
12. Áfengistollur	325000.00	668376.68
13. Tóbakstollur	850000.00	1251654.50
14. Kaffi- og sykurtollur	850000.00	1096116.57
15. Annað aðflutningsgjald	160000.00	302362.88
16. Vörutollur	1250000.00	2052214.68
17. Verðtollur	1325000.00	2266822.63
18. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	25000.00	126679.84
19. Pósttekjur	450000.00	666192.13
20. Símatekjur	1500000.00	1621301.52
21. Víneinkasala	375000.00	1025795.97
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	40529.06
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	269000.00	393911.48
24. Óvissar tekjur, ýmsar greiðslur og endurgjöld	80000.00	105098.98
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum (skiptimynt)		50300.00
26. Auknar lausaskuldir		2052926.24
Samtals	10883600.00	18376467.20

	Fjárveiting	Reikningur
II. Gjöld:	kr.	kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1317199.00	3166805.21
2. Borðfé hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	204350.00	245406.73
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
A. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	187100.00	255855.79
B. Hagstofan	46100.00	56919.29
C. Utanríkismál o. fl.	84000.00	87754.30
5. A. Dómgæzla og lögreglustjórn	651440.00	848615.44
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	144000.00	296332.88
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	751355.00	911963.34
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	481000.00	536482.63
B. Vegabætur	929650.00	1555435.93
C. Samgöngur á sjó	346750.00	261242.37
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1418500.00	1620859.74
E. Vitamál	265700.00	326529.44
8. Til kirkju og kennslumála:		
A. Andlega stettin	314756.00	319606.11
B. Kennslumál	1134590.00	1406230.65
9. Til vísinda, bókmennta og lista	230860.00	243373.24
10. Til verklegra fyrirtækja	1297060.00	1481513.54
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	679800.00	855255.40
12. Eftirlaun og styrktarfé	196747.92	206528.97
13. Óviss útgjöld	100000.00	299548.87
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	44357.21
15. Eimskipafélag Íslands		177451.61
16. Greiðsla samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		1764566.34
17. Aukin innstæða		9974.65
18. Aukinn sjóður		1337857.52
Samtals	10850957.92	18376467.20

Nd. 458. Lög

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurkaupstaður eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.

Nd. 459. Þingsályktun

um kartöflukjallara og markaðsskála.

(Afgreidd frá Nd. 24. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um kartöflukjallara og markaðsskála, á sama grundvelli og frumvarp um þetta efni, er afgreitt var til efri deildar á þessu þingi, og gera jafnframt nauðsynlegar rannsóknir, er flýtt geti fyrir framgangi málsins.

Sþ. 460. **Nefndaskipun**
1931
(44. löggjafarþing).

1.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Magnús Torfason, fundaskrifari,
Jón Þorláksson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um framlengingu á gildi laga um verðtoll (5[1]), n. 122 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun (12, n. 264 (meiri hl.) og 275 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
3. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (14, n. 141).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum, samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni, vegna sölu síldar (6, n. 103).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum (18, n. 204 (meiri hl.) og 261 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
6. Frv. til laga um Rafveitulánasjóð Íslands (19).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um verðfestingu pappírsgjaldeyris (42).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

8. Frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (53, n. 200).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
9. Frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins (44, n. 382 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (125, n. 167).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl. (150).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (86, n. 276).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
13. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f (133, n. 311).
    Frsm.: Magnús Torfason.
14. Frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (188, n. 263).
    Frsm.: Jón Þorláksson.
15. Frv. til laga um Ríkisveðbanka Íslands (229, n. 310).
    Frsm.: Jón Þorláksson.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (225, n. 442 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Torfason.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Frv. til myntlaga (84).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (218, n. 309).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (223, n. 312).
    Frsm.: Jón Þorláksson.
20. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (2, n. 371 (meiri hl.) og 380 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
21. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929 (3, n. 372 (meiri hl.) og 381 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokk-

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, fjárveitinga-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

urn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri (168).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

2. Frv. til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928 (169).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

2. Fjárveitinganefnd:
Jón Jónsson, formaður,
Páll Hermannsson, fundaskrifari,
Einar Árnason,
Bjarni Snæbjörnsson,
Halldór Steinsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 (230, n. 286).
Frsm.: Einar Árnason.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930 (4, n. 396).
Frsm.: Einar Árnason.

3. Samgöngumálanefnd:
Magnús Torfason, fundaskrifari,
Jónas Jónsson, formaður,
Halldór Steinsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um brúargerðir (9, n. 54).
Frsm.: Halldór Steinsson.
2. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (38, n. 224).
Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til laga um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar (67).
Nefndarálit kom ekki.

4. Landbúnaðarnefnd:
Páll Hermannsson, formaður,
Jón Jónsson,
Pétur Magnússon, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um búfjárrækt (7, n. 171).
Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu (81, n. 316).
Frsm.: Jón Jónsson.
3. Frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (145, n. 206).
Frsm.: Páll Hermannsson.

4. Frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála (208, n. 350).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (273, n. 390).
   Frsm.: Pétur Magnússon.

5. Sjávarútvegsnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Jakob Möller.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (16, n. 136).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka (25, n. 137).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum (35, n. 213).
   Frsm.: Jakob Möller.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald (102, n. 280).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
5. Till. til þál. um skipun nefndar til þess að rannsaka og gera tillögur um skipsmíðastöð (dock) í Reykjavík (117, n. 281).
   Frsm.: Jakob Möller.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.) o. fl. (191, n. 364).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski (232, n. 279).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til laga um fiskimat (237, n. 325).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um hafnargerð á Akranesi (26, n. 365 (minni hl.) og 386 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jakob Möller.
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (30, n. 366 (minni hl.) og 385 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jakob Möller.
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til laga um hafnargerð á Dalvík (61, n. 367 (minni hl.) og 384 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jakob Möller.
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, menntamála- og allsherjarnefndir.

12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (362, n. 414 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Jón Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir.

Til hennar vísað:

Till. til þál. um Háskóla Íslands (203).
Nefndarálit kom ekki.

7. Allsherjarnefnd:
Magnús Torfason, formaður,
Einar Árnason, fundaskrifari,
Pétur Magnússon.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (15, n. 192).
Frsm.: Einar Árnason.
2. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (17).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til framfærslulaga (20).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum (92, n. 341).
Frsm.: Einar Árnason.
5. Till. til þál. um nýjan holdsveikraspítala og um stofnun hælis handa fávitum (99).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (65, n. 158).
Frsm.: Pétur Magnússon.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (128, n. 196).
Frsm.: Pétur Magnússon.
8. Frv. til laga um bæjarstjóra í Neskaupstað (143).
Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til laga um bæjarstjórn á Eskifirði (144).
Nefndarálit kom ekki.
10. Till. til þál. um leyfi til að reka útvarpsstöð (80, n. 441).

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða (198, n. 269).
Frsm.: Magnús Torfason.
12. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927 (221).
Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (233, n. 285).
Frsm.: Pétur Magnússon.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (235).
Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 7. maí 1928 [Slysatryggingalög] (262).
Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun (265).
Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til laga um íbúðarhús á prestssetrum (271, n. 320).
Frsm.: Magnús Torfason.
18. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð (228, n. 345).
Frsm.: Magnús Torfason.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði (361, n. 412).
Frsm.: Magnús Torfason.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (88).
Frsm.: Magnús Torfason.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga (89).
Frsm.: Magnús Torfason.
3. Frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar (90).
Frsm.: Magnús Torfason.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Halldór Stefánsson, formaður,
Bernharð Stefánsson,
Steingrímur Steinþórsson,
Ólafur Thors,
Magnús Guðmundsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (2, n. 177).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
2. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929 (3, n. 178).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
3. Frv. til laga um jöfnunarsjóð ríkisins (22).
   Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti brtt. á þskj. 344.
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
4. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (24).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um fasteignaskatt (23, n. 270).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (50).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta (43, n. 296 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Steingrímur Steinþórsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Till. til þál. um sölu viðtækja (21).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast greiðslu á víxlum, samþykktum af rússnesku ríkisstjórninni, vegna sölu síldar (6, n. 195).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (125, n. 270).
    Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
11. Till. til þál. um sölu viðtækja (útvarpstækja) og um lækkun afnotagjalds (33).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til laga um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri (168, n. 289).
    Frsm.: Halldór Stefánsson.
13. Frv. til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928 (238, n. 329).
    Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
14. Frv. til laga um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar (170).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (14, n. 393 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
16. Frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (53, n. 290).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

17. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki (287).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun (295, n. 392 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (86).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f (133).
Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
3. Frv. til laga um Ríkisveðbanka Íslands (134).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (135).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Tillögur til þál. út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1929 (180).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (218).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (223).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til myntlaga (84).
Frsm.: Halldór Stefánsson.

2. *Fjárveitinganefnd:*
Ingólfur Bjarnarson, formaður,
Þorleifur Jónsson,
Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Björn Kristjánsson,
Jónas Þorbergsson,
Pétur Ottesen,
Magnús Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 (1, n. 98 og 126 (frá samgmn.)).
Frsm.: Hannes Jónsson.
Frsm. samgmn.: Jón Auðunn Jónsson.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930 (4, n. 268).
Frsm.: Þorleifur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

3. Samgöngumálanefnd:

Sveinn Ólafsson, formaður,
Bergur Jónsson, fundaskrifari,
Sveinbjörn Högnason,
Jón Auðunn Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (10).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus (11).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um útvarp símskeyta (91, n. 253).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
4. Till. til þál. um vegamál (28, n. 300).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
5. Frv. til laga um brúargerðir (250).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930 (282, n. 398 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Frá nefndinni kom:

Nefndarálit um flóabátaferðir (126).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Lárus Helgason, formaður,
Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari,
Steingrímur Steinþórsson,
Magnús Guðmundsson,
Pétur Ottesen.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (8, n. 105).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (55, n. 148).
   Frsm.: Lárus Helgason.
3. Frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála (56, n. 159).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
4. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (76).
   Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

